Fornleifaskráning í Kelduneshreppi

Fyrra bindi
NÞ-001 Þórunnarsel – NÞ-016 Garður



Stefán Ólafsson (ritstj.)

Höfundar efnis:
Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson, Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS392-05131
Reykjavík
2008

Forsíðumynd er af Þórólfsstöðum NÞ-016:008 í landi Garðs,
tekin af Árna Einarssyni

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit:

Fyrra bindi:

I. Inngangur 5
II. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd. 6
III. Fornleifaskrá 9
NÞ-001 Þórunnarsel. 9
NÞ-002 Ingveldarstaðir 23
NÞ-003 Krossdalur 60
NÞ-004 Undirveggur 74
NÞ-005 Tóveggur 90
NÞ-006 Byrgi. 99
NÞ-007 Bangastaðir 105
NÞ-008 Fjöll. 118
NÞ-009 Auðbjargarstaðir. 151
NÞ-010 Lón 159
NÞ-011 Víkingavatn 171
NÞ-012 Sultir. 215
NÞ-013 Kílakot 220
NÞ-014 Ólafsgerði 224
NÞ-015 Grásíða. 229
NÞ-016 Garður 246

Síðara bindi

NÞ-017 Stórárbakki 301
NÞ-018 Austurgarður. 306
NÞ-019 Keldunes321
NÞ-020 Kelduneskot. 358
NÞ-021 Nýi bær 361
NÞ-022 Hóll. 376
NÞ-023 Meiðavellir. 419
NÞ-024 Ás 458
NÞ-025 Svínadalur 493
NÞ-026 Eyvindarstaðir. 509
NÞ-027 Arnanes 517

IV. Verndun og kynning minja á svæðinu 533

V. Hnitaskrá 543

VI. Heimildir 577

Viðauki: Minjakort

Inngangur

Síðsumars árið 2005 hófst aðalskráning á fornleifum í Kelduhverfi og skráði Fornleifastofnun Íslands þá fyrsta áfanga af þremur á svæðinu. Skráningunni var skipt niður á þrjá áfanga sem skyldu unnir á jafn mörgum árum. Var áætlað að lokið yrði við að skrá allar fornleifar í hreppnum sumarið 2007. Áður en vettvangsskráning hófst sumarið 2005 hafði stofnunin skráð fornleifar vegna lagningar nýs vegar frá Tjörnesi og yfir í Kelduhverfi. Fór sú vinna fram 1999 og nýttist við framhald skráningar í Kelduneshreppi. Þetta verk var í höndum Oddgeirs Hanssonar.[1]
Áður en aðalskráning hófst var gerð svokölluð svæðisskráning, en hún felur í sér gagnasöfnun upp úr rituðum heimildum. Eru þetta heimildir á borð við örnefnalýsingar, gömul túnakort, Fornbréfasafn Íslands, Íslendingasögur og Biskupasögur, manntöl og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns svo eitthvað sé nefnt. Var þessi skráning gerð að stærstum hluta af Sædísi Gunnarsdóttur en einnig komu þar að verki Orri Vésteinsson og Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Þær jarðir sem lokið var við að skrá 2005 voru Ás, Byrgi, Ingveldarstaðir, Krossdalur, Undirveggur og Víkingavatn en Auðbjargarstaðir, Bangastaðir, Fjöll, Lón og Sultir voru þá þegar skráðar að hluta. Við skráningu 2005 unnu Oddgeir Hansson og Stefán Ólafsson frá 23. ágúst – 6. september. Haldið var áfram við skráninguna frá 26. júní – 21. júlí 2006. Þá voru skráðar jarðirnar Kílakot, Ólafsgerði, Grásíða, Arnanes, Nýibær og Þórunnarsel. Jarðirnar sem skráðar voru 2006 liggja allar norðan þjóðvegar og eru landkostir þeirra nokkuð ólíkir jörðunum sunnan þjóðvegar. Þær liggja allar að sjó og er um mun flatara land að fara en þeirra jarða sem eiga land upp á heiðina. Síðasti áfangi skráningarinnar var svo unninn frá 25. júní – 3. ágúst 2007 og voru þá skráðar jarðirnar Garður, Hóll, Meiðavellir, Keldunes, Kelduneskot, Eyvindarstaðir og Svínadalur. Eftir að skráningu á vettvangi lauk bættust við skráningargögnin mjög góðar loftmyndir frá sveitarfélaginu Norðurþingi. Sáust á þeim tóftir sem ekki hafði tekist að skrá þá um sumarið og var því aftur farið af stað 15. – 23 september 2007 til að reyna að skrá eins mikið af þeim á vettvangi og kostur var en ekki reyndist þó unnt að skoða alla staðina. Þeir sem ekki voru heimsóttir en sáust á loftmyndum fá þó engu að síður nokkra umfjöllun í skýrslunni með þeim fyrirvara að þeir hafi ekki verið skoðaðir á vettvangi. Stefán Ólafsson sá alfarið um skráninguna árin 2006 og 2007.

Þegar hafist var handa við að skrá fornleifar í Kelduhverfi voru til heimildir um 582 fornleifar en þegar skráningu lauk var fjöldi þeirra kominn upp í 751. Sú tala er þó ekki lýsandi fyrir raunverulegan fjölda fornleifa þar sem margar þeirra eru skráðar í hóp undir einu númeri. Á þetta sér í lagi við um eyðibýli þau sem dreifa sér um heiðina í Kelduneshreppi og fjallað er um hvert og eitt undir einu fornleifanúmeri. Raunverulegur fjöldi fornleifa er nær því að vera um 1033 ef allt er talið og því hefur fjöldi fornleifa tæplega tvöfaldast frá svæðisskráningu.

Við skráninguna voru allir bæirnir heimsóttir, rætt var við staðkunnuga og gengið á minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, ritaðar leiðbeiningar um hvar staðinn væri að

1 Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning á Tjörnesi* [FS117-99201]. Fornleifastofnun Íslands.

finna og minjum lýst. Hnit voru tekin á minjastöðunum og þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þau teiknuð upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna.

Leitast hefur verið við að hafa efnisskipan í þessari skýrslu svipaða og í öðrum skýrslum um skráningu fornleifa. Á eftir inngangi kemur kafli um fornleifaskráningu þar sem gefið er yfirlit um forsendur skráningarinnar, s.s. löggjöf og aðferðir. Þá er birt stutt yfirlit yfir helstu flokka fornleifa á svæðinu og síðan tekið saman yfirlit um helstu minjaflokka. Þar á eftir er listi yfir öll hnit sem safnað var á meðan skráningu stóð


Eins og áður hefur komið fram er hluti af skráningunni frá 1999. Hann er ekki fyllilega sambærilegur við nýrri gögn. Nýrri fornleifalýsingar eru oftar en ekki ítarlegri en þær eldri og að auki eru staðsetningar hnita frá árinu 1999 ekki jafn áreiðanlegar og þær sem síðar koma. Er þessi ónákvæmni tilkomin vegna takmarkana sem bandarískt herinn setti á nákvæmni slíkra hnita fram til ársins 2000.

Aftast í skýrslunni er einn viðauki og eru minjakort í honum sem sýna minjastaðina sem fjallað er um í skýrslunni og voru þau unnin af Lísu Rut Björnsdóttur.

Í lokin ber að þakka fyrir þá ómetanlegu hjálp sem skrásetjarar fengu hjá heimildarmönnum sínum. Má þar helst nefna Jóhann Gunnarsson sem var alltaf boðinn og búinn að greiða götu skrásetjara og Sigurð Jónsson sem af örlæti leyfði skrásetjara að nota sín eigin rannsóknargögn auk þess að hjálpa honum og leiðbeina þar sem hann gat. Gagnasafnið sem Sigurður Jónsson frá Garði hefur safnað saman hefur verið ómetanleg hjálp við skráningu á eyðibýlum og öðrum fornleifum í Kelduneshreppi. Einnig er hér komið á framfæri þakklæti til Árna Einarssonar sem gaf leyfi fyrir því að birta loftljósmyndir sem hann tók í skýrslunni og Guðrúnar Finnbjarnardóttur sem sá um uppsetningu á skýrslunni.

II. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en



gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum,
- húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.
Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.:

> *„Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er … Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“*

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-264:011 er beitarhúsatóft í Bakkakoti). Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Ath. í þessari skýrslu geta hnitin stundum verið staðsett í annarri línu. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur,

sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um …“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi:

1) engin hætta,
2) hætta
3) stórhætta.

Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Þórunnarsel, Kelduneshreppi

stærð túna: 0,9 ha
þar af slétt: 1/1
stærð matjurtagarða: 330 m2



Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-001 Þórunnarsel

1712: Jörðin var hjáleiga frá Ási. JÁM XI, 300. „… 1805 er hún [jörðin] sögð útskipt úr Ásslandi, og telur sýslumaður hana nú 10 h. að dýrleika. 1805 segir að með jörðu þessari sé yrktar eyðijarðirnar Byrgissel [sjá NÞ-001:007] og Árhúsabakki [NÞ-001:002].“ JJ, 339. „Fyrrum var Þórunnarsel mjög landmikil jörð, en seinna voru byggð úr henni þrjú býli, Bakki 1883 [002], Syðri-Bakki 1886 [003] og Þórseyri 1929. Fá þau öll afnot af landinu, þó það sé óskipt, en tún var orðið 8,2 ha … Þórunnarsel fór í eyði 1966.“ Land og fólk, 272.
1917: Tún 0,9 ha, allt slétt, garðar 330m2.


NÞ-001:001 *Þórunnarsel* bæjarhóll bústaður 6605.976N 1641.176V

„Þórunnarsel er gamalt býli, var fyrst hjáleiga frá Ási en hefur lengi verið sjálfstæð jörð. Bærinn stendur í miðjum Vestursandi um 4km suðaustur frá Arnanesi og um 3km norður frá Keldunesi. Fyrrum var Þórunnarsel mjög landmikil jörð en seinna voru byggð úr henni þrjú býli, Bakki 1883 [002], Syðri-Bakki 1886 [003] og Þórseyri 1929,“ segir í Landi og Fólki. Öll eru þessi býli nú farin í eyði og fór Þórunnarsel sjálft í eyði 1966. Nú er búið að rífa bæjarhúsin sem stóðu um 100m vestan við veg 861.



NÞ-001:001 Horft til vest-suð-vesturs

Bæjarhóllinn er í sléttu túni og flötu landi og sér vel til allra átta.
Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður en vel má þó sjá hvar síðasta íbúðarhúsið stóð. Bæjarhóllinn er ekki mikið áberandi, upphleðslan gæti verið 30-40cm á hæð, annars er erfitt að greina mörkin milli náttúrulegrar uppsöfnunar og bæjarhólsins. Bæjarhóllinn mun þó vera um 45x37m að stærð og snýr norður-suður. Líklega hefur framhlið bæjar snúið í vestur. Norðan við miðjan bæjarhólinn að austanverðu er steyptar minjar eftir súrheysgryfju eða turn og norðan við miðju hólsins að vestan er lítið tóftarbrot. Það er 10x8m að stærð, einfalt og snýr austur-vestur. Innanmál hólfsins er um 4x8m og það er alveg opið til vesturs. Tóftarbrotið virðist vera eingöngu úr torfi og er vegghæð um 50cm, innan veggja eru saman fallnar timburstoðir.
Hættumat: engin hætta



NÞ-001:002


Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 2;

NÞ-001:002 *Áshúsabakki* tóftir+garðlag býli 6607.149N 1639.692V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Ashusa Backe, hjáleiga frá Ási úti á sandinum. Bygð fyrir manna minni og er afdeild frá heimajörðunni að öllum landsnytjum. …. Útigángur sem áður segir um Byrgissel alt híngað til, en nú á næstliðna vetri hljóp áin á landið og bar á það leir til stórskaða, sem spilt hefur útigánginum … Tún er ekkert og hefur aldrei verið. …. Engið er votunnið mjög.“… „1895 er hún [jörðin] sögð útskipt úr Ásslandi, og telur sýslumaður

Ytri-Bakki, Kelduneshreppi

stærð túna: 1,6 ha
Þar af slétt: 1,0 ha 1/1
Sáðreitir 252 m



Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir


0 50 100
metrar



NÞ-001:002a Horft til norð-austurs

hana nú 10 h. að dýrleika. 1805 segir að með jörðu þessari sé yrktar eyðijarðirnar Byrgissel [sjá NÞ-006] og Árhúsabakki (máske sama sem Áshúsabakki)." segir í Jarðatali Johnsens. Jörðin Áshúsabakki er einnig kölluð Ytri-Bakki, hún er austan megin við Jökulsá á Fjöllum, um 2,4km norðaustan við Þórunnarsel 001 og 500-550m norðaustan við Syðri-Bakka 003. Enginn vegur liggur að Áshúsbakka en hægt er að fara veg 866 og yfir Sandá, í stað þess að fylgja veginum þar sem hann beygir til norðvesturs er þar farið af veginum og slóða fylgt til suðvesturs uns hann tekur stefnuna á bæinn. Umhverfis bæinn er túngarður 002b og við hann er gryfja 002c, gerði 002d og þúst 002e. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru þrjú útihús í túninu og þá getur örnefnaskrá um þvottalaug, Brunnhól og Mylluhól sem eru örnefni sem munu hafa verið innan túns á Áshúsabakka. Í eyði frá 1964.

Bæjarhóllinn ásamt öllum byggingum við hann, brotna óðum í Jökulsá á Fjöllum. Hluti af húsunum sem síðast var búið í á Áshúsbakka má líka finna í fjörunni vestan megin. Bæjarhóllinn hefur þó væntanlega staðið í sléttu túni eins og það sem enn er sýnilegt sunnan megin við bæjarhólinn.



NÞ-001:002e

Af túnakorti frá 1918 má fá eftirfarandi upplýsingar: Tún 1,6 ha, allt sléttað, garðar 252m^2. Bær og 3 útihús. „Bærinn stendur á eystri bakka kvíslar þeirrar úr jökulsá er Bakkahlaup heitir gegnt Syðra-Bakka … Árni Björnsson byggir Bakka árið 1883 á fornu eyðibýli, Áshúsabakka, úr landi Þórunnarsels og fær til afnota mikið beitiland og þurrlent austan Bakkahlaups en engjaheyskap varð að sækja verður yfir hlaupið.“ „Bakki heitir það býlið, sem er austan hlaupsins. Það byggði Árni Björnsson á gömlum tóftum, sem hétu Áshúsabakki, og var þar byggð 1712; eitt af hlunnindum þeirrar jarðar var veiði í Grænalæk. Nú veit enginn, hvar hann er, ef til vill er það þar, sem nú er Bakkahlaup. Hér er allt slétt og byggt upp; þess má geta, að Bakkahlaup og Jökulsá höfðu til 1931 sinn ósinn hvort. Í túni hér eru engin nöfn,“ segir í örnefnaskrá. Sennilega er allt eða megnið af íbúðarhúsinu og þar með bæjarhóllinn að stærstum hluta brotinn í ánna, einnig er um helmingur af heimatúninu eða sá hluti túnsins sem var sunnan bæjar brotinn í ánna. Það sem eftir stendur af bæjarhólnum eru útihús sem stóðu norðan við íbúðarhúsið, súrheysturn og súrheysgryfja. Gera má ráð fyrir því að frekar stutt sé í það að þetta verði allt horfið. Túngarðurinn B er ferhyrndur og afmarkar svæði sem er 210x230m stórt. Túnið snýr í austnorðaustur-vestsuðvestur. Norðurhlið túngarðs er ekki sambyggð austur- og suðurhlið túngarðsins og ber um 50m á milli. Túngarðurinn er víðast um 1m á breidd og um 50cm á hæð, vel hlaðinn og lítið siginn. Sé túnið borið saman við túnakortið frá 1918 bendir allt til þess að túnið hafi verið stækkað til austurs og því má gera ráð fyrir því að austasti hluti túngarðsins að norðanverðu og svo austur og suður hliðar hans séu yngri en vestari hluti norðurhliðar túngarðsins, því hann virðist vera í samræmi við túnakortið. Við suðurhlið garðsins er gryfja C, gerði D og þúst E. Gryfja C er um 290m austsuðaustan við bæjarstæðið 002A og alveg við suðausturhorn

túngarðs B. Gryfjan gæti mögulega verið kolagröf eða mógryfja. Hún er alla vega rétt utan við túngarðinn í túnjaðri og er mikill loðvíðir í henni og við hana. Hún er 2x1,20m að stærð, um 1 m djúp og snýr vestur-austur. Gerði D er um 250m austsuðaustan við bæjarstæði 002A og sambyggt suðurhlið á túngarði B. Gerðið er 8x8m að stærð og er tvískipt, er það annars vegar eitt hólf sem byggt er við túngarðinn utanverðan og er 8x4m að stærð. Það snýr vestur-austur og er 6x4m að innanmáli. Op er á gerðinu í gegnum túngarðinn sjálfan og liggur það op að gryfju eða öðru hólfi sem virðist bara hafa verið niðurgrafið. Niðurgrafna hólfið er innan túngarðs, það er 4x2m að innanmáli og snýr norður-suður, ekki sér í neinar grjóthleðslur. Þúst E er 105m vestsuðvestan við gerði D, um 170m suðaustan við bæjarstæðið 002 og um 140m frá suðvesturhorni túngarðs B. Hún er í sléttu túni, alveg upp við túngarðinn en er mjög óljós og í raun er ekkert hægt að segja til um hólf eða útveggi. Þessi þúst virðist vera um 12x9m að stærð og snýr í vestsuðvestur-austnorðaustur. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru þrjú útihús í túninu. Útihús F var samkvæmt túnakorti um 10m austan við bæ 002A. Þar sér ekkert til minja og er staðurinn all nærri árbakka. Útihús G var um 70m norðaustuan við bæ 002A, þar sér ekkert til minja og er þar bara slétt tún. Útihús H var um 100 suðsuðaustur af bæ 002A og þar hefur áin brotið mest allt túnið undir sig, allar leifar af því eru því horfnar.
Þvottalaug I: „Suðaustur úr túninu heitir Bakkahaus, en það er sandhæð við hlaupið. Nokkru lengra suðaustur er Hrossanálarhólmi. Þar er jarðhiti og var áður laug, sem ull var þvegin við," segir í örnefnaskrá. Laugin er nú horfin í Jökulsá á Fjöllum sem brotið hefur allt land þar sem bærinn stóð og sunnan við hann. Því er ekki hægt að staðsetja þennan minjastað nákvæmlega.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM XI, 299-300; JJ, 339; Land og fólk, 273; Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 1-2; Túnakort 1918.


NÞ-001:003 *Syðri-Bakki* hús býli
6606.919N 1640.104V


NÞ-001:003 Horft til suð-austurs

„Bærinn stendur rétt sunnan við Bakkahlaupið, sem er aðalfarvegur Jökulsár nú. Fyrst var byggt þarna árið 1886 og hefur verið búið þar óslitið síðan," segir í Landi og fólki. Bærinn stóð 190-200m norðar en íbúðarhúsið á Syðri-Bakka sem reist var 1938 en um 100m norðvestan við íbúðarhús á Þórseyri sem byggt var 1934.
„Land jarðarinnar er fremur lítið, allt slétt og skjóllaust en grasgefið. Ágætar engjar eru norður með Bakkahlaupinu að vestan á svonefndum Flæðum, gulstararengi að mestu véltæk … Sunnar er gott beitiland … Heima við bæinn er nokkuð raklent og þar hafa verið grafnir skurðir til að þurrka landið til ræktunar," segir í Landi og fólki. Á bæjarstæðinu standa ennþá hús sem eru nú (2006) notuð sem geymsla.
Af túnakorti frá 1918 má fá eftirfarandi upplýsingar: Tún 1,7 ha, 9/10 sléttað. Bær 003A og 2 útihús 003C og 003D. Á gamla bæjarstæðinu 003A er gamalt hús með trégrind og steyptum gafli en að öðru leyti hlaðið úr torfi. Seinna hefur verið byggð skemma við húsið. Bæjarstæðið er um 20x14m að stærð og snýr norður-suður. Steypti gaflinn á torfhlaðna húsinu snýr beint í norður. Ekki er vitað um önnur bæjarstæði og ekki sjást ummerki eftir aðra bæjarhóla eða útihús en þau sem sýnd eru á túnakorti frá 1918. Garðlag B: Um 50 m austan og norðan við gamla bæjarstæði 003A er garðlag. Það er í sléttu túni en bara þeim megin sem snýr að Jökulsá á Fjöllum.

Syðri-Bakki, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,7 ha
þar af slétt: 9/10
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða sem stendur enn
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

Garðlagið er um 350m langt, liggur í boga norðan við bæ A og er á því trapissulag, er það er um 50 cm breitt efst en um 150 cm neðst en hleðsluhæð er mest um 50 cm. Garðurinn er á milli túns og árbakkans. Landið frá bæ og niður að bakkanum er alveg slétt og því er möguleiki að garðlagið hafi verið hlaðið sem varnargarður til að takmarka vatnsgang inn á túnið en líka er hugsanlegt að um venjulegan túngarð sé að ræða.
Fjárhús og hlaða C: Um 50 m vestnorðvestan við gamla bæjarstæðið 003A og 200-210 norðnorðvestan við íbúðarhúsið á Syðri-Bakka (byggt 1938) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918 og sjást leifar þess enn. Á þessum stað stendur enn hús sem nú er notað sem geymsla. Gaflar snúa til austurs og vesturs og samtals er byggingin um 24x22m að stærð. Nyðri hlutinn stendur og er undir þaki en syðri hlutinn er fallinn. Þar eru tveir garðar, einn steyptur og hinn hlaðinn. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti en einnig er hluti þeirra byggður úr timbri, er vegghæð um 2m.
Útihús D: Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 60-70m suðaustan við gamla bæjarstæðið á Syðri-Bakka 003A og um 170m norðan við íbúðarhúsið á jörðinni (reist 1938). Óljós þúst sést í túni á þessum stað. Hún er samtals um 18x16m stór og er samsett af fjórum dældum sem liggja saman í þyrpingu en eru ekki í röð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Land og fólk, 276 og Túnakort 1918


NÞ-001:004 *Tóftarhólmi* örnefni óþekkt
„Í norðvestur er allhá sandrönd, er nefnist Svartarönd. Austan við hana er Tóftarhólmi," segir í örnefnaskrá. Staðsetning er óþekkt.
Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 2

NÞ-001:005 *Rönd* heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Magnúsar 1712 segir: „Rönd, eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni út á sandinum, en eyðilagðist fyrir vel 30 árum. Byggíngakosti kunna nálægir ekki að undirrjetta, nem hvað menn hafa heyrt að hjer skyldi hafa verið um nokkurn tíma þríbýli og víðlíkir byggíngarkostir og áður segir um Eyvindarstaði. Ekki má hjer aftur byggja, því Jökulsá gengur jafnlega hvörn vetur yfir þetta hjáleigustæði, og hefur það eyðilagt með leirsáburði. Um þessa hjáleigu var ágreiníngur milli Áss og Kelduness, og hjer um fyrir 50 árum var um hjáleiguna eitthvað á þíngigjört, sem hjer undirrjettast ekki greinilega, en bygð var hún eins frá Keldunesi eftir sem áður." Þennan texta má skilja sem svo að Rönd hafi verið á landamerkjum sem er athyglisvert því í örnefnaskrá Kelduness er þess getið um Randasel að það sé einnig á merkjum milli Arnarness, Þórunnarsels og Áss. Það má því ætla, samkvæmt þessum heimildum, að bæði Rönd og Randarsel hafa verið á mörkum Áss og Keldunestorfunnar. Staðsetning óþekkt.

NÞ-001:006 *Randasel* heimild um sel
6605.585N 1640.407V
„Vestur af Háurönd er Randarsel. Þar nærri hlýtur Randarhlaup að hafa verið," segir í örnefnaskrá. Staðsetning er frekar óljós en á kílbakka um 950m suðaustan við Þórunnarsel 006 er grænt holt sem mikil gróska er í og er það talin líklegasta staðsetning Randasels. Við þetta holt á sandinum, þar sem Stóra rann, voru haldin hestamót í Kelduhverfi. Randasel er norðan Þórmóðshóls sem er reyndar alveg að hverfa og ber hann vitni um þær umfangsmiklu breytingar sem átt hafa sér stað og eru


NÞ-001:006 Horft til suðurs

ennþá að eiga sér stað á sandinum. Í örnefnaskrá Kelduness er ýjað að þeim möguleika að Randasel sé sama býli og Rönd, sem getið er um í Jarðabók Árna og Magnúsar 1712. Séu nöfn býlanna hins vergar skoðuð, mætti ætla að Randarsel væri sel frá býlinu Rönd og ætti það ekki að vera svo fráleit hugmynd, ef einhvern tímann hefur verið þríbýlt á Rönd.
Selið var rétt vestan við langræðslugirðingar í flötu, sendnu landi á bakka kílfarvegs sem núna er uppþornaður.
Ekki sér til neinna tófta en í sandinum er frekar stór og velgróinn hóll og má vera að undir sverði leynist leifar af Randarseli. Hóllinn er allur gróinn grasi og loðvíði.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 2; JÁM XI, 289




NÞ-001:007


NÞ-001:007 Horft til norð-austur

NÞ-001:007 *Byrgissel* tóft beitarhús 6606.459N 1640.315V
„Fyrir suðvestan Háurönd er Kílfarvegur, sem liggur í norðvestur, um hann eru merki móti Arnarnesi og Nýjabæ. Austan við Þórunnarsel er syðsti hluti Þverhlaups, sem heitir Kelda. Austur af Keldunni er Byrgisselshlaup, og þar austar er Byrgissel. Þar voru beitarhús frá Þórunnarseli til 1915.“ segir í örnefnaskrá. „Byrgis Sel, partur af jörðunni. Bygt fyrir manna minni á því landi út á sandinum sem liggur undir jörðina, og er afdeild að öllum landsnytjum, … Tún er hjer ekkert. … Presturinn í Garði lætur slá nokkuð úr enginu fyrir tíund þá sem hönum tilkemur á kotinu og heimajörðinni eftir leyfi umboðsmannsins.“ segir í Jarðabók Árna og Páls 1712. Um 700m suðsuðvestan við íbúðarhúsið á Syðri-Bakka (byggt 1938) og um 1.1km norðnorðaustan við Þórunnarsel 001 er tóft sem talin er vera á þeim stað sem Byrgisselið stóð en seinna var þar byggð beitarhús.
Tóftin er í frekar þýfðu túni og stutt er í kjarrvaxinn móann, annars er landið hér frekar flatt og einkenna lítið.
Tóftin er 7x5m að stærð, hún er einföld og snýr austur og vestur. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm og ekki ber mikið á tóftinni þar sem hún er mikið grasi vaxin eins og umhverfið sem hún er í, ekki sást í neitt hleðslugrjót og ekki sást hvar dyr höfðu verið. Aðeins sást ein tóft á þessum slóðum og ekki var hægt að greina merki um eldri byggingastig.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 2 og JÁM XI, 297-298

NÞ-001:008 tóft heystæði 6607.467N 1642.850V




NÞ-001:008



NÞ-001:008 Horft til vestur

Tóft er 3km norðnorðvestur af bæ 001 og um 370m norðnorðvestur af Háutóttum 012. 20m vestan við tóftina er landamerkjagirðing milli Arnaness og Nýjabæjar.
Í jaðri túns sem í er mikil sina, er landið frekar flatt.
Tóftin er sennilega af heystæði, hún er 10x8m að stærð og snýr svo til í vestur og austur. Norðurhluti hennar hefur orðið fyrir skemmdum, verður ekki betur séð en að grafið hafi verið í tóftina og er mikið rof komið í hana. Hún mun þó vera einföld og um 8x6m að innanmáli, vegghleðslur eru um 20cm breiðar og um 40cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-001:009 tóft óþekkt 6606.051N 1641.042V



NÞ-001:009


Tóft er um 170m norðaustur af bæjarhól 001 og um 200m austur af tóft 022.
Í sléttum móa.
Tóftin er 12x11m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í 3 hólf. Stærst er hólf A sem er 7x3m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestan við hólf A er hólf B sem er 5x4m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Hólf C er norðvestan við hólf B og suðvestan við hólf A, það er 4x2m að innanmáli og snýr í norðaustur-suðvestur. Tóftin er öll grasi vaxin og sjást engar grjóthleðslur í henni, ekki er heldur hægt að greina nein greinileg op á henni.
Hættumat: engin hætta

NÞ-001:010 *Jónstóft* tóft óþekkt 6606.840N 1641.581V



NÞ-001:010 Horft til austurs


„Milli bæjanna Syðri-Bakka [003] og Þórunnarsels [001] er vegur, sem liggur um Byrgisselshlaup og Fífuhlaup; norður af veginum heitir Flaga. Vestan hennar er Flögubakki, og á bakkanum er Jónstóft, mólendi suður af henni heitir Stekkjarflötur [011]. Norður af Jónstóft, vestur af Flögubakka, er engjastykki, sem nefnist Skurður," segir í örnefnaskrá. Jónstóft er um 1,1 km vestan við íbúðarhús á Syðri-Bakka byggt 1938, um 1,2 km norðvestan við Byrgissel 007 og um 150 m norðaustan við stekkjartóft 011.
Tóftin er á bakka kíls og er garðlag í uppþornuðum kílnum sem sennilega hefur verið áveita.



NÞ-001:010

Umhverfis tóftina er lyngvaxinn þýfður mói.
Tóftin er 13x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og er nyðri hluti hennar meira uppbyggður en sá syðri. Hæð veggja er mest 40 cm og ekki var hægt að sjá neitt op á henni. Nyðra hólfið er 4x3m að innanmáli en syðrahólfið 2x3m. Nokkuð rof er í tóftinni en ekki var hægt að sjá neina grjóthleðslur. Það vex mikill vallhumall í tóftinni sem sennilega er heystæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 3


NÞ-001:011 *Stekkjarflötur* tóft stekkur 6606.809N 1641.771V „Milli bæjanna Syðri-Bakka [003] og Þórunnarsels [001] er vegur, sem liggur um Byrgisselshlaup og Fífuhlaup; norður af veginum heitir Flaga. Vestan hennar er Flögubakki, og á bakkanum er Jónstóft [011], mólendi suður af henni heitir Stekkjarflötur. Norður af Jónstóft, vestur af Flögubakka, er engjastykki, sem nefnist Skurður.“ segir í örnefnaskrá. Um 160m suðvestan við Jónstóft 010 og um 1,6 km norðan við Þórunnarsel 001 er tóft í Stekkjarfleti.
Tóftin er í grösugum móa.
Tóftin er 15x8m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt, er nyrðra hólfið 4x4m að innanmáli og syðra hólfið um 6x4m að innanmáli. Á syðra hólfinu mótar fyrir opi fyrir miðjum suðurgafli en ekki sér fyrir dyrum milli hólfa. Hleðsluhæð veggja er um 30 cm, hún er öll gróin fjalldrapa og sér hvergi í grjóthleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 3



NÞ-001:011


NÞ-001:011 Horft til norðurs

NÞ-001:012 *Háutættur* tóftir heystæði 6607.291N 1642.626V



NÞ-001:012



NÞ-001:012 Horft til suðurs

„Milli bæjanna Syðri-Bakka [003] og Þórunnarsels [001] er vegur, sem liggur um Byrgisselshlaup og Fífuhlaup; norður af veginum heitir Flaga. Vestan hennar er Flögubakki, og á bakkanum er Jónstóft [010], mólendi suður af henni heitir Stekkjarflötur [011]. Norður af Jónstóft, vestur af Flögubakka, er engjastykki, sem nefnist Skurður. Þar fyrir vestan er Fosskílshlaup. Vestan við það heitir Rani. Á honum eru Háutættur," segir í örnefnaskrá. Háutættur eru tvær og eru þær eru u.þ.b. 10 m vestan við djúpan veg sem liggur heim að Arnanesi og um 2,7 km norðnorðvestan við Þórunnarsel 001. Um 50 m vestan við tóftirnar er túngirðing sem liggur um Arnaneslandið. Tóftirnar eru í jaðri túna og munu vera byggðar sem heystæði.

Tóftirnar standa í sléttu landi og eru nokkuð áberandi í lyngmóanum umhverfis þær.


Tóftirnar eru tvær og standa þétt saman, er tóftasvæðið um 30x11m að stærð og snýr norður-suður og eru tóftirnar grónar vallhumli og mosa. Syðri tóftin, tóft A, er 14x4m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf og einn stall en ekkert innra byrði er greinanlegt á honum. Útlit tóftar bendir reyndar til að bæði syðsta hólfið sem er 3x2m að innanmáli og stallurinn að norðanverðu séu viðbyggingar við tóft sem upphaflega var 7x4m að stærð og var þá tvískipt. Þessi tvö hólf sem núna eru í miðri tóftinni eru hvort um sig 2x2m að innanmáli. Tóft B er norðan við tóft A, hún er 9x7m að stærð og snýr einnig norður-suður. Hún virðist vera niðurgrafin í hól því ytribrún veggja er ógreinileg. Innanmál tóftarinnar er 5x6m að stærð og hæð veggja um 60 cm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki, 3



NÞ-001:013 Horft til suðurs



NÞ-001:013

NÞ-001:013 tóft fjárhús
6606.072N 1641.327V
Tóft af fjárhúsum er 80m norðnorðvestur af skemmu sem enn stendur, 200m norðnorðvestur af bæjarhól 001 og um 200m vestur af tóft 023.
Í túni.
Tóftin er 28x16m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún hefur fjögur hólf. Fyrst ber að nefna fjárhús sem eru 13x4m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Garði liggur eftir þeim endilöngum sem á áfastur suðausturgaflinum og op er á þeim nyrst á norðausturlanghliðinni. Suðaustan við þessi fjárhús er hólf sem er 13x6m að innanmáli og snýr eins og tóftin, er op á því nyrst á norðausturlanghliðinn en svo er enginn gafl á því til suðausturs. Suðvestan við þetta hólf eru svo önnur fjárhús, 11x5m að innanmáli og snúa þau einnig eins hin hólfin tvö. Eftir þeim liggur steyptur garði , er op á þeim austast á norðvesturgafli, þá er stórt op á suðvesturvegg og síðan virðist ekki hafa verið neinn suðausturgafl á þeim. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti þó aðallega úr torfi, eru þær um 120cm á hæð og frá 1-3m á þykkt.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-001:014 garðlag áveita 6607.338N 1642.130V



NÞ-001:014 Horft til suð-vesturs

Austur af Jónstóft 010 er uppþornaður kíll og eru fimm garðlög sem liggja þvert yfir uppþornaðan kílinn, hafa þau að öllum líkindum þjónað sem áveitugarðar. Það nyrsta er um 1 km norðnorðvestan við Stekkjarflöt 011 og 1.8-2.0 km norðvestan við íbúðarhús á Syðri-Bakka (byggt 1938) en það syðsta er um 40m norðvestan við Jónstóft 010 og um 1,1km vestan við íbúðarhús á Syðri Bakka (byggt 1938). Er áveitu svæðið um 1km að lengd.
Í sléttu og flötu graslendi.
Garðlag A er nyrst, liggur það norðaustur-suðvestur og er samtals um 50 m langt. Við

suðvesturenda þess er beygja á því til suðurs. Garðurinn er um 60 cm breiður og er hleðsluhæð hans um 30 cm. Rof er komið í garðlagið en ekki sér í neinar grjóthleðslur. Önnur garðhleðsla B sást á loftmynd 300 m sunnar og í sama kílfarvegi. Er það tæplega 40 m langt og snýr austur-vestur. 300 m sunnan við það og um 500 m norðnorðvestur við Stekkjarflöt 011 eru tvö önnur garðlög C og D í sama uppþornaða kílnum. Það eru 2m á milli þeirra, annars standast endar þeirra á. Það vestara C er um 20 m langt, snýr vestsuðvestur-austnorðaustur, er um 60 cm breitt og er hleðsluhæð þess mest um 30 cm. Estra garðlagið D tekur við af C, hefur sömu stefnu en er um 40 m langt. Það er um 60 cm breitt og er hleðsluhæð þess mest um 30 cm. Bæði eru þessi garðlög C og D eru grasi vaxin en eftir þeim endilöngum er gata, sennilega eftir kindur sem kljúfa garðlögin að ofan. 430m suðaustan við garðlög C og D er garðlag E. Það er allt grasi vaxið en mikið sprungið og mikið rof í því. Það er um 12 m langt en 2 m breitt, liggur í norðaustur-suðvestur og ekki sjást neinar grjóthleðslur í því.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-001:015 gata leið 6606.509N 1640.463V
Reiðgötur liggja milli Syðri-Bakka 003 og Þórunnarsels 001. Þær sjást um 150m vestan við Byrgissel 007 og um 20m austan við tóft 009.
Göturnar liggja í sléttu og einkennasnauðu landi sem er vel grasi vaxið en einnig er mikið um víði.
Reiðgöturnar liggja á milli Syðri-Bakka 003 og Þórunnarsels 001 frá norðaustri til suðvesturs. Götuslóðarnir eru a.m.k. 6 talsins og eru sumir þeirra mjög skýrir, sér í lagi þær ystu sem eru ógrónir í botninn. Göturnar liggja þétt saman með 30-40 cm á millibili. Samtals er gatan um er um 3m á breidd en hver slóð er um 20 cm á breidd.
Hættumat: engin hætta


NÞ-001:015 Horft til suðurs

NÞ-001:016 gerði óþekkt6605.913N 1641.204V
Gerði er 120m sunnan við 001 og 230m sunnan við gula skemmu sem enn stendur.
Í túni
Gerðið er 12x16m að stærð, virðist eingöngu vera hlaðið úr torfi. Hleðsluhæð veggja er um 50cm, allt vaxið grasi en þó komið rof í það á nokkrum stöðum. Gerðið er tvískipt, er stærra hólfið 10x10m að innanmáli en það minna 4x3m að innanmáli, enginn suðurhlið er á hvorugu hólfinu. Minna hólfið er nyrst vestan til við það stærra og virðist sem op hafi verið á því austast á norðurgafli.
Hættumat: engin hætta



NÞ-001:016 Horft til norð-vesturs

NÞ-001:017
Tóft sást á loftmynd um 200m suðsuðaustan við Birgissel 007 og um 1km norðaustan við bæjarhól 001.
Tóftin er í sléttu flötu túni.
Tóftin virðist vera um 7x4m að stærð, snýr norður-suður og lítur út fyrir að vera tvískipt. Á loftmyndinni má sjá ákaflega grænt svæði miðjavegu milli Birgissels 007 og þessarar tóftar.

NÞ-001:018 heimild um kálgarð 6605.976N 1641.176V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður þétt sunnan við bæjarhólinn 001 á Þórunnarseli, ekkert sér til sáðreitsins og mun hann hafa verið sléttaður undir tún.
Í túni.
Ekkert sér til fornleifa og fær sáðreiturinn sama hnit og bæjarhóllinn.
Hættumat: engin hætta

Ingveldarstaðir, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,3 ha
Þar af slétt 1/4
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-002 Ingveldarstaðir

Grenjaðarstaðakirkjueign. 20 hdr 1712, Ingveldarstaðir, Ingjaldsstaðir og Áveggur JÁM XI, 292-294. 1461: Í Ólafsmáldaga er minnst á bæinn Ávegg sem eign Grenjaðarstaða. DI V, 280. 1525: Bæirnir Áveggur og Undirveggur nefndir í Sigurðarregistu undir Grenjaðarstaðakirkju. DI IX, 323. 1569: „Reikningr kirkna á prestsetrum í Hólabyskupsdæmi. [….] Kirkian a Greniadarstodum Beneficium. Hun a þessar iarder. [….] med Auegg .iiij. kugilde. landskylld.V. agillde oc slattur.“ DI XV, 346-348.

Í Jarðabók frá 1712 segir að Áveggur hafi fyrst verið höfuðbólið. Þá er allt land óskift milli jarðanna nema túnið og átti Grenjaðarstaður þær allar. JÁM XI, 292-293. 1801 var jörðin í eyði. Manntal 1801 1847: „1805 var jörð þessi í eyði“. JJ, 339

1712 voru hjáleigur í eyði Skjalldastaðir, Efra-Oddagerði, Sprekastekkur, Fremristekkur, Hlíðargerði og Heiðargerði, JÁM XI, 294 . Önnur afbýli sem ekki er vitað hvenær voru í byggð voru: Syðri-Hlíðargerði, Oddagerði, Heiðargerði, Skjaldastaðir, Sprekastekkur, Stekkjargerði, Víðigerði, Tjaldvörðugerði og Sírastekkur. Land og fólk, 324

Mörk nýbýli á 1/3 af landi jarðarinnar 1959. Hlíðargerði nýbýli á 1/3 frá árinu 1950. Land og fólk, 302

1712: „Engjar eru aldeilis öngvar, og því kaupir ábúandi slægjur á ýmsum jörðum og jafnlega til bjargar sínu kvIkfé. Úthagarnir eru litlir …“ JÁM XI, 293 1917: Tún 2,3 ha, 1/4 sléttað. „Landið er ágætt beitiland fyrir sauðfé, mest lyngmóar og sumstaðar kjarri vaxnir. …. Jörðin er víðlend því hún nær allt suður að mörkum Ásheiðar og niður á Sand en engjar eða hlunnindi fylgja henni ekki.“ Land og fólk, 298

NÞ-002:001 *Ingveldarstaðir* bæjarstæði bústaður 66°01.749N 16°35.432V



NÞ-002:001 Horft til suðurs

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Þessi jörð er sagt að verið hafi í fyrndinni hjáleiga eður partur af Ávegg og so Íngjaldsstaðir, og er það til líkinda hjer um, að öllu landinu er óskift á milli jarðanna nema túni alleina, samt er hvör þeirra haldin lögbýlisjörð, og so hefur verið það nálægir til vita.“Ingveldarstaðir eru 1,8 km sunnan við þjóðveg 85 einkennist landið af gjám og þverhníftum klettaveggjum. Bæjarstæðið á Ingveldarstöðum mun vera um 15-20 metra norðvestan við íbúðarhús sem byggt var 1939 og 50 metrum norðan við gamla bæjarstæðið 001 er stórt útihús og hlaða. Heimkeyrslan að Ingveldarstöðum liggur þétt austan megin við gamla bæjarstæðið og samsíða því, heimkeyrslan er hluti af gamalli samgöngu leið 002:007 sem liggur frá gamla bæjarstæðinu yfir túnið á Ingveldarstöðum til vesturs að Undirvegg.

Gamla bæjarstæðið er í jaðri túns, fyrir utan girðingu í órækt og er ekki slegið.

Bæjarstæðið hefur verið sléttað og er það frekar lítið áberandi, þó má áætla að bæjarstæðið hafi verið um 40x10m að stærð en ytri mörkin á bæjarstæðinu eru mjög óljós. Ekki er hægt að greina augljós ummerki eftir uppsöfnun en svæðið þar sem bærinn stóð er á kafi í grasi og er frekar ójafnt. Heimkeyrslan að núverandi bæ er þétt austan við gamla bæjarstæðið sem snýr í norður-suður, en þétt vestan við það er túngirðing og slétt tún.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-002:002 *Ærhús* heimild um fjárhús 66°01.799N 16°35.526V
Sæmkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 100 til 110 metra norðvestan við bæjarhólinn 001 og voru það Ærhús.
Í sléttu túni sem er slegið.
Ærhúsin hafa verið sléttuð og sést ekkert lengur til þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-002:003 heimild um hesthús 66°01.715N 16°35.568V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 120 metrum vestsuðvestur af bæjarhól 001, þetta voru hesthús og lá gata 007 til Undirveggjar NÞ-004 norðan við hesthúsin í um 5m fjarlægð. Hesthúsin fá sennilega nafn af upphaflegum tilgangi húsanna en þau fengu þó með tímanum aðra tegund íbúa því einhvern tíman voru þau notuð undir hrúta og einnig undir geitur.
Í sléttu túni sem er slegið.
Hesthúsin hafa verið sléttuð og sést ekkert lengur til þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-002:004 *Ingjaldsstaðir* tóftir+garðlag býli 66°01.290N 16°35.226V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir að Ingjaldsstaðir hafi verið partur af eða hjáleiga frá Ávegg, sjá 005. Í Landi og fólki segir: „Þetta býli var spölkorn sunnan við Ingveldarstaði og í landi þeirrar jarðar. Þar er talsverður túnblettur sem ennþá er nytjaður einnig sér fyrir húsatóftum. Í eyði frá 1892," „Suðvestur af því, sunnan vegar til Reykjaheiðar, er eyðibýlið Ingjaldsstaðir. Túnið á Ingjaldsstöðum er ennþá nytjað, en það er nú afgirt og nytjað af Markarbónda," segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn að Ingjaldsstöðum er 850-880 m sunnan við Ingveldarstaði 001og 740-770 m austan við Hlíðargerði 012. Umhverfis bæjarhólinn eru þrír túngarðar og sjö aðrar fornleifar. Allar þær tóftir sem fundust eru innan innsta túngarðs nema ein sem er áföst innsta túngarðinum að utanverðu. Þessar minjar eru hér allar skráðar undir sama númeri en hverri gefinn bókstafur til aðgreiningar. Undir sérstöku númeri, 002:011, er hins vegar skráð lítið tóftasvæði sem er innan ytri túngarðsins á Ingjaldsstöðum en virðist sérstakt svæði og hefur sérstakt nafn meðal heimamann. Þetta svæði er kallað Gerði.
Tóftirnar og innsti túngarðurinn eru í túni sem er notað undir hrossabeit og er landið frekar slétt, sést vel til tófta sökum þess að



NÞ002-004a


NÞ002-004a Horft til suð-vesturs



landið hefur verið beitt en ytri túngarðarnir liggja um lynggróið móalendi og liggur vegur í gegnum það að norðanverðu.

Umhverfis bæjarhólinn eru þrír túngarðar og sjö aðrar fornleifar á svæði sem er 210x125 m stórt. Hér verður hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóftin A er að öllum líkindum bæjartóftin á Ingjaldsstöðum. Hún er á bæjarhól sem er 800-850m suðsuðaustan við bæjarhólinn á Ingveldarstöðum NÞ-002:001 en 700-750m austan við sumarhús sem kennt er við Hlíðargerði og er tóftin norðvestast innan innsta túngarðsins. Bæjarhóllinn er mest um 2m á hæð. Tóftin er um 30x35m að stærð og snýr norður-suður, víða er kominn uppblástur í tóftina sem líklega hefur skipst í níu hólf. Hólfin eru frekar ógreinileg og hleðslur svo til útflattar, helst er að ráða í dældir og nokkra steina sem eftir sitja. Gera má ráð fyrir því að framhliðin hafi snúið til austurs. Hólfin eru í tveim röðum sem snúa norður-suður og verður vísað í hólfin með bókstöfum. Vestast eru þrjú hólf, öll áþekk að breidd eða um 3m. Hólfin liggja hvert upp af öðru. Syðsta hólfið a og hólfið í miðjunni b, eru bæði 7 m löng og er veggurinn á milli þeirra um 1 m á

þykkt. Nyrsta hólfið c er 4 m norðar en miðhólfið og er það 4 m á lengd. Samsíða þessum hólfum að austan er önnur hólfaröð, samtals fimm hólf. Syðst í þessari röð er hólf d sem er 6x4 metrar að stærð og snýr það austur-vestur. Um mitt hólfið er vottur af 2 m löngu veggjarbroti sem gengur frá suðurvegg og gæti hafa skipt hólfinu í tvö rými. Veggurinn milli þessa hólfs og hólfs e hefur verið um 1 m á þykkt. Hólf er um 9x2 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Norðan við hólf e er hólf f sem er 7x4 m að innanmáli og er steinhleðsla á milli hólfanna. Op kann að hafa verið á hólfi f nálægt suðvestur horni hólfsins. Þetta hólf snýr norður-suður og er eina hólfið sem snýr þannig í þessari röð. Næst þar fyrir norðan er hólf g sem er 2x4 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Hólf h er norðan við og snýr eins. Veggirnir milli allra þessara hólfa eru um 1 m á breidd. Eitt hólf er austan við hólf d og er gaflinn á því rúmum 4 m sunnan við hólf d og a. Hólf i er um 8x3 m að innanmáli en ekki er greinilegur norðurveggur.




NÞ-002:004B Horft til suðurs

Túngarðarnir á Ingjaldsstöðum eru nokkuð flókin smíð og bera þeir þess vott að þar hafi átt sér stað nokkrar breytingar milli ábúðartímabila. Túngarðarnir fá sem heild bókstafinn B er þar sem svo virðist sem túngarðarnir séu þrír talsins og verður þeim gefið númer til aðgreiningar. Túngarðarnir þrír eiga annað hvort suður eða austurhlið sameiginlegar. Innsti túngarðurinn sem hér verður fjallað um sem túngarður 1 afmarkar svæði sem er um 200x130m að stærð og snýr norður-suður. Hann liggur að sprungu sem er vestan við túnið og liggja endar hans að henni. Því afmarkar sprungan túnið á um 100m kafla norðvestast. Við þennan garð er byggð ein tóft, tóft C og eitt gerði, gerði G. Túngarður 2 hefur sömu suður- og austurhlið og túngarður 1 en norðurhlið hans liggur liggur 60m utar en norðurhlið túngarðs 1. Túngarður 2 afmarkar því svæði sem er 260x130m að stærð. Mögulega er túnið sem túngarður 2 afmarkar eldra en túnið sem túngarður 1 afmarkar.

Ysti og þriðji túngarðurinn afmarkar svæði sem er 320x290m að stærð og snýr norður-suður. Hann samnýtir enga hlið með innri túngörðunum tveim 1 og 2. Að norðan liggur túngarður 3 að sömu sprungu og tveir innstu túngarðarnir en að sunnan liggur hann að sprungu sem er 150m vestar en sú sprunga sem áður var lýst. Þar sem suðurhlið ytri garðsins liggur yfir eystri sprunguna er hún gróin á yfirborði og því ekki farartálmi. Innsti túngarðurinn (garðlag 1) er um 1m á breidd og um 50sm hár. Hann er ágjætlega gróinn grasi en þó er víða komið rof í hann, sennilega sökum hrossabeitar. Ekki varð vart við grjóthleðslu í honum. Hann er greinilegastur túngarðanna sökum þess að hann er allur iðagrænn.

Túngarður 2 er þokkalega greinilegur og um 40-50cm á hæð og um 2m á breidd. Vegurinn heim að Undirvegg NÞ-004 liggur í gegnum hann að norðanverðu. Sá hluti hans sem er ekki sameiginlegur túngarði 1 er mun meira gróin lyngi. Ysti og þriðji túngarðurinn er víða hlaupinn í þúfur. Hann er mjög siginn og rúnaður og er varla meira en 30cm á hæð og um 2m á breidd. Þá er lýsingu túngarða lokið ef frá eru talin tvö garðlög sem nú skal lýst og hér verða nefnd a og b. Garðlag a liggur samhliða suðurhlið ysta túngarðsins (túngarður 3) en er um 30m norðar. Það tengist suðausturhorni innsta túngarðsins (túngarðs 1) og liggur svo beint til vesturs að vestari sprungunni eins og ysti túngarðurinn. Garðlag b er vestan við túnið sem fyrst var lýst (túngarð 1) og um 150m norðan við garðlag a. Garðlag b byrjar á þeim stað þar sem eystri sprungan gengur saman um 130m norðar en garðlag a. Það liggur í vestnorðvestur að vestari sprungunni þeirri sömu og ysti túngarðurinn liggur að. Sunnan við garðlag b og norðan við



NÞ-002:004C




NÞ-002:004C Horft til norðurs

garðlag a er tóftasvæði sem er kallað er Gerði sem hér er skráð undir númerinu 011. Þetta tóftasvæði hefur að öllum líkindum tilheyrt Ingjaldsstöðum á einhverjum tíma. Í norðausturhorni túngarðs 3 að innanverðu er garðlag c, liggur það á milli austurhliðar og norðurhliðar túngarðsins. Myndar það gerði á móts við túngarðinn og afmarkar svæði sem er 90x50m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kannski hefur þetta verið nátthagi eða eitthvað álíka. Margt bendir til þess að túnið á Ingjaldsstöðum hafi verið stærra í upphafi en farið minnkandi.

Tóft C er áföst túngarði 1 og er byggð við utanverða norðurhlið hans. Tóftin er um 50m norð-austan við tóft A og 40-50m norðvestur af tóft D. Hún er eitt hólf sem er 2x4 m að innanmáli og 4x6 m að utanmáli og snýr norður-suður, er hleðsluhæð veggja er um 70 cm. Veggir eru signir og í þá er dæld sem er sennilega eftir rof. Það hefur þó gróið aftur.

Tóft D er 50-60m austnorðaustan við tóft F, um 15m suðvestan við túngarð 1 og 40-50m suð-austur af tóft C. Tóftin er á lágum hól og er mikið rof komið í hana. Steinar sjást á víð og dreif og hafa þeir lík-lega tilheyrt tóftinni. Sök-um þess hve tóftin er sigin og illa farin er erfitt að átta sig á stærð og lögun hólfa. Tóftin mun þó vera nálægt því að vera 22x7 m stór og snýr norður-suður. Líklega hefur tóftin skipst í fimm hólf en ekki er lengur hægt að fullyrða um það sökum þess hversu ógreinileg hún er. Hólfum verður nú lýst og byrjað að sunnanverðu til norðurs. Syðst í tóftinni er hólf a sem er 4x4 m að stærð. Hólf b kemur í beinu framhaldi af því og er 3x3 m að stærð. Milli hólfa a og b eru 2 m og sést þar í steina í sverðinum. Norðan við hólf b eru tvö hólf, c og d sem liggja samsíða. Hólf c er 1x4 m að stærð og er vestan við hólf d sem er 2x4 m að stærð. Norðan við hólf c og d er svo hólf e og hefur það bogamyndaðan útvegg. Það er það 4x3 m að stærð. Hæsta vegghleðslan er um 30 cm og þykkt veggja er allt að 2 m. Ekki er hægt að greina nein op á tóftinni eða milli hólfa.



NÞ-002:004D




NÞ-002:004D Horft til norðurs



NÞ-002:004E Horft til norð-vesturs

Þúst E er um 60m suðaustan við tóft F og um 30m austur af tóft A. Í raun eru tvær þústir á þessum stað. Þær eru frekar ógreinilegar, liggja þétt saman og eru samanlagt 16x7m að stærð. Þær snúa norð-ur-suður. Sú syðri er í raun dæld, svo til ferhyrnd og er 5x4m að stærð. Lítil tota gengur út úr suðurenda hennar. Ytra- og innrabyrði veggja nyrðri þústarinnar er greinilegt, og er trapisulag á henni. Mjórri endinn snýr að syðri þústinni. Þústin er bara einföld og ekki er sjáanlegt op á henni. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum en hleðsluhæð þeirra er um 30 cm.

Þúst F er 10-15m norðan við tóft A og um 50m vestar en tóft D. Þústin er öll hin ógreinilegasta vegna mikils rofs og ágangs og ógerningur er að segja til um hversu mörg hólf hún skiptist í. Nokkrir steinar eru sjáanlegir en erfitt að segja hvort um lausagrjót er að ræða eða hvort þeir séu




NÞ-002:004E



NÞ-002:004F Horft til suðurs

fallnir úr hleðslum. Tóftin er um 22x13m að stærð, snýr norður-suður og er hleðsluhæð varla meiri en 10-15cm.


Gerði G er áfast innanverðum túngarði 1, nánar tiltekið í suðvesturhorni túngarðsins, um 115-120m suðsuðvestan við tóft A en 60-70m vestnorðvestan við þúst H. Gerðið er aflangt, snýr í norður-




NÞ-002:004F

suður og er það 21x4m að innanmáli og um 23x6m að utanmáli. Fyrir miðjum eystri vegg hólfsins að utanverðu liggur garðlag frá því í um 11m til suðausturs inn að túni. Hleðsluhæð er um 30cm og virðast veggir hlaðnir úr torfi þó innan hólfsins glitti í tvo stóra steina. Ekki er hægt að sjá neitt op á gerðinu.

Þúst H er 140-150m suðsuðaustan við tóft A og um 40m austan við tóft I. Hún er nálægt suðausturhorni túngarðs 1. Á þessum slóðum er land í svolitlum halla til suðurs. Þústin er er ferhyrnd, um 5x5m að stærð. Hún er frekar ógreinileg en inngangur hefur líklega verið í suðurhorni hennar. Tóftin virðist hafa skipst í




NÞ-002:004G Horft til suðurs



NÞ-002:004G

tvö hólf. Hólf a er lítið, 2x3m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Steinar eru í norðausturenda þess. Hólf b er L-laga og liggur meðfram suðaustur- og norðausturhlið hólfs a og minnir helst á göng (sem er frá 1-3 m á breidd og um 15 m á lengd. Veggir eru mjög grannir, kannski um 30 cm breiðir og er hleðsluhæð einnig um 30 cm. Tóft I er um 10m norðan við suðurhlið túngarðs B og um 40m vestan við þúst H. Örlítill vottur af garðlagi J liggur meðfram suðurhlið túngarðs B í um 20m norðan við tóftina. Tóftarbrotið er 7x5m að stærð og snýr norður-suður. Greinilegt er að tóftin hefur verið tvískipt en einnig eru tvær dældir sitt hvoru megin við tóftina. Inngangur er á norðurgafli tóftar inn í hólf a sem er 2x1m að stærð. Annar inngangur er á austurhlið hennar inn í hólf b sem er um 3x2m að stærð. Rof er á suður-




NÞ-002:004H




NÞ-002:004H Horft til suðurs

gaflinum. Tóftin er frekar illa farin sökum hrossabeitar en hleðsluhæð er um 50cm.
Garðlag J Garðlag J er um 20m frá suðurhlið túngarðs og liggur norðvestur-suðausturs. Þetta garðlag er fremur óverulegt og hugsanlega aðeins hleðsla undir girðingu. Garðlagið liggur á milli austurhliðar innri túngarðsins og suðausturhorns gerðis G. Það er um 20cm breitt og um 70 m langt og á nokkrum stöðum eru rof í garðinn.
Garðlag K sást á loftmynd og er það um 100 austan við ysta túngarð B og um 220m sunnan við veg sem liggur í gegnum tóftasvæðið. Það er svo til beint, snýr vestnorðvestur og austsuðaustur og er um 160m langt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 293; Land og fólk, 320; Ö-Ingveldarstaðir, 4




NÞ-002:004 Ingjaldsstaðir séðir úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson

NÞ-002:005 Áveggur



NÞ-002:005a *Áveggur* bæjarstæði býli 66°02.188N 16°34.074V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Þetta er sá þriðji bærinn sem fylgir hinum tveimur og sagt er að verið hafi höfuðbærinn í fyrstunni“ „Býli í landi Ingveldarstaða. Bærinn stóð á gjáveggnum, þeim sama og Tóveggur, en allmiklu norðar. Sér þar enn fyrir túni og tóftum. Tóveggjarbændur keyptu Ávegg ásamt því landi sem liggur austan Tóveggjargjár og Ingveldarstaðabónda fyrir nokkrum árum. Í eyði frá 1886,“ segir í Landi og fólki. „Nokkuð sunnar með Veggnum, sunnan Stekkjargerðis [014] eru Klifhús, líklega gamalt fjós frá Ávegg [004:005], sem er hér uppi á Veggnum og nú í Tóveggjarlandi,“ segir í örnefnaskrá. Áveggur er í öllum heimildum talinn með Ingveldarstöðum og er því hér talið með öðrum fornleifum Ingveldarstaða en samkvæmt upplýsingum frá Rala tilheyrir Áveggur Tóvegg NÞ-005. Áveggur er stórt tóftasvæði sem saman stendur af 13 fornleifum. Milli bæjarhólanna á Ingveldarstöðum NÞ-002:001 og að Ávegg NÞ-002:005 eru 1,3km og er Áveggur norðaustan við Ingveldarstaði. Umhverfis bæjarhólinn er tvöfaldur túngarður sem liggur að gjá og hamravegg að vestan sem jörðin dregur nafn sitt af, afmarkar ysti túngarðurinn svæði sem er 520x230m að stærð.
Tóftirnar eru í ónytjuðu túni og er hér mikil sina og hátt gras. Umhverfið eða landið einkennist af hólum og hæðum en litlum sem engum hallanda.
„Nokkuð norður frá túni er Tóveggjarleiti. Af því sést í norður, eyðibýlið Áveggur, og þaðan sést bærinn hér í suður. Áveggur var talinn að muni hafa verið aðalbýlið hér áður fyrr, …“ segir í örnefnalýsingu Tóveggjar. Áveggur er tóftasvæði sem hefur tvöfaldan túngarð sem afmarkar svæði sem er um 320x220m að stærð og eru um sex tóftir og fjögur gerði innan túngarðs en tvær tóftir utan garðs.
Bæjarhóllinn A er miðsvæðis innan túngarðsins, um það bil 80m vestar en innri vallargarður og um það bil 100m austar en veggurinn eða gjáin sem jörðin hefur tekið nafn sitt eftir. Tóftin sem er í ónytjuðu túni snýr í norður og suður og sennilega hefur framhlið snúið til vesturs en tóftin er mjög miðsvæðis svo það er ekki víst. Mikið og hátt gras kemur í veg fyrir nákvæma lýsingu á tóftinni en hún er um 40x20m að stærð og mun hleðsluhæðin vera um 80sm. Hægt er að greina sjö hólf og í suður enda tóftarinnar er eitt hólf til viðbótar eða áttunda hólfið í norður enda hennar og er það stærst. Hólf a er vestan til í miðri tóftinni og er 6x3m að stærð og snýr norður og suður, nokkuð var um steina í hornum tóftarinnar sunnan megin. Norðan megin við hólf a




NÞ-002-005A


NÞ-002:005A Horft til norð-austurs

er hólf b og er það 3x3m að stærð og norðan við hólf b er nyrsta hólfið, hólf c og er það 4x4m að stærð. Hólf a, b og c mynda eina röð hólfa og er veggjaþykkt milli hólfa um einn metra en önnur hólfaröð er austan meigin við hana og er hliðin á hólfi d alveg samsíða suðurgafli á hólfi a. Hólf d er 3x4m að stærð og snýr í vestur og austur og er austur gaflinn mjög óskýr eða að þar hafi verið stórt op á hólfinu. Hólf e er langt og mjótt, snýr eins og hólf d, er norðan megin við það og

er 1x5m að stærð. Veggjaþykktin milli hólfa d og e eru 2m en milli hólfa e og f er bara 1m. Hólf f er norðan megin við hólf e og er 3x3m að stærð og svo til alveg samsíða hólfi b sem er vestan megin við það. Hólf c og g mynda ystu mörk hólfanna til norðurs og eru jöfn, hólf g er 3x3m að stærð og eru 2m milli hólfa g og f. Milli þessara tveggja hólfaraða er veggjaþykktin alltaf nálægt einum metri en frá hólfunum og að ytrimörkum tóftarinnar til vesturs, norðurs og austurs eru um 5-6 metrar. Sunnan megin við þessar hólfaraðir er stórt hólf, hólf h, 9x5m að stærð þó gæti það hafa verið stærra því það er nokkuð óljóst. Það er í suðvestur horni tóftarinnar og verður austurmörk hólfsins ekki greind. Op á öðrum hólfum var mjög erfitt að greina sökum gróðurs en finna mátti fyrir steinum í hólfunum undir öllu grasinu.
Túngarður B liggur í frekar þýfðu landi sem er vel gróið bæði grasi og lyngi. Túngarðurinn er einfaldur að norðanverðu tvöfaldur að austanverðu og þrefaldur að sunnanverðu. Túngarðarnir liggja á gjá eða klettavegg sem afmarkar túnið til vesturs og er því engin vesturhlið á túngarðinum. Garðurinn er um einn metra á breidd og um 60sm á hæð. Svæðið sem ysti túngarðurinn afmarkar er um 520x230m að stærð og snýr túnið til norðurs og suðurs en innri túngarðurinn afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð. Milli innsta og ysta túngarðsins sunnan megin er túngarður sem liggur frá ytri túgaðinum og út að gjá eins og hinir tveir, er hann um 30m sunnar en innri túngarðurinn en um 190m norðar en ysti túngarðurinn. Kannski hefur túnið því verið minnkað að sunnan verðu því svo virðist sem suðurhlið ysta túngarðsins sé óskýrast og því mögulega elst. Að austanvverðu eru túngarðarnir tengdir með tveim garðlögum sem mynda gerði sem er 50x35m að innanmáli ásamt því að nokkrar tóftir eru byggðar við innsta túngarðinn. Svæðið utan við innsta túngarðinn er stórþýft meira gróið lyngi en innan hans og er ytri garðurinn allur lynggróinn eins og umhverfið. Erfitt er fullyrða um það hvort annar túngaðurinn sé yngri eða eldri en hinn þeir virðast vera í svipuðu ástandi nema ef vera kynni að sá ytri væri meira gróinn lyngi og að syðri hluti hans er óljósari en aðrir hlutar hans, ekki sáust neinir steinar í hvorugum túngarðinum. Að austan þar sem ytri og innri garðarnir tengjast með garðlögum er op á þeim báðum og liggja reiðgötur um þau op, frá austri til vesturs, að ætluðum bæjarhól 005A, annað op er á innri garðinum að norðanverðu og var ekki betur séð en að reiðgötur lægju þar einnig um.
Tóft C mun vera tóft af fjósi. „Nokkuð sunnar með Veggnum, sunnan Stekkjargerðis [014] eru Klifhús, líklega gamalt fjós frá Ávegg [005], sem er hér uppi á Veggnum og nú í Tóveggjarlandi," segir í örnefnaskrá. Talið býli í eyðibýlaskrá. (Ö-Ingveldarstaðir, 2; Land og fólk, 324). Klifhús-




NÞ-002:005C


NÞ-002:005C Horft til norð-austurs

in eru vestan megin við gjána og vegginn og er önnur af tveim tóftum sem tilheyra umræddu tóftasvæði sem er mestmegnis austan megin við gjána og vegginn.
Tóftin liggur austur og vestur og skiptist í tvö hólf, hún er um 9x7m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 30cm. Tóftin er frekar greinileg sökum ólíkrar gróðursamsetningar í tóftinni og umhverfi hennar, eru það helst ytri mörk tóftarinnar sem eru óljós. Erfitt er að segja til um op á

tóftinni en hólfið að vestan er 3x4m að strærð og það eystra 2x4m að stærð. Hér er því mögulega fjós og hlaða og þá er væntanlega stærra hólfið sjálft fjósið, bæði snúa þau á lengdina norður og suður.
Tóft D er um 20-25m sunnar en tóft C, um 150m vestan við tóft A og alveg á gjábakkanum.




NÞ-002-005D



NÞ-002-005D Horft til suð-vesturs

Tóftin er önnur af tveim tóftum sem er vestan megin gjár en tóftasvæðið sem hún tilheyrir er svo til allt austan megin gjár. Tóftin er öll grasi vaxin, mjög sigin og frekar ógreinileg, hún lítur út fyrir að hafa verið tvö hólf og snúið í norður og suður en suðurgaflinn greindist ekki og er tóftin því opin til suðurs. Tóftin er um 9x5m að stærð en hleðsluhæðin ekki nema 10sm, ekki var hægt að greina op milli hólfa eða op á hólfinu norðan megin en það er um 3x2m á stærð, opna hólfið að sunnanverðu er 5x3m að stærð.
Leið E liggur frá bæ A að Klifhúsum C og var hún kölluð Klif. Fjós sem tilheyrði Ávegg var vestan við gjávegginn sem bærinn dregur nafn sitt af en á einum stað varð komist yfir sprunguna og niður vegginn og leiðin einfaldlega kölluð Klif og fjósið Klifhús. Klifið er um 100-115m vestan við 005A og um 70m norðar en syðri endi innri vallargarðs 005B og um 30m austar en Klifhúsin 005C. Klifið er í grunnri klettasprungu sem dýpkar og verður ófærari eftir því sem sunnar dregur.
Leiðin liggur niður þverhníptan hamarinn og hefur



NÞ-002:005F



NÞ-002:005F Horft til norðurs

sennilega alltaf verið erfið leið og þá sér í lagi á vetrum en á að hafa versnað til muna í skjálftum sem gengið hafa yfir. Varla er hægt að tala um götu fyrr en komið er alveg að klifinu og ekki var vart við götu frá bæjarhól og að klifinu.
Gerðið F er um 70-80m vestan við 005A og um 40m austan við sprungu sem myndar Vegginn sem jörðin tekur nafn sitt frá. Landið er allt slétt og grasi vaxið og nokkuð hart undir fót. Vestan við gerðið er lyngvaxinn mói en að austan er tún sem er þó allt í órækt. Bæði inni í gerðinu og utan þess er allt grasi vaxið en sjálf veggjabrotin eru mosa og lyngi vaxin. Gerðið er ferhyrnt um 15x18m að stærð og er hleðsluhæð um 30sm, er freistandi að álykta sem svo að um kálgarð sé að ræða. Innan gerðisins vottar fyrir litlum ferhyrningi mynduðum úr steinum, steinaröðin er frekar gisin og því varla hægt að tala um umfar en afmarkar svæði sem er 2x5m. Slóði eða troðningur liggur í gegnum garðlagið og rýfur veggi þess fast við vesturgaflinn og síðan er annað op á gerðinu á suðurveggnum við suðaustur hornið.
Tóft G er byggð alveg upp við innri túngarðinn 005B og er um það bil 115-120m suðsuðvestan við 005A og um 20-30m austan við gjá, vestan við tóftina í um 25m fjarlægð er strýtulaga klöpp.




NÞ-002:005G Horft til norð-vesturs




NÞ-002:005G

Tóftin er öll grasi vaxin, í túni sem er allt að hlaupa í þúfur sökum óræktar. Tóftin er um 14x8m að stærð og snýr norð-norðaustur og suðsuðvestur er hleðsluhæð hennar um 60sm. Hún skiptist að öllum líkindum í 4 hólf, hólf a er aflangt 1x4m að stærð er það næst vallargarðinum og liggur meðfram honum, hólf b og c eru í miðjunni og er op á milli þeirra er hólf b 2x5m að stærð en hólf c 2x3m að stærð. Hólf d er nyrst 2x5m að stærð og opnast það til norðvesturs með nokkuð breiðu opi sem er næstum 2m að breidd og er það alveg í horni hólfsins.



NÞ-002-005H

Gerði H er um 90-100m suðsuðaustan við bæjartóft A og um 100m austan við tóft G. Gerðið er byggt alveg upp við innri vallargarðinn 005B í suðausturhorninu á honum ef svo má að orði komast en vallargarðurinn er allt að því hringlaga og því engin horn á honum. Norðan megin við vallargarðinn er allt grasi gróið og í órækt en sunnan megin við vallargarðinn er stórþýðtur lyngivaxinn mói. Gerðið samanstendur af litlu hólfi sem er 7x5m að stærð að utanmáli og 11-12m löngum rana sem kemur út frá vallargarðinum, 8m norðaustar en hólfið og liggur til suðvesturs að hólfinu án þess þó að tengj-



NÞ-002-005I


ast því, en hólfið og raninn mynda þannig þríhyrningslaga hólf sem er opið til vesturs. Allt gerðið má því segja að sé um 18x8m að stærð og hleðsluhæðin er um 40cm og þó að gerðið eða tóftin sé grasi vaxin er lyngið farið að skjóta rótum í veggjum.

Gerði I er alveg upp við innri vallargarðinn 005B og um 80-90m austan við 005A, um 50m sunnan við 005J og um 70 norðaustan við 005H.

Gerðið er eiginlega tvöfalt eða tvískipt og liggja reiðgötur 005n á milli gerðishlutanna. Þetta tvískipta gerði er byggt upp við austurhlið innri vallargarðsins 005b en vestan megin við hann, snúa gerðin sem sagt inn að túni. Gerðin eru um 20x9m að stærð samanlagt og snúa á lengdina norður og suður. Syðri helmingur gerðisins sem er sunnan við reiðgötuna 005n er 7x8m að stærð, myndað af tveim veggjum sem ganga út úr túngarðinum, liggur syðri veggurinn til norðvesturs en sá nyðri beint til austurs og liggja reiðgatan 005n meðfram honum. Er þetta gerði svo til þríhyrningslaga en á því er þó stórt 5m op til austurs. Gerðishlutinn sem er norðan megin við reiðgötuna 005n er ferhyrnt 7x5m að innanmáli og skiptist í tvö hólf með tveggja metra stóru opi á milli. Þessi gerðishluti snýr vestur og austur og er stærra hólfið í vesturendanum og er 4x5m að stærð en minna hólfið er upp við túngarðinn og er 2x5m að stærð á því er síðan op til austurs sem er á sjálfum túngarðinum. Milli hólfanna eru reiðgötur eins og áður hefur verið minnst á og liggja þær um op á vallargarðinum og virðist sem að þetta sé hlið á garðinum er einnig op á ytri túngarðinum beint í austur.


NÞ-002:005H Horft til suðurs


NÞ-002:005I Horft til suð-vesturs



NÞ-002-005J

Tóft 005j er um 80-90m austan við 005a, um 10-15m vestan við innri vallargarðinn og um 50 norðan við gerði 005i Tóftin er einföld, utanmál er 6x4m og innanmál 4x2m, hleðsluhæð er um 20sm. Ekki varð vart við op á tóftinni og ekki var hægt að sjá grjót í veggjum. Mikið þýfi er vestan við tóftina að túngarðinum svo að mögulega er hér um heystæði að ræða.

Tóft K er um 100m norðar en 005A og um 200m norðaustan við tóft 005C og er í óræktuðu túni. Tóft K er mikið grasi vaxin og því nokkuð erfitt að átta sig til hlítar á lögun hennar en hún er um 11x10m



NÞ-002:005J Horft til norðurs




NÞ-002:005K Horft til suðurs

að stærð, byggð á hól er innra byrðið ágjætlega skýrt en ytra byrði hennar rennur saman við hólinn. Tóftin er fjögur hólf, hólf a er syðst 7x5m og snýr vestur og austur, hólf b og c eru lítil og eru norðan við hólf a, þau eru jafnstór 2x1m og snúa eins. Vestur gaflar hólfa a, b og c mynda beina línu. Hólf d er norðan megin við hólf a og austan megin við hólf b og er 4x2m að stærð. Í hólfi a nálægt vestur hliðinni er hola ferhyrnd um 1x1m að stærð.

Tóft L er um 70-75m norðvestan við 005A og um 100m norð-austur af 005C og er austan megin við gjá sem túngarðurinn 005B liggur að.


Tóftin er í óræktuðu túni sem er ekki lengur nytjað og er hún mikið grasi vaxin, eiginlega á kafi í grasi. Tóftin er ferhyrnd og virðist vera tvískipt í tvö L-laga hólf sem liggja hvort að öðru



NÞ-002-005K



NÞ-002:005L Horft til norðurs



NÞ-002-005L


og er nokkuð um grjót í milliveggnum. Tóftin er 14x8m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 60cm, er op á tóftinni til norðurs og síðan er einnig möguleiki á því að op hafi verið á milliveggnum milli hólf-anna, jafnvel tvö en þau eru bæði mjög ógreinileg.

Þúst M er í raun dæld sem er að öllum líkindum mannaverk, er ferhyrnd og um 90-100m norð-vestur af 005A og um 90-100m norð-austur af 005c. Dældin er 5x5m að stærð og er ekkert ytra

byrði sjáanlegt. Hún er svo til ferhyrnd um 20cm djúp og er allur botninn lyngi vaxinn.
Leið N liggur bæði í gegnum ytri og innri túngarðinn og milli gerðishluta 005i. Hún liggur frá austri til vesturs að ætluðum bæjarhól 005A. Gatan er greinileg og liggur um stórþýfðan móan utan túngarðanna en innan túngarðs er hún í túni.
Leið O liggur meðfram veggnum austan megin, þ.e.a.s. uppi á veggnum. Hún liggur þar í gegnum lítið gerði, 005F og fer einnig í gegnum túngarðinn að norðanverðu, um 50m austur af veggnum. Hún liggur frá suðri til norðurs í túnjaðri sem er sléttur og harður undir fót. Gatan er greinileg og lítur út fyrir að hafa verið ekin.



NÞ-002:005M Horft til norð-vesturs



NÞ-002-005M

Allar tóftirnar eru mikið grasi vaxnar og frekar áþekkar hvað útlit varðar og því erfitt að segja til um það hvort sumar séu yngri eða eldri en aðrar. Það má helst ályktа af túngörðunum að sá ytri sé eldri, þar er landið þýfðara umhverfis hann og einnig er hann meira lyngi gróin. Það er ekki óþekkt að gamlar tóftir séu endurnýttar og byggðar upp fyrir ný hlutverk en það reyndist ekki auðsjáanlegt að svo hefði verið hér og ekki hafði skrásetjari neinar heimildir fyrir slíku.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 320; Ö-Ingveldarstaðir, 3; Ö-Tóveggur, 2, Ö-Ingveldarstaðir, 2; Land og fólk, 324



NÞ-002:005 Áveggur séður úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson


NÞ-002:006 *Skjaldastaðir* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir, „Skialldastader (NÞ-002:006), Efraoddagerde [NÞ-022:017], Sprekasteckur (NÞ-002:009), Fremresteckur (NÞ-002:010), Hlydargerde (NÞ-002:012) og Heidargierde (NÞ-002:008) kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjaldastöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokkurt, en með því útheyin eru engin, þá sýnist líklegast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokkur. Hin 4 eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og kunna því ekki að byggjast.“ „Heiðargerði, Skjaldastaðir, Sprekastekkur, Stekkjargerði og Sírekastekkur. Gömul býli í landi Ingveldarstaða. Staður óviss,“ segir í Landi og fólki.
Engin vitneskja er til staðar um hvar Skjaldastaðir voru staðsettir, eru nokkur býli mjög ofarlega upp til heiða og er þar mjög stórþýft og er stundum bara hægt að þekkja býlin á túngörðunum þó að ekki megi lengur greina tóftirnar. Má vera að öll vitneskja um Skjaldastaði hafi gleymst sökum þess að tóftin hafi snemma samlagast stórum þúfunum og þar sem engin túngarður var á Skjaldastöðum hafi staðurinn fyrr orðið gleymskunni að bráð. Nafnbreyting getur líka hafa átt sér stað til dæmis eru tvö tóftarbrot kölluð gerði í landi Undirveggjar en bara minnst á eitt í Jarðabók Árna og Páls.
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 324

NÞ-002:007 vegur leið 66°01.716N 16°35.581V
Gata liggur um heimalandið á Ingveldarstöðum og tekur við af heimtröðinni sem liggur að bæjarstæðinu 002:001, er vegurinn austan megin við bæjarstæðið 001 og norðvestan við íbúðarhúsið sem er byggt 1939 .
Leiðin þar sem hnitin voru tekin er í túni en þó má sjá móta fyrir slóðanum enda enn notaður að hluta.
Vegurinn er frekar greinilegur þó ekki sé hann upphlaðinn, þetta er troðningur sem liggur eftir túninu og hefur að öllum líkindum breyst úr hestvegi í veg fyrir vinnutækin á jörðinni eftir að annar akvegur tók við sem þjóðbraut.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-002:008 *Heiðargerði* bæjarstæði býli 66°00.785N 16°36.392V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skialldastader (NÞ-002:006), Efraoddagerde [NÞ-022:017], Sprekasteckur (NÞ-002:009), Fremresteckur (NÞ-002:010), Hlydargerde(NÞ-002:012) og Heidargierde (NÞ-002:008) kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjaldastöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokkurt, en með því útheyin eru engin, þá sýnist líklegast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokkur. Hin 4 eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og kunna því ekki að byggjast.“ „Heiðargerði, Skjaldastaðir, Sprekastekkur, Stekkjargerði og Sírekastekkur. Gömul býli í landi Ingveldarstaða. Staður óviss,“ segir í Landi og fólki. Heiðargerði er 1km sunnar en Hlíðargerði 012, 1,3km suðvestan við Ingjaldsstaði 004 og 1,5km suðaustan við íbúðarhús á Undirvegg NÞ-004. Túngarður liggur umhverfis tóftina.



NÞ-002:008A Horft til suðurs

NÞ-002:008 Heiðargerði



Allt er svæðið vaxið lyngi og birkiplöntum og standa minjarnar í aflíðandi brekku mót vestri en efst og austast er sprunga sem túngarðsendarnir ganga að og er hún látin loka túngarðinum. Þar austast og næst sprungunni eru trén hvað hæst eða allt að 2-3m há.


Tóft A er í þýfðum lyngmóa sem hallar til vesturs, hún er vel gróin grasi og er eins og græn vin í öllum trjágróðrinum. Tóftin er mögulega bæjarhóll og er hann vel greinilegur, hann snýr norður og suður og hefur framhliðin á honum væntanlega snúið til vesturs. Tóftin er um 35x15m að stærð og er hleðsluhæðin um 40sm. Innra byrði tóftarinnar er skýrara en ytra byrði hennar sökum mikils trjágróðurs sem er farinn að vaxa að hluta yfir tóftina og þá helst austari hlið hennar. Tóftin skiptist í að minnsta kosti í sex hólf og jafnvel eru þar þrjú til viðbótar en þau eru mikið til komin undir trjágróður. Vestast og framan til í tóftinni er röð hólfa, er hólf a í norðvesturhorninu og er 3x5m, sunnan við það er hólf b sem er 3x4m og sunnan við hólf b er hólf c 9x4m að stærð og snúa hólfin öll í norður og suður. Veggirnir milli hólfa a, b og c eru um einn metir. Alveg fast við suðausturhorn hólf c er hólf d 2x2m að stærð, koma horn þeirra saman og kannski hefur verið op á milli þeirra. Hólf e er beint suður af hólfi c og er



NÞ-002-008a



NÞ-002:008C Horft til suð-austurs



NÞ-002-008c

það 3x3m að stærð og syðst er svo hólf f 2x3m að stærð, er hólf f suðaustur af hólfi e og síðan eru veggirnir milli hólfa c, e og f um 2m á þykkt. Allt bendir til þess að austan megin við þessa hólfaröð hafi verið önnur hólfaröð með stærri hólfum en þau eru mikið til á kafi í trjágróðri. Virðast hólfin þar hafa snúið eins og þeim sem fyrr hefur verið lýst það er að segja til norðurs og suðurs. Nyrst vottar fyrir hólfi g beint austan við hólf a og hefur það alla vega verið 6m langt, hólf h er samsíða hólfum b og c og virðist það vera lítið eitt óreglulegt og er um 15m að lengd. Sennilega vantar þarna einhverstaðar vegg á milli en hann varð ekki greindur og síðan er hólf i líka mjög óljóst en það er alveg í suðausturhorninu.

Túngarður B afmarkar svæði sem er 220x180m stórt, liggur umhverfis tóft 008a og er í kjarrivöxnu landi sem hallar til vesturs.

Minjalýsing: Garðurinn nær ekki endum saman heldur er hann byggður upp að sprungu sem lokar honum að austanverðu. Hann er um 150sm á breidd og um 40sm á hæð, hann er einfaldur að norðanverðu en að vestan- og sunnanverðu er hann tvöfaldur. Milli yrti og innri túngarðsins að vestan er lítil tóft 008c og á suðurhlið ytri túngarðsins er lítið gerði sem er sambyggt garðinum og snýr inn að innri túngarðinum. Gerðið afmarkar svæði sem er 35x20m. Ekki var að sjá neinn áberandi mun á milli ytri og innri túngarða.

Tóft C er 150m vestan við bæjarhólinn 008a og er hún á milli innri og ytri túngarða 008b, um 30m vestan við innri vallargarðinn og um 35-40m austan við ytri vallargarðinn. Tóftin er í þýfðum móa sem er mikið vaxinn lyngi og einnig er mikið um lágvaxinn víði. Tóftin, sem snýr austur og vestur, er um 7x6m að stærð og er í landi sem hallar til vesturs. Innrabyrði hennar er skýrara en ytra byrðið og munar þar um helming því innrabyrðið er um 80sm á hæð en ytrabyrðið varla meira en 40sm. Tóftin er einföld og er op á henni til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 4-5




NÞ-002:009 Horft til norðurs

NÞ-002:009 *Sprekastekkur* bæjarstæði býli 66°01.804N 16°36.378V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skialldastader (002:006), Efraoddagerde [NÞ-022:017], Sprekasteckur (002:009), Fremresteckur (002:010), Hlydargerde (002:012) og Heidargierde (002:008) kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjalda-

stöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokurt, en með því útheyin eru eingin, þá sýnist líklegast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokur. Hin fjögur eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og konna því ekki að byggjast.“ „Heiðargerði, Skjaldastaðir, Sprekastekkur, Stekkjargerði (002:014) og Sírekastekkur (002:015). Gömul býli í landi Ingveldarstaða. Staður óviss,“ segir í Landi og fólki. Sprekastekkur er um 700-750m vestar er bæjaróllinn 001 á Ingveldarstöðum og 450-500m sunnar en hraundrangi sem er kallaður Karl (002:026) og 870-890m norðar en Hlíðargerði (002:012).



NÞ-002:009

Stekkurinn er í lyngmóa og ofan í dálítilli laut eða kvos, sjálfur er stekkurinn allur grasi vaxinn. Þó að stekkurinn sé frekar áberandi grasgrænn í dökkum lynggróðrinum sést lítið til hans fyrr en alveg er komið að honum því brattar hlíðar liggja að honum úr öllum áttum nema hest norðan megin.


Stekkurinn sem er tvö hólf er um 14x8m að stærð og er hleðsluhæð um 1m, er innrabyrði stekksins frekar skýrt. Stekkurinn er opinn til suðurs og hefur verið rekið inn í hann frá suðaustri því frá vesturhlið tóftarinnar liggur 5m langur rani til suðurs að klöpp og lokar aðkomu inn í stekkinn frá suðvestri og annar 2m langur rani frá austurhliðinni liggur til suðausturs. Hólfið sem rekið er inn í er 6x3m að innanmáli og er annað minna hólf 2x2m að stærð suðvestan megin við það, ekki var hægt að greina op á milli hólfanna. Eins og áður hefur verið greint frá er stekkurinn ofan í laut og er hann í henni miðri, halla hliðar lautarinnar að stekknum sem gerir það að verkum að ytrabyrði veggja er óljóst, þeir renna eiginlega saman við landið umhverfis stekkinn. Einnig er notast við klöpp til að lengja aðhaldið og auðvelda þar með smölun inn í stekkinn. Engar augljósar minjar sjást eftir fleiri tóftir og eða garða sem gætu vísað til þess að hér hafi verið býli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 324

NÞ-002:010 *Fremristekkur* bæjarstæði býli 66°01.189N 16°35.988V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skialldastader (002:006), Efraoddagerde [NÞ-022:017], Sprekasteckur(002:009), Fremresteckur (002:010), Hlydargerde (002:012) og Heidargierde (002:008) kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjaldastöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokkurt, en með því útheyin eru engin, þá sýnist líklegast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokkur. Hin 4 eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og kunna því ekki að byggjast.“ „Nokkurn spöl suðaustur af Hlíðargerði,“ Segir í Landi og fólki. „Norður af merkiþúfu eru skógivaxnar hæðir, sem heita Hryggir. Norður af þeim eru grasdokkir, sem nefnast Skorur. Norður af þeim eru Skógarhólar. Norðan við þá er Stekkjarhæð. Tóftarbrot norðan undir þessari hæð er alltaf nefnt Stekkur.“ segir í örnefnaskrá, á þetta við um Fremristekk. Tóftin er um



NÞ-002-0010




NÞ-002:010 Horft til suð-vesturs

350m suðsuðaustan við íbúðarhúsið í Hlíðargerði, um 500m vestsuðvestan við Gerði (002:011) og um 10-15m norðaustan við tóft (002:013).
Stekkurinn er undir lyngi vaxinni brekku sem snýr mót suðri, umhverfis stekkinn til suðurs á um það bil 5-8m svæði er allt grasi vaxið en þá tekur þýfður lyngmói við. Landið hækkar til allra átta en skekknum hefur verið valinn staður í grunnri laut.
Stekkurinn er um 10x5m að stærð og snýr í austur og vestur, hleðsluhæð mun vera um 70sm. Rekið hefur verið inn í stekkinn frá austri, þar er stórt op á honum og er hólfið 6x3m að innanmáli en í því miðju er eins og hruninn veggur og gæti því verið að þessu hólfi hafi verið skipt upp í tvö með opi á milli við syri útvegginn, jafnvel kann að vera að syðriveggurinn hafi verið lengdur og stekkurinn stækkaður. Lítið hólf 1,5x2m er vestan við þetta hólf og sést ekkert op á því. Ekki varð vart við auglajós merki um býli á þessum stað, ein tóft 002:013 er nokkuð nálægt þessari tóft en er sennilega annar stekkur og gæti sem best bara verið forveri þess stekks sem hér var lýst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 4

NÞ-002:011 *Gerði* tóftir+garðlag býli 66°01.285N 16°01.437V



NÞ-002:011 úr lofti. Ljósm. Á.E.




NÞ-002-011

Gerði er um 300m vestar en Ingjaldsstaðir 004, um 500m austar en íbúðarhúsið í Hlíðargerði 012 og 850-900m sunnan við Ingveldarstaði 001. Gerði er tóftasvæði sem er umkringt túngarði. Tóftunum eða þústunum, sem virðast hafa verið 5 hús eru í einni röð, verður í lýsingunni hér saman gefinn bókstafur (A) en túngarðurinn umhverfis nefndur B. Gerði er innan túngarðs á Ingjaldsstöðum 004.
Á milli Gerðis og Ingjaldsstaða er gjá. Gerði er í lyngivöxnum móa við afréttarmörk.
Garðurinn er lyngi vaxinn og liggur umhverfis hól sem á eru þústir. Hóllinn er hár en ávalur og er þústasvæðið á honum um 30x8m stórt og snýr vestur-austur. Þústasvæðið skiptist í fimm

óljós hólf en aðeins sést bæði ytri- og innri brún veggja í miðjuhólfinu því hin fjögur hólfin eru aðeins dældir og allar mikið lyngivaxnar. Þústirnar liggja hlið við hlið og mynda þannig lengju sem snýr austur-vestur. Framhlið þeirra hefur að öllum líkindum snúið til suðurs. Op er á miðjuhólfinu til suðurs. Þetta hólf er 5x5m að utanmáli en 2x2,5m að innanmáli. Vestan við það er dæld sem er 7x4m að stærð og vestan hennar er önnur dæld 4x2m að stærð. Aðrar tvær dældir eru austan við miðtóftina. Dældin sem er næst tóftinni er 3x3m og austan hennar önnur dæld 3x3m að stærð. Garðurinn sem umlykur þessa tóft B er sporöskjulaga og er um 70x50m að stærð og snýr norður suður. Hleðsluhæð hans er um 30cm og hann er um 1m á breidd. Reiðgata liggur í gegnum túngarðinn að austan og vestan og liggur hún norðan við þústirnar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-002:012 *Hlíðargerði* bæjarstæði býli 66°01.334N 16°36.218V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skialldastader (002:006), Efraoddagerde [NÞ-022:017], Sprekasteckur (002:009), Fremresteckur (002:010), Hlydargerde (002:012) og Heidargierde (002:008) kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjaldastöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokkurt, en með því útheyin eru eingin, þá sýnist líkleast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokkur. Hin 4 eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og kunna því ekki að byggjast.“ Nýbýlið Hlíðargerði byggt nálægt rústunum segir í Landi og fólki og ennfremur: „Ytra- og Syðra Hlíðargerði. Þar sem Hlíðargerði stendur nú og skammt sunnan,“ segir í Landi og fólki. Hlíðargerði er í eyði frá því fyrir 1712 þegar Árni og Páll ríða um héruð þangað til að Kristján Jónsson byggir þar nýbýli 1952. Mun Bæjartóftin hafa staðið um það bil 10m vestar en íbúðarhús sem stendur þar nú og reist var 1952. Er íbúðarhúsið núna notað sem sumarhús. Allt svæðið hefur verið sléttað og nákvæm staðsetning því óljós.
Í garði umhverfis íbúðarhús og er notaður sem skrúðgarður, er verið að planta trjám í garðinn.
„Vestur af Skógarhólum er gjárveggur, er snýr mót vestri og nefnist Hlíðargerðisveggur. Vestur af honum er Hlíðargerðisskógur, sem nær jafnlagnt fram og veggurinn. Vestan veggjar, nyrzt í skóginum er Fremra-Hlíðargerði. Þar sem veggurinn endar, er eða var eyðibýlið Ytra-Hlíðargerði,“ segir í örnefnaskrá. Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk,300, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 4-5

NÞ-002:013 tóft óþekkt 66°01.180N 16°36.001V
Tóftin er um 350m suðsuðaustan við íbúðarhúsið í Hlíðargerði, um 500m vestsuðvestan við Gerði 011 og um 10-15m suðvestan við Fremristekk 010.
Tóftin er í brekku sem snýr mót suðaustri,



NÞ-002:013



NÞ-002:013 Horft til norð-vesturs

umhverfis tóftina er mosavaxinn mói en sjálf tóftin er öll grasi vaxin. Landið hækkar til allra átta og er tóftin í grunnri laut.
Tóftin er eitt hólf með op sem snýr til norðausturs og virðist sem lítið garðlag eða gerði hafa verið umhverfis tóftina og virðist einnig vera op á gerðinu og snýr það líka til norðausturs. Tóftin er 2x1m að innanmáli en tæplega 3x3m að stærð, veggirnir ná því tæplega að vera 1m á þykkt, kannski 80sm. Tóftin er eins og áður sagði innan gerðis sem er 7x7m að utanmáli, snúa hornin til höfuðátta en það er næstum því ferhyrnt, suðurhornið er reyndar mjög rúnað og er varla hægt að tala um neitt horn þar. Opið á gerðinu vísar til norðausturs og er í austurhorninu á norðaustur veggnum, tóftin er aftur á móti í norðurhorni gerðisins og þrengir garðlagið að inngangi tóftarinnar. Hleðsluhæð tóftar og gerðis er mjög lítil og virðast vera mikið sigin og eru varla mikið meira en 20sm.
Hættumat: engin hætta

NÞ-002:014 *Stekkjargerði* bæjarstæði býli 66°02.418N 16°34.601V



NÞ-002:014 Horft til suð-vesturs

„Heiðargerði (002:008), Skjaldastaðir (002:006), Sprekastekkur (002:009), Stekkjargerði og Sírekastekkur (002:015). Gömul býli í landi Ingveldarstaða. Staður óviss," segir í Landi og fólki. „Nauthólar eru nú í daglegu tali oftast nefndir Hólar. Suðaustur af þeim eru Gjáhólar, og smágjár þar í kring. Beint austur af þeim er eyðibýlið Stekkjargerði. Þar rétt austar er Stekkjargjá," segir í örnefnaskrá. Stekkjargerði er tóftasvæði sem er um 1,4km norðnorðaustur af bæ 001 og um 600m norðvestan við eyðibýlið Ávegg 005. Heimkeyrslan heim að Ingveldarstöðum er austan megin við tóftasvæðið í um 50-70m fjarlægð og er gjá milli heimkeyrslunnar og tóftasvæðisins sem er upp á hamraveggnum vestan við gjána. Tóftasvæðið samanstendur af frjórum tóftum og fjórum garðlögum sem afmarka tóftasvæðið til norðurs og suðurs en til vesturs og austurs afmarkast tóftasvæðið af gjám eða sprungum. Tóftasvæðið er um 770x260m að stærð og snýr til norður og suðurs, garðlögin sem afmarka tóftasvæðið að sunnan- og norðanverðu eru tvö sitt hvoru megin.




NÞ-002:014B

Tóftasvæðið er í hæðóttum, lyngivöxnum móa nálægt gjábrún en ekki er áberandi halli á landinu
Tóft A er 20m vestan við stekk 014D og um 150m sunnan við garðlag 014E.Hún er á lágum hólrana í lyngvöxnu landi sem er frekar hæðótt.
Tóftin er 21x9m að stærð, snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, er tvískipt og eru bæði



NÞ-002:014A

NÞ-002:014 Stekkjargerði



hólfin 7x5m að innanmáli. Vegghleðslur eru mjög signar og útflattar, um 20-30cm á hæð og um 2m á breidd, er innra byrðið örlítið greinilegra en ytrabyrðið.

Tóft B er um 90-95m sunnan við tóft 014A og stekk 014D, hún er nokkuð nærri gjábrúninni í lyngvöxnum hæðóttum móa.

Tóftin er mjög ógreinileg, hún er 7x6m að stærð, einföld, um 5x3m að innanmáli og snýr svo til í vestur og austur. Ytra byrðið er nokkuð óverulegt en innrabyrðið er skýrara, hleðslu hæð veggja er um 40cm og breidd um 1-1,5m. Sennilega hefur tóftin verið mikið til niðurgrafin.

Tóft C er 20m suðsuðvestan við tóft 014B og um 110m sunnan við tóft 014A og er hún mjög nálægt gjábarminum. Tóftin er í frekar hæðóttum lyngvöxnum móa. Tóftin er nokkuð skýr og þá sér í lagi innra byrðið, hún er 15x8m að stærð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur, hleðsluhæð veggja er um 40cm og breidd um 3m. Innanmál hennar er 10x2m og eftir endilöngu hólfinu liggur þúfa sem er 6m á lengd og um 1m á breidd, gæti þetta hafa verið garði og er þá hleðsluhæð hans um 30cm, sé þetta rétt er hér sennilega um fjárhús að ræða.

Tóft D af stekk er 20m austan við tóft 014A, um 180m sunnan við garðlag 014E og um 90m norðan við tóft 014B. Lyngvaxinn hæðóttur mói.


Stekkurinn er um 15x9m að stærð og hleðsluhæð veggja að innan allt að 1m en að utan er vegghæðin ekki mikið yfir 30cm, innra byrðið er því skýrara og dýpra en ytra byrðið og er þá stekkurinn hugsanlega niðurgrafinn. Stekkurinn er þrískiptur, eitt aflangt hólf 7x2m að innanmáli



NÞ-002:014B Horft til vesturs



NÞ-002:014C Horft til norð-norð-austurs



NÞ-002:014C

sem snýr norður og suður, og tvö lítil rými, sitt hvoru megin við norður endann til sitt hvorrar áttar vestur og austur. Hólfið vestan megin er 2x1m að innanmáli og hefur op til suðurs en eystra hólfið er 1x2m að innanmáli en ekkert op sást á því. Út frá stóra hólfinu koma garðlög eða aðhöld, að austan er það um 8m langt og nær út að gjábrún en að vestan er aðhaldið um 4m langt. Stekkurinn er allur grasi vaxinn og mun unglegri en aðrar tóftir á svæðinu, fjalldrapi er þó farinn að gera sig heimakominn í tóftinni og þá sér í lagi í útglenntu aðhaldinu sem er að verða komið á kaf í fjalldrapa.

Garðlag E. Norðan við aðaltóftasvæðið eru tvö garðlög E og F sem ekki er ljóst hvaða tilgang hafa haft en eru hér skráð með þeim tóftum sem gætu helst hafa tengst þeim. Syðra garðlagið E er um 20m sunnan við það nyrðra F þar sem garðlögin liggja næst hvert öðru og um 160m norðan við tóft 014A.

Liggur um tiltölulega slétt land.


Garðlagið liggur milli tveggja gjáa sem báðar hafa stefnuna norðnorðaustur og suðsuðvestur. Fer garðlagið yfir litla og grunna sprungu sem er í túninu, víða liggja veggir sprungunnar saman og liggur túnið alveg heilt þar yfir. Sennilega hafa þessar aðstæður haft einhver áhrif á það hvernig garðlagið var lagt því það liggur ekki beint yfir túnið heldur liggur það í boga til norðurs og fer yfir gjánna á stað þar sem hún kemur saman. Garðlagið er um 300m að lengd, um 2m á breidd og um 30cm á hæð.

Garðlag F. Norðan við aðaltóftasvæðið eru tvö garðlög E og F sem ekki er ljóst hvaða tilgang hafa haft en eru hér skráð með þeim tóftum sem gætu helst hafa tengst þeim. Nyrðra garðlagið F er um 20m norðan við það syðra E þar sem garðlögin liggja næst hvert öðru og um 180m norðan við tóft 014A.

Liggur um tiltölulega slétt land.

Garðlagið liggur milli tveggja gjáa sem báðar hafa stefnuna norðnorðaustur og suðsuðvestur. Fer garðlagið yfir litla og grunna sprungu sem er í túninu, víða liggja veggir sprungunnar saman og liggur túnið alveg heilt þar yfir. Sennilega hafa þessar aðstæður haft einhver áhrif á það hvernig garðlagið var lagt því það liggur ekki beint yfir túnið heldur liggur það í boga til suðurs að syðragarðlaginu og fer yfir gjánna á stað þar sem hún kemur saman. Garðlagið er tæpir 300m að lengd, um 2m á breidd og um 30cm á hæð.

Garðlag G sást á loftmynd um 450m sunnan við tóft 014C, er stefna þess austur og vestur og liggur það á milli tveggja



NÞ-002:014D



NÞ-002:014D Horft til norðurs




NÞ-002:014E Horft til vest-norð-vesturs

sprungna. Garðlagið er í mólendi og er það rúmlega 100m langt.
Garðlag H sást á loftmynd um 470m sunnan við tóft 014C og tæpa 20m sunnan við garðlag 014G, er stefna þess austur og vestur og liggur það á milli tveggja sprungna. Það er Í mólendi og er það rúmlega Hættumat: engin hætta
Heimildir: Land og fólk, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 3

NÞ-002:015 *Sírekastekkur* bæjarstæði býli
„Heiðargerði (002:008), Skjaldastaðir (002:006), Sprekastekkur (002:009), Stekkjargerði (002:014) og Sírekastekkur (002:015). Gömul býli í landi Ingveldarstaða. Staður óviss," segir í Landi og fólki. Sírekastekkur er að öllum líkindum misritun á Sprekastekki og hefur því aldrei verið til sem býli eða stekkur í landi Ingveldarstaða. Ritnefnd byggðarsögu Norður-Þingeyinga hafa væntanlega notað bæði Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Jarðatal J.Johnsen til upplýsingaöflunar á riti sínu „Land og fólk". Þetta hefur valdið því að þegar gömul eyðibýli eru talin upp í landi Ingveldastaða í Landi og fólki þá er bæði minnst á Sprekastekk og Sírekastekk. Þegar heimildirnar eru skoðaðar er um greinilega misritun að ræða hjá Johnsen sem kemur greinilega í ljós þegar setningarnar eru bornar saman. Skoðum fyrst Jarðabók Árna og Páls:„Skialldastader, Efraoddagerde, Sprekasteckur, Fremresteckur, Hlydargerde og Heidargierde kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi,……." í Johnsen er setningin svona:„ A.M. telur enn fremur Ávegg, Grenjaðarstaðar kirkju eign, í eyði (80al. Isk.) og segir hann part úr Ingveldarstöðum, og með honum 6 gömul eyðiból: Skjaldastaði, Efra Oddagerði, Sírekastekk, Fremristekk, Hlíðargerði og Heiðargerði, …" Hér er nákvæmlega sama röð á bæjarheitunum ef þriðia bæjarnafnið er undanskilið sem er Sprekastekcur Í Jarðabókinni en Sírekastekkur í Jarðartalinu. Hér hefur einfaldlega orðið smá mistök hjá Johnsen þar sem hann hefur ritað „í„ í staðinn fyrir „p".
Heimildir: Land og fólk, 324

NÞ002:016 Víðigerði



NÞ-002:016 *Víðigerði* tóftir+garðlag býli 66°00.116N 16°35.963V

„Alllangt sunnan við Ingveldarstaði, á landamerkjum Tóveggs," segir í Landi og fólki. „Suðvestur af því [þ.e. Tjaldvörðugerði 002:023] er Víðigerði. Ennþá sést þar vel móta fyrir túngarði og húsatóftum," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls er rústa með nafninu Víðigerði getið og þá sem þær tilheyrðu Hrærekssstöðum NÞ-023:017 en þar segir: „Vijdergerde heitir lítil girðing öll viði vaxin hjer í skóginum, og efast menn um að þar hafi bær verið, því þar sjást öngvar tóftaleifar." Þessi lýsing passar engan vegin við það tóftasvæði sem kallað er Víðigerið í nú, gæti þetta frekar átt við Tjaldvörðugerði 023. Það er því mögulegt að örnefni á þesum slóðum hafi eitthvað færst til. Víðigerði er um 1,3km sunnan við Heiðargerði 008 og 850-870m suðsuðvestur af Tjaldvörðugerði 023. Um 1,7km vestan við Víðigerði er Hraungerði NÞ-004:004 í landi Undirveggjar.

Tóftin er í afréttarlandi. Á þessum slóðum er lítill grasvöxtur en lyng og annar trjágróður alveg ráðandi. Allt svæðið er á kafi í kargaþýfi.

Víðigerði er tóftarsvæði sem saman stendur af þrem tóftum, tveim gerðum og tveim túngörðum. Afmarkar sá ytri og stærri svæði sem er 400x200m að stærð og snýr það vestur-austur. Í þessari umfjöllun fær hver fornleif bókstaf A-F til aðgereinigar.

Tóft A er sunnarlega innan innri túngarðsins, túngarðs 1, og gæti hún hugsanlega hafa verið íverutóft. Tóftin er 16x12m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð er allt að 80cm. Tóftin er svo til alveg ferhyrnd og skiptist í 4 hólf, hólf a er í norðvesturhorninu og er 2x3m að stærð og austan við það er hólf b sem er 6x3m að stærð, snýr það norður og suður. Tvö op eru á hólfi




NÞ-002:016 Víðigerði séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

b, er annað um útvegg til austurs en hitt liggur að hólfi d sem er 5x3m að stærð og snýr einnig norður og suður eins og hólf b. Hólf c er vestan við hólf d og sunnan við hólf a, það er 7x3m að stærð, snýr norður og suður og hefur op á vestur veggnum við norðvesturhornið. Innveggir eru um 1-2m breiðir en útveggir um 2-3m breiðir.

Túngarður B er tvöfaldur og verður hér fjallað um hann sem túngarð 1 og túngarð 2. sá innri, túngarður 1, afmarkar svæði sem er 200x120m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, sá ytri, túngarður 2, afmarkar svæði sem er 400x200m að stærð og snýr vestur og austur. Syðrihlið ytri tún-



NÞ-002:016A Horft til norð-vesturs




NÞ-002:016A

garðsins er svo til alveg bein og liggur austur og vestur og austurhliðin er svo til alveg bein líka og liggur norður og suður, norðurhliðin aftur á móti liggur beit til vesturs frá austurhliðinni en eftir um 230m tekur hún að stefna meira og meira til suðvestur þangað til hún endar á suðurhliðinni, því er eins og um enga eiginlega vesturhlið sé að ræða. Innan Túngarðs 2 eru tvö garðlög sem liggja milli norður- og suðurhliðanna og skipta þau túninu í þrjú hólf, austasta hólfið er helmingi stærra en hin tvö eða afmarkar svæði sem er um 190x230m. og er túngarður 1 innan í því hólfi. Hólfið vestan við það afmarkar svæði sem er 180x100 og snýr norður-suður og vestasta hólfið afmarkar svæði sem er 130x70 og snýr það einnig norður-suður. Tvö lítil gerði, 016E og 016F eru áföst austurhlið ytri túngarðsins.
Garðlag innsta túngarðsins, túngarðs 1, er um 150cm að breidd og er hleðsluhæð um 60cm tóft 002:016C er byggð við suðvesturhorn túngarðsins. Ytri túngarðurinn, túngarður 2, er mun signari en innri túngarðurinn, hann er rúnnaður og oft eins og byggður upp í halla og liggur hann milli hárra hóla eða lítilla kletta. Garðlagið er mest um 3m að breidd og um 50-100cm á hæð þar sem best lætur, það er allt vaxið lyngi og ber ekki mikið á því þar sem það fellur vel inn í umhverfi sitt, einnig er það sumstaðar á kafi í kjarrgróðri. Ekki ber á að neitt rof sé komið í það og ekki sjást neinar grjóthleðslur.
Tóft C er í suðvesturhorni vallargarðsins, hún er um 50m vestsuðvestan við tóft A. Tóft C lítur




NÞ-002:016B Horft til suð-vesturs



NÞ-002:016C

ekki út fyrir að vera byggð við túngarðinn, heldur má frekar ætla að báðir endar hans komi saman sitt hvoru megin við tóftina og hún því byggð samtímis túngarði 1. Hún er 8x8m að stærð og tvískipt, stærra hólfið sem er 6x2m að stærð og snýr í vestur og austur. Minna hólfið sem er 2x2m að stærð er sunnan megin við það stærra og fyrir því miðju. Ekki var hægt að sjá neitt op á hólfunum, hvorki að utanverðu né á milli þeirra. Tóft D er um 50m norðnorðvestur af tóft A og um 15-20m suðaustur af túngarði 1 þar sem hann er næstur tóftinni. Tóftin er á lágum en nokkuð áberandi hól í landi sem hallar ekki mikið, en þó örlítið til norðurs. Tóftin er 6x5m að stærð og einföld, hleðsluhæð veggja er um 20cm en um 1m á breidd, veggirnir eru mikið signir og útflattir og þess vegna fremur óljósir. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum og ekki var hægt að greina neitt op á tóftinni.



NÞ-002:016D

Gerði E er áfast innanverðum túngarði 2 og er það í norðaustur horninu á honum og er það í hæðóttu, kjarrivöxnu landi. Gerðið er svo til hringlótt og er alveg í horninu á ytri túngarðinum og afmarkar svæði sem er 15x10m að stærð og snýr í vestur og austur. Vegghleðslur eru um 1m á hæð og

um 2m á breidd, eru þær mjög rúnnaðar og signar og ekki sást nein op á því. Gerðið er á kafi í kjarrgróðri og lyngi og ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.
Gerði F er áfast austurhlið túngarðs 2 og er það á austurhlið hans um 60m sunnan við gerði E og er það í hæðóttu, kjarrivöxnu landi. Gerðið afmarkar svæði sem er 23x20m að stærð og er það svo til ferhyrnt. Nokkuð greinilegt op á því til suðurs fyrir miðri suðurhlið. Vegghleðslur eru um 60cm á hæð og um 2m á breidd og mjög rúnnaðar og signar. Gerðið er á kafi í kjarrgróðri og lyngi og ekki sást neinar grjóthleðslur Hættumat: engin hætta
Heimildir: Land og fólk, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 4; JÁM XI, 296.

NÞ-002:017 *Vörðuás* varða landamerki 65°59.733N 16°35.726V
„Að sunnan eru merkin móti Ási og Tóvegg úr Vörðuás í Merkiþúfu (002:024). Þar mætir landið Áslandi og Undirveggjalandi.“ „Þar [við Vörðuás] liggur einnig Holtanesveggur. Þarna er varða og um hana eru merki móti Tóvegg,“ segir í örnefnaskrá. Varðan er um 700-750m suðsuðvestar en Víðigerði (002:016) og 3,7km sunnar en bæjarhóllinn á Ingveldarstöðum 002:001.
Varðan er á háum kletti við gjáarbarm, hefur mikið af mosagróðri og grasi fundið sér skjól við hana og vex birki í gjánni. Víðsýni er mikið til allra átta og í suður má sjá Eilíf í blámanum. Allt umhverfið lyngi vaxið og þýft en frekar slétt.


NÞ-002:017 Horft til suðurs

Varðan ber þess merki að vera frekar gömul og ekki hafa breyst mikið það er að segja að ekki hefur hrunið mikið úr henni, hún er öll vaxin skófum en ekki hefur neitt sérlega verið til hennar vandað. Varðan er 5-6 umför um 80sm há og tæpur metri í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 1, 4

NÞ-002:018 *Þjófaborg* varða 66°01.411N 16°36.895V
„Svo móti Undirvegg (NÞ-004:001) úr Merkiþúfu (002:024)í Þjófaborg, sem er aðeins norðan við nýbýlið Hlíðargerði (002:012) …“ segir í örnefnaskrá. „Vestur af Hlíðargerði, sem nú er, er Þjófaborg. Þetta er grjóthæð með vörðu á. Sunnan hennar er lægð, sem heitir Þjófalág.“ Þjófaborgin er 800-850m suðvestan við Sprekastekk (002:009) og 500-550m vestsuðvestan við Hlíðargerði (002:012) og um 850m austan við íbúðarhús á Undirvegg NÞ-004.
Varðan er á hól eða hraunklöpp.
Varðan er 4 umför, um 80x100sm að stærð og ekki meira en 50sm há, á lengdina snýr varðan í norður og suður og þó að varðan sé lág sést hún þokkalega vel í frekar sléttu landinu. Ekki er að fullu ljóst hvaða hlutverki varðan hefur átt að gegna.


NÞ-002:018 Horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 2

NÞ-002:019 *Skollhóll* örnefni landamerki 66°02.196N 16°36.225V



NÞ-002:019 Horft til suð-vesturs

„Þar norðar er svo Ytra-Hall og norðan þess eru merkin móti nýbýlinu Lyngási, sem fékk land, bæði frá Ingveldarstöðum og Hóli. Svo um vörðu vestur í Karl eða Einbúa, sem fyrr var getið móti Undirvegg," segir í örnefnaskrá. Ekki verður annað skilið á þessari lýsingu nema að varða eigi að vera austan við Karl 026 og að þá hljóti umrædd lýsing eiga við Skollhól. Vera má að varða hafi staðið þar og verið á merkjum. Hún er þó hvergi sjáanleg. Skollhóll er 1km norðnorðvestan við bæjarstæði 001 og um 1,3km vestsuðvestan við Stekkjargerði 014. Þar er þó engin varða.

Stór og sprunginn hraunhóll sem er nokkuð áberandi í landinu.

Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 2

NÞ-002:020 hellir fjárskýli 66°01.785N 16°36.456V



NÞ-002:020 Horft til norð-austurs

„Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða, – Undirveggjar- (004:010), Hóls- (022:030) og Krossdals (003:021 og 003:022). Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli." segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslu. Hellarnir í landi Ingveldarstaða eru tveir og er sá nyrðri (002:020) 70-80m suðvestan við Sprekastekk (002:009), um 500m sunnar en Karl (002:026) og 850-900m norðan við íbúðarhús í Hlíðargerði (002:012).

Hellirinn er í uppgrónu hrauni sem er notað til fjárbeitar, ber ekki mikið á hellinum því þak hans er bara eins og lágur hóll, mikið lyngi vaxinn og verður ekki séð að um helli sé að ræða fyrr en komið er að munanum.

Hellismuninn er um það bil 1,50x1,50m að stærð og er inngangurinn frekar brattur niður á við, lofthæðin er mögulega um 2m og ekki er hann djúpur, kannski 4-6m og eitthvað svipað á breiddina. Hellirinn er vel aðgengilegur og sækja skepnur enn í hellinn og er allt hellisgólfið þakið taði. Ekkert manngert er í hellinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sýslu og sóknarlýsingar Þingeyjarsýslu, 209

NÞ-002:021 hellir fjárskýli 66°01.768N 16°36.454V

„Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða, - Undirveggjar- (004:010), Hóls- (022:030) og Krossdals (003:022 og 003:021). Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli.“ segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslu. Hellarnir eru tveir og um 30m á milli þeirra, sá syðri er um 550m sunnar en Karl (002:026) og 750-800m vestan við íbúðarhús á Ingveldarstöðum byggðu 1939 og um 800-850 norðan við íbúðarhús í Hlíðargerði (002:012).



NÞ-002:021 Horft til norð-austurs

Í móa sem notaður er til fjárbeitar, er hann mikið lyngi vaxinn en nánasta umhverfi hellanna er þó grasi vaxið.

Hellismuninn er um það bil 3x1,50m að stærð og er inngangurinn frekar brattur niður á við, lofthæðin er mögulega um 1m og ekki er hann djúpur kannski 6-8m og sennilega eitthvað svipað á breiddina. Hellirinn er vel aðgengilegur, það er að segja fyrir skepnur og sækja þær enn í hann og því er allt hellisgólfið þakið taði sem verður að mikilli for í rigningum. Engar hleðslur eða annað manngert er í hellinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sýslu og sóknarlýsingar Þingeyjarsýslu, 209

NÞ-002:022 *Lambagjá* tóft rétt 66°01.495N 16°35.218V

„Í framhaldi af Miðgjá, suður er Lambagjá. Þar var haft aðhald fyrir lömb á haustin,“ segir í örnefnaskrá. Aðhaldið er ofan í hraunsprungu og vitað er til þess að kiðlingar hafa verið geymdir þar. Aðhaldið er 1,5km frá bæjarhól á Ingveldarstöðum í suðsuðaustur og um 800m í austnorðaustur frá íbúðarhúsi í Hlíðargerði.




NÞ-002:022 Horft til suðurs

Aðhaldið er í þröngri klettagjá eða hraunsprungu sem dýpkaði og breyttist þó nokkuð í jarðskjálftum 1978 og við þær það lokaðist aðkoman að aðhaldinu.

Aðaldið er hlaðið úr grjóti ofan í gjá, gerð aðhaldsins hefur verið þannig háttað að gjáveggirnir eru látnir mynda langveggina en síðan hafa verið hlaðnir tveir grjótveggir að norðan- og sunnanverðu. Ekki varð komist að aðhaldinu til að stika það eða mæla sökum bratta og ófærðar en það mun vera um 5-8m á lengd og um 2-3m á breidd. Eitthvað hefur hrunið úr veggjum hleðslunum en þær gætu hafa verið um 1m á hæð. Mjög stórgrýtt er í sprungunni og er notast við stórgrýti í hleðslunum.

Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 4

NÞ-002:023 Tjaldvörðugerði





NÞ-002:023 Horft til vestur

NÞ-002:023 *Tjaldvörðugerði* bæjarstæði býli 66°00.551N 16°35.464V
„Í Vörðuás [017] er eyðibýlið Tjaldvörðugerði. Þar sjást aðeins tóftarbrot ennþá (þ.e. 1973). (Þess er ekki getið 1712),“ segir í örnefnaskrá. Tjaldvörðugerði er um 2-2,5km beint suður af bæjarhólnum á Ingveldarstöðum (002:001) og um 800-850m suðaustan við Heiðargerði (002:008).
Allt svæðið er á kafi í fjalldrapa, lyngi, víði og stórum birkihríslum og því sér ekki mikið til tófta.
Talið í landi Tóveggs í eyðibýlaskrá. Það eina sem hægt var að greina með nokkurri vissu eru tveir túngarðar, innri afmarkar svæði sem er 60x80m að stærð. Endar hans ná ekki saman, heldur liggja þeir að sprungu sem afmarkar svæðið til vesturs. Ytra garðlagið liggur norðan og austan við innra garðlagið, byrjar við sama sprungubarm 60m norðar og liggur í boga til suðurs að hól sem er suðaustan við innri túgarðinn. Hóllinn er svo til á milli garðlaganna og kannski hefur hann átt að þjóna sem einhverskonar aðhald þó að það sé frekar ólíklegt. Ytra garðlagið afmarkar svæði sem er 130x100m. Garðlögin eru sigin og rúnnuð, munu þau vera um 50cm á hæð og um 2m á breidd. Þau eru á kafi í trjágróðri og er gróðurþekjan mjög þétt, hvergi sjáanlegt neitt rof. Ekki var hægt að greina neinar tóftir innan túngarðsins sökum þess hve landið er stórþýft og kjarrvaxið.
Hættumat: hætta vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 4; Land og fólk, 324

NÞ-002:024 *Merkiþúfa* varða landamerki 66°59.781N 16°36.730V
„Á merkiþúfu er landamerkjavarða. Þar eru merki móti Ás og Undirvegg, eins og fyrr segir,“ segir í örnefnaskrá. Varðan er rúma 800m suðvestan við Víðigerði 016 og um 1-1,5km suðaustan við Hraungerði NÞ-004:004 sem er í landi Undirveggjar NÞ-004
Varðan er á hraunklöpp í lyngi vöxnum móa.
Vaðan er ekki stór en er þó hæsti punkturinn á

stóru svæði, reist á lyng- og grasi vöxnum kletti sem stendur áberandi upp úr landinu. Varðan er 6 umför og um 1m á hæð, neðst er hún um 2x1m að stærð og snýr á lengdina í norður og suður. Öll er varðan skófum vaxin og mikið gróin norðan megin. Varðan er ágætlega vel hlaðin og ekkert farin að hrynja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 4



NÞ-002:024 Horft til vesturs

NÞ-002:025 varða óþekkt
66°00.052N 16°35.677V
Varða er 250m suðaustan við Víðigerði (002:016), um 600m norðan við vörðu (002:017) og um 1km suðsuðvestan við Tjaldvörðugerði (002:023).
Varðan er reist á klöpp sem er vel gróin mosa og lyngi og víða í nágrenninu má sjá hríslur sem ná allt að 100-150sm hæð.
Varðan er nálægt því að vera þríhyrningslaga og neðst um 1 m á kant. Hleðsluhæðin er um 80sm og eru umförin 5 talsins. Ekki er vitað um hlutverk vörðunnar.
Hættumat: engin hætta



NÞ-002:025 Horft til suðurs

NÞ-002:026 *Karl* þjóðsaga
66°02.063N 16°36.461V
„Þar norðar er svo Ytra-Hall og norðan þess eru merkin móti nýbýlinu Lyngási, sem fékk land, bæði frá Ingveldarstöðum og Hóli. Svo um vörðu [002:019] vestur í Karl eða Einbúa, sem fyrr var getið móti Undirvegg (NÞ-004:001).“ „Sögn er, að karl sé steinrunninn tröllkarl, en tröllahjón bjuggu í svonefndum Kerlingahól (NÞ-004:012), suður af Undirvegg. Þetta voru náttröll.“ Karl er um 500m norður af Sprekastekk (002:009) og um 1km norðvestan við bæjarhól (002:001) á Ingveldarstöðum.
Hraundrangur sem stendur í lyngi vöxnum móa.




NÞ-002:026 Horft til vesturs

„Eitt sinn ætluðu þau að gera sér dagamun, og fór karlinn þá með poka sinn og sótti Oddagerðisbónda í hann, en Kerla fór að sækja vatn. Ekki var karl kominn lengra en í Ásenda, þegar sól rann og varð hann þar að steini og liggur Oddagerðisbóndinn þar fastur hjá poka sínum. Ekki komst kerling heldur alveg alla leið, því þegar hún var komin upp í miðjan Kerlingarhól ör-

skammt frá hellinum, leit hún við til að fá að bónda sínum. Rann þá dagur í austri og varð hún þá að steini og stendur þar enn með vatnsföturnar sér við hlið," segir í örnefnaskrá
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 2, 5-6

NÞ-002:027 *Þorfinnsrétt* hleðsla rétt 65°59.110N 16°37.026V



NÞ-002:027

„Þorfinnsrétt. Um 5km sunnan við Ingveldarstaði, sunnarlega við Réttarvegg, er rétt með þessu nafni. Dregur hún nafn sitt af Þorfinni Jónssyni, sem bjó á Ingveldarstöðum 1848-1876, og var all mikill sauðabóndi," segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar um stekki, beitarhús og fleira. Þorfinnsrétt er um 5km suðsuðvestan við bæjarstæði 001 og um 1,3km sunnan Merkiþúfu 024.
Réttin er í gjá sem hefur stefnuna norðnorðaustur-suðsuðvestur.
Réttin er 40x10m að innanmáli. Að norðan er gjáin lokuð af miklu stórgrýti sem er ekki þangað komið af mannavöldum en að sunnan er L-laga hleðsla sem liggur frá eystri klettaveggnum í um 4m til austurs en beygir 90° til suðurs í um 2m. Hleðslan er um 4 umför og um 1m á hæð og vestan við hleðsluna er op og er þar innangengt í réttina. Það vottar fyrir nokkuð þéttri grjótdreif innan réttarinnar, norðan við hana miðja og hefur réttin mögulega verið skipt þar, hefur þá nyrðra hólfið verið 14m að lengd en það syðra um 25m að lengd. Þessi hleðsla er hrunin.


NÞ-002:027 Horft til suð-vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar um stekki beitarhús og fleira.

NÞ-002:028 gata leið
66°02.159N 16°34.319V
Gata liggur frá Ávegg 005 til suðvesturs heim að bæ 001, er Áveggur er um 1,3km norðaustan við Ingveldarstaði.
Gatan liggur um sléttan móa.
Gatan hefur verið ekin af bifreið og er því greinileg í móanum, er um 1m á breidd og um 20-30cm á dýpt.
Hættumat: engin hætta


NÞ-002:028 Horft til suð-vesturs


NÞ-002:029 garðlag óþekkt 66°00.901N 16°35.666V
Garðlag er 530m austnorðaustan við Syðra-Hlíðargerði 008 og um 740m suðsuðvestur af Ingjaldsstöðum 004. Á vettvangi var garðlagið rakið á um 70m löngum kafla og virtist þá ekki vera lengra. Þegar loftmynd af svæðinu var aftur á móti skoðuð sást annað garðlag 350m sunnar. Endar þessara tveggja garðlaga standast á og er stefna þeirra svipuð og er því mögulega um sama garðlag að ræða. Þessi syðri hluti garðlagsins var ekki genginn en af loftmynd mælist hann um 430 m langur og því má greina garðlagið á um 880m löngum kafla. Syðri hlutinn sem ekki var genginn er um 530m austan við Syðra-
Hlíðargerði 008 og 240 m vestan við Tjaldvörðugerði 023. Þar sem þetta garðlag er samsíða garðlagi NÞ-005:012 sem sennilega er landamerkjagarður er freistandi að ætla svo einnig um þennan.
Í stórþýfðum móa.
Þar sem garðlagið var skoðað var það um 2m á breidd og um 40-50cm á hæð, sigið og rúnnað.
Hættumat: engin hætta

NÞ-002:030 garðlag óþekkt
Garðlag sást á loftmynd 170m suðvestan við bæ og um 100m sunnan við nýleg útihús sem eru 120m vestan við íbúðarhús byggt 1939.
Garðlagið er þétt sunnan og utan við tún sem hefur verið sléttað.
Garðlagið liggur í boga og er það um 100m á lengd, nyrsti endi þess er alveg þétt upp við tún sem hefur verið sléttað og liggur það í um 50m til suðurs en begir þá til vesturs í um 40m, þar austast virðist vera önnur begja á garðlaginu til norðurs en hún er mjög lítil. Kannski hefur það alveg legið í hring en nokkrar framkvæmdir hafa átt sér stað nyrst og verður það ekki séð af loftmyndinni hvort eitthvað sé eftir af garðlaginu þar og ekki heldur vestan til.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-002:031 *Lambhús* frásögn fjárhús 6601.770N 1635.519V
Samkvæmt heimildarmanni voru Lambhús 75m norðvestan við bæ 001 og um 55m sunnan við Ærhús 002.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Krossdalur, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,1 ha
Þar af slétt: 314 m2
Stærð matjurtagarða: 117 m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-003 Krossdalur

Meðal Hólastólsjarða 1550 – DI XI, 864.
Krossdalur í reikningum Hólastóls 18. febrúar 1569. DI XV, 225.
Óviss jarðadýrleiki 1712, Hólastólseign. JÁM, 286-287
1805 segir að jörðin hafi verið í eyði frá 1784 en í byggð 1847. JJ, 339.
Tunga var býli á jörðinni ekki vitað hvenær það var í byggð. Árdalur nýbýli byggt 1954, 1/3 af jörðinni. Land og fólf, 265
1712: „Engjar öngvar og úthagar mjög haglitlir fyrir stórgripi, og kaupir ábúandi engi og beit fyrir stórgripi af K eldunesi.“ JÁM XI, 287. 1917: Tún 2,1ha, 3/4 sléttað, garðar 117m2. „Land jarðarinnar nær suður að sveitamörkum í syðri Sauðaklett og myndar þar odd en breikkar norður og er allbreið spilda norður við bæ. Norðan Litlár á Krossdalur land norður að Stórárfarvegi. Er það vel gróið graslendi, góðir gagar og var heyjað fyrrum. Þar heita Tungur.“ Land og fólk, 266

NÞ-003:001 *Krossdalur* bæjarhóll bústaður 66°04.618N 16°43.519V
„Íbúðarhús úr steini, er byggt á sama stað og bærinn stóð áður,“ segir í örnefnaskrá. Vesturhluti núverandi íbúðarhúss sem byggður er árið 1931 stendur á sama stað og gamli bærinn stóð áður. Eystri hlutinn er byggður árið 1964. Að sögn heimildamanns hafa gjarnan fundist ýmsir munir við jarðrask á bæjarhólnum.
Í túni.
Íbúðarhúsið er á dálitlum hól sem er líklega um 50 X 50 m að stærð og mest um 2 m á hæð. Er um náttúrulega hæð að ræða að einhverju leyti en erfitt er að sjá með góðu móti mörk á milli hennar og bæjarhólsins. Þess má einnig geta að gamli bærinn náði yfir nokkuð stærra svæði en vestari hluti íbúðarhússins sem nú stendur.


NÞ-003:001 Krossdalur Horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Krossdalur (með Árdal), 1

NÞ-003:002 *Eggertshús* heimild um fjárhús 66°04.598N 16°43.603V
„Vestan heimreiðar var svo Miðhús [003]. Vestan við það var kofi, sem alltaf var nefndur Kussuhús [004]. Staður sá sem húsin voru á, nefndist Rani. Milli hans og bæjarins er Þórðarslétta, milli tveggja hæða. Hún er kenndi við Þórð Flóventsson frá Svartárkoti. Vestur af Þórðarsléttu eru Eggertshús, kennd við Eggert Stefánsson. Hann fór til Ameríku,“ segir í örnefnaskrá. Eggertshús stóðu á dálitlum hól um 70 m vestsuðvestur af vestari hluta núverandi íbúðarhúss (sjá 001). Eru þau sýnd á túnakorti frá 1918. Heimildamaður vissi ekki hvenær þau voru byggð, en þau voru hrunin fyrir 1950. Um var að ræða fjárhús úr torfi og grjóti. Staðurinn hefur nú verið sléttaður og hafði heimildamaður orð á því hversu stórt hleðslugrjótið var.
Í túni.
Þótt búið sé að slétta þennan stað, má sjá dældir í hólinn sem gefa til kynna hvar húsin stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:003 *Miðhús* þúst fjárhús 66°04.570N 16°43.515V
„Vestan heimreiðar var svo Miðhús ….“ segir í örnefnaskrá. Miðhús, sem einnig voru kölluð Lambhús, stóðu vestan heimreiðar á hrygg eða holti sem nefnist Rani og liggur austur-vestur, um 80 m suðaustur af bæjarstæðinu (001). Eru þau sýnd á túnakorti frá 1917. Húsin, sem voru úr torfi og grjóti, rúmuðu um 30-40 kindur og voru þau í notkun til 1946. Húsin voru rifin c.a. 1953-1954. Staðurinn var þó ekki sléttaður að fullu og má enn sjá ummerki eftir húsin á holtinu.
Í túnjaðri á hrygg eða holti. Sökum þess að staðurinn var ekki sléttaður að fullu, er austurhluti hryggjarins að mestu óræktarblettur.
Þótt búið sé að rífa húsin, gefa ójöfnur á austast á Rana til kynna hvar þau stóðu. Er einkum áberandi dokk norðaustantil á Rana og segir heimildamaður að hún sé eftir hlöðu fjárhúsanna. Þessar leifar eru þó of óljósar til þess að hægt sé að teikna þær eða ljósmynda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:004 *Kussuhús* heimild um óþekkt 66°04.564N 16°43.552V
„Vestan heimreiðar var svo Miðhús [003], vestan við það var kofi, sem alltaf var nefndur Kussuhús. Staður sá sem húsin voru á nefndist Rani,“ segir í örnefnaskrá. Rani er hryggur eða holt sem liggur austur-
vestur, um 80 m suðaustur af bæjarstæðinu og stóðu Miðhús austast á honum fast vestan við heimreiðina. Heimildamaður kannaðist ekki við Kusshús en eins og kemur fram í örnefnaskrá þá á það að hafa verið á Rana, vestan við Miðhús. Þar sem Rani er nokkuð skýrt afmarkað holt, er ekki um marga staði að ræða þar sem kofinn getur hafa staðið.
Í túnjaðri á hrygg eða holti.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:005 *Borgarhús* heimild um fjárhús 66°04.647N 16°43.289V
„Austur af [bænum] er starartjörn, uppspretta, sem á upptök sín austan við túnið. Þessi tjörn heitir Myllutjörn (sjá einnig 007) … Norðvestan Myllutjarnar eru Borgarhólar, smáhryggir, og á þeim voru Borgarhús,“ segir í örnefnaskrá. Borgarhús, sem sýnd eru á túnakorti frá 1917, voru úr torfi og grjóti, stóðu á dálitlum hrygg um 180 m vestnorðvestur af bæjarstæðinu (001). Heimildamaður man einungis eftir tóftum á þessum stað og vissi ekki hvenær húsin voru síðast í notkun. Staðurinn hefur nú verið sléttaður.
Þessi hluti gamla heimatúnsins er mjög mishæðóttur. Hann er utan núverandi túngirðingar og er ekki sleginn.
Þótt búið sé að slétta staðinn gefa ójöfnur á hábungu hryggjarins til kynna hvar Borgarhús stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:006 garðlag túngarður 66°04.656N 16°43.251V
„Túngarður var úr torfi og grjót, en er nú að mestu horfinn,“ segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sést enn meðfram austurjaðri gamla heimatúnsins. Nær hann frá Stórá sem rennur norðan við túnið, um 70 m í suðvestur. Eftir það beygir garðurinn snögglega í vestsuðvestur og endar eftir um 100 m.
Í túnjaðri.

Ástand túngarðsins er misgott og er hann útflattur á köflum en standandi annarsstaðar. Víða sést í hleðslugrjót, einkum þó að utanverðu, en yfirleitt er gróið yfir að innanverðu. Á þeim hluta sem liggur í austnorðaustur-vestsuðvestur liggur garðurinn utan í brekku og nær hleðsluhæðin um 1,8 m að innanverðu þar. Annars er garðurinn yfirleitt um 1m á hæð og um 1 m á breidd. Heildarlengd garðsins er um 170 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 1



NÞ-003:006 Horft til norð-austurs

NÞ-003:007 *Myllutjörn* hleðsla mylla
66°04.653N 16°43.242V


„Austur af því [001] er starartjörn, uppspretta, sem á upptök sín austan við túnið. Þessi tjörn heitir Myllutjörn. Straumharður lækur rann úr Myllutjörn. Vatnsmylla var í honum, rétt fyrir neðan tjörnina," segir í örnefnaskrá. Myllutjörn er nú þornuð, en hún var fast austan við túngarðinn (006) þar sem hann liggur meðfram austurjaðri gamla heimatúnsins. Frá Myllutjörn, um 15 m austur frá túngarðinum liggur rás eða farvegur frá suðvestri til norðausturs og nær út í Stóra. Þessi farvegur lítur út fyrir að vera manngerður og var myllan í honum um 16 m norðaustur frá Myllutjörn.



NÞ-003:007 Horft til norð-austurs

Grasigróinn og hár árbakki í túnjaðri að norðanverðu. Uppþornuð tjörn að sunnanverðu.

Stefna túngarðsins á þessum slóðum er norðaustur-suðvestur og nær hann út að Stóra. Farvegurinn sem myllan var í liggur nokkurn veginn í sömu stefnu og túngarðurinn. Þar sem farvegurinn opnast úr Myllutjörn má sjá hleðslur, mest um 0,3 m á hæð, í tjarnarbakkanum vestan við hann sem liggja vestur að túngarðinum. Farvegurinn sjálfur er fyrsta kastið um 1,5 m breið renna sem virðist hafa verið hoggin í gegnum klöpp. Heldur hún þessari breidd í um 16



NÞ-003:007


m, en eftir það tekur við hringlaga hvilft sem er líklega um 3 m í radíus og má sjá grjóthleðslur í bökkum hennar. Telur heimildamaður að myllan hafi verið í þessari hvilft. Greinileg fyrirhleðsla er við hvilftina að norðaustanverðu og önnur um 6 m norðaustur af henni. Eru báðar þessar hleðslur um 5 m á lengd, um 0,3 m á breidd og líklega um 0,5 m á hæð. Allar eru þessar minjar talsvert grónar. Mesta lengd á þessu mannvirki, þ.e hvilftinni og rásinni er um 22 m en breidd um 6 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 1-2

NÞ-003:008 *Gullaþúfa* heimild um leikvöll 66°04.621N 16°43.643V
„Skammt vestan bæjar var Gullaþúfa. Þar var leikvangur barna," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst hvar Gullaþúfa var. Hugsanlegt er þó talið að átt sé við áberandi klapparhól sem er um 90 m vestur frá bæ (001) og um 50 m norðvestur frá Eggertshúsum (002). Engar fornleifar er að sjá á hólnum, en hann er aldrei sleginn. Annar staður er einnig talinn koma til greina sem Gullaþúfa og er hann skráður sem 009.
Klapparhóll í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:009 tóft óþekkt 66°04.639N 16°43.579V



NÞ-003:009 Horft til norðurs



NÞ-003:009

Tóft er á dálitlum klapparhól, um 60 m norðvestur af bæjarhólnum (001), í smáþýfðum og grasi vöxnum móa, rétt norðan við heimatúnið. Taldi heimildamaður þennan hól annan af tveimur sem kæmu til greina sem Gullaþúfa sem hér er skráð sem 008.
Á klapparhól í smáþýfðum og grasi vöxnum móa.
Tóftin er um 2 x 2,5 m að stærð og snýr nokkurn veginn norður-suður með op á suðurgafli. Hleðslur eru talsvert signar og ná þær líklega um 0,3 m hæð þegar best lætur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-003:010 heimild um fjárhús 66°04.574N 16°43.405V
„Vestan Myllutjarnar er Langhóll, bungumyndað hæð, sem nær austur að túngarði. Sunnan hans er dokk og ofan við hana er hólbrekka, nefnd Taðhóll. Á honum voru bæði Hesthús [011] og Sauðhús. Sauðhúsið var sunnar," segir í örnefnaskrá. Sauðhús stóðu á Taðhól, um 120 m suðaustur af bæjarstæðinu (001). Nú stendur skemma á þessum stað.

Á háum grasi vöxnum hól eða hæð.
Þótt fjárhúsin sem voru úr torfi og grjóti séu nú horfin þá má sjá ójöfnur víða í kringum skemmuna sem benda til þess hvar húsin stóðu. Að sögn heimildamanns voru þetta fjórstæð hús sem tóku um 200 fjár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:011 heimild um hesthús 66°04.582N 16°43.416V
„Vestan Myllutjarnar er Langhóll, bungumynduð hæð, sem nær austur að túngarði. Sunnan hans er dokk og ofan við hana er hólbrekka, nefnd Taðhóll. Á honum voru bæði Hesthús og Sauðhús [010]. Sauðhúsið var sunnar," segir í örnefnaskrá. Staðsetning hesthússins er ekki alveg ljós.
Á háum grasi vöxnum hól eða hæð.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 2

NÞ-003:012 *Lindin* lind vatnsból 66°04.689N 16°43.406V
„Uppspretta var í Bæjarlæk, neðan til. Hún nefndist Lindin. Í hana var matarvatnið sótt í bæinn," segir í örnefnaskrá. Lindin sprettur fram um 150 m norðaustur frá bænum (001) og rennur eftir stuttum farvegi í Stórá. Engar fornleifar er að sjá við lindina.
Votlendur grasmói.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 3

NÞ-003:013 heimild um þvottastað 66°04.720N 16°43.580V
„Austan til í Kaplatanga rennur Stuttilækur í Stórá. Rétt sunnan hans fellur nokkuð vatnsmikill lækur í Stórá. Hann nefnist Ullarlækur. Í honum var ullin þvegin hér áður," segir í örnefnaskrá. Ullarlækur er um 140 m vestnorðvestur frá Lindinni (013). Farvegur lækjarins er nokkuð djúpur og er ullarþvottastaðurinn á vesturbakka hans skömmu áður en lækurinn fellur í Stórá.
Grasi vaxinn stallur í annars háum lækjarbakka.
Dálitlar ójöfnur gefa til kynna hvar hlóðir voru við þvottastaðinn. Þetta er þó of óljóst til þess að hægt hafi verið að teikna eða mynda.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 3

NÞ-003:014 stífla sundlaug 66°04.677N 16°42.622V


NÞ-003:014 Horft til austurs

„Sund var lengi kennt í Litluá nærri upptökum en þar er áin um 14 gráðu heit. Fyrir 1950 var byggður þar skáli, lengi notaður við sundnámið," segir í Landi og fólki. Skálinn, sem er steinsteyptur, stendur enn á vesturbakka Litluár rétt norðvestan við félagsheimilið Skúlagarð og um 670 m austnorðaustur frá Krossdalsbænum (001). Enn kemur fyrir að menn dýfi sér í Litluá, þótt skálinn sé ekki lengur notaður.
Grasi vaxinn árbakki.
Áin rennur frá norðri til suðurs á stuttum kafla þar sem sundskálinn er og breiðir jafn-

framt nokkuð úr sér. Skammt sunnan við skálann beygir áin síðan skarpt til vesturs og er steypt stífla í henni á þeim stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Land og fólk, 266

NÞ-003:015 *Beinalágsvarða* varða 66°04.542N 16°42.449V



NÞ-003:015 Horft til norðurs

„Suður af félagsheimilinu er Beinalág. Þar fennti fé. Austan við hana er Beinalágsvarða," segir í örnefnaskrá. Beinalág er djúp, áberandi lægð suður af félagsheimilinu Skúlagarði, sem liggur austur-vestur. Beinalágsvarða er á áberandi hraungrýtishól, fast austan við hana. Á hraungrýtishól sem er umkringdur þýðum lyngmóa. Varðan er mikið til hrunin, en þó er það mikið eftir af henni að hún má teljast nokkuð áberandi. Hún er um 1x1 m að flatarmáli og mjókkar upp. Hæð vörðunnar er um 0,5 m og má sjá í henni 4 umför af grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 4

NÞ-003:016 *Tunga* bæjarstæði býli 66°04.624N 16°42.759V


NÞ-003:016 Horft til suð-vesturs

„Vestan Litluár taka svo þar næst við Efritungur. Syðst í þeim er eyðibýlið Tunga. Þar við bæjartætturnar er Stökkhylur í ánni," segir í örnefnaskrá. Segja má að rústir Tungu séu bæði vestan og norðan við Litluá, en áin beygir til vesturs á þessum stað eftir að hafa runnið nokkurn vegin í norður-
suður. Fjarlægð rústanna suðvestur frá sundskálanum við Litluá [014] er um 140 m.
Grasivaxinn og sléttur árbakki.
Tóftin er er um 16x7 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,5-0,7 m. Alveg er gróið yfir hleðslur. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Stærst er hólf sem liggur austnorðaustur-vestsuðvestur,




NÞ-003:016

um 14x2 m að stærð, með dyr við austsuðausturenda. Hin hólfin tvö sem eru umtalsvert minni, eru sambyggð suðvestur vegg stóra hólfsins vestsuðvestarlega og liggja þau bæði norðaustur-suðvestur. Austnorðaustara hólfið er um 4x3 m að stærð en hitt er um 5x3 m. Engin ummerki túngarðs eða útihúsa eru sjáanleg umhverfis rústir Tungu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5

NÞ-003:017 *Prammanef* heimild um uppsátur 66°04.672N 16°43.123V
„Á bakkanum við tætturnar af Tungu [016] er Prammanef. Þar var bátur geymdur, meðan vatn var í Stóra (þ.e. þegar Jökulsá rann í Stóra)," segir í örnefnaskrá. Að sögn heimildamanns er ekki rétt að Prammanef sé við bæjarrústirnar og telur hann líklegra að að það hafi verið þar sem Litlaá sameinast Stóra um 280 m vestsuðvestur af rústunum, þó sömu megin árinnar.
Sléttur grasi vaxinn árbakki.
Engar fornleifar er að sjá á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5

NÞ-003:018 *Höfðarétt* heimild um rétt 66°04.826N 16°42.608V
„Austan til í Tungunni er stór rétt, Höfðarétt, sem nú hefur verið aflögð," segir í örnefnaskrá. Tunga er flatt graslendi á milli Litluár og Stórár. Höfðarétt var í norðaustur „horni" Tungu, tæplega 400 m norður af rústum Tungubæjarins (016), þar sem nú stendur laxeldisstöð. Var þetta aðalsafnréttin fyrir Kelduneshrepp, en lagðist af um 1950. Laxeldisstöðin, sem er einn langur skáli, hefur nú hætt starfsemi og er skálinn nú notaður sem fjárhús. Fjarlægð austnorðaustur frá Krossdalsbænum er um 780 m.
Á grasi vaxinni tungu á milli tveggja áa.
Réttin, sem var úr torfi og grjóti, er nú í talsvert slæmu ásigkomulagi og eru einungis nokkrir veggir uppistandandi. Að sögn heimildamanns stendur laxeldisstöðin í réttinni og er ljóst að bygging hennar hefur valdið þó nokkrum spjöllum á henni. Sjá má greinilegar veggjaleifar á svæði sem er um 40 x 30 m að stærð. Austan við svæðið liggur svonefndur Tungugarður [019] og myndar hann í raun austurhlið réttarinnar. Má sjá leifar níu dilka sem byggðir eru untan í garðinn vestanverðan. Þar fyrir vestan má sjá óljósar veggjarleifar, en erfitt er að greina einstök hólf réttarinnar veggna þess rasks sem á svæðinu hefur orðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5

NÞ-003:019 *Tungugarður* örnefni 66°04.837N 16°42.560V
„Austan við réttina [018] heitir Tungugarður," segir í örnefnaskrá. Tungugarður myndar í raun austurhlið réttarinnar og má sjá leifar dilka sambyggðar honum, á um 100 m löngum kafla suður frá Stóra. Tunga er flatt graslendi á milli Stóruár og Litluár. Garðurinn virðist hafa girt af austasta hluta Tungu og nær hann á milli ánna.
Austan við garðinn eru grasi grónir hraunhólar en vestan við hann er flatt graslendi.
Heildarlengd leifa garðsins, sem liggur norður-suður, er um 180 m og er hann um 1 m að breidd við jörðu. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Garðurinn er alveg gróinn og því ekki hægt að segja til um það hvort hann er úr torfi eða grjóti, eða hvoru tveggja. Garðurinn myndar austurhlið svonefndrar Höfðaréttar (018) og má sjá leifar 9 dilka sem sambyggðir eru honum norðrlega að vestanverðu. Vegaslóði liggur í gegnum garðinn nálægt suðurenda hans. Tóft er einnig sambyggð honum að austanverðu, um 6 m norður frá suðurenda hans.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5



NÞ-003:020

NÞ-003:020 tóft óþekkt 66°04.745N 16°42.554V
Tóft er byggð utan í austanverðan Tungugarð (019) um 6 m norður frá suðurenda Smáþýfður grasmói.
Tóftin sem er einföld er úr torfi og grjóti, og er hún um 6 x 2,5 m að stærð. Hleðsluhæð er líklega mest um 0,5 m. Tóftin liggur norður-suður og eru dyr við norðausturhorn hennar. Vegslóði (sjá einnig 019) liggur frá aðalveginum niður á Tungu [sjá 018 og 019] austur-vestur, yfir garðinn, þétt sunnan við tóftina og er ekki loku fyrir það skotið að hún hafi náð eitthvað sunnar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



NÞ-003:020 Horft til suð-vesturs

NÞ-003:021 *Fjárhellir* hellir fjárskýli 66°04.308N 16°43.318V
Í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna frá 1839-1844, segir: „Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða- [NÞ-002:020-021], Undirveggjar- [NÞ-004:010], Hóls-[NÞ-022:030] og Krossdals [sjá einnig 022 og 023]. Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli.“ „Sunnan við þjóðveginn eru Krossadalshellar. Einn sérstakur hellir er nefndur Fjárhellir. Framan við hann, að sunnan, er eins og fylla hafi fallið niður úr hellisþakinu. Framan hennar heitir Lambahellir, en þar urðu vorlömbin gjarnar eftir af mæðrum sínum, þegar þær fóru inn í Fjárhellinn,“ segir í örnefnaskrá Krossdals (með Árdal). Krossdalshellar eru um 600 m suðaustur frá bæ (001). Söknarlýsingin bendir til þess að Fjárhellir eða hinir sem á svæðinu eru [sjá 022 og 023] hafi verið notaður sem fjárskýli. Heimildamaður mundi þó ekki eftir því að það hafi verið gert í hans tíð, en sagði það þó ekki vera ólíklegt þar sem þeir eru nokkuð miklir. Sagði hann að gjarnan mætti finna kindur í hellunum þegar heiðin er smöluð á haustin.
Uppgróið hraun.
Fjárhellir enn er talsvert mikill að sjá þótt nokkuð hafi safnast upp af taði í honum sem gerir það að verkum að lofthæðin er ekki sú sama og hún hefur upphaflega verið. Engin mannvirki er að sjá í hellinum.
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5; SSÞ, 209

NÞ-003:022 *Lambhellir* hellir fjárskýli 66°04.308N 16°43.318V
Í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna frá 1839-1844, segir: „Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða- [NÞ-002:020-021], Undirveggjar- [NÞ-004:010], Hóls-[NÞ-022:030] og Krossdals [sjá einnig 021 og 023]. Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli.“ „Sunnan við þjóðveginn eru Krossadalshellar. Einn sérstakur hellir er nefndur Fjárhellir. Framan við hann, að sunnan, er eins og fylla hafi fallið niður úr hellisþakinu. Framan hennar heitir lambahellir, en þar urðu vorlömbin gjarnar eftir af mæðrum sínum, þegar þær fóru inn í Fjárhellinn.“ segir í örnefnaskrá. Krossdalshellar eru um 600 m suðaustur frá bæ (001). Heimildamaður mundi ekki eftir því að hellarnir hafi verið markvisst notaðir sem fjárskýlim, en sagði það þó ekki vera ólíklegt þar sem þeir eru nokkuð miklir. Sagði hann að gjarnan mætti finna kindur í hellunum þegar heiðin er smöluð á haustin.
Uppgróið hraun.
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5

NÞ-003:023 *Dimmihellir* þjóðsaga 66°04.308N 16°43.318V
Í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna frá 1839-1844, segir: „Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða- [NÞ-002:020-021], Undirveggjar- [NÞ-004:010], Hóls-[NÞ-022:030] og Krossdals [sjá einnig 021 og 022]. Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli.“ „Út úr Fjárhelli [021] er Dimmihellir, sem enginn veit hve langur er eða mikill að fyrirferð. Ranghalar og kimar eru hér og þar út úr honum. Sagt er, að Dimmihellir liggi upp í eldhúsið í Reykjahlíð í Mývatnssveit (þangað liggja margar leiðir). Austur af þessum hellrum eru Hellishólar. Fyrir norðaustan þá er Stóravarða [024] sem er á merkjum móti Kelduneskoti. Suðaustur af henni eru Háuhraun og í þeim er Háuhraunavarða, einnig á merkjum. Í suðaustur af Háuhraunavörðu og Háuhraunum er Hellishryggur. Vestur af honum er Kristjánshola, kennd við Kristján Guðmundsson frá Sílalæk. Það var um 1890 að hann fór niður í Dimmahelli og ætlaði að rannsaka hann, - en var að villast neð-

anjarðar í þrjá sólarhringa (Sveinn hefur heyrt þrjú dægur), en fann þá loks þetta op og komst þar upp, langt suður í mó.“ segir í örnefnaskrá.
Uppgróið hraun
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 5-6

NÞ-003:024 *Stóravarða* varða landamerki
„Austur af þessum hellrum [021-023] eru Hellishólar. Fyrir norðaustan þá er Stóravarða, sem er á merkjum móti Kelduneskoti.“ segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Stóravarða er og mun lengi hafa verið deilt um staðsetningu hennar. Stóravarða fannst ekki við vettvangskönnun.
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 6

NÞ-003:025 *Háuhraunavarða* varða landamerki 66°04.209N 16°42.177V




NÞ-003:025 Horft til norð-vesturs

„Sunnan við þjóðveginn eru Krossdalshellrar [021-023]…Austur af þessum hellrum eru Hellishólar. Fyrir norðaustan þá er Stóravarða [024], sem er á merkjum móti Kelduneskoti. Suðaustur af henni eru Háuhraun og í þeim er Háuhraunavarða, einnig á merkjum,“ segir í örnefnaskrá. Háuhraun eru hraunhólarani sem liggur norðvestur-suðaustur og er varðan á suðausturenda þeirra. Fjarlægð suðaustur frá bæ er um 1,2 km.
Hraunhólarani umkringdur þýfðum lyngmóa. Hólarnir eru að mestu grónir. Varðan er um 1x1 m að flatarmáli og mjókkar upp. Hæð hennar er mest um 0,7 m og eru um 4-5 umför af grjóti.

Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 6

NÞ-003:026 *Krossdalsbeitarhús* heimild um beitarhús 66°03.178N 16°43.207V



NÞ-003:026

„Í Hásuður frá Krisjtánsholu [sjá 023] eru Fremrihellrar. Í Suðaustur af Fremrihellrum er Bugatagl … Syðst og austast í þeim er Bugadrangur, sem er á merkjum móti Kelduneskoti NÞ-020. Suðvestur af honum er Bugahóll. Vestan hans, nokkru lengra eru Krossdalsbeitarhús,“ segir í örnefnaskrá. Tóft Krossdalsbeitarhúsa er um 2,1 km suðsuðaustur af Krossdalshellum (021-023) og um 2,7 km suðaustur af bæ [001].
Tóftin er á holtarana sem er lyngi vaxinn að mestu og umkringdur lyngmóa. Að sögn heimildamanns festist aldrei snjór á þessum holtum, sem útskýrir staðsetningu beitarhúsanna.

Tóftin er einföld með garða eftir henni miðri endilangri. Liggur hún vestnorðvestu-austsuðaustur og eru dyr á aust-suð-austurenda. Stærð er um 16 x 5 m. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. Tóftin er hlaðin úr grjóti. Hleðslur standa nokkuð vel. Heimildamaður telur að miðað við stærð tóftarinnar þá hafi fjárhúsin rúmað um 100 fjár. Engin ummerki hlöðu eru sjáanleg við tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 6



NÞ-003:026 Horft til vest-norð-vesturs

NÞ-003:027 *Vörðuhóll* varða óþekkt 66°02.935N 16°43.300V
„Einstakur má heita beint í vestur af Hraungarðavörðu [klettur]. Þar á milli er Vörðuhóll og nokkru norðar eru Strýtuhólar," segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll er um 450 m suðvestur frá Krossdalsbeitarhúsum (026) og um 430 m suður af gjánni sem hleðslurnar eru í og skráð er sem 030.
Á hraunholti eða hóli sem er sá syðsti langri hólaröð. Hólarnir eru umkringdir stórþýfðum lyngmóa.
Á Vörðuhól er varða sem er um 1,3 m á hæð eða um sjö umför af grjóti. Varðan er um 1x1 m að flatarmáli og mjókkar upp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 7



NÞ-003:027 Horft til vest-norð-vesturs

NÞ-003:028 *Tófuvarða* varða óþekkt 66°03.947N 16°43.783V
„Svo er línan niður af honum [Grasklett] í Tófuvörðurhól. Á þeim hól er Tófuvarða, beint niður af Hellisdýsholti," segir í örnefnaskrá. Tófuvarða er um 260 m suður af Digruvörðu (029) og um 1,26 km SV af bæ (001).
Dálítill hóll á lyngivöxnu holti.
Varðan sem hlaðin er úr grjóti er að mestu hrunin. Hæð hennar er mest um 0,3 m og er hún um 0,5 x 0,5 m að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 8



NÞ-003:028 Horft til norðurs

NÞ-003:029 *Digravarða* varða 66°04.091N 16°43.784V



NÞ-003:029 Horft til norð-austurs

„Í norðaustur af Tófuvörðurhól er Digravarða," segir í örnefnaskrá. Digravarða er um 1km suðvestur frá bæ og sést þaðan ef vel er að gáð.

Flatt blásið hraunholt umkringt lyngmóa.

Varðan er um 1x1 m að flatarmáli og neðst og mjókkar upp. Hún er hlaðin úr hraungrýti. Hleðsluhæð hennar er um 1,6 m, c.a 15 umför af grjóti.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossdalur (með Árdal), 8

NÞ-003:030 hleðsla óþekkt 66°03.166N 16°43.371V



NÞ-003:030 Horft til austurs



NÞ-003:030

Gjá er um 130 m vestsuðvestur af Krossdalsbeitarhúsum (026) og eru í henni grjóthleðslur. Einnig er dálitil tóft um 4 m norðnorðaustur frá austurenda gjárinnar. Fjarlægð suður frá bæ (001) er um 2,7 km.

Grasi gróið holt umkringt þýfðum lyngmóa.

Gjáin er um 2 m á breidd og í heildina um 30 m löng. Liggur hún í nokkuð kröppum boga frá norðvestri til austurs. Í gjánni má sjá grjóthleðslur á tveim stöðum sem skipta henni í þrennt, en auk þess má greina hleðslur meðfram brúnum hennar. Hleðsluhæð veggjanna í gjánni sem og uppi á börmum hennar er líklega mest um 0,3 m en gjáin sjálf er um 1,6 m djúp þar sem hún er dýpst. Gjáin skiptist í tvær stuttar kvíslir við austurendann og hefur inngangur líklegast verið á syðri kvíslinni. Er mögulegt að Tóftin sem er norður af austurenda gjárinnar er um 2,5 x 2 m að stærð, snýr vestnorðvestur-austsuðaustur og er hún opin í austsuðausturendann. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m.


Hættumat: engin hætta

NÞ-003:031 *Hellisstígur* heimild um leið 66°03.860N 16°42.916V
„Í hásuður frá Kristjánsholu eru Fremrihellar. Vestur af þeim eru Hellisstígtholt og Hellisstígur, sem er gata að Eyvindarstöðum," segir í örnefnaskrá. Um 20m suður af Fremrihellum eru götur og má ætla að þær séu umræddar Hellisstígsgötur. Þær voru ekki skráðar á vettvengi en sjást greinilega af loftljósmynd. Liggur gatan frá Eyvindarstöðum til vesturs, vestan við Fremrihella klofnar hún til norðurs og norðvesturs. Má ætla að gatan sem liggur til norðurs liggi heim að Krossdal en sú sem stefnir til norðvestur liggi heim til Garðs NÞ-016.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Krossdalur, 6

NÞ-003:032 garðlag óþekkt
Garðlag sást af loftmynd um 100m vestan við bæ 001og um 130m suðvestan við þvottastað 013.
Garðlagið liggur í frekar sléttu túni.
Garðlagið er um 150m að lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Það hefur sennilega þjónað sem áveita þó að það sé ekki alveg öruggt.

Undirveggur, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,2 ha
Þar af slétt: 1/4
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir


0 50 100

metrar

NÞ-004 Undirveggur

1461: Í Ólafsmáldaga er minnst á bæinn Undirvegg sem eign Grenjaðarstaða. DI V, 280.
1525: Bæirnir Áveggur og Undirveggur nefndir í Sigurðarregistu undir Grenjaðarstaðakirkju. DI IX, 323. Meðal Hólastólsjarða 1550 - DI XI, 864. Undirveggur í reikningum Hólastóls 18. febrúar 1569. DI XV, 225.
1712 hafði jörðin verið í eyði frá í bólunni og dýrleiki óviss. Hólastólseign. Eyðihjáleigur eru Grímshús, Gerði og Hraungerði. JÁM, 291-292.
1805 segir að jörðin hafi verið lögð til Meiðavalla NÞ-023 JJ, 339. „Land jarðarinner er allstórt, nær suður að mörkum Ásheiðar, vestan frá Kerlingahól, austur að Merkiþúfu. Ásheiði sem er afréttarland Kelduneshrepps, liggur sunnan landa, einstakra jarða frá Eyjólfshæð austur að þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.“ Land og fólk, 296
1712: „Engjar aldeilis öngvar. Úthagarnir nægir.“ JÁM XI, 292. 1917: Tún 2,2, ha, þar af 1/4 sléttað. „Þarna er mjög þurrlent, mólendi vel gróið og vaxið birkiskógi á köflum og er hann að aukast. Landið er ágætt sauðaland og rúmt um þar sem engir bæir eru í næsta nágrenni …“ Land og fólk, 296

NÞ-004:001 *Undirveggur* bæjarhóll bústaður 66°01.304N 16°38.307V



NÞ-004:001

Bæjarhóllinn er um 55-60m austan við klettabelti sem kallað er í daglegu máli veggur og dregur bærinn nafn sitt frá þessum vegg og staðsetningunni af því að bærinn stendur undir veggnum, Er það vani í Kelduhverfi að tala um gjáveggina bara sem veggi. En svo haldið sé áfram með bæjarhólinn þá er hann um 250m vestan við íbúðarhús sem byggt var 1952. Jörðin er er farinn í eyði en er brúkaður sem sumardvalastaður, er hann er merktur á vegakort og er afleggjari að bænum út frá vegi F862. Um jörðina lá fjölfarin leið ferðamanna sem voru annað hvort að fara til Húsavíkur eða að koma þaðan. Lá leið þessara ferðalanga um Bláskógarveg NÞ-016:063 en hann liggur yfir Reykjaheiði. Bæjarhóllinn stendur nálægt klettabelti í jaðri sléttaðs túns.


NÞ-004:001 Horft til norð-austurs

Í grein sem birtist í Tímanum 1977 og bar heitið „Byggt og búið í gamla daga“ eftir Ingólf Davíðsson segir: „Bærinn var torfbær, baðstofan var úr timbri, með járnþaki þiljur buguðu inn undan tróði er var úr torfi í lofti svo sá í torfið. Innan við baðstofu var lítið eldhús, með torfgólfi, þar sést reykháfur. Inn af því var torfbúr, lítið þil var við vegg í eldhúsi er setið var við að matast var sett seinna. … Fleiri kofar voru í þorpinu, svo sem eldhús með hlóðum, þar eldað slátur og reykt kjöt, taðkofi, fjós, fjárhús, hesthús og kúahlaða, og sér á timburstafn hennar til vinstri bakvið.“ Enn má

sjá ummerki eftir bæjarhúsin sem getið er hér að ofan og er hleðsluhæð á veggjum um 170cm og víða sést í steinhleðslur. Sjálfur bæjarhóllinn er um 34m á lengd og um 30m á breidd, snýr norður og suður með framhlið til austurs, er tóftin hólnum miðjum og er hún um 23x17m að stærð. Tóftin er 9 hólf sem í þessari umræðu verða gefin bókstafir til auðveldunar á umfjöllun. Fjögur hólf eru austast og fremst í tóftinni, syðst er 9x3m og snýr austur og vestur, er op á því til austurs á austurveggnum við norðausturhornið. Norðan við hólf a er hólf b sem er 5x7m að stærð er stórt op á því til austurs og annað til vestur inn í hólf c sem er 3x3m að stærð. Norðan við hólf b er hólf d sem er 4x3m að stærð og snýr austur og vestur, norðan við það er hólf g 3x3m að stærð, var ekkert op sjáanlegt á hólfum d og g. Beint vestan við hólf d er hólf f, það er 4x3m að stærð eins og hólf d og snýr eins. Norðan við f er steyptur sexhyrningur um 4m að þvermáli sem eru væntanlega leifar eftir súrheysturn, sunnan við hólf f er djúp hola um 1,5x1,5m að stærð. Norðaustan við hólf c er hólf i sem er steyptur ferhyrningur um 3x2m að stærð og er með öllu óljóst hvað hlutverki hann gegndi. Sunnan við hólf i og vestan við hólf a er hólf j sem er 6x3m að stærð og snýr norður og suður. Er norður hliðin mjög aflíðandi en hleðslur eru sýnilegar í suður hliðinni, hleðslur eru einnig sjáanlegar í hólfum a, c, b, f og g. Enn má sjá hvar strompurnn stóð því hann stendur enn að hluta en hefur brotnað og er í þremur hlutum. Er hann í beggnum sem skilur að hof b og c.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Undirveggur, 1; Ingólfur Davíðsson: „Byggt og búið í gamla daga“

NÞ-004:002 *Grímshús* bæjarstæði býli

Í Jarðarbók Árna og Páls 1712 segir: „Gríms Hus kallast eyðihjáleiga í vellinum. Bygð fyrir vel 40 árum um fáein ár, en hvörki áður nje síðan, verður og ekki aftur bygð fyrir heyskaparleysi.“ Staðsetning er mjög óljós því snemma hefur verið búið að slétta úr tóftunum og man enginn nákvæma staðsetningu á húsunum en það er þó talið að bærinn hafi staðið í suðurjaðri túns á Undirvegg og sunnan við Gerði (004:003).


Staðurinn er núna slétt tún.

„Heima við tún á Undirvegg. Staður óþekktur,“ segir í Landi og fólki. Ekkert sér lengur til minja á þessum slóðum og er staðsetning óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 292; Land og fólk, 323

NÞ-004:003 Gerði




NÞ-004:003 *Gerði* bæjarstæði býli

66°01.061N 16°38.331V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Gierde kallast fornt eyðiból skamt suður frá jörðunni, og eru þar bygg-íngamerki tóftarústa og girðínga, en ekki hefur þar búið verið í manna minni eður þeirra feðra. Aftur má hjer

byggja sakir túnstæðis sem nokkurn veginn er sæmilegt, en ekki sakir útheyjaleysis.“ „Bær með þessu nafni var skammt sunnan við Undirvegg austan undir veggnum og annar nokkurn spöl vestur af bæ á Ingveldarstöðum,“ segir í Landi og fólki. Gerði er tóftasvæði sem er inn í hringlaga vallargarði 50-60m austan megin við vegginn og um 500m suðvestan við íbúðarhús byggt 1952. Tóftirnar eru fimm talsins og eru þær allar innan túngarðs og alls eru því minjarnar sex. Hver fornleif fær sér umfjöllun og eru þær aðgreindar með bókstöfum frá a-f.

Tóftasvæðið er svolítilli hæð og liggur túngarðurinn umhverfis kollinn á hæðinni en tóftirnar eru síðan svo til efst á hæðinni og í suðurhlíð hennar, hæðin er þýfð og lyngi vaxin.



NÞ-004:003a


Tóft A er norðan til í hringlaga túngarði og er öll grasi gróin er innra byrði mjög skýrt en ytra byrði frekar ógreinilegt og sumstaðar mótar bara rétt fyrir ójöfnu sem gefur til kynna veggjaþykkt.

Tóftin er um 17x8m að stærð og snýr norður og suður, eru veggirnir um 2m á breidd og um 40cm á hæð. Tóftin skiptist í fjögur hólf, er stærsta hólfið, hólf a fyrir miðri tóft og er um 5x4m að innanmáli, hólf b er er sunnan við hólf a og er 2,5x3m að innanmáli. Hólf c og d eru norðan við hólf a, liggja samhliða og eru bæði 1x2m að stærð. Ekki reyndist mögulegt að greina nokkrar dyr á tóftinni hvorki milli hólfa né á útvegg en að austanverðu milli hólfs a og hólf d er eins metra breitt og tveggja metra langt innskot og kannski hefur inngangurinn verið þar.


NÞ-004:003a Horft til norðurs

Túngarður B er ekki í ræktuðu landi en þó svo til alveg í túninu á Undirvegg.

Vallargarðurinn er greinilegur, um 50cm hár og um 1,5m á breidd og afmarkar svæði sem er 100x115m að stærð, landið er eilítið sporöskjulaga og snýr norður og suður. Hann er vaxinn lyngi og grasi, lítið sem ekkert rof er í honum og hann er ekki hlaupinn í þúfur, á tveim stöðum má sjá reiðgötur liggja í gegnum garðinn. Allar tóftirnar eru innan vallargarðsins og ekkert gerði er byggt upp við túngarðinn.



NÞ-004:003C


NÞ-004:003c Horft til norðurs

Gerði C er í lyngivöxnum móa og liggur í brekku sem snýr til suðurs.
Gerðið er 22x22m að utanmáli og eru veggirnir um einn metra að þykkt en hleðsluhæð mun vera um 30cm. Veggir eru grónir grasi og lyngi og eru brúnir gerðisins frekar skarpar. Innan gerðisins er all stór laut sem tekur mest allt svæðið innan garðlagsins og er lautin vaxin lyngi og fjalldrapa.
Tóft D er í þýfðum lyngi vöxnum móa, mikið vöxnum fjalldrapa. Tóftin liggur í brekku sem snýr til suðausturs.



NÞ-004:003D Horft til suð-austurs




NÞ-004:003D

Tóftin sem er frekar ógreinileg er um 11x8m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, er hleðsluhæðin um 20sm og mun tóftin vera um þrjú hólf.Stærsta hólfið, hólf a virðist hafa „L“ lag og liggur það meðfram öllum norðurgaflinum og allri vesturhliðinni. Tvö hólf eru svo í suðausturhluta tóftarinnar, hvort upp af öðru. Það nyðra hólf b er 3x4m að stærð og snýr eins og tóftin en hólf c sem er alveg við suðurgaflinn er 3x1m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Ekki var hægt að greina dyr með neinu öryggi, hvorki milli hólfa né á útveggjum. Þykkt veggja er um einn metri og eru þeir allir grónir grasi.
Tóft E er í lyngi vöxnum móa. Tóftin er öll í smærra lagi, hún er einföld og um 4x3m að stærð, snýr vestur og austur og eru veggirnir ekki nema um 20cm breiðir og 15 cm háir. Öll er tóftin grasi vaxin þó að hún sé umkringd þýfðum móa. Ekki var hægt að greina neinar dyr á henni en austan megin í henni er aflöng þúfa samsíða austurgaflinum tæplega er um vegg að ræða.



NÞ-004:003E Horft til austurs




NÞ-004:003E

Þúst F er eiginlega dæld eða hola því hún hefur eiginlega ekkert ytra byrði en aftur á móti skýrt innra byrði og gæti því verið niðurgrafin. Tóftin er líkust því að vera gróin ferhyrnd hola sem er um 70cm djúp og um 4x2m að innanmáli, ytramál er 4x5m því að það virðist móta fyrir smá veggbungu að norðanverðu og mögulega einnig að vestan- og austanverðu. Ytri mörk suðurgaflsins eru aftur á móti með öllu
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM Xi, 292; Land og fólk, 323




NÞ-004:003F Horft til norðurs




NÞ-004:003F

NÞ-004:004 *Hraungerði* tóftir+garðlag býli 65°59.992N 16°38.073V



NÞ-004:004A Horft til norð-austurs




NÞ-004:004A


Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Hraungierde heitir fornt eyðibýl sunnarlega í þessrar jarðar landi, og atla menn að þetta hafi stór jörð verið, hvað menn draga af þeim miklu girðíngur og tóftarrústum sem hjer eru framar en á öðru eyðibýli. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er viðið vaxið.“ „Alllangt sunnan við Undirvegg,“ segir í Landi og fólki. „Hraungerði. Það er í suðaustur frá Undirvegg, alllangt fram í heiðinni. Er það austan við gjávegg þann, sem bærinn Undirveggur dregur nafn af. Mótar fyrir túngirðingu stórri, en túnið er allt víði vaxið (rauðv[íð-ir], gráv[íðir]). Tættur sjást þar engar vegna viðarins. Úr gjáveggnum, alllangt utan við Hraun-gerðisgirðinguna, liggur girðing austur og suður fyrir Hraungerði og þar vestur í gjávegginn aftur,“ segir í örnefnaskrá um eyðibýli. „Þar fyrir sunnan þær [Ytri-Þverbrekkur] og sunnan Bæjarhúsin [001] er eyðibýlið Hraungerði. Það er suðaustur frá Undirvegg, um 15 mínútna gang (þ.e. frá bæ). Frammi í heiðinni, austan við gjávegg þann, sem Undirveggur dregur nafn af, mótar fyrir stórri túngirðingu en túnið er allt víðivaxið, grávíði og rauðvíði. Tættur sjást þar nú engar vegna viðarins, …“ segir í örnefnaskrá. Hraungerði er um 2,5km suður af íbúðarhúsi á Undirvegg sem reist var 1952. Að Hraungerði má komast á bíl og liggur túngarðurinn á Hraun-gerði í fyrstunni vestan til við vegarslóðann en síðan liggur slóðinn í gegnum vallargarðinn og

NÞ-004:004 Hraungerði


er þá þétt austan við hann og samsíða honum á kafla.
Landið er kjarri vaxið mólendi og mjög stórþýft. Eru birki og víðihríslur orðnar all hávaxnar.
Hraungerði er tóftasvæði sem samanstendur af þrem tóftum, einu gerði og túngarði sem afmarkar svæði sem er 600x260m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Í umfjölluninni hér að neðan verður öllum fornleifum gefinn bókstafur frá A - E til aðgreiningar. Engin af þeim tóftum sem hér eru skráðar eru líklegar til að vera íverustaðir manna en sökum mikils trjágróðurs var mjög erfitt að átta sig á svæðinu. Þegar býlið var skoðað á loftmynd sást einhver ójafna í kjarrgróðrinum sem ekki var skráð á vettvangi gæti verið tóft en hvort það gæti hafa verið bústaður er alveg óvíst. Fjallað verður um þessa þúst sem fornleif F. Tóft A hefur líklega verið útihús. Hún er 15m vestan við vegarslóða sem liggur í gegnum túngarð B, um 120m sunnan við gerði E og um 90m norðnorðaustan við tóft C. Tóftin er 25x20m að stærð, hún er tvískipt og liggur í vinkil, er eitt hólf í hvorum enda. Hólf a er 14x2m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, tvö op eru á því, annað vestast á suðvesturvegg en hitt er á suðausturgaflinum. Síðarnefnda opið liggur að hólfi b í gegnum um 3m löng göng og gegnt því er annað op sem er syðst á suðausturvegg hólfs b. Hólf b er 14x3m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur og eru þrjú op á því. Þegar hefur tveimur verið lýst en það þriðja er nyrst á suðvesturvegg. Tóftin er öll á kafi í kjarrgróðri. Ytri brún veggja er mjög óljóst og hvergi hærri en 20-30cm, en innri brún er skýrari, þar er vegghæðin um 80cm. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum. Túngarður B afmarkar svæði sem er 600x250m og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki reyndist unnt að fylgja garðinum fullkomlega




á jörðu niðri sökum trjágróðurs sem hafði tekið sér bólfestu í og við garðinn að vestanverðu. Hann mátt hins vegar ágætlega greina á þessum kafla af loftmynd. Þar sem garðlagið er sem best er það um 70-80 cm á hæð og um 2m á breidd, í því sjást engar grjóthleðslur.
Tóft C hefur líklega verið útihús. Hún er 85m suðsuðvestan við tóft A og um 40m norðnorðaustan við stórt gerði sem er sambyggt túngarði B. Tóftin er á lágri hæðarbungu. Hún er 10x6m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hún er einföld og er 7x3m að innanmáli, öll á kafi í kjarrgróðri. Vegghleðslur eru um 1,5-2m á breidd og um 70cm á hæð , ekki sjást neinar grjóthleðslur. Tóft D hefur líklega verið útihús. Hún er 70m norðnorðvestur af tóft A og 60m suðsuðvestur af gerði E. Hún er 7x7m að stærð, einföld og ágætlega skýr þegar komið er að henni, annars er hún á kafi í kjarrgróðri og fellur vel í umhverfi sitt. Innra byrði veggja hennar er skýrara en það




NÞ-004:004C


NÞ-004:004D Horft til austurs



NÞ-004:004D

ytra. Vegghleðslur signar og rúnaðar og um 2m á breidd og um 60cm á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum. Gerði E er áfast túngarðinum nyrst við norðausturhornið, um 60m norðnorðaustur af tóft D. Gerðið afmarkar svæði sem er 19x17m að stærð og snýr norður suður. Hleðslur eru mjög signar og rúnaðar, þær eru um 150cm á breidd og um 60cm á hæð, ekki sér í neinar grjóthleðslur. Hóll eða stór þúst er innan gerðisins. Þúst F fannst við yfirferð loftmynda um 135m vestur af tóft A og um 110m sunnan við norðurhlið túngarðs B. Hún var ekki rannsökuð sérstaklega á vettvangi og því er ekki hægt að lýsa henni frekar.


NÞ-004:004E

Gerði G er 132m suðvestan við tóft A og um 40m suðvestan við tóft C, það er aflangt og er byggt við innanverðan suðausturvegg túngarðsins. Það afmarkar svæði sem er 130x50m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Gerði H er áfast innanverðum túngarðinum alveg syðst um 190m suðaustan við gerði G og afmarkar það svæði sem er 70x100m að stærð, snýr það í norðaustur-suðvestur. Innan þessa gerðis er hólf við suðausturhliðina sem er 40x30m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Frá túngarði B liggur garðlag svo til beint til norðurs og er það rúmlega 1 km langt. Þar beygir það til vesturs upp að gjávegg sem þar er. Þetta garðlag hefur sennilega girt


af landamerki býlisins. .Svæðið sem þessi garður afmarkar ásamt syðrimörkum túngarðsins er 0,5x1,7 km. Eins og sést á þessum tölum er um að ræða mjög stórt svæði. Það liggur meðfram gjávegg sem er vestan við garðinn og snýr landið í norður-suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 292; Land og fólk, 324; Ö-Fjögur eyðibýli, 1; Ö-Undirveggur, 3

NÞ-004:005 heimild um hesthús
„Suðaustur af gamla bænum í túninu, var hesthús og austur af því húsatættur, sem hvorttveggja er horfið.“ segir í örnefnaskrá
Í sléttuðu túni.
Ekki sér til fornleifar og staðsetning ókunn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Undirveggur, 1

NÞ-004:006 heimild
„Suðaustur af gamla bænum í túninu, var hesthús og austur af því húsatættur, sem hvorttveggja er horfið.“ segir í örnefnaskrá
Í sléttuðu túni.
Ekki sér til fornleifar og staðsetning ókunn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Undirveggur, 1

NÞ-004:007 *Stekkur* tóft stekkur 66°01.035N 16°38.435V


NÞ-004:007 Horft til suðausturs




NÞ-004:007

„Norður af nöfinni [austur af Sjónahól], fyrir neðan Vegg, er Stekkur,“ segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 580-600m suðvestan við íbúðarhús sem byggt var 1952 og um 100m suðvestan við Gerði 004:003a en einungis um 50m vestan við túngarð 004:003b. Stekkurinn er mjög nálægt gjávegg sem er venjulega talað um sem vegg en um 10m eru milli veggjar og stekks.
Stekkurinn er undir klettabelti í þýfðum lyngivöxnum móa.
Stekkurinn er um 10x16mm að stærð og eru hleðslur um 60cm háar. Tóftin er eitt hólf og á henni er op sem vísar til norðurs. Stekkurinn er byggður upp að klett sem myndar vesturhliðina. Stekkurinn er allur grasi gróinn en umkringdur lyngivöxnum móa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Undirveggur, 2

NÞ-004:008 tóft stekkur 66°00.790N 16°38.525V




NÞ-004:008 Horft til austurs



NÞ-004:008

Alveg upp við klettavegginn, rétt um 950-1km suður af bæjarhól 004:001 er stekkur, hann er um 520-530m suðsuðvestan við Gerði 003 og rúma 500m suðvestan við hella sem notaðir hafa verið sem fjárskýli 004:010. Túngirðing kennd við Hraungerði 004:004 er um 10m sunnar en stekkurinn.
Tóftin er alveg upp við klettavegg í landi sem hallar til austurs og er nálægt vallargarði. Tóftin er grasi vaxin en umhverfis hana er mikill lyngmói og því sést tóftin frekar vel.
Stekkurinn er egglaga eða sporöskjlaga og skiptist í tvö hólf, hann liggur í austur og vestur. Stekkurinn er 10x6m að stærð og er hleðsluhæð um 30 cm. Eystra hólfið er 4x3m að stærð og sást ekkert op á því en vestara hólfið er tæplega 4x4m að stærð og er op á því til vesturs. Frá vesturgaflinum í framhaldi af opinu liggur grjóthleðsla til vesturs upp að kletti. Brött hæð er þétt norðvestan við tóftina og myndar hún ásamt klettinum og grjóthleðslunni afmarkað rými við vesturenda tóftarinnar, nokkurs konar kró sem er 7x4m að stærð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-004:009 *Gamlivegur* gata leið 64°58.617N 16°40.394V
„Sunnan þeirra [Skógarhóla] er götustígur, er nefnist Gamlivegur," segir í örnefnaskrá. Gamlivegur er austan við Kerlingu (004:011) og Kerlingarhól (004:012) en vestan við vegarslóða sem liggur meðfram gjávegg sem nefndur er veggur í daglegu tali. Gamli vegur er hluti af gangnamannaslóð sem liggur meðfram veggnum og svo upp á hann.
Slóðin er ekki mjög greinileg og liggur í gegnum þýft svæði sem er mikið gróið kjarri. Slóðin er meira áberandi sunnar og nær afréttinum þar sem trjágróður er minni.



NÞ-004:009 Horft til suðurs

Gamlivegur er einföld slóð og ekki sérlega áberandi, landið sem hann liggur um er frekar grýtt en slétt og því frekar greiðlega farið þótt slóðanum sé ekki fylgt út í hörgul. Þetta er leið sem var farin á afrétt, einkum í smalamennsku.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Undirveggur, 4

NÞ-004:010 hellir fjárskýli 66°00.976N 16°37.986V



NÞ-004:010 Horft til suð-austurs

„Hellrar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða (NÞ-002:020, NÞ-002:021), -Undirveggjar-, Hóls (NÞ-022:030)- og Krossdals (NÞ-003:021, NÞ-003:022). Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli," segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslu. Fjárskýlið er um 500m sunnar en bæjarhóll 004:001 og vestan megin við vegarslóða sem liggur suður og norður meðfram túninu á Undirvegg og 80-100m austsuðaustur af Gerði 004:003a.

Hraunhellirinn er í þýfðum lyngmóa en lítið svæði næst opinu sjálfu er grasivaxið og rétt vestan við hann í um það bil 5m fjarlægð er grasivaxin laut. Vestan við þessa laut er girðing sem girðir heimatúnið af á Undirvegg.

Opið er um 4m langt og 1 m breitt og liggur í norðvestur og suðaustur. Sjálfur er hellirinn ekki mjög stór, sennilega eitthvað um 1m lofthæð þar sem hún er mest í miðjunni og gólfið gæti verið um 5x5m að flatarmáli. Við opið eru 3 þrep sem gætu hafa verið hlaðin og liggja niður í skýlið að öðru leyti er ekki um neinar hleðslur eða annað manngert í hellinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSÞ, 209

NÞ-004:011 *Kerling* þjóðsaga tröllabústaður 65°58.597N 16°40.643V



NÞ-004:011 Horft til norð-austurs

„Þar norðar er svo Ytra-Hall og norðan þess eru merkin móti nýbýlinu Lyngási, sem fékk land, bæði frá Ingveldarstöðum (NÞ-002) og Hóli (NÞ-022). Svo um vörðu [NÞ-002:019] vestur í Karl (NÞ-002:026) eða Einbúa, sem fyrr var getið móti Undirvegg." „Sögn er, að Karl sé steinrunninn tröllkarl, en tröllahjón bjuggu í svonefndum Kerlingahól (NÞ-004:012), suður af Undirvegg. Þetta voru náttröll." segir í örnefnaskrá. Kerling er 30-40m suðaustan við Kerlingarhól en um 5-5,5km suður af bæjarhól (004:001).

Kerlingin er hraundrangi sem er á afréttarsvæði sem einkennist af lyngmóa og hraunbreiðum. Svæðið er ekki jafn þýft og skógi vaxið og landið að norðan og nær bæ 004:001 en þó eru hér birkikjarr á víð og dreif.

„Eitt sinn ætluðu þau að gera sér dagamun, og fór karlinn þá með poka sinn og sótti Oddagerðisbónda í hann, en Kerla fór að sækja vatn. Ekki var karl kominn lengra en í Ásenda, þegar sól rann og varð hann þar að steini og liggur Oddagerðisbóndinn þar fastur hjá poka sínum. Ekki komst kerling heldur alveg alla leið, því þegar hún var komin upp í miðjan Kerlingarhól örskammt frá hellinum, leit hún við til að fá að bónda sínum. Rann þá dagur í austri og varð hún þá að steini og stendur þar enn með vatnsföturnar sér við hlið," segir í örnefnaskrá

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 2, 5-6

NÞ-004:012 *Kerlingarhóll* þjóðsaga tröll 65°58.553N 16°40.725V



NÞ-004:012 Horft til austurs

„Þar norðar er svo Ytra-Hall og norðan þess eru merkin móti nýbýlinu Lyngási, sem fékk land, bæði frá Ingveldarstöðum og Hóli. Svo um vörðu [NÞ-002:019] vestur í Karl (NÞ-002:026) eða Einbúa, sem fyrr var getið móti Undirvegg.“ „Sögn er, að Karl sé steinrunninn tröllkarl, en tröllahjón bjuggu í svonefndum Kerlingahól, suður af Undirvegg. Þetta voru nátttröll.“ segir í örnefnaskrá. Kerlingarhóll er um 1200m frá vegarslóða sem liggur samsíða gjávegg sem venjulega er kallaður veggur og um 100m suðvestan við Kerlingu 004:011. Kerlingarhóll er á afréttarsvæði sem einkennist af lyngmóa og hraunbreiðum. Svæðið er ekki jafn þýft og skógi vaxið og landið að norðan og nær bæ 004:001 en þó eru hér birkikjarr á víð og dreif.

„Eitt sinn ætluðu þau að gera sér dagamun, og fór karlinn þá með poka sinn og sótti Oddagerðisbónda í hann, en Kerla fór að sækja vatn. Ekki var karl kominn lengra en í Ásenda, þegar sól rann og varð hann þar að steini og liggur Oddagerðisbóndinn þar fastur hjá poka sínum. Ekki komst kerling heldur alveg alla leið, því þegar hún var komin upp í miðjan Kerlingarhól örskammt frá hellinum, leit hún við til að fá að bónda sínum. Rann þá dagur í austri og varð hún þá að steini og stendur þar enn með vatnsföturnar sér við hlið,“ segir í örnefnaskrá. Kerlingarhóll er nokkuð áberandi hraunhóll á frekar beru landi og í honum er stór og djúpur hellir sem gengur þverhnýptur niður í jörðina. Muni hellisins er því á þaki hans sem gerir allt aðgengi ómögulegt nema með sigreipi. Muninn snýr til vesturs og er um 5-6m langur, virðist sem aðrir hellar gangi út frá þessum fremsta. Hugsanlega er þetta lítil gosrás.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ingveldarstaðir, 2, 5-6

NÞ-004:013 garðlag óþekkt66°01.188N 16°38.257V



NÞ-004:013 Horft til austurs

Garðlag er um 200m sunnan við bæ 001 og um 200 norðan við Gerði 003, það á upphaf sitt alveg við hamravegg sem liggur norður-suður vestan við bæ, er um 220m langt og liggur til austurs.

Í jaðri túns.

Garðlagið er greinilegt, um 1-1,5m á breidd og um 40cm á hæð. Það liggur í austur-vestur og er um 220m langt, vestur endi þess liggur að klettavegg sem er vestan við bæinn og hefur stefnuna norður-suður. Garðlagið er allt grasi vaxið og ekki sást í hleðslugrjót, helst má ætla að þetta geti verið leifar af túngarði.


Hættumat: engin hætta

NÞ-004:014 tóft óþekkt 66°01.254N 16°38.306V

50m sunnan við bæjarhól 001 og 100m vestur af íbúðarhúsi sem reist var 1952 er tóft í túni og er hlutverk hennar óþekkt.



NÞ-004:014 Horft til vesturs




NÞ-004:014

Tóftin er í sléttu túni sem er ekki lengur slegið reglulega, mikill arfi í innanverðri tóftinni.
Tóftin er einföld og „U“ laga, snýr gaflinn til vesturs en opið til austurs og er hún 7x6m að stærð. Mikið rof er komið í tóftina sem er væntanlega sökum ágangs sauðfjár og er norðurveggurinn svo til alveg að hverfa. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 50cm og er suðurveggur tóftarinnar heilllegastur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-004:015 tóft óþekkt 66°01.301N 16°38.369V



NÞ-004:015 Horft til norð-austurs




NÞ-004:016

Um það bil 50m vestur af bæjarhól 004:001 og er
tóft, er hún nálægt gjávegg sem venjulega er vitnað til sem veggsins, og um 25m sunnan við tóft 004:017.
Tóftin er í jaðri túns og allnærri klettavegg sem gengur alltaf undir nafninu veggurinn eins og aðrar svipaðar náttúrumyndanir á þessu svæði.
Tóftin er lítil og einföld, um 5x4m að stærð og er hleðsluhæð um 40cm, hefur verið notast við náttúrulegar aðstæður við að auðvelda smíði hennar en hún er byggð upp að brattri brekku sem myndar vesturvegg tóftarinnar. Veggir tóftarinnar eru frekar pasturslitlir og einkennast helst af grjóti frekar en af torfi, stór steinn hefur mögulega verið við innganginn sem snýr til suðurs. Ekki verður greint nema eitt umfar og virðast veggirnir hafa verið einföld röð grjóts.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-004:016 tóft fjárhús 66°01.344N 16°38.329V



NÞ-004:016 Horft til austurs




NÞ-004:016

Í 50-60m fjarlægð norður af bæjarhól 004:001 er tóft, dokk ber á milli bæjarhóls 004:001 og tóftar sem er reist á nokkurri hæð.
Tóftin er á hæð í jaðri túns og 20m austan við gjávegg sem venjulega er getið sem veggsins.
Tóftin er um 14x12m að stærð og er hleðsluhæð veggja um 1m, veggir eru misbreiðir og er norðurveggurinn og gaflinn til vesturs þykkastir eða um 2-3m. Tóftin liggur í austur og vestur og liggja tveir hlaðnir garðar langsum eftir innanverðri tóftinni, steyptar hellur eru ofan á görðunum. Á austurenda syðri garðans er steyptur rammi sem sennilega hefur verið fjárbað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-004:017 tóft útihús 66°01.317N 16°38.353V
Yst í túni, um það bil 6m austan við gjávegg sem venjulega er fjallað um sem vegginn og um 300m vestan við íbúðarhús sem var reist 1952 eru tvær litlar samtengdar tóftir. þær eru um 50m suðaustan við bæjarhól 004:001 og 40m sunnan við fjárhús 004:016.
Tóftinar eru í túni sem er ekki lengur slegið.
Tóftirnar tvær eru báðar einfaldar og liggur lítill bogadreginn rani á milli þeirra, báðar eru tóftirnar um 2x3m að stærð að utanmáli en allt svæðið, ásamt rananum sem er á milli er um 12x8m, hleðsluhæð er um 40 cm. Syðri tóftin er mun skýrari en nyrðri tóftin og má sjá grjót í vesturgafli hennar og einnig má greina op sem snýr til austurs. Nyrðri tóftin er svo til útflött og raninn á milli þeirra svo til líka. Þær snúa ekki eins, sú syðri snýr í austur og vestur en sú nyrðri í suðaustur og norðvestur og á milli þeirra eru um 5m og myndar raninn á milli þeirra eins og litla kró.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




NÞ-004:017b Horft til austurs



NÞ-004:017

NÞ-004:018 tóft óþekkt 66°00.785N 16°38.542V
Um 20m austan við klettavegginn og um 950-1km suður af bæjarhól 004:001 er tóft. Hún er rúma 500m suðsuðvestan við Gerði 004:003 og suðvestan við hella sem notaðir hafa verið sem fjárskýli 004:010 í um 530 - 540m fjarlægð. Vallargarður kenndur við Hraungerði 004:004 er um 10m sunnar og stekkur 004:008 er um 15m norðaustan megin við tóftina.
Tóftin er nálægt klettavegg í landi sem hallar til austurs, birkitré sem vaxa út úr hlíðinni vestan við tóftina slúta yfir hana.



NÞ-004:018


NÞ-004:018a Horft til suðurs


Tóftin er frekar ferhyrnd og skiptist í tvö hólf, vestan við tóftina er brekka sem í vaxa birkitré sem þrengja að tóftinni en grasið sem er svo til einungis í botni tóftarinnar virðist vera farið að víkja fyrir lyng- og trjágróðri. Tóftin er 6x3m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð er um 15 cm. Nyrðra hólfið er 2x2m að stærð en það syðra er 1x1m að stærð, er op á milli hólfanna en var hægt að sjá neinar dyr á tóftinni sjálfri. Ekki sér í grjóthleðslur enda veggir svo til útflattir.
Hættumat: engin hætta

NÞ-004:019 tóft+garðlag óþekkt
66°01.188N 16°38.257V
Þétt utan við tún á Undirvegg, um 490-500m austan við íbúðarhús byggt 1952 og um 600m vestan við Hlíðargerði NÞ-002:012 sáust garðlög á loftljósmynd sem eru að öllum líkindum túngarðar. Ekki er hægt að segja til um hvort minjasvæðið sé eftir árstíðabundinn búskap eða ekki en alla vega er það nokkuð stórt og þá virðist sem þetta minjasvæði sé alveg óþekkt.
Tóftasvæðið er í frekar stórþýfðum móa en hlut þess hefur að öllum líkindum verið sléttaður undir tún.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 400x250m að stærð og snýr norður-suður. Þétt suðvestan við þetta minjasvæði er slétt tún og hverfa garðlögin að vestan og sunnan undir þetta tún og því hefur hluti af þessu tóftasvæði verið sléttaður, þá liggur einnig vegurinn heim að Undirvegg í gegnum minjasvæðið. Miðsvæðis á norðurhlið túngarðsins má greina fjögur gerði, það vestasta gerði I afmarkar svæði sem er 50x20m og snýr það vestur-austur. Austan við gerði I er gerði II

og afmarkar það svæði sem er 50x40m að stærð og snýr það einnig vestur-austur. Gerði III er austan við gerði II og afmarkar það svæði sem er 40x20m og snýr norður-suður. Austasta gerðið, gerði IV afmarkar svæði sem er 50x30 og snýr það vestur-austur. Öll þessi gerði liggja hlið við hlið og eru svo til kassalaga nema gerði III sem hefur hálfgert dropalag. Gegnum IV gerðið liggur vegarslóði sem klífur norður- og suðurveggi þess. Frá gerði III liggur garðlag að suðurhlið túngarðsins og myndar það gerði á móti austur hliðinni sem er 160x120m að stærð, annan samsvarandi garðlag liggur frá gerði I en það hverfur undir tún. Eina tóft má geina á loftljósmyndinni og er hún 30m sunnan við gerði II. Hún virðist vera um 12x8m að stærð og snúa norður-suður. Sennilega leynast þarna fleiri tóftir en því miður var staðurinn ekki skráður á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-004:020 tóft+garðlag óþekkt


Á loftljósmynd má sjá að upp á veggnum, þ.e.a.s. á gjáveggnum sem gamli bæjarhóllinn 001 á Undirvegg stóð undir, er tvöfaldur túngarður og tóft. Er þetta minjasvæði um 550m vestan við Íbúðarhúsið á Undirvegg byggt 1952 og um 650m norðnorðvestan við Gerði 003. Bláskógarvegur liggur í gegnum þetta tóftasvæði og reyndar báða túngarðana.
Stórþýfður mói.
Minjasvæðið sem sást af loftljósmyndinni virðist samanstanda af tveim túngaörðum og þrem tóftum.
Eins og áður sagði eru túngarðarnir tveir, sá ytri afmarkar svæði sem er 160x150m að stærð og snýr það svo til í norður-suður en sá innri afmarkar svæði sem er 50x35m að stærð og snýr einnig norður-suður. Endar ytri túngarðsins ná ekki saman, þeir liggja að sprungu sem er suðvestan við minjasvæðið og hefur hún þjónað sem aðhald í stað garðs. Sprungan hefur stefnuna norður-suður og liggur norðvesturhlið ytri túngarðsins að norðurenda þessarar sprungu en þar virðist sprungan enda. Suðurhlið ytri túngarðsins liggur að þessari sprungu 50m sunnar. Innri túngarðurinn er norðarlega innan ytri túngarðsins og virðist tóft, hér nefnd A vera fast upp við norðvesturhorn hans en einnig má hugsanleg greina tvær tóftir utan hans. Önnur þeirra, hér nefnd B, er þétt utan við suðvestur horn innri túngarðsins en hin, hér nefnd C, sunnarlega við austurhlið innri túngarðsins. Frá austurhlið ytri túngarðsins liggur garðlag til austsuðausturs. Það er um 170m langt og alveg þráðbeint, vantar einungis 30m uppá að það nái að gjáveggnum sem Undirveggur 001 stendur við.



NÞ-004:020

Tóveggur, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,9 ha
Þar af slétttt: 1/2
Stærðmatjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-005 Tóveggur

1712: „Jarðadýrleiki óviss, því þetta kot hefur ekki tíundast so menn viti, og er óvíst hvort þetta býli er forn lögbýlisjörð eður eikki, samt hefur það so verið haldið í manna minni.“ Áskirkjueign. Árið 1712 er Tóveggjastekkur [NÞ-005:005] eyðibýli. JÁM, 294-295.

„Maríugerði . Norðaustur frá Tóvegg, nú komið undir tún [Einhver misskilningur hefur átt sér stað hjá riturum Lands og fólks með staðsetningu Maríugerðis því sú lýsing á við um staðsetningu á Sjónarhólsgerði NÞ-005:006].“ Landi og fólki, 324. 14. júlí 1531: „Jón biskup á Hólum selr Þorsteini bónda Finnbogasyni kaupahlutann í jörðunni Ási í Öxarfirði og jarðirnar Tóvegg og Haga […].“ DI IX, 593.

1712: „Engjatak á kotið takmarkað út á samdninum í Áslandi, sem kallast Botnateigar, og er þángað lángur engjavegur, það er og mjög votókt og ilt að vinna.“ JÁM XI, 295. 1917: Tún 1,9 ha þar af 1/2 sléttað. „Hér er gott beitiland fyrir sauðfé, mest lyngmóar, en einnig talsvert skógi vaxið, einkum austantil. Griphagar eru lélegir eins og víðar í uppsveit og engi eða önnur hlunnindi á jörðin ekki. Gjáhætta er mikil og vatnsból ekkert nema í Tóveggjargjánni.“ Land og fólk, 304

NÞ-005:001 *Tóveggur* bæjarhóll bústaður 6601.463N 1634.694V

„Norðvestur af núverandi húsi var gamall torfbær, sem nú er með öllu horfinn. Hann stóð á hól u.þ.b. 25 m norðvestur af núverandi húsi. Byggt var timburhús árið 1911 [002] það stóð örfáa metra suðvestur af núverandi íbúðarhúsi,“ segir í örnefnaskrá. Gamli bæjarhóllinn er um 50 m norðnorðvestan við íbúðarhúsið á Tóvegg (byggt 1951, steinhús, hæð og ris en engin kjallari). Eftir að síðasta bænum var rutt út var byggt útihús á gamla bæjarhólnum og er það merkt sem slíkt á túnakorti frá 1917. Timburhúsið sem þá var íbúðarhús (byggt 1911) var þá utan túns.



NÞ-005:001 Horft til suðurs

Hóllinn er í túni og eru vinnuvélar geymdar á honum auk þess sem þar er einnig skýli fyrir búpening.

Bæjarhóllinn er svo til hringlaga 30x30m að stærð. Upphleðsla hans er líklega um 1 m en mörk náttúrulegs hóls og uppsöfnunnar eru þó nokkuð óljós. Enn má sjá dældir í bæjarhólinn þar sem hús hafa staðið. Nú er öll vitneskja um húsaskipan glötuð. Sunnan við bæjarhólinn var djúp hvilt sem núna er búið að fylla upp í og jafna út, í samræmi við slétt túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Tóveggur, 1-2



NÞ-005:002 Horft til norðurs

NÞ-005:002 heimild um bústað
6601.426N 1634.681V

Þegar túnakortið frá 1918 var teiknað var búið að velja bænum á Tóvegg nýtt bæjarstæði (um eldri bæ sjá 001). Nýr bær var byggður árið 1911 um 70m sunnan við eldri bær 001. Íbúð-

arhúsið sem er merkt er inn á túnakort frá 1918 er þetta hús sem stóð allt til 1951. Það var um 20 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Tóvegg (byggt 1951).
Bæjarstæðið er í túni þétt vestan við heimreiðina sem liggur að íbúðarhúsi byggðu 1951.
Ekkert sér til minja nema dældir þar sem húsin stóðu og ekki hefur uppsöfnun átt sér stað því bærinn stóð aðeins um stutt skeið á þessum stað eða 1911-1951. Bærinn hefur verið byggður á klöpp sem enn má sjá að kíkir upp úr sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-005:003 Horft til vesturs


NÞ-005:004 Horft til suðurs



NÞ-005:005 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-005:003 heimild um útihús 6601.452N 1634.734V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 70 m norðvestur af bæjarstæði 002 en um 40m suðvestur af bæjarhól 001.
Í túni sem er frekar hæðótt.
Ekkert sér til minja en á sama stað mun standa yngri fjárhús og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-005:004 heimild um útihús 6601.520N 1634.696V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 180 m norðnorðvestur af bæjarstæði 002 og rúma 100m norðan við bæjarhól 001.
Í sléttuðu túni sem er nokkuð hæðótt.
Ekkert sér til minja nema grunn dæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-005:005 *Tóveggjarstekkur* tóftir+garðlag býli 6601.108N 1634.338V Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Toveggiasteckur heitir stekkjarstæði kotsins hjer í landinu og halda menn að bar hafi í fyrndinni bygt verið, eftir sem líklegt sýnist af fornum garðalögum og tóftarústum. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, þó er túnstæðið ræktandi.“ „Suðaustur úr túni eru grónir móar og smádokkir, sem ná að allhárri hæð, er nefnist Steinás. Suðvestur af ásnum er stekkur, Tóveggjarstekkur.“ segir í örnefnaskrá. „Tóveggjastekkur. Suður af Tóvegg, syðst í skógi,“ segir í Land og fólki. Tóveggjastekkur er tóftasvæði um 700 m suðsuðaustan við gamla bæjarhólinn 001.Túngarður Tóveggjastekks er um 600 m norðvestan við Ingjaldsstaði.
Þýfður lyng vaxinn mói.
Á Tóveggjastekk sjást nú fjórar tóftir og tún-

NÞ-005:005 Tóveggjarstekkur




garður umhverfis, ná leifarnar yfir svæði sem er um 140x120m að stærð. Hverri tóft er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Eftir að búskapur lagðist af á þessu býli hefur verið byggður upp stekkur innan túngarðsins og er hér fjallað um hann sem fornleif E. Hann er mun unglegri en aðrar tóftir innan tóftasvæðisins, hann er þó nokkuð upphlaðinn og er líklegt að stekkurinn hafi verið byggður í tóftum eldra útihúss.


Tóft A er miðsvæðis innan túngarðs B og um 80 m norðvestan við sprungu sem afmarkar túnið til suðausturs. Tóftin sem er á hól og stendur frekar hátt, er áberandi og má áætla um bæjarhól og bæjartóft sé að ræða. Hóllinn er allur lyngivaxinn en einnig er nokkuð um víðihríslur. Tóftin er 21x11m að stærð og snýr hún svo til alveg norður-suður. Hún skiptist í 4 hólf sem liggja svo til



NÞ-005:005a



NÞ-005:005c



NÞ-005:005d

öll í einni röð. Það syðsta er 4x3m að stærð og er op á því fyrir miðjum gafli til suðurs, fyrir norðan það er hólf sem er 3x3m að innanmáli og er ekki hægt að greina augljóst op á því. Hólfið sem er norðan við það er 6x5m að innanmáli og er það „L“-laga, er opið á því nokkuð stórt og vísar til austurs en nyrsta hólfið sem er 4x3m að innanmáli er lítið eitt vestan við hólfaröðina og virðist ekki hafa haft neinn norðurgafl. Tóftin er öll á kafi í lyngi og ytrabyrði hennar sunnan til frekar óljóst.

Túngarður B liggur umhverfis Tóveggjarstekk og afmarkar svæði sem er 140x120m stórt. Vegurinn að Dettifossi sem jafnan er kallaður Svínadalsvegur liggur að hluta í gegnum túngarðinn (að vestan) en að austanverðu liggur túngarðurinn að klettasprungu sem afmarkar túnið að austanverðu. Túngarðurinn liggur um þýfðan lyng móa sem er einnig nokkuð vaxinn víðihríslum. Túngarðurinn er mjög siginn og stundum ógreinilegur og sökum þess hve gróinn lyngi og víði hann er var ekki hægt að greina neinar grjóthleðslur í honum. Endar ná ekki saman heldur liggja þeir að sprungu að suðaustanverðu og því liggur túngarðurinn í U. Á loftmynd má sjá að lítið gerði er innan túngarðsins sem afmarkar svæði sem er 75x50m að stærð og snýr norður-suður.


Tóft C er 20 m norðan við bæjartóft A og 25 m suðaustan við tóft D. Hún er í þýfðum lyngi



NÞ-005:005c Horft til norð-austurs



NÞ-005:005d Horft til norð-norð-austurs



NÞ-005:005e

vöxnum móa. Tóftin er 10x8m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hún virðist vera tvískipt. Nyrðra hólfið er 4x4m að innanmáli en það syðra er 2x3m. Op er á milli hólfanna og einnig á útvegg nyrðra hólfsins til vesturs fyrir miðri tóft. Ytri mörk tóftarinnar að norðan verðu eru mjög óljós því þar er tóftin alveg á kafi í kjarrgróðri en aftur á móti er syðri hlutinn vaxinn grasi. Hleðsluhæð veggja er um 40cm en breidd þeirra er 1-2 m.

Tóft D er 40 m norðvestan við bæjartóft A, 25m norðvestan við tóft C og um 30m austan við Svínadalsveg. Tóftin er í kjarri vöxnu mólendi og ber lítið á henni. Tóftin er 11x6m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hún er einföld og virðist sem garði liggi eftir henni endilangri og hefur hún því líklega verið fjárhús. Innrabyrði er skýrara en ytra byrði og er suðurgaflinn greinilegri en norðurendinn og kann tóftin að hafa verið að hluta niðurgrafin. Veggir eru um 70cm á hæð en um 2m breiðir, op er á báðum langveggjum fyrir miðri tóft.

Tóft E er 40 m suðsuðvestan við bæjartóft A, 80 m beint austur af tóft D og 10-15m austur af túngarðinum B sem liggur umhverfis tóftasvæðið. Tóftin er í þýfðum lyngi vöxnum móa og er hér um stekk að ræða. Stekkurinn er sem er 7x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur og er hann mun unglegri en aðrar tóftir á svæðinu því allur grasivaxin meðan aðrar tóftir eru vaxnar lyngi. Veggir stekksins eru þó nokkuð þýfðir og óreglulegir. Nokkur upphleðsla virðist þó vera undir tóftinni og er uppsöfnunin mest 2m, að vestan. Vegghleðslur tóftar eru um 50cm.


NÞ-005:005e Horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM XI, 295; Ö-Tóveggur, 3


NÞ-005:006 *Sjónarhólsgerði* heimild um býli 6601.655N 1633.993V


NÞ-005:006 Horft til suðurs

„Suður af henni [Hádegisþúfu] er Sjónarhóll, á honum ber hæst séð heim frá bæ. Suður frá honum er eyðibýlið Sjónarhólsgerði (ekki nefnt 1712). Sjónarhólsgerði er nú (1973) komið í tún, en austan heimatúns hefur nú verið ræktað feikimikið tún," segir í örnefnaskrá. Staðsetningin er frekar óljós en þegar staðið er á Sjónarhól og hort til suðurs má sjá hólmynd í sléttu túninu, um 100 m suður frá Sjónarhól. Hann er iðagrænn og má sjá votta fyrir dældum í kolli hans. Sjónarhólsgerði hefur samkvæmt þessu verið 650 m norðaustan við gamla bæjarhólinn 001 og um 1 km vestan við Hrærekssstaði NÞ-023:017. Í Landi og fólki er getið um Maríugerði sem á að vera

í norðaustur frá Tóvegg og komið undir tún. Þetta er hins vegar misskilningur og er átt við Sjónarhólsgerði.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til minja nema óljósar dældir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Tóveggur, 2 ; Land og fólk, 324

NÞ-005:007 tóft útihús 6601.534N 1634.722V




NÞ-005:007


NÞ-005:007 Horft til norðurs

Tóft er um 130m norðnorðvestan við bæjarhól 001 og um 30m vestan við útihús 004.
Tóftin er jaðri túns, all nærri bjargbrún.
Tóftin er 14x4m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Hún hefur verið niðurgrafin og ekki er lengur hægt að greina ytra byrði veggja. Tóftin er tvískipt er syðra hólfið um 4x2m að innanmáli en það nyrðra um 11x4m. Í nyrðra hólfinu er 4 m löng rás eða grunn gryfja og fyrir norðurendanum er stór steinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tófti hefur gengt en hún er í heimatúninu og hefur því líklegast verið útihús af einhverri gerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-005:008 hús fjárhús 6601.353N 1634.643V



NÞ-005:008


NÞ-005:008 Horft til norðurs

Fjárhús úr torfi, grjóti og timbri standa enn í túni á Tóvegg. Þau eru um 150m sunnan við íbúðarhús á Tóvegg (byggt 1951), um 200m suðsuðvestan við bæjarhól 001 og um 500m norðnorðvestan við Tóveggjarstekk 005.

Fjárhúsin eru í jaðri túns og liggur vegurinn að Undirvegg NÞ-004 milli túns og fjárhúsanna. Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti og frekar vel hlaðið, þó munu vegghleðslur vara farnar að síga. Húsið sem er 7x6m að stærð og eru vegghleðslur um 80cm á hæð, má telja um 4 umför af hleðslugrjóti í þeim. Á veggjum hvílir bárujárnsþak og að austanverðu er timburgafl. Í húsinu er garði úr timbri og hefur það því verið fjárhús. Húsið er utan heimatúns og kemur því ekki fram á túnakorti og er aldur þess ekki þekktur af skrásetjara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-005:009 heimild um traðir 6601.427N 1634.707V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir frá suðri til norðurs rétt vestan við bæjarstæði 002 og rétt austan við bæjarhól 001. Þær eru nú (2007)) komnar undir tún og sést lítið af þeim og staðsetning óljós.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-005:010 tóft+garðlag býli/sel 6559.973N 1635.183V
Tóft með garðlagi umhverfis er um 500m suðaustan við Víðigerði NÞ-002:016 og 550-600m norðvestan við Arndísarstaði 023:028. Tóftin er austan við vegslóða sem liggur norður-suður að sprungu sem er austanmegin við rústirnar. Þessar rústir eru óþekktar úr heimildum og fundust eftir að vettvangsskráningu lauk, við yfirferð loftmynda. Hér er sennilega um sel eða lítið býli að ræða, þetta er þó sennilega ekki Skjaldastaðir NÞ-002:006 því þar á ekki að hafa verið túngirðing.
Tóftasvæðið er í heiðarlandi.
Tóftasvæðið samanstendur af túngarði sem afmarkar svæði sem er 150x140m að stærð. Endar túngarðsins ná ekki saman en liggja að sprungu sem hefur stefnuna norðnorðaustur-suðsuðvestur og afmarkar hún svæðið að austanverðu. Innan túngarðsins hefur a.m.k. tóft en vel má vera að þær séu fleiri. Tóftin sem sést af loftmynd virðist vera um 25x10m að stærð og snúa norðnorðvestur-
suðusðaustur.
Hættumat: engin hætta

NÞ-005:011 varða óþekkt 6600.199N 1635.469V


NÞ-005:011 Horft til vesturs

Varða er um 220m austan við Víðigerði NÞ-002:016, 470-480m norðnorðvestan við tóft 010 og um 1,9km suðsuðvestur af Tóveggjarstekk 005.
Á beru melholti í frekar hæðóttum lyngvöxnum móa.
Varðan er 1x1m að stærð, 4-5 umför og er hlaðin um lítinn stuðladrang sem trónir upp úr grjóthleðslunni og mun varðan vera um 80cm á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi varða hefur gegnt.
Hættumat: engin hætta


NÞ-005:012 garðlag landamerki 66°00.356N 16°35.334V
Langt garðlag sem líklega hefur verið landamerkjagarður er á milli Víðigerðis NÞ-002:016 og tóftasvæðis 010, er suðurendi þess endar á garðlagi 013 um 100m austnorðaustan við Vörðuás 002:017. Norðurendi þess er um 900m sunnan við Tóvegg 001. Garðlagið er samtals um 2,3 km að lengd.
Liggur um stórþýft land.
Garðlagið er 2,3 km að lengd. Hluta garðsins var fylgt eftir á jörðu niðri en hluti þess var rakinn á loftmynd. Garðlagið er frekar óljóst og fellur inn í umhverfi sitt en sést þó ágætlega þegar komið er að því. Þar sem garðlagið var gengið er það 40-50 cm á hæð og 2,5-3 m á breidd. Syðst liggur garðlagið að öðru garðlagi 013 sem er um 400 m langt og liggur þvert á það. Tvö lítil garðlög liggja frá þessu garðlagi til vesturs nálægt Víðigerði. Það syðra, garðlag A er um 280m suðaustan við Víðigerði og er um 70m langt, garðlag B sem er um 100m beint vestur af Víðigerði er tæplega 100m langt. Bæði liggja þessi garðlög að sprungu sem er samsíða langa garðlaginu og sem liggur austan við Víðigerði. Túngarðurinn á Tjalvörðugerði 002:023 liggur einnig að þessari sömu sprungu.
Hættumat: engin hætta

NÞ-005:013 garðlag óþekkt
Garðlag sást af loftmynd um 680m suðsuðaustan við Víðigerði NÞ-002:016 og um 50m norðan við Vörðuás NÞ-002:017. Þetta garðlag liggur þvert á garðlag 012 sem virðist enda við þetta garðlag.
Liggur um mólendi.
Garðlagið var ekki skoðað á vettvangi en það virðist vara um 430m langt. Vesturendi þess er við sömu sprungu og Tjaldvörðugerði NÞ-002:016 liggur að, þaðan liggur það til austurs yfir sprungu sem er 200m austar en sú sem fyrr var líst og svo virðist það líka fara yfir aðra sprungu sem er 160m austar en sú í miðið. Þar kemur lítil beygja á garðlagið til suðausturs í um 20m en þá fjarar það út. Frá þessu garðlagi liggur garðlag 012 til norðurs, koma þau saman 90-100m austan við vesturenda 013.

NÞ-005:014 garðlag óþekkt
Garðlag sást á loftmynd sem er um 680m norðaustan við bæ 001 og um 50m norðan við þann stað sem Sjónarhólsgerði 006 er talið hafa staðið.
Í frekar sléttu mólendi.
Garðurinn er um 170m langur og er svo til alveg beinn, snýr hann í norður-suður. Liggur syðri endi hans þétt að túni sem hefur verið sléttað og er það sama túnið og þar sem Sjónarhólsgerði að hafa staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Byrgi, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,8 ha
Þar af slétt: 1,0 ha
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-006 Byrgi

20 hdr 1712. Munnmæli þá um að jörðin hafi að fornu verið kirkjujörð frá Ási en er í bænda-eign 1712. JÁM XI, 297. Í örnefnaskrá segir að jörðin hafi verið fyrrum þriðjungur úr Áslandi þegar Byrgissel var hluti landsins en það er nú í landi Þórunnarsels NÞ-001:001. Ö-Ásbyrgi, 1 1296: Byrgis í Kelduhverfi er getið í Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs DI II, bls 305, 310, 314, 320 og 427. 1318: Máldagi Áskirkju: „adur Halldor for vr Ase gaf hann kyrckiunne Botnateyg og halfa alptaveidur. þad er fylgtt hefur Byrgis lande. og annann Teyg skafrofa.“ DI II, 428-429. 1394: „Pétrsmáldagar […] Gardskyrckia […] Gardsmenn eiga Beyt j Byrgis land.“ DI III, 585.
8.1.1442: „Jörðin Byrgi … liggr j kellduhuerfi j asþingum“. DI IV, 624.
26.8.1470: „Vitnisburður Halls prests Árnasonar um rekamörk milli Skóga og Byrgis í Öxarfirði.“ DI V, 576.
Í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld er minnst á bæinn Byrgi 22. júlí 1632 og 26. september 1660. Jarðabréf, 223 og 243.
Byrgissel hjáleiga í byggð 1712 þá talin helmingur jarðarinnar. JÁM XI, 297.
1712: Engi jarðarinnar liggur út á sandinum nærri fjórða part þingmannaleiðar frá, og er það engi með Byrgisseli, sem og liggur undir jörðina, talinn helmingur hennar. Þetta engi er nokkuð votsókt og þessi völlur enginn. Úthagarnir bjarglegir. Túninu spillir sandfok og sprettur því lítt, en ekkert er ennþá út honum gengið.“ JÁM XI, 297. 1917: Tún 1,8 ha, 9/10 sléttað.

NÞ-006:001 *Byrgi* bæjarhóll bústaður 60°01.752N 16°29.064V

Gamla bæjarstæðið í Byrgi er 200m sunnan við þjóðveg nr. 86 og um 50m austnorðaustan við núverandi íbúðarhús sem var byggt 1930. Byrgi er nyrst austan við Eyjuna í Asbyrgi þar sem hún fjarar út til norðurs.
Bæjarstæðið er í túni og hefur verið sléttað.
Bæjarstæðið hefur verið sléttað og finnst lítið eða ekkert fyrir ójöfnum, hugsanlega mætti sjá dældir ef hóllinn væri sleginn. Bæjarstæðið gæti verið um það bil 30x20m að stærð og á lengdina hefur það sennilega snúið austur og vestur. Erfitt er að segja nokkuð um upphleðslu, eru mörkin milli náttúrulegs hóls og upphleðslu bæjarhóls mjög ógreinileg en upphleðslan gæti þó verið um 30-40cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


NÞ-006:001 Horft til norð-vesturs

NÞ-006:002 tóft útihús
66°01.699N 16°28.966V

Um 120-130m suðaustur af 006:001 og um 150m suðaustur frá íbúðarhúsi frá 1930 er tóft af útihúsi og sést það á túnakorti frá 1917.
Í jaðri túns sem er slegið og undir klettavegg sem liggur meðfram jörðinni. Tóftin er öll á kafi í grasi.
Tóftin virðist bara vera eitt hólf sem er þröngt


NÞ-006:002 Horft til norð-vesturs

og aflangt og ekki nema 2x6m að innanmáli. Sjálf tóftin er um 9x4m að utanmáli og hleðsluhæð um 30sm. Tóftin snýr í norðaustur og suðvestur, ekki reyndist unnt að sjá móta fyrir dyrum og ekki sást í neitt grjót. Ytrabyrði norðvestur veggsins er ógreinilegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-006:003 heimild
„Gömul munnmæli segja að fremst í eyjabjarginu hafi átt áður að sjást járnhringur sem nú er ekki sjáanlegur.“ segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslu. Eyjan er þverhnípt klettabjarg sem gengur inn í Ásbyrgi er hæst syðst en lækkar eftir því sem norðar dregur. Syðst á Eyjunni er sjónskífa og mun járnhringur átt að hafa verið einhverstaðar þar fremst og syðst í bjarginu ekki er vitað hvar hann nákvæmlega mun hafa verið né til hvers hann var brúkaður.
Ekki sér til fornleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÞ, 213


NÞ-006:004 garðlag túngarður 66°01.776N 16°28.064V



NÞ-006:004 Horft til suðurs

Leifar túngarðs á Byrgi sjást á tveimur stöðum annarsvegar um 220m austnorðaustan við bæjarstæði 006:001 og hinsvegar um 250m sunnan við sama bæjarstæði en hann mun nú vera að mestu leiti sléttaður og það eina sem sést eru endarnir næst bjarginu.
Í jaðri túns nálægt klettavegg.
Túngarðsbrotið sem er austnorðaustan við gamla bæjarstæðið er um 50m langur en sá sem er sunnan við bæjaqrstæðið 006:001 er um 60m langur. Túngarðurinn á Byrgi hefur að öllum líkindum ekki náð endum saman heldur hafa endarnir verið látnir ganga upp að klettaveggnum sitt hveru megin við bæarstæðið 006:001. Þeir liggja báðir til norðvesturs, er syðri garðurinn hlaðinn úr stórgrýti sem er næstum orðið bert en það er frekar líklegt að garðurinn hafi verið hlaðinn með torfi yfir grjótið. Syðra túngarðsbrotið virðist hafa verið meira úr torfi þó en gera ná ráð fyrir því að einnig sé grjóthleðsla í honum en hann liggur út í mýri og hverfur þar. Garðarnir eru ekki neitt sérlega breiðir um 1m breiðir og um 50 cm háir. Það að ekki skuli sjást meira eftir af görðunum er sennilega hvoru tvegga það að úr honum hefur verið sléttað og síðan liggur hann ofan í mýri að norðan verðu og er hann þar sennilega að hluta sokkinn. Milli endanna eru tæpir 400 metrar en ekki er unnt að greina hversu breitt svæðið hefur verið sem túngarðurinn afmarkaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-006:005 Eyjasel




NÞ-006:005 *Eyjasel* bæjarstæði býli 66°01.773N 16°30.417V

„Í miðju Bjarginu er Eyja, þar er klettabrík allmikil, hóftunga, hún skiptir Byrginu í Austurbyrgi og Vesturbyrgi. Nyrzt á eyjunni er Eyjasel, gamalt eyðibýli eða frekar fjárhústóftir," segir í örnefnaskrá. Eyjasel er vestan til á eyjunni og er um það bil 1km svo til beint vestur af íbúðarhúsi á Byrgi byggðu 1930, það er um 200m sunnan við veg nr. 85 og um 400m norðar en varða sem er á eyjunni miðri.

Tóftin er í þýfðum móa og hallar landið lítið eitt til norðurs.

Tóftasvæði er vestan til á bjargi sem kallast Eyja, lanið er slétt en frekar þýft og virðist ekki vera brúkað og því það er vel vaxið grasi og öðrum gróðri. Hallar landið lítið eitt til norðurs. Á Eyjaseli er að finna túngarð og þrjár tóftir og eitt lítið garðlag. Fornleifarnar á Eyjaseli eru fjórar talsins og fær hver fornleif sinn bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er eina tóftin innan túngarðsins því hin er byggð við túngarðinn. Tóftin er aflöng og snýr göflum til norðurs og suðurs, er um



NÞ-006:005a


14x6m að stærð. Ytra byrði tóftarinnar sem er um 15 cm á hæð er ekki eins skýrt og innra byrðið sem nær því að vera allt að 80sm sem gæti gefið til kynna að tóftin sé eitthvað niðurgrafin. Tóftin er tvískipt nyrðra hólfið er 2x1,5m að stærð og það syðra um 7x2m að stærð. Ekki var hægt að greina dyr á tóftinni né op milli hólfa, nyrst í syðra hólfinu mátti þó sjá ummerki um garða, um 2,5m langan.Tóftin er öll mikið gróin og er ekkert rof í henni, hún er í lyngi vöxnum móa og er lyng gróðurinn einnig búinn að koma sér fyrir á veggjum tóftarinnar en í botni tóftarinnar er eingöngu gras.

Túngarður B er á Eyjaseli og liggur hann umhverfis tóft NÞ-006:005. Hann afmarkar 100x70m stórt svæði vestan til á eyjunni og er um það bil 1km svo til beint vestur af íbúðarhúsi á Byrgi byggðu 1930, það er um 200m sunnan við veg nr. 85 og um 400m norðar en varða sem er miðja vegu á eyjunni.

Endar túngarðsins ná ekki saman heldur liggja þeir að bjargbrún norðvestan og suðvestan við tóft NÞ-006:005 garðurinn liggur


NÞ-006:005a Horft til norðurs


NÞ-006:005c Horft til norðurs




NÞ-006:005c

þannig í hálfhring og lokar bjargbrúnin túngarðinum að vestan. Túngarðurinn er um 1m á breidd og um 60 cm á hæð, hann er mikið gróinn lyngi og fellur ágætlega inn í umhverfi sitt þó að vel megi nú samt sjá hann. Hann er í þýfðum móa og hallar landið lítið eitt til norðurs.

Tóft C er um 50m norðvestan við tóft 005a og áfast vallargarði B. Tóftin er í þýfðum móa og hallar landið lítið eitt til norðurs er hún öll lyngi vaxin en helst er að gras sé að finna í botni hennar, hvergi er komið rof í hana.

Tóftin er aflangt um 8x10m að utanmáli en 8x4m að innanmáli og er bara eitt hólf. Hún snýr norður og suður og myndar túngarðurinn norðurgaflinn á henni en hún er við innanverðan túngarðinn. Hvergi er hægt að sjá dyr á henni, eru hleðslur töluvert signar en hleðsluhæð er um 20 cm en veggbreidd um 2m.



NÞ-006:005D




NÞ-006:005D Horft til austurs

Tóft D er um 10-15m suðaustan við tóft A og er áföst túngarði B innanverðum. Tóftin er í þýfðum móa og hallar landið lítið eitt til norðurs.
Öll er tóftin lyngi vaxin, helst að gras sé að finna í botni tóftarinnar.
Tóftin er 6x8m að utanmáli og 4x2m að innanmáli, hleðsluhæðin er ekki mikið meira er 20 cm og veggþykkt um 2m, eru veggir signir og rúnnaðir. Ytrabyrði er óljósara en innrabyrðið sem er skírara og gæti gefið til kynna að tóftin hafi verið grafin niður að einhverju leiti. Veggir eru allir lyngi vaxnir og ekki sér fyrir dyrum en botninn er vaxinn grasi.
Garðlag E liggur í móanum um 60m norðan við túngarðinn á Eyjaseli. Það hefur stefnuna suðvestur og norðaustur, liggur frá sömu brún og afmarkar túnið á Eyjaseli og að þjóðvegi 86. Það liggur um frekar sléttan móa, er um 1,5m að breidd og um 30cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásbyrgi, 1

NÞ-006:006
Tvö garðlög sáust á loftljósmynd um 1,1km suðsuðvestan við bæ 001, liggja þau frá eystri hlið Eyjunnar til austurs að veggnum sem myndar Ásbyrgi. Eru garðlögin um 380m löng.
Garðlögin liggja um slétt land á milli tveggja hárra klettaveggja.
Garðlögin tvö liggja samsíða milli hárra kletta eins og áður sagði, þau eru um 380m á lengd og eru aðeins um 30m á milli þeirra. Þeim svipar mjög til annara garðlaga NÞ-023:015 sem eru vestan við Eyjuna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Bangastaðir, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,4 ha
Þar af slétt: 2/9
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar


NÞ-007 Bangastaðir

5 hdr. 1840, óviss 1712. Hólastólsjörð. 1712: Þessi jörð er í fyrstunni partur af Fjöllum, en heldst og hefur haldist í lánga tíma jörð út af fyrir sig, er þó óúrskift til lands og sjóar nema að túni og engjum einasta.“ JÁM XI, 274. „Bangastaðir, vestasti bær í Norður-Þingeyjarsýslu, stendur um 1 km sunnan við landamerki sýslunnar - Engidalsgjá - við norðurenda vatns, er dregur nafn sitt af bænum. Suð-vestan við vatnið er hátt fjall og bratt með klettabeltum efst, er heitir Bangastaðafjall. Þetta er fremur lítil jörð, en á þó dálítið land, en það liggur hátt og er eingöngu fjalllendi með gróðurlausum grjótmelum, en milli þeirra eru grösugir móar og grónar hlíðar. Er þar gott beitiland fyrir sauðfé og geitur, bæði vetur og sumar. Sumarhagar gripnir eru þar litlir.“ LNÞ, 27. „Merki eru að norðan talin vera í Knarrarbrekkutanga, en þeir á Máná töldu land sitt nokkru lengra austur … Jörðin er í eyði nú um sinn [frá 1953].“ Ö-Bangastaðir, 1 „Bangastaðir stóðu á norðurbakka samnefnds vatns norðarlega á Tjörnestanganum austanverðum. Þarna er víðlent og góðir hagar fyrir fé en litlar engjar og því lélegur heyskapur.“ Land og fólk, 316 „Bangarstaðir (Bangastaðir). Bangar- mun réttara en Banga- af kvennmannsnafninu Böng, …“ Árbók 1923, 86.

2,4 ha. 1917. 1712: „Túninu spillir leir, sem vatn ber á það í leysíngum til skaða. Engjar eru litlar í fjallinu og spretta lítt fyrir fannlögum og verður ekki varið fyrir búfje, því þar er í sjálfu beitilandinu. Úthagarnir eru bjarglegir, en því fá ábúendur sumarhaga af Máná að það liggur nær.“ JÁM XI, 275. Túnið lítið og þýft. „Engi er þar eigi annað en lítil valllendisgrund sunnan við áðurnefnt vatn, lautir og hvammar eða brekkur til og frá og örlítill mýrarblettur upp í háfjöllum er nefnist Ytri-Víðáttur. Er eigi hægt að slá þessa bletti nema annaðhvert ár. Er heyið því ávalt sinuborið, og því fremur létt fóður. Túnið er lítið og þýft, en í meðallagi grasgefið eða vel það.“ LNÞ, 27



Bangastaðir séðir úr lofti, horft til vesturs. Ljósmynd: Árni Einarsson.



NÞ-007:001



NÞ-007:001 Úr austri

NÞ-007:001 *Bangastaðir* tóft bústaður 66°10.129N 16°59.594V


Bæjarhóllinn er um 300 m vestan við þjóðveg og um 30 m sunnan við Bangastaðavatn. Myndarlegur túngarður liggur í kringum heimatún. Bangastaðir fóru í eyði árið 1953. Tún í órækt norðan, austan og vestan megin. Sunnan megin er þýfður grasmói. Vestan megin er fjallshlíð.

Bæjartóftin er um 21x16 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,9-2 m. Þykkt veggja er um 1,6-1,8 m. Hleðslur standa að mestu, en þekja er fallin og liggur hún greinileg í tóftinni. Leifar af stoðum og sperrum sjást greinilega. Bæjarhóllinn sjálfur er nokkuð myndarlegur og nær hann lengst um 8-10 m út frá tóftinni að vestanverðu. Er hann þar um 1,8 m á hæð. Sökum þess að þekjan liggur ofan í tóftinni og að veggir eru farnir að falla, er ekki hlaupið að því að átta sig á húsaskipan. Austan megin í tóftinni sjást leifar af timburstafni. Einnig má þar sjá þar sperrur og stoðir. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 1; Túnakort 1918,

NÞ-007:002 tóft hesthús 6610.176N 1659.577V



NÞ-007:002



NÞ-007:002 Úr austri


Samkvæmt túnakorti 1918 var útihús um 100m norðan við bæ 001 og má þar finna tóft. Tóftin er af hestúsi og er í brekku um 100 m norðan af bæjarhólnum 001. Um 50 m vestar eru fjárhúsin 006. Tóftin er efst í brekku. Fyrir ofan og vestan er þýfður lyngmói. Tún í órækt fyir neðan og austan. Tóftin er um 12x6 m að stærð. Hún er tvískipt og er hleðsluhæð í vestari hluta hennar töluvert

meirri en í eystri hlutanum, eða um 2,2 m (líklega hlaða). Heðsluhæð í eystri hlutanum er um 1,5 m. Dyr hafa verið tvennar og snúa báðar til austurs. Þekja úr torfi er fallin og liggja leifar hennar í tóftinni (torf, stoðir, sperrur). Þykkt veggja er um 1 m. Veggir eru hlaðnir úr grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-007:003 þúst óþekkt 6610.183N 1659.613V



NÞ-007:003 Úr vestri




NÞ-007:003

Um 5 m austan við hesthúsið er um 0,6 m djúp dokk sem er greinilega manngerð.
Í túni sem er í órækt.
Dokkin eða tóftin er um 10x6,5 m að stærð og lítur út fyrir að vera egglaga, ef undan er skilið lítið ferkantað útskot austan megin. Tóftin lítur út fyrir að vera tvískipt (þ.e.a.s. egglaga hlutinn), en leifar af millivegg sjást í henni miðri. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Þykkt veggja er um 1m.
Hættumat: engin hætta

NÞ-007:004 tóft útihús 66°10.059N 16°59.623V



NÞ-007:004 Úr austri



NÞ-007:004


Samkvæmt túnakorti 1918 var útihús um 100m suð-suðvestur af bæ 001. Tóft er um 100 m suðvestur af bæjarhólnum, um 20 m frá vesturbakka Bangastaðavatns. Túngarður liggur um 6 m vestan og um 30 m norðan við hana.

Þýfður grasmói.
Tóftin er um 21x7 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,5 m. Þykkt veggja er um 1 m. Grjóthleðslur standa að mestu grónar, þ.e. nyrðri hlutinn. Syðri hluti tóftarinnar er mikið til siginn þó víða gægist leifar af grjóthleðslum upp úr sverðinum. Hér er líklega um að ræða gerði fyrir „framan" húsið sem sjálft er ekki nema um 10 m að lengd. Gerðið er þá um 11 m. Sama breidd er á hvoru tveggja. Dyr hússins eru á suðurenda. Við vesturhlið er gryfja um 2x2 m að stærð og um 2 m að dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-007:005 *Gerði* tóft geitakofi 6610.019N 1659.653V




NÞ-007:005 Úr austri



NÞ-007:005

„Sunnan til í [túninu], vestast, er svonefnt Gerði. Þar eru kofarústir. Þegar Bjarni var strákur, hafði Bangastaðabóndi geitur á Gerði." segir í örnefnalýsingu. „Það eru rústir í Gerði. Garðhleðsla hefur verið kringum Gerði, en hafi verið ógreinileg sums staðar." segir í viðbótum við örnefnalýsiguna. Gerði er utan túns, um 60 m frá túngarðinum þar sem hann lokast um túnið að sunnan. Gerði er á vesturbakka Bangastaðavatns á litlu nefi eða nesi sem gengur þar út í vatnið, um 7 m frá enda þess. Þýfður grásmói á litlu nesi við stöðuvatn.
Tóftin er um 8x6 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,8 m. Hún er hlaði úr tofi og grjóti. Þykkt veggja er um 1 m. Þekja er fallin og má sjá leifar hennar í tóftinni, þ.e. torf, stoðir og sperrur. Leifar af garðlagi sjást á kafla vestan við tóftina. Er syðri endi þess um 3 m frá tóftinni. Hér er um 15 m langan stubb að ræða sem er í misgóðu ásigkomulagi en nyrðri hluti hans er hvað heillegastur. Sá syðri er nokkuð sprunginn. Breidd garðlagsins er um l m og hæð sú sama.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2; Ö-Bangastaðir viðb. 2

NÞ-007:006 tóft fjárhús 6610.179N 1659.496V
Samkvæmt túnakorti 1918 var útihús um 100m norðnorðaustur af bæ 001 og er tóft þar. „Norðaustur af bæ eru fjárhús úr torfi," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er um 100 m norðnorðaustur af bæjarhólnum 001 og 20 m vestan við læk sem rennur til norðurs úr Bangastaðavatni, en það er 50 m sunnan við tóftina.
Í ræktuðu túni.
Húsið er um 13x13 m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti og er hæð þeirra um 1,7 m. Þykkt veggja er um 1,5 m. Húsið skiptist í tvo jafnstóra hluta og ganga garðar hlaðnir úr grjóti með



NÞ-007:006



NÞ-007:006 Úr vestri

steyptri plötu eftir miðju beggja. Tvennar dyr eru á húsinu, aðrar syðst á vesturvegg, en hinar syðst á austurvegg. Þekja úr torfi er fallin og sjást leifar af henni ásamt stoðum og sperrum inni í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Bangastaðir, 2

NÞ-007:007 varða landamerki 6611.357N 1659.760V

„Norðan við Engidalsgjá heitir Skeiðöxl. Þar sem vegurinn er nú tæpast á brúninni, þar nokkuð hærri mitt milli Engidalsgjár og Skarfaflasar, hér aðeins norðar er varða við sjó. (Ath.: Guðmundur hefur ekki séð þessa vörðu né heyrt hana nefnda.)“ segir í örnefnalýsingu. Í landamerkjalýsingu fyrir Máná SÞ-295 er sagt að staðið hafi til að hlaða vörðu á þessum stað, en það mun aldrei hafa komist í verk.

Þýfður lyng- og grasmói

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NÞ-007:008 varða landamerki

„Norðan við Engidalsgjá heitir Skeiðöxl. Þar sem vegurinn er nú tæpast á brúninni, þar nokkuð hærri mitt milli Engidalsgjár og Skarfaflasar, hér aðeins norðar er varða við sjó. (Ath.: Guðmundur hefur ekki séð þessa vörðu né heyrt hana nefnda.) Þaðan eru svo merkin, lína beint í vörðu á svonefndum Jarðabakka,“ segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NÞ-007:009 heimild um leið6611.300N 1659.636V

„Norðan við Skeiðöxl eru svo nefndir Reykjavellir, og þar undan heitir Rauðsgjá í klettana. Gamla reiðgatan var áður á blábakkanum við Rauðsgjá.“ segir í örnefnalýsingu. Um 15 m austan og neðan við þjóðveg má greina leifar af götuslóða sem gæti verið þessi gamla reiðgata. Er þessi gata sennilega partur af þjóðleiðinni vestur á Húsavík.


Sjávarbakki. Þýfður gras- og lyngmói.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NÞ-007:010 *Bangastaðahöfn* heimild um lendingu 6606.843N 1658.709V
„Undir björgunum, austan bæjar, niður við sjó, heitir Bangastaðahöfn. Er þar hægt að koma hestum niður í fjöru og lending allgóð og stutt á fengsæl fiskimið.“ segir í örnefnalýsingu. Hamarinn er afmarkar Bangastaðahöfn að norðanverðu nefnist Svarthamar. Hann er 1-1,5 km ASA við bæinn. Uppi á sjávarbakkanum ofan við höfnina er myndarlegur grjótgarður sem liggur frá Svarthamri um 300 m til suðurs (sbr. 021). Brekkan frá sjávarbakkanum niður að höfninni nefnist Búðabrekka. Dregur hún nafn sitt af verbúðum á hjalla við höfnina (sbr. 011). Hægt er að komast niður að höfninni eftir þröngum einstigum sem liggja niður Búðabrekku en einnig er hægt að fara lengri en jafnframt auðveldari leið, niður aflíðandi brekku er liggur frá höfninni til suðvesturs meðfram Búðabrekku, þar til hún sameinast brekkubrúninni eftir um 1 km. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er sagt að í Bangastaðahöfn sé sæmilegt uppsátur.
Lendingin þótti skjólsæl en því olli dálítið nes er gekk út frá Svarthamri. Því skolaði burt í miklu brimi er gekk þar yfir árið 1934. Fjaran er stórgrýtt og er sæmilega aðdjúpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3; JÁM XI, 275

NÞ-007:011 *Búðarbrekka* tóftaþyrping verbúð 66°09.784N 16°58.690V



NÞ-007:011 og 014



NÞ-007:011 og 014 Horft til suð-austurs

„Undir björgunum, austan bæjar, niður við sjó, heitir Bangastaðahöfn. Er þar hægt að koma hestum niður í fjöru og lending allgóð og stutt á fengsæl fiskimið. Þar var útræði fyrrum, og má sjá verbúðarleifar á hjalla ofan við höfnina, undir brattri brekku, sem dregur nafn af verbúðunum og heitir Búðarbrekka,“ segir í örnefnalýsingu. „… verbúðarleifar á hjalla ofan við höfnina, undir brattri brekku, er nefnist Búðarbrekka …“ segir í Lýsingu Norður-Þingeyjarsýslu. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir um Bangastaðahöfn: „Verbúðir hafa hjer ekki við í manna minni, en að fornu fáeinar, og sjást þeirra nú lítil merki.“ Búðabrekka dregur nafn sitt af verbúðum á hjalla við höfnina. Tóftasvæðið er 320 m austan við þjóðveg 85, um 850-900m suðsuðaustan við bæ 001 og um 630 m norðaustur af tóft 018. Bangastaðastekkur 014 er 9m suðsuðaustan við syðri tóftina (tóft B) en er hugsanlega verbúð sem hefur verði breytt í stekk.
Dálítill hjalli við sjó, þýfður, grasi og lyngi vaxinn.
Tóftasvæðið er 25x20m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og samanstendur af tveim tóftum sem hér verður fjallað um sem tóft A og B. Nyrsta tóftin, tóft A, er um 8x8 m að stærð, við hana er sambyggð önnur minni viðbygging við suð-

austur hornið og er hún 3x4m að stærð. Samtals er tóftin því um 11x9m að stærð. Op er á tóftinni til suðvesturs, sunnarlega á suðvesturvegg. Einnig er op á viðbyggingunni í suðurhorni hennar, alveg við norðausturgafl stærri tóftarinnar. Tóft B er um 8m suðaustan við tóft A og um 9m norðan við Bangastaðastekk 014. Hún er um 9x8 m að stærð, einföld og alveg opin til suðvesturs, hefur hún sennilega haft timurgafl þar. Hleðsluhæð veggja er um 1,3 m og þykkt um 1m. Tóftirnar virðast ekki vera fyrstu húsin sem byggð eru á þessum stað því þær standa báðar uppi á hálfgerðum hólum, sem eru full reglulegir til þess að geta verið náttúrulegir eingöngu. Viðbyggingin við tóft A er líka mun signari og gæti því verið eldri. Grjóthleðslur sjást vel í öllum tóftum. Tóftirnar eru uppi á dálitlum hjalla við fjöru. Um 30 m löng, aflíðandi lyngbrekka er til austurs frá tóftunum og niður í fjöru. Þeir sem réru frá Bangastaðahöfn á þessari öld, munu hafa haldið til heima á Bangastöðum. Fleiri byggingar munu hafa verið við Bangastaðahöfn áður fyrr og voru þær niðri í fjörunni. Mun þeim hafa skolað burt í briminu mikla 1934 (sjá 010).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3; LNÞ, 27-28; JÁM XI, 275

NÞ-007:012 *Krossgötur* gata leið 6609.621N 1658.935V
„Og með Búðarbrekku [011] er gamall stígur. Sunnan við miðja Búðarbrekku er hún lægri, og þar var þungavaran venjulega flutt upp á hestum. Þarna heita Krossgötur.“ segir í örnefnalýsingu. „Krossgötur er rétt [þ.e. fleirtölumyndin], þó að í eðli sínu sé það vafasamt, þar sen engar götur skerast, götur koma sín úr hvorri átt frá brekkurótum, en sameinast í eina í miðri brekku,“ segir í viðbótum við lýsinguna. Leiðin liggur skáhalt upp eftir brekkunni til suðurs og er hún nokkuð þröngur sneiðingur sem liggur að mestu eftir aflíðandi stalli í brekkunni. Um miðja vegu sameinast hann öðrum sneiðingi sem á upphaf sitt mun sunnar. Heitir það á Krossgötum þar sem þeir sameinast.
Í Lyngbrekku við sjó.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3; Ö-Bangastaðir viðb 2 JJ, 2


NÞ-007:013 gerði óþekkt 6610.113N 1659.634V
Gerði er um 30 m vestan við bæjarhólinn 001, um 120m sunnan við hesthús 002 og áfast utanverðum túngarðinum.
Við rætur fjallshlíðar. Þýfður gras- og lyngmói.
Tóftin er 13x8 m að stærð. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Þykkt veggja er um 0,5 m. Túngarðurinn myndar austurhlið hennar.
Hættumat: engin hætta



NÞ-007:013


NÞ-007:013 Úr vestri

NÞ-007:014 *Bangastaðastekkur* heimild um stekk 66°09.774N 16°58.681V



NÞ-007:014 Sjá einnig uppdrátt við fornleif NÞ-007:0011


NÞ-007:014 Horft til aust-suð-austurs


„Neðan við brekkuna heitir einnig Bangastaðastekkur…Bangastaðastekkur var búinn til úr gamalli verbúðartóft," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er undir Búðarbrekku og er einungis um 8 m suðaustur af syðri verbúðartóftini 011, um 320 m austan við þjóðveg 85 og um 900m suðsuðaustan við bæ 001. Bangastaðastekkur er eingöngu 9m suðsuðaustan verbúðir í Búðabrekku 011.
Sjávarbakki. Þýfður gras- og lyngmói.
Tóftin er um 9x9 m að stærð og er hleðsluhæð um 60 cm en þykkt veggja er um 1 m. Hún er þrískipt og talsvert sigin skipan hólfa er þó greinileg. Hólf I er syðst og er það 3x3m að innanmáli og er op á því til suðausturs. Við hliðina á því að norðaustan er hólf II sem er 4x2m að innanmáli og snýr suðaustu-
norðvestur. Tvö op eru á hólfi II, það fyrra er á suðausturgafli en hitt er á norðvesturgafli að hólfi III. Hólf III er 4x2m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3

NÞ-007:015 *Gerðisbrekka* örnefni 66°08.406N 16°57.914V
„Austur af Eyrunum, við vatnið fyrrnefnda, og suður af Bangastaðarhöfn heitir Hafnarbjarg; þar sunnar á björgunum er Háubrekkuhaus, þar aðeins sunnar er Litlubrekkuhaus, og upp af þeim eru svo brekkurnar, Háabrekka og Litlabrekka, og syðst á merkjum er Gerðisbrekkuhaus. … Gerðibrekkan klýfur sig frá heiðinni, beygir til norðausturs og gengur þarna í sjó fram, er beint og brött, nær alla leið suður á móts við Stofufjall í Fjallalandi," segir í örnefnalýsingu. Gerðisbrekkan er um 3,5km sunnan við bæ 001 og í henni er Grettistak 017.
Lyngbrekka.
Ekki sést til mannvirkjaleifa í eða við Gerðisbrekku.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 4

NÞ-007:016 heimild um leið6608.415N 1657.914V
„Í [Gerðibrekkunni 015] á merkjum heitir Bruni. Bruni er svolítill hjalli í Gerðibrekkunni, og var þar oft farið með hesta, þegar vegurinn varð ófær," segir í örnefnalýsingu. Þjóðvegurinn liggur yfir Gerðibrekkuna. Er hjalli þessi mjög greinilegur vestan þjóðvegar þar sem hann liggur fram af Gerðibrekkunni að sunnanverðu.
Hjalli í lyngbrekku.
Ekki sést til gatna eða troðninga á Bruna
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 4


NÞ-007:017 Úr norðri

NÞ-007:017 *Grettistak* þjóðsaga
6609.740N 1659.931V
„Gleymst hefur, að uppi á brún Bangastaðafjalls er Grettistak, sem sést vel frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Steinninn er uppi á brún Bangastaðafjallls, á móts við suður-enda Bangastaðavatns.



NÞ-007:018


Uppi á fjallsbrún. Stórgrýti allt í kring.
Steinninn er um 2 m að hæð og svipaður að breidd, svo-til ferkantaður. Sú saga fylgir steininum að væri honum velt fram af brúninni og niður í vatn þá kæmi silungur í það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 5

NÞ-007:018 *Bankstaðir* tóft bústaður
6609.605N 1659.418V
„Sú saga er til um nafn Bangastaða, er upphaflega hafi býlið verið byggt sunnan við Bangastaðavatn. Þangað kom umrenningsstúlka að vetrarlagi, er Imba var köllu-uð, og baðst gistingar, en henni var úthýst í hríðarveðri seinni part dags. Hún fannst síðar látin við Imbuþúfu í


NÞ-007:018 Úr vestri

landi Auðbjargarstaða. Eftir það gerðist reimt á bænum og heyrðust högg. Svo mikil brögð urðu að því, að bærinn var fluttur norður fyrir vatnið. Hvarf þá draugagangurinn. En bærinn var nefndur Bankstaðir eftir það. Bankstaðir breyttust svo síðar í Bangastaði.“ segir í örnefnalýsingu. Allmikil tóft er um 400 m frá suðurenda Bangastaðavatns. Vatnið hefur minkað talsvert að ummáli frá því sem áður var og var það því nær tóftinni áður fyrr. Stór steinn sem sést vel í vestur frá þjóðvegi er um 2 m austan við norðaustur horn tóftarinar.
Að mestu nokkuð sléttlent og grasi vaxið, en þó er þýfður lyngmói austan við tóftina. Lækur rennur til norðurs um 25 m vestan við hana. Votlent er í nágrenni lækjarinns.
Tóftin er um 30x12 m að stærð og er hleðsluhæð um 1 m. Þykkt veggja er um 1 m. Hleðslur eru talsvert signar og farnar að hlaupa í þúfur, en þó er vel húsaskipan skýr. Tóftin skiptist í sjö misstór hólf og er innangengt á milli sumra. Imba á að hafa gengið fyrir björg við Imbuþúfu.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Bangastaðir, 5

NÞ-007:019 tóft 6610.057N 1659.630V
Tóft er í túninu um 40 m suður af 004 og um 7 m frá vesturbakka Bangastaðavatns.



NÞ-007:019

Tún í órækt, nokkuð þýft.
Tóftin er um 16x8 m að stærð. Hún er talsvert sigin og farin að hlaupa í þúfur og en virðist þó vera tvískipt. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Garðhleðsla er í tóftinni miðri frá norðri til suðurs. Dyr eru syðst á austurvegg.
Hættumat: engin hætta

NÞ-007:020 garðlag túngarður 6610.126N 1659.461V
Mikið garðlag liggur umhverfis túnið á Bangastöðum og er það mjög greinilegt.
Í túni.
Hleðsluhæð er um 1 m og er breidd garðlagsins um 0,6 m. Það er hlaðið úr torfi eingöngu. Austanmegin við norðurenda vatnsins gengur garðlagið út í vatnið og lítur út fyrir að þar hafi það átt að stýra rennsli úr vatninu. Jón Ólafsson á Fjöllum segir að Bangastaðavatn hafi átt það til að þorna upp að miklum hluta á þurrum sumrum og því hafi verið gripið til þess ráðs að stífla vatnið, eða stýra rennslinu úr því. Var túngarðurinn því framlengdur í þessum tilgangi.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb. 4

NÞ-007:021 garðlag 6609.743N 1658.872V
„Upp á brún Búðarbrekku [011], frá Svarthamri og spöl suður hefur veirð hlaðinn grjótgarður og síðan niður brekku og þvert yfir fram á bjargbrún. Þar er sagt, að fé hafi verið haft í vörzlu,“ segir í örnefnalýsingu. Garðlagið er all heillegt á um 300 m löngum kafla suður frá Svarthamri (sjá 010). Það eru um 600 m austan við Bangastaðavatn.
Á brekkubrún. Stórgrýttur melur.
Engin merki eru um garðlagið í Búðarbrekkunni eða fyrir neðan hana, allt fram á bjargbrún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb. 4


NÞ-007:022 heimild um ristu
„Torf var rist á tanga, er gengur út í vatnið," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning er óljós en það sjást hvergi ummerki eftir torfristu umhverfis vatnið.
Við stöðuvatn. Bakkinn yfirleitt lyngi vaxinn og þýfður.
Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb. 6

NÞ-007:023 *Engidalsstekkur*
tóft stekkur 6610.728N 1659.453V
„Engidalsstekkur er nyrst í Engidal, við brekkurót, rétt ofan við veg. Sést vel fyrir veggjum," segir í örnefnalýsingu. Engidalur er skammt norðan við Bangastaði. Ef gengið er yfir hæðina norðan við bæinn er komið í Engidal og er stekkurinn norðanmegin í honum austast, um 50 m vestan þjóðvegar þar sem hann liggur niður af svonefndri Skeiðsöxl að sunnanverðu.



NÞ-007:023 Úr austri


Þýfður grasmói.
Um er að ræða 3 hólf er standa í hálfgerðum sveig frá SA-NA. Það syðsta og stærsta um 10x7 m að stærð. Út úr suðurenda þess gengur um 5 m langur garðstubbur. Miðhólfið, sem jafnframt er minnst, er um 4x2 m að stærð. Nyrsta hólfið er um 4x4 m að stærð. Hleðslur standa grónar. Hleðsluhæð er um 1 m. Þykkt veggja er um 1 m. Vesturhlið tóftarinnar er að huta mynduð af fjallshlíðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb JJ, 3



NÞ-007:024

NÞ-007:024 tóft 6610.737N 1659.499V
Um 30 m austan við Engidalsstekk 023 er tóft.
Þýfður grasmói.
Tóftin er um 6x5 m að stærð og einföld. Hleðsluhæð er um 0,6 m og þykkt veggja er um 0,5 m.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb. 6

NÞ-007:025 tóft 6610.109N 1659.544V
Um 30 m austan við bæjarhólinn 001 og um 5 m frá norðurenda Bangastaðavatns er um 1,5 m djúp dokk sem sökum reglulegrar lögunar virðist vera mannaverk.
Óræktað tún, nokkuð Þýft.
Tóftin eða dokkin er um 4x3 m að stærð og um 1,5 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta




NÞ-007:025

NÞ-007:026 *Búðarbrekka* gata leið 66°09.801N 16°58.796V
Brattur slóði liggur upp brekku til vesturs frá verbúðunum 011 í Búðarbrekku og Bangastaðastekk 014. Mun hann að öllum líkindum hafa heigið heim að bæ 001. Gatan var rakin á mjög litlum kafla um 850m suðaustan við bæ 001.
Í stórgrýttri og gróðurléttri brekku.
Gatan er um 30-40 cm á breidd og ógróin í botninn. Hún er frekar greinileg í brekkunni en var ekki rakin.

Fjöll, Kelduneshreppi

Stærð túna: 5,4 ha
Þar af slétt: 3/4 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar
- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-008 Fjöll

20 hdr. 1840. Óviss 1712. Hólastólsjörð. JáM, 275

1232: „Þaðan [Frá Keldunesi] fóru þeir [Guðmundur góði biskup] undir Fjöll. Og um kveldið, er biskup var genginn til svefns en þeir til baðs er það líkaði, þá var sleginn dans í stofu en Knútur prestur sat á þverpalli er ljós var ofarlega […] En biskup fór undan Fjöllum með hið knárra lið um brekkur en hið óknárra lið var flutt á skipi fyrir nes.“ Sturl, 323. 1318 á „Kyrkia j Ase lamba eldi allt ofan vndir fioll og skulu þeir abyrgiast er vid taka.“ DI II, 429. Sbr. DI V, 279. Meðal Hólastólsjarða 1525 og 1550 - DI IX, 301 og DI XI, 864. 1550 voru „Med Fiollum .iij. kugillde. landskylld .ij.c.“ DI XI, 864. 1712 voru hjáleigurnar Auðbjargarstaðir og Fletir í byggð en Geitagerði og Vallnagerði, [réttara Vallargerði, að sögn Bjarna] í eyði. JÁM XI, 276-77. Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 1. „Fjöll er með elstu jörðum í sveitinni og á mikið land. Afmarkast það af hreppa- og sýslumörkum að vestan og sunnan, allt að Rauðhól, en að austan af landamerkjum við Lón og Víkingavatn. Fyrrum áttu Fjöll land að sjó norður Tjörnes austanvert, en það tilheyrir nú Auðbjargarstöðum eftir að landinu var skipt milli jarðanna. Fjöll eiga þó fengsælan reka í svonefndi Fjallahöfn og einnig silungsveiði í Lónslónum.“ Land og fólk, 232. Fjöll skiptast í Fjöll I og Fjöll II, Fjöll II byggt árið 1957. Land og fólk, 234. „Land Fjalla og Auðbjargarstaða er mikið land, sneið vestan af Kelduhverfi, allt frá því um 51/2 km fyrir norðan þá síðarnefndu og suður í sýslumörkin, Sæluhús - Rauðhól, breytilegt að gæðum og útliti. Vestan eru áðurnefnd fjöll, en austan við þau taka við nyrzt grónir móar nefndir Dalir, en þar fyrir sunnan er aftur mólendi. Grunnur mólendisins er misgamalt hraun.“ LNÞ, 30

1712: „Túninu er hætt fyrir Fjallaá að hún hlaupi á það, en þó hefur henni híngað til orðið frá veitt, svo hún hefur ekki á því gjört stóran skaða. Engið spillist af snjóvatni og leir, sem jetur úr rótinni, og hefur það því í nokkur ár brugðist og ekki slegið orðið, en ábúandi kaupir slægjur af Keldunesi eður öðrum jröðum, sem hjer um fjórðapart úr þíngmannaleið til að sækja. Úthagarnir eru góðir og miklir, en spillast þó víða af skriðum.“ JÁM XI, 276. „Suður frá bænum [F II] eru sléttar grundir, svonefndar Eyrar. Var þar ágætt engi sem sjálkrafa breyttist í tún með notkun tilbúins áburðar.“ Land og fólk, 234. „Túnið var þýft áður fyrr, þá allt afmarkað með götum og farvegum. Nú eru öll slík merki horfin og allt slétt.“ Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 8 „Landið er gott beitiland bæði sumar og vetur, en mjög snjóþungt. Skóglendi er nokkurt nyrzt í landinu. Engi jarðarinnar liggur allt sunnan við bæinn. Aðalengið er stór grund örskammt frá túninu og heitri Eyrar. Hefur grund súi orðið til fyrir vatnsrennsli á vorin úr gili syðst við Eyrarnar. Er þar aðstaða til bæði seytluveitu og uppistöðu. … Sunnan g vestan við Fremri-Fjöll er Sakka … Þar er engjablettur, og var heyjað þar annaðhvert ár allt fram undir 1930. Enn lengra til suðurs voru engjablettir í svokölluðum Víðilækjum, Selskörðum …“ LNÞ, 31

NÞ-008:001 *Fjöll* bæjarhóll bústaður 66°04.902N 16°57.271V

Fjöll eru vestast í Kelduhverfi, jörðin á afréttarland til Fjallafjalla sem eru á vesturmörkum Kelduhverfis. Fjöll eru um 3,5km suðvestan þjóðvegar nr. 86. „Íbúðarhúsið (það eldra) stendur á rústum gamla bæjarins,“ segir í örnefnalýsingu. Er hér um að ræða nyrðra íbúðarhúsið sem byggt var 1935. Það stendur reyndar örlítið austar en gamli bærinn stóð og er því einungis á gamla bæjarstæðinu að hluta.

Í túni.

Kjallari er undir húsinu, lítt niðurgrafinn. Var hann handgrafinn. Bæjarhóllinn er nokkuð myndarlegur, um 30x20m og snýr norður og suður, upphleðsla um 50cm. Til eru ljósmyndir af gamla bænum. Austan við íbúðarhúsið er afgirtur garður sem er um 17 m að lengd og 10 m að breidd. Vestast í þeim garði eru leifar af garðlagi sem lá í umhverfis bæjarhólinn. Náði gamli bærinn vestur að þessum garðlagsleifum en óljóst er hversu langt hann náði undir húsið. Á

gamla bæjarstæðinu má sjá nokkuð greinilegar leifar af hleðslum gægjast upp úr sverðinum hér og þar. Munir hafa fundist við ýmsar framkvæmdir á bæjarhólnum. M.a. fundust leifar af nisti úr kaþólskum sið sem nú eru á þjóðminjasafninu. Einnig hafa fundist þar peningar frá 18. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 8

NÞ-008:002 heimild um bænhús 66°04.949N 16°57.218V
1950: „Kirkja var á Fjöllum í Kelduhverfi fram yfir 1506, segir í Prestatali og prófasta í Íslandi. „Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, affallið fyrir manna minni," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. „Norður af bæ var bænhúsið og grafreiturinn, nú er það hlaða úr steini," segir í örnefnalýsingu. Mikið af mannabeinum kom í ljós er hlaðan var byggð rétt fyrir 1930. Þeim var komið fyrir undir norðurvegg hlöðunnar. Hlaðan stendur nákvæmlega þar sem bænhúsið var um 30 norður af bæ 001 og er hún niðurgrafin (handgrafin) í hól er minnir talsvert á bæjarhól að lögun. Er hún grafin hátt í 3 m niður í jörðina.
Í túni.
Stærð hlöðunnar er um 9x7 m. Ekki er lengur vitað hvar beinin fundust nákvæmlega, einungis að það hafi gerst er grafið var fyrir hlöðunni . Um var að ræða nokkuð heillegar beinagrindur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 275; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2, 9; PP, 311

NÞ-008:003 *Vesturhús* hús fjárhús 66°04.926N 16°57.455V
Fjárhús, kölluð Vesturhús, standa enn, um 90-100m vestur af bæjarhólnum 001.
Í túnjaðri.
Húsið er um 24x7 m að stærð. Hleðsluhæð er um 2 m. Þykkt veggja um 1,5 m. Húsið er hlaðið torfi og grjóti og er ástand þess í lakara lagi því þekjan er farin að síga töluvert. Dyr eru tvennar og eru báðar á austurvegg, aðrar við suðurenda en hinar við norðurenda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-008:004 *Miðhús* tóft fjárhús 66°04.888N 16°57.369V
„Suður af bænum er heimreið, og vestan hennar er Púfnablettur, sem heitir Tunga. Á henni eru tættur, sem heita Miðhús," segir í örnefnalýsingu. Miðhús voru um 60-70m suðvestur af gamla bæjarstæðinu 001. Þau hafa nú verið rifin en voru þar sem er þýfður grasmói innan túngirðingar.
Þýfður grasmói. Lækjarseira rennur norðan við hann og skilur á milli móanns og ræktaðs túns. Lítið sést til tófta nú. Er einungis um að ræða nokkra steina sem gægjast upp úr sverðinum hér og þar, og nægir það ekki til þess að greina stærð eða lögun. Húsið var úr torfi og grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:005 *Snorrakofi* heimild um fjárhús 66°04.863N 16°57.913V
„Suður af bænum er heimreið, og vestan hennar er Púfnablettur, sem heitir Tunga. Á henni eru tættur, sem heita Miðhús [004], suður af þeim er kindahús úr torfi, austan þess er fjárhús og hlaða úr steini. Þar var hús, sem nefnt var Snorrakofi," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús um 90m suður frá bæ 001, þar standa fjárhús reist 1956. Snorrakofi er geitakofinn sem Geitakofahóll er kenndur við. Syðra íbúðarhúsið að Fjöllum stendur á Geitakofahól. Snorrakofinn sjálfur var þó ekki á hólnum sjálfum, heldur um 40 m sunnar eða þar sem fjárhús standa nú.


Í túni
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:006 *Austurhús* heimild um fjárhús 66°04.858N 16°57.048V
Austurhús voru um 120-130m austur af bæjarhólnum 001. Ekki sést nú lengur til þeirra því þeim var rutt undir núverandi veg heim að bænum og staðurinn sléttaður undir tún. Var hér um tvö fjárhús og hlöðu að ræða. Vegurinn er skammt austar. Sumarfjós stóð örskammt austar, eða nær veginum og hlaut það svipuð örlög.
Í túni.
Ekki sést til fornleifar. Bæði Asturhús og sumarfjósið voru úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-008:007 *Sumarfjós* heimild um fjós 66°04.879N 16°57.054V
Sumarfjós var skammt austur af Austurhúsum 006, um 160-170m frá bæjarhólnum í sömu stefnu og Asturhús. Þeim hefur nú verið rutt undir akveginn heim að bænum og staðurinn sléttaður undir tún.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-008:008 heimild um hesthús
66°04.908N 16°57.302V
Hesthús var örfáum metrum norðan við votheysgrifju sem nú er um 40 m vestur af bæjarhólnum 001. Það hefur verið rifið og staðurinn sléttaður undir tún og sjást því engin ummerki eftir það.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-008:009 *Fletir* bæjarstæði býli
6605.626N 1656.862V
„Fleter, hjáleiga. Bygð á stekkjarstæði heimajarðarinnar út frá jörðunni fyrir vel 70 árum, afdeild einasta að túni og útslægjum," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. „Sunnan við Sandvíkurholtið eru tættur eftir býlið Fleti, er það nefnt Flatatættur, þar var búið 1703-12- og lengur," segir í örnefnalýsingu. „Býli þetta var á Flötunum norðan við Fjöll og sér þar ennþá fyrir tóftum. Þarna er talið að fyrst hafi verið byggt um 1640 og þar



NÞ-008-009a



NÞ-008:009 Fletir séðir úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

búið 1712, segir í Landi og fólki. Býlið Fletir er um 1,3 km norður frá bæjarhólnum á Fjöllum. Sker það sig töluvert úr landslaginu og er tilsýndar eins og grasi gróinn og þýfður hóll í annars flötu landslagi.


Flatir nefnist tóftasvæði sem er 1,6km norðan við bæ 001 og um 1,1km norðnorðvestan við Fjallarétt 034. Flatir samanstendur af 4 tóftum og túngarði sem afmarkar svæði sem er 90x40m að stærð en allt tóftasvæðið er um 120x90m að stærð. Innan túngarðsins eru tvær tóftir, þriðja er áföst túngarðinum í suðausturhorni hans en fjórða tóftin sem sennilega hefur verið bústaður er utan túngarðsins, er hún um 45m suðaustan við hann.

Smáþýft graslendi.

Tóft A er um 45m suðaustan við túngarðinn og mun hún sennilega hafa verið bústaður er tóftin í smáþýfðu graslendi.

Tóftin er um 30x17m að stærð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur, hleðsluhæð veggja er um 130cm og breidd frá 1-3m. Víða má sjá grjóthleðslur í veggjum úr hraungrýti en annars er tóftin gróin, er hún farin að springa í þúfur. Tóftin skiptist 5 hólf, nyrst er hólf A sem er um 8x4m að innanmáli og snýr vestur og austur, op er á því austast á suðurvegg og liggur það að hólfi B sem er 8x6m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Annað op er á hólfi B syðst á austurvegg og liggur það að hólfi C sem er dálítið sérstakt, það er 14m langt en aðeins 2m á breidd, á því er op fyrir miðjum austur langvegg. Hólf D er sunnan við hólf B og vestan við hólf C, er það 8x8m að innanmáli og er op á því fyrir miðjum austurvegg sem liggur að hólfi C en síðan er eins og annað op sé líka fyrir miðjum vesturvegg. Hólf E er minnst, um 2x4m að innanmáli og snýr norður og suður, er op á því fyrir miðjum suðurgafli til suðurs.


Túngarður B afmarkar tún gamla býlisins, liggur túngarðurinn umhverfis tóftir D og E og síðan



NÞ-008-009C


er tóft C áföst túngarðinum, sjálf bæjartóftin er utan túngarðsins. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 90x40m að stærð og snýr norður og suður.
Túngarðurinn er í grösugu mólendi sem er frekar flatt.
Túngarðurinn var ekki athugaður sérstaklega en mun vera nokkuð siginn og útflattur, nálægt 30cm á hæð og um rúmann 1m á breidd.
Tóft C er áföst túngarðinum og er hún við suðausturhorn hans, um 45m norðvestan við tóft A og um 20m suðsuðaustan við tóft D.
Tóftin sem er í smáþýfðum grasmóa er 27x8m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, hún skiptist í 3 hólf og er stærsta hólfið að öllum líkindum fjárhús. Það er 18x6m að stærð og liggur garði eftir því endilöngu, op er á þessu hólfi sem er lítið eitt norðan við miðjan suðaustur langvegginn og gengt opinu er einnig op á garðanum, því hann er áfastur báðum göflum hólfsins. Norðaustan við fjárhúsin er hólf sem er 6x3m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur og má ætla að það hafi verið hlaða, tvö op eru inn í það hólf sitt hvoru meginn við garðann. Þriðja hólfið er svo norðaustan við hlöðuna og er það líka 6x3m að innanmáli og snýr einnig norðvestur og suðaustur. Op er á því hólfi til norðvesturs fyrir miðjum norðvesturgafli. Tóftin er töluvert sigin og óskýr. Eins og áður hefur komið fram er tóftin áföst túngarðinum sem liggur að suðvesturhorni tóftarinnar og lokast við norðausturhorn hennar.

Tvær tóftir D og E eru miðsvæðis innan túngarðsins og eru um 8m á milli þeirra, sú eystri er tóft D, er hún um 20m norðnorðvestan við C og um 8m suðaustan við tóft E. Tóft D er um 12x9 m að stærð og snýr í norður og suður, vegghleðslur eru ógreinilegar og signar, um 30cm á hæð og um 1m á breidd. Þrátt fyrir að vera frekar ógreinileg má sjá að hún skiptist í 4 hólf, er stærsta hólfið um 6x4m að innanmáli, snýr eins og tóftin og liggur garði eftir því endilöngu sem er áfastur syðri gafli þess. Sunnan vað stóra hólfið eru tvö lítil hólf, það vestara er 3x3m að innanmái en það eystra er 2x3m að innanmáli. Op er á milli hólfanna nyrst við gaflinn á stóra hólfinu og svo er annað op á minna hólfinu nyrst á austurvegg. Fjórða hólfið er svo austan við stóra hólfið alveg nyrst, er það 2x2m að



NÞ-008-009 D og E


innanmáli og má greina op þar á milli hólfanna. Annað op er á fjórða hólfinu fyrir miðjum suðurvegg til suðurs.
Tvær tóftir D og E eru miðsvæðis innan túngarðsins og eru um 8m á milli þeirra, er tóft E vestari tóftin, hún er um 30m norðvestan við tóft C og um 8m norðvestan við tóft D. Tóftin er um 9x8m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð veggja er um 30cm og breidd um 1m. Þessi tóft er talsvert verr farin en tóft D og víða sprungin í þúfur, hólfaskipan er ógreinileg en hún virðist skiptast í 3 hólf, eitt stórt og tvö minni. Stórahólfið er 4x4,5m að innanmáli, áfast suður vegg þess er garði sem er um 3m langur og liggur til norðurs. Fyrir miðjum vestur vegg er svo op á hólfinu. Norðan við opið og vestan við stórahólfið er hólf sem er 2x2m að innanmáli og er ekki hægt að greina neitt op á því. Norðan við þetta hólf er þriðja hólfið sem líka er um 2x2m að innanmáli og er op á því syðst á austurvegg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 276; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 3; Land og fólk, 317




NÞ-008-010

NÞ-008:010 heimild um beitarhús 66°07.765N 16°57.214V
„Norðan við Lónin gengur austur malarkambur, sem heitir Reki. Norðan við Rekann myndast eins og vik inn, sem heitir Fjallahöfn. Fjallahöfn var í daglegu tali nefnd Höfn…Áður voru beitarhús í Fjallahöfn, þar er stararengi með smátjörnum…Norður úr Höfninni er Húsahjalli, dregur hann nafn af beitarhúsum þeim, sem fyrr voru nefnd, og eru á hjallanum tættur eftir beitarhúsin," segir í örnefnalýsingu. Húsahjalli er við svonefnt Hringbjarg, en uppi á bjarginu er Imbuþúfa, nefnd eftir stúlku sem á að hafa hrapað þar.
Beitarhústóftin er á lyngi vöxnum og þýfðum hjalla við stórgrýtta fjöru.
Hér er um þrjár tóftir að ræða. Sú nyrsta og jafnframt sú stærsta er um 18x7 m stærð og þrískipt. Garði liggur eftir henni miðri. Dyr eru á suður- gafli. Þessi tóft er mun betur farin en hinar og er hleðsluhæð um 1,3 m. Miðtóftin er um 10x8 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,4 m. Syðsta tóftin er líka um 10x8 m. Hleðsluhæð hennar er mest um 1 m. Um 1 m er á milli þessara þriggja tófta. Þessi staður er í landi Auðbjargarstaða. Nýja vegarstæðið liggur yfir Húsahjalla og fer mjög nálægt norðurenda syðstu tóftarinnar. Austan við beitarhúsin eru þrjár minni tóftir og virðist vegarstæðið örugglega liggja yfir þær. Fyrir neðan hjallann að austanverðu er stekkjartóft 031 sem einnig er í mikilli hættu vegna vegagerðarinnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4

NÞ-008:011 *Geitagerði* tóft býli 66°05.369N 16°57.302V
„Geitagierde, forn eydihjáleiga, hefur í eyði legið undir 40 ár, en þar fyrir ýmist bygð eður óbygð… Ekki má hjer aftur byggja, því Fjall(a)á hefur eyðilagt útslægjurnar með grjótsáburði, en túnið bæði lítið og komið í grasleysumóa," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. „Suður af Hólmafjalli er Geitagil, og niður af Geitagili er eyðibýlið Geitagerði, skemmdi Fjallá slægjur þar á 17. öld, svo ekki var talið byggilegt síðar," segir í örnefnalýsingu. Sé gengið til suðurs meðfram Hólma-



NÞ-008-011



NÞ-008-011a

fjalli frá þjóðveginum þar sem hann liggur norðan við Auðbjargarstaði, er brátt komið að svokölluðu Geitagili og er Geitagerði á dálitlum hjalla á suðurbarmi gilsins eða þar sem það beygir snögglega til norðurs. Tóftin er um 100 m frá malarnámi vegagerðarinnar. Stefnir malarnámið í átt að tóftinni. Geitagerði er um 800 m sunnan við fjárhúsin á Auðbjargarstöðum. Óljósar leifar af vallargarði eru umhverfis það sem hefur verið túnið í Geitagerði. Geitagerði er tóftasvæði sem samanstendur af tveim tóftum og túngarði sem samkvæmt loftljósmynd afmarkar svæði sem er 100x60m að stærð og snýr vestur og austur. Tóft 011A er innan túngarðs 011B alveg vestast en tóft 011C er miðsvæðis innan túngarðs 011B.

Þýfður grasmói á dálitlum hjalla í brekku. Brekkan er lyngi vaxin að öðru leiti.

Tóft 011A er um 30x14 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,5 m (innan frá). Tóftin skiptist í 6 hólf og er húsaskipan skýr þó veggir séu farnir að síga saman.

Garðlag er umhverfis tóftir 011A og 011C sem afmarkar svæði sem er 100x60m að stærð og snýr austur og vestur, það virðist hugsanlega ekki alveg ná endum saman er mjög óljóst norðvestast.

Tóft 011C er um 50 m austan við tóft 011A og miðsvæðis innan túngarðs 011B.

Tóftin er um 11x5 að stærð, tvískipt og snýr norður og suður. Hún er mikið sigin svo hleðsluhæð verður aðeins greind innanfrá og þar er hún aðeins um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna malarnáms

Heimildir: JÁM XI, 277; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 1, 8

NÞ-008:012 *Fjallahöfn* heimild um lendingu 6607.666N 1657.300V

„Neðan við Lónið gengur austur malarkambur, sem heitir Reki. Norðan við Rekann myndast eins og vik inn, sem heitir Fjallahöfn. Fjallahöfn var í daglegu tali nefnd Höfn. Þetta er löggilt höfn, og var stundum siglt þangað til verzlunar," segir í örnefnalýsingu. Fjallahöfn er skammt norðan Auðbjargarstaða og er nú í landi þeirra. Árið 1934 gerði mikið brim sem olli því að höfnin fylltist og varð ónothæf eftir það. Sama óveður olli því að Bangastaðahöfn lagðist af (sbr. NÞ-007:010)


Stórgrýtt fjara, en fyrir ofan og vestan hana er snarbrött brekka með klettabelti. Í brekkunni er dálítill hjalli með tóftum sbr. 010 og 031

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4

NÞ-008:013 heimild um 6604.964N 1657.193V
Til skamms tíma voru miklar tóftir um 60-70m norður eða norðaustur af 002. Þær er nú búið að slétta undir tún, en talið er að um mannabústað hafi verið að ræða, slík var bæði stærð og lögun tóftanna.
Í túni.
Ekki sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 8

NÞ-008:014 tóft 6604.935N 1657.491V



NÞ-008-014


Lítil tóft er um 170m vestnorðvestur af bæ 001, um það bil miðja vegu á milli Vesturhúsa 003 og Myllunnar 016 og um 8m frá lækjarbakka sem er norðanverðu við tóftina, en önnur kvísl lækjarins rennur sunnan við og síðan vestan við tóftina.
Smáþýfður grasmói.
Tóftin er um 3x3 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,35 m. Fyrir framan dyr sem snúa til vesturs, er lítil ferköntuð gryfja sem er um 1,5x1 m að stærð og um 0,3 m að dýpt. Þykkt veggja er 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:015 *Finnbogakofi* heimild um útihús 66°04.893N 16°57.170V
„Austan við Kristínarvöll er Finnbogavöllur, þar var kofi nefndur Finnbogakofi, er nú horfinn, þar hafði áður fyrr hengt sig maður með þessu nafni," segir í örnefnalýsingu. Kofinn var um 50 m austnorðaustur af bæjarhólnum 001 og um 40 m norður af heimagrafreitnum. Kofinn er nú horfinn með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.
Í túni
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:016 tóft mylla 6604.903N 1657.515V


NÞ-008-016 Úr norðri


„Í Bæjarlæk á Fjöllum var vatnsmylla u.þ.b. 60-70 m ofan við túngarðinn. Tóftirnar sjást vel ennþá." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er sunnan megin við lækinn, um 60-70 m fyrir vestan túngarðinn.
Tóftin er í smáþýfðum grasmóa og kvíslast lækur á þessum stað og rennur hann því bæði norðan og sunnan við tóftina.
Tóftin er um 7x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Dyr eru á austur og vestur vegg.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9



NÞ-008-016

NÞ-008:017 garðlag túngarður
66°04.983N 16°57.268V
„Í Bæjarlæk á Fjöllum var vatnsmylla [016] u.þ.b. 60-70 m ofan við túngarðinn…. Kringum túnið var garður úr torfi og grjóti," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn umhverfis túnið á Fjöllum er að stærstum hluta horfinn og er einungis hluti eftir af honum vestan við túnið. Það sem greint verður af honum eru um 350m sem liggja í vinkil um suðvesturhorn túnsins og eru Vesturhús 003 í kverkinni á túngaðinum.
Við tún.
Heildarlengd garðlagsins er um 350 m. Hleðsluhæð er um 1 m, breidd um 1,5 m
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:018 *Sturluvarða* varða 66°05.193N 16°56.558V
„Austan hans [heimagrafreitsins, er] lág, djúp dokk, skáhallt gegnum túnið, og var hún nefnd Sturlugjá, norðan túns,… Við gjána er Sturluvarða, við bílveginn," segir í örnefnalýsingu. Sturlugjá liggur meðfram núverandi akvegi að bænum, að austanverðu til norðurs, en sveigir síðan til austurs eftir um 400 m. Endar hún síðan eftir um 200 m og stendur varðan við þann enda. Um 2 m suður af vörðunni er gamli akvegurinn að bænum og liggur hann samsíða gjánni í átt að bænum.
Í uppgrónu hrauni, á gjárbarmi.
Varðan er um 1,5 m á hæð og er hlaðin úr hraungrýti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9




NÞ-008-019

NÞ-008:019 tóft fjárhús 6604.891N 1657.446V
Tóft er áföst varnargarðinum 030 skammt frá norðausturenda hans 110-120m vestnorðvestur af bæ 001 og um 20m norðnorðaustan við tóft 020.
Smáþýfður grasmói.
Tóftin er um 9x7 m að stærð, snýr svo til í austur og vestur og er op fyrir miðjum austurgafli. Vegghleðslur eru mikið signar, er hleðsluhæð og breidd um 50cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9


NÞ-008:020 tóft hundakofi 66°04.891N 16°57.446V
Lítil niðurgrafin tóft er áföst varnargarðinum 030, austan við suðurenda hans, eða þar sem hann sameinast túngarðinum, hún er um 115m vestan við bæ 001 og um 20m suðsuðvestan við 019.

Í þesum kofa voru hundar geymdir er komið var með þá til böðunar að Fjöllum.
Smáþýfður grasmói.
Tóftin er gryfja með hlöðnum veggjum, um 2x1,5 m að stærð og um 1,5 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9




NÞ-008-020

NÞ-008:021 tóft fjárhús 6604.869N 1657.348V
Um 20 m suður af Miðhúsum 004 og rétt utan túngarðs og um 90m vuðvestan við bæ 001 er tóft eftir fjárhús. Svæðið sem tóftin er á er nú vélakirkjugarður
Smáþýfður grasmói.
Tóftin er um 20x8 m og er hleðsluhæð um 0,5 m. Tóftin skiptist í 5 hólf. Hleðslur er signar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9



NÞ-008-021

NÞ-008:022 tóft fjárhús 6604.882N 1657.430V
„Suður af bænum er heimreið, og vestan hennar er Þúfnablettur, sem heitir Tunga. Á henni eru tættur, sem heita Miðhús [004], suður af þeim er kindahús úr torfi …“ segir í örnefnalýsingu. Um 60 m suður af Miðhúsum og 90-100m suðsuðvestur af bæ 001 er lítil tóft áföst túngarðinum að sunnanverðu.
Smáþýfður grasmói,
Tóftin er um 6x3 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,5 m. Hleðslur eru signar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9



NÞ-008-022

NÞ-008:023 *Selkriki* örnefni sel 66°03.491N 16°56.205V
„Austan hennar nokkuð lengra, er Skjónugjá. Suðaustur af henni, á brún Hnyklabrekkna, er Rauðisteinn, sem er á merkjum. Suður og vestur af Rauðasteini eru Selkrikahólar, og vestur af þeim er Selkriki, er þar inn í hraunið, og hólarnir þar upp af,“ segir í örnefnaskrá. Tóft á að vera í Guðfinnugjá og á hún að vera undir eystri veggnum en sést betur þegar gengið er vestan megin við gjánna. Ekki reyndist þó unnt að finna tóftina þrátt fyrir ítrekaða leit og var hnitið tekið á smá hæð þar sem gjáin kemur saman.
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 18

NÞ-008:024 *Geitakofaháll* örnefni geitakofi
„Milli bæjarins og fjárhúsanna úr steini, sem fyrr var getið, er Geitakofahóll, þar sem nýja húsið stendur.“ segir í örnefnalýsingu. Geitakofahóll er kenndur við Snorrakofa 005 sem var um 40 m suður af hólnum, eða þar sem núverandi fjárhús eru. Á Geitakofahól voru talsvert miklar tóftir, sem hurfu með öllu er íbúðarhús var byggt á hólnum (syðra íbúðarhúsið af tveimur að Fjöllum).
Í túni
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 9

NÞ-008:025 *Flatagötur* heimild um leið 66°05.658N 16°56.781V
„Sunnan við Sandvíkurholtið eru tættur eftir býlið Fleti, er það nefnt Flatatættur, þar var búið 1703-12- og lengur. Frá þessu býli liggja gamlar götur að Lóni, sem heita Flatagötur,“ segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nein merki um Flatagötur lengur, en þær hafa verið um 100 m norðan við Fleti 009.


NÞ-008-026 Horft til norðurs

Þýfður gras og lyngmói
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 3

NÞ-008:026 gryfja kolagröf
66°03.014N 16°57.579V
Gryfja er innan gerðis 038I, um 180m austan við tóft 038A og um 3,5km suður af bæ 001.
Í frekar þýfðu mólendi.
Gryfjurnar eru þrjár saman og eru um 10x3m að stærð, snúa í norður og suður og munu þær vera dýpst um 4m. Tvær gryfjanna eru 3x3m að stærð og er eins og lágt þil sé á milli þeirra og svo er minnsta gryfjan nyrst,um 2x1m að stærð.
Hættumat: engin hætta



NÞ-008-027 Horft til norð-vesturs

NÞ-008:027 gryfja kolagröf
66°03.065N 16°57.486V
Gryfja er 3,4km suður af bæ 001, um 150m austan við beitarhús 038R og þétt vestan megin við Reykjaheiðarveg 056 sem liggur frá bæ og suður á heiði.
Rétt hjá gryfjunni er vegarslóði og lækjarfarvegur en annars er landið frekar grösugt.
Gryfjan er svo til hringlaga og er hún um 7m í þvermál og um 4m á dýpt, hún er gróin lyngi efst en annars öll grasi vaxin. Hugsanlega er hér um kolagröf að ræða þó að það sé ekki alveg víst. Önnur gryfja er

8m sunnan við þá sem hér hefur verið líst og er hún lítið eitt egglaga, um 5x4m að stærð og um 2m á dýpt, öll grasi vaxin líka.
Hættumat: engin hætta


NÞ-008:028 *Höfði* heimild um býli 66°05.972N 16°56.737V
„… austan undir miðjum Höfðanum, rétt norðan við grundir þessar [þar sem Fletir og Geitagerði eru], votttar fyrir rústum, sem bera nafnið Höfði, og herma munnmæli, að þar hafi verið mannabústaður," segir í örnefnalýsingu. Rústir þessar eru nú horfnar með öllu, en þær munu hafa verið þar sem núverandi þjóðvegur liggur fram af höfðanum.
Þýfður gras og lyngmói. Vegur liggur yfir fornleifar.
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: LNÞ, 30

NÞ-008:029 tóftaþyrping verbúð 66°07.790N 16°57.303V
„Verskáli hefur hjer einn verið, sem nú er af fallinn," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekki koma aðrir staðir til greina en Fjallahöfn þar sem þessi verskálar gætu hafa verið. Þar eru 3 tóftir sem liggja um 10 m austan við beitarhúsin 010 á Húsahjalla við Fjallahöfn 012. Þær eru fremst á austurbakka hjallans.
Þýfður lyngmói á grónum hjalla við stórgrýtta fjöru.
Tóftirnar eru mjög signar og hlaupnar í þúfur. Þær eru allar svipaðar að stærð. Sú nyrsta er um 5x4 að stærð, sú í miðjunni er um 4x3 m og sú syðsta er um 5x4 m. Hleðsluhæð tóftanna er um 0,2-0,3 m. Tóftirnar eru þétt saman í röð á bakkanum og er hvergi meira en um 1 m á milli þeirra.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM XI, 276



NÞ-008-029

NÞ-008:030 garðlag varnargarður
„Túninu er hætt fyrir Fjallaá að hún hlaupi á það, en þó hefur henni hingað til orðið frá veitt, svo hún hefur ekki á því gjört stóran skaða," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Varnargarður er utan túns um 20 m vestan við Vesturhús 003.
Smáþýfður grasmói nálægt árbakka.
Garðurinn er um 60 m að lengd og um 1,5 m á breidd. Hleðsluhæð er um 1 m.Tvær tóftir eru sambyggðar garðinum við sinn hvorn enda hans. Sú nyrðri, 019, er stærri, um 9x7 m á stærð. Sú syðri, 020, er um 2x1,5 m á stærð og er niðurgrafin.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: JÁM XI, 276




NÞ-008-031

NÞ-008:031 tóft stekkur 6607.745N 1657.123V
Í fjörunni við Fjallahöfn 012 fyrir neðan, eða austan við

svonefndann Húsahjalla þar sem eru beitarhúsin 010 eru, er stekkjartóft.
Í fjöru og er stórgrýttur fjörukambur vestan við tóftina.
Tóftin er hlaðin úr grjóti og er um 20x12 m að stærð auk afhýsis sem er um 5x5 m. Hleðsluhæð er um 1.3 m. Ekkert er gróið yfir hleðslur.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 17

NÞ-008:032 tóft stekkur 66°04.484N 16°57.507V



NÞ-008-032


Stekkur er 800m suð-suð-vestan við bæ 001 og um 400m suð -suð-austan við Nónvörðu 036, hann er 8m austan við Reykjaheiðarveg 056 sem liggur frá bæ og suður á heiði.
Stekkurinn er í jaðrinum á sléttu túni, byggður upp við lágan bakka sem liggur meðfram túninu.
Stekkurinn er 17x7m að stærð og snýr norður og suður, hann er tvískiptur, er hólfið norðan megin 3x2m að innanmáli og snýr vestur og austur en hólfið sunnan megin er 8x3m að innanmáli og snýr norður og suður. Vesturhlið stekksins liggur að lágum bakka í landinu en þar sem honum sleppir tekur vegghleðsla við, kemur hún í dálítinn sveig til suðausturs og er þar jafnframt op á syðra hólfinu. Vegghleðslur eru um 60cm á hæð og um 1m á breidd, grasivaxnar svo að ekki sér í neinar vegghleðslur og til-tölulega lítið signar, botninn er nokkuð þýfður.


NÞ-008-032a Horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

NÞ-008:033 *Stekkjarhólar* tóftir stekkur 66°05.005N 16°56.464V
„Suður af henni [Fjallarétt 034] eru Stekkjarhólar," segir í örnefnaskrá. Stekkjarhólar eru um 80 m suður frá Fjallarétt (034). Það eru tveir hraunhólar og er djúp lægð á milli þeirra með gjám meðfram vestari hólnum, en út frá þeim eystri gengur valllendisbali og á honum eru tvær tóftir. Við norður- og suður- enda balans. Sú nyrðri er stærri og skiptist í 4 misstór hólf. Sú syðri er tvískipt.
Vallendisbali, umkringdur hrauni.
Nyrðri tóftin er um 24x24 mað stærð. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er nokkuð sigin en þó skýr og er hún fjórskipt. Syðri tóftin er um 15x7 m að stærð. Er hún mun verr farin og má rétt svo greina lögun hennar. Það litla sem gægist upp úr jörðinni nær í mesta lagi um 0,3 m hæð. Garðlag liggur á milli tóftanna eftir gjábarminum. Tæpir 15 m eru á milli tóftanna. Stærri tóftin virðist fremur vera rétt en stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 17

NÞ-008:034 *Fjallarétt* tóft rétt
6605.084N 1656.553V
„Þá skulum við fara heim undir bæ og byrja þar og taka nú austur á merki. Norðaustur frá bæ, rétt við veginn miðja vegu að Lóni eru Ytri-Fjallhóll og Syðri-Fjallhóll, suður af þeim er fjárrétt hreppsins, Fjallarétt.“ segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 700 m norðaustan við bæinn og sést vel frá honum.
Smáþýfður grasmói.
Réttin er um 70x55 m að stærð og er hleðsluhæðin1,65-1,70 m. Þykkt veggja er mest á útveggjum, um 2 m. Réttin er hlaðin úr hraungrýti. Hún var lögð af árið 1960.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 17



NÞ-008-034

NÞ-008:035 tóft
Tóft er um 50 m vestur af fyrirhuguðu vegarstæði, um 700 m norður af beitarhúsunum við Fjallahöfn, 010. Tóftin var ekki skrásett á vettvangi, en sést mjög vel á loftmynd.
Lyngmói, víða uppblásinn.
Út frá túlkun á loftmynd virðist tóftin vera um 20x10 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


NÞ-008-036 Horft til norð-austurs

NÞ-008:036 *Nónvarða* varða eyktamark
66°04.673N 16°57.736V
„Austan Kistufjalls eru Ytrienni, og á þeim er Nónvarða. Norðan hennar er melhóll, sem heitir Hnúta,“ segir í örnefnaskrá. Varðan er 550m suðvestan við bæ 001 og um 380m suðsuðaustan við fjárhús 005.
Varðan er á stóru malarholti nælægt bæ.
Varðan er 2x1m að stærð og snýr í norður og suður, er grjótinu hlaðið upp að stórum steini sem myndar norðurhlið vörunnar. Varðan er 7-8 umför og um 150cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 11


NÞ-008-037 Horft til vest-norð-vesturs

NÞ-008:037 *Skessugil* þjóðsaga tröllabústaður
66°03.138N 16°59.506V
„Og sunnan við hann [Þjófadal] er hrikalegt klettagil, sem heitir Skessugil, það kemur ofan úr Skessugilsbotni og stefnir til austurs. Vestan við Þjófadal er Efri-Skessuhnúta, en sunnan hans er Neðri-Skessuhnúta. Skessuhnútur eru kollóttir melhólar.

Sunnan við Nafa-fjall, austast, er Miðaftanshnútugil, sem er frekar lægð en gil og sunnan þess er Miðaftanshnúta, sem er 235m há og sunnan og vestan við hana er Skessugilskjaftur….Í Skessugili eru þrír fossar, var gengt bak við miðfossinn, þar var smáskúti og þar bjó skessan, sem þessi nöfneru dregin," segir í örnefnaskrá. Skessugil er 3,7km suðsuðvestan við bæ 001 og um 1,4km vestan við Fremri-Fjöll 038.
Þröng klettagjá og kemur lækur niður gilið sem á það sennilega til að sækka nokkuð hressilega í leysingum.
Ekki var farið alla leið upp í sjálfan skútan en hann mun vera á bak við miðfossinn, tekur hver fossin við af öðrum er neðsti fossinn sennilega hæstur en efsti fossinn lægstur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 12


NÞ-008:038 *Fremri-Fjöll* bæjarstæði býli 66°03.030N 16°57.817V



NÞ-008-038 Fremri-Fjöll séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Fremre Fioll kallast fornar girðíngar fram með fjöllum í F<j>alla landi, og rómast að þar hafi Fjöll í fyrndinni staðið, er ekki er þess getið hvar fyrir að bærinn hafi verið fluttur. Ekki má hér aftur byggja, því þetta eyðiból er mest allt í hrjóstur komið og viði vaxið." „Austan og sunnan við Miðaftanshnútu eru Beitarhús, þar stóðu Fjöll fyrrum og er það 1712 kallað Fremri-Fjöll, eru þar miklar byggingaleifar," segir í örnefnaskrá.
Fremri-Fjöll er tóftasvæði sem er 360x600m að stærð og er það um 3,5km sunnan við bæ 001, um 1,3km austan við Skessugil 037 og um 1,4km norðan við heystæði 056. Tóftasvæðið er afmarkað af garðlögum sem liggja aðallega sunnan og norðan við sjálft tóftasvæðið, garðlögin sem finnast að vestanverðu ná ekki saman á nokkuð stórum kafla og ekki finnast nein garðlög að austanverðu sem afmarka tóftasvæðið og má hugsa sér að mögulega hefur á afmarkað svæðið til austurs, það er þó með öllu óvíst.

Fremri-Fjöll NÞ-008:039




Tóftasvæðið er allt lyngvaxið, það er austan við lítinn gilskorning sem um rennur lítil lækjarspræna. Litlar gjár liggja um tóftasvæðið og er stefna þeirra allra norður-suður. Vegarslóði liggur og einnig í gegnum tóftasvæðið norðan frá bæ 001 suður á heiðarveg sem liggur eftir allri heiðinni.

Tóft A er syðst og vestast innan tóftasvæðisins og lítur hún einna helst fyrir að vera skáli eða langhús. Hún er 140m suðvestan við beitarhús S og 50m austan við tóft H.

Tóftin er í lyngvöxnu heiðarlandi.

Tóftin er mjög greinileg á ávalri hæðarbungu, hún er 44x15m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur og skiptist í 4-5 hólf. Norðaustast er hólf sem er 5x2m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur, liggur op frá því austarlega á suðvesturhlið að hólfi sem er 22x4m að innanmáli. Þetta stóra hólf snýr eins og tóftin og liggja tvö op frá suðvesturenda þess, annað er sunnarlega á norðvesturvegg og liggur að hólfi sem er 3x4m að innanmáli og gæti verið viðbygging. Hitt opið er fyrir miðjum suðausturgafli að hólfi sem er 9x3m að innanmáli, snýr það líka eins og tóftin. Auk opsins sem liggur að stóra hólfinu sem þegar hefur verið líst er annað op nyrst á norðvesturvegg sem liggur að litlu hólfi sem er 2x2m að innanmáli og er í sömu mögulegu viðbyggingu og áður hefur verið minnst á. Bæði hólfin sem eru í þessari umræddu viðbyggingu eru frekar óregluleg og mætti



NÞ-008-038A




NÞ-008-038 Tóft A séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

alveg eins halda að þar hafi bara verið eitt hólf og að frá því hafi legið tvö op að sitt hvoru rýminu.


Túngarðurinn B á Fremri Fjöllum er frekar flókin smíð, hann er í tveim hlutum sem ekki eru tengdir saman. Stærri hluti hans afmarkar suðurmörk tóftasvæðisins og við hann byggðar tvær tóftir E og F en auk þess eru garðlög hans látin afmarka nokkur gerði eða tún.

Túngarðurinn að sunnan er samsettur úr mörgum garðlögum sem afmarka nokkur gerði og verður hér fjallað um garðlögin með rómverskum tölustöfum en gerðin með bókstöfum eins og aðrar tóftir. Syðst er garðlag I, er það um 300m langt, er stefna þess austur og vestur og liggur það frá nokkuð brattri brekku og meðfram hæðum að svo til uppþornuðum árfarvegi sem virðist hafa afmarkað svæðið að austanverðu. Frá garðlagi I vestarlega liggur garðlag II til norðurs að tóft A og virðist það halda áfram norðan megin við tóftina að lækjarfarvegi sem þar er. Austarlega við garðlag I eru 4 gerði öll í hnapp, vestast af þeim er gerði D en austast er gerði I. Gerði D og I eru stærst en syðst á milli þeirra er gerði G. Í norðausturhorni gerðis G er tóft H og í norðausturhorninu á gerði D er gerði E. Frá gerði E liggur garðlag III til norðvesturs að sama lækjarfarvegi og garðlag II gerir, þessi lækjarfarvegur er núna þurr og hefur lækurinn fært sig lítið eitt norðar. Frá norðausturhorni austasta gerðisins liggur 50m langt garðlag sem hér nefnist VI, niður á uppþornuðum árfarvegi, þeim sama og garðlag I gerir og frá því miðju liggur garðlag V einnig niður að sama árfarvegi. Að norðanverðu er túngarðurinn mun einfaldari og er þar bar um tvö garðlög að ræða VI og VII. Garðlag VI virðist byrja 30m vestar en beitarhúsin 038 X og liggur þaðan í 100m til norðnorðausturs og liggur það nálægt bökkum yngri farveg læksins sem áður hefur verið nefndur. Hefur sá lækur tekið garðlag VI í sundur á einum stað. Eftir að hafa stefnt til norðnorðausturs í um 100m tekur það stefnuna til austurs niður að uppþornuðum árfarvegi, þeim sama og garðlag I liggur að. Frá norðurhlið garðlags VI liggur garðlag VII til norðurs í um 80m. Túngarðurinn er mikið til hlaupinn í þúfur en hann er um 2-2,5m á breidd og um 30-50 cm á hæð.



NÞ-008-038C


Þúst C er í lyngmóa, áföst garðlagi VI, um 170m norðnorðaustur af tóft 038A og um 50m norðnorðvestan við beitarhús S
Þústin gæti annað hvort verið gerði eða tóft, hún er um 11x3m að stærð að meðtöldum túngarði og snýr norðaustur og suðvestur. Greina má eitt hólf sem er 5x1,5m að innanmáli og op sem er syðst á suðausturveggnum. Túngarðurinn er mjög siginn á þeim kafla þar sem þústin er og eru vegghleðslur varla meiri en 20cm.
Gerði D er um 140m sunnan við beitihús S og um 70m suðaustan við tóft A. Það tengist túngarðinum, myndar garðlag I vestur og suðurhlið þess.
Vegghleðslur gerðisins eru svipaðar eða þær sömu og túngarðsins og afmarkar gerðið svæði sem er 30x50m að stærð. Í norðausturhorni gerðisins er annað minna gerði E og í suðausturhorni gerðis E er tóft F. Það liggur því beinast við að ætla að gerði D tóft F og gerði E hafi haft einhverja sameiginlega virkni.
Gerði E er í norðausturhorninu á gerði D, um 120m suður af beitarhúsum S og um 100m austsuðaustur af tóft A. Í suðausturhorninu á gerðinu er tóft F.
Vegghleðslur gerðisins eru svipaðar eða þær sömu og túngarðsins og afmarkar gerðið svæði sem er 11x10m. Op er á gerðinu að tóft 038F sem er í suðausturhorninu á gerðinu.
Það liggur því beinast við að ætla að gerði D tóft F og gerði E hafi haft einhverja sameiginlega virkni.



NÞ-008-038F

Tóft F er í suðausturhorninu á gerði E en í norðausturhorninu á gerði D. Tóftin er 100m austsuðaustur af tóft A og um 120m sunnan við beitarhús S.
Tóftin er 18x5m að stærð og snýr svo til í norður og suður, hún er tvískipt er nyrðra hólfið 6x3m að innanmáli en það syðra 10x2m að innanmáli. Á nyrðra hólfinu eru þrjú op, eitt fyrir miðjum vesturvegg og liggur það að gerði E, annað er fyrir miðjum austurvegg og stenst það á við opið á vesturveggnum. Þriðja opið er síðan fyrir miðjum suðurgafli og liggur að syðrahólfinu, á því er enginn suðurgafl lítur það helst fyrir að vera einhvers konar tröð að nyrðra hólfinu. Það liggur því beinast við að ætla að gerði D tóft F og gerði E hafi haft einhverja sameiginlega virkni.
Gerði G er austan við gerði D og vestan við gerði I og myndar garðlag I suðurhlið þess eins og á gerði D og gerði I. Það er um 140m sunnan við beitarhús S og um 130m suðaustan við tóft A.
Vegghleðslur gerðisins eru svipaðar eða þær sömu og túngarðsins og afmarkar gerðið svæði sem er 20x16m að stærð. Í norðausturhorni gerðisins er tóft H.
Tóft H er innan gerðis G í norðausturhorni þess, áföst norður- og austurvegg gerðisins, um 25m suðaustan við tóft F, um 150m sunn-


NÞ-008-038F Horft til suðurs




NÞ-008-038H



NÞ-008-038H Horft til suð-austurs

an við beitarhús S og um 135m austsuðaustan við tóft A.
Tóftin er 8x5m að stærð og snýr norður og suður, einföld og er 6x3m að innanmáli. Botninn er gróinn grasi, annars er tóftin öll gróin lyngi. Vegghleðslur eru um 1m á þykkt og um 30cm á hæð.
Gerði I er austan við gerði G og austasta gerðið við garðlagi I, er austast fjögurra gerða sem eru öll meira og minna sambyggð. Vegghleðslur gerðisins eru svipaðar eða þær sömu og túngarðsins og það afmarkar svæði sem er 50x50m að stærð.
Tóft J er alveg við fjallsrætur og er hún efst á tóftasvæðinu, 50m vestan við tóft A og 90m suðvestan við tóft K.
Tóftin er í lyngmóa við fjallsrætur, hallar landið til austurs en það er þó ekki bratt. Tóftin er í hvammi efst í landinu og þrengir landið að henni frá austri og vestri.




NÞ-008-038J

Tóft er 20x8m að stærð, tvískipt og snýr í norðaustur og suðvestur. Hleðsluhæð veggja er um 50cm og breidd um 2m.Veggir eru mjög ávalir og signir og er hún lynggróin sem umhverfi sitt og ber því lítið á henni. Op er á milli hólfa, er hólfið norðaustan megin 6x3m að innanmáli en hólfið suðvestan megin 7x3m að innanmáli og er á því annað op sem er fyrir miðjum suðvesturgafli. Síðan er hugsanlega annað op á suðvestur hólfinu nyrst á suðaustur langhliðinni en það er þó nokkuð óljóst.



NÞ-008-038J Horft til suð-suð-austurs




NÞ-008-038K



NÞ-008-038K Horft til aust-suð-austurs

Tóft K er um 50m vestsuðvestan við beitarhúsin 038 S og um 40m norðan við tóft A.
Tóftin liggur ofarlega í landi sem hallar til austurs, hún er nærri fjallsrótum og er í lyngvöxnum móa.
Tóftin er 16x6m að stærð, einföld, um 12x4m að innanmáli og snýr í vestnorðvestur og austsuð-austur. Vegghleðslur eru mjög rúnnaðar og signar, er ytra byrðið óljóst en innrabyrðið greinilegra, eru vegghleðslur um 30cm á hæð og um 2m á breidd. Tóftin er öll vaxin lyngi sem og umhverfi hennar og ber því lítið á henni.
Tóft L sást ekki á vettvangi en sást af loftmynd, hún er um 90m norðnorðaustan við beitarhús S, um 18m suðvestan við tóft M og um 90m vestan við tóft O. Hún er mjög óljós en gæti verið tvískipt, um 25x10m að stærð og snýr svo til norður-suður.
Tóft M sást ekki á vettvangi en sást af loftmynd, hún er um 120m norðnorðaustan við beitarhús S, um 18m norðaustan við tóft L og um 70m vestan við tóft O. Hún er mjög óljós en gæti verið tvískipt, um 20x10m að stærð og snýr svo til norður-suður.
Tóft N er 190-200m norðaustan við tóft 038X og um 50m norðan við tóft 038O, hún er austan við vegarslóða sem liggur frá bæ 001 suður á heiði.
Tóftin er í sléttum lyngvöxnum móa.




NÞ-008-038N

Tóftin er 29x8m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún er einföld um 24x4m að innanmáli og breiðust fyrir miðju, minnir hún töluvert á skála. Vegghleðslur eru greinilegar en þó mun innrabyrðið vera skýrara en það ytra, eru veggir um 60cm á hæð og um 2m á breidd og nokkuð rúnnaðir. Tvö op eru á tóftinni, er annað nyrst á austur langhliðinni en hitt vestarlega á suður gafli. Tóftin er á kafi í lyngi og sér ekki í neinar grjóthleðslur, fellur tóftin ágætlega að umhverfi sínu. Sunnan við miðja tóftina er stór þúfa sem er um 2m að lengd og gæti kannski hafa verið eldstæði.



NÞ-008-038N Horft til norð-norð-austurs

Tóft O er 60m sunnan við tóft 038N, um




NÞ-008-038O



NÞ-008-038O Horft til norðurs

20m norðan við tóft 038P og um 160m austnorðaustan við tóft 038 X, hún er austan við vegarslóða sem liggur frá bæ 001 og suður á heiði.
Tóftin er í lyngvöxnum móa en rétt austan við tóftina er sléttur grasvöllur sem er umkringdur grónu hrauni til austurs og suðurs.
Tóftin er 12x9m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð veggja eru um 50cm á hæð og breidd er um 2m, eru þeir signir og rúnnaðir. Tóftin er einföld, um 8x5m að innanmáli og er op á henni sunnarlega á austurhlið. 11m vestan við norðurgafl tóftarinnar er hola eða gryfja sem gæti hafa verið brunnur.
Tóft P er 150m austnorðaustan við tóft 038X og um 17m sunnan við tóft 038O, hún er um 20m austan við vegarslóða sem liggur frá bæ 001 og suður á heiði.
Tóftin er í sléttum og grösugum grasmóa.



NÞ-008-038P



NÞ-008-038P Horft til norðurs

Tóftin er 13x7m að stærð tvískipt og snýr svo til í norður og suður. Hleðsluhæð veggja er um 60cm og er breidd þeirra um 2m, eru þeir signir og rúnnaðir og nokkuð óreglulegir, ekki sást í neitt hleðslugrjót. Syðra hólfið er 5x3m að innanmáli og það nyrðra er 3x3m að innanmáli, er op á milli þeirra og svo er annað op á nyrðrahólinu um norðausturhornið. Nyrst, vestan megin við tóftina er djúp hola eða gryfja sem er 3x2m að innanmáli og um 70cm á dýpt, mjókkar hún



NÞ-008-038Q Horft til suð-suð-vesturs




NÞ-008-038R Horft til suð-vesturs

til suðurs. Mögulega hefur hún verið notuð sem brunnur.

Garðlög Q eru austan við gerði I, þau eru 2 og snúa bæði austur-vestur. Þau virðast hafa verið byggð milli tveggja gjáa og kemur það syðra svo til í beinu framhaldi af garðlagi I en það nyrðra í svo til beinu framhaldi að garðlagi IV. Þau afmarka því svæði sem er 40x60m að stærð og snýr það vestur-austur. Þau eru frekar ógreinileg, sigin og rúnnuð, um 2m á breidd og um 50cm á hæð.

Garðlag R er um 70m norðaustan við nyðra garðlag Q, um 140m suðaustan við tóft P og um 230m austan við beitarhús S. Þetta garðlag er um 200m á lengd, virðist liggja milli tveggja gjáa og snýr í austur-vestur. Það virðist mun heillegra en túngarðurinn B, er um 60 cm á hæð og um 150 cm á breidd.

Heimildir: JÁM XI, 277; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 13




NÞ-008-038S

NÞ-008:039 *Seljadalur* tóft sel 66°01.259N 58.171V

Sunnan Sökkufjalls, sunnan gilsins, er Víðilækjarhnúkur. Sunnan hans er Ennismýragil, eftir því er Ennismýralækur. Þetta er sunnan Háskálafjallsins, sem fyrr getur, og norðan Grjótfjalls. Suðaustur frá Ennismýragilskjafti eru Ennismýrar. Þar fyrir vestan, hærra uppi, eru svo Efri-Ennismýrar. Austur af Ennismýrum er Ennismýraöxl. Og suður af henni, upp með hæðinni, er Seljadalur, þar var engi og þar eru merkieftir sem; vestan við Seljadal er Seljadalshnjúkur, segir í örnefnaskrá. Tóft er um 6,8km sunnan við bæ 001 og um 480m suðvestan við tóft 067.

Tóftin er í litlum dal með góðu undirlendi eða sléttlendi innst, rennur lítill lækur eftir dalnum rétt norðaustan við tóftina.

Tóftin er 8x4m að stærð, einföld og snýr í suðvestur



NÞ-008-039

og norðaustur, op er vestast á norðausturgaflinum. Nokkuð stór þúst eða pallur sem er 3x6m að stærð er áföst tóftinni að vestanverðu, skrásetjara datt í hug að kannski hafi það verið notað sem heystæði. Tóftin virðist vera byggð á smá hól. Vegghleðslur eru signar en greinilegar, um 1m á breidd og um 30cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 13-14


NÞ-008-039 Horft til suð-vesturs

NÞ-008:040 *Varnabrekkur* þjóðsaga
65°59.716N 16°59.838V
„Suðvestur af Áföngum eru Varnarbrekkur. Og austan þeirra er Varnabrekkudalur og austan dalsins er Varnabrekkuás, „ segir í örnefnaskrá. Varnarbrekkur heita svo því að þar varðis maður árás ísbjarnar sem hafði þó betur fyrir rest, er greint frá þessum atburðunm í örnefnaskrá Fjalla. Varnarbrekkur eru 9,8km sunnan við bæ 001 og um 900m norðar er Kerlingarskora.
Stórgrýtt landsvæði sem hallar til norðausturs, gróið en víða stór rofabörð í því. Vegur liggur um Varnarbrekkurnar suður að heiði. Hnitið er tekið á veginum efst í Varnarbrekkunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 14


NÞ-008-040 Horft til norð-austurs

NÞ-008:041 *Krosshóll* örnefni
66°01.961N 16°57.173V
„Suðvestur af Áföngum eru Varnarbrekkur. Og austan þeirra er Varnabrekkudalur og austan dalsins er Varnabrekkuás…(Ath: Varnabrekkur munu heita Varðnabrekkur, kennt við vörður, og Krossvarða á að vera þarnar einhversstaðar.)“ segir í örnefnaskrá. Þetta mun ekki vera rétt því Varnabrekkur mun vera réttnefni, þar eru engar vörður og Krossvarða er rangnefni á Krosshól. Krosshóll er 5,5km beint suður af bæ 001 og um 1,5km norðnoðraustur af Seli 039.
Stór og áberandi hraunklöpp í sléttu og grónu hrauni.
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 14


NÞ-008-041 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-008:042 *Kerlingarskora* þjóðsaga draugur 65°59.238N 17°00.068V
„Norðan við Skeiðsand, vestan vegar, er Kerlingarskora, þar varð úti kerling, er dustar þar enn pilsin í illviðraham,“ segir í örnefnaskrá. Kerlingarskora er grunnur gilskorningur sem er

10,7km suðsuðvestur af bæ 001 og 3,3km norðnorðaustur af Selklett 043.
Grunnt gil sem er lítið sem ekkert gróið, stórgrýtt og liggur vegur um það.
Skoran er alveg við veg sem liggur suður á heiði.
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 15




NÞ-008-042 Horft til norðurs

NÞ-008:043 *Rauðhóll* varða landamerki 65°57.509N 16°58.196V
Á Rauðhól er landamerkjavarða milli Fjalla og Víkingavatnstorfunnar, er hún 13,7km sunnan við bæ 001 og um 2,5km austan við Sæluhúsmúla SÞ322_052.
Varðan er á frekar bröttum og grýttum hól sem er lítt gróinn.
Varðan er 1x1m að stærð og um 90cm á hæð, hún er ekki sérlega vel hlaðin en er steypt svo að hún hrynur sennilega ekki í bráð. Hún er 5-6 umför og er á henni áletruð plata sem á stendur „Rauðhóll landamerki 1999".
Hættumat: engin hætta



NÞ-008-043 Horft til vesturs

NÞ-008:044 *Selklettur* tóft sel 66°03.395N 16°59.951V
„Vesturgrund er allstórt svæði, nyrzt og austast á henni er Illibali…Syðst æa Vesturgrund, austan vegar, er Grundarhóll, austan hans er Selklettur og við hann er Sel, ævagamalt, …



NÞ-008-044

Vesturgrund og Austurgrund voru áður í heild nefndar Beitarhúsagrund. Á þeim var heyjað handa fénu, sem var á beitarhúsunum," segir í örnefnaskrá. Tóft er um 2,8km sunnan við bæ 001 og um 800m norðaustan við Fremri-Fjöll 038. Tóftin er suðvestan




NÞ-008-044 Horft til suð-suð-austurs

megin við gróna klettaborg sem stendur í túni og er hún alveg þétt upp við hana.
Tóftin er í flötu en smáþýfðu túni.
Tóftin er 8x6m að stærð, einföld og snýr vestnorðvestur og austsuðaustur, vegghleðslur eru frekar skýrar 1-2m að breidd og um 40cm á hæð og er op á tóftinni fyrir miðjum austsuðausturgafli. Tóftin er öll grasi gróin og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur, suðurhlið hennar er þykkari en aðrir veggir eða um 2m og síðan liggur vestur gafl tóftarinnar upp að klettinum en hann ekki látinn mynda vesturgaflinn. Eru vegghleðslur signar og rúnnaðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 16

NÞ-008:045 *Gamlarétt* tóft rétt 66°04.746N 16°55.770V
„Yxnishólar eru samhangandi hólaröð og eru eins og slöður á milli þeirra. Vestan þeirra er SWkollhóll. Norðvestan hans er Brekka. Austan hennar, sunnan Sultargötu, er Gamlarétt," segir í örnefnaskrá. Gamlarétt er 1,2km vestnorðvestan við bæ 001 og um 700m suðaustan við stekk 033.


NÞ-008-045 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-008-045

Réttin er byggð ofan í littlum frekar grunnum hvammi sem umlykur hana til suðurs, vesturs og norðurs.
Réttin er um 47x34m að stærð, snýr svo til í norður og suður. Húnskiptist í almenning sem er um 29x16m að innanmáli og svo 6 dilka, eru 3 dilkar sunnan megin við almenningin en 3 austan megin við hann. Allir eru dilkarnir svipað stórir, sá minnsti er um 6x8m að innanmáli og sá stærsti er um 10x12m að innanmáli, ein lítil kró er síðan við norðvestur horn réttarinnar og er hún um 6x4m að innanmáli. Vegghleðslur eru mjög misjafnar, sumar eru frekar mikið signar meðan aðrar eru brattar og stöndugar en þær eru þó alltaf um 2m að breidd og þar sem best lætur um 1m á hæð. Norðvestur hlið réttarinnar liggur að brattri brekku og eru vegghleðslur þar bara að hluta og þá byggðar upp í brekkuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 18

NÞ-008:046 *Digravarða* varða óþekkt 66°03.777N 16°55.620V
„Skógarhæðir ná alllangt suður að svonefndum Hnyklabrekkum. Framhald Hnykklabrekkna, vestan Guðfinnugjár, eru Litlubrekkur. Norðurendi Hnyklabrekkna er kúlumyndaður og minnir á hnykil. Norðan Hnyklabrekkna, vestan til, er Digravarða, „ segir í örnefnaskrá. Digravarða er 2,4km suðsuðaustur af bæ 001 og um 1,8km sunnan við Gömlurétt 045.



NÞ-008-046 Horft til norð-norð-vesturs


Varðan er á stórri hraunhæð sem er slétt og frekar lítið gróin, hlíðar hennar eru þó grónar kjarrgróðri.
Varðan er frekar vel hlaðin, hún er 2x1m að stærð, snýr austur og vestur og er um 50-60cm á hæð. Hún er hlaðin úr frekar smáu grjóti og er aðeins farið að hrynja úr norðurhlið hennar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 18

NÞ-008:047 frásögn stekkur 66°04.522N 16°57.484V
Stekkur er sagður hafa verið um 50m norðar en stekkur 032 og 720-730m suðsuðvestan við bæ 001, er búið að slétta yfir hann og sér ekki lengur til hans. Var hann sléttaður undir tún.
Í túni
Ekkert sér til minja.
Hættumat: engin hætta

NÞ-008:048 tóft fjós 66°01.403N 16°57.649V



NÞ-008-048 Horft til norð-austurs



NÞ-008-048

Lítil tóft er utarlega í Seljadal um 470m norðaustan við sel 039 og um 6,5km suður af bæ 001. Tóftin er í litlu gildragi við mynni Seljadals.
Tóftin var byggð sem bás fyrir eina kú og síðan var bara tjaldað yfir, var farið í þessar framkvæmdir þegar verið var að breyta Reykjheiðarvegi í akveg fyrir bifreiðar. Tóftin er 3x1,5m að innanmáli og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur og snýr tóftin þvert á gilskorninginn sem hún er í þannig að veggir gilsins eru látnir mynda gafla tóftarinnar en eiginlegar vegghleðslur eru bara tvær. Langhliðarnar eru um 6m langar en op er á þeirri vestari fyrir miðju, vegghleðslurnar eru um 50cm á hæð og um 1,5m á breidd. Dálítil dæld er syðst innan tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-008:049 *Biskupsvarða* varða landamerki
66°05.020N 17°04.641V
„Þar ofar er svo, er hærra dregur á Tunguheiðarvegi [NÞ-008:048], Tunguheiði. Vestan Gerðibrekku er Biskupsás. Á honum eru margar vörður og heitir sú vestasta Biskupsvarða. Um hana eru landamerki," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 5,6 km vestan við gamla bæjarhólinn á Fjöllum en á honum stendur íbúðarhús byggt 1935.
Varðan er efst og vestast á stórgrýttum malarás, vestan hans eru Lambatorfur, grunnur dalur með litlu vatni í. Liggur vörðuð leiðin sunnan við vatnið til norðvesturs.


NÞ-008-049 Horft til vesturs

Varðan er 1,5x1,5m að stærð og um 1,5m að hæð, hún er um 8 umför, vel hlaðin og svo til alveg hringlaga. Stærri steinar eru neðst og smærri efst en samt er frekar jafnstórt grjót í vörðunni allri. Hún er öll vaxin skófum og mosa og er ekkert hrunin. Sunnan og suðvestan við vörðuna er nokkuð um hvítar tuskuleifar sem glittir í undan steinum og munu þær vera afgangar af léreftspokum sem settir voru hjá vörðunni í þeim tilgangi að sjá mætti staðsetningu vörðunnar við loftmyndatöku. Var þetta gert í tilraunaskyni til að merkja landamæri og var þetta tilraunaverkefni milli Landnáms Íslands og Landmælinga Íslands.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 7


NÞ-008:050 brú samgöngubót
66°04.526N 17°02.074V
Lítil brú hefur verið hlaðin þvert yfir lítinn gilskorning um 3,9km vestsuðvestan við bæ 001 og um 2,2km austsuðaustan við Biskupsvörðu 049. Er brúin á Túnguheiðarvegi. Brúin liggur yfir þröngan en grunnan gilskorning.
Brúarhleðslan er um 8m löng og um 2m breið, er hleðslan um 2 umför að norðan verðu upp í gilið en 3 umför að sunnan og neðanverðu, hæst er hleðslan um 60-80cm og liggur í austur og vestur.
Hættumat: engin hætta


NÞ-008-050 Horft til suðurs

NÞ-008:051 brú samgöngubót
66°04.590N 17°00.913V
Lítil brú hefur verið hlaðin þvert yfir lítinn gilskorning um 3,7km vestsuðvestan við bæ 001, um 3km austsuðaustan við Biskupsvörðu 049 og 880m austar en brú 050. Er brúin á Tunguheiðarvegi.
Brúin er í þröngu dalverpi og liggur yfir þröngan gilskorning sem hefur stefnuna vestur-austur.


NÞ-008-051 Horft til norð-norð-austurs

Brúin er torfhlaðin, 2m að lengd og um 1,5m að breidd, hún er í miðju litlu dalverpi og snýr í norður og suður. Hleðsluhæð hennar þar sem hún er hæst er um 40cm.
Hættumat: engin hætta



NÞ-008-052 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-008:052 *Illibali* tóftaþyrping óþekkt
66°03.589N 16°57.155V
„Vesturgrund er allstórt svæði, nyrzt og austast á henni er Illibali," segir í örnefnaskrá. Nyrst á Vesturgrund, vestan við uppþornaðan læk er tóftasvæði. Það er um 2,4km sunnan við bæ 001 og um 400m norðnorðvestan við Selklett 044.
Tóftasvæðið er í hæðóttum móa á bökkum uppþornaðs lækjar.
Á Illabala er ein tóft og partur af gerði, er tóftasvæðið um 17x8m að stærð. Tóftin er einföld, 7x4m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, vegghleðslur eru skírar, yfirleitt lítið eitt hærri að innanverðu, er hleðsluhæð um 90cm en breidd um 1m. Ekki sjést hleðslugrjót í veggjum og ekkert greinilegt op er á tóftinni, veggir eru lyngvaxnir en í botninn er gróin grasi. Vegghleðslur eru 3m suðsuðvestan við tóftina sem líta einna helst út fyrir að vera partur af gerði en það er eins og brotnað hafi úr bökkum læksins sem tóftirnar standa á og er sennilegast að hluti af gerðinu hafi brotnað út í lækinn frekar en að lækurinn hafi verið notaður sem aðhald á móti vegghleðslunum. Vegghleðslurnar eru tvær, norðurveggur sem er um 8m langur og vesturveggur sem er 7m langur, vegghleðslur eru mjög svipaðar og tóftarinnar um 90cm á hæð og um 1m á breidd. Ekkert greinilegt op er á gerðinu en við utanverðan norðurvegginn, austarlega er eins og lítil upphleðsla eða rampur sem er um 1,5m á lengd og um 1m á breidd.


NÞ-008-052 Horft til norð-norð-austurs


Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 16

NÞ-008:053 garðlag áveita
66°03.569N 16°57.398V
Garðlag er all nærri fjallshlíð, um 2,5km sunnan við bæ 001 og um 190m vestan Illabala 052, austan við vegarslóða sem liggur frá bæ suður á heiði.
Í túnjaðri við fjallsrætur.
Garðlagið er um 33m að lengd og varla mikið meira en 50cm á breidd og um 30cm á hæð, það aðskilur slétt grasi vaxið tún og móa og er hlaðið úr torfi og grjóti. Garðlagið hefur að öllum líkindum verið hlaðið sem áveita.


NÞ-008-053 Horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

NÞ-008:054 tóft heystæði 66°02.314N 16°58.126V
Tóft er 4,8km sunnan við bæ 001, 1km norðvestan við Krosshól 041 og um 600m vestan við vörðu 055.
Tóftin er í suðvestur jaðrinum á litlu túni sem er í frekar þröngum dal, hallar landið til norð-austurs.
Tóftin er 5x3m að stærð og snýr vest-suðvestur og aust-norðaustur, hleðslu-hæð veggja er um 30cm og breidd um 1m. Tóftin sem er á kafi í snarrót en hefur samt ágætlega skarpt ytrabyrði, hún er hlaðin úr torfi en sökum gróðurs er ekki hægt að sjá neina grjóthleðslu. Hún er einföld og var ekki hægt að greina neitt op á henni, hefur tóftin sennilega verið byggð sem heystæði.



NÞ-008-054


NÞ-008-054 Horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

NÞ-008:055 varða óþekkt
66°02.393N 16°57.357V
Varða er 4,7km sunnan við bæ 001, um 1,2km suðsuðaustan við tóft 038A og um 600m austan við heystæði 054.
Varðan stendur á hraunklöpp sem er ágjætlega gróin nema ef til vill sú hlið sem snýr til norðausturs.
Varðan er um 1,2x0,90m að stærð og um 170cm á hæð, hún er 9 umför og hlaðin úr hraungrýti. Reykjahlíðarvegur sem er gamall reiðvegur er norðvestan við vörðuna og sést hún vel frá veginum.


NÞ-008-055 Horft til norð-vesturs

Hættumat: engin hætta

NÞ-008:056 *Reykjaheiðarvegur* gata leið
66°03.023N 16°57.482V
Vegurinn yfir Reykjaheiði frá Húsavík að Fjöllum er ekki nema 35km. Hann liggur fyrst suður brekkurnar upp frá Húsavík, fram hjá Botnsvatni og upp á Grjótháls. Þaðan fram hjá Höskuldsvatni (kennt við Höskuld landnámsmann, sem drukknaði þar), suður á Hellur. Uppi undir fjöllunum gengt því, er vegurinn liggur út á Hellurnar, er dálítil iðagræn kvos. Þar heita Grísatungur og þar eru húsarústir nokkrar. Þar lá reiðvegur um áður. Af Hellunum er beygt til austurs fyrir endann


NÞ-008-056 Horft til suð-suð-vesturs

á fjallgarðinum. Heitir þar Sæluhúsmúli [SÞ-250B:059] fremst og dregur nafn sitt af því að þar var áður sæluhús," segir í Árbók ferðafélags Íslands 1941. „Frá Fjallabæ liggur og vegur fram með Fjöllum og fram á svonefndan Bláskógarveg," segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjasýslna. Við þetta er litlu að bæta nema að frá bæ 001 og suður á heiði að umræddum Sæluhúsmúla er þessi vegur enn bílfær. Upphafleg var hann reiðvegur en snemma á 20. öld var hann gerður ökufær bifreiðum og var honum lítils háttar breytt í kjölfarið, má enn sjá reiðgötuna á nokkrum stöðum í nágrenni við veginn.
Gatan liggur um tún og lyngvaxinn móa.
Reykjaheiðarvegur er eða var akfær og er það enn alla vega frá bæ að Fjöllum og að Sæluhúsmúla, En víða má sjá gömlu reiðgötuna vestan vegar. Þar sem hnitið var tekið mátti greina 5-6 götur sem liggja saman og er um það bil 1m á milli þeirra, þær eru grónar í botninn og eru um 10 - 20cm djúpar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÞ, 219; Árbók ferðafélags Íslands

NÞ-008:057 garðlag óþekkt66°02.297N 16°57.459V



NÞ-008-057 Horft til aust-suð-austurs

Garðlag er 4,8km sunnan við bæ 001, um 200m suður af vörðu 055 og um 550m norðan við Krosshól 041. Það er austan við Reykjahlíðarveg 056 sem er vegarslóði sem liggur frá bæ 001 og suður á heiði.
Garðlagið liggur um þýfðan móa.
Garðlagið er ógreinilegt, svo til alveg útflatt og víða sprungið og hlaupið í púfur, það er um 2m á breidd og um 30cm á hæð þar sem best lætur. Talið er að þetta garðlag hafi jafnvel náð óslitið til Ásbyrgis en ekki hefur þó enn tekist að fylgja því alla þá leið.

NÞ-008:058 *Tunguheiðarvegur* vegur leið 66°04.554N 17°02.451V
„Þar ofar er svo, er hærra dregur á Tunguheiðarvegi, Tunguheiði. Vestan Gerðibrekku er Biskupsás. Á honum eru margar vörður og heitir sú vestasta Biskupsvarða," segir í örnefnaskrá. „Vegurinn yfir Tunguheiði liggur frá Syðri-Tungu á Tjörnesi og er fyrst yfir móa og mýrarsund að fara. En svo tekur við Skarðsbrekka, löng og allhá, og þar byrjar heiðin. Er vegurinn yfir hana



NÞ-008-058 Horft til aust-suð-austurs

varðaður. Ekki getur leiðin talizt skemmtileg, því að hún er grýtt og gróðurlaus, vegna þess, hve hún er há. Á háheiðinni er slétta nokkur, sem kallast Lambatorfur. Er þar oft leysingablá fram eftir öllu sumri. Fyrir austan þessa sléttu rís Biskupsás, hár háls á háheiðinni (532 m)… Nú hallar undan fæti niður í Gerðibrekku, sem gengur norður úr Sauðafelli og nær alla leið fram á björgin fyrir innan Bangastaði. Þetta er mesta brekkan á leiðinni…Skammt neðan við brekkuna er djúpt gil og allillt yfirferðar. Það heitir Spóagil og gengur það gil út í gil það, er Fjallaá hefir sorfið nær því

þvert í gegnum fjöllin fyrir neðan Gerðibrekku. Þegar upp úr Spóagili kemur, taka við aðlíðandi brekkur. Fer nú að verða grösugt og fagurt umhorfs, skógarkjarr og grænar hlíðar alla leið niður á jafnsléttu, en þar stendur bærinn Fjöll og eru þar sléttar grundir út og suður með fjöllunum, „ segir í Árbók Ferðafélags Íslands, 1941.
Tunguheiðarvegur er varðaður eins og fram kemur hér að ofan og liggur hann milli Fjalla í Kelduhverfi og Syðri-Tungu á Tjörnesi og má enn fylgja þessum vegi sem er enn mjög greinilegur, þá hefur hann einnig verið stikaður og er hann jafnan kallaður almannavegur. „Fyrritíma samgönguleiðir lágu bæði um Reykjaheiði og Tjörnes og einnig var Tunguheiðin fjölfarin, frá Fjöllum að Syðri-Tungu á Tjörnesi. Var sú leið allerfið með hesta en mikið farin af gangandi fólki, enda langstyst," segir í Landi og fólki.

NÞ-008:058A Varða er 4km vestsuðvestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001, í hlíðum malarholts. Varðan er 2x1m að stærð og snýr norður-suður, hún er um 1m á hæð. Varðan er ekki vönduð smíð, lítur reyndar frekar út eins og hrúga af grjóti.
NÞ-008:058B Varða er 4,2km vestsuðvestur af vestsuðvestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 60m vestsuðvestur af vörðu A. Varðan stendur á malarholti og er hún svo til alveg hringlótt, 2x2m að stærð og um 1m á hæð. Hún er um 4-5 umför og er frekar stórt grjót í henni.


NÞ-008-058A Horft til suð-austurs

NÞ-008:058C Varða er 4,3 vestsuðvestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 180m vestsuðvestur af vörðu B. Varðan er á malarrifi og er hún 2x1m að stærð og snýr austur-vestur, hún er um 60cm á hæð og um 5-6 umför og er hlaðin úr mjög misstóru grjóti.
NÞ-008:058D Varða er 4,7km vestsuðvestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 400m vestsuðvestur af vörðu C. Varðan er á beru malarholti. Varðan er 1x1m að stærð og er svo til ferhyrnd og strýtulaga. Hún er ágætlega vel hlaðin og hefur verið valið í hana frekar jafnstórt grjót. Hún er um 80cm á hæð og um 8 umför.


NÞ-008-058D Horft til austurs

NÞ-008:058E Varða er 4,7m vestsuðvestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 50m vestsuðvestur af vörðu D. Hún er á stórgrýttu malarholti. Varðan er um 1,5x1m að stærð, snýr í austur-vestur og er ágætlega hlaðin og er um 1m á hæð.
NÞ-008:058F Varða er 4,8km vestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 60m vestsuðvestur af vörðu E.
NÞ-008:058G Varða er 4,8km vestur af bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 55m vestsuðvestur af vörðu F og er hún á stórgrýttu malarholti.
NÞ-008:058H Varða er um 4,9km vestan við bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 45m norðvestur af vörðu G og stendur á malarholti. Varðan er 1,5x1,5m að stærð og um 70cm á hæð. Það er frekar jafnstórt grjót í henni og má telja um 8 umför.

NÞ-008:058I Varða er um 5,2km vestan við bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 380m norðvestur af vörðu H.
NÞ-008:058J Varða er um 5,2km vestan við bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 50m norðvestur af vörðu I.
NÞ-008:058K Varða er um 5,2km vestan við bæ á Fjöllum NÞ-008:001 og um 40m norðvestur af vörðu J.
NÞ-008:058L Leiðin liggur austan við Biskupsvörðu NÞ-008:049.Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 18; Árbók Ferðafélags Íslands 1941, bls14; Land og fólk, 227; SSÞ:, 219

NÞ-008:059 *Áfangar* örnefni áfangastaður 66°00.732N 16°58.659V
„Suðvestur af Seljadal [039] eru Áfangahlíðar, og suðvestur af þeim eru Hellnagil, þurrt, nema í leysingum. Við mynni þess er Ytri- Áfangi, og sunnan við hann er Syðri-Áfangi, um hann liggur Reykjaheiðarvegurinn [056],“ segir í örnefnaskrá. Áfangar eru um 1,1 km sunnan við Seljadal og um 7,8 km sunnan við bæ.
Stórþýft frekar slétt svæði við dalmynni.
Reykjahlíðarvegur liggur inn dalinn en annars sjást engar fornleifgar á þessum stað.
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 14

NÞ-008:060 gata leið 66°03.416N 16°55.473V




NÞ-008-060 Horft til norðurs

Gata liggur suður frá Lóni NÞ-010 austan Guðfinnugjár og suður á heiði. Austan Áfanga 059 klofnar gatan og liggur þar yfir Garðsstíg NÞ-016:031. Ekki var öll gatan gengin, heldur einungis lítill partur eða um 400m sem er um 1,1 km austan við Selklett og 2,8 km suðsuðaustan við bæ 001.
Stórþýft mólendi.
Þar sem leiðin var gengin mátti greina tvær götur, um 20cm á breidd hvor en samanlagt var gatan um 1m að breidd og um 30cm að dýpt. Þær eru frekar greinilegar, sjást vel af loftmynd og svo til ógrónar í botninn.

Auðbjargarstaðir, Kelduneshreppi

Stærð túna: vantar upplýsingar
Þar af slétt: vantar upplýsingar
Stærð matjurtagarða: ? m2



NÞ-009 Auðbjargarstaðir

1712: Hjáleiga frá Fjöllum. „Audbiargarstader, önnur hjáleiga út frá hinni. Bygð fyrir manna minni í úthögum, og atla menn þetta hafa verið jörð í fyrndinni, so sem líklegt sýnist af girðíngum sem hjer er(u) í kríng, úrskift einasta að túni og útslægjum.“ JÁM XI, 277. 1840: „Auðbjargarstaðir, 6 hundruð …“ SSÞ, 216. „Bærinn Auðbjargarstaðir stendur á neðsta hjalla Brekknanna við suðvestur-horn Lóns-lóna. Er hjallinn lítill ummáls og er nefndur Höfði. … Jörð þessi á óskipt land með Fjöllum, en túni og engjum skipt. Er hún að fornu mati 1/6 alls landsins.“ LNÞ, 28-29. „Bærinn stendur á Höfða við suðvesturhorn Lónslóna, við rætur Auðbjargarstaðabrekku … Jörðin er fornt býli, byggt úr landi Fjalla og átti einn sjötta af landi og hlunnindum sem var óskipt. … Silungsveiði á jörðum í lónunum og reka norður með Tjörnesi austanverðu. Þá hafði jörðin nytjar af engjum í svonefndum Illatanga í Víkingavatni hér fyrrum, en það er nú aflagt.“ Land og fólk, 230.

1712: „Útgangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema túninu grandar hjer ekki, en engið fordjarfar einn lækur með grjóts og sands áburði, so það er lítið til þess að gera.“ JÁM XI, 277. Tún Auðbjargarstaða er slétt og véltækt. Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2 „Engjar hennar eru fremur litlar, heima aðeins lítil grund og brekkur, ennfremur lítill mýrarblettur, en hæst uppi í fjöllunum mýrlendur fláki, en nefnist Fremri-Víðáttur, vaxinn broki og ljóslykkju; gaf af sér í beztu árum 25-30 hesta. … Land það, er Auðbjargarstaðir nota til beitar, er fremur gott, einkum á vorin, en snjóþungt. Bezt betrarbeitin ofan við Auðbjargaststaðabrekku …“ LNÞ, 29

NÞ-009:001 *Auðbjargarstaðir* bæjarstæði bústaður 66°05.831N 16°57.512V



NÞ-009-001 Horft til suð-vesturs

Núverandi íbúðarhús er talið standa á gamla bæjarstæðinu. Eystri hluti þess er eldri, byggður árið 1916. Vestari hlutinn er byggður 1975. Ekki er búið lengur á jörðinni, en afkomendur systur síðasta ábúanda nýta húsið sem sumarbústað.

Í túni. Grunnur, handgrafinn kjallari er undir eystri hlutanum. Hlaðnir veggir eru í kjallaranum. Staðurinn sem íbúðarhúsið stendur á er full sléttur til þess að hægt sé að segja að hér sé um bæjarhól að ræða. Sunnan megin við húsið er hins vegar dálítill hóll sem er rústalegur að sjá. Þar er nú matjurtagarður og má greina þar hleðsluleifar. Á gamalli mynd af bæjarstæðinu sést torfkofi á þessum hól og vindmylla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2

NÞ-009:002 heimild um hesthús 66°05.858N 16°57.586V

„… vestur af bænum í túninu var hesthús, sem er horfið …“ segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m norðvestur af bæjarstæðinu 001 og mun það sennilega hafa verið umrætt hesthús. Það er nú horfið með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í túni. Bæjarlækur rennur skammt norðan við staðinn.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2


NÞ-009:003 heimild um útihús 66°05.817N 16°57.444V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m austur bæ 001 og um 15m norður af útihúsum 004. Engin merki sjást um það lengur í sléttu túninu.
Í túni.
Ekki sést til fornleifar.

NÞ-009:004 heimild um útihús 66°05.826N 16°57.434V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m austur bæ 001 og um 15m suður af útihúsum 003. Engin merki sjást um það lengur í sléttu túninu.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-009:005 tóft 66°06.027N 16°57.498V



NÞ-009-005 Horft til norðurs



NÞ-009-005

Tóft er um 250 m norðan við bæjarhólinn. Hún er í beinni línu milli bæjarhóls 001 og Vallnagerðis 014. Þýfður gras- og lyngmói. Lækur rennur til austurs um 5 m sunnan við tóftina. Tóftin er á svæði þar sem mikið er um smálæki og gæti hún því verið í hættu af þeirra völdum.
Tóftin er um 6x6 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Hún er mikið sigin og hlaupinn í þúfur. Dyr eru ekki greinanlegar.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga.
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2

NÞ-009:006 *Imbuþúfa* heimild um draug 66°07.692N 16°57.614V
„Upp af urðinni, Höfninni (Fjallahöfn) og sem framhald af Valabjörgum, er bjargveggur allmikill, sem heitir Hafnarbjörg. Yzt á Hafnarbjörgum er stök þúfa, sem heitir Imbuþúfa, dregur nafn af kvenmanni, sem þar fór óvart fram af. Þykir þar reimt og ekki hollt taugaóstyrkum að vera einum á ferli," segir í örnefnalýsingu. „Sú saga er til um nafn Bangastaða, er upphaflega hafi býlið verið byggt sunnan við Bangastaðavatn. Þangað kom umrenningsstúlka að vetrarlagi, er Imba var kölluð, og baðst gistingar, en henni var úthýst í hríðarveðri seinni part dags. Hún fannst síðar látin við Imbuþúfu í landi Auðbjargarstaða. Eftir það gerðist reimt á bænum og

heyrðust högg. Svo mikil brögð urðu að því, að bærinn var fluttur norður fyrir vatnið. Hvarf þá draugagangurinn. En bærinn var nefndur Bankstaðir eftir það. Bankstaðir breyttust svo síðar í Bangastaði," segir í örnefnaskrá Bangastaða. Allmikil tóft er um 400 m frá suðurenda Bangastaðavatns. Vatnið hefur minkað talsvert að ummáli frá því sem áður var og var það því nær tóftinni áður fyrr. Stór steinn sem sést vel í vestur frá þjóðvegi er um 2 m austan við norðaustur horn tóftarinar.Á Imbuþúfu er hringsjá og ef horft er fram af bjarginu sést niður í Fjallahöfn. Imbuþúfa er næsta hæð, eftir að komið er niður af Gerðibrekku að sunnanverðu.
Stórgrýttur melur.
Ekki sést til fornleifa nema ef talin sé varða er stendur um 30 m austan þjóðvegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4; Ö-Bangastaðir, 5

NÞ-009:007 heimild um túngarð 66°05.811N 16°57.605V
„Kringum túnið, að sunnan og austan var túngarður úr torfi." segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er nú horfinn að mestu fyrir utan um 180 m langan spotta vestan við bæjarstæðið. Er syðri endi hans við suðvesturhorn túnsins og er þar allheillegur um 150 m til norðurs þar sem lækur hefur brotið sér leið í gegnum hann. Norðan megin við lækinn sést aðeins móta fyrir garðinum og hverfur hann síðan alveg eftir um 30 m.
Í túni. Lækur rennur meðfram garðinum að vestanverðu, til norðurs.
Garðspottinn er um 180 m langur og er hann mest um 1,5 m að breidd. Hleðsluhæð er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2


NÞ-009:008
„Norðvestur af bænum er há og falleg brekka, sem heitir eftir bænum Auðbjargarstaðabrekka, skógivaxin og blómum stráð. Bærinn stendur á smáhjalla, sem heitir Höfði … Austan í þessum Höfða er skógivaxin brekka. Efst á Höfðanum er fjárhús og hlaða úr steini," segir í örnefnalýsingu.
Staðsetning óþekkt.

NÞ-009:009 *Hörgar* örnefni 66°05.876N 16°55.915V
„Austan Höfðans [sjá 005] heitir Sandvíkurholt … Austan við Sandvíkurholt er djúp dokk, sem heitir Langalág og austan hennar er hrjóstugt svæði, sem heitir Hörgar. Um Hörgana eru merkin móti Lóni. … Ysti hörginn af Hörgum er alltaf nefndur Hörgi. Í hann eru merkin. Hörgar eru gamalt brunagrjót." Hörgar eru hraunhólranar sem teigja sig til norðurs í átt að lónunum, norðan núverandi þjóðvegar, á móts við afleggjarann að Fjöllum.
Hraunhólar.
Ekki sést til fornleifa enda virðist örnefnið fremur dregið af hrjóstugu landslagi en trúarathöfnum fornmanna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 2-3

NÞ-009:010 *Kofaholt* tóft geitakofi 66°06.077N 16°57.440V
„Ef við höldum svo hér norður vestan Lónanna, taka fyrst við nokkrir samliggjandi lækir, og er svæðið nefnt Lækir. Norður af þeim heitir Kofaholt og þar við er innsta horn Lónanna, sem heitir Auðbjargarstaðavík. Vestan víkurinnar, norðan við Kofaholtið, er Kofalaut," segir í örnefnalýsingu. Kofaholt er um 450m norðan við bæ 001 og um 100m vestsuðvestan við myllu 011.



NÞ-009-010 Horft til suð-suðvesturs




NÞ-009-010

Tóftin er á lágu holti sem er við rætur fells, landið hallar til suðausturs.
Tóftin er 9x9m að stærð og er að mestu hlaðin úr grjóti en einnig torfi. Hún er einföld og alveg opin til suðvesturs, hefur væntanlega haft trégafl þar. Hleðsluhæð veggja er um 60cm og eru þeir um 1,5m á breidd og umför steina 3-4 talsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 3

NÞ-009:011 *Myllulækur* tóft mylla
66°06.094N 16°57.291V



NÞ-009-011 Horft til vesturs



NÞ-009-011

„Norðan við túnið á Auðbjargarstöðum er svonefndur Stórilækur, sem sumir nefna Auðbjargarstaðaá. … Í Stóralæk, rétt ofan við Lónin var vatnsmylla og var lækurinn iðulega nefndur Myllulækur," segir í örnefnalýsingu. Myllutóftin er í litlu gili, fast niðri við lónin, við ósa Myllulækjar.
Að mestu þýfður lyngmói, víða blásinn. Melhóll er um 20 m sunnan við tóftina. Lækurinn rennur fast upp við tóftina að vestanverðu.
Tóftin er um 4x4 m að stærð og einföld. Hleðsluhæð veggja er um 0,7 m. Hún er talsvert sigin. Um 0,3 m djúp rás og svipað breið er í gegnum tóftina miðja. Annað hvort hefur læknum verið

veitt í gegnum tóftina, eða að hann hefur sjálfur breytt farvegi sínum og þannig klofið tóftina í tvennt
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 3


NÞ-009:012 *Vallnagerði* tóftir+garðlag býli 66°06.593N 16°56.682V
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Vallnagerði kallast eitt örnefni í þessara jarðar landi niður við lónin, þar eru fornar girðingar og tófta leifar, og atla sumir að þar hafi í fyrndinni bygð verið, eru og á því nokkur munnmæli. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er lýngi og hrísi vaxið.“ „Vestan víkurinnar [Auðbjargarstaðavíkur], norðan við Kofaholtið [010], er Kofalaut, þá Lónalág, og norðan hennar heitir Lónahöfði, sem hér gengur fram á Lónunum; og þar norðar, niður við Lónin, er eyðibýlið Vallnagerði, sagnir eru til um, að sá sem þar bjó, átti að gæta selalagna fyrir bóndann á Fjöllum, en brást trausti því, er honum var sýnt,“ segir í örnefnaskrá. Vallnagerði er tóftasvæði sem er 1,5km norðnorðaustur af bæ 001 og um 2,1km suðsuðaustur af Imbuþúfu 006. Það liggur að sjó rétt sunnan við rifið í Lónunum. Tóftasvæðið er í sléttu grösugu landi milli fjalls og fjöru.



NÞ-009-012 Horft til aust-suð-austurs




NÞ-009-012A Horft til norð-norðausturs





NÞ-009:012 Vallnagerði séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson



NÞ-009-0012A

Hún er tvískipt og eru bæði hólfin jafnstór eða um 6x2m að innanmáli. Þau snúa eins og tóftin. Tvö op eru á tóftinni, eitt á hvoru hólfi og snúa þau bæði til austurs niður að sjó. Á nyrðra hólfinu er op nyrst á austurvegg og á því syðra er opið syðst á austurvegg. Veggir eru mjög ávalir og signir og er ytri brún veggja óljósara en innri brún. Vegghleðslur eru mest um 80cm á hæð og um 2-3m á breidd. Tóftin er að stórum hluta niðurgrafin. Ekki fundust neinar grjóthleðslur í veggjum en tóftin er öll gróin lyngi. Gryfja D er um 25m sunnan við tóft A og um 15m sunnan við túngarð B. Grunn rás eða skurður liggur frá túngarði og að gryfjunni. Gryfjan er 7x3m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún virðist vera tvískipt er nyrðri og dýpri hlutinn um 3x2,5m að innanmáli og um 80cm að dýpt en syðri hlutinn er 4,5x2,5m að innanmáli en um 50cm að dýpt. Túngarður B er í sléttulandi, á lítilli eyri undir fjallshlíðum sem þrengja að bæði að sunnan og vestan. Túngarðsendarnir ná ekki saman heldur enda þeir í fjörunni sem afmarkar svæðið að austanverðu. Innan túngarðsins eru tvær tóftir A og C. Túngarðurinn er um 2m breiður og um 50cm á hæð. Hann er skýr og greinilegur þrátt fyrir að vera siginn og rúnaður. Hann er lyngi vaxinn eins og tóft C sem bæði virðast vera eldri en tóft A.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 277; Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 3



NÞ-009-0012C

NÞ-009:013 *Víðáttusneiðingur* heimild um leið
66°06.465N 16°58.781V
„Austur af Hakavatnskræok heitir Beinabrekka. En sunnan við Hakavatnskrók liggur Víðáttusneiðingur, gömul heybandsgata frá Víðáttunum heim í Auðbjargarstaði, segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað nákvæmlega hvar gatan lá og mun hún vera orðin töluvert óskýr, ekki reyndist unnt að staðsetja götuna nákvæmlega en samkvæmt lýsingu ætti hún að vera um 1,5km norðvestan við bæ 001 og um 1,6km vestan við Vallagerði 012 þar sem hún hefur komið niður af Víðáttunum.
Lynggróinn mói.
Hættumat: engin hætta


NÞ-009:014 66°05.723N 16°57.393V
Á loftmynd sést lítið gerði um 230m suðsuðaustur af bæ 001, sunnan þjóðvegar og rúmum 400m vestnorðvestan við gamla eyðibýlið Flatir 008:009.
Gerðið virðist afmarka svæði sem er um 30x30m að stærð. Það fannst við yfirferð loftmynda eftir að vettvangsskráningu lauk og var því ekki skoðað á vettvangi.



NÞ-009:014 Gerði eða aðhald séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

Lón, Kelduneshreppi

Stærð túna: 3,3 ha
Þar af slétt: 4/5 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: 161 m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-010 Lón

7 hdr. 1449, 1712, dýrleiki óviss. 12 hdr 1840. Hólastólsjörð. Fyrst getið 1441 í fornbréfum þar sem minnst er á Lónsjörð í texta um landamerki Víkingavatns NÞ-011:001. DI IV, 623. Getið aftur í skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar í Hjaltadal frá 1449, DI V, 39. Meðal Hólastólsjarða 1525 og 1550 - DI IX, 301 og DI XI, 864. 1567 var Lón seld Sigurði Jónssyni - DI XV, 5. Skiptist nú í Lón I og Lón II. „Jörðin á land til sjávar austan lónanna en aðeins skammt suður, eða á móts við Fjöll. Beitilandið er því mjög lítið en ábúendur í Lóni eiga 1/4 af landi og engjum Sulta.“ Land og fólk, 236 „Land Lóns er lítil, nærri þríhyrnd svunta, breiðast við sjóinn, en mjókkar, er til landsins dregur.“ LNÞ, 32

3,3 ha 1917. 1712: „Enginu spillir sandfok til stórs skaða og vatn, sem jetur úr rótini, það er því og að meini að sjóargángur ber sand í ósinn öðru hvörju og stíflar lónin uppá engið, so það verður ei unnið um þann tíma, og tekur sami vatnsgángur heyið í burt það sem laust er. Sjaldan standa lónin mjög lengi uppi, því kampurinn er mokaður, ef vatnið ræsir sig ekki sjálft. úthagarnir eru bjarglegir.“ JÁM XI, 278. „Landið er allt mjög vel gróið sema sandalda næst sjónum. … Í lónunum eru einnig nokkrir hólmar grasi vafðir. Fyrrum var þar einhver heyskapur, svo og á flæðunum austan lónanna. Einnig hafði Lón engjastykki, svonefndan Langhólma og forræði við Víkingavatnið, en þær nytjar eru fallnar niður fyrir nokkru.“ Land og fólk, 236 „Aðalengjar Lóns liggja í og við Víkingavatn í 7-8 km fjarlægð, gefa af sér 200-250 hesta stararhey, fremur gott fóður. Dálítið má koma þar að vinnuvélum. Fært er á bifreiðum á engið. Heima er slegi í hólmunum, nesinu og í einstaka árum á Flæðiengjum.“ LNÞ, 32

NÞ-010:001 *Lón* bæjarhóll bústaður 66°05.726N 16°55.327V



NÞ-010-001 Úr norðri

Tvö íbúðarhús eru að Lónum, það yngra og nyrðra er byggt árið 1935. Syðra húsið er byggt árið 1912 og stendur það vestantil á gamla bæjarhólnum. Húsið stendur að hluta á gamla bæjarstæðinu og stóð hluti gamla bæjarins enn um miðja 20. öld austan við húsið og voru göng á milli. Þegar síðustu leifum bæjarins var rutt og bæjarhóllinn sléttaður austan megin var gríðarlegu magni af jarðvegi og grjóti ekið burt.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Handgrafinn kjallari er undir húsinu frá 1912.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-010:002 heimild um hesthús 66°05.761N 16°55.313V

„Vestan fjárhúsa er nefnt Vallargarður. Og þar við er hesthús,“ segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið sem var úr torfi og grjóti, var um 30 m VNV af yngra íbúðarhúsinu, fast sunnan við túngarðinn 011. Örfáa metra austur af hesthúsinu en þó norðan við túngarðinn, var reykhús og var það sambyggt garðinum. Bæði húsin og túngarðurinn eru horfin og staðirnir sléttaðir undir tún. Núverandi heimreið liggur fast utan í þar sem reykhúsið stóð.

Í túni. Jarðýta var notuð við túnsléttunina.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-010:003 heimild um hlöðu 66°05.708N 16°55.257V
„Austan bæjarhúsa, sem eru úr steini er Hlöðuhóll, á honum var hlaða," segir í örnefnalýsingu. Hlaða þessi var úr torfi og grjóti og var um 60 m austur af bæjarhólnum 001. Hún er horfin með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún. Var jarðýta notuð til verksins.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Lón, 1

NÞ-010:004 heimild um hesthús 66°05.662N 16°55.165V
„Suðaustan við Hlöðuhól er mýrarblettur, sem heitir Ormalón. Og suðaustur af þeim bletti var hesthús …" segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið sem var úr torfi og grjóti, stóð á hól skammt suðaustur frá mýrafláka sem er um 80 m suðaustur af bæjarhólnum, og sýndur er á túnakorti. Hesthúsið er nú horfið með öllu, en það var mun eldra en hesthús 002.
Þýfður hóll grasi vaxinn að mestu, en víða gægjast þó hraunnibbur upp úr sverðinum.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


NÞ-010:005 gerði kálgarður 66°05.659N 16°55.414V


NÞ-010-005 Úr norðri



NÞ-010-005

Uppi á holtinu VSV af bæjarhólnum 001 er laut og í henni er kálgarður. Lautin opnast í austur og liggur túngarðurinn eftir holtinu og fyrir mynni lautarinnar og er hlið á honum þar. Gerðið sjálft liggur að hluta ofan í lautinni og að hluta upp úr henni norðan megin.
Í grasi gróinni laut í hraunholti.
Gerðið er um 15x13 m að stærð og er hleðslubreiddin um 1m. Hleðsluhæð er 0.5 m.
Hættumat: engin hætta




NÞ-010-006



NÞ-010-006 Úr norð-austri

NÞ-010:006 *Nausthóll* tóft naust 66°05.920N 16°55.221V
„Austur úr Lónsvík, norðan vegar, er Skerjatangi. Að sunnan við Lónið, rétt austur af bæ, er Nausthólsmýri og norðvestur af mýrinni er Nausthóll. Enn sést fyrir gömlum bátanaustum uppi á hólnum," segir í örnefnalýsingu. „Í landi Lóns vottar fyrri byggingarústum á 2 stöðum, og munu þar hafa verið verbúðir fyrr á öldum og sjór sóttur þaðan fram undir lok 17. aldar. … Heitir enn í dag Nausthóll, þar sem mestar rústirnar eru, og talar það nafn sínu máli," segir í Lýsingu Norður Þingeyjarsýslu. Nausthóll er uppgróinn hraunhóll um 250 m norður af útihúsum að Lónum, niðri við lónin sjálf.
Uppgróinn hraunhóll.
Uppi á hólnum er tóptaþyrping, sennilega ein tóft sem skiptist í fimm hólf. Hún er um 15x10 m að stærð og er talsvert sigin og hlaupin í þúfur og því ekki allsstaðar skýr. Hleðsluhæð er um 0.3 m
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 4; LNÞ, 33

NÞ-010:007 *Kottún* heimild um hesthús
66°05.609N 16°55.240V
„Suðvestur af þeim stað, sem gamla húsið var, sunnan og vestan við mýrina er svonefnt Kottún. Syðst og vestast í því eru gamlar tættur," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 250 m suðaustur frá bæjarhólnum. Túnið hefur í daglegu tali verið kallað Hesthústún. Búið er að slétta hluta af tóftinni sem mun vera eftir hesthús og heystæði.
Syðri partur tóftarinnar og jafnframt sá heillegri er um 6x5 mað stærð. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Mun sá hluti hafa verið hesthús. Nyrðri hluti tóftarinnar og sá sem búið er að slétta að hluta, er um 8x5 m að stærð. Það mun hafa verið heystæði. Tóftin er nokkuð sigin og gróin, og er því óskýr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lón, 2




NÞ-010-007

NÞ-010:008 heimild um lambhús 66°05.755N 16°55.271V
„Norðar, austan við bæ, voru lambhús og norðaustan þess fjárhús úr torfi," segir í örnefnalýsingu. Hér var í raun um að ræða 4 hús og var eitt þeirra lambhús og annað fjárhús. Nýrra íbúðarhúsið stendur að hluta til á einu af þessum húsum og annað var sléttað undir tún, en síðustu húsin voru rifin um 1960. Að sögn Jóns Guðmundssonar voru húsin byggð eftir 1874, en það ár flutti afi hans að Lónum og var það hann sem byggði húsin. Stóðu þau austan við nýrra íbúðarhúsið, á milli þess og núverandi fjárhúsa.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lón, 2

NÞ-010:009 *Stekkhóll* örnefni stekkur 66°06.026N 16°54.525V



NÞ-010-009 Úr suð-vestri



NÞ-010-009

„Austan Breiðatanga [sem er norðaustur af naustunum 006] er Gunnlaugstangi, austan við hann heitir Stekkjarhraun, dálítið svæði og suðaustur af því er Stekkjarhóll, áberandi hraunhóll, skammt norðan vegar norðaustur frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll eða Stekkhóll er mjög áberandi hraunhóll um 10 m norðan þjóðvegar og um 500 m ANA af útihúsunum að Lónum. Um 130 m norðaustur af hólnum er seiðaeldisstöð. Ekki sér fyrir tóftum á sjálfum hólnum en um 70 m norðvestur af honum er myndarlegt gerði, hlaðið úr hraungrýti. Á milli Stekkjarhóls og gerðisins eru tveir litlir hraunhólar og á milli þeirra eru leifar af garðlagi, um 12 m langt, mikið sigið og sprungið.
Uppgróið hraun. Þýfður grasmói inn á milli.
Gerðið er um 25x23 m að stærð og hlaðið úr hraungrýti. Hleðsluhæð er um 1,6 m og kemur þessi mikla hleðsluhæð til vegna þess að austurveggur gerðissins er hlaðinn utan í hraunhól sem þar er. Þykkt veggja er um 1,5 m, þar sem gerðið er heillegast. Suður- og vesturveggir eru hrundir að miklu leyti en lögun gerðissins sést samt sem áður vel.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 4

NÞ-010:010 *Kvíholt* örnefni kvíar
66°05.783N 16°55.061V
„Suðaustur af fjárhúsunum er Kvíholt. Það var áður utan túns, en nú er það innan túns," segir í örnefnalýsingu. Kvíholt er hraunhólrani um 150 m austur af núverandi fjárhúsum. Það er í raun utan túns. Vestan til í Kvíholti er lítil ferköntuð dokk sem hugsanlega er náttúrusmíð en gæti líka verið manngerð sökum reglulegrar lögunar sinnar. Tóftin er um 100 m sunnan þjóðvegar.
Hraunhólrani, gróinn að mestu.
Tóftin er um 5x4 m að stærð og er mikið sigin og óskýr. Hleðsluhæðin er um 0,2 m. Lítur hún út fyrir að vera byggð upp við hólinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 2



NÞ-010:010

NÞ-010:011 *Vallargarður* garðlag túngarður
66°05.696N 16°55.408V
„Vestan fjárhúsa er nefnt Vallargarður," segir í örnefnalýsingu. Mikið garðlag var í kringum túnið að Lónum og var sá hluti er lá um 50 m norðan við gamla bæjarhólinn, nefndur Vallargarður. Við Vallargarð voru hesthús og reykkofi (sbr. 002) Leifar af þessum mikla túngarði sjást enn sunnan og vestan við túnið. Sunnanmegin er hann hlaðinn úr grjóti og torfi, en vestanmegin er garðurinn eingöngu úr hraungrýti. Vesturhlutinn liggur uppi á hraunholti vestan við túnið. Sá hluti túngarðsins er nefndur var Vallargarður er horfinn með öllu og hefur verið sléttaður undir tún. Sá hluti sem sést enn sunnan við túnið mun gefa nokkuð góða hugmynd um það hvernig hann var allur. Ekki hefur því verið um neina smásmíði að ræða.
Í túni að sunnan, uppi á hraunholti að vestan.
Túngarðsleifarnar eru í heild um 350 m að lengd. Sá hluti sem liggur sunnan við túnið og er hlaðinn úr torfi og hraungrýti er um 1,7m á hæð en vesturveggurinn nær líklega um 1 m hæð. Breidd suðurhlutans er um 1,5 m en vesturhlutans um 0,5 m
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lón, 2


NÞ-010:011 Úr austri


NÞ-010:012 *Lambagjá* hleðsla fjárskýli 66°05.840N 16°55.913V
„Lónin, sem bærinn dregur nafn af, skiptast í Ytri-Lón og Innri-Lón. … Norðan við veginn, við Lónið, heitir Lónsvík. Í henni er timburskúr. Vestur af víkinni heita Neshörgar. Frá þeim gengur svo Nes. Norður í Lónin og austast í Nesinu er Nesgjá, og sunnar er Lambagjá, er rétt við þjóðveginn. Þar er niðurfall talsvert. Lambagjá er framhald Nesgjár og dregur hún hafn sitt af, að í henni er hægt að hýsa fé. Var þá hlaðinn garður fyrir suðvesturenda hennar og hafðar dyr á.

Þar mátti hýsa um 100 lömb,“ segir í örnefnalýsingu. Gjáin er um 500 m VNV af útihúsunum í Lóni. Hún er við landamerkjagirðingu á móti Fjöllum við svonefnda Hörga.
Utan í hraunhólrana. Uppgróið hraun.
Gjáin sjálf er um 20 m löng og um 4 m djúp. Grjóthleðsla er fyrir SV enda hennar og er hún um 2 m að lengd og um 1,5 m há. Breidd hennar er um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 3

NÞ-010:013 tóft geitakofi 66°05.658N 16°55.448V



NÞ-010:013 Úr austri




NÞ-010:013 Úr austri

„Svo austur um Klofaklett, sem er norðvestur af bæ,
suður og austur af honum er geitakofi …“ segir í örnefnalýsingu. Tóftin er uppi á hraunholtinu um 120 m suðvestur af bæjarhólnum, um 5 m vestan við girðingu er liggur samsíða grjótgarðinum 011. Um 15-20 m eru á milli girðingarinnar og túngarðsins.
Uppgróið hraun, þýfður lyng- og grasmói.
Tóftin er um 6x5 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0.3 m. Eru hleðslur að mestu hrundar og signar. Norðurveggur tóftarinnar er hvað heillegastur. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti. Dyr eru á austurgafli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 3

NÞ-010:014 tóft stekkur 66°05.334N 16°54.957V




NÞ-010:014 Horft til suðurs



NÞ-010:014

„Suðaustur frá túninu er holt, nefnt Símaholt…Vestan þess er Stekkur, og þar er Stekkjarvarða," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 750m suður af bæ 001, um 100m vestsuðvestan við Stekkjarvörðu 015 og um 580m norðan við Lónssel 016.
Stekkurinn er í lyngvöxnu mólendi.
Stekkurinn er 12x10m að stærð og snýr norður-suður. Hann er tvískiptur. Vestara hólfið er 8x4m að innanmáli og snýr norður-suður. Op á því austast á suðurgafli. Austara hólfið er 9x1m að stærð og snýr líka norður-suður. Á því eru tvö op og eru þau bæði svo til fyrir miðjum langhliðum, eitt á vesturvegg að vestara hólinu og annað á austurvegg. Vegghleðslur eru skýrar um rúman 1m á þykkt og um 60cm á hæð, og eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Tóftin er öll grasi vaxin svo ekki sér í grjóthleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 2

NÞ-010:015 *Stekkjarvarða* hleðsla smalakofi 66°05.334N 16°54.957V




NÞ-010:015


NÞ-010:015 Horft til suðurs

„Suðaustur frá túninu er holt, nefnt Símaholt…Vestan þess er Stekkur, og þar er Stekkjarvarða," segir í örnefnaskrá. Varðan og smalabyrgi eru byggð saman um 750m suður af bæ 001, um 100m austnorðaustan við Stekk 014 og um 600m norðan við Lónssel 016.
Varðan er á stórum kletti í lyngvöxnu mólendi. Austan við vörðuna er slétt tún.
Varðan er 1x1m að stærð en síðan er lítið smalabyrgi hlaðið upp við hana til austur og er það um 2m löng grjóthleðsla, samtals er varðan og byrgið um 3x1m að stærð. Varðan er um 1m á hæð og um 5 umför en vegghleðslan er aðeins lægri og um 3-4 umför. Ekki verður betur séð en að eitthvað hafi hrunið úr vörðunni.
Heimildir: Ö-Lón, 2


NÞ-010:016 Horft til norð-vesturs

NÞ-010:016 *Lónssel* tóft sel
66°05.010N 16°54.929V
„Suður af Stekkjarvörðunni er Lónssel," segir í örnefnaskrá. Lónssel er 1,4km sunnan við bæ 001 og um 600m sunnan við Stekkjarvörðu 015.
Tóftin er í frekar stórri dokk sem er ekki mjög djúp en öll lyngi vaxin.




NÞ-010:016

Tóftin er orðin mjög óljós og sigin. Hún virðist um 8x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stór hluti hennar er náttúrulegt aðhald og er bara um eina vegghleðslu að ræða sem er um 1m á þykkt og um 30cm á hæð og myndar norðausturvegginn. Suðvesturveggurinn og norðvesturgaflinn er náttúrulegt aðhald og svo er tóftin opin til suðausturs.
Hættumat: engin hætta

NÞ-010:017 tóft óþekkt 66°05.481N 16°55.393V
Tóft er í Stórahvammi sem er suðvestur af túni. Hún er hún 440m suðsuðvestur af bæ 001, um 8m sunnan við tóft 018 og um 380m norðnorðvestur af stekk 014.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er 8x4m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt og er suðvestara hólfið 2x1m að innanmáli en norðaustara hólfið 4x2m að innanmáli. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð, er innri brún veggja er skýrari en ytri brún og ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var byggð, þó gæti hér verið um stekk að ræða.
Hættumat: engin hætta

NÞ-010:018 tóft óþekkt 66°05.481N 16°55.393V
Tóft er í Stórihvammi sem er suðvestur af túni, er hún 420m suðsuðvestur af bæ 001, um 8m norðan við tóft 017 og um 380m norðnorðvestur af stekk 014.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er 7x5m að stærð og snýr norður-suður og er einföld, hún er 2x3m að innanmáli og er ekkert sýnilegt op á henni. Vegghleðslur eru um 1,5-2m á breidd og um 40cm á hæð, mjög signar og rúnaðar og ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var byggð þó bendir ýmislegt til þess að hún gæti verið heystæði.
Hættumat: engin hætta


NÞ-010:017 Horft til suð-vesturs



NÞ-010:017 og 018




NÞ-010-018 Horft til norðurs



NÞ-010-019 Horft til suð-austurs

NÞ-010:019 tóft óþekkt
66°05.237N 16°55.402V
Tóft er um 880m sunnan við bæ 001, 270m vestsuðvestur af stekk 014 og 550m norðvestur af Lónsseli 016.
Tóftin er í djúpri grösugri dokk.
Tóftin er 5x5m að stærð, einföld og byggð upp í brekku sem jafnframt myndar suðausturgaflinn og norðausturhliðina. Að innanmáli er hún 4x3m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni norðvestast á suðvesturvegg. Tóftin er öll grasi vaxin og ekki sjást grjóthleðslur en vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi tóftin var byggð.
Hættumat: engin hætta




NÞ-010:019

NÞ-010:020 *Baðstofuhólmi* tóft
66°06.053N 16°55.714V
„Norðvestur af Nesinu er svo Baðstofuhólmi," segir í örnefnaskrá. Tóft er í Baðstofuhólma um 700m norðnorðvestur frá bæ 001 og um 880m frá Stekkhól 009.
Tóftin er á hólma eins og nafnið bendir til sem er þó ekki lengur allur umflotinn sjó eins og hann var áður.
Tóftin er einföld, um 6x5m að stærð og snýr norðnorð-austur-suðsuðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er ekkert augljóst op á henni. Tóftin er sennilega vagtskýli fyrir æðarvarp. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og um 30cm á hæð. Mikið gras er í hólmanum og er tóftin á kafi í grasi, ágætis útsýni er frá tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 3



NÞ-010:020 Horft til suðurs



NÞ-010:020

NÞ-010:021 *Húshólmi* tóft 66°06.049N 16°55.390V
„Norðan hans [Baðstofuhólma 021] er grashólmi, sem heitir Kænusker [örnefnið Kænusker mun vera óþekkt og mun lýsingin í örnefnaskránni eiga við Kæpusker] . Austan við Baðstofuhólma er Flathólmi," segir í örnefnaskrá. Húshólmi er um 600m norðan við bæ 001 og 240m austan við Baðstofuhólma 020 m.
Grösugur hólmi umflotinn sjó.
Í hólmanum eru lítil byrgi fyrir æðarvarp en þegar skráningin var gerð var hólminn umflotinn sjó og því var ekki farið í hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lón, 4


NÞ-010:021 Horft til austurs

NÞ-010:022 *Landamerkjavarða* heimild um landamerki 66°06.190N 16°53.992V
„Norðan Lónabotns er Lónabotnsbarð. Austan þess er annað barð, Hraunatjarnarbarð og Hraunajörn er austan við merki í landi Víkingavatns. Suður af Hraunatjarnarbarði er Landamerkjavarða," segir í örnefnaskrá. Ekkert sést til vörðunnar lengur enda búið að ryðja úr henni. Hún stóð 1,3km norðaustur af bæ 001 og um 500m norðaustan við Stekkhól 009.
Varðan stóð á ógrónu hraunholti.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lón, 4


NÞ-010:022 Horft til suð-vesturs

NÞ-010:023 varða samgöngubót
66°05.217N 16°54.534V
Varða er 1,1km suðsuðaustur af bæ 001 og um 650m austan við tóft 019. Vestan við vörðuna er gata 027 sem liggur milli Sulta NÞ-012 og Lóns.
Varðan er á grónu malarholti.
Varðan er 1,5x1,5m að stærð, 50cm á hæð og 5-6 umför, hún er hrunin og vaxin skófum og virðist fornleg.
Hættumat: engin hætta


NÞ-010:023 Horft til norð-norð-vesturs

NÞ-010:024 garðlag vörslugarður
66°05.971N 16°55.782V
Hlaðinn garður úr grjóti er um 570m norðnorðvestur af bæ 001 og um 150m suðsuðvestur af Baðstofuhólma 020. Garðurinn er hlaðinn fyrir svonefnt Selnes. Liggur hann frá suðaustri til norðvesturs. Hann er nærri sjó og hefur sennilega verið hlaðinn til að varna að fé færi út í hólmana.



NÞ-010:024 Horft til suð-austurs



NÞ-010:025 Horft til aust-suð-austurs



NÞ-010:026 Horft til aust-suð-austurs

Garðurinn liggur í grösugu landi.
Garðhleðslan er tæplega um 200m á lengd, tæplega 50cm á hæð og um 40-50cm á breidd. Hann er eingöngu hlaðinn úr grjóti og víða ekki mikið meira en 1-2 umför. Á garðinum eru möguleg tvö hlið að suðaustanverðu.
Hættumat: engin hætta


NÞ-010:025 varða óþekkt
66°04.997N 16°54.848V
Varða er 1,3km suðsuðaustan við bæ 001 og um 60m austsuðaustan við Lónssel 016.
Á frekar gróðursnauðu hraunholti.
Varðan er um 80x80cm að stærð, um 1m á hæð og er um 4 umför. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti og er ógróin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

NÞ-010:026 hleðsla óþekkt
66°05.890N 16°55.770V
Garður er um 470m norðvestur af bæ 001 og um 130m norðaustan við Lambagjá 012.
Garðurinn liggur þvert yfir lítið nes sem liggur út í lónin.
Garðurinn snýr austur-vestur og er mikið hruninn en þar sem hann er næstur sjó er hann hvað minnst hruninn. Garðurinn er samtals um 25m að lengd, um 50cm breiður og um 50cm hár. Hann er eingöngu hlaðinn úr grjóti og er hann mest um 5-6 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hann hefur verið hlaðinn.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

NÞ-010:027 *Lónsstígsholt* gata leið
66°05.217N 16°54.534V
„Góðan spöl vestan við Smyrilshóla er Guðfinnugjárholt suður af Litlumýrarholti, og rétt vestan við Guðfinnugjárholt er Lónsstígsholt, og er það kennt við reiðgötu milli Lóns og Sulta," segir í örnefnaskrá. Á loftmynd sjást götur sem liggja til norðurs að Lóni frá Sultum 012. Koma þær undan klettaveggnum vestan Staðarsultar, beygja þar til norðvesturs og liggja vestan við vörðu 023, þar hverfa þær í tún á Lóni.
Liggur um stórþýfðan móa.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 19

Víkingavatn, Kelduneshreppi

Stærð túna: 5,8 ha
Þar af slétt: 7/9 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: 300 m2



NÞ-011 Víkingavatn



NÞ-011:001 og 002 Horft til suð-austurs

30 hdr 1712, 20 hdr. 1840. Til er gömul munnmælasaga um landnám að Víkingavatni sem skráð var af séra Þorleifi Jónssyni á Skinnastað. Segir þar frá Víkingi sem flúði ofríki Haralds hárfagra og byggði sér bæ við Víkingavatn. Víkingur og menn hans voru svo seinna drepnir af útsendurum Haralds og grafnir í heimatúni Víkingavatns (sjá einnig NÞ-011:019). Árbók Ferðafélags Íslands 1941, 8. 1441: Wm landamerki vijkingavatns eftir þvi Sveirn þorkielsson tilsagdi Anno 1441 þorgrime Jonssyne. Sagde firrnefndur Sveirn ad vijkingavatn ætti jardareign austur yfer Modouxl og ut i sio og oll Rekavotn allt vestur i motz vid jord. standa þar .iij þufur og er i eia vestustu Rekamark fra vijkingavatne. var þar i hvalbejn þa eg vissa. og þadan Riettsyne upp j Hol er stendur i litlu Myre. og þadan fremm i Þrihirning. svo austur þadann alla Haukdali og svo langt austur a hejde sem [eyða] geingur i mote. svo ofann j Hestdal og þadann i vordu er stendur a austanverdumm veggiar enda. og svo ofann i gardenn fyrir austann Olafsgerde og riettsyne þadann i þufu er stendur fyrer austann i götu. og alla jardareign i Myre þeirre. er stendr i vijkingavötnum. sliettuholm og annann holm til, þar austur fra. dagslattu i vijkingavatns Jord fra Grasijdu og kiemur i mote þeirra land.“ DI IV, 623. 1551: „Síra Sigurðr Jónsson kaupir jörðina Víkingavatn í Kelduhverfi að Jóni Sveinungasyni fyrir jörðina Finnastaði í Höfðahverfi […].“ DI XII, 312. 9.5.1558 Samningur um reka Garðs og Víkingavatns. „kom þad saman effter þvi sem aller gamler menn hielldu ad Gardsstadur ætti Skalagards hro vestur i midiann Skorning i motz vid þann holma er hejter Bringukollur. og aller visso af Vijkingavatn á þad og riettsyne ut or þeim midium Skorninge. Riettsyne ut i sio nærri rekamarke mille Vijkingavatns og Gards reka og þar vestur fra ætti Vijkingavatn allan reka itölulaust á motz vid Lon. En austur fra midium Skorninge eignade Sigurdur Vijkingavatne land austur yfer Moduoxl effter þvi sem innsiglad bref vel jc ara gamallt (sem hann þar lá las og synde).) utvijsade. og Gardsstaður ætti reka allan hvals og vidar utan vogrek austur fra midium Skorninge i mótz vid Kelldunes. skylldu og Gardsmenn eignast þar leigulida gogn og vagta sialfer rekann j sinum firrgrejndum rekaparte. þo Vijkingavatn ætti þar under land. skyllde þetta obrigdanlegt stödugt standa æfinlega utan önnur bref gomul skyrlegre syndust.“ DI XIII, 304-305. 1684: Á Víkingavatnsreka rekin ein hvaltunna, skert til þriðjunga, virt 5 aurum með bjarglaunum. AÍ VIII, 21. 30 hndr 1712 með Ólafsgerði, en heimajörðin með 2 hjáleigum 24 hndr. 1712 eru Sultur og Kílakot hjáleigur og Ólafsgerði partur af Víkingavatni en eyðihjáleigur voru Staðarsult, Hornssel, Brandsgerði og Kringlugerði. JÁM, 279-281. Hjáleigur Sultur og Kílakot árið 1847. JJ, 340.

Skipt í Víkingavatn I og Víkingavatn II. Land og fólk, 242-245. „Land Víkingavatns er 3-4 km breið spilda sem nær allt frá sjó og suður að sýslumörkum við Rauðhól og Lönguhlíð. Það er vel gróið nema sandalda út við sjóinn þar sem sandfok heldur gróðri niðri. Þar er fengsæll reki sem Víkingavatn og Kílakot eiga. Hagar eru góðir fyrir sauðfé í heiðarlandinu sem er vaxið þurrlendisgróðri og skógarkjarri á köflum, einkum vestan til. …“ Land og fólk, 242. „Land þessara jarða er að mestu leyti heiðarland, vaxið þurrlendisgróðri, og er víða mjög grösugt. Norðarlega í því er

dálítill birkiskógur. Gott beitarland og afrétt er suður í heiðinni, en nyrzt er landið fremur létt, nema norðan við Víkingavatnið og vestan við það, en norður af samnefndum bæ er dálítið mellland og fitjar vaxnar liðnu og sandbaráttu við sandfok og beit og heldur tæpast velli.“ LNÞ, 34
1712: „Túnið fordjarfar sandfok stórlega, sem eyðilagt hefur 3 dagsláttur og hinn völlinn mikið til eyðilagt, hefði ei verið af honum mikað með stórerfiði. og er það þó valla vinnandi. Engið er yfir máta votsókt alt saman, nema lítið eitt með umvarpinu, so fólkið stendur vatnið í hnje, mitti og undir höndur, og verður hvörgi hestum að komið, er því heyið burt flutt á skipi yfir um Víkingavatn sem mjög er erfitt og ófært nema í besta veðri, og fæst fók trauðla til að standa í þessari vatnsbúð, sumstaðar er óstætt orðið. Úthagarnir eru nægir.“ JÁM XI, 280. „Land jarðarinn er nyrzt við sjó sandur með nokkrum melgróðri, en þegar sunnar dregur og kringum Víkingavatnið er gróður allmikill. … Er hraunið, eða yfirborð þess, mjög óslétt, síða djúpar lautir og lægðir, háir hólar, klettar og klappir gróðurlausar, en mikill meirihluti landsins þó vaxinn víði, lyngi, töðugresi og sums staðar birkikjarri.“ Ö-Víkingavatn, 1. „Engi Víkingavatnsbænda er bæði mýrar austan við vatnið norðarlega og hólmar í vatninu með starar- og sefflögum - fergini-. Er bezta engið í hólmunum og töngum sem ganga fram ívatnið, bæði hvað grasvöxt og heygæði snertir. Er heyið yfirleitt gott fóður.“ LNÞ,-35

NÞ-011:001 *Víkingavatn* bæjarhóll bústaður 66°05.855N 16°50.494V
„Á hól fram við vatnið, sem heitir Bæjarhóll, er nú steinhús, reist 1936. Vestur af því var gamli bærinn. hann var allstór, en mestur hluti hans er nú horfinn, og standa aðeins eftir 2 hús, sem áður voru sambyggðir hlutar af gamla bænum, en eru nú aðskilin, vegna þess að húsin, sem samtengdu þau, eru horfin. Annað þeirra húsa, sem eftir standa, var áður nefnt Framhús eða Langhús, reist 1905, en hitt húsið var baðstofa, reist 1908 af þáverandi eiganda Víkingavatns I, og er það enn notað til íbúðar. Bæjarhóllinn er nokkuð stór ummáls.“ Segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Tvíbíli var á Víkingavatni og stóðu báðir á sama bæjarhólnum. Íbúðarhúsið frá 1936 nefnist Víkingavatn II en bæjarstæði Víkingavatns I var flutt og stendur íbúðarhúsið sem byggt var 1962, um 120 m suðaustur frá Víkingavatni II. Gamli bærinn er nú alveg horfinn og stendur bara íbúðarhúsið frá 1936 eftir á bæjarhólnum.
Grasi gróinn hóll í túni.
Bæjarhóllinn er um 70 x 50 m að stærð og líklega um 3 m á hæð. Má víða sjá grunnar dokkir hér og þar á hólnum sem bera vott um hvar bæjarhúsin stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 2

NÞ-011:002 heimild um bænhús 66°05.863N 16°50.469V
„Bænhús eður hálfkirkja hefur hjer að fornu verið, og stendur þar enn skemma sem so var kölluð í manna minni.“ Segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. „ Bæjarhóllinn er nokkuð stór ummáls. Norðan til á honum austanverðum, þar sem nú er íbúðarhúsið frá 1936, stóð fyrr á öldum bænhús og legstaður framliðinna, og komu þar upp mannabein, er grafinn var kjallari hússins [frá]1936. Á sama stað stóðu síðar og allt til 1905 3 útiskemmur, og var þá austur- og norðurhluti hólsins nefndur Skemmuhóll,“ segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Þarna komu í ljós um 50 hauskúpur og hafði Sveinn heitinn Björnsson fyrrum bóndi á Víkingavatni orð á því hve heillegar tennur hefðu verið í þeim. Beinin voru sett aftur niður á sama stað.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 279; Ö-Víkingavatn, 2



NÞ-011:003 Horft til vesturs

NÞ-011:003 *Þórðarhús* heimild um fjárhús 66°05.896N 16°50.668V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 160 m vestnorðvestur af þeim stað sem íbúðarhúsið frá 1936 stendur nú á (sjá 001). Var það nefnt Þórðarhús. Á sama stað rétt vestan við leifar túngarðsins [016] stendur nú steinsteypt hús, fjárhús og hlaða, sem byggt var árið 1947 og er það einnig nefnt Þórðarhús. Undir því er niðurgrafið haughús svo eldra húsið er því líklega alveg horfið.
Í túni
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-011:004 *Oddshús* heimild um fjárhús 66°05.902N 16°50.607V
„Vatnsvöllur ytri heitir sá hluti túnsins, sem liggur að vatninu norðan Bæjarhóls…Vestan í Bæjarhólnum heitir Bæjarbrekka. Neðan við hana er laut og vestan við ahana hóll aflangur, frá norðri til suðurs, sem Heygarðsrani heitir. Norðan hans og vestan Vatnsvallar var áður þúfustykki, sem nú hefir verið sléttað, er Skata var nefnt, enda þessi skák svipuð skötu að lögun. Í henni var Sköturani. Á Skötu voru tvö fjárhús og hlaða, sem hétu Oddshús, og lítill hóll hjá húsunum Oddshúshóll," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Oddshús eru sýnd á túnakorti frá 1917 um 150 m fjarlægð vestnorðvestur frá þeim stað sem íbúðarhúsið frá 1936 stendur nú á (sjá 001). Ekki sést lengur fyrir þessum húsum sem stóðu á Sköturana, en þau voru rifin og staðurinn sléttaður árið 1945. Að sögn Sveins heitins Björnssonar fyrrum bónda á Víkingavatni rúmuðu Oddshús um 100 fjár.
Í túni
Þótt húsin séu horfin má samt enn sjá grunnar dældir efst á Sköturana, sem gefur til kynna hvar húsin stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 3

NÞ-011:005 *Lambhústangahús* heimild um fjárhús 66°05.944N 16°50.508V
„Vatnsvöllur ytri heitri sá hluti túnsins, sem liggur að vatninu norðan Bæjarhóls. Nyrzt á honum er lítll tangi, sem liggur út í vatnið og heitir Lambhústangi, og út frá honum Bryggjutangi. Í tanganum stóðu 2 fjárhús og lítil hlaða kölluð Lamhústangahús. Þau hús hafa nú verið jöfnuð við jörðu," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Lambhústangi er um 170 m norður frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1936 og er það sýnt á túnakorti frá 1917. Á tanganum er hóll sem Lambhústangahús stóðu á. Hóllinn var sléttaður fyrir alllöngu síðan.
Í túnjaðri á vatnsbakka.
Ekki sést til fornleifar. Greina má grunnar dokkir á hólbungunni sem gefa til kynna hvar húsin stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 2

NÞ-011:006 þúst hesthús 66°05.860N 16°50.662V
„Vestan Heygarðsrana (sjá 015) er laut, sem heitir Hesthúslág, og vestan hennar var hesthús og hlaða, en þau hús, svo og Oddshús, hafa nú verið rifin…Vestan Sauðhúshóls [sjá 009] er allstór lægð, nefnd Hesthúslág syðri. Við vesturhlið lægðarinnar voru takmörk gamla túnsins að vestan, en í norðvesturhorni Hesthúslágar var hesthús og hlaða áföst," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Hesthús og hlaða stóðu á dálitlum hól um 160 m vestur af íbúðarhúsinu á Víkingavatni II sem byggt var 1936, upp við túngarðinn (016) vestanverðan og við norðausturhorn Hesthúslágar sem liggur norður-suður. Er hesthúsið sýnt á túnakorti frá 1917.
Grasi gróinn hóll í túni.
Þótt þessar byggingar séu nú horfnar fyrir margt löngu má enn greina óljósa dokk á hólnum sem liggur austur-vestur. Um 1 m breiður hryggur skiptir dokkinni sem er um 7 x 3 m að stærð, í tvennt og er eystra hólfið um 4x3 m að stærð en það vestara um 3 x 3 m. Dýpt dokkarinnar er mest um 0.1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 3-4

NÞ-011:007 heimild um útihús 66°05.796N 16°50.637V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 80 m suðsuðvestur frá hesthúsi 006 og um 50 m vestsuðvestur frá svonefndu Sauðhúsi (009). Ekki er alveg samræmi á milli túnakortsins og lýsingar heimildamanns, Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni. Telur hann útihúsið hafa staðið á dálitlum hól um 120 m suðsuðaustur af 006 og um 70 m suðvestur af Sauðhúsi. Ennþá sést móta fyrir gamla túngarðinum (016) meðfram vesturjaðri gamla heimatúnsins á Víkingavatni þótt hann hafi verið sléttaður undir tún. Orsakast það af því að sökum stærðar hleðslugrjótsins sem í honum var, var ákveðið að hylja hann frekar en að reyna að fjarlægja grjótið. Liggur hann því eins og hryggur í gegnum heimatúnið sem hefur verið stækkað talsvert til vesturs. Samkvæmt túnakortinu frá 1917 dregst vesturjaðartúnsins skarplega inn (til austurs) á þeim stað þar sem útihús 007 er sýnt. Kröpp beygja er til austurs á hryggnum/túngarðinum á sama stað og útihúsið stóð samkvæmt lýsingu Jóhanns. Svo virðist því að staðsetningin sem Jóhann bendir á passi ágætlega sjónrænt við þá staðsetningu sem sýnd er á túnakortinu miðað við lögun túnsins, þótt fjarlægð og afstaða frá 006 og 009 sé ekki sú sama. Auk þess má bæta því við hér að á hábungu hólsins sem Jóhann bendir á má sjá ójöfnur sem benda til þess að þar hafi staðið mannvirki. Fjarlægð vestsuðvestur frá íbúðuarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002) er um 190 m.
Í túni.
Jóhann man ekki eftir þessu húsi uppistandandi en hefur þó lengi talið að þarna hafi verið mannvirki vegna þeirra ójafna sem á hólnum eru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-011:008 *Syðstahús* heimild um fjárhús 66°05.785N 16°50.548V
„Suðvestur af Mylluhól [013] var fjárhús og hlaða, nefnt Syðstahús, á hól, sem nefndur var eftir húsinu, Syðstahúshóll" segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Syðstahús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 140 m austsuðaustur af útihúsi 007. Eins og fram kemur í umfjöllun um 007 er ákveðið misræmi á milli túnakortsins og lýsingar Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni. Er eins um Syðstahús, að staðsetningin sem Jóhann bendir á passar ekki alveg við fjarlægðina frá 007 eins og hún er sýnd á túnakortinu. Samkvæmt lýsingu Jóhanns var Syðstahús á dálitlum hól um 70 m austsuðaustur frá 007 og um 60 m suðvestur frá Mylluhól (013) í þeim hluta gamla túnsins sem tilheyrir Víkingavatni I.

Í túni.
Jóhann man ekki eftir Syðstahúsi en þekkir þó örnefnið og staðsetninguna. Greinilegar ójöfnur má sjá á hólnum sem Jóhann telur að húsið hafi staðið á, sem bendir mögulega til þess að að þar sé að finna byggingaleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:009 *Sauðhús* heimild um útihús 66°05.827N 16°50.590V
„Norður af Réttarhúsum [010] var fjárhús, nefnt Sauðhús. Norðvestan við Mylluhól [013] er Sauðhúshóll, og voru á honum 2 fjárhús og hlaða, nefnd Sauðhús," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Sauðhús var á svonefndum Sauðhúshól um 70 m norðnorðaustur af Réttarhúsum samkvæmt lýsingu Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni og um 120 m austsuðaustur frá íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002). Samræmist lýsing Jóhanns nokkurn veginn túnakortinu frá 1917.
Í túni.
Sauðhús er nú horfið en þó má sjá ójöfnur á hábungu Sauðhúshóls sem bent geta til þess að þar leynist mannvirki undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:010 *Réttarhús* heimild um útihús 66°05.777N 16°50.628V
„Vestur af Syðstahúsi [008] var fjárhús og hlaða, nefnt Garðhús [018]. Þar norður af voru Réttarhús, tvö hús með sambyggðri hlöðu, Réttarhúshlöðu," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Réttarhús voru nálægt vesturjaðri heimatúnsins, um 40 m suðsuðaustur frá útihúsi (007) og um 60 m vestsuðvestur frá Syðstahúsi. Fjarlægð frá suðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002), er um 200 m.
Í túni.
Réttarhús eru nú horfin en þó má greina ójöfnur í túninu þar sem þau stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:011 *Fjóshóll* heimild um öskuhaug 66°05.873N 16°50.486V



NÞ-011:011 Horft til norð-vesturs

„Norður af gamla bæjarþorpinu og nyrzt á Bæjarhólnum er Fjóshóll, og hefir hann myndazt af ösku og sorpi, sem þangað hefir verið flutt um aldaraðir," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Fjóshóll er í beinu framhaldi af norðvestanverðum bæjarhólnum 001 til norðurs. Votheysgryfja er á Fjóshól og fundust ýmsir gripir er grafið var fyrir henni að sögn Sveins heitins Björnssonar fyrrum bónda á Víkingavatni. Kemur það ekki á óvart ef um er að ræða gamlan öskuhaug Víkingavatns. Sveinn sagði þó örnefnið Fjóshóll ekki vera gamalt, en hóllinn væri kenndur við fjós sem er sambyggt íbúðarhúsinu frá 1936. Hóllinn er tæpa 30 m ausnorðaustur frá fjósinu.
Í túni.

Hóllinn er svo til í beinu framhaldi af bæjarhól í norður eins og áður sagði. Norðurhlið Fjóshóls er allbrött og há, en grunn lægð skilur á milli hans og bæjarhólsins að sunnanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 2

NÞ-011:012 *Kúatöpp* hleðsla uppsátur 66°05.872N 16°50.415V
„Niður af Skemmuhólnum [sjá 002] gengur lítið nef fram úr vatnsbakkanum, sem Kúatöpp heitir. Voru þar settir litlir prammar, þ.e. flatbotna bátar, kjöllausir, sem notaðir voru til umferðar um vatnið," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Kúatöpp er um 30 m norðaustur frá íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002).
Vatnsbakki í túnjaðri.
Kúatöpp er lítill tangi sem gengur um 1 m út í vatnið og er ekki loku fyrir það skotið að hún hafi verið manngerð að einhverju leyti. Við Kúatöpp má greina steina í vatninu sem liggja nokkuð reglulega. Mynda þeir eins og ferhyrningslaga form meðfram og í framhaldi af töppinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 2


NÞ-011:012 Horft til norð-austurs

NÞ-011:013 *Mylluhóll* heimild um myllu 66°05.817N 16°50.522V
„Suðvestur af Bæjarhólnum er Mylluhóll. Þar var reist vindmylla 1870-1880 og notuð um 10-20 ára skeið til kornmölunar," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Mylluhóll er um 100 m suðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002). Myllan er horfin og vissi Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni ekki hvenær hún var rifin.
Hóll í túni.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:014 *Bryggjutangi* hleðsla lending 66°05.966N 16°50.526V
„Vatnsvöllur ytri heitri sá hluti túnsins, sem liggur að vatninu norðan Bæjarhóls. Nyrzt á honum er lítll tangi, sem liggur út í vatnið og heitir Lambhústangi, og út frá honum Bryggjutangi," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Bryggjutangi gengur út úr norðvestanverðum Lambhústanga (sjá 005) og er norðurendi hans um 40 m norðvestur frá þeim stað þar sem Lambhústangahús (005) stóð.
Þýfður og grasi vaxinn vatnsbakki.
Talsvert er af grjóti í vatninu við Bryggjutanga og er mögulegt að um sé að ræða leifar hlaðinnar bryggju. Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni mundi þó ekki eftir slíku mannvirki á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 2

NÞ-011:015 *Heygarðsrani* örnefni heygarður 66°05.863N 16°50.567V
„Vestan í Bæjarhólnum heitir Bæjarbrekka. Neðan við hana er laut og vestan við hana hóll aflangur, frá norðri til suðurs, sem Heygarðsrani heitir," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Heygarðsrani er um 100 m vestur frá Íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002) Ekki sést til fornleifa á Heygarðsrana og mundi Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni, ekki eftir mannvirki á þessum stað.
í túni
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 3

NÞ-011:016 garðlag túngarður 66°05.854N 16°50.672V



NÞ-011:016 Túngarðurinn á Víkingatni séður úr lofti. Horft til norð-austurs. Ljósmynd: Árni Einarsson

„Úr vík, sem gengur vestur úr vatninu norðan Þórðarvallar, var um 1860-1870 byggður túngarður úr grjóti að utan, en torfhnausum að innan. Lá garðurinn nokkurn veginn beint til suðurs vestan túnanna á báðum Víkingavatnsbúunum og Kílakots og endaði að sunnan við vík, sem verður vestur úr suðurenda vatnsins sunnan við Kílakot og heitir Reiðholtsvík. Var garður þessi hlaðinn úr stóru grjóti og hið mesta mannvirki, enda ágætlega fjárheldur, en vegna útfærslu túnsins hefir hann nú verið jafnaður við jörðu og gaddavírsgirðing tekið við hans hlutverki. Fjögur hlið voru á garðinum. Yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið, annað hlið beint vestur af bænum kallað Kvíahlið. Þar var heimreið til bæjarins, og aðskildi vegurinn heim frá hliðinu tún jarðarhelminganna…Þriðja hliðið á garðinum, Stórahlið kallað, var rétt norðan við Rétt-

arhús [010], en vestan garðsins hjá Réttarhúsum var, og er enn, allstór fjárrétt grjóthlaðin og notuð við sundurdrátt á fé frá Víkingavatni og næstu bæjum. Fjórða garðshliðið er suðvestur af bænum Kílakoti," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Heimatún Víkingavatns hefur verið stækkað talsvert frá því sem áður var. Þegar túngarðurinn var jafnaður við jörðu og túnið stækkað til vesturs var sökum stærðar hleðslugrjótsins látið nægja að hylja það með jarðvegi fremur en að flytja það burt með ærinni fyrirhöfn. Af þeim sökum má enn sjá móta fyrir túngarðinum, einkum meðfram vesturjaðri gamla heimatúnsins þótt hann verði samt að teljast sléttaður undir tún. Einnig má greina garðinn á loftmynd ef vel er að gáð. Annað garðlag virðist hafa legið samsíða túngarðinum að austanverðu frá því á móts við þann stað þar sem útihús 007 er skráð uns þeir sameinast rétt sunnan við Þórðarhús [003].
Í túni.
Garðarnir eru eins og langir hryggir í túninu , hvor um sig um 7 m á breidd. Að jafnaði er um 20 m bil á milli þeirra. Við Þórðarhús mynda garðarnir og hóllinn sem hesthús 006 stóð á, ferkantað gerði eða hvamm sem liggur norður-suður og er um 30 x 20 m að stærð. Er mögulegt að hólfið/hvammurinn sé leifar kvía þeirra sem Kvíahlið (sjá ofar) er kennt við. Heildarlengd megin túngarðsins meðfram vesturjaðri gamla heimatúnsins er um 300 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:017 *Kvíabólsvöllur* örnefni kvíar 66°05.870N 16°50.594V
„Vestan Heygarðsrana [015] er skák, sem heitir Kvíabólsvölllur," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Ekki sést til fornleifa á Kvíabólsvelli og mundi Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni ekki eftir mannvirkjum á þessum stað en þekkti þó örnefnið vel. Þess má geta að Kvíabólsvöllur er nálægt hólfinu eða hvamminum sem skráð er með túngarðinum (016). Er mögulegt að hólfið sé ummerki um kvíarnar sem völlurinn heitir eftir.
Í túni
Ekki sést til fornleifar
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 3

NÞ-011:018 *Garðhús* heimild um fjárhús 66°05.767N 16°50.627V
„Vestur af Syðstahúsi [008] var fjárhús og hlaða, nefnt Garðhús," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Garðhús er merkt inn á túnakort frá 1917, um 60 m suðvestur frá Syðstahúsi (008). Ekki er alveg samræmi á milli túnakortsins og lýsingar Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni, hvar Garðhús stóð og segir hann það hafa verið um 70 m frá Syðstahúsi en afstaðan er þó nokkurn vegin sú sama. Fjarlægð suðvestur frá Íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001 og 002) er um 220 m
Í túni.
Garðhús er nú horfið en þó má sjá ójöfnur í túninu þar sem það stóð, sem getur bent til þess að þar leynist byggingaleifar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:019 *Víkingshóll* þjóðsaga legstaður 66°05.958N 16°50.580V
Í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1941 segir:„Víkingur og menn hans voru síðan heygðir í hóli þeim, er stendur í Vikingavatnstúni við vatnið yzt; þó segja sumir hann lagðian í skip í hóli þeim, sem er suðaustan við bæinn í Kílakoti." „Nyrst á Þórðarvelli, fast við vatnið er lítill hóll, sem Víkingshóll heitir, og segja munnmæli forn, að sá maður er hóllinn, vatnið og bærinn er

við kenndur hafi numið þarna land. Á hann, samkvæmt þjóðsögunni, að hafa flúið land í Noregi frá óbættum sökum við Harald hárfagra, og gerði konungur menn til höfuðs honum. Komu þeir að Víkingavatni síðla vetrar, en Víkingur bóndi þá einn saman við dorgarveiði nokkurn spöl frá bænum. Fóru flugumenn konungs þar að honum, vógu hann og höfðu með sér höfuðuð, er færa skyldi konungi til sannindamerkis um tilætluð erindislok, og héldu þegar af stað vestur yfir Reykjarheiði. En er þeir voru komnir nokkuð meira en á miðja heiðina, tóku þeir sér hvíld við fjallsmúla nokkurn og mötuðust. Varð þeim þá litið á höfuð Víkings og sýndist það geispa og leizt það allmjög ófrýnilegt. Var þeim svo flemt við þessa sýn, að þeir köstuðu frá sér höfðinu, og segir ekki meira frá ferð þeirra. Ekki er saga þessi trúleg, en þó heitir enn Höfuðreiðar og Höfuðreiðarmúli á þeim stað, sem sagan segir höfuðið eftir skilið," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Höfuðreiðar og Höfuðreiðamúli eru í landi Reykjahverfis. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni segir sagan að í hólnum séu grafnar þær líkamsleifar Víkings landnámsmanns sem menn Haraldar hárfagra skildu eftir. Víkingshóll er um 60 m austnorðaustur af Lambhústangahúsum (005).
Dálítill hóll í þýfðum og votlendum móa á vatnsbakka.
Hóllinn er um 1,5 m á hæð og um 3 x 5 m að stærð. Ekki er loku fyrir það skotið að hóllinn sé manngerður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 3; Árbók Ferðafélags Íslands 1941, 8.

NÞ-011:020 *Járnhryggur* heimild um túngarð 66°05.818N 16°50.396V
„Sunnan við Vatnsvöllinn er niðurfallinn og uppgróinn hryggur, Járnhryggur kallaður, sem til forna hefir verið túngarður, en er nú í miðju túni." Segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni, sást lengi móta fyrir þessum túngarði þar sem hann lá í sveig frá suðvestri til norðausturs, norður frá íbúðarhúsinu á Víkingavatni I sem byggt var 1962 (sjá 001). Leifar garðsins hafa nú verið sléttaðar undir tún, en þó má enn greina litamismun á kafla í túninu sem gefur til kynna hvar garðurinn var.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:021 heimild um leið66°05.785N 16°50.465V
„Austur og suðaustur frá Bæjarhólnum heitir Syðri-Vatnsvöllur…Sunnan við Vatnsvöllinn er niðurfallinn og uppgróinn hryggur, Járnhryggur kallaður, sem til forna hefir verið túngarður, en er nú í miðju túni…Vatnsvöllur takmarkast að vestan af götu, sem liggur frá Bæjarhól miðjum beint til suðurs að Kílakoti, en milli bæjanna er ca. 400 m leið," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Samkvæmt lýsingu Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni, lá gatan að hluta á svipuðum slóðum og heimreiðin að Víkingavatni II liggur nú eða þar til á móts við núverandi Íbúðarhús á Víkingavatni I (sjá 001). Þar suðurfrá lá leiðin á svipuðum slóðum og vegslóði sem liggur fast norðan við fjárhús Víkingavatns I og nær að landamerkjagirðingu á móti Kílakoti.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:022 heimild um hesthús 66°05.791N 16°50.453V
„Sunnan við Járnhrygg [020], austarlega, heita Sléttur. Vestan við þær og fast við götuna milli Víkingavatns og Kílakots var áður hesthús og hlaða og áfast hlöðunni útiskemma, nefnd Kvennabrekka," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Hesthúsið, hlaðan og Kvennabrekka stóðu þar sem nú

er íbúðarhúsið að Víkingavatni I. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar fyrrum bónda á Víkingavatni sáust greinilegar tættur á þessum stað.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:023 *Kvíaholt* örnefni kvíar 66°05.824N 16°50.786V
„Vestur af þeim hluta gamla túnsins, sem tilheyrir Víkingavatni I, eru Sauðhúsholt [009] og Kvíaholt og á milli þeirra lægð, sem Kúalágar heita, en nú hefir allt þetta svæði og meira til verið ræktað," segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning þessara örnefna er óljós í dag, að öðru leyti en því sem kemur fram í texta örnefnaskrár.
Ræktað tún.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:024 *Kofahlið* heimild um leið
66°05.900N 16°50.638V
„Fjögur hlið voru á garðinum [016]. Yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið …" Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni telur að Kofahlið hafi verið rétt norðaustan við Þórðarhús (003), og það sé kofinn sem hliðið er kennt við. Gamall vegslóði liggur vestur um túnið frá bæjarhólnum (sjá 001) og yfir túngarðinn við Þórðarkofa. Mun gamla leiðin að Þórðarhúsi hafa legið á svipuðum slóðum, en sjálft hliðið var þó um 6 m norðar, en þar er greinileg dæld í garðinn.
Í túni
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5


NÞ-011:024 Horft til vesturs

NÞ-011:025 *Kvíahlið* heimild um leið 66°05.864N 16°50.672V
„Fjögur hlið voru á garðinum [016]. Yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið (sjá 024), annað hlið beint vestur af bænum kallað Kvíahlið og var það líklegast kennt við kvíar sem skráðar eru sem 026. Þar var heimreið til bæjarins, og aðskildi vegurinn heim frá hliðinu tún jarðahelminganna," segir í örnefnalýsingu. Kvíahlið var á túngarðinum rétt suðvestan við hesthús 006. Gamla heimreiðin lá á svipuðum slóðum og nú er girðing sem nú aðskilur jarðahelminganna.
Í túni.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:026 heimild um kvíar 66°05.864N 16°50.672V
„Fjögur hlið voru á garðinum [016]. yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið [sjá 024], annað hlið beint vestur af bænum kallað Kvíahlið [sjá 025]. Þar var heimreið til bæjarins, og aðskildi vegurinn heim frá hliðinu tún jarðahelminganna. Áfast túngarðinum, norðan við Kvíahliðið, voru smáfjárréttir, sín fyrir hvort bú, og þar réttaðar kvíær til mjalta, meðan fráfærur tíðkuðust,"

segir í örnefnalýsingu. Ekki er alveg ljóst hvar þessar kvíar voru, en þó er mögulegt að hólfið eða hvammurinn sem skráður er með túngarðinum (016), sé ummerki um kvíarnar. Passar það reyndar ágætlega við lýsingu örnefnaskrár þar sem segir að þær hafi verið „norðan við Kvíahlið." Verður ekki farið nær um staðsetningu kvíanna að svo stöddu.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:027 heimild um leið66°05.777N 16°50.628V
„Fjögur hlið voru á garðinum [016]. Yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið, annað hlið beint vestur af bænum kallað Kvíahlið. Þar var heimreið til bæjarins, og aðskildi vegurinn heim frá hliðinu tún jarðahelminganna. Áfast túngarðinum, norðan við Kvíahliðið, voru smáfjárréttir, sín fyrir hvort bú, og þar réttaðar kvíær til mjalta, meðan fráfærur tíðkuðust [sjá 026]. Þriðja hliðið á garðinum, Stórahlið kallað, var rétt norðan við Réttarhús …" Leifar megin-túngarðsins (sjá 016) hverfa um það bil á svipuðum slóðum og talið er að útihús 007 hafi staðið. Þar skammt suður af er talið að Stórahlið hafi verið á túngarðinum, líklega um 10 m norður frá Réttarhúsum (010).
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:028 heimild um rétt66°05.777N 16°50.634V
„Fjögur hlið voru á garðinum [016]. Yzta hliðið við Þórðarvöll, nefnt Kofahlið, annað hlið beint vestur af bænum kallað Kvíahlið. Þar var heimreið til bæjarins, og aðskildi vegurinn heim frá hliðinu tún jarðahelminganna. Áfast túngarðinum, norðan við Kvíahliðið, voru smáfjárréttir, sín fyrir hvort bú, og þar réttaðar kvíær til mjalta, meðan fráfærur tíðkuðust [líklega kvíar 026]. Þriðja hliðið á garðinum, Stórahlið kallað, var rétt norðan við Réttarhús [010], en vestan garðsins hjá Réttarhúsum og áföst honum var, og er enn, allstór fjárrétt grjóthlaðin og notuð við sundurdrátt á fé frá Víkingavatni og næstu bæjum," segir í örnefnaskrá. Réttin er nú horfin, var hún rifin árið 1974 og staðurinn sléttaður.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:029 heimild um leið66°05.693N 16°50.448V
„Fjórða garðshliðið er suðvestur af bænum í Kílakoti [NÞ-013:001]." Hlið var á túngarðinum þar sem heimreiðin að Kílakoti lá í gegnum túngarðinn. Íbúðarhúsið í Kílakoti er nú horfið en það stóð um 280 m suðaustur af íbúðarhúsinu að Víkingavatni I (sjá 022). Má enn sjá móta fyrir gömlum akvegi heim að Kílakoti.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5

NÞ-011:030 *Heygarðshró* örnefni heygarður 66°05.808N 16°49.947V
„Austan við túnið á Víkingavatni er stórt nes, kallað Hró. … Í Hróinu eru nokkrir stórir hólar, sem Balar eru nefndir. Syðstibali heitir vestast í Syðrahrói, austan hans er Kollóttibali og norðaustur af honum Steinbali. Suðaustur af Steinbala gengur þýfður tangi til suðurs í vatnið, sem heitri Þúfnatangi, og austur af honum annar tangi, sem Austaritangi heitir. Nokkurn spöl norðar eru 2 litlir hólar, og heiti syðri hóllinn Litla-Viðarhró, en sá ytri Heygarðshró," segir í örnefna-

lýsingu. Örnefnið Heygarðshró er í þýfðum votlendismóa á bökkum Víkingavatns, um 380 m austsuðaustur af íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001). Engin mannvirki er að sjá á þessu svæði.
Þýfður og grasivaxinn votlendismói á vatnsbakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 5-6

NÞ-011:031 *Hróahlöðubali* örnefni hlaða 66°05.827N 16°50.181V
„Syðst í Ytrahrói vestanverðu er stór hóll eða bali, sem heitri Hróahlöðubali Í. Þar eru greinilegar húsatættur, sjálfsagt frá þeim tíma þegar Hróið var hólmi en ekki nes, eins og nú má telja. Á Hróahlöðubala er nú heimagrafreitur …“ Hróahlöðubali er sléttur hóll um 200 m austsuðaustur af íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 001]. Heimagrafreitur, umkringdur steyptum vegg, er á Hróahlöðubala sem fyrst var grafið í 1912 og er hann enn í notkun. Túnið umhverfis grafreitinn er jafnframt slegið. Ekki sést lengur til hústóftanna á Hróahlöðubala sem minnst er á í örnefnaskrá. Hafa þær líklegast horfið við sléttun túnsins.
Sléttur hóll sem er sleginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 6

NÞ-011:032 *Hjallahró* örnefni hjallur 66°05.913N 16°50.165V
„Sunnan við allt Hróið, út frá landi, er samfelldur blástrar- og sefgróður, sem nefnist í heild Hróaflögur … Norðaustur af Hróaflögubala er Árnaflögubali, og nokkrum spöl norðar er holt, kallað Hjallahró Í, og hefir þar verið hengdur silungur einhvern tíma,“ segir í örnefnaskrá. Hjallahró er dálítill hóll um 160 m norðnorðaustur af Hróahlöðubala (sjá 031). Er hann syðst á dálitlu nesi eða tanga sem þarna gengur út í vatnið og nefnist Hjallahróstangi. Engin mannvirki er að sjá á Hjallahrói og man Jóhann Gunnarsson, fyrrum bóndi á Víkingavatni ekki eftir hjöllum þar, þótt hann þekki vel til örnefnisins.
Mýrlendur, óræktarmói á vatnsbakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 6

NÞ-011:033 *Kvíslarvað* heimild um vað 66°05.898N 16°48.304V
„Nokkurn spöl norðaustur af Grásíðu [NÞ-015:001] gengur hraunið lengst til norðurs, og endar þessi tangi í þverhníptu bjargi, er Holubjörg heita. Koma þar saman landamerki jarðanna Víkingavatns, Grásíðu og Garðs í Kelduhverfi. Undan Holubjörgum koma miklar uppsprettur, sem mynda dálitla bergvatnsá, sem kölluð er Kvíslin … Rétt vestan við Holubjörg heitir Kvíslarvað, en annars má fara yfir Kvíslina hvar sem er,“ segir í örnefnaskrá. Kvíslirnar eða uppspretturnar eru tvær og koma þær saman nokkuð vestur frá Holubjargi. Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni vissi ekki nákvæmlega hvar Kvíslarvað hefur verið, en taldi þó líklegt að það hafi verið skammt vestur frá Holubjargi, eftir að kvíslirnar tvær hafa sameinast í eina, þar sem talsvert er um hólma í ánni, rétt vestur af girðingu sem þar er og liggur N-
S. Verður þessi staður að teljast nokkuð líklegur, bæði vegna hentugra aðstæðna, sem og að hann kemur vel heim og saman við lýsingu örnefnaskrár.
Áin rennur þarna um slétta og grasi vaxna votlendismóa. Sendinn árbotn.
Áin breiðir nokkuð úr sér á þessum slóðum og rennur hún um hólma, sem gerir það að verkum að auðvelt er að fara yfir ána. Ekki er þó ljóst á hvaða leið menn hafa verið er farið var um vaðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 8



NÞ-011:034 Horft til suð-vesturs

NÞ-011:034 áletrun landamerki 66°05.933N 16°47.930V
„Í hamarinn í austasta Holubjargi [sjá 035] er högginn bókstafurinn L, og eru þar landamerki Garðs og Víkingavatns," segir í örnefnaskrá. Lýsing örnefnaskrár er ekki rétt að því leyti að ekki er um að ræða landamerki Garðs og Víkingavatns heldur rekamörk. Staðsetningin er rétt en áletrunin er „RM" en ekki L.
Hraunklettar eða bjarg.
Áletrunin er klöppuð á klett ofarlega á norðausturhorn Holubjargs. Nokkuð er um skófir á klettinum en þó má samt auðveldlega finna þessa áletrun þótt staðið sé á jörðu niðri undir bjarginu sem er um 4-5 m á hæð. Er áletrunin nokkuð vönduð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 9


NÞ-011:035 *Álegutoppur* heimild um tjaldstæði 66°06.547N 16°49.993V
„Í norðausturhorni vatnsins [Víkingavatns] liggur Illitangi til suðurs og eru stararflögur bæði austan hans og vestan, Illatangaflögur nefndar. Þar vestan við er Langhólmi, sem nú er landfastur orðinn að norðan og líka liggur til suðurs í vatnið og með stararflögum á báðar hliðar, Langhólmaflögur. Þar vestan við eru Botnar, líka landfastur tangi, og eru Langhólmi og Botnar á einum stað aðeins aðskildir með mjóu sundi, sem Botnsund heitir…Rimi heitir norðurströnd vatnsins á parti vestan Botna. Þar voru tveir seftoppar, kallaðir Rimatoppar. Þar vestan við er Ytri-Vatnsbotn, en það er mjó en nokkuð löng vík til vesturs…Sunnan við Ytri-Vatnsbotn er allstórt landsvæði, sem Breiður nefnist, yst Sultabreiður, þá Kílakotsbreiður og vestan þeirra Vestaribreiður…Á Sultabreiðum er alllöng lægð, sem Stóralág heitir, en út frá þeim að austan vex mikið sef. Þar er norðarlega Mjóitangi…Sunnan tangans er sefflaga, kölluð Inniluktaflaga, en sunnan hennar breiður tangi eða nes, sem gengur austur í vatnið og heitir Folaldstangi…Sunnan við Folaldastanga er þurr, sléttur flötur, sem Merkibali heitri. Eru þar engjamerki milli Sulta og Kílakots, og Kílakotsbreiður sunnan merkjanna. Á austanverðum Kílakotsbreiðum er Breiðholt og austur af því Breiðholtstoppur og svo Tveggjabaggatöpp og enn sunnar tveir smáhólmar, Stóra-Álega og Litla-Álega. Suður af þeim Álegutoppur. Veit enginn hvernig Álegu-nafnið er til komið, en tilgátu, að þar hafi verið viðlegutjald heyskaparfólks og nafnið af því dregið," segir í örnefnaskrá. Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni þekkir álegu-örnefnin og staðsetningu þeirra lauslega. Áleguörnefnin eru í votlendismóa um 1,3 km norðnorðaustur frá bæ nálægt vesturströnd Víkingavatns og staðfesti Jóhann að þar hefði verið engjaslátta.
Grasi vaxnir smáhólmar í votlendismóa.
Engin mannvirki sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 12-13

NÞ-011:036 *Breiðuvöð* heimild um vað 66°06.594N 16°50.243V
„Vestan við Breiðurnar [sjá 035] og samhliða þeim frá norðri til suðurs er Miðtjörn, sem var nokkuð stór, en hefur mjög minnkað vegna sandfoks… Vestur af Álegum [035] er dálítill hólmi, sem Kottöpp heitir, vaxinn mjóg þroskamikilli gulstör. Nær Kottöpp að vesturmörkum Kílakotsbreiða [sjá 035], en þar vestan við eru Vestaribreiður, sem tilheyra Víkingavatni. Um þessi

merki er farvegur, sem vatn renur um haust og vor norður í Miðtjörn, og heita Breiðuvöð, þar sem yfir farveginn var farið," segir í örnefnaskrá. Farvegurinn er nú uppfylltur og er ekki örugg vissa fyrir því hvar var farið yfir hann, þó er talið möguleget að það hafi verið 200 m vestur frá Álegum (035).
Grasi vaxinn votlendismói.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 14

NÞ-011:037 *Stekkjargjá* tóft stekkur
66°05.750N 16°51.951V
„Vestur af Víkingavatninu, nálægt miðju, er nær gróðurlaus hraunspilda [Hraun], klettar og sandorpnar lægðir á milli, sem nær allt vestur að stóru sjávarlónum norður af bænum Lón [NÞ-010:001]… Vestur frá túninu á Víkingavatni og alla leið vestur að bænum Lóni er stórt landflæmi sem Gjámór heitir. Það svæði mestallt er sundurskorið af mörgum hraunsprungum, gjám, sem allar hafa stefnu frá norðaustir til suðvesturs Þetta svæði takmarkast að norðan af suðurbrún Hraunanna, sem áður er getið en að sunnan af Veggjum, sem síðar verður lýst…Þegar talið er frá austri til vesturs í norðurhluta Gjámósins, eru nöfn aðalgjánna þessi: Stekkjargjá, u.þ.b. 1 km. vestan túns á Víkingavatni. … Suður af Sandbrekku er norðurendi Stekkjargjár, og liggur hún suður um Stekkjargjárholt…Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina hækkar landið snögglega, og heitir brún sú er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun, sem fyrir var, og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru vestar verður stefnan til suðvesturs. „ Stekkurinn sem Stekkjagjá heitir eftir er nálægt suðurenda Stekkjargjár, undir Veggjunum, um 200 m suður frá þjóðveginum og um 1,1 km vestsuðvestur frá bæ [001]
Undir þverhníptu bjargi, sem er um 5-7 m á hæð. Umhverfis er þýfður móí, vaxinn grasi og lyngi.
Stekkurinn snýr norður-suður og er um 10 x 8 m að stærð. Hann skiptist í þrjú hólf. Stærsta hólfið er um 7 x 5 að innanmáli og vísar op þess til suðurs. Eitt lítið hólf sem liggur austur-vestur er fyrir norðurenda stóra hólfsins og er það um 3x1 m að innanmáli og gæti mögulega haft op til vesturs þótt það sé fremur illgreinanlegt. Annað lítið hólf, um 2 x 1 m að stærð, er við suðausturhorn stóra hólfsins og liggur það


NÞ-011:037 Horft til norð-vesturs



NÞ-011:037


norður-suður. Hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,2 m séð utanfrá, en um 0,3 m að innanverðu. Víða glittir í hleðslugrjót í veggjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 17, 18, 19

NÞ-011:038 *Stekkjarholt* örnefni stekkur
„Suðvestan túnsins á Víkingavatni er klapparholt, sem Stekkjarholt heitir.“ Staðsetning þessa örnefnis er ekki lengur þekkt og er ekkert holt suðvestan við túnið á Víkingavatni sem kemur heim og saman við lýsingu örnefnaskrár. Er líklegt að holtið sé horfið vegna túnsléttunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 19

NÞ-011:039 *Selskarð* tóft sel 66°05.552N 16°50.462V



NÞ-011:039 Horft til aust-suð-austurs



NÞ-011:039

„Skammt vestan við Veggjarenda austari er hár klettur á Veggjabrúninni, sem Galti heitri. Þar vestur af er Fossbjarg, Skúlaklettur, Káravörður NÞ-015:027 og Skipaklettur, allir suður af upp af Ólafsgerði [NÞ-014:001] og Kílakoti [NÞ-013:001], en suðvestur af Kílakoti heitir Selskarð, og er þar aflíðandi brekka niður, en engin klettabrún, en norðan skarðsins er Selskarðsbjarg,“ segir í örnefnaskrá. Selskarð er í Veggjunum suðvestur af Kílakoti eða beint upp af því. Fjarlægð suður frá íbúðarhúsinu frá 1936 [sjá 001] er um 570 m og um 70 m suður frá þjóðvegi. Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni vissi ekki hvaðan sel-örnefnin eru dregin en þekkti þau þó. Benti hann þó á tóft suðaustanmegin, neðarlega í brekkunni í Selskarði og er hún skráð hér. Ekki sáust fleiri tóftir á þessu svæði.
Aflíðandi grasbrekka niður skarð í hraunvegg.
Tóftin er um 8 x 5 m að stærð og snýr aust-suðaustur-vestnorðvestur. Tóftin er einföld og talsvert sigin, en hleðsluhæð er mest um 0,3 m. Dyr eru á vestnorðvestur-gafli. Hleðslur eru algrónar og sést því hvergi í hleðslugrjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20

NÞ-011:040 hellir 66°05.625N 16°50.624V
„Uppi á brúninni vestan Selskarðs [039] er Berjaklettur og litlu vestar Jöfnumbáðuhóll, eyktarmark frá Víkingavatni. Milli Berjakletts og Jöfnumbáðshóls heita Svörtuveggir, og er það nafn dregið af svörtum sandsteinsklettum, sem þar eru neðst í brekkunni, nefndar Kerlingar. Þessi

sandsteinn er svo linur, að vel má vinna hann með eggjárni eða sög. Um 1890 var þar höggginn og sagaður í klettinn stór skápur eða hellir með þröngum dyrum, notaður til að byrgja þar inni hunda, eftir að þeim hafði verið gefinn inn hundaskammtur (þ.e. ormahreinsunarlyf),“ segir í örnefnaskrá. Sandsteinsklettarnir eru undir Veggjunum um 180 m vestnorðvestur frá rústinni við Selskarð (sjá 039) og um 50 m suður frá þjóðveginum og sést hellirinn vel frá honum.



NÞ-011:040 Horft til suðurs

Sandsteinsklettar, undir hraunbjargi.
Hellirinn sem er nokkur veginn hringlaga, er 1,72 m í þvermál og opnast í norður. Lofthæð er 1,23 m mest. Opið er um 1 m á breidd og um 1,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20


NÞ-011:041 *Nónvörður* varða eyktarmark
66°05.679N 16°50.957V
„Vestan Jöfnumbáðuhóls [sjá 040] gengur klettanef fram úr hraunbrúninni, sem Grjótstapi heitir, og vestan hans er vik í hraunbrúnina og grasbrekka niður á jafnsléttu, nefnd Gjá. Litlu vestar er lægð í brúnina og aflíðandi grasbrekka niður, og heitir þar Fjárbæli. Vestan þeirra eru Nónvörður eða Arnarklettur (nýrra nafn).“ Um er að ræða áberandi hraunklett fremst á Veggjunum, um 500 m suðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1939, og er varða fremst á honum. Ekki er vitað til þess að þar hafi staðið fleiri vörður.



NÞ-011:041 Horft til norð-austurs

Varðan er á áberandi hraunkletti fremst á bjargbrún. Kletturinn er gróinn grasi og lyngi.
Varðan sem er fremur hroðvirknislega hlaðin er um 0,8x0,8 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20

NÞ-011:042 *Stekkjarbjarg* tóft stekkur
66.°05.714N 16°51.229V
„Litlu vestar [en varða 041] er Stekkjarbjarg, það er lóðrétt bjarg, nokkurra metra hátt. Uppi á bjargbrúninni eru rústir af stekkjarveggjum,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er uppi á Veggjunum, um 200 m vestnorðvestur frá Nónvörðu (041). Fjarlægð suðvestur frá bænum (íbúðarhúsið frá 1939), er um 600 m.



NÞ-011:042 Horft til norð-vesturs



NÞ-011:042 Horft til suð-austurs

Á bjargbrún sem er umkringd lyngi og mosavöxnu hrauni. Gott útsýni er yfir Víkingavatn frá þessum stað.
Tóftin er um 19 x 14 m að stærð og skiptist í 3 hólf. Stærsta hólfið snýr austur-vestur og er það um 10x6 m að stærð, og virðast vera dyr á austur- og vesturenda. Annað hólf sem er um 4x4 m að stærð, er sambyggt stóra hólfinu við miðjan, sunnanverðan suðurvegg. Þriðja hólfið er við innanvert norðvesturhorn stóra hólfsins og er það um 6x3 m að stærð. Veggir eru grasi grónir og eru þeir yfirleitt greinilegri að utanverðu en innanverðu. Þó hverfa þeir á köflum vegna þýfis, sér í lagi við vesturenda tóftarinnar. Hleðsluhæð er mest um 0,6 m
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20


NÞ-011:043 *Gamlistekkur* heimild um stekk 66.°05.717N 16°52.060V
„Nokkurn spöl vestur af Stekkjarbjargi [sjá 042] er Körfunöf. Það er nef fram úr Veggjabrúninni, nokkurra metra hátt… Skammt vestan við Körfunöf heitir Stekkjarbjarg og kollóttur smáhóll á bjargbrúninni, sem Stekkjarþúfa heitir. Þar á brúninnu sést votta fyrir veggjarústum, og heitir þar Gamlistekkur," segir í örnefnaskrá. Jóhann Gunnarsson, fyrrum bóndi á Víkingavatni, vissi um staðsetningu þessa örnefnis, sem er á bjargbrúninni, um 100 m vestsuðvestur frá tóftinni við Stekkjargjá (037). Fjarlægð vestsuðvestur frá bæ (sjá 002) er um 1,25 km. Jóhann mundi þó ekki eftir hleðslum á þessum stað og fundust þær ekki við vettvangskönnun.
Á bjargbrún. Lyngi vaxið hraun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20-21

NÞ-011:044 *Kringlugerði* bæjarstæði býli 66.°04.851N 16°54.153V
„Stadar Sullt [NÞ-012:010], Horn Sel [NÞ-011:066], Brandsgerde [NÞ-011:045]. og Kring(l)ugerde kallast nú fjögur eydiból sem liggja fram á heiðinni fyrir framan bygðina, öll í þessrar jarðar landi, og eru sýnileg byggíngamerki tófta og garðleifa á sjerhvörju þeirra, og geta menn til þau hafi eyðilagst í stóru plágunni. Ekkert þeirra má aftur byggja, því þau eru öll skógi og lýngi vaxin," segir í Jarðabók Árna og Páls frá því snemma á 18. öld. „Á hraunbrúninni vestan Staðarsultar [sjá bæinn Sultir NÞ-012] vottar fyrir fornum húsatótftum, og heitir þar Kringulgerði." Bærinn Sultir stendur í hraunkrika sem nefnist Bæjarsult (sjá NÞ-012:001). Vestan við Bæjarsult er annar kriki er nefnist Stekkjarsult (sjá NÞ-012:008) og þar vestur af er Staðarsult. Kringlugerði er á hraunbrúninni um 300 m vestur frá Staðarsult og um 750 m vestsuðvestur frá Sulta bænum.
Í þýfðum lyngmóa á hraunbrún.
Eyðibýlið er umlukið nokkuð signu og lyng-



NÞ-011:044A Horft til norðurs

NÞ-011:044 Kringlugerði



ivöxnu kerfi garðlaga [044b] sem þó er nokkuð greinilegt. Fyrst skal nefna það garðlag sem stærst er. Um er að ræða vallargarð, sem afmakar svæði sem er um 170 x160 m að stærð. Innan hans og sambyggður honum að austan og sunnanverðu er annar minni vallargarður sem afmarkar svæði sem er um 140x120 m að stærð. Eru rústir bæjarhúsa innan hans. Loks liggur garðlag í sveig frá



NÞ-011:044 Kringlugerði séð úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson


norðri til suðvesturs, frá norðurhlið stóra vallargarðsins. Hleðsluhæð garðlaganna er mest um 0,5 m. Bæjarrústin [044a] er rétt vestan við mitt innra túnið. Er hún samsett úr tveim misstórum hólfum sem liggja samsíða norður-suður. Stærra hólfið er um 9 x 7 m að stærð, með greinilegar dyr eða op á suðurenda, en einnig er mögulegt að dyr hafi verið við norðvesturhorn. Minna hólfið er um 5 x 4 m að stærð, en á því sjást engar greinilegar dyr. Hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,5 m. Á dálitlum hól, um 60 m austsuðaustur frá bæjarrústinni er einföld tóft (044c) sem er um 9 x 8 m að stærð, líklega eftir útihús. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er hún opin í suðvesturenda. Tóftin er allgreinileg, þótt hún sé í raun eins og dokk ofan í hólinn. Hleðsluhæð eða dýpt hennar er líklega mest um 0,5 m. Um 20 m norðaustur af bæjarrústinni er dálítil hringlaga dokk (044d) sem virðist manngerð. Hún fannst ekki á vettvangi en sást þó greinilega á loftmyndum. Ekki er hægt að segja til um mál hennar að svo stöddu. Þessar rústir virðast vera lítið raskaðar ef undan er skilinn vegslóði sem liggur þvert í gegnum rústasvæðið frá vestnorðvestri-austsuðaustur, sunnan við bæjarrústina. Verða rústirnar því að teljast í hættu vegna vegagerðar.



NÞ-011:044C Horft til norð-austurs

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM XI, 281, Ö-Víkingavatn, 22

NÞ-011:045 Brandsgerði



NÞ-011:045 *Brandsgerde* bæjarstæði býli 66°04.456N 16°54.151V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Stadar Sullt [NÞ-012:010], Horn Sel [066], Brandsgerde og Kring(l)ugerde [044] kallast nú fjögur eydiból sem liggja fram á heiðinni fyrir framan bygðina, öll í þessrar jarðar landi, og eru sýnileg byggíngamerki tófta og garðleifa á sjerhvörju þeirra, og geta menn til þau hafi eyðilagst í stóru plágunni. Ekkert þeirra má aftur byggja, því þau eru öll skógi og lýngi vaxin.“ Brandsgerði er tóftasvæði um 3,8km suðvestur af bæ 001, um 730m suður af Kringlugerði 044 og um 120m austur af Kolakletti 074.
Tóftasvæðið er í frekar flötu landi sem hallar til norðurs og er það mikið gróið kjarri og lyngi.
Á svæðinu eru fjórar tóftir, tvö gerði og tvöfaldur túngarður sem afmarkar svæði sem er 150x170m að stærð. Hér verður öllum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er suðvestan til innan innri túngarðs B, um 20m austan við tóft C og um 90m suðvestan við tóft E. Tóftin er á lágum hól og stendur hærra en umhverfið sem hún er í en mikið af kjarri er komið í hana. Líklega hefur þetta verið sjálfur bærinn. Tóftin er 18x16m að stærð og snýr norðaust-ur-suðvestur. Vegghleðslur eru þykkar og stæðilegar, 2-3m á breidd og um 1m á hæð en tóftin




NÞ-011:045 Brandsgerði séð úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson

er á kafi í kjarrgróðri og því ekki mjög greinileg. Tóftin er alla vega þrískipt en sennilega eru fleiri hólf í henni því syðsti hluti hennar er mjög óljós. Vestan í tóftinni eru tvö hólf. Það syðra, hólf a, er 4x3m að innanmáli og snýr norðvestur-suð-austur. Op á því austast á norðausturlanghlið.



NÞ-011:045A Horft til suð-suð-vesturs




NÞ-011:045A


Opið liggur að hólf b sem er 3x7m að innanmáli. Það snýr norðaustur- suðvestur. Þrjú op eru á hólfi b. Einu hefur þegar verið lýst en annað er við það fyrstnefnda en á útvegg, syðst á norðvestur langhliðinni. Það þriðja er fyrir miðri suðausturlanghlið og liggur að hólfi c sem er 3x1m að innanmáli. Hólf c er 4m löng göng með tveim útskotum og lítur það út eins og kross. Þessi skot eru um 1m hvort og standast á. Umhverfis Brandsgerði er túngarður B. Hann er tvöfaldur og jafnvel þrefaldur að norðanverðu en einfaldur að sunnan. Innri túngarðurinn afmarkar svæði



NÞ-011:045B Horft til austurs




NÞ-011:045C



NÞ-011:045C Horft til norðurs


sem er 100x70m stórt og snýr það austur-vestur. Frá norðvesturhorni innri túngarðsins liggur annar túngarður til norðausturs í um 90m en beygir þá til austurs og liggur áfram í um 25m áður en hann beygir til suðvesturs að sprungu eða grunnri gjá. Gjáin hefur stefnuna suðvestur-norðaustur og liggur all nærri suðausturhorni innri túngarðsins. Sprungan hefur því líklega þjónað sem náttúrulegt aðhald í garðs stað. Önnur sprunga er vestan við tóftasvæðið en hún er ekki eins greinileg. Frá norðvesturhlið ytra túngarðs að norðausturhlið hans liggur svo þriðja garðlagið. Það er því á milli ytri og innri túngarðanna en tengist eingöngu ytri túngarðinum og myndar því stórt gerði sem afmarkar 30x80m stórt svæði. Innri túngarðurinn er örlítið skýrari en sá ytri. Hann er 50-60cm á hæð og um 150cm á breidd, siginn og rúnaður og fellur ágætlega inn í umhverfið. Sá ytri er víðast hvar alveg að hverfa. Sumstaðar er hann einungis greinilegur sem hryggur í landinu og víða klofinn af kindastígum. Þar sem hann er greinilegastur er hann 40-50cm á hæð og um 2m á breidd. Vera má að innsta túngarðinum hafi verið haldið við eitthvað lengur er ytri garðlögunum. Tóft C er 20m vestan við tóft A, áföst vesturhlið túngarðs B að innanverðu og um 30m suðsuðvestan við tóft D. Landið er frekar flatt og hallar til norðurs og er það mikið gróið kjarri og lyngi.




NÞ-011:045D



NÞ-011:045D Horft til norðurs




NÞ-011:045E Horft til vest-norð-vesturs



NÞ-011:045E

Tóftin hefur líklega verið e.k. útihús. Hún er einföld og snýr norður-suður. Hún er um 10x8m að stærð en um 3x4m að innanmáli. Vegghleðslur eru um 3m á þykkt og um 80cm á hæð, eru hleðslur signar og rúnaðar auk þess að vera á kafi í kjarrgróðri og var ekki hægt að greina neitt op á tóftinni.

Tóft D er um 50m norðvestan við tóft A og um 30m norðnorðvestan við tóft C. Hún er í norðvesturhorninu á innri túngarði B á kafi í kjarrgróðri. Tóftin er 17x6m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og er um 11x2m að innanmáli. Vegghleðslur eru signar og rúnaðar og um 70cm á hæð. Veggþykktin er nokkuð misjöfn, vestanmegin er veggurinn um 1m á þykkt en að austan um 3m á þykkt. Hugsanlega má skýra mismunandi þykkt veggja með því að jata hafi verið við austurvegginn en erfitt er að fullyrða nokkuð um það enda eru gaflarnir þykkir líka. Tóft E er um 90m norðaustan við tóft A, um 110m austnorðaustur af tóft D. Í landi sem hallar til norðurs og er gróið kjarri. Tóftin er 21x9m að stærð og snýr svo til austur-vestur. Hún er tvískipt og er eystra hólfið 3x3m að innanmáli en hið vestara 12x3m. Op er nyrst á vesturgafli eystra hólfsins að vestan yfir í vestara hólfið. Tvö hólf virðist hafa verið á tóftinni vestarlega, eitt á norðurvegg en hitt á suðurvegg og standast þau á. Vegghleðslur eru signar og breiðar, um 3m á þykkt og um 40cm á hæð. Innri brún veggja er skýrari en ytri brún. Tóftin er lágri hæðarbungu og hugsanlegt að hún sé að einhverju leyti uppsöfnið mannvistarlög. Hæðin er lyngi vaxin og lítið ber á henni.



NÞ-011:046

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: JÁM XI, 281

NÞ-011:046 *Lónsstekkur* tóft stekkur
66°05.538N 16°54.141V
Skammt austur frá landamerkjum Lóns (NÞ-010) og Víkingavatns, um 1,2 km austsuðaustur

frá stekknum í Mósult (048) er stekkjartóft sem Jóhann Gunnarsson, fyrrum bóndi á Víkingavatni, segir að hafi ávallt verið nefndur Lónsstekkur, sökum nálægðar við landamerkin móti Lóni. Er hann austarlega, sunnanmegin í svonefndu Guðfinnugjárholti sem liggur þar austur-vestur.
Utan í lyngi vöxnu holti. Þýfður lyngmói umhverfis.
Tóftin er þreföld og virðist vera um að ræða aðhald, rétt og lambakró. Tóftin er um 5x5m að flatarmáli Hleðsluhæð er um 0,5 m og eru hleðslur grónar. Tóftin liggur nokkurn veginn austur vestur. Aðhaldið sem er austanmegin, er um 5x2 m að stærð liggur austur-vestur og opnast til vesturs. Réttin sem er um 4x2 m að stærð, liggur einnig austur-vestur, og er lambakróin sem er við austurenda hennar um 1,5x1,5 m að stærð. Engar augljósar dyr eru á milli hólfanna þriggja.



NÞ-011:046 Horft til austurs

Hættumat: engin hætta

NÞ-011:047 varða óþekkt
66°05.678N 16°51.907V
Varða er uppi á Veggjunum, um 140 m suðaustur frá Stekknum við Stekkjargjá (037).
Á lítt grónum hraunklapparhól, sem umrkingdur er þýfðum lyngmóa.
Varðan, sem er nokkuð vel hlaðin, er um 1 m á hæð og um 0,6x0,6 m að flatarmáli. Dálítill veggstubbur, um 1 m á lengd sem liggur norður-suður, hefur á einhverjum tímapunkti verið hlaðinn við vörðuna að sunnanverðu. Hleðsluhæð hans er um 0,5 m.




NÞ-011:047 Horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

NÞ-011:048 tóft stekkur 66°05.271N 16°52.690V
„Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina [bæina við Víkingavatn] hækkar landið snögglega, og heitir brún sú, er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru vestar verður stefnan til suðvesturs. Allöngu vestar hverfa svo Veggirnir og heitir það Veggjarendar. Nokkurn spöl þar suður af taka þeir sig upp aftur við Mósult og liggja þaðan til vesturs-suðvesturs og enda loks ca. 1 km vestan við túnið í Sultum, og heitir þar Veggjarendar vestari… Nokkurn spöl vestur af Stekkjarbjargi [sjá 042] er Körfunöf. Það er



NÞ-011:048 Horft til norð-vesturs



NÞ-11:048

nef fram úr Veggjabrúninni, nokkurra metra hátt… Skammt vestan við Körfunöf heitir Stekkjarbjarg og kollóttur smáhóll á bjargbrúninni, sem Stekkjarþúfa heitir. Þar á brúninni sést votta fyrir veggjarústum, og heitir þar Gamlistekkur [043]…Nokkru sunnar eru Þröngvur…og þar rétt sunnan við tekur við Mósult, sem er austasta sultin…Vestan Mósultar eru Narfasult og Folaldasult, báðar litlir hraunkrikar, aðskildar með klettanefnum. Vestan Folaldasultar er hrauntangi, sem heitir Bæjarnöf, og vestan hans og sunnan Bæjarsult, sem er allstór og stendur þar bærinn Sultir [NÞ-012:001] … „ Stekkjartóft er í Mósult, um 50 m austur frá bílslóða sem liggur á svipuðum slóðum og Sultastígur [sjá 049] sem var á milli Víkingavatns og Sulta þar sem hann liggur um svonefndar Þröngvur og um 570 m norðaustur frá bænum Sultum.

Tóftin er undir klettavegg í grasi og lyngi grónum hraunkrika.

Tóftin er tvöföld, grjóthlaðin,um 16x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru nokkuð heillegar, en hleðsluhæð er mest um 1 m. Klettaveggur myndar austnorðausturhlið tóftarinnar. Stærra hólfið er í norðvesturhluta tóftarinnar. Er það um 11x8 m að stærð. Minna hólfið er um 8x6 m að stærð og eru dyr inn í það við suðurhorn stóra hólfsins. Megindyr inn í tóftina eru síðan á milli austnorðausturveggjar litla hólfsins og áðurnefnds klettaveggjar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 19-21

NÞ-011:049 *Sultastígur* gata leið 66°05.304N 16°52.720V

„Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina [bæina við Víkingavatn] hækkar landið snögglega, og heitir brún sú, er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru vestar verður stefnan til suðvesturs. Allöngu vestar hverfa svo Veggirnir og heitir það Veggjarendar. Nokkurn spöl þar suður af taka þeir sig upp aftur við Mósult og liggja þaðan til vesturs-suðvesturs og enda loks ca. 1 km vestan við túnið í Sultum, og heitir þar Veggjarendar vestari… Nokkurn spöl vestur af Stekkjarbjargi [sjá 042] er Körfunöf. Það er nef fram úr Veggjabrúninni, nokkurra metra hátt… Skammt vestan við Körfunöf heitir Stekkjarbjarg og kollóttur smáhóll á bjargbrúninnu, sem Stekkjarþúfa heitir. Þar á brúninni sést votta fyrir veggjarústum, og heitir þar Gamlistekkur [043]…Nokkru sunnar eru Þröngvur…og þar rétt sunnan við tekur við Mósult, sem er austasta sultin…Vestan Mósultar eru Narfasult og Folaldasult, báðar litlir hraunkrikar, aðskildar með klettanefnum. Vestan Folaldasultar er hrauntangi, sem heitir Bæjarnöf, og vestan hans og sunnan Bæjarsult, sem er allstór og stendur þar bærinn Sultir [NÞ-012:001] … Áður en bílvegur var ruddur yfir Reykjaheiði, fóru Vatnsbæingar oft á sumrum yfir Reykjaheiði til Húsavíkur, bæði lausríðandi og í lestaferðum. Var þá jafnan farin styzta leið vestur frá Víkingavatni vestur með veggjunum, framhjá Sultum[NÞ-012:001], meðfram vestari Veggjum, sunnan Sjónarhóls og suðvestur þaðan, þangað til komið var vestur að Fjöllum og á

aðalveginn, sem lá og liggur enn suður frá bænum Fjöllum, og komu þessir vegir saman hjá Fjallabeitarhúsum. Reiðgata þessi heitir Sultastígur, og er [hann] nú aflagður með öllu, síðan bílfært var yfir Reykjaheiði," segir í örnefnalýsingu. Bílslóði liggur meðfram Veggjunum á milli Sulta og Víkingavatns og fylgir hann nokkurn veginn sömu leið og Sultastígur.
Leiðin liggur um grasi gróið land.
Hér og þar má greina nokkrar gamlar reiðgötur meðfram vegslóðanum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20-22

NÞ-011:050 *Skógargata* heimild um leið
„Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina [bæina við Víkingavatn] hækkar landið snögglega, og heitir brún sú, er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru verður stefnan til suðvesturs. Allöngu vestar hverfa svo Veggirnir og heitir það Veggjarendar. Nokkurn spöl þar suður af taka þeir sig upp aftur við Mósult og liggja þaðan til vesturs-suðvesturs og enda loks ca. 1 km vestan við túnið í Sultum, og heitir þar Veggjarendar vestari… Nokkurn spöl vestur af Stekkjarbjargi [sjá 042] er Körfunöf. Það er nef fram úr Veggjabrúninni, nokkurra metra hátt… Skammt vestan við Körfunöf heitir Stekkjarbjarg og kollóttur smáhóll á bjargbrúninnu, sem Stekkjarþúfa heitir. Þar á brúninni sést votta fyrir veggjarústum, og heitir þar Gamlistekkur [043]…Nokkru sunnar eru Þröngvur…og þar rétt sunnan við tekur við Mósult sem er austasta sultin…Vestan Mósultar eru Narfasult og Folaldasult, báðar litlir hraunkrikar, aðskildar með klettanefnum. Vestan Folaldasultar er hrauntangi, sem heitir Bæjarnöf, og vestan hans og sunnan Bæjarsult, sem er allstór og stendur þar bærinn Sultir [NÞ-012:001] … Áður en bílvegur var ruddur yfir Reykjaheiði, fóru Vatnsbæingar oft á sumrum yfir Reykjaheiði til Húsavíkur, bæði lausríðandi og í lestaferðum. Var þá jafnan farin styzta leið vestur frá Víkingavatni vestur með veggjunum, framhjá Sultum [NÞ-012:001]…Reiðgata þessi heitir Sultastígur [sjá 049], og er [hann] nú aflagður með öllu, síðan bílfært var yfir Reykjaheiði…[Ö]nnur leið er til styttri [á milli Víkingavatns og Sulta] enda jafnan farin af gangandi mönnum. Heitir sú leið Skógargata. Var þá farið frá Sultum upp á hraunbrúnina úr Bæjarsult [sjá 044] og þaðan til norðausturs sunnan austustu sultanna unz komið er á Veggjabrúnina suðvestur af Víkingavatni í Fjárbæli …
Uppgróið hraun.
Slóð þessi er illgreinanleg á vettvangi, en merkt inn á kort samkvæmt lýsingu örnefnaskrár og heimildamanns.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 20-23

NÞ-011:051 *Smyrlisvörður* varða 66°05.576N 16°52.369V … Áður en bílvegur var ruddur yfir Reykjaheiði, fóru Vatnsbæingar oft á sumrum yfir Reykjaheiði til Húsavíkur, bæði lausríðandi og í lestaferðum. Var þá jafnan farin styzta leið vestur frá Víkingavatni vestur með veggjunum [sjá 048], framhjá Sultum[NÞ-012:001]…[Ö]nnur leið er til styttri [á milli Víkingavatns og Sulta] enda jafnan farin af gangandi mönnum. heitir sú leið Skógargata. Var þá farið frá Sultum upp á hraunbrúnina úr Bæjarsult [sjá 050 og þaðan til norðausturs sunnan austustu sultanna unz komið er á Veggjabrúnina suðvestur af Víkingavatni í Fjárbæli … Norðan þessa vegar og austan Mósultar er nokkuð hár klettur, sem Einstakiklettur heitir, og norðaustan hans Einstakaklettsmór, en norðan hans er Smyrilsvörður." Staðsetning Smyrilsvarðar er, en þó talið mögulegt að örnefnið eigi við hálfhrunda vörðu sem er um 500 m norðaustur af Einstakakletti, og um 600 m norðaustur frá stekknum í Mósult (048).
Hraun gróið grasi og lyngi.

Varðan er um 0,6 m á hæð og er mikið hrunið úr henni, einkum að sunnanverðu. Sjálf varðan er líklega um 1 m2 að flatarmáli, en ef hrunið úr henni er talið með, þá er hún líklega um 1,2 x1,2 að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 22-23

NÞ-011:052 *Halldórubyrgi* örnefni 66°05.017N 16°50.553V



NÞ-011:052 Horft til vesturs

„Suður af [Kílakotssstekk NÞ-013:009] er fallegur hóll, sem Brúðuklettur heitir, og austur af honum Hrossabjarg. Þar nærri er og hóll, sem heitir Halldórubyrgi …“ Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni þekkir vel til þessa örnefnis, en er þó ekki viss um hvar byrgið mun hafa verið sem nafnið vísar til. Segir hann að menn hafi ekki alltaf verið sammála um staðsetningu þess og hafa tveir staðir komið til greina í því sambandi. Annars vegar er um að ræða hraunhól 400 m suðaustur frá Kílakotsstekk og um 420 m austur frá bílslóða sem liggur á sömu slóðum og svonefndir Vörðuhólastígar [NÞ-011:057]. Fjarlægð frá Víkingavatni [001], er um 1,6 km. Í hólnum er dálítil gjá, sem mögulega gegnt hlutverki byrgis þess sem örnefnið bendir til. Eru fordæmi fyrir slíku í næsta nágrenni. Má sem dæmi nefna gjá í heiðinni suður af bænum Krossdal [NÞ-003] þar sem má sjá greinilegar hleðslur [sjá NÞ-
003:030]. Engar hleðslur er þó hægt að greina í gjánni sem hér um ræðir. Hinn staðurinn er á dálitlu hraunholti, um 280 m austnorðaustur af þeim fyrrnefnda, og um 80 m norður frá Ólafsgerðisstekk (NÞ-
014-013). Á þessum stað er sérkennileg varða sem örnefnið hefur gjarnan verið hengt við. Jóhann telur fyrrnefnda staðinn mun líklegri, enda fellur hann betur að lýsingu örnefnaskrárinnar. Er hann því skráður hér. Varðan á síðarnefnda staðnum er skráð sér, sem 068.
Lítt gróinn hraunhóll sem klofinn er af gjá frá austri til vesturs.
Gjáin er um 16 m löng og um 6 m breið og er dýpt hennar um 1,2 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23



NÞ-011:053 Horft til norðurs

NÞ-011:053 *Ytri-Vörðuhóll* varða óþekkt 66°05.102N 16°51.173V
Dálítið vörðubrot er um 15 m sunnan við miðja hraunsprunguna í Halldórubyrgi [sjá 052]
Lítt gróinn hraunhóll.
Varðan er lítil, og í mesta lagi 4 umför. af hleðslugrjóti. Hæð hennar er um 0,6 m og flatarmál um 0,5x0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 4

NÞ-011:054 *Kiðhólastígar* gata leið 66°05.562N 16°51.467V
„Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina [bæina við Víkingavatn] hækkar landið snögglega, og heitir brún sú er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun, sem fyrir var, og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru vestar verður stefnan til suðvesturs…Suðvestur af Grásíðu og suðaustur af Ólafsgerði er austurendi Veggjanna, og heitir þar Veggjarendar austari. Þar eru landamerki milli Grásíðu og Víkingavatnstorfunnar … Skammt vestan við Veggjarenda austari er hár klettur á Veggjabrúninni, sem Galti heitri. Þar vestur af er Fossbjarg, Skúlaklettur, Káravörður og Skipaklettur, allir suður af upp af Ólafsgerði [NÞ-014:001] og Kílakoti [NÞ-013:001], en suðvestur af Kílakoti heitir Selskarð, og er þar aflíðandi brekka niður, en engin klettabrún, en norðan skarðsins er Selskarðsbjarg. Upp á brúninni vestan Selskarðs er Berjaklettur og litlu vestar Jöfnumbáðuhóll, eyktamark frá Víkingavatni…Vestan Jöfnumbáðuhóls gengur klettanef fram úr hraunbrúninni, sem Grjótstapi heitir, og vestan hans er vik í hraunbrúnina og grasbrekka niður á jafnsléttu, nefnd Gjá. Litlu vestar er lægð í brúnina og aflíðandi grasbrekka niður, og heitir þar Fjárbæli…[F]járstígar liggja suður frá Fjárbælum meðfram Kiðhólum, og heita þeir Kiðhólastígar.“ Ein leiðin upp á Veggina lá upp úr Fjárbælunum og fylgir bílslóði þessari leið enn þann dag í dag. Þegar komið er upp á veggina klofnar slóðin í tvennt. Liggur önnur slóðin áfram til suðurs, fylgjandi gamalli leið er nefnist Vörðhólastígar (057). Hin slóðin fylgir áðurnefndum Kiðhólastígum og liggur hún fyrst í vestur, en beygir síðan til suðurs eftir um 200 m og liggur allangt inn á heiðina. Þess má geta að á svipuðum slóðum og Kiðhólastígar beygja til suðurs sameinast þeim Skógargata sem var aðalgönguleiðin á milli Víkingavatns og Sulta [NÞ-012].
Þýfður lyngmói.
Hér og hvar má sjá í nokkrar samsíða reiðgötur meðfram bílslóðanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 19-20

NÞ-011:055 *Austari-Digravarða* varða 66°04.921N 16°51.472V
„Skammt suður af Veggjunum sunnan Ólafsgerðis [NÞ-014:001] er Austurhæð og Vesturhæð. Vestar er klofinn klettur, sem heitir Skiphóll og enn vestar Kílakotsstekkur [NÞ-013:009]. Suður af honum er fallegur hóll, sem Brúðuklettur heitir, og austur af honum Hrossabjarg. Þar nærri er og hóll, sem heitir Halldórubyrgi [052] , en vestur af því eru Vörðhólar, Ytri-Vörðhóll og Fremri-Vörðhóll. … Vestur af Fremri-Vörðhól er klettaholt með stótti grjótvörðu, sem heitri Austari-Digravarða …“ segir í örnefnaskrá. Fremri-Vörðhóll er um 430 m vestsuðvestur frá Halldórubyrgi [052] og liggja svonefndir Vörðhólastígar (057) norður-suður, um 20 m vestan við hann. Austari-Digravarða er um 280 m vestsuðvestur frá Fremri-Vörðhól. Þess ber að geta að önnur, mjög svo áberandi varða er um 140 m vestnorðvestur frá Fremri-Vörðhól. Er hún hlaðin einhvern tíma á árunum 1926-1930 og nefnist Hallgrímsvarða eftir þeim manni sem hlóð hana, Hallgrími Björnssyni sem bjó á Víkingavatni frá 1924.


NÞ-011:055 Horft til norðurs

Varðan stendur á bröttu, lyngi vöxnu og nokkuð áberandi hraunholti eða hæð. Þýfðir lyngmóar umhverfis.

Austari-Digravarða sem er nokkuð áberandi, er hlaðin um hraungrýti og eru um 9 umför af hleðslum. Hæð hennar er um 1,5 m og er hún um 1 m2 að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23

NÞ-011:056 *Vestari-Digravarða* varða 66°05.069N 16°51.858V




NÞ-011:056 Horft til norð-vesturs

„Suður af honum [053] er fallegur hóll, sem Brúðuklettur heitir, og austur af honum Hrossabjarg. Þar nærri er og hóll, sem heitir Halldórubyrgi, en vestur af því eru Vörðuhólar, Ytri-Vörðuhóll og Fremri-
Vörðuhóll. … Vestur af Fremri-Vörðuhól er klettaholt með stótti grjótvörðu, sem heitri Austari-Digravarða,"Skammt suður af Veggjunum sunnan Ólafsgerðis[NÞ-014:001] er Austurhæð og Vesturhæð. Vestar er klofinn klettur, sem heitir Skiphóll og enn vestar Kílakotsstekkur [NÞ-013:009]. Suður af honum er fallegur hóll, sem Brúðuklettur heitir, og austur af honum Hrossabjarg. Þar nærri er og hóll, sem heitir Halldórubyrgi [052] , en vestur af því eru Vörðhólar, Ytri-Vörðhóll og Fremri-Vörðhóll. … Vestur af Fremri-Vörðhól er klettaholt með stórri grjótvörðu, sem heitri Austari-Digravarða [055] …" Fremri-Vörðhóll er um 430 m vestsuðvestur frá Halldórubyrgi og liggja svonefndir Vörðhólastígar (057) norður-suður, um 20 m vestan við hann. Austari-Digravarða er um 280 m vestsuðvestur frá Fremri-Vörðhól. en talsverðan spöl þar vestar er Vestari-Digravarða …" Vestari-Digravarða er á aflangri Hraunbungu sem liggur norður-suður, um 400 m vestnorðvestur frá Austari-Digruvörðu.
Aflöng hraunbunga sem liggur norður-suður. Þýfður lyngmói umhverfis.
Vestar-Digravarða er hlaðin úr hraungrýti og eru um 7 umför af hleðslum. Hæð hennar er um 1,3 m og er hún um 1 m2 að flatarmáli. Nokkuð er tekið að hrynja úr vörðunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23

NÞ-011:057 *Vörðhólastígar* heimild um leið 66°05.594N 16°50.917V
„Lítinn spöl sunnan við Vatnsbæina hækkar landið snögglega, og heitir brún sú er þar myndast, Veggir. Þeir snúa mót norðri. Er líklegt, að nýtt hraunflóð úr suðri hafi runnið yfir eldra hraun, sem fyrir var, og snarstöðvast þar. Aðalstefna Veggjanna austan til er frá austri til vesturs, en nokkru vestar verður stefnan til suðvesturs…Suðvestur af Grásíðu og suðaustur af Ólafsgerði er austurendi Veggjanna, og heitir þar Veggjarendar austari. Þar eru landamerki milli Grásíðu og Víkingavatnstorfunnar…Skammt vestan við Veggjarenda austari er hár klettur á Veggjabrúninni, sem Galti heitri. Þar vestur af er Fossbjarg, Skúlaklettur, Káravörður og Skipaklettur, allir suður af upp af Ólafsgerði [NÞ-014:001] og Kílakoti [NÞ-
013:001], en suðvestur af Kílakoti heitir Selskarð, og er þar aflíðandi brekka niður, en engin klettabrún, en norðan skarðsins er Selskarðsbjarg. Upp á brúninni vestan Selskarðs er Berjaklettur og litlu vestar Jöfnumbáðuhóll, eyktamark frá Víkingavatni…Vestan Jöfnumbáðuhóls gengur klettanef fram úr hraunbrúninni, sem Grjótstapi heitir, og vestan hans er vik í hraunbrúnina og grasbrekka niður á jafnsléttu, nefnd Gjá. Litlu vestar er lægð í brúnina og aflíðandi grasbrekka niður, og heitir þar Fjárbæli…Suður af [Kílakotsstekk 053] er fallegur hóll, sem Brúðuklettur

heitir, og austur af honum Hrossabjarg. Þar nærri er og hóll, sem heitir Halldórubyrgi, en vestur af því eru Vörðuhólar, Ytri-
Vörðuhóll og Fremri-Vörðuhóll…Norðan frá Veggjabrún, hjá Gjá áðurnefndri, liggja fjárstígar suður hjá Vörðuhólum og miklu lengra í heiðinni, sem Vörðuhólastígar heita.“ Ein megin leiðin upp á Veggina lá upp úr Fjárbælunum og fylgir bílslóði þessari leið enn þann dag í dag. Þegar komið er upp á veggina klofnar slóðin í tvennt. Liggur önnur slóðin til vesturs, fylgjandi gamalli leið er nefnist Kiðhólastígar (054). Hin slóðin fylgir áðurnefndum Vörðhólastígum til norðurs langt inn á heiðina.
Þýfður lyngmói.
Hér og þar má greina gömlu fjárgöturnar meðfram bílslóðanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23


NÞ-011:058 *Sigmundarhæð* varða óþekkt 66°04.313N 16°50.924V
„Suður af Halldórubyrgi [052] er nokkuð stórt, slétt svæði, sem liggur nokkuð lægra, nefnt Lægðir. Nær það suður að klettahólum, sem Hesthólar heita … Vestur af yzta Hesthól er langur holtarani til vesturs með litlum lægðum í, og kallast þessi holt í heild Sigmundarhús. Austarlega í þeim er grjótholt, sem ber hæst og heitir Sigmundarhæð. Á því er allstór grjótvarða,“ segir í örnefnaskrá. Varðan á Sigmundarhæð er um 1,3 km suðsuðvestur frá Halldórubyrgi og um 450 m austur frá bílslóða sem liggur á sömu slóðum og Vörðuhólastígar (057).


NÞ-011:058 Horft til norðurs

Klettaholt umkringt þýfðum lyngmóa.
Varðan er hlaðin úr hraungrýti og eru um 7 umför af hleðslum. Nokkuð er farið að hrynja úr henni og er hæð hennar nú um 1,3 m á hæð. Varðan er 1 m2 að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23-24

NÞ-011:059 *Miðdegisholt* varða óþekkt 66°04.701N 16°51.660V
„Suður af Halldórubyrgi [054] er nokkuð stórt, slétt svæði, sem liggur nokkuð lægra, nefnt Lægðir. Nær það suður að klettahólum, sem Hesthólar heita … Vestur af yzta Hesthól er langur holtarani til vesturs með litlum lægðum í, og kallast þessi holt í heild Sigmundarhús. Austarlega í þeim er grjótholt, sem ber hæst og heitir Sigmundarhæð. Á því er allstór grjótvarða. Norður af vesturenda Sigmundarhúsa er slétt klapparholt með grjótvörðu á, sem heitir Miðdegisholt …“ Miðdegisholt er um 230 m vestan við bílslóða sem liggur á sömu slóðum og Vörðhólastígar (057), um 430 m suðsuðvestur frá Austari-Digruvörðu [055] og um 400 m norður af vesturenda Sigmundarhúsa.
Slétt, uppblásið klapparholt
Varðan á Miðdegisholti sem er grjóthlaðin, er um 1 m á hæð og um 0,8 x 0,5 m að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23-24

NÞ-011:060 tóft óþekkt 66°05.716N 16°50.969V
Tóft er í Fjárbælum [sjá 057] rétt sunnan við þjóðveginn, fast við girðingu sem girðir af afrétt-arland bæjanna við Víkingavatn. Fjarlægð suðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 002) er um 460 m.
Tóftin er á grasigrónum hól við þjóðveg.
Tóftin sem er einföld, er um 9x5 m að stærð og liggur austur-vestur. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Hleðslur eru alveg grónar og sést því hvergi í hleðslugrjót.
Hættumat: engin hætta




NÞ-011:060



NÞ-011:060 Horft til norðurs

NÞ-011:061 tóft rétt 66°05.481N 16°50.166V



NÞ-011:061



NÞ-011:061 Horft til vesturs

Réttartóft er efst í brekkunni undir Veggjunum, um 250 m austsuðaustur frá tóftinni við Sel-skarð (039) og um 70 m suður frá þjóðveginum. Fjarlægð suðvestur frá Íbúðarhúsinu frá 1936 (sjá 002) er um 730 m.
Í grasivaxinni brekku, undir klettabelti.
Tóftin sem er einföld, er um 16 x 11 m að stærð og liggur austur-vestur. Tóftin er ferhyrnd og hlaðin úr hraungrýti, hár þverhnýptur klettaveggur myndar suðurhlið hennar, en dyr eru við suðvesturhorn. Hleðslur eru mikið til hrundar, en ná þó mest um 1,3 m hæð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-011:062 *Smali* varða
66°03.692N 16°51.256V



NÞ-011:062 Horft til norð-norð-austurs

„Suður frá Sigmundarhæð [sjá 058] liggja nær óslitnir klappahryggir um 1 1/2 km að lengd, Smalahryggir nefndir. Frá suðurenda þeirra og samfastur þeim liggur lágur helluhryggur beint til vesturs 600-800 m, en á honum miðjum er mjög stór grjótvarða, sem Smali heitir, og er nafn hryggjanna við hann kennt," segir í örnefnaskrá. Helluhryggurinn sem Smali er á, er um 1,2 km suðsuðvestur af vörðunni á Sigmundarhæð (058). Þrjár vörður eru á hryggnum í röð með stuttu millibili frá austri til vesturs og er Smalinn í miðjunni. Vestan við hann er varða 063 en austan við hann 064. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar, fyrrum bónda á Víkingavatni, þá var algengt að smalar dunduðu sé við að hlaða vörður á meðan þeir sátu yfir ánum. Af þeim sökum er að finna vörður víða um heiðina upp af Víkingavatni sem ekki hafa gegnt neinu sérstöku hlutverki.
Varðan stendur á líttgrónu og sléttu hraunklapparholti.
Varðan er L-laga og líklega um 1,6 m á hæð, eða um 14 umför af hleðslugrjóti, hlaðin úr hraungrýti. Mesta lengd hennar er um 2,5 m og breidd um 1 m. Lögun vörðunnar bendir mögulega til þess að hún hafi verið hlaðin til þess að veita skjól í vondum veðrum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 24

NÞ-011:063 varða óþekkt 66°03.692N 16°51.300V



NÞ-011:063 Horft til norð-vesturs


„Suður frá Sigmundarhæð [sjá 058] liggja nær óslitnir klappahryggir um 1 1/2 km að lengd, Smalahryggir nefndir. Frá suðurenda þeirra og samfastur þeim liggur lágur helluhryggur beint til vesturs 600-800 m, en á honum miðjum er mjög stór grjótvarða, sem Smali heitir, og er nafn hryggjanna við hann kennt." Helluhryggurinn sem Smali er á, er um 1,2 km suðsuðvestur af vörðunni á Sigmundarhæð (058). Þrjár vörður eru á hryggnum í röð með stuttu millibili frá austri til vesturs og er Smalinn í miðjunni. Varðan sem hér um ræðir er um 30 m vestan við Smalann, en austan við hann er varða 064. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar, fyrrum bónda á Víkingavatni, þá var algengt að smalar dunduðu sé við að hlaða vörður á meðan þeir sátu yfir ánum. Af þeim sökum er að finna vörður víða um heiðina upp af Víkingavatni sem ekki hafa gengt neinu sérstöku hlutverki.
Varðan stendur á líttgrónu og sléttu hraunklapparholti.
Varðan er um 1x1 að flatarmáli og um 1m á hæð, með um 6 umför af hleðslugrjóti. Nokkuð er tekið að hrynja úr vörðunni. Eins er um þessa vörðu og Smalann [062], að lögun hennar bendir til þess að hún hafi verið hlaðin til þess að skýla fyrir veðri og vindum.
Hættumat: engin hætta



NÞ-011:064 Horft til norðurs

NÞ-011:064 varða óþekkt
66°03.701N 16°51.192V
„Suður frá Sigmundarhæð [sjá 058] liggja nær óslitnir klappahryggir um 1 1/2 km að lengd, Smalahryggir nefndir. Frá suðurenda þeirra og samfastur þeim liggur lágur helluhryggur beint til vesturs 600-800 m, en á honum miðjum er mjög stór grjótvarða, sem Smali heitir, og er nafn hryggjanna við hann kennt.“ Helluhryggurinn sem Smali er á, er um 1,2 km suðsuðvestur af vörðunni á Sigmundarhæð (058). Þrjár vörður eru á hryggnum í röð með stuttu millibili frá austri til vesturs og er Smalinn í miðjunni. Varðan sem hér um ræðir er um 50 m austan við Smalann, en vestan við hann er varða 063 Að sögn Jóhanns Gunnarssonar, fyrrum bónda á Víkingavatni, þá var algengt að smalar dunduðu sé við að hlaða vörður á meðan þeir sátu yfir ánum. Af þeim sökum er að finna vörður víða um heiðina upp af Víkingavatni sem ekki hafa gegnt neinu sérstöku hlutverki. Varðan stendur á lítt grónu og sléttu hraunklapparholti.
Varðan er bogamynduð, og mætti í raun frekar tala um vegghleðslu sem er um 2 m á lengd, 0,5 m á breidd og um 1m á hæð. Nokkuð er tekið að hrynja úr hleðslum en varðan virðist a.m.k hafa verið ein 8 umför af hleðslugrjóti.
Hættumat: engin hætta

NÞ-011:065 hleðsla stekkur 66°03.810N 16°50.974V




NÞ-011:065



NÞ-011:065 Horft til norð-austurs

Um 250 m norðaustur af vörðu 064, er djúpur og brattur hvammur eða hraunkriki sem liggur norðaustur-suðvestur, og opnast hann í suðvestur. Hlaðnir veggir eru meðfram brúnum hvammsins en einnig gengur torfhlaðinn veggur þvert yfir hann miðjan. Jóhann Gunnarsson fyrrum bóndi á Víkingavatni hefur heyrt að hvammurinn hafi gegnt hlutverki stekkjar. Fjarlægð suðsuðvestur frá bæ er um 3,8 km.
Djúpur og grasi gróinn hvammur eða hraunkriki.
Sá hluti hvammsins sem hinir hlöðnu veggir loka af, er um 41x23 m að stærð, og er hleðsluhæð mest um 0,5 m. Hlið virðist hafa verið inn í hvamminn við vestsuðvesturenda þverveggjarins.
Hættumat: engin hætta


NÞ-011:066 Hornssel



NÞ-011:066 *Hornssel* bæjarstæði býli/sel
66°03.717N 16°52.777V
„Stadar Sullt [NÞ-012:010], Horn Sel, Brandsgerde [045]. og Kring(l)ugerde [044] kallast nú fjögur eydiból sem liggja fram á heiðinni fyrir framan bygðina, öll í þessrar jarðar landi, og eru sýnileg byggíngamerki tófta og garðleifa á sjerhvörju þeirra, og geta menn til þau hafi eyðilagst í stóru plágunni. Ekkert þeirra má aftur byggja, því þau eru öll skógi og lýngi vaxin," segir í Jarðabók Árna og Páls frá því snemma á 18. öld. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: „Hofssel er og nefnt fram



NÞ-011:066A og 66B Horft til suð-vesturs



NÞ-011:066A og 66B


af Víkingavatni, hér um tvær bæjarleiðir þaðan, og er mál manna að þar hafi staðið blóthof í fyrndinni. Vottur skal þar sjást til girðingar umhverfis."

Kaalund getur þessarar rústar einnig, en eingöngu meðvísun í sóknalýsingu, og hefur því líklega ekki farið þar sjálfur. „Rétt norðan við Hnyklabrekkuhorn er hátt holt eða hóll, sem heitri Ingunarholt, en vestan þess og norðvestan er nokkuð slétt lægð, sem heitir Grenismór. Norðvestan hans er stór hæð, ekki há, sem Grasholt heitir. Spölkorn austur af því er Hofssel … Þar sjást greinilegar rústir af húsveggjum og garði kringum lítin túnskika, og er þar enn lítill grasbali, gróinn túngrösum. … Á Hofsseli voru beitarhús frá Víkingavatni, síðast notuð um eða fyrir miðja s.l.öld. Er þangað fullur klst. gangur í góðu gangfæri frá Víkingavatni. Ekki er vitað, hvort áðurnefndar mannvirkjaleifar eru aðeins beitarhúsarústir, eða hvort þarna kann einhvern tíma að hafa verið kotbýli, en þó gætu túngarðsleifarnar bent til þess, að svo hafi verið," segir í örnefnalýsingu. Hofssel er um 1 km vestur frá helluhryggnum sem vörður 062 (Smali), 063 og 064 eru á og um 2,2 km suðsuðaustur frá Sultum (NÞ-012:001).


Vallargarður [066c] er umhverfis rústirnar í Hornseli og afmarkar hann svæði sem er um 250 x 230 m að stærð, norður-suður. Þrjú hólf eða gerði, eru sambyggð austurhlið garðsins að innanverðu. Nyrst, um 40 m suður frá norðausturhorni garðsins eru tvö sambyggð hólf sem liggja norður-suður, og er hvort um sig um 50x40 m að stærð. Um 70 m sunnar, er síðan gerði sem liggur norðaustur-suðvestur, sem er um 40x30 m að stærð. Er garðurinn farinn að sveigja til vesturs á þeim slóðum. Um 20 m suður frá norðvesturhorni garðsins gengur lítill garðstubbur í L útfrá vesturhlið hans. Myndar hann litla kró sem er um 15x10 m að stærð. Vallargarðurinn er allur mjög fornfálegur að sjá, lyngi vaxinn og mikið siginn. Virðist hann vera hlaðinn úr torfi. Hleðsluhæð er mest um 1 m og nær hann á stundum um 1,5 m breidd. Um 90 m frá miðri suðurhlið vallargarðsins eru tvær tættur sem virðast nokkuð yngri en garðurinn og önnur mannvirki á svæðinu, þar sem þær eru vallgrónar og nokkuð skýrar, meðan hin eru öll vaxin lyngi og af-



NÞ-011:066C Horft til norð-austurs





NÞ-011:066D



NÞ-011:066E Horft til suð-vesturs

mynduð af þýfi. Er mögulegt að þessar rústir séu eftir beitarhúsin frá Víkingavatni, sem voru í Hornseli um miðja 19. öld. Engar leifar garða er þó að sjá í þessum rústum, eins og gjarnan er í rústum fjárhúsa. Eystri tóftin, sem hér er skráð sem 066a, er um 18x14 m að stærð, liggur norður-suður og skiptist í 3 hólf. Stærsta hólfið er um 7x6 m að stærð og er það vestan megin í tóftinni. Sunnarlega, við vesturvegg þess er dálítið grjóthlaðið hólf, um 1x1 m að stærð, sem mögulega gæti verið leifar eldstæðis. Dyr eru á suðausturhorni hólfsins. Hin hólfin tvö liggja samsíða stóra hólfinu. Það syðra af þeim er um 10x7 m að stærð en það nyrðra er um 9x7 m að stærð. Dyr eru á milli þessara hólfa, við austurvegg, en engar augljósar dyr er að sjá á milli þeirra og stóra hólfsins. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Vestari tóftin sem hér er skráð sem 066b, er um 12 m frá 066 a og er dálítið sund á milli. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur, skiptist í þrjú hólf og er hún um 21x13 m að stærð. Eitt hólfanna er sýnilega stærst og er það austnorðaustanmegin í tóftinni, um 18x6 m að stærð. Engar greinilegar dyr eru á hólfinu. Hin hólfin liggja samsíða stóra hólfinu. Hólfið sem er norðvestar, er um 10x7 m að stærð og eru engar greinilegar dyr á því. Suðvestara hóflið er um 10x6 m að stærð. Engar dyr eru greinilegar dyr eru á því. Hleðsluhæð 066 a og b er mest um 0,5 m. Tóft sem hér er skráð sem 066d, er á dálitlum hól, um 40 m austnorðaustur frá 066a og b. Virðist hún talsvert fornfáleg þar sem hún er lyngi vaxin og nokkuð afmynduð af þýfi. Er hún, einföld, um 8x5 m að stærð, liggur norður-suður og með dyr á suður-enda. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóft sem hér er skráð sem 066e er um 25 m austur af 066a og b, og 25 m suður frá 066d. Tóftin sem er einföld, er um 7x5 m að stærð og liggur norður-suður, með óljósar dyr á suðurenda. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóft, sem hér er skráð sem 066h er um 150 m norðnorðvestur frá 066a og b, nálægt norðvesturhorni vallargarðsins (066c). Tóftin er tvöföld og liggur norður-suður. Stærð hennar er um 15x6 m og hleðsluhæð mest um 0,5 m. Stærra





NÞ-011:066H

og syðra hólfið, er um 11x6 m á stærð og eru óljósar norðarlega á austurvegg og á norðurvegg yfir í nyrðra hólfið sem er um 5x4 m að stærð. Er tóftin lyngi vaxin og talsvert afmynduð af þýfi. Rústasvæðið í Hofsseli/Hornsseli sem garðlögin afmarka er um 270 x 225 m
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 281; Ö-Víkingavatn, 25; SSÞ, 216; Kaalund III 1986,135

NÞ-011:067 heimild um landamerki 66°05.566N 16°49.618V
Í Vitnisburði frá því snemma á 15. öld sem varðveittur er í Íslensku fornbréfasafni er landamerkjum Víkingavantns á móti Grásíðu (NÞ-015) meðal annars lýst svo:“ … svo ofann j Hestdal og þadann i vordu [069] er stendur a austanverdumm veggiar enda. og svo ofann i gardenn fyrir austann Olafsgerde og riettsyne þadann i þufu er stendur fyrer austann i götu. og alla jardareign i Myre þeirre. er stendr i vijkingavötnum. sliettuholm og annann holm til, þar austur fra. dagslattu i vijkingavatns Jord fra Grasijdu og kiemur i mote þeirra land.“ Ekkert garðlag sést lengur á þeim slóðum sem lýst er í tilvitnuninni hér að framan. Landamerkjagirðing er á milli Víkingavatns og Grásíðu [NÞ-015], skammt austan við bæinn Voga sem er nýbýli frá Grásíðu og fylgir hún þeirri línu sem lýst er í tilvitnuninni.
Í túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI IV, 623


NÞ-011:068 Horft til norð-vesturs

NÞ-011:068 varða óþekkt
66°05.084N 16°50.211V
Varða er á hraunholti um 70 m norður frá Ólafsgerðisstekk (NÞ-011:077) og um 280 m austnorðaustur frá Halldórubyrgi (052). Þess má geta að örnefnið Halldórubyrgi hefur stundum verið notað um þessa vörðu (sjá 052].
Hraunholt, að mestu uppgróið.
Varðan er um 3 m á lengd og um 2 m á breidd, og liggur austurvestur. Nokkuð er tekið að hrynja úr hleðslum, en varðan virðist þó hafa verið um 1 m á hæð, eða um 5 umför af hleðslugrjóti.
Hættumat: engin hætta


NÞ-011:069 Horft til norðurs

NÞ-011:069 varða landamerki
66°05.344N 16°49.425V
Í Vitnisburði frá því snemma á 15. öld sem varðveittur er í Íslensku fornbréfasafni er landamerkjum Víkingavantns á móti Grásíðu (NÞ-015) meðal annars lýst svo: „ … svo ofann j Hestdal og þadann i vordu er stendur a austanverdumm veggiar enda. og svo ofann i gardenn [067] fyrir austann Olafsgerde og riettsyne þadann i þufu er stendur fyrer austann i götu. og alla jardareign i Myre þeirre. er stendr i vijkingavötnum. sliettuholm og ann-

ann holm til, þar austur fra. dagslattu i vijkingavatns Jord fra Grasijdu og kiemur i mote þeirra land.“ Varða sést vel frá þjóðveginum uppi á veggjarbrúninni, austast á Veggjunum.
Á bjargbrún.
Varðan sem er hlaðin úr hraungrýti er um 0,75 m á hæð og um 0,70 x 0,5 m að flatarmáli og mjókkar upp. Um þrjú umför eru af hleðslugrjóti. Varða þessi er á landamerkjum eins og þau eru í dag og því mögulegt að um sé að ræða sömu vörðu og lýst er í landamerkjabréfinu frá 15. öld. Þó er líklegt að hún hafi verið endurhlaðin oftar en einu sinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: DI IV, 623


NÞ-011:070 heimild um lendingu
„Lendíng er mjög brimsöm við opnu hafi, og verður ei róið nema í bestu veðráttu,“ segir í Jarðabók Árna og Páls frá því snemma á 18. öld. Löng sandfjara er í botni Öxarfjarðar, en að sögn Jóhanns Gunnarssonar, fyrrum bónda á Víkingavatni var engin ákveðinn lendingarstaður.
Sandfjara.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 280

NÞ-011:071 *Gvendarbrunnur* heimild um vatnsból
„Langt austur af Lönguhlíð miðri er nokkuð hár klettahóll, sem Vatnshóll heitir. Hjá honum er grunn, lítil tjörn. Bláskógarvegur [sjá NÞ-002:007] liggur meðfram hólnum að sunnan, og örskammt suðasutur þaðan er smágjóta og vatn í botni hennar, sem aldrei mun þorna. Heitir það Gvendarbrunnur. Mun Guðmundur biskup góði hafa vígt vatnsból þetta og mælt svo um, að aldrei þryti,“ segir í örnefnalýsingu. Þetta er óskráð og staðsetning óljós, mun vera um 14 km suður af bæ 001.
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 28

NÞ-011:072 *Réttarhólahlíðar* tóft rétt 66°02.186N 16°53.305V
„Suðaustur af Hofseli [066] eru nokkrir klettahólar, sem heita einu nafni Kolluhraun, en syðsti hóllinn og stærsti heitir Stóra-Kolluhraun. Á honum er allstór grjótvarða. Litlu sunnar og austar er lítill hóll, strýtumyndaður, sem Strýta heitir. Alllangan spöl suður af Strýtu er norðurendi á langri hlíð, sem snýr mót austri, og heitri þessi hlíð Réttarhólahlíðar, en norðurendinn Réttarhólahlíðarhorn,“ segir í örnefnaskrá. Stór hraunhóll er á Réttarhólahlíðarhorni, um 25- 30 m langur norður-suður, og um 15-20 m breiður. Grjóthleðsla er norðanmegin við hólinn, en þó er ekki ljóst hvort um er að ræða réttina sem hólarnir eru kenndir við.


NÞ-011:072 Horft til suðurs

Hraunhóll, vaxinn lyngi og mosa.
Um er að ræða um 2 m langa hleðslu sem liggur í sveig frá og að hraunkletti sem þarna er, og myndar þannig dálítið hólf við hann. Mesta breidd hólfsins er um 1,2 m. Veggurinn er hlaðinn úr frekar stóru hraungrýti og nær því um 0,5 m hleðsluhæð, þrátt fyrir að vera einungis 2 umför af hleðslum. Þetta eru einu mannvistarleifarnar sem vitað er um í námunda við Réttarhólahlíðar



NÞ-011:072

og ekki vitað um aðra rétt sem gæti verið ástæða nafngiftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 25


NÞ-011:073 *Stóra-Kolluhraun*varða
66°03.191N 16°52.177V
„Suðaustur af Hofseli [066] eru nokkrir klettahólar, sem heita einu nafni Kolluhraun, en syðsti hóllinn og stærsti heitir Stóra-Kolluhraun. Á honum er allstór grjótvarða," segir í örnefnaskrá. Stóra-Kolluhraun er um 1 km suðaustur frá Hofseli og um 100 m austur frá bílslóða sem liggur á svipuðum slóðum og Vörðhólastígar (057)
Hraunalda eða klettahóll sem umkringdur er þýfðum lyngmóa.
Varðan, sem er talsvert áberandi, er um 1,5 m á hæð og um 1,2 x 0,8 m að flatarmáli. Hún er hlaðin úr flötu hraungrýti og eru um 14 umför af hleðslum. Nokkuð er farið að hrynja úr norðvesturhorni hennar.
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 25


NÞ-011:073 Horft til suð-vesturs

NÞ-011:074 *Kolaklettur* örnefni kolagröf
66°04.468N 16°54.362V
„Norðvestan Klofakletta heitri Kolaklettur, og er hann nálægt vesturmörkum Víkingavatnsheiðar suður af Sjónarhól vestari [Sjónahóll er suðvestur af 058 sem er grjótvarða á Sigmundarhæð]." Kolaklettur er um 630 m suðsuðvestur frá Kringlugerði [046) og um 1,7 km norðaustur frá Hofseli (066).
Nokkuð áberandi hraunklettur á hrísvöxnu hraunholti.
Engin ummerki um kolagerð þ.e kolagrafir er að sjá við Kolaklett.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 24

NÞ-011:075 *Oddagarður* bæjarstæði býli
„Austan við víkina heitir Steinklöpp, og eru þar landamerki milli Ólafsgerðis og Grásíðu. Nálægt Steinklöpp var fornt eyðibýli, sem Galtagerði hét, og annað eyðibýli mjög gamalt, Oddagarður, var suður af Bollum," segir í örnefnaskrá.
Engin vitneskja er til um þetta býli.
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 8

NÞ-011:076 *Kílakotsstekkur* tóft stekkur 66°05.216N 16°50.766V
„Skammt suður af Veggjunum sunnan Ólafsgerðis er Austurhæð og Vesturhæð. Vestar er klofinn klettur, sem heitir Skiphóll og enn vestar Kílakotsstekkur." segir í örnefnaskrá. Kílakotsstekkur er á áberandi hraunholti, um 180 m austur frá bílslóða sem liggur á svipuðum slóðum og svonefndir Vörðuhólastígar (NÞ-011:057) og um 370 m austnorðaustur frá Ytra-Vörðuhól



NÞ-011:076



NÞ-011:076 Horft til norð-austurs

(NÞ-011:053). Fjarlægð suðvestur frá Kílakoti (001) er um 840 m.

Tóftin er byggð utan í áberandi hraunhól sem er grasi gróinn að mestu, en umhverfis er þýfður lyngmói.

Tóftin er þriggja hólfa og liggur norðaustur-suðvestur. Norðaustast er lítil lambakró um 4x3 m að stærð með dyr við vesturhorn. Því næst er sjálf réttin sem er um 6x5 m að stærð, með dyr við suðurhorn og þar fyrir suðvestan er síðan dálítið aðhald, um 8x8 m að stærð sem opnast í austur. Mesta lengd tóftarinnar er um 18 m og breidd 8 m. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, hleðsluhæð er mest um 50cm og breidd er um 1m. Tóftin er byggð milli þriggja hraunkletta og liggja vegghleðslurnar á milli þeirra en klettarnir mynda vestnorð-vesturhlið, vesturhornið og suðurhorn stekksins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23


NÞ-011:077 *Ólafsgerðisstekkur* tóft stekkur 66°05.043N 16°50.220V

Stekkjartóft, svonefndur Ólafsgerðisstekkur er um 250 m vestur frá Halldórubyrgi (NÞ-011:052) og um 520 m austsuðaustur frá Kílakotsstekk (NÞ-011:076). Fjarlægð hans frá bæjarhól 001 er um 1,5 km í suður. Ólafsgerðistekkur stendur í mynni hvamms sem liggur norður suður. Liggur garðlag eftir vesturbrún hvammsins sem líklega hefur þjónað hlutverki aðhalds við stekkinn.

Talsvert er um fornleifar á þessu



NÞ-011:077 Horft til suð-vesturs



NÞ-011:077

svæði sem er á sameiginlegu afréttarlandi bæjanna við Víkingavatn og er erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða fornleif tilheyrir hvejum bæ. En þar sem þeir bæir sem um ræðir voru byggðir út úr Víkingavatni, fylgja allar fornleifar utan túns sem þeim gætu hafa tilheyrt Víkingavatni.
Stekkurinn er syðst í dálitlum hraunkrika eða hvammi sem liggur norður-suður og opnast til suðurs. Botn hvammsins er að mestu grasi gróinn en hlíðar hans eru grónar lyngi.
Tóftin er um 13x10 m að stærð, skiptist í þrjú hólf og liggur austur-vestur. Tvö hólf eru austanmegin í tófitnni, bæði um 6x6 m að stærð og raðast þau norður-suður. Greinilegar dyr eru á milli hólfanna tveggja, en erfiðara er að greina þær á útveggjum. Þriðja hófið sem jafnframt er það stærsta er sambyggt syðra hólfinu af hinum tveimur. Er það um 7x5 m að stærð, liggur austur-vestur, með dyr við norðausturhorn. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 0.7 m og er hún hlaðin úr torfi og grjóti en vel gróin. Garðlag (NÞ-014:014], liggur eftir vesturbrún hvammsins á um 25 m löngum kafla, og er líklegt að um sé að ræða aðhald við stekkinn. Garðlagið er úr torfi, er hleðsluhæð líklega mest um 50 cm á hæð en breidd garðsins nær líklega 1 m þar sem hann er breiðastur.
Hættumat: engin hætta

NÞ-011:078 *Sigmundarhús* tóftir+garðlag óþekkt 66°04.266N 16°50.237V
„Suður af Halldórubyrgi [052] er nokkuð stórt, slétt svæði, sem liggur nokkuð lægra, nefnt Lægðir. Nær það suður að klettahólum, sem Hesthólar heita og liggja hver af öðrum, ca 1 km leið…. Vestur af yzta Hesthól er langur holtarani til vesturs með litlum lægðum í, og kallast þessi holt í heild Sigmundarhús. Austarlega í þeim er grjótholt, sem ber hæst og heitir Sigmundarhæð [058]. Á því er allstór grjótvarða. Norður af vesturenda Sigmundarhúsa er slétt klapparholt með grjótvörðu á, sem heitir Miðdegisholt [059] og er þar hálfnuð leið frá Víkingavatni [001] til fornra beitarhúsa á Hofseli [Hornseli 066], sem síðar verður nefnt," segir í örnefnaskrá. Sigmundarhús voru ekki skráð á vettvangi en við yfirferð loftljósmynda má auðveldlega staðsetja tóftirnar. Þær hafa verið austan til við holtin, um 3km sunnan við bæ 001, um 530m austan við Sigmundarhæð 058 og um 1,4km suðaustur af Miðdegisholti 059.
Heiðarland.
Tóftasvæðið er um 130x100m að stærð og snýr austur-vestur.Tóftaþyrpingin er afmörkuð af túngarði. Hann afmarkar svæði sem er ca. 70x70m að stærð. Við hann eru tvær tóftir. Önnur er innan túngarðs en hin utan túngarðs og að auk er líklega gerði áfast garðinum að innanverðu. Tóftin sem er innan túngarðsins er mjög nálægt miðri vesturhlið hans og virðist vera um 15x13m að stærð. Hún snýr norður-
suður og gæti verið tví- eða þrískipt. Vestan við tóftina, áfast á innanverðum túngaðinum sést móta fyrir gerði, um 10x6m að stóru, og snýr það einnig norður-suður. Tóftin sem er utan

túngarðsins er um 20m vestan við hann og 35-40m vestan við tóftina sem er innan túngarðsins. Sú tóft virðist vera um 10x8m að stærð og snýr svo austur-vestur. Hún virðist einföld. Austan við túngarðinn er garðlag sem tengist túngarði norðaustarlega en liggur um 25m austar en túngarðurinn og fylgir honum til suðurs. Þettta garðlag virðist fjara út um 40m suðaustan við suðurhlið túngarðsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 23


NÞ-011:079 Horft til norð-vesturs

NÞ-011:079 *Svartavarða* varða
66°05.252N 16°54.260V
„Suður af Lónskotsstíg [NÞ-611:002] er Vörðuhóll og vestur af honum Svartavarða," segir í örnefnaskrá. Svartavarða er á klapparholti og er hún eiginlega hrunin. Hún er um 1x1m að stærð, þó að erfitt sé að tala um stærð á henni þar sem hún er hrunin. Hún er ekki mikið meira en 2 umför eða um 40cm á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 19


NÞ-011:080 Horft til norðurs

NÞ-011:080 gata leið
66°04.616N 16°54.181V
Á milli Brandgerðis 045 og Kringlugerðis 044 hafa legið götur sem reyndar má fylgja áfram til norðurs í átt til Sulta NÞ-012:001.
Gatan liggur um þýfðan móa.
Göturnar eru tvær og eru um 1m á milli þeirra og eru þær skýrastar í nágrenni við Kringlugerði 044. Þær eru um 20cm að dýpt og svo til ógrónar í botninn.
Hættumat: engin hætta


NÞ-011:081 Horft til norð-vesturs

NÞ-011:081 varða óþekkt
66°03.701N 16°52.683V
Varða er miðsvæðis innan túngarðs á Hornseli 066 um 50 m austsuðaustur frá 066e og um 80m austsuðaustur af tóft 066a og b. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún hefur tæplega haft neina virkni innan selsins og er því skráð sér.
Varðan er á dálitlum hól.
Varðan er um 0,5 m á hæð og um 1x1 m að flatarmáli, hlaðin úr hraungrýti.
Hættumat: engin hætta

NÞ-011:082 varða óþekkt 66°03.754N 16°52.785V
Varða er sunnarlega innan túngarðs á Hornseli 066 og er um 70 m norður frá Tóft 066a og b. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún hefur tæplega haft neina virkni innan selsins og er því skráð sér. Varðan er um 1 m á hæð og um 1x1 að flatarmáli, hlaðin úr hraungrýti.
Hættumat: engin hætta

NÞ-011:083 tóft+garðlag óþekkt 66°03.816N 16°54.011V
Lítið tóftasvæði fannst við yfirferð loftmynda eftir að vettvangsskráningu lauk. Það er um um 800m vestan við Hornssel 066 og um 1,2km suður af Brandsgerði 045.
Af loftmyndinni að dæma virðist á þessum stað vera hringlaga túngarður sem afmarkar svæði sem er 700x730m að stærð. Innan hans er a.m.k. ein tóft eða þúst sem er miðsvæðis. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þessi mannvirki voru reyst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið sel eða lítið býli.
Hættumat: engin hætta




NÞ-011:083 Óþekkt tóftasvæði séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

NÞ-011:084 heimild um leið
„Sunnan Hraunanna … eru Háutorfur, móabörð meðfram Hrauninu, vaxin standtöðu , lyngi og fjalldrapa. Reiðgötur milli Víkingavatns og Lóns liggja um Háutorfur," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Ekki verður annað séð en að þessar reiðgötur hljóti að vera á svipuðum stað og þjóðvegurinn liggur núna.
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 18

NÞ-011:085 garðlag óþekkt
Garðlag sást á loftmynd sem er 1,8km sunnan við bæ 001, um 280m norðan við Halldórubyrgi 052 og um 600m austan við Astari-Digruvörðu 055.
Garðlagið er í stórþýfðum móa.
Á loftmynd sást garðlag sem liggur í hring og afmarkar það svæði sem er 100x80m að stærð, snýr það norður-suður. Samkvæmt loftmyndinni virðist endar garðlagsins ekki ná alveg saman en liggja að hól sem myndar norðvesturhornið á túngarðinum. Ekki var hægt að greina með vissu um hvort tóft sé innan garðsins en það þykir þó líklegt.
Hættumat: engin hætta

Sultir, Kelduneshreppi

Stærð túna: ha
Þar af slétt: ha vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-012 Sultir

„Sullter, hjáleiga [Hjáleiga Víkingavatns]. Bygð á selstæði heimajarðarinnar fyrir vel 60 árum, afdeild einasta að túni.“ JÁM XI, 280. 1840: „Sultir, 5 hundruð …“ SSÞ, 215. „Jörðin … á hluta í óskiptu landi þar en ræktunarland og engjar eru úrskipt.“ Land og fólk, 240.
„Engjarnar eru við Víkingavatnið, svokallaðar Breiður, vestan vatnsins norðarlega. Þar var mikill og góður starar- og sefheyskapur en nú er sefið horfið þar sem annars staðar í vatninu. Flákar heitir annað engjastykki Sulta, austan vatnsins, og eru það mýrar með miðlungs heyskap. … Túnið er allt heima við bæ og þar nokkuð gott til ræktunar.“ Land og fólk, 240 „Allt engið gefur af sér um 200 hesta. Vetrarbeitarland er allgott, en heldur snjóþungt. Sumarbeit fyrir gripi er lítil heima, en jörðin á hluta í góðu beitilandi austan Víkingavatns.“ LNÞ, 34



NÞ-012:001 Úr suð-vestri

NÞ-012:001 *Sultir* bæjarhóll bústaður 66°05.055N 1653.164V
„Bærinn er í miðju túni,“ segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús, sem er byggt 1956, stendur um 15 m norðaustur af gamla bæjarstæðinu. Gamla bænum var ekki rutt fyrr en eftir að nýja húsið var byggt. Sólpallur er sunnan og vestan við húsið, smíðaður árið 1991, og er grafið var fyrir honum var komið niður á öskulög og fannst þar talsvert af dýrabeinum. Búskap var hætt árið 1989 og hafa afkomendur síðustu ábúenda komið sér upp sumarbústaðabyggð.
Í túni.

Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 21

NÞ-012:002 tóft hrútakofi 6605.019N 1653.250V




NÞ-012:002 Úr austri

„Suðvestur af bænum voru kvíar og þar nærri hrútakofi og vestur af bænum fjárhús,“ segir í örnefnalýsingu. Hrútakofatóftin er mjög heilleg og er hún um 60 m suðvestur af bæjarhólnum. Hún er við nef sem skilur að Bæjarsult og Stekkjarsult.
Í túni.
Tóftin er um 5x4 m að stærð og er byggð utan í klöpp. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Önnur tóft, 006, er byggð utan í klöppina og mætast tóftirnar á hornum. Síðarnefnda tóftin gæti verið kvíar þær er nefndar eru í örnefnaskrá, en hún lítur út fyrir að vera mun eldri en hin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-012:003 heimild um útihús 6605.032N 1653.225V
Fjárhús voru um 10 m vestur af bæjarhólnum 001. Þar sér ekki lengur fyrir húsum, en fjárhús og hlaða úr bárujárni, ásamt fjósi úr torfi og grjóti stóðu lengi á þessum stað. Þessi hús voru rifin árið 1997 og staðurinn sléttaður gróflega.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


NÞ-012:004 Úr austri

NÞ-012:004 *Hjörtshús* tóft fjárhús
6605.080N 1653.240V
„Norður af [bæjarhólnum 001], við Bæjarnöf, var fjárhús, nefnt Hjörtshús, nú horfið.“ segir í örnefnalýsingu. Við Bæjarnöf sést fyrir tóftabrotum sem gætu verið Hjörtshús. Tóftin er um 40 m norður af bæjarhólnum. Um 10 m ASA af henni er önnur tóft, mun betur farin og stærri. Mun það vera kálgarður.
Innan túns, en stendur þó í brekku utan ræktaðs svæðis. Nokkuð þýfður grasmói. Klettabelti er austan við tóftina.
Tóftin er um 20x7 m að stærð. Hleðsluhæð er nokkuð óljós, þar sem tóftin er afmynduð af þýfi. Þar sem tóftin er hvað heillegust sýnist hún þó vera um 1 m há. Hleðslur teljast signar. Tóftin er tvískipt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 21




NÞ-012:004

NÞ-012:005 brunnur vatnsból
„Á Sultum var forn brunnur, ekki vitað um aldur hans, en þetta er nokkuð merkilegt manvirki. Hann er stutt frá bæ, grafinn niður á fornan fjörusand, hringlaga, hlaðinn innan, lóðrétt, með hraungrjóti. Hann var um 7 m djúpur og gaf gott vatn. Á honum var vinda, til að ná vatninu upp í fötu. Sá hængur var þó á, að þessi brunnur þornaði stundum og varð þá að sækja vatn í gjá vestan túns, all örðuga leið.“ segir í grein eftir Sigurð Jónsson. „… sunnan bæjar er lægð, sem Brunndokk heitir. Var þar djúpur brunnur.“ segir í örnefnalýsingu. Enn sér fyrir þessum brunni og er hann um 30 m suðaustur af bæjarhólnum. Um 10 m VNV af brunninum er gömul votheysgryfja.
Í túni.
Vel sést fyrir þessum brunni en hann er kyrfilega byrgður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Sigurður Jónsson: „Sveitin þar sem bæjarlækina vantar“, 107-108, Ö- Víkingavatn, 21



NÞ-012:006 Úr austri



NÞ-012-002 og 006

Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 22


NÞ-012:006 tóft kvíar
6605.019N 1653.250V
„Suðvestur af bænum voru kvíar og þar nærri hrútakofi og vestur af bænum fjárhús.“ segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvarkvíarnar hafa veri en helst kemur til greina tóft, um 60 m suðvestur af bæjarhólnum, sem byggð er utan í sama klett og hrútakofinn 002. Mætast þær á hornum.
Í túnjaðri.
Tóftin er um 12x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m þar sem hún er mest. Tóftin er óskúr en virðist vera tvískipt. Dyr eru óljósar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 21

NÞ-012:007 lind vatnsból
„Vatnsból er í einni hraungjá á sumrin, sem sjaldan næst á veturnar, og verður því að þíða snjó til bjargar mönnum og fjenaði.“ segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Gjá þessi er nú innan túns, um 30 m vestur af núverandi útihúsum. Lindin er í suðurenda gjárinnar, um 250 m VSV af bæjarhólnum 001. Þrep eru niður í gjána að vatnsbólinu og má sjá votta fyrir grjóthleðslum meðfram þeim.
Í túni.
Hleðslur þessar eru farnar að falla saman.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 280

NÞ-012:008 *Stekkjarsult* örnefni stekkur
6604.902N 1653.571V
„Næst vestan við Bæjarsult er Stekkjarsult, en austan hennar eru háir hamrar, og heitir þar Stekkjarbjarg, en vestan Stekkjarsultar gengur fram hrauntangi, sem heitir Staðarsultarnöf …“ segir í örnefnalýsingu. Ekki sést til mannvirkjaleifa í Stekkjarsult, en þar standa nú einir 5 sumarbústaðir.
Þýfður lyng og grasmói umkringdur hraunklettum

NÞ-012:009 garðlag 6604.919N 1653.608V
„Næst vestan við Bæjarsult er Stekkjarsult, en austan hennar eru háir hamrar, og heitir þar Stekkjarbjarg, en vestan Stekkjarsultar gengur fram hrauntangi, sem heitir Staðarsultarnöf, og skilur hann á milli Stekkjarsultar og Staðarsultar, sem er stærst sultanna að flatarmáli. þar eru mikil garðlög forn. Ekki er vitað, til hvers garðar þessir hafa verið hlaðnir, en augljóst, að húsatættur hafa það ekki verið." segir í örnefnalýsingu. Í Staðarsult mótaði fyrir töluvert miklum húsatóftum sem nú hafa verið sléttaðar undir tún. Í Staðarsultinni sést þó enn móta fyrir töluvert myndarlegu garðlagi. það er um 300 vestur af bæjarhólnum 001.
Í ræktuðu túni.
Garðlagið er um 350 m langt. Hleðsluhæð er um 1.3 m þar sem hún er mest. Breidd er mest um 2.5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 22


NÞ-012:010 *Stadar Sullt* bæjarstæði býli 6604.919N 1653.608V



„Stadar Sullt, Horn Sel, Brandsgerde og Kring(l)ugerde [sjá 049] kallast nú fjögur eydibók sem liggja fram á heiðinni fyrir framan bygðina, öll í þessrar jarðar landi, og eru sýnileg byggingamerki tófta og garðleifa á sjerhvörju þeirra, og geta menn til þau hafi eyðilagst í stóru plágunni. Ekkert þeirra má aftur byggja, því þau eru öll skógi og lýngi vaxin."
Í um 300m fjarlægð vestur frá bæ 001.
Í túni.
Búið er að slétta allar tóftir undir tún. Eina sem sést af býlinu er garðlag sem er um 350m langt og er lögun þess sýnd á uppdrætti. Hleðsluhæð er um 130cm og breidd 250cm þar sem hún er breiðust.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 281

Kílakot, Kelduneshreppi

Stærð túna: ? ha
þar af slétt: vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-013 Kílakot

1712: „Hjáleiga Víkingavatns. Kyla Kot, önnur hjáleiga. Bygð í heimalandi skamt suður frá heimatúninu, fyrir vel 60 árum, úrskift einasta að því litla túninu, sem í kringum hjáeliguna liggur.“ JÁM XI, 281. 1840: „Kílakot, 5 hundruð …“ SSÞ, 214.
„Túnið heima í Kílakoti er mjög lítið en umhverfis það þar sem vatnið liggur að eru miklar og grasgefnar starafflögur, svonefndir Kílar. Fyrrum voru þeir allir slegnir með orfi og ljá og þótti hið besta engi en erfitt enda vatnsdýpt víða í mitt læri og meira. Einnig á jörðin engi á breiðum vestan vatnsins og Kvíslarengi austan þess.“ Land og fólk, 246 „Er aðalengið í þrennu lagi, djúpar starafflögur - kílar - heima við bæinn, gulstarar- og ferginsendi á svokölluðum Kílakots-breiðum vestan við vatnið, og austan við það véltækar mýrar, svokallað Kvíslarengi.“ LNÞ, 36

NÞ-013:001 *Kílakot* bæjarhóll bústaður 6605.641N 1650.368V

Kílakot er um 100m norðanaustan þjóðvegar nr 85. Gamla bæjarstæðið í Kílakoti er 40 m norðvestan við steypt íbúðarhús (byggt 1931) á jörðinni en ekki er lengur búið í því. Bæjarstæðið í Kílakoti er 350 m vestsuðvestan við bæjarhólinn í Ólafsgerði NÞ-014:001.



NÞ-013:001 Horft til norð-vesturs

Bæjarhóllinn er í grösugu túni sem sem einkennist nokkuð af ávölum hæðum.
Bæjarhóllinn er 30x20m að stærð og á honum stendur steinhús með áfastri geymslu. Húsið sem er 9x7m að stærð er ein hæð, djúpur kjallari og ris, virðist sem húsið sé ekki í neinni notkun. Súrheysturn er norðan við húsið í um 4m fjarlægð. Líklega hefur bygging steinsteypta íbúðarhússins skemmt hólinn talsvert en þó má búast við að undir sverði leynist enn talsverðar mannvistarleifar. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður þétt sunnan og austan við bæinn, ekki sjást neinar minjar eftir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-013:002 *Einarskofi* heimild um fjárhús 6605.628N 1650.429V

„Á lágum hól á Vesturvelli [vestan við 001] var fjárhús og hlaða, Einarskofi nefndur, en Hálfdánarkofi [003] var suður af Slátturhorni. Þessi hús eru nú horfin, en ný fjárhús og stór hlaða reist á Slátturhorni,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 40 m vestsuðvestan við bæ 001 og mun það vera Einarskofi.
Í grösugu túni sem hefur verið sléttað.
Ekkert sér til minja nema aflöng dæld sem er um 13x4m að stærð og snýr austnorðaustur og vessuðvestur.



NÞ-013:002 Horft til aust-norð-austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatns, 7; Túnakort 1918


NÞ-013:003 *Hálfdánarkofi* heimild um fjárhús 6605.666N 1650.260V
„Á lágum hól á Vesturvelli [vestan við 001] var fjárhús og hlaða, Einarskofi [002] nefndur, en Hálfdánarkofi var suður af Slátturhorni. Þessi hús eru nú horfin, en ný fjárhús og stór hlaða reis á Slátturhorni," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 90m norðaustan við bæjarhól 001 og 10-15 m suðvestan við hesthús 004. Er það líklega það hús sem í örnefnaskrá er nefnt Hálfdánarkofi.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatns, 7; Túnakort 1918

NÞ-013:004 *Hesthústangi* örnefni hesthús 6605.671N 1650.294V
„Austast á túninu er Slátturhorn. Þar sunnan við Hesthústangi," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 110m norðaustan við bæjarhól 001 og 10-15m norðaustan við fjárhús 003. Þetta er líklega sama útihús og vitnað er til í örnaefnaskránni og hefur verið notað sem hesthús.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatns, 7; Túnakort 1917

NÞ-013:005 tóft útihús 6605.641N 1650.243V
Óljós þúst er um 90m austan við bæ 001 og 50-60m sunnan við hesthús 004.



NÞ-013:005 Horft til suð-austurs



NÞ-013:005

Þústin er svo til út í miðri mýri en göngufært að henni úr norðurátt.
Tóftin er 6x4m, tvískipt og snýr norður-vestur-suðaustur. Syðrahólfið er 2x2m að innamáli en það nyrðra 2x3m. Vegghleðslur eru mjög signar, um 30cm á hæð og um 1m á breidd. Ekki var hægt að greina neitt op á milli hólfa. Enginn gafl er greinanlegur til norðvesturs og hefur líklega verið þil og inngangur þar. Húsið er í túni og hefur væntanlega verið e.k. útihús.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-013:006 *Gullhóll* álagablettur 6605.619N 1605.341V
„Syðst og austast í Kílakotstúni er Gullhóll á svonefndum Suðurvelli. Einhverjir gripir úr gulli eiga að vera grafnir í hól þessum, en þjóðsagan segir, að ef grafið sé eftir gullinu, muni koma upp óslökkvandi eldur í Kílakotsbæ," segir í örnefnaskrá. Gullhóll er um 40m suðsuðaustan við bæjarhól 001 og um 70m vestsuðvestan við fjárhúsi 002.
Hóll í grösugu túni.

Stór, aflangur og grösugur hóll sem er liggur frá suðsuðvestri til norðnorðausturs og er dálítil dæld í suðurenda hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatns, 7

NÞ-013:007 brunnur vatnsból
6605.638N 1650.338V
Brunnur er 25m austsuðaustan við 001 og um 30m norðan við Gullhól 006.
Í túni.
Efst er brunnurinn steyptur og nær steyptihlutinn um það bil 1m niður í jörðina en þar fyrir neðan er hann hlaðinn. Op brunnsins er um 80cm í þvermál en allt ytra svæði hans er um 120cm í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-013:008 brunnur vatnsból
6605.641N 1650.317V
Brunnur er 40m austan við 001 og um 15m austnorðaustan við brunn 007.
Í túni.
Þessi brunnur hefur verið byrgður með tréplánkum og torfi. Hann gæti verið eldri en 007.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-013:009 þúst bústaður
6605.657N 1650.400V
Ræktarlegur hóll er 25-30m norðvestan við bæjarhólinn 001 og er talið að þar hafi staðið hús.
Í túni.
Í hólnum er dæld sem er um 14x5 m að stærð og snýr suðsuðvestur-norðnorðaustur. Umhverfis dældina er mikið gras en í dældinni sjálfri er arfi. Afar lítil uppsöfnun virðist á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



NÞ-013:006 Horft til suð-suð-vesturs




NÞ-013:007 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-013:009 Horft til suð-suð-vesturs

Ólafsgerði, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,2 ha
Þar af slétt: 3/4 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: 904 m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-014 Ólafsgerði

8 hdr. 1712. „… partur af Víkingavatni undir 40 ár, en þángað til hjáleiga sem heimabóndinn bygði, so sem hinar hjáleigurnar. Bygt fyrir manna minni og hefur afdeild tún og engjar, en öðrum landsnytjum óskift.“ JÁM XI, 281. 1441: Í fornbréfum er minnst á bæinn Ólafsgerði í texta um landamerki Víkingavatns NÞ-011:001. DI IV, 623. 1840: „Ólafsgerði, 7 hundruð …“ SSÞ, 214. „Ólafsgerði. Jörðin er gömul, byggð i landi Víkingavatns. Bærinn stóð sunnan við vatnið vestarlega, rétt austan við Kílakots Kíla. Þar heima við er dálítið tún, en ræktunarland á jörðin í Gjámó vestan við Víkingavatn. Í eyði frá 1954.“ Land og fólk, 317
2,2 ha 1917. „… um engjar er þess að geta, að heima við bæinn eru bæði starafflögur og ferfinstoppar, en aðalegnið er austan við vatnið norðarlega, bakkar við vatnið með góðu heyi og mýrar austan við þá.“ LNÞ, 36

NÞ-014:001 *Ólafsgerði* bæjarhóll bústaður
6605.590N 1649.987V
„Ólafsgerði. Jörðin er gömul, byggð í landi Víkingavatns. Bærinn stóð sunnan við vatnið vestarlega, rétt austan við Kílakots Kíla. Þar heima við er dálítið tún, en ræktunarland á jörðin í Gjámó vestan við Víkingavatn. Í eyði frá 1954,“ segir í Land og fólki. „Ólafsgerðisbærinn var beint í austur af Kílakoti, en túnin aðskilin af Kílunum, og heitir Mjóasund, þar sem skemmst er milli landa. Nú eru öll hús í Ólafsgerði rifin eða fallin, en tún og engi nytjuð af núverandi eiganda …“ segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn í Ólafsgerði er um 160 m norð-norðaustan við veg nr. 85 og um 320 m austsuðaustan við íbúðarhús í Kílakoti (byggt 1931). Hann er um 450 m austsuðaustan við íbúðarhús á Grásíðu (byggt 1935). Ólafsgerði fór í eyði 1954.
Norðan og norðaustan við bæjarhólinn er mikil og blaut mýri en hóllinn sjálfur er mjög þýfður. Búið er að rífa og slétta úr húsunum sem stóðu á bæjarhólnum en bæjarhóllinn mun þó vera um 40x20m að stærð og snýr svo til vestur-austur. Ekkert sér til minja eftir hús en hóllinn er mjög þýfður og má einnig finna nokkuð af grjóti í honum. Erfitt var þó að átta sig á því hversu stór hluti bæjarhóls er uppsafnaðar mannvistarleifar því sennilegt er að bærinn hafi upphaflega verið reistur á náttúrulegum hól. Sjálfur hóllinn gæti þó verið um 1,5-2m að hæð.


NÞ-014:001 Horft til norð-norð-vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 7; Túnakort 1918

NÞ-014:002 heimild um fjárhús
6605.543N 1650.110V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 130m suðvestur frá bæjarhól 001 og 60-70 m sunnan við Hesthúshól 005. Heimildarmaður sagði að þetta hefðu verið aðal fjárhúsið á jörðinni.
Lágur hraunhóll sem er í sléttu grösugu túni. Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-014:002 Horft til austurs

NÞ-014:003 *Hólshús* þúst útihús 6605.564N 1650.024V



NÞ-014:003 Horft til norðurs

„Suðvestur af bænum er Hólshús á Hólshúshól," segir í örnefnaskrá. Hólshús eru merkt inn á túnakort frá 1918. Þau voru um 50m suðvestur af bæ 001. Þau eru á hól sem tengist bæjarhólnum með lágum rana sem liggur suður frá bæjarhól og í boga að Hólshúshól.
Hóll sem er í sléttu túni.
Ekkert sér til minja á hólnum nema grunn laut sem snýr norður-suður og er um 20x7 m að stærð. Dældin virðist skiptst upp í nokkur hólf eða hús og gefur það til kynna að mögulega hafa staðið þar fleiri en eitt hús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Víkingavatn, 8

NÞ-014:004 heimild um útihús 6605.592N 1649.960V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 20m austan við bæ 001. Þetta útihús hefur verið á sama hól og bærinn sjálfur en þar sér núna ekkert til minja.
Á þýfðum hól í sléttu túni sem er enn slegið.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-014:005 *Hesthúsholl* heimild um hesthús 6605.566N 1649.919V



NÞ-014:005 Horft til suðurs

„Hesthúshóll var suðaustur af bænum, [og] Suðvestur af bænum [001] er Hólshús [003] á Hólshúshól. Þar hjá er laut, Mundabolli, og Hesthúshóll," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 60m suðaustan við bæ 001 þar sem nú stendur yngra útihús.
Stór hóll sem er sléttur og ávalur, er í sléttuðu en frekar hæðóttu túni sem enn er slegið.
Á hólnum stendur nú steinsteypt útihús með bárujárnsþaki sem er að hluta fallið. Húsið snýr norðvestur-
suðaustur og ekki ólíklegt að eldri hús hafi snúið eins. Við suðausturhlið þess er torfhlaðið hús. Það er ekki byggt á sjálfum hólnum heldur út frá hlið hans og liggur því töluvert neðar er steypta húsið. Það er einnig bárujárnsþak á því og er það heilt. Ekki er óhugsandi að þetta hús gæti í grunninn verið það hús sem merkt var inn á túnakort eða hús byggt á grunni þess. Ef ekki sést ekkert til eldri minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 7-8; Túnakort 1918

NÞ-014:006 *Skiphóll* heimild um legstað 6605.586N 1649.868V

„Austarlega í túninu er hóll, sem Skiphóll heitir, og á þar að hafa verið haugsett skip með manni og hesti og öllum hertygjum," segir í örnefnaskrá. Skiphóll er um 90m austan við bæjarhól 001



NÞ-014:006 Horft til suð-austurs

Hóllinn er í túni sem hefur verið sléttað og snýr norður-suður. Fast austan við hólinn er mýrarsef sem liggur út að Víkingavatni.

Skiphóll er stór aflangur hóll sem snýr norður-suður. Hann er um 40x18m stór og um 50 - 60 cm á hæð. Hóllinn er vel gróinn grasi og gæti alveg verið náttúrulegur. Frá syðri enda hólsins að austan, liggur garðlag, um 5m út í vatnið. Garðlagið er um 120cm breitt og um 20cm hátt og er líklegast að um einhvers konar bryggju sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Víkingavatn, 7

NÞ-014:007 *Skiphólskofi* heimild um fjárhús 6605.591N 1649.878V

„Austarlega í túninu er hóll, sem Skiphóll heitir, og á þar að hafa verið haugsett skip með manni og hesti og öllum hertygjum. [sjá 006] Skiphólskofi hét fjárhús, sem á hólnum stóð," segir í örnefnaskrá. Skiphóll er um 90m beint austur af bæjarhól 001.

Hóllinn er í túni sem hefur verið sléttað og snýr norður-suður. Fast austan við hólinn er mýrarsef sem liggur út að Víkingavatni.

Ekkert sér til tófta á hólnum, það eina sem gæti vísað á húsin eru dældir á honum miðjum en einnig norðarlega á honum. Ekki er ljóst hvor þeirra eigi við Skiphólshús þó er dælin sem er norðarlega á hólnum skýrari en sú sem er á honum miðjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Víkingavatn, 8

NÞ-014:008 heimild um traðir 6605.526N 1650.024V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 hefur tröðin að bænum 001 legið að bæ úr suðri beint yfir túnið. Mjög lítið ber á tröðinni en það sem sést af henni er grunn dæld næst túnjaðrinum þar sem hún virðist hafa legið milli nokkuð stórra steina.



NÞ-014:008 Horft til vesturs

Hnitið var tekið í jaðri túns.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-014:009 tóft útihús
6605.552N 1649.776V
Tóft af útihúsi er 170m austsuðaustur af bæ 001 og um 100m austan við Hesthúshól 005.
Í túni.
Tóftin er 16x12m að stærð og snýr vestnorðvestur og austsuðaustur, hún skiptist í 4 hólf. Stærsta hólfið, sem hefur verið fjárhús, er 10x4m að innanmáli og snýr eins og tóftin, garði liggur eftir því endilöngu sem er 9m langur og áfastur austsuðausturgaflinum. Ekkert greinilegt op er á þessu hólfi. Hólf sem er 3x3m að innanmáli er austsuðaustan við fjárhúsin, er op á því til suðsuðvesturs. Þriðja hólfið er sunnan við fjárhúsin og er það 8x4m að innanmáli, snýr eins og tóftin og er enginn gafl á því til austsuðausturs. Vestnorðvestan við þetta hólf er fjórða hólfið sem er 4x3m að innanmáli, það snýr þvert á önnur hólf og er enginn gafl á því til vestnorðvesturs. Vegghleðslur sem eru úr torfi og grjóti eru um 1-2m á breidd og um 150cm á hæð, norðurhluti tóftarinnar er þó meira úr torfi og signari, varla meira en 60cm á hæð en suðurhlutinn meira grjóthlaðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Grásíða, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,4 ha
Þar af slétt: 3/4 vantar útreikning
Stærð matjurtagaða: 300 m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-015 Grásíða

1441: Í fornbréfum er minnst á bæinn Grásíðu í texta um landamerki Víkingavatns NÞ-011:001. DI IV, 623.
12 hdr 1712. 1712 eru Bjarnarkot [NÞ-015:005] og Galltagerði [NÞ-015:004] fornar eyðihjáleigur. JÁM, 282. Vatnshús [NÞ-015:005] var býli byggt 1840 í eyði frá 1863. Vogar nýbýli frá 1937. Land og fólk, 248. 1985: Hraunbrún nýbýli frá 1987 eiga hálfa Grásíðu. Land og fólk, 252 1985: „Bærinn stendur við Gunnlaugsvík á austrubakka Syðribols, en svo nefnist syðsti hluti Víkingavatns. Land jarðarinnar er nokkuð stór þríhyrnd spilda, um tveggja km breið að norðan og agmarkast þar af vatninu, Kvóslinni og Sellæknum sem er kelda austur frá Kvíslinni norðan við Holubjörgin. Að sunnan myndar landið odd er nær að mörkum Þeistareykjarlands á syðri enda Lönguhlíðar. Lengd landins er um 17 km“ Land og fólk, 250.
1712: Túninu spillir sandfok og vatn, sem jetur úr rótina og þar með Víkingavatn að neðanverðu sem gjörir landbrot. engjið er á sama hátt og áður er skrifað um Víkíngavatn. Úthagarnir eru mjög litlir, og þarf ábúandi jafnlega að þiggja beit af bábúum sínum á báðar hendur …“ JÁM XI, 282. 1917: Tún 2,4 ha, þar af 3/4 sléttað. Garðar 300m3. 1985: „AllT er landið vel gróið og dágott beitiland, utan lítil spilda nyrst og austast sem er ógróið hraun. Lítið ræktunarland er í nágrenni bæjanna sunnan og austan við Víkingavatnið og túnin því lítil heima við.“ Land og fólk, 250. 1985: „Talsvert engi eiga þessar jaðrir norður með vatninu að austan og nefnist það Grásíðumýri. Takmarkast hún af vatninu að sunnan og vestan en svonefndri Kvísla að norðan og Bleytuhrauni að austan.“ Land og fólk, 248-250.

NÞ-015:001 *Grásíða* bæjarhóll bústaður 6605.658N 1649.376V



NÞ-015:001 Horft til norðurs

„Bærinn Grásíða stendur á nesi við vatnið milli Víkingavatns og svonefndrar Básatjarnar,“ segir í örnefnaskrá. „Bærinn stendur við Gunnlaugsvík á austurbakka Syðribols, en svo nefnist syðsti hluti Víkingavatnsins,“ segir í Landi og fólki. Gamli bæjarhóllinn á Grásíðu er um 400m norðan þjóðvegar nr. 85 og um 40 m norðan við íbúðarhúsið í Grásíðu sem nú stendur (byggt 1935). „Skammt norðvestur af Hraunbrún er dálítil tjörn sem Básatjörn heitir … Undan þessu hrauni koma kaldar uppsprettur, sem lengi hafa verið notaðar sem neysluvatn jarðarinnar. Fyrst sjálfrennandi gegnum skurð í svokallað Brunnhús er var innangengt í úr gamla bænum á Grásíðu. Þessi vatnslögn var gerð um eða fyrir aldamót,“ segir í Landi og fólki. Frá Vaði 006 sem var 130-140 m norðaustan við bæ 001 og um 50m norðan við Lambhús 002 var vatni veitt um lögn heim að bæ í svokallað Brunnhús.
Hóllinn er nálægt vatni í sléttu túni.
Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og sér þar ekkert til minja eftir húsin sem þar stóðu nema dældir. Íbúðarhúsið sem nú stendur snýr framhlið til vesturs og sennilega hafa fyrirrennarar þess gert það líka. Hóllinn er um 30x20m að stærð og snýr norður-suður. Mjög erfitt er að segja til um hversu þykk mannvistarlögin í hólnum eru en helst er á að giska, að þau séu 30-40 cm að hæð. Engar framkvæmdir hafa átt sér stað á bæjarhólnum eftir að bærinn var færður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Víkingavatn, 8; Túnakort 1918; Land og fólk, 250.

NÞ-015:002 *Lambhús* þúst lambhús 6605.694N 1649.302V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 80 m norðaustan við bæ 001. Þessi hús voru nýtt sem lambhús, ekki sjást þar nein tóftarbrot lengur og er núna búið að slétta þau undir tún.
Í túni sem er slegið og sem liggur að Víkingavatni.
Ekkert sér til minja nema dældir í túni. Dældirnar eru þrjár saman og liggja allar norður-suður. Utanmál þessa svæðis er 30x20.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-015:002 Horft til norð-vesturs

NÞ-015:003 *Garðhús* heimild um fjárhús 6605.573N 1649.420V
„Suðvestur af Miðhústóft eru Garðhús, nú fjárhús úr steini, en voru áður úr torfi og stóðu við gamla vallargarðinn [011],“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 160m suðsuðvestan við bæ 001 og er hefur það verið umrætt Garðhús. Enn standa útihús á þessum stað og eru þau í eigu Voga.
Á staðnum standa stór útihús byggð úr steypu með bárujárnsþaki. Landið hefur verið sléttað umhverfis þau en það er nokkuð hæðótt.
Ekkert sér til eldri minja sökum yngri bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Grásíða, 2


NÞ-015:003 Horft til suð-vesturs

NÞ-015:004 *Galltagerði* þúst býli 6605.546N 49.616V
Í Jarðabók Árna Magnússonar 1712 segir: „Galltagerde, fornt eyðiból í þessrar jarðar landi suður með vatninu, og sjást þar ennþá nokkur byggíngamerki. Ekki má hjer aftur byggja, því þetta pláss er eyðilagt af sandi.“ „Austan við víkina heitir Steinklöpp, og eru þar landamerki milli Ólafsgerðis og Grásíðu. Nálægt Steinklöpp var fornt eyðibýli, sem Galtagerði hét, og annað eyðibýli mjög gamalt, Oddagarður, var suður af Bollum,“ segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Galltagerði er 270-280 m suðvestan við bæ 001, 120-130m vestan við íbúðarhús á Vogum (byggt 1937) og um 50m sunnar en fjaran á Víkingavatni. Á þessum stað má sjá örlitla hólmynd og liggur


NÞ-015:004 Horft til norðurs

girðing yfir austurmörk hans. Er hóllinn innan túngirðingar ásamt túnum Ólafsgerðis NÞ-014 og Kílakots NÞ-013.
Bæjarstæðið er í túni sem er slegið og hefur verið sléttað.
Ekkert sér lengur til minja nema frekar stór geil í hringlaga hól. Hóllinn er um 25x20m að stærð og er nálægt 40cm á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 282; Ö-Víkingavatn, 8

NÞ-015:005 *Bjarnakot* heimild um býli 6605.589N 1649.521V



NÞ-015:005 Horft til norð-austurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar 1712 segir: „Biarnakot, eyðihjáleiga. Bygð um nokkur ár við heimatúnið hjer um fyrir vel 50 árum, og varaði bygðin fáein ár, hefur hvörki bygst áður nje síðan. … Ekki má hjer aftur byggja nema heimajörðinni til rýrðar.“ „Vatnshús. Smábýli byggt 1840 á suðurbakka Víkingavatns í landi Grásíðu Í eyði frá 1863.“ segir í Landi og fólki og mun þar átt við sama stað og Árni og Páll kalla Bjarnakot. „Norðan við Voga, á Vatnsbakkanum, er skólahús, fundarstaður hreppsins (áður en Skúlagarður kom til sögunnar). Þar sem skólahús þetta stendur, var býli, sem hét Vatnshús. Upphaflega voru Vatnshús fjárhús, en síðan var byggður bær, aðeins vestan við fjárhúsin. Fólkið bjó fyrst í fjárhúsunum, áður en bærinn var byggður. Samkomuhúsið stendur nú á rústum fjárhúsanna,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem Vatnshús og Bjarnakot hafa verið byggð á sama eða á mjög svipuðum stað og verður í þessum texta eingöngu notast við eldra nafnið. Bjarnakot stóð 170m suðvestan við bæ á Grásíðu 001, um 80 m vestnorðvestan við fjárhús 003 og 15-20m vestan við steypt hús sem var byggt 1924. Þetta steinhús var reist af Ungmannafélaginu Leiftri sem skóli en var einnig notað sem samkomuhús til ársins 1957.



NÞ-015:006 Horft til vesturs

Grasi gróið svæði rétt við bakkan á Víkingavatni.
Ekkert sér til minja eftir þessi býli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁMXI, 282; Land og fólk, 248

NÞ-015:006 *Vað* heimild um leið
6605.720N 1649.289V
„Þar sem farið var úr túninu, út í mýrina, var alltaf kallað Vað,“ segir í örnefnaskrá. Vað er um 130-140 m norðaustan við bæ 001 og um

50m norðan við Lambhús 002. Vaðið er á læk, ekki sjást neinar götur þar en þar mun hafa verið best að fara um gangandi því umhverfis er mjög blautt land. Frá þessum stað var vatni veitt heim að bæ í Brunnhús.
Í jaðri túns.
Ekkert sér til minja
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Land og fólk, 252

NÞ-015:007 frásögn útihús
6605.642N 1649.353V
Samkvæmt heimildarmanni stóðu útihús 30-40m suðsuðaustan við bæ 001 og 25m norðaustan við íbúðarhús í Grásíðu (byggt 1935).
Óslegin hólbunga, rétt utan við plan sem liggur umhverfis íbúðarhús.
Ekkert sér til minja nema 3 grunnar dældir sem saman snúa vestur-austur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



NÞ-015:007 Horft til austurs

NÞ-015:008 *Kvíaból* örnefni kvíar
6605.606N 1649.191V
„Sunnan hennar [Hvolpatjarnar] er smáhóll, nærri horfinn, sem heitir Kristínarhóll, austur af Kristínarhól er Kvíaból. Kvíaból tekur við af Kristínarhól og náði c.a. 100 m austur af honum," segir í örnefnaskrá. Kvíaból er 170m suðaustur af gamla bæ 001 og 180m austnorðaustan við Garðhús 003.
Í sléttuðu túni.
Ekkert sér til minja, en Kvíaból er egglaga lágur og ávalur hóll sem hefur verið fyrir utan gamla túngarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grásíða, 2



NÞ-015:008 Horft til vesturs

NÞ-015:009 *Miðhústóft* heimild um útihús
6605.671N 1649.262V
„… suðvestur af Kristínarhól var Miðhústóft," segir í örnefnaskrá. Miðhústóft var um 90m austnorðaustan við gamla bæjarstæðið 001 og 50m suðsuðaustan við Lambhús 002.
Í sléttu túni sem er slegið.
Ekkert sér til minja nema grunnar dokkir. Miðhúsin hafa verið fyrir utan túngarðinn 011 sem má greina sem lágan hrygg í landinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grásíða, 2



NÞ-015:009 Horft til suðurs

NÞ-015:010 gata leið 6605.679N 1647.757V
Óljós gata liggur um 300m norðvestan við Bænhúsklett 019 og um 470m sunnan við Sel 020. Gatan virðist hafa legið vestur frá Grásíðu 001 og áfram til austnorðaustur að Keldunestorfunni.
Þar sem hnitið var tekið lá leiðin um sandfláka.
Gatan er lítt greinileg en bílfær allavega að hluta og hefur sennilega verið þjóðleið milli Víkingavatns torfunnar og Keldunesstorfunnar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-015:011 garðlag túngarður 6605.582N 1649.280V
„Suðvestur af Miðhústóft [009] eru Garðhús [003], nú fjárhús úr steini, en voru áður úr torfi og stóðu við gamla vallargarðinn," segir í örnefnaskrá. Vallargarðurinn hefur verið sléttaður en víða má greina hvar hann hefur legið þar sem hryggur er í túninu. Nyrst er hann í rúmlega 100m fjarlægð frá gamla bæjarstæðinu 001 og liggur hann í hálfhring umhverfis bæinn að austanverðu en að vestan afmarkar Víkingavatn túnið.
Að mestu liggur túngarðurinn í sléttuðu túni en syðst á honum hafa bæði útihús og íbúðarhús verið byggð þar sem hann hefur legið og þar sést hann ekki lengur.
Ekki er hægt að segja neitt um garðlagið sjálft því það hefur verið sléttað þó má alveg sjá hvar það hefur legið. Bendir það til þess að garðurinn hefur frekar verið af stærri gerðinni. Sá hluti hans sem eftir er afmarkar svæði sem er 280x170m og hefur túnið snúið í norður-suður. Ekki verður betur séð en að þessar túngarðsleifar fylgi ágjætlega þeim upplýsingum sem koma fram á túnakortinu frá 1918.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grásíða, 2

NÞ-015:012 kuml legstaður 6605.543N 1649.507V



NÞ-015:012 Horft til norð-austurs

„Um 70 m suður frá Vogum fannst 1941, kuml Grásíðumannsins," segir í örnefnaskrá. Staðurinn þar sem kumlið fannst er svo til alveg við heimreiðina að Vogum og Grásíðu. Staðsetning kumlsins mun vera 40-
50 m suðaustan við íbúðarhúsið í Vogum (byggt 1937) og 50-60 m norðaustan við stóra skemmu.
Vegur sem liggur heim að bæjunum er fast austan við kumlstæðið sem er í nokkurri hvilt við veginn. 10-
15 m norðvestan við kumlstæðið er um 10m langt gerði af víði sem er kominn vel upp í 4m á hæð.
Kristján Eldjárn lýsir kumlfundinum í Kuml og haugfé: „Haustið 1941 rannsakaði ég fornmannskuml, sem fundizt hafði, er grafa skyldi kartöflur rétt hjá nýbýlinu Vogum í Kelduhverfi, um 50 m suður frá suðvesturhorni gamla vallargarðsins á Grásíðu. Á þessum slóðum er töluverður uppblástur, og hefur verið áfok, þar sem kumlið var, efst á lágum ás eða öldu. Gröf hafði verið grafin alla leið ofan á klöpp, og á henni lá mjög heilleg beinagrind úr unglingspilti. Höfuð hans sneri því sem næst í suður, fætur í norður (60. mynd). Gröfin hefur verið þröng neðst, en víkkað upp eftir, upprunaleg dýpt um 1 m. Maðurinn hafði legið á bakinu, höfuðið lítið eitt hærra, hægri handleggur krepptur um olnboga og

höndin uppi við hökuna, vinstri handleggur niður með síðu og framhandleggur um þveran kvið. Ekkert sást af handarbeinum vinstri handar. Fætur voru krosslagðir, vinstri fótur ofan á hinum hægri. Gröfin hafði verið fyllt með blandaðri mold, en um það bil miðja vegu frá yfirborði og niður að beinum voru allmargir steinar saman. Annað grjót var ekki í gröfinni, nema hvað nokkrir steinar virðast munu hafa verið á leiðinu ofanjarðar. Jafnhátt áðurnefndum steinum fór að brydda á svörtum röndum fram með báðum hliðum grafarinnar. Reyndust þetta vera tréleifar, af borðum reistum á rönd. Hér og hvar sást, að spýtur höfðu staðið lóðrétt líkt og okar, sem borð eru negld saman með. Borð eða fjalir virðast því hafa verið lögð innan í gröfina, en hvorki sáust tréleifar ofan á né undir beinagrindinni, svo að varla hefur maðurinn verið jarðaður í líkkistu.“ Í kumlinu fannst spjót, hnífur og tréleifar.“ Ekkert sér lengur til kumlsins og í raun ekkert sem gæti minnt á það enda hefur svæðinu mikið verið umbylt. Lýsa þessar breytingar sér helst í því að samkvæmt lýsingu Kristjáns Eldjárns var kumlið efst á sandöldu og hefur það því legið nokkuð hærra en nánasta umhverfi. Í dag (2006) er það hins vegar í hvilt við uppbyggðan veg sem liggur heim að bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grásíða, 2; KEKH 2000, Heimildir: Rannsóknarskýrsla Kristján Eldjárns, pr. í Morgunblaðinu, 5 okt. 1941; Kristján Eldjárn, 1948, bls. 63 o. áfr.

NÞ-015:013 *Veggjaendi* varða landamerki 6605.344N 1649.426V

„Þannig er merkjum lýst hér úr vörðu á austari veggjaenda í miðjan Miðhróskíl, fyrir austan svonefnda Helgutöpp, vestanvert við alla Grásíðumýri og út í miðjan Kvíslarkjaft.[og]… Suðvestur frá Nýjastekk er Langiklettur, sem er austan við Veggjaendana en á Veggjaenda er merkjavarðan móti Víkingavatni,“ segir í örnefnaskrá. Landamerkjavarða er 580-590 m sunnan við gamla bæjarstæðið á Grásíðu 001 og 330 m vestan við Digruvörðu 024.



NÞ-015:013 Horft til norðurs

Varðan er á hraungrýtisklöpp sem kemur upp af bjargvegg, eru hraunklappir allt um kring í móa sem er frekar sléttur.

Varðan er um 70cm á hæð og 50x80cm að stærð, hún snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fjögur umför og er fremst á klettavegg á nokkuð stórum hraunhól og sést vel til hennar neðan frá þjóðvegi nr 85.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grásíða, 3 - 6

NÞ-015:014 *Stífla* hleðsla áveita 6605.877N 1649.664V

„Oddi er austasta engjastykkið í mýrinni. Við Odda var Stífla, sem beindi vatninu úr svonefndum Girðingarskurði inn á Grásíðumýrina,“ segir í örnefnaskrá. Stíflan sem hér um ræðir er 670-680 m norðaustan við gamla bæjarstæðið 001 og um 350 m vestan við Gvendabrunna 016. Stíflan tengist sama áveitukerfi og Langigarður og Girðingarskurður 015.



NÞ-015:014 Horft til norð-austurs

Stíflan er í ós við Víkingavatn. Norðan við stífluna, í vatninu eru nokkrir hólmar en sunnan við hana er mýri. Um 200m sunnar við stífluna tekur hraun við af mýrinni.
Stíflan er hlaðin úr grjóti, hleðslan virðist ekki vera mjög há en er nokkuð hulin vatni og stendur ekki meira upp úr vatni en um 20cm. Stíflan er 18-20m löng og er hún nokkuð gisin fyrir miðju þar sem vatnsaginn er mestur. Frá stíflunni liggja tveir garðar eða áveitur sem kallast Girðingarskurður 015.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Grásíða, 3

NÞ-015:015 *Langigarður* garðlag áveita 6605.779N 1649.247V
„Frá Vaði [þar sem farið var úr túninu, út í mýrina 006] og norður að Kvísl lá svokallaður Langigarður. Hann var hlaðinn til að jafna vatnið á enginu," segir í örnefnaskrá. Langigarður sést fyrst um 140m norðnorðaustur frá gamla bæjarstæðinu 001 hjá áður nefndu Vaði 006. Liggur hann fyrst um 50 m til norðaustur en beygir svo lítið eitt og liggur í há norður. Hann er um 400m vestan við Stíflu 014. „Vatn úr Gvendarbrunni [016] og Kvígildisauga rann áður í Kvíslina, en síðan var hlaðinn garður fyrir þá vatnsrás og myndaði hún þá svonefndan Girðingarskurð, en Bleytuhraunið og mýrlendið þar norðaustur af, var afgirtur nátthagi [018], sem nefnd var Girðing. Girðingarskurður var norðurmörk Girðingar. Hann lá síðan niður að Odda og með honum (suðvestur) niður á Básatjörn. Við áðurnefnda Stíflu [014] var vatni Girðingaskurðs hleypt í Kvíslina, að áveitu lokinni," segir í örnefnaskrá. Girðingarskurður er garðlag sem liggur frá Stíflu 014 til suðvesturs að Básatjórn um 250 m norðaustan við bæjarhól 001. Svæðið sem áveitan nær yfir er um 450 X 450 m stórt.
Garðlögin liggja um mýrlent tún.
Langigarður er tæplega 400m langur, um 1m á breidd og um 30-40cm á hæð. Garðlagið er sigið og víða sprungið þó vel greinilegt og greinilegast næst vatninu. Það er sennilega eingöngu hlaðið úr torfi og afmarkar það áveituna til vesturs. Garðlag við svonefndan Girðingarskurð sem liggur frá Stíflu 014. Það liggur 10-15 m beint suður en síðan um 450m suðvestur. Garðlagið er um 30cm á hæð og um 1m á breidd. Víða er garðlagið klofið og sumstaðar alveg horfið, þó aldrei á stórum kafla, það er allt grasi vaxið og sér hvergi í grjóthleðslur. Girðingarskurður afmarkar áveituna að austan. Milli Langagarðs og Girðingar eru nokkur garðlög og er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar.
Garðlag A liggur vestur-austurs milli Langagarðs og Girðingar og tengir þessi garðlög saman. Það liggur ekki í beint yfir svæðið heldur myndar þrjár oddhvassar bugður, tvær til norðurs og eina til suðurs. Hliðarnar sem liggja suðvestur-norðaustur eru um 70 m langar en hinar hliðarnar sem liggja norðvestur-
suðaustur um 50m langar. Þar sem garðlag A endar (við Girðingu 018) byrjar garðlag B. Það liggur beint til norðurs og er um 220m langt. Garðlag C liggur svo vestnorðvestur- austsuðaustur frá Stíflu 014 og að garðlagi B og tengist því norðan við miðbik þess. Garðlag C er um 200m langt. Á loftmynd mátti greina enn fleiri garðlög. Þau garðlög sem skoðuð voru á vettvangi voru öll frekar svipuð, um 1m á breidd og 20-
30cm á hæð. Reyndar sjást kaflar þeirra bara sem gróðurfarsbreyting og eru þeir nær alveg sokknir í mýrina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 3-5

NÞ-015:016 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból 6605.879N 1648.203V
„U.þ.b. 10m suðvestur af Holu er Gvendarbrunnur, uppspretta, úr henni rennur í kvíslina. Þar var steinn, sem talinn var altari, en var svo notaður í brú yfir vatnsrásina úr Gvendarbrunni. Sagt er, að Guðmundur góði hafi vígt þennan brunn og hefur legið sú trú á, að þarna væri ákaflega gott vatn," segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er 970-980 m austnorðaustur af bæ 001 og 350-360m austan við Stíflu 014.
Uppspretta undan kletti.
Gróin klettaborg og kemur uppsprettan undan borginni. Engin mannvirki eru við uppsprettuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 4


NÞ-015:016 Horft til suðurs

NÞ-015:017 hleðsla brú 6605.880N 1648.183V
„U.þ.b. 10m suðvestur af Holu er Gvendarbrunnur [016], uppspretta, úr henni rennur í kvíslina. Þar var steinn, sem talinn var altari, en var svo notaður í brú yfir vatnsrásina úr Gvendarbrunni," segir í örnefnaskrá. Brúin er tæpan 1 km austnorðaustan við bæ 001 og um 15 m austan við Gvendarbrunn 016.
Brúin er norðan við hraunklett og liggur yfir litla sprungu og svo er grösugur mói norðan við hana.
Brúin er hlaðin úr stórugrjóti og liggur hún yfir lítinn læk sem hefur bratta bakka. Hún er tæpir 3 m að breidd og um 1,5 m að lengd. Lítið ber á henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 4


NÞ-015:017 Horft til norð-vesturs

NÞ-015:018 *Girðing* heimild um nátthaga 6605.759N 1649.060V
„Vatn úr Gvendarbrunni [016] og Kvígildisauga rann áður í Kvíslina, en síðan var hlaðinn garður fyrir þá vatnsrás og myndaði hún þá svonefndan Girðingarskurð, en Bleytuhraunið og mýrlendið þar norðaustur af, var afgirtur nátthagi, sem nefnd var Girðing. Girðingarskurður var norðurmörk Girðingar," segir í örnefnaskrá.
Slétt mýrlent tún.
Nátthagi var girtur af með girðingu nema til norðurs, þar afmarkaði Girðingarskurðurinn 015 nátthagann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 5

NÞ-015:019 *Stóri-Bænhúsklettur* örnefni bænhús 6605.617N 1647.135V



NÞ-015:019 Horft til suðurs

Norður af Holubjörgum er mosa- og leirkelda, sem heitir Sellækur [020], sem er á merkjum, liggur austur fyrir utan Holubjörg. Hún ræður merkjum á móti Víkingavatni, þangað til kemur að Garðslandi, en hornmark þessara þriggja jarða er þar við Stóra-Bænhúsklett. (Bræðurnir Þorgeir og Þórarinn hafa aldrei heyrt talað um nema Bænhúsklett, Ekki Stóra-Bænhúsklett), segir í örnefnaskrá. Bænhúsklettur er um 1,7 km austur af bæ 001, um 930m suðaustur af seli 020 og um 880 vestsuðvestur af Þjófaborg 021.

Gróinn hraunklettur í sendnu lítt grónu landi.

Bænhúsaklettur er hár klettur, um 5-6 m á hæð. Hann er svo til hringlaga og um 10-11 m í þvermál. Ekki er vitað um tildrög nafngiftarinnar og þekkist engin vitneskja um bænhús á jörðinni, hvað þá í námunda við húsið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Grásíða, 5

NÞ-015:020 *Sellækur* tóft sel 6605.897N 1648.149V



NÞ-015:020 Horft til suð-vesturs

„Norður af Holubjörgum er mosa- og leirkelda, sem heitir Sellækur, sem er á merkjum, liggur austur fyrir utan Holubjörg … Suður af Sellæk, austan til, er graslendi milli hrauns og lækjarins, sem heitir Hagi. Í honum eru Seltættur og suðaustur af þeim er svo þessi Stóri-Bænhúsklettur [019],“ segir í örnefnaskrá. „Frá Garsðsá rennur svo vestur til Víkingavatns keldudrag sem heitir Sellækur.“ segir í örnefnaskrá Garðs. Sellækur rennur norðan Ásmundarstaða 016:010 vestur í mýrar og sameinast kvíslunum norðan Holubjarga. Norðan undir Holubjörgum, austarlega, alveg við Sellæk er tóft sem líklega er það sel sem lækurinn dregur nafnið af. Tóftin er 1 km norðaustan við bæjarhól 001, um 930 norðvestan við Bænhúsklett 019 og um 50 m norðaustan við brú 017.



NÞ-015:020

Tóftin er í frekar þýfðum en flötum lyngvöxnum móa sem einkennist af haunborgum og er hún byggð uppundir 3 m háum hraunvegg við lækjarbakka.

Tóftin er 14x10m að stærð, ein-

föld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er byggð upp við bjargvegg sem myndar suðausturvegg tóftarinnar en annars eru veggir hennar hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru um 2 m þykkir og um 60 cm á hæð en eru mjög signir. Stórt grjót er við innganginn sem er á suðvesturgaflinum austarlega eða nálægt bjarginu sem myndar suðausturhlið tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 5; Ö-Garður, 3

NÞ-015:021 *Þjófaborg* þjóðsaga aftökustaður 6605.511N 1648.255V
„Austur af honum [Grásíðukletti] er lægri hraunborg, Þjófaborg, mikið sundursprungin; sagt er, að þar hafi í fyrndinni verið teknir af nokkrir þjófar," segir í örnefnaskrá. Þjófaborg er um 890m austsuðaustan við 001 og um 730m beint suður af seli 020.
Stór klofinn hraunklettur, liggur sprungan suðaustur og norðvestur og er hún manngeng.
Það er trú manna að trébiti hafi verið settur milli klettanna og þjófarnir þannig hengdir. Borgin hefur talsvert verið notuð sem felustaður fyrir veiðimenn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 5


NÞ-015:021 Horft til suðurs

NÞ-015:022 *Melagata* gata leið 6605.324N 1647.902V
„Sunnan þessa hrauns [021] norðan þjóðvegarins heita Melar. Og Melagata lá þar um," segir í örnefnaskrá. Melagata liggur vestur -austur og er hún um 630 m sunnan við Bænhúsklett 019, um 300 sunnan við Þjófaborg 021 og um 450m norðan við Grásíðustekk 031.
Gatan liggur nálægt þjóðveginum og samsíða honum í lyngmóa.
Gatan er mikið til að hverfa en enn má greina tvær götur og er önnur þeirra ógróin í botni. Þær eru um 30cm á breidd en ekki sérlega djúpar. Þessar götur virðast liggja milli bæja eins og Mótjarnar NÞ-016:011 og Ásmundastaða NÞ-016:010 og Grásíðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 5


NÞ-015:022 Horft til austurs

NÞ-015:023 *Digravarða* varða óþekkt 6604.972N 1647.731V
„Suður af Berjalág er Digravarða, sem er hæst frá bæ nær því í hásuður," segir í örnefnaskrá. Digravarða er 1,4 km suðsuðaustur af bæjarhól 001 og 520-530m vestsuðvestur frá Grásíðustekk 031.
Vörðurnar eru í raun tvær og eru þær á lítilli hraunborg í þýfðum móa.




NÞ-015:023 Horft til vesturs

Önnur varðan er 1x1m að stærð, um 70cm á hæð og um 6 umför. Hin er mjög svipuð um 1x1m að stærð og um 70cm á hæð en er um 4 umför. Það eu um það bil fjórir mertar á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6

NÞ-015:024 *Nýistekkur* tóft stekkur 6605.339N 1648.990V
„Suðvestur af Berjalág er Nýistekkur. Þar eru tættur rétt sunnan við þjóðveginn," segir í örnefnaskrá. Nýistekkur er 660-670m suðsuð-



NÞ-015:024 Horft til vesturs



NÞ-015:024

austur af bæ 001, um 340m austan við vörðu 013 og um 650m vestsuðvestan við Þjófaborg 021. Nýjistekkur er 770m norðvestan við Grásíðustekk 031 og er nær bæ 001.
Stekkurinn er í gróinni laut.
Stekkurinn er 12x7m að stærð og snýr vestur-austur. Hann er tvískiptur. Austast er lítið hólf sem er 4x1m að innanmáli og snýr norður-suður. Stærra hólf er vestar og er það 8x3m að innanmáli. Op á því til suðurs fyrir miðjum suðurvegg. Vegghleðslur eru mjög signar og ávalar og eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð. Ekkert grjót er í vegghleðslum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6



NÞ-015:025 Horft til norð-austurs

NÞ-015:025 varða óþekkt 6604.338N 1648.952V
Rétt norðan við Þverholt er hraunhryggur sem liggur norður-suður . Á honum eru tvær vörður. Þær eru um 440m vestan við Strýtu 032 og um 900m suðaustur af Káravörðum 027.
Á hraunholti.
Syðri varðan er betur hlaðin en sú nyrðri. Hún

er 1x1m að stærð, um 1m á hæð og um 11 umför. Nyrðri varðan er áþekk en ekki eins há. Hún er um 50-60cm á hæð og er hún hrunin til suðurs. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi þessar vörður voru hlaðnar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-015:026 *Mjóavarða* varða óþekkt 6604.813N 1649.158V
„Suður af Hestabjargi er Mjóavarða," segir í örnefnaskrá. Mjóavarða er um 450m suðvestan við Digruvörðu 023, um 490m norðaustan við Káravörður 027 og um 1,6km sunnan við bæjarhól 001.
Varðan er í mosavöxnu hrauni. Á hraundranga og er útsýni frá henni gott, sér í lagi til norðurs.
Varðan er um 1x1m að stærð og um 120cm á hæð. Hún er vel hlaðin úr frekar jöfnu grjóti og er um 7 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6


NÞ-015:026 Horft til norðurs

NÞ-015:027 *Káravörður* varða óþekkt 6604.702N 1649.725V
„Suður af Hestabjargi er Mjóavarða [026]. Vestur af henni eru Káravörður. Þær eru þrjár og standa rétt austan við Víkingavatnsheiðarveg," segir í örnefnaskrá. Grásíðu. „Skammt vestan við Veggjarenda austari er hár klettur á Veggjarbrúninni, sem Galti heitir. Þar vestur af er Fossbjarg, Skúlaklettur, Káravörður,"segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Káravörður eru um 1,8km suður af bæ 001 og um 480m vestsuðvestan við Mjóuvörðu 026.
Varðan er fast austan við jeppatroðning í lyngivöxnu hrauni.


NÞ-015:027 Horft til austurs

Káravörður eru í raun þrjár smáar vörður. Þær liggja frá suðri til norðurs. Syðsta varðan er 1x0,50m að stærð, um 50cm á hæð og 3 umför. Varðan í miðjunni er 60x60cm að stærð, um 90cm á hæð og um 6 umför en sú sem stendur nyrst er 1x0,80m að stærð, um 70cm á hæð og um 4 umför. Svæðið sem þær eru á er um 5x1m að stærð. Ekki er alveg ljóst hvaða hlutverki þær hafa gengt en þar sem þær standa þétt við veg sem liggur frá bæ suður á heiði er freistandi að áætla að þær hafi verið reistar sem samgöngubót fyrir þá sem átt leið hjá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6; Ö-Víkingavatn, 20

NÞ-015:028 *Rjómadalsvarða* varða samgöngubót6605.155N 1647.703V
„Þegar farið er veginn austur frá Vogum, liggur hann um móa, er komið brátt að vörðubroti á hól, þegar leið í Garð er um það vil hálfnuð," segir í örnefnaskrá. Rjómadalsvarða er suðvestan við Rjómadal og um 1,6km suðaustan við bæjarhól 001. Hún er um 350m austnorðaustur af Grásíðustekk 031.



NÞ-015:028 Horft til norðurs

Varðan sem er fremur lítil og er á lágri hraunhæð milli túna sem enn eru slegin.
Varðan er gróin grasi og mosa og er hún talsvert hrunin. Frekar smátt grjó er í vörðunni sem er 1x0,50m að stærð og um 30cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6



NÞ-015:029 Horft til vest-suð-vesturs

NÞ-015:029 *Rjómadalur* þjóðsaga 6605.171N 1647.667V
„Þegar farið er veginn austur frá Vogum, liggur hann um móa, er komið brátt að vörðubroti á hól [Rjómadalsvörðu 028], þegar leið í Garð er um það vil hálfnuð. Austan við vörðuna er slakki, sem heitir Rjómadalur. Um hann er til þjóðsaga. Þetta er skammt suður frá þjóðvegi.“ segir í örnefnaskrá. Rjómadalur er 1,6km suðaustan við bæjarhól 001 og um 390m austnorðaustur af Grásíðustekk 031.
Lítið dalverpi eða stór laut, öll grasi gróin og slegin. Til vesturs og suðurs er lyngivaxin hæð.
„Þjóðsagan er á þá leið, að smalarnir frá Grásíðu og Garði hafi hitzt í Rjómadal með strokkana á bakinu og lenti þeim saman einhverra hluta vegna, og misstu niður allan rjómann og heitir dalurinn síðan Rjómadalur.“ segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6

NÞ-015:030 varða landamerki 6605.132N 1647.573V



NÞ-015-030 Horft til aust-suð-austurs

„Í Rjómadal er klettahryggur og á honum varða. Þessi hryggur heytir Smjörbítill. Varðan er á merkjum móti Garði, segir í örnefnaskrá. Smjörbítill er 1,7km suðaustan við bæjarhól 001 og um 440m austur af Grásíðustekk 031.
Hraunhryggur sem liggur í mólendi.
Smjörbítill er lág hraunbunga með sprungu í og liggur hún austur-vestur en þvert yfir hann liggur girðing. Varðan samanstendur af tveimur stórum steinum efst á hraunbungunni við girðinguna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 6

NÞ-015:031 *Grásíðustekkur* tóft stekkur 6605.107N 1648.136V


„Suðvestur af Rjómadal er Grásíðustekkur," segir í örnefnaskrá. Grásíðustekkur er 1,4km suðaustur af bæjarhól 001, um 780m norðvestan við Nýjastekk 024 og um 440m beint vestur af Smjörbítil 030.

Stekkurinn er undir kletti að norðan. Ekki er mikið útsýni til suðurs sökum hæðar sem byrgir sýn þeim megin.

Stekkurinn er 26x5m að stærð og snýr austur-vestur. Hann skiptist í 4 hólf sem snúa öll eins og stekkurinn. Vestast er hólf sem er 3x1m að innanmáli. Ekkert op er greinanlegt á því. Austan við það er annað hólf sem er 5x2m að innanmáli. Sennilega hefur verið op á því til austurs alveg syðst á austurgafli, inn í þriðja hólfið sem er austan við það. Þriðja hólfið er stærst eða 11x3m að innanmáli. Op er á því syðst á austurgafli. Austan við þetta hólf er svo fjórða hólfið sem er 4x2m að innanmáli. Það er alveg opið til suðurs. Vegghleðslur eru um 1m á hæð og um 1m á breidd og nær eingöngu hlaðinn úr grjóti.



NÞ-015:031 Horft til vesturs



NÞ-015:031

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grásíða, 6

NÞ-015:032 *Strýta* varða óþekkt 6604.319N 1648.374V


„Suðvestur af Bugum liggur grjóthryggur, austur og vestur, sem Þverholt nefnist, og rétt sunnan og austan við Bugana er holt með vörðu, sem heitir Strýta," segir í örnefnaskrá. Strýta er 2,6km suðsuðaustur af bæjarhól 001, 1,1km norðaustan við Beitarhúsahæðir 033 og um 1,3km austsuðaustan við Káravörður 027. Varðan er á hraunbungu eða hraunholti sem er í lyngvöxnum móa.



NÞ-015:032 Horft til norðurs

Varðan er um 60x60cm og um 40cm á hæð. Hún er 4-5 umför og öll frekar lítið áberandi. Hún er þó vel hlaðin úr frekar jöfnu grjóti. Varðan stendur við veg sem liggur suður á heiði og því mætti vel hugsa sér að hún væri samgöngubót fyrir þá sem þurftu að ferðast þar um.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 7

NÞ-015:033 *Beitarhúsahæðir* þúst beitarhús 6603.708N 1650.134V



NÞ-015:033

„Suður frá Þverholti taka við Beitarhúsahæðir. Suður af þeim eru Beitarhúsahlíðar. Þær snúa mót austri, segir í örnefnaskrá. „Suðaustur af austari Veggjarendum, í landi Grásíðu, eru


NÞ-015:033 Horft til suð-vesturs

Krókhólar, Ytri- og Fremri-, en vestur af Ytri-Krókhólum eru Beitarhúshólar og vestur af þeim Beitarhúshólahlíð og á enda hennar Ólafsgerðishorn," segir í örnefnaskrá Víkingavatns. Þúst sem gæti mögulega verið af beitarhúsum er um 3,3km suður af bæjarhól 001 og 730m suðaustur af Austari-Hesthúshól 034.
Þústin er í lyngvöxnum móa og vestan við hana er grösugur bali.
Þústin virðist að mestu niðurgrafin. Ytri brún veggja er óljós en innri brún veggja um 80cm. Þústin er öll mjög grösug. Hún er einföld og 8x1,5 að innanmáli. Þústin snýr austnorðaustur-vestsuðvestur. Op virðist á tóftinni til vestsuðvestur fyrir miðjum gafli. Ekki er víst að þetta sé beitarhúsið sem örnefnin í kring draga nafn af, en ekki fundust aðrar tóftir á þessu svæði.


NÞ-015:034 Horft til norð-vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 7; Ö-Víkingavatn, 23

NÞ-015:034 *Austasti-Hesthóll* varða landamerki 6603.708N 1650.134V
„Austasti-Hesthóll er kippkorn í þvervestur frá Djúpudokk. Hann er stakur grjóthóll, með vörðu, og stendur austanvert við hólaröð, sem heita Hesthólar og telst hann til þeirra," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er á merkjum og á honum er merkjavarða. Austasti-Hesthúshóll er 3,7km suðsuðvestan við bæjarhól 001 og um 1,7km suðvestan við Strýtu 032.

Varðan er á stórri hraunhellu og er gott útsýni frá henni til allra átta.
Varðan er 1x1m að stærð. Hún er um 180cm á hæð og um 10 umför. Varðan er hlaðin úr stóru og frekar flötu grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grásíða, 7


NÞ-015:035 heimild um kolagröf
„Í suðvestur frá þessu tekur við skógivaxið og grösugra land, allstórt svæði, sem heitir Skógarhæðir, og nyrst á þeim er Skógarhæðatagl. Vestan til á hæðunum er Grenishóll, sem er suðaustur af Taglinu, norðan við girðinguna, er þar stakur klettur. Nyrst í þeim er Viðarholt. Í Viðarholti og víðar sjást kolagrafir. Nokkuð sunnan Heiðargirðingarinnar, suður af Grenishól er Kristínarhóll," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst hvar Viðarholt er en gera má ráð fyrir því að girðingin sem nefnd er hér í textanum að ofan sé heiðargirðingin sem liggur meðfram heiðarveginum sem liggur eftir endilangri heiðinni í austur-vestur. Viðarholt ætti því að vera í nágrenni við hana norðan megin og því um 15 km sunnan við bæ 001. Ekki var farið á staðinn.
Heimildir: Ö-Grásíða, 7

NÞ-015:036 hleðsla fjárskýli 6603.671N 1550.233V
Fjárskýli er um 100m suðvestur af Austari-Hesthól 034 og um 3,8km suðsuðvestur af bæjarhól 001. Var það notað sem fjárgeymsla að vetrum.
Fjárskýlið er í klettaborg sem er í þýfðu mólendi.
Fjárskýlið er í stórum sprungnum hraunhól, liggur sprungan norður-suður og er öll grasivaxin. Við norðurenda hennar er hleðsla en við suðurendan er hraunveggurinn það hár að hann veitir náttúrulegt aðhald. Lítil sprunga liggur frá sprungunni til vesturs og er hleðsla við þann enda líka. Hleðslan norðanmegin er 100-120cm há, um 6-7 umför, ágætlega hlaðin og um 3m á lengd. Hleðslan í litlu sprungunni til vesturs er nokkuð minni eða um 1m á hæð og 3-4 umför og um 1m á lengd. Ekkert greinilegt op er á aðhaldinu, má helst ætla að féið hafi komið inn að sunnanverðu. Aðhaldið er um 34m að lengd og um 3m á breidd.
Hættumat: engin hætta


NÞ-015:036 Horft til norðurs

Garður, Kelduneshreppi

Stærð túna: 5,8 ha
Þar af slétt: 2/5 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



NÞ-016 Garður

1712: Kirkjustaður, jarðadýrleiki óviss. JÁM, 283 Landnámsjörð. Í landnámu segir: „Skeggi Boðólfsson nam Kelduhverfi upp til Kelduness ok bjó í Miklagarði;“ ÍF I, 280-281. Einnig er minnst á Garð í Grettissögu en þar bjó þá Þórir Skeggjason. ÍF VII, 127.

1339: „Máldagi Maríukirkju í Garði í Kelduhverfi eptir máldagabók Egils Eyjólfssonar á Hólum Hun (a) allt hejmaland med reka. og öllum gögnum þeim sem gardzlandi filgia et cetera. Gardzmenn Eigu beit j birgiz land. Allz fiar. ä Sand wt.“ DI VII, 4.

Meðal Hólastólsjarða 1525 - DI IX, 294.

9.5.1558 Samningur um reka Garðs og Víkingavatns. „kom þad saman effter þvi sem aller gamler menn hielldu ad Gardsstadur ætti Skalagards hro vestur i midiann Skorning i motz vid þann holma er hejter Bringukollur. og aller visso af Vijkingavatn á þad og riettsyne ut or þeim midium Skorninge. Riettsyne ut i sio nærri rekamarke mille Vijkingavatns og Gards reka og þar vestur fra ætti Vijkingavatn allan reka itölulaust á motz vid Lon. En austur fra midium Skorninge eignade Sigurdur Vijkingavatne land austur yfer Moduoxl effter þvi sem innsiglad bref vel jc ara gamallt (sem hann þar lá las og synde).) utvijsade. og Gardsstaður ætti reka allan hvals og vidar utan vogrek austur fra midium Skorninge i mótz vid Kelldunes. skylldu og Gardsmenn eignast þar leigulida gogn og vagta sialfer rekann j sinum firrgrejndum rekaparte. þo Vijkingavatn ætti þar under land. skyllde þetta obrigdanlegt stödugt standa æfinlega utan önnur bref gomul skyrlegre syndust.“ DI XIII, 304-305. Hjáleigur 1712 voru Garðshús NÞ-016:007 og Þórólfsstaðir NÞ-016:008 í byggð. Í eyði voru Jónsfjós NÞ-
016:009, Ásmundarstaðir NÞ-016:010, Mótjörn NÞ-016:011 og Fornistekkur NÞ-016:012. JÁM, 283-286. „Árið 1828 er í landi jarðarinnar byggð hjáleigan Stórárbakki [NÞ-017:001], er fer í eyði 1892, en er byggð aftur upp og flutt úr stað 1897 og er þá nefnd Grund [NÞ-016:015], en fer svo í eyði árið 1903.“ LNÞ, 38-39.

1985: Önnur hugsanleg afbýli sem vitað er um í landi Garðs eru: Garðsheiði NÞ-016:013, Garðssel NÞ-016:016, Bláskógar NÞ-016:017, Bláskógargerði NÞ-016:018 og Selstaðir NÞ-016:019. Land og fólk, 318-322.

„Beit alls fjár á staðnum eftir máldaganum í Byrgis land á sand út,“ JÁM, 283

1985:„Árið 1913 byggði Kári Stefánsson bæ sem nefndur var Syðri-Garður og er það nú Garður II … Garður I og II eru nú jafnstórbýli og hefur landi og hlunnindum þar verið skipt nýlega.“. Land og fólk, 256. 1985:„Garður III er sá hluti jarðarinnar sem upphaflega var aðaljörðin, en sá hlutinn sem síðast byggðist nefnist nú Garður I … Í eyði frá 1953.“ Land og fólk, 318

1712: „Túninu spillir vatn allvíða í lágum , sem jetur úr rótina. Engið fordjarfar sandfok og hefur eyðilagt þarð miklu meir en til helmínga, og horfir til stærri eyðileggíngar. Það sem eftir er af enginu er mjög votunnið í hnje og mitt lær og sumstaðar nokkuð grynnra. Uthagarnir eru mjög víðlendir og nægjanlega grösugir.“ JÁM XI, 284. 1917: Tún 5,8ha, þar af 2/5 sléttað „Nyrst er sandströnd og oft er þar mikill reki. Sunnar taka við víðlendar mýrar sem ná suður að hrauninu þar sem landið tekur að hækka. Þar var aðalengið sem nú er hætt að nytja. … Heiðarlandið er stórt og vel gróið mólendi sem hækkar til suðurs.“ Land og fólk, 254.



NÞ-016:001 Horft til suð-suð-vesturs

NÞ-016:001 *Garður* bæjarhóll bústaður 6604.573N 1645.754V
Garður er um 450m sunnan við þjóðveg nr. 85 og er kirkjustaður Keldhverfinga, þar er tvíbýli en í upphafi 20. aldar var þar þríbýlt. „Garður III er sá hluti jarðarinnar sem upphaflega var aðaljörðin, en sá hlutinn sem síðast byggðist nefnist nú Garður I. Gamli bærinn í Garði stóð rétt framan við kirkjuna og var þar aðeins mjótt sund á milli. Hefur hann verið með stærstu bæjum, enda oft mannmargt þar en þar var allt jafnað við jörðu fyrir allmörgum árum," segir í Landi og fólki. Garður III eða elsti bærinn hefur verið í eyði frá 1953. Bæjarstæðið þar sem gamli bærinn stóð er núna bílaplan fyrir kirkjugesti. Það er um 20m beint vestur af kirkju (sem var byggð 1890). Eins og áður hefur komið fram tilheyrði síðasta íbúðarhúsið á gamla bæjarstæðinu Garði 3 og mun það hús sennilega hafa verið rifið um miðja 20. öld.
Slétt malarplan fyrir bíla.
Ekkert sér til minja. Bæjarhóllinn virðist hafa verið sléttaður út að miklu leyti en það má ætla að að það sem eftir er af honum sé um 50x20m að stærð og snúið norður-suður. Upphleðslan á bæjarhólnum er mjög óljós, gæti verið 50cm
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Land og fólk, 318

NÞ-016:002 kirkjugarður kirkja 6604.575N 1645.707V


NÞ-016:002 Horft til suð-austurs

Kirkjan í Garði var upphaflega byggð 1890 og var þá timburhús. Hún stendur enn inn í garði en á henni hafa verið gerðar miklar endurbætur og breytingar. Flestar þeirra áttu sér stað um miðja 20. öld en þá var kirkjan steypt að utan og við hana byggður turn.
Kirkjan er innan kirkjugarðs og er hún vestan til í honum. Í garðinum eru ómerkt leiði og er hluti af þeim upphlaðinn. Garðurinn hefur þó verið sléttaður að einhverju leyti.
Garður í Kelduhverfi (NÞ) Maríu, Jóni og Tómasi postulum/Þorláki
1318: VI. Gardz kyrkia
1318: „Kyrkia j Gardi er helgud mariu drottningu. og Jone postula oc Thomase postula. kyrkia ä allt heima land. med Reka oc aullum gognum þeim sem Gardz landi fylgia." Máld DI II 427 428.
1339: „Kyrkian j garde [er] helgud Mariu et cetera. hun [a] allt heimaland med reka. og ollum gognum þeim sem gardzlandi filgia et cetera. Gardzmennn Eigu beit j birgiz land. allz fiar. ä Sand wt. Máld DI VII, 4 [pappírsafskrift frá 1600-1620, Garðskirkjuskjöl í Þjsks]
1394: „ä allt heimaland med aullum gognum og reka [+beit]" Máld DI III 585
8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi; DI III 685
[1429]: [1] prestr; DI IV 380
5.4.1431: Jón biskup Vilhjálmsson fær Sveinbirni djákna Þórðarsyni umboð til að „sea rath firir stadh j þeim soknum gardi j kælduhuerfi ok suo ath uæita rett sæm wer sealfuer suo læingæ sæm han ser oss ok stadenum skadalaust væra ok nyttsamlight ok þa flæire sæm ovæitter ero þar ok alla adra wora pæninga sæm wer æigum j þingheyiar þinghæ ath hæimtta [etc um umboðsmanns störf];" DI IV, 446.
24.8.1431: „kirkia … non dedicata".Máld DI IV 467
1461: Máld DI V 275 276

[1461] 1 prestur DI V 359
1553: Máld DI XII 642
1579-86: Þjsks. Bps. B, III, 2, s. 3
1950: Áskirkja var lögð niður 2.10.1816 og sóknin lögð til Garðskirkju [konungsbréf], Garðsprestakall sameinað við Skinnastaði til báðabirgða 1862 og 18.11.1867 og síðan var Garðsprestakall sameinað við Skinnastaði að fullu með lögum 27.2.1880 (PP, 311). Í Frásögum af fornaldarleifum er sagt frá skírnarfati sem geymt var þá í kirkjunni í Garði í Kelduhverfi (teiknuð mynd). Nú á Þjóðminjasafni. Þjms. 8680. (b. 610-611)
Í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1916 er greint frá að altaristafla úr furu, Þjms. 6845, var í Garðskirkju í Kelduhverfi, gerð af Sveinungi Sveinungasyni málara frá Lóni (b. 44).
Kirkjan er forsgallað timburhús með skeljasandi og bárujárnsþaki og er turn á henni. Ekki er vitað til þess að kirkjan hafi verið færð til og eru elstu viðir hennar frá 1890. Í garðinum eru tvö stakket og elstu merktu leiðin eru frá því fyrir aldarmótin 1900. Umhverfis garðinn er steypt grinverk til vesturs en annar er garðurinn girtur af með girðingarneti. Engin tré eru í garðinum og ekkert leiði er merkt norðan við kirkjuna. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kirkjugarðurinn 30x30m að stærð og er hann það enn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Land og fólk 2003, 71; Frásögur um fornaldarleifar II, 610-611, Björn Halldórsson í Garði segir frá; Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1916, bls. 44.

NÞ-016:003 *Hólhús* heimild um útihús 6604.494N 1645.893V
„Þar vestur af syðra húsinu [Garði II] er Grjóthóll, suðvestur af honum voru hús, sem eru horfin og heita Hólshús," segir í örnefnaskrá. „Hólshús eru í daglegu tali nefnd Hólhús." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 160m suðsuðvestan við bæ 001 og um 140m suðaustur af útihúsi 006 og eru það líklega þau hús sem í örnefnaskrá voru nefnd Hólshús.
Á gróinni klettahæð í túni
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garður, 1; Ö-Garður ath og viðb, 1; Túnakort 1917


NÞ-016:003 Horft til suðurs

NÞ-016:004 heimild um útihús 6604.558N 1645.712V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30m sunnan við kirkju 002 og 190-200m austan við útihús 005.
Húsin hafa mögulega verið byggð upp á hól eða í dálítilli brekku sem hallar til norðurs. Uppi á hólnum er ræktaður rabbabari.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-016:005 heimild um útihús 6604.561N 1645.967V



NÞ-016:005 Horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 160m vestan við bæ 001 og um 60m norðan við útihús 006.
Húsið hefur staðið þar sem nú er sléttað tún vestan við tvo kletta.
Ekkert sér til minja nema óljós dæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



NÞ-016:006 Horft til suð-suð-vesturs


NÞ-016:006 heimild um útihús
6604.538N 1646.003V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 190m vestsuðvestan við bæ 001 og um 60m sunnan við útihús 005.
Nýrri útihúsabyggingar hafa risið þar sem eldri húsin stóðu.
Ekkert sér til minja sökum yngri bygginga sem nú hafa verið reist á sama stað
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-016:007 *Garðshús* heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Gardshus, hjáleiga. Bygð í staðarins heimatúni fyrir manna minni og er afdeild að túni alleina, en öðrum landnytjum óskift.“ Ekkert er lengur vitað hvar Í heimatúninu býlið Garðshús mun hafa staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 284


NÞ-016:008 *Þórólfsstaðir* bæjarstæði býli 6604.451N 1647.749V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Þorolfsstader, önnur hjáleiga. Bygð í úthögum vestur frá staðnum, afdeild að túni alleina, hefur stundum í eyði legið.“ „Bærinn var nokkuð suður í heiðinni æðispöl vestur frá Garði, og hefur verið marga km leið í næsta vatnsból. Þar bjó Guðmundur Guðmundsson 1712. Í eyði frá 1912.“ segir í Landi og fólki. Þórólfsstaðir eru 1,3 km sunnan þjóðvegar nr. 85 og um 1,6 km vestsuðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001. Tóftasvæðið samanstendur af tvöföldum túngarði og 9 tóftum. Samkvæmt skýrslu Sigurðar Jónssonar um eyðibýli í Kelduhverfi var byggð á Þórólfsstöðum nokkuð stopul fram til ársins 1801. Eftir það var hún nokkuð stöðug en íbúaskipti tíð þangað 1912 þegar Þórólfsstaðir leggjast endanlega í eyði. Tóftasvæðið ber þess merki, því allt bendir til þess að túngörðum þar hafi verið breytt að einhverju leiti og svo má ætla að sumar tóftir séu eldri en aðrar.
Tóftarsvæðið er í halla til austurs, landið rís nokkuð þar sem aðaltóftasvæðið er.
Umhverfis allt tóftarsvæðið eru tveir túngarðar sem samtals afmarka svæði sem er um 230x140m að stærð og snýr norður-suður. Að neðan er lýsing á átta tóftunum, einu gerði og tveim túngörðunum, er hverri einingu gefinn bókstafur til aðgreiningar. Bæjarhóll A er miðsvæðis innan túngarðanna tveggja og er tóft á honum. Hóllinn er í túni sem er mjög grösugt en ekki lengur

NÞ-016:008 Þórólfsstaðir





NÞ-016:008A Horft til norð-vesturs



NÞ-016:008A


brúkað og hallar landið lítið eitt til norðurs. Bæjartóftin er 18x14m að stærð og snýr norður-suður og skiptist í 8 hólf. Hleðsluhæð veggja er um 50cm en þykkt þeirra er 1-2m. Syðst er hólf I sem er 6x4m að innanmáli, á því er engin hlið til austurs og hefur sennilega verið trégafl þar. Norðan við hólf I eru 4 minni hólf, er eitt þeirra, hólf V langt og mjótt en hin 3 umhverfis það til suðurs vesturs og norðurs. Kannski hefur hólf V sem er 5x1m að innanmáli og snýr vestur-austur verið bæjargöng. Hólfin umhverfis eru öll svipuð að stærð. Hólf II er sunnan við hólf V, það er 2x4m að innanmáli og snýr norður-suður, er op á því fyrir miðjum norðurgafli og liggur það op að hólfi V. Hólf III sem er 2x2,5m að innanmáli, er norðan við hólf V og er einnig op á milli þeirra. Hólf IV er norðan við hólf V, um 9x9m að innanmáli, ekki var hægt að greina neitt op á því. Austan við þessi hólf eru tvö hólf sem snúa bæði norður-suður. Syðra hólfið, hólf VI, er 4x2m að innanmáli en hólf VII er 6x2m að innanmáli og er op á því syðst á austurhlið. Grjóthleðslur sjást í veggjum á nokkrum stöðum en annars er tóftin svo til á kafi í grasi. Tóftin er á hól sem sem með réttu mætti nefna bæjarhól enda virðist hann upphlaðinn og gæti upphleðslan verið um 50cm.

Innri túngarðurinn B afmarkar svæði sem er 135 x 90 m að stærð og snýr norður-suður. Garðlagið er um 1m á hæð þar sem það er hæst og er trapisu-laga, um 40cm að breidd efst en um 1m að breidd neðst. Innan þessa túngarðs eru 3 garðlög sem afmarka misstór svæði. Það fyrsta I er í norðausturhorninu og tengist norðurhlið og austurhlið túngarðsins, afmarkar það svæði sem er um 50 x 50 m að stærð. Garðlag II liggur samsíða austurhlið innri túngarðsins, eru um 6m á milli þeirra og afmarkar það svæði sem er 60 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Garðlag III er í suðausturhorninu og tengist suður og austur hliðum túngarðsins, afmarkar það svæði sem er 30 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Innri túngarðurinn virðist vera yngri en ytri túngarðurinn K, hann er allur grasivaxinn og ekki eins siginn og sá ytri. Tóft C er 60m suðvestan við bæjartóft A og innan innri vallargarðs B og er hún á mörkum grösugs túns og þýfðs móa. Áfast tóftinni sem er 15x5m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur er gerði sem er 9x9m að utanmáli. Samanlagt




NÞ-016:008C Horft til norð-austurs

er öll tóftin því 23x9m að stærð. Veggjaþykkt er um 120 cm og hæð um 1m og greina má grjóthleðslur í suðurhlið tóftarinnar. Tóftin hefur sennilega verið fjárhús og hlaða og skiptist hún í 3 hólf. Við norðurgaflinn er lítið hólf sem er 1x2m að innanmáli, ekki er hægt að sjá neitt op á því. Suðsuðvestan við þetta hólf er annað hólf sem er 3x2m að innanmáli og syðst er svo þriðja hólfið sem er 7x3m að innanmáli. Tvö op eru á syðsta hólfinu, það fyrra er fyrir miðjum norðausturgafli og liggur að miðhólfinu en hitt er syðst á austurhlið. Eftir þessu hólfi liggur garði sem er um 6x1m að stærð og er hann alveg upp við opið sem er á milli hólfanna. Tvær áberandi dældir eru austan megin við tóftina og alveg þétt upp við hana. Er önnur beint framan við opið á syðsta hólfinu en hin lítið eitt norðar, um 1 m er á milli þeirra. Gerðið sem áður var nefnt og sem er áfast tóftinni er ágætlega greinilegt. Það er 7x6m að innanmáli og hefur tvö op til austsuðausturs við sitt hvorn enda. Lítið hólf virðist síðan vera í norðurhlið gerðisins. Það er um 3x1m að innanmáli en ekkert op sést á því. Tóft D er innan innri túngarðs B, um 30m suðvestan við bæjartóft A og um 30m vestan við tóft E. Tóftin er á mörkum grösugs túns og þýfðs móa og hallar landið til norðausturs. Hún er 16x6m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð veggja er um 30 cm. Tóftin sem er tvískipt er nokkuð óregluleg í laginu og eru ytri mörk hennar frekar óljós. Við norðurendann tóftar er óljós upphækkun og lítið veggbrot sem gæti gefið til kynna þriðja hólfið en það er þó frekar óljóst. Syðra hólfið er 4x4m að innanmáli en það nyrðra 3x3m. Tóftin er öll grasi vaxin, ekki sjást neinar grjóthleðslur í henni og er ekkert rof. Tóftin hefur að öllum líkindum verið e.k. útihús.



NÞ-016:008C



NÞ-016:008D


Tóft E er 15-20m sunnan við bæjartóft A og um 30m austan við tóft D. Hún er innan innri túngarðs B og er í grösugu landi sem hallar til austurs. Hún er 10x5m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt,er vestara hólfið er 3x1m að innanmáli en það eystra 3x6m að innanmáli. Botn eystra hólfsins hallar til austurs og er hæð að innri brún veggja þar um 1m. Þykkt veggja er um 50cm, er ytra byrði veggja að sunnan frekar óljóst og ekki sáust neinar grjóthleðslur. Tóftin er sennilegast af fjósi og hlöðu.


NÞ-016:008D Horft til vesturs

Tóft F er um 50m vestnorðvestan við bæjartóft A og um 40m norður af tóft J. Hún er fast




NÞ-016:008E Horft til vesturs



NÞ-016:008E




NÞ-016:008F Horft til vesturs



NÞ-016:008F



NÞ-016:008G Horft til vesturs



NÞ-016:008G

utan við ytri túngarð B sem liggur upp að hlið hennar frá norðvestri. Tóftin er á frekar stórum hól sem virðist vera náttúrulegur og er hann í grösugu landi. Tóftin er 8x6m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru um 80cm á hæð og um 120cm á breidd, ekki sjást grjóthleðslur í þeim. Tóftin er tvískipt og eru bæði hólfin um 2x4m að innanmáli. Bæði hólfin eru opin til norðurs, þ.e. hafa engan norðurgafl svo að sennilega hefur verið timburgafl á tóftinni. Hún hefur verið e.k. útihús. Tóft G er um 110m norðaustan við bæjartóft A og er áföst ytri túngarðinum K utanverðum. Það er 11x6m að stærð snýr norðvestur-suðaustur. Hæð veggja er um 50cm og þykkt þeirra um 60cm að undanskyldum túngarðsveggnum sem er um 1m að þykkt, ekki sjást grjót-



NÞ-016:008H




NÞ-016:008H Horft til norðurs



NÞ-016:008I Horft til norð-vesturs

hleðslur í veggjum. Tóftin er tvískipt, er hólfið að norðvestan 3x3m að innanmáli og er op á því á útvegg í austurhorni. Hitt hólfið er 5x4m að innanmáli og eru tvö op á því, annað til norðausturs yfir í fyrrnefnda hólfið en hitt til suðausturs. Tóftin er öll vaxin lyngi eins og ytri túngarðurinn K sem hún er byggð við og virðist vera eldri en aðrar tóftir á svæðinu.

Tóft H er 65-70m austnorðaustan við bæjartóft A og er áföst ytri túngarðinum K og er hún í stórþýfðum lyngvöxnum móa. Tóftin er 5x4m að stærð og snýr norður-suður. Hún er áföst tveim garðlögum, annars vegar ytri túngarðinum K innanverðum og hins vegar garðlagi sem liggur á milli ytri og innri túngarðsins B. Hleðsluhæð veggja er um 30 cm og þykkt þeirra um 1m, ekki sjást grjóthleðslur í veggjum. Einhverjar breytingar hafa sennilega átt sér stað á túngörðunum á þessum stað. Tóftin virðist yngri en ytri túngarðurinn sem hún er byggð við því gróðurfarsbreyting er á ytri túngarðinum hjá tóftinni. Hugsanlega hefur verið hlið á ytri túngarðinum K þarna því um 2m breitt op er á honum norðan við tóftina.




NÞ:016-008I

Tóft I er um 150m suðvestan við bæjartóft A og er rétt innan við ytri túngarðinn K, er hún í lyngvöxnum stórþýfðum móa. Tóftin er 7x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðsluhæð veggja er um 60cm og veggjaþykkt er um 40 cm. Veggir eru grasivaxnir en það er þó farið að bera á lyngi bæði í botni tóftar og veggjum, ekki sjést í grjóthleðslur. Tóftin hefur enga suðurhlið sem gæti bent til þess að hún hafi verið úr timbri. Hún hefur verið e.k. útihús.

Tóft J er um 50m vestsuðvestan við bæjartóft A og liggur innri túngarðinn B þvert á hana.



NÞ-016:008J Horft til suð-austurs



NÞ-016:008J

Tóftin er í grösugu landi en austan við hana er stór-þýfður móí. Hún er 12x8m að stærð og snýr norð-vestur-suðaustur. Vegghleðslur eru 160cm á hæð og um 2m á þykkt. Víða má sjá grjóthleðslur í veggjum og er suðurveggur hennar best varðveittur. Tóftin sem er sögð hafa verið lambhús er tvískipt, fjárhús og hlaða. Innri túngarður B liggur að tóft-inni beggja vegna, að norðan og sunnan. Sjálf fjárhúsin eru 5x4m að innanmáli og liggur garði eftir þeim endilöngum sem er 4m langur á áfastur norðvesturgaflinum. Op er á fjárhúsunum til suðausturs á miðjum vegg. Hlaðan er norðvestan við fjárhúsin og er hún 2x4m að innanmáli, er óljóst op á henni yfir í fjárhúsin fyrir ofan garðann.

Ytri túngarðurinn K afmarkar svæði sem er 180 x 160 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli ytri túngarðsins og þess innra B eru 4 garðlög sem tengja þessa tvo túngarða. Tvö þeirra, IV og V tengja saman norðurhliðar túngarðanna, það þriðja VI liggur á milli austurhliða túngarð-anna og það fjórða tengir saman suðurhliðar túngarðanna. Þrjú garðlög til viðbótar tengjast svo ytri túngarðinum að utanverðu og mynda við það nokkuð stór gerði. Fyrst þeirra er garðlag VIII liggur það við utanverða norður-hlið ytri túngarðsins og afmarkar svæði sem er 40 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlag IX tengist utanverðum ytri túngarð-inum að sunnanverðu og afmarkar svæði sem er 100 x 50 m að stærð, snýr það austur-vest-ur. Svo virðist sem þetta garðlag hafi verið rofið og tóft I byggð í þar. Milli garðlags IX og ytri túngarðs K er garðlag X, og virðist sem það hafi skipt svæðinu sem síðast var lýst í tvö hólf. Garðlögin sem hér hafa verið lýst eru öll látin tilheyra ytri túngarðinum er frekar greinilegur þó að hann sé nokkuð siginn og lyngi vaxinn. Hann er greinilegastur að austan og þar virðist hann vera tvöfaldur. Annars er hann um 70 cm á hæð og um 1m á breidd. Hann virðist eldri en innri túngarðurinn B sökum þess að hann er talsvert meira vaxin lyngi. Svo virðist þó sem honum hafi verið breytt sumstaðar og hann endurbættur. Tóft J virðist vera byggð í gegnum túngarðinn síðar og einnig tóft I. Hluta af endurbótum á túngarði má greina í gróðurfarsbreytingum á honum.



NÞ-016:008 Ytri túngarður Horft til suð-suð-vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM XI, 284; Land og fólk, 318; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli.





NÞ-016:008 Þórólfsstaðir séðir úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson

NÞ-016:009 *Jónsfjós* heimild um býli 6604.535N 1645.644V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Ionsfios heitir hjáleigunefna við heimatúnið, sem hefur í eyði legið í næstu 40 ár. Bygð þar fyrir um lítinn tíma en hvörki áður nje síðan. … Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“ Staðsetning Jónsfjós er mjög óljós en það er þó talið hafa verið hafa verið suðaustan við kirkju, rétt utan túns. Þá má ætla að það hafi staðið rétt suðaustan og utan við túngarðinn. Nú er hins vegar búið að slétta bæði garð og býlisleifar og ekki sér til þeirra lengur.
Slétt tún sem einkennist af nokkrum klettum sem rísa úr sverðinum.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 285

NÞ-016:010 *Ásmundarstaðir* tóftaþyrping býli 6605.322N 1645.652V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Asmundarstader, önnur eyðihjáleiga. Bygð í staðarins landi skamt út frá heimatúninu hjer um fyrir 60 árum en hefur í eyði legið undir 20 ár afdeild einasta að litlu túni í kringum hjáleiguna … Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja fyrir heyskaparleysi, síðan sá mikli sandfoksskaði hefur fordjarfað staðarengið, og umgángur sá og skaði sem Jökulsá gjörði í því mikla hlaupi fyrir vel 20 árum, hvað alt saman hefur orsakað eyðileggíng þessra hjáleigna.“ „Vestan við Litlá, um 2 km norður frá Garði, svo svonefnda Kíla,“ segir í Landi og fólki. Ásmundarstaðir er lítið tóftarsvæði um 850m norðan við þjóðveg nr. 85 og um 1,4 km frá gamla bænum í Garði 001. Það er einnig um 250m norðvestan við Fornastekk 012 og um 500m norðvestan við Mótjörn 011.
Tóftirnar eru í frekar flötum en þýfðum móa.

NÞ-016:010 Ásmundarstaðir





NÞ-016:010A




NÞ-016:010A Horft til suð-suð-austurs



NÞ-016:010B Horft til norð-austurs

Ásmundarstaðir er tóftarsvæði sem samanstendur af 5 tóftum, er það 150 x 60 m að að stærð og snýr vestur-austur, ekki var neinn túngarður sýnilegur umhvefis tóftirnar. Í lýsingunni hér á eftir er hverri tóft gefin bókstafur frá A til E til aðgreiningar.




NÞ-016:010B

Sjálf bæjartóftin, A, er um 1,4 km norðan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 25m sunnan við tóft C. Tóftin sem er í þýfðum móa er 24x17m að stærð, snýr norðnorðvestur- suðsuðaustur og skiptist í 9 hólf. Syðst er hólf I sem er 3x3m að innanmáli og stendur hærra en aðrir hlutar tóftarinnar. Norðan við hólf I er hólf IV, II og III. Hólf IV er 6x5m að innanmáli og er op á því til vesturs, nyrst á vesturvegg. Hólf II er austan við hólf IV. Það er það 4x6m að innanmáli og op er á því í suðausturhorni yfir í hólf III sem er 2x2m að innanmáli. Öll snúa hólfin í norðnorðvestur-suðsuðaustur. Norðan við hólf IV og II er hólf V sem líklega eru sjálf bæjargöngin. Þau liggja í gegnum alla tóftina frá vestri til austurs. Op er við báða enda en einnig virðist hafa verið innangengt úr göngunum í öll þau fjögur hólf sem eru norðan við ganginn. Vestast af þessum hólfum er hólf VI, það er 6x2m að innanmáli. Austan við það er hólf VII sem er 2x2m að innanmáli og er op á milli hólfa VI og VII. Austan við hólf VII er hólf VIII sem er 3x1m að innanmáli. Allra austast er svo hólf IX sem er 3x3m að innanmáli og er greinilegt op á milli hólfa VIII og IX. Ekki sjást grjóthleðslur í veggjum sem eru um 1-3 m á breidd og um 80cm á hæð. Gryfja B er tæpa 40m norðvestan við bæjartóft A og um 5m vestan við tóft C og er hún í flötum en þýfðum móa. Gryfjan hefur svo til ekkert ytra byrði og er því nærri alveg niðurgrafin. Hún er 150x150cm að stærð og um 60cm djúp. Gryfjan er ferhyrnd og eru veggir hennar frekar skarpir. Mögulega var hér eingöngu rist torf en svo gæti þetta einnig hafa verið heygryfja.

Tóft C er tæpa 40m norðvestan við bæjartóft A og um 5m austan við gryfju B og er hún í þýfðum en frekar flötum móa. Tóftin er 6x5m að stærð, tvískipt og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Nyrðra hólfið er 3x2m að innanmáli en það syðra 3x1m. Op er á milli hólfa við vesturvegg. Annað op er á miðjum suðurvegg tóftar. Vegghleðslur eru um 1 m á breidd og um 30 cm á hæð.



NÞ-016:010C Horft til suð-austurs



NÞ-016:010C

Tóft D sást á loftmynd og er 70-80m norðaustan við tóft A og um 50m vestnorðvestan við tóft E. Tóft E sást á loftmynd og er um 110m austan við tóft A og um 50m austsuðaustan við tóft D.
Ekkert benti til annars en að tóftirnar væru frá sama eða svipuðum tíma þó að erfitt sé að dæma um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 285-286; Land og fólk, 322; Ö-Garður, Austurgarðir og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:011 *Mótjörn* þúst býli 6605.104N 1645.293V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „3. eyðihjáleiga skamt frá hinni [Ásmundarstöðum 010]. Um byggíng hennar og eyðileggíng er alt hið sama að skrifa og Ásmunda(r)staði. … en tún var hjer ekkert. … Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja fyrir heyskaparleysi, síðan sá mikli sandfoksskaði hefur fordjarfað staðarengið, og umgángur sá og skaði sem Jökulsá gjörði í því mikla hlaupi fyrir vel 20 árum, hvað alt saman hefur orsakað eyðileggíng þessra hjáleigna.“ Mótjörn er 1,1 km norðnorðaustan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, um 500m suðaustan við Ásmundarstaði 010 og um 170m norðaustnan við Mótjarnarstekk 022.



NÞ-016:011 Horft til vesturs


Í sléttu, afgirtu túni sem er notað fyrir hrossabeit.
Aðeins sést þúst á þessum stað og er hún 17x8m að stærð og um 1m á hæð. Ekki er um eiginlega tóft að ræða þar sem ekki sér til neinna hólfa. Hóllinn er áberandi grösugur og liggur hryggur eftir honum endilöngum. Hóllinn snýr norður-suður. Hann er nokkuð rofinn og í hættu af þeim sökum. Ekki sjást aðrar tóftir umhverfis.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM XI, 285-286

NÞ-016:012 *Fornistekkur* tóftir+garðlag býli 6605.222N 1645.424V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „4 eyðihjáleiga. Bygð litlu fyrri en hinar tvær [Ásmundarstaðir 010 og Mótjörn 011] skamt út frá þeim og eyðilagðist hjer um fyrir 30 árum. … Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja fyrir heyskaparleysi, síðan sá mikli sandfoksskaði hefur fordjarfað staðarengið, og umgángur sá og skaði sem Jökulsá gjörði í því mikla hlaupi fyrir vel 20 árum, hvað alt saman hefur orsakað eyðileggíng þessra hjáleigna.“ „Á vesturbakka Litlár, skammt suðaustur af Ásmundarstöðum [010],“ Segir í Landi og fólki. Fornistekkur er um 750m norðan þjóðvegar



NÞ-016:012A Horft til aust-norð-austurs


NÞ-016:012 Fornistekkur



nr. 85 og um 1,2 km norðnorðaustan við gamla bæjarstæðið í Garði 001. Hann er um 240m norðvestan við Mótjörn 011 og 250m suðsuðaustan við Ásmundarstaði 010.
Slétt tún sem einkennist af nokkrum hraunhæðum sem rísa úr sverðinum.
Fornistekkur er lítið og frekar óljóst tóftasvæði sem er um 80x80m að stærð. Það samanstendur af tveimur þústum og óljósum leifum af túngarði. Allar hafa þessar leifar verið sléttaðar eða eru orðnar mjög óljósar. Bæjarhóllinn á Fornastekk A er lágur hóll sem er um 15x15m að stærð. Hann er þó ekki sérlega grösugur en er í freka sléttu túni. Ekki sér til neinna tófta á hólnum og er sennilega búið að slétta úr þeim fyrir löngu. Leifar túngarðs B sem legið hefur umhverfis túnið á Fornastekk sjást óljóst um 80m suðvestan við bæjarhólinn 001. Þetta er mjög óljós garður sem ekki var hægt að rekja nema að litlum hluta (í um 80m). Gata liggur nú eftir öllum garðinum og klýfur hann en síðan hverfur hann í sléttað tún. Rústahóll C er í túninu um 60m suðvestan við A og um 20 austan við túngarð B. Á hól-



NÞ-016:012C Horft til suð-suð-austurs



NÞ-016:012C


bungunni er að finna mjög blásnar leifar af tóft sem er um 9x6m að stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Vegghleðslur eru vart meira en 30cm á breidd og um 20cm á hæð. Tóftin er tvískipt, er syðra hólfið 4x2m að innanmáli og snýr vestsuðvestur-austnorðaustur en nyrðra hólfið er 4x3m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki sjást nein greinileg op á tóftinni sem er öll vaxin mosa og grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 285-286; Land og fólk, 318; Ö-Garður, Austurgarðir og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:013 *Garðsheiði* heimild um býli
„Óvíst um staðsetningu en líklegt sem mannabústaður því að 1816 búa í Miðhvammi í S.-Þing. hjónin Jón Jónsson 36 ára og Helga Jónsdóttir 35 ára og sonur þeirra Jónatan 9 ára, sagður fæddur í Garðsheiði í Kelduhverfi," segir í Landi og fólki. Ekkert býli með nafninu Garðsheiði er þekkt í Kelduhverfi og ósennilegt verður það að teljast að öll vitneska hafi algjörlega glatast um býlið sem samkvæmt Landi og fólki var í ábúð 1807. Mun líklegra er að hér sé átt við eitt þeirra litlu býla sem eru í Garðheiðinni (sjá fornleifar 008, 016, 017, 018, 019 og 050), og er líklegast átt við Þórólfsstaði 008. Ástæðan er einfaldlega sú að það býli var í byggð alla 19. öldina og þar voru einnig mjög tíð ábúendaskipti.
Heimildir: Land og fólk, 318

NÞ-016:014 *Fjósið* tóft fjós 6606.535N 1646.787V




NÞ-016:014 Horft til suðurs



NÞ-016:014

„Á Guðmundarhrói byggði Bogi Stefánsson fjós og hafði þar kýr í eitt sumar, á meðan hann heyjaði á engjunum. Síðan er Guðmundarhró nefnt Fjósið." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. „Suður af Kílnum eru stararengjar, sem nefnast Beinhrósmýrar, en stærsta hróið heitir Beinhró. Suður af Beinhrósmýrum er Þórólfsstaðamýri, og norðan hennar er Guðmundarhró. Kennt við Guðmund Pálsson b. Þórólfsstöðum," segir í örnefnaskrá. Fjósið er um 3,7km norðnorðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 900-1km vestsuðvestan við Stórárbakka 017:001. Tóftin er 30m suðvestan við heystæði 051.
Í flötu mýrlendi.
Tóftin er 12x11m að stærð og snýr vestur-austur, er hún svo til alveg ferhyrnd. Veggir eru frekar signir og er veggjaþykkt nokkuð misjöfn eða 1-3m. Veggir eru mest um 30cm. Tóftin er einföld og er 8x8m að innanmáli. Op á suðurvegg nálægt suðausturhorni. Í botni hennar er gras en meiri lynggróður í veggjum. Tóftin er örlítið niðurgrafin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, 2; Ö-Garður ath og viðb, 1



NÞ-016:015 *Grund* tóftir býli
6607.015N 1645.421V



NÞ-016:015A Horft til austurs

„Á Bakka Stórár móti Nýjabæ er eyðibýlið Bakkakot [NÞ-017], og nokkurn spöl frá ánni aðeins norðar er nýbýlið Grund, nú í eyði," segir í örnefnaskrá. „Þetta býli er byggt í landi Bakkakots en bærinn var nokkru norðar en sá gamli var. Þarna var aðeins búið í 6 ár svo vitað sé," segir í Landi og fólki. Í skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði segir: „Byggt á landi Bakkakots [Stórárbakka NÞ-017] 1897, eftir að það býli fór í eyði. Stóð það um 600m norðar en gamla býlið [NÞ-017:001] og mun fjær ánni. Öll hús hafa verið byggð úr torfi, og hafa bæjarhús og útihús líklega verið sambyggð, eða með mjög stuttu millibili. Rústirnar nú aðeins einn grasigróinn hóll 12x20m að stærð. Ekkert tún hefur verið við býlið og engir garðar eru þar. Bóndi hefur eflaust notað engjar þær, sem Bakkakot hafði áður og slegið túnið þar. Þarna var aðeins búið í sex ár." Grund er vestan Stórár, 4,5km norðan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 650-700m norðan við Stórárbakka NÞ-017:001 og 550-600m norðvestan Nýjabæjar NÞ-021:001 sem er austan Stórár.

Tóftin er í sléttu, grösugu landi en víð eru þó komnir Víðibuskar í það.

Grund er tóftarsvæði sem er 30 x 30 m að stærð og saman stendur af bæjarhóll A og útihúsi B. Bæjarhóllinn er 22x28m að stærð og snýr norður-suður. Allar vegghleðslur eru frekar ógreinilegar og mótar bara aðeins fyrir þeim sem litlum ávölum bungum og svo dældir á milli þeirra. Tóftin er þrískipt, stærst er hólf I sem er 8x7m að innanmáli. Vegna þess hve stórt hólfið er og sökum þess að engin hólfaskipting sést í því má ætla að á hólnum hafa staðið timburbygging.

Norðvestan við hólf I er hólf II sem er 5x5m að innamáli, veggir þess eru skýrir og virðist þetta hús mögulega hafa verið byggt úr torfi. Þriðja hólfið, hólf III er norðan við hólf II, það er 2x3m að innanmáli og er enginn vesturveggur greinanlegur á því. Vestan við Hólf I í hólbrekkunni og sambyggt hólfi I er ferhyrnt garðlag sem væntanlega hefur verið matjurtagarður, er hann um 6x9m að innanmáli. Op hefur verið á vesturvegg hans fyrir miðju. Bæjarhóllinn sem er um 150cm á hæð, iðagrænn og sker sig úr umhverfi sínu, eru hliðar hans frekar brattar.
Eitt útihús B er þétt upp við norðaustur mörk hólsins. Tóftin er mjög óljós og 9x5m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er einföld, um 4x3m að innanmáli og eru vegghleðslur um 20 cm á hæð.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Garður, 2; Land og fólk, 319; Skýrsla Sigurða Jónssonar í Garði um eyðibýli.

NÞ-016:016 *Garðssel*
tóftir+garðlag sel
6603.999N 1646.079V

„En sunnan við túnið eru sandabrot sem heita Mókerlingar. Þar sunnar eru svo Garðssel. Suður af Garðsseli er Borgarás, og sunnan hans er Hraunstakkaborgin," segir í örnefnaskrá. „Garðssel. Um 2-3 km suður frá Garði," segir í Land og fólki. Garðssel er 1,1km suðsuðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 600m vestan við Nónhæðarsel 043. Mógryfja er innan túngarðs í Garðsseli en þar sem það þykir nokkuð ljóst að hún hafi ekki tengst býlinu þú fær hún sér númer 029 en aðrar fornleifar innan túns eru skráðar hér undir einu númeri.

NÞ-016:016 Garðssel



Í stórþýfðum lyngi vöxnum móa sem einkennist af klettahæðum og hraunsprungum.
Garðssel er tóftarsvæði sem samanstendur af tveimur tóftum og túngarði sem afmarkar svæði sem er 150x170m að stærð og snýr norður-suður. Hér verður hverri fornleif gefinn bókstafur til aðgreiningar.
Bæjarstæði A er miðsvæðis innan túngarðs B um 50m norðnorðvestan við tóft C. Það er í stórþýfðum lyngi vöxnum móa og er sjálf bæjartóftin á kafi í lynggróðri. Tóftin er um 30x10m að stærð, tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Innri brún veggja er skýrari en sú ytri og hefur hún líklega verið eitthvað niðurgrafin, annars er stórþýft umhverfis hana. Veggir tóftarinnar eru mjög þykkir og voldugir en þeir eru allt að 4m að þykkt og um 1m á hæð. Upphaflega kann tóftin hafa




NÞ-016:016A Horft til norð-vesturs



NÞ-016:016B Horft til suðurs




NÞ-016:016C Horft til norð-norð-austurs



NÞ-016:016A

verið einföld eða um 20x10m að stærð og 17x3m að innanmáli og að seinna hafi verið byggt við norðvesturendann á henni. Er viðbyggingin þá 10x8m að stærð og 8x3m að innanmáli. Greinilegt op er á stærra hólfinu sem norðaustan megin en syðsti hluti þess er mjög óljós og þýfður. Minna hólfið sem er norðvestan við það fyrrnefnda hefur frekar óljóst ytrabyrði og var ekki hægt að sjá neitt greinilegt op á því. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í þessari tóft og ekki var hægt að greina áberandi uppsöfnun undir henni. Túngarður B liggur umhverfis tóftir A og C og afmarkar svæði sem er 150x170m að stærð. Hann liggur um stórþýfðan móa sem einkennist að litlum hraunhæðum og hraunsprungum og liggur hann á milli áberandi klettahæða umhverfis túnið á Garðsseli. Þar sem hann er greinilegastur má sjá hleðslan er tvöföld og er bilið á milli hleðslanna 30-40 cm. Virðist sem innri hleðslan sé aðeins stæðilegri en sú ytri. Báðar hleðslurnar eru um 2m á breidd og um 60cm á hæð, þó ytra garðlagið sé ívíð signara og meira komið í þúfur. Norðvesturhlið túngarðsins er ógreinilegust. Tóft C er sunnarlega innan túngarðs B, um 50m suðsuðaustan við tóft A, í stórþýfðum lyngi vöxnum móa. Tóftin er 18x6m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innri brún veggja er mun skýrara en ytra brún svo að gera má ráð fyrir að hún sé að mestum hluta niðurgrafin. Tóftin er í halla og er sá endi hólfanna sem snýr upp í landið ívið dýpri en hinn endinn. Tóftin skiptist í þrjú hólf I, II og III. Hólf I er 5x4m að innanmáli, er alveg niðurgrafið og um 60cm að dýpt. Austan við hólf I er hólf II sem er




NÞ-016:016C


4x2m að innanmáli og norðaustan við hólf II er hólf III sem er einnig 4x2m að innanmáli. Hvergi sér í grjóthleðslur og er hún öll grasi vaxin. Allt virðist benda til þess að tóftir og túngarður hafi verið í notkun á sama tíma en ekki er víst að hér hafi verið búið þar sem tóftirnar eru líkari skepnuhúsum en vistarverum manna. Gryfja D er innan túngarðs B, nánar tiltekið um 45m suðsuðvestan við tóft A, um 40m vestan við tóft C. Gryfjan er ferhynd og um 14x6m að stærð og snýr norður-suður. Botn hennar er frekar sléttur og dýpt um 70-80cm. Hér hefur mögulega verið rist torf. Hún er þó kannski mögulega full djúp til þess að vera eftir torfristu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, 5; Land og fólk, 322

NÞ-016:017 *Bláskógar* tóftir+garðlag býli
6559.543N 1646.421V
Í máldaga Garðskirkju frá 1553 kemur fram að kirkjan á þá heimaland eyðibýlisins Bláskóga: „Kirk[i]an i Garde er helgud gude. prestskylld. hun a allt heimaland. ij eydekot Blaskoga. og Austurgarða.“ „Bláskógar: Eyðibýli um 10 km suður frá Laufási, rétt norðan við og norðan í svokölluðum Dunareykjahálsi. Allt er þetta í nokkrum halla mót norðri og klettar og hólar í svæðinu,“ segir í eyðibýlaskýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði. „Bláskógar. Norðan undir Dunureykjahálsi, langt sunnan við Garð,“ segir í Land og fólki. Bláskógar er tóftarsvæði um 9,5km sunnan við gamla bæjarstæðið í Garði 001. Vegur sem liggur að norðan frá Austurgarði suður á Heiðarveg (sem liggur eftir endilangri heiðinni) fer í gegnum ytri túngarðin á Bláskógum og meðfram innri túngarðinum á kafla. Annar vegarslóði, reiðvegur sem nefndur er Bláskógarvegur og liggur norður að Undirvegg (liggur austsuðaustur-vestnorðvestur á þessum slóðum) sker einnig ytri túngarðinn. Við Bláskóga eru tvö önnur tóftasvæði sem eru girt af með túngarði en þegar talað er um Bláskóga er alltaf átt við stærsta tóftasvæðið, hin minni eru beggja vegna þess að austan (018) og vestan (050).
Landið er kjarrivaxið og hæðótt, hallar það til norðurs.
Í Bláskógum sjást þrjár tóftir, ein þúst og tveir túngarðar og er hverri fornleif hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Ytri (og stærri) túngarðurinn afmarkar svæði sem er 550x320m að stærð.
Tóft A er líklega bæjartóftin. Hún er vestarlega innan innri túngarðs og um 40m austur af Heiðarvegi. Tóftin er 60-70m vestnorðvestan við tóft C. Hún er á svolítilli hæð í landi sem hækkar til suðurs en gott úsýni er til norðurs Tóftin er 25x10m að stærð og snýr austsuðaustur-vestnorðvestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Veggir eru um 2m að þykkt og um 40cm á hæð. Innri brún þeirra er greinilegri en sú ytri og hefur tóftin verið niðurgrafin að hluta. Vegghleðslur eru mjög signar og ávalar og alveg á kafi í kjarrgróðri. Vestast er hólf I sem er 4x3m að innanmáli og snýr svo til í norður-suður. Austan við hólf I er hólf II sem er 5x4m að innanmáli og snýr svo til í austur-vestur.


NÞ-016:017A Horft til aust-suð-austurs

NÞ-016:017 Bláskógar






NÞ-016:017A

Hólf III er austan við hólf II og er það 4x4m að innanmáli en austast er svo hólf IV sem er 6x3m að innanmáli. Á hólfi IV er engin norðurhlið. Op er á milli hólfa II og III og annað milli III og IV og svo er eitt op á hólfi I fyrir miðjum norðausturgaflinum. Tóftin er öll á kafi í kjarrgróðri og ekki sér í neinar grjóthleðslur og ekki er hægt að segja neitt til um uppsöfnun.

Túngarður B liggur umhverfis tóftasvæðið og er túngarðurinn tvöfaldur, afmarkar innri túngarðurinn svæði sem er 180x250m að stærð en sá ytri afmarkar svæði sem er 550x320m að stærð. Innri túngarðurinn er lítið eitt egglaga og snýr í vestur-austur, eru allar tóftir innan hans. Ytri túngarðurinn er mun stærri og snýr norður-suður, er innri túngarðurinn í norður hluta hans. Tveir vegir liggja í gegnum ytri túngarðinn á Bláskógum, sá fyrri er Bláskógarvegur 063 en hinn er heiðarvegur sem liggur frá Austurgarði og upp á þverveginn lsem liggur eftir endilangri heiðinni. Bláskógarvegur iggur á tveimur stöðum í gegnum ytri túngarðinn, fyrst í norðausturhorninu og svo norðarlega á vesturhlið hans. Hinn heiðarvegurinn fer einnig á tveimur stöðum í gegnum ytri túngarðinn. Fyrst í gegnum norðurhlið hans og svo í gegnum miðja vesturhlið hans. Túngarðarnir eru í kjarrvöxnu landi sem hallar til norðurs. Innri túngarðurinn er um 120cm á hæð og um 1m á breidd og er nokkuð jafn neðst sem efst. Ytri túngarðurinn er lítið eitt lægri um 80cm og breiðari og er nær því að vera um 2m á breidd. Sá ytri er aðeins signari en sá innri en þeir eru samt frekar líkir að sjá. Erfitt er að rekja garðana á köflum sökum trjágróðurs.


Tóft C er af e.k. útihúsi, hún er 60-70m austsuðaustan við tóft A og um 15m sunnan við tóft D. Hún er á lítilli hæðarbungu en annars hallar land til norðurs. Tóftin er 19x5m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Syðsta hólfið, hólf I er 2x3m að innanmáli og snýr svo til í vestur-austur. Hólf II er norðan við hólf I og er það 8x3m að innanmáli og snýr í svo til í norður-suður. Hólf III er nyrst, 3x3m að innanmáli. Ekki var hægt að greina nein op á tóftinni né á



NÞ-016:017C



NÞ-016:017C Horft til norð-norð-austurs



NÞ-016:017D



NÞ-016:017D Horft til norðurs

milli hólfa. Veggir eru um 50 cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin er á kafi í kjarrgróðri og þá sér í lagi botn hennar en meira gras vex á veggjunum. Ekki verður betur séð en að grafið hafi verið í tóftina og er sá skurður mikið til gróinn. Ekki sjást neinar grjóthleðslur.

Tóft D hefur líklega verið e.k. skepnuhús. Hún er 50-60m austan við tóft A og um 15m norðan við tóft C. Tóftin er á kafi í fjalldrapa og gulvíði. Tóftin er einföld, 6x6m að stærð og op er á suðurvegg hennar. Veggir eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð, eru hleðslur signar og ávalar. Tóftin er á kafi í kjarrgróðri og ekki sjást neinar grjóthleðslur.



NÞ-016:017E Horft til austurs




NÞ-016:017 Bláskógar séðir úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson

Óljós Þúst, E, er um 60m norðan við tóft A og um 80m norðvestan við tóft D. Þústin er á kafi í kjarrgróðri og er gróðurinn mjög þéttur, varnar hann því að hægt sé að gera grein fyrir útliti eða stærð þústar. Allt svæðið er gjörsamlega á kafi í kjarri og því erfitt að reyna að átta sig á fornleifunum. Mjög svipuð gróðurhula var yfir öllum tóftunum og þó svo að túngarðarnir væru kannski ekki alveg nákvæmlega jafn stórir virtust þeir mjög líkir. Má ætla að allar fornleifarnar séu frá svipuðum tíma.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: DI XII, 642; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli; Land og fólk, 322

NÞ-016:018 Bláskógagerði




NÞ-016:018 *Bláskógagerði* tóftir+garðlag býli/sel 6559.612N 1645.538V

„Bláskógagerði. Spölkorn austan við Bláskóga [017],“ segir í Landi og fólki. Bláskógagerði er 9,3km sunnan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 100m suðaustan við Bláskógaveg þar sem hann liggur næst býlinu. Bláskógagerði er austan Bláskóga 017 og er um 360m milli túngarða á þessum býlum. Bláskógagerðis er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls 1712 og ekki í örnefnaskrá sem Ari Gíslason tók saman 1961. Virðist þetta nafn bara vera þekkt úr tveim ungum heimildum Land og fólki og skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi. Umfang rústa og útlit bendir til að einhvers konar búsetu, en ekki er hægt að segja til um hvort hún hafi verið staðbundin eða tímabundin.

Í kjarrivöxnu landi sem er hæðótt og hallar til norðurs.

Í Bláskógagerði eru tvær tóftir, eitt gerði og eitt garðlag auk túngarðs sem afmarkar svæði sem er 280x340m að stærð. Hér verður öllum mannvirkjunum gefinn bókstafur til aðgreiningar.

Tóft A er innan túngarðs B og um 50m austan við garðlag E, hún er um 60m norðnorðvestan við gerði C og er á hæðarbungu á kafi í trjágróðri. Tóftin er 13x4m að stærð, snýr vestur-austur og er tvískipt. Vestara hólfið 3x2m að innanmáli og er op á því til suðurs við austurendann. Eystra hólfið er 6x2m að innanmáli og er op á því til suðurs nálægt suðausturhorni. Ytri brún veggja er mjög óljós og virðist tóftin hafa verið niðurgrafin, eru vegghleðslur um 30cm á hæð. Trjágróður á þessum slóðum er þó svo þéttur að erfitt er að greina nákvæma lögun tóftar og hvergi sér í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvort hæðarbungan sem tóftin er á sé uppsöfnun eða náttúruleg þó að það síðastnefnda sé eiginlegra líklegra.



NÞ-016:018A


NÞ-016:018A Horft til norð-vesturs


Túngarður B liggur umhverfis tóftarsvæðið í Bláskógargerði og afmarkar svæði sem er 280x340m að stærð og snýr norður-suður. Túngarðurinn er í kjarrivöxnu landi sem hallar til norðurs og liggur hann umhverfis frekar stóra hæð. Túngarðurinn er víða um 50cm á hæð og um 120cm á breidd. Hann er algróinn og engar grjóthleðslur sjást í honum. Gróðurinn virðist hafa náð sér enn betur á strik í Bláskógargerði en á Bláskógum því ekki er hægt að ganga túngarðin á stórum köflum. Mögulegt er að Bláskógargerði hafi farið eitthvað fyrr í eyði en Bláskógar.

Gerði C er um 60m sunnan við tóft A og 60-70m norðnorðvestan við tóft D. Það er byggt


NÞ-016:018B Horft til norðurs



NÞ-016:018C Horft til vesturs



NÞ-016:018C

upp við norðurhlið austurenda garðlags E. Gerðið er á kafi í trjágróðri og eru sumar hríslunar orðnar um 3m háar. Gerðið er um 15x5m að stærð og snýr vest-ur-austur. Það er þrískipt og eru öll hólfin um 3x4m að innanmáli. Ekki er hægt að greina op á hólfunum nema á austasta hólfinu sem hefur enga hlið til austurs. Hleðslur eru mjög signar og hlaupnar í þúfur en veggir eru um 1m á þykkt og um 50cm á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.

Tóft D er um 60m suðsuðaustur við garðlag E og um 120m suðsuðaustur við tóft A, er hún í frekar djúpri laut. Hún er 7x5m að stærð og snýr norður-suður, einföld og er op á henni í suðausturhorninu. Vegghleðslur eru mjög signar, um 1m á þykkt og um 30cm á hæð. Garði virðist liggja eftir endilangri tóftinni og hefur hún því væntalega verið fjárhús. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.



NÞ-016:018D Horft til norð-norð-vesturs



NÞ-016:018D

Garðlag E er innan túngarðs B. Það liggur í vinkil og vísar annar hlutinn til norðurs en hinn til austurs. Sá hluti sem liggur til norðurs er um 50m austan við túngarð B og um 50m vestan við tóft A. Tóft C er byggð upp við þann hluta garðlagsins sem liggur til austurs. Garðlagið liggur um kjarrivaxið og hæðótt land sem hallar til norðurs og er um 120m langt. Það er um 50cm á hæð og um 1m á breidd. Allar eru fornleifarnar mjög svipaðar og verður ekki betur séð en að þær hafi allar verið samtíða hvor annari. Fljótt á litið virðist bara vera um eitt byggingarstig að ræða.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Land og fólk, 322



NÞ-016:018 Bláskógagerði séð úr lofti, horft til vesturs. Ljósmynd: Árni Einarsson


NÞ-016:019 *Selstaðir* tóftir sel 6600.901N 1647.466V

„Suður af Miðleiðisbrekkum er Ólafsborg og þar suður af Ólafsborgarhæðir. Suðvestur af Ólafsborg eru Selstaðir við Selstaðatjörn, hér eru mjög glöggar rústir, sunnan við Selstaði er Selstaðahlíðar, sem ná suður að Hettukletti," segir í örnefnaskrá. „Alllangt suður frá Garði, í miðri heiði," segir í Landi og fólki. Selstaðir er tóftasvæði sem er 6,5km suðsuðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og 3,1km suðvestan við Rjúpnasel NÞ-018:008. Tóftirnar á Selstöðum eru þrjár. Þær eru um 20m norðan við Selstaðatjörn sem er ein af fáum vatnsbólum í heiðinni sem þorna aldrei.


Tóftasvæðið er á hæðarbelti sem liggur um frekar flatt land, móinn er stórþýfður og landið einkennalítið.

Á svæðinu eru þrjár tóftir sem og verða þær hér einkenndar með bókstaf A-C til aðgreiningar. Svæðið sem tóftirnar eru á er um 40x20m að stærð og snýr norður-suður.

Tóft A er nyrst og stærst. Hín er fremst á frekar bröttum bakka og liggur hærra í landi en hin-



NÞ-016:019A





NÞ-016:019A Horft til suðurs




NÞ-016:019B Horft til suð-suð-vesturs



NÞ-016:019B

ar tóftirnar tvær. Selstaðatjörn er við þennan sama bakka um 40m sunnar. Landið er frekar hæðótt og stórþýft. Hafi einhver búseta verið á staðnum má ætla að staðsetning tóftar A og útlit geri hana líklegasta til að vera bústaður. Tóftin er 15x13m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist samtals í sex hólf. Fimm þeirra eru í tveimur hólfaröðum en það sjötta er e.k. viðbygging vestanmegin á tóftinni. Eystri hólfaröðin skiptist í tvö hólf sem eru 3x6m og 3x5m að innanmáli og snúa þau bæði norður-suður. Op er á milli hólfanna, þá er og einnig op á syðra hólfinu til suðurs og á nyrðra hólfinu til norðurs. Vestari hólfaröðin skiptist í þrjú hólf. Tvö þeirra eru 2x3m að innanmáli og það þriðja 3x3m að innanmáli. Op eru á milli þeirra allra en einnig er op á syðsta hólfinu til suðurs um útvegg. Á sama hólfi er einnig op til vesturs yfir í vestasta hólfið sem gæti mögulega verið viðbygging. Víða sést grjót í veggjum sem eru nokkuð ójafnir. Veggir eru um 1m á hæð og 1-2m á breidd. Ekki er hægt að sjá neina upphleðslu eða bæjarhól undir tóftinni og ekki ber mikið á henni fyrr en komið er að henni. Hún er mjög grösug en lyng er líka farið að spretta í henni. Tóft B

er um 30m sunnan við tóft A. Hún er neðar í landinu og undir bakkanum sem tóft A er á. Tóft B er 15-20m norðan við Selstaðatjörn. Tóftin er í dokk sem er öll lyngi vaxin. Tóftin er 13x9m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf, eitt að sunnan og tvö að norðan. Syðra hólfið er 4x2m að stærð og snýr vestur-austur. Op á því á suðausturhorni. Bæði nyrðri hólfin snúa norður-suður. Það vestara er 4x1m að innanmáli og er op á því til vesturs nálægt suðvesturhorni. Austara hóllfið er 5x2m að innanmáli og er op sunnarlega á austurvegg þess. Tóftin hefur líklega verið af útihúsi. Vegghleðslur eru allt að 1m á hæð og eru veggir allt að 2-3m að þykkt. Veggir eru signir og ávalir en voldugir, ekki sjást neinar grjóthleðslur. Öll er tóftin gróin lyngi og grasi og þrátt fyrir að hún falli frekar vel í umhverfi sitt er hún vel greinileg. Tóft C hefur verið útihústóft. Hún er um 30m suðsuðaustan við tóft A og um 7m austan við tóft B. Hún er í dokk sem er öll lyngi vaxin og er um 20m norðaustan við Seltjörn. Tóftin er 10x5m að stærð og snýr norður-suður. Hún tvískipt og er nyrðra hólfið 3x3m að innanmáli en syðra hólfið 4x3m. Þessi tóft er einna óskýrust af þeim tóftum sem er á svæðinu. Hleðsluhæð veggja er um 50cm og er innri brún veggja skýrari en ytri brún. Eystri hluti tóftarinnar er óskýrastur. Tóftin er öll lyngi vaxin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Erfitt er að segja til um ástæður þess að tóft C er óljósari en hinar tóftirnar, mögulega hefur tóftum A og B verið lengur haldið við.



NÞ-016:019C


NÞ-016:019C Horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, 5; Land og fólk, 322

NÞ-016:020 gryfja kolagröf 6602.991N 648.424V
Kolagröf er 3,2km suðvestur af bæ 001 og um 1,8km vestur af Hraunstakkaborg 032, norðan í svokallaðri Hamraþúfu.
Í stórþýfðum birkivöxnum lyngmóa sem einkennist af hraunklettum.
Gryfjan er ekki mikið meira en 1x1m að stærð og um 80cm á dýpt. Hún er svo til ferhyrnd og er gras í botninum.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:020 Horft til suð-austurs

NÞ-016:021 *Beislakofi* örnefni
„Stórahvarf, Litlahvarf, Beizlakofi, Kýrhólar, Gamlistekkur [NÞ-018:008] …“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning Beislakofa er óþekkt.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:022 *Mótjarnarstekkur* tóft stekkur 6605.020N 1645.385V




NÞ-016:022 Horft til suð-vesturs

Mótjarnarstekkur er 170-180m suðvestan við Mótjörn 011 og um 620m norðvestan við stekk 023. Mótjarnarstekkur er um 870-880m norðnorðaustur af gamla bæjarstæðinu í Garði 001.

Stekkurinn er í djúpri dokk sem er grasi vaxin og nýtur góðs af náttúrulegum aðstæðum norðanmegin í dokkinni.

Stekkurinn er 10x8m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Stekkurinn er tvískiptur, stærra hólfið er 7x5m að innanmáli og snýr eins og stekkurinn en suðaustan við norðausturenda þess hólfs er minna hólfið sem er 4x2m að innanmáli. Snýr það þvert á stærra hólfið. Op er á báðum hólfum til suðvesturs en ekki er op á milli hólfanna. Hleðsluhæð veggja er um 50cm en þykkt þeirra um 1m.



NÞ-016:022

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði

NÞ-016:023 *Búðarhólar* tóft stekkur 6604.845N 1644.684V

„Sunnan við Garðstjarnir er Holt, og austan þeirra eru Búðarhólar. Nyrst í þeim er Stekkjarhóll, þar var Garðsstekkur, sunnan undir hólnum er Stekkjarmýri.“ segir í örnefnaskrá. Búðarhólar eru 950-960m austnorðaustan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 450m norðnorðaustan við Þjófakletta 025.


Búðarklettar eru nokkrar klettaborgir sem mynda þyrpingu. Að norðan og austan eru slegin tún en að vestan og sunnan eru klettahólar. Stekkurinn er við nyrsta hólinn.

Stekknum hefur verið valinn staður þar sem náttúrulegt aðhald er mikið. Hann er byggður upp við klettaborg. Samtals nær stekkurinn yfir 22x8m að svæði. Sjálf stekkjarbyggingin er 12x5m stór, snýr suðvestur-norðaustur og er að stærstum hluta hlaðið úr torfi og grjóti. Hún skiptist í tvö hólf, A og B. Hólf A er 2x2m að innanmáli en norðaustan við það er hólf B sem er 8x4m að innanmáli. Op er á hólfi A fyrir miðjum suðvesturvegg en 2 op eru á hólfi B. Það fyrra er nyrst á suðaustuvegg en hitt er til norðvesturs milli tveggja kletta inn í klettasprungu. Sprungan myndar nokkurn konar aðhald á þessum stað. Þetta aðhald er um 16x3m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur eins og stekkurinn. Hlaðið hefur verið á milli kletta, þar sem bil eða gap hef-



NÞ-016:023 Horft til norð-austurs

ur verið er á milli klettadranganna. Einnig er lítil kró norðaustast í sprungunni sem er 3x3m að innanmáli. Hún stendur hærra er sjálft aðhaldið og eru hleðslur hennar frekar signar. Vegghleðslur stekksins eru um 60cm háar og um 1m á breidd og eru þær frekar signar. Stekkurinn er mjög grösugur en einnig er lyng og loðvíðir í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garður, 4



NÞ-016:023

NÞ-016:024 *Veitur* örnefni áveita
„Búðarhólar. Veitur, Veitubakki, Veitulækur, Þjófaklettar, Miðleiðisbrekka …“ segir í örnefnaskrá. Veitur munu vera um 3-3,5km norðnorðvestur af bæ 001. Staðurinn var ekki skráður við vettvangsúttekt og taldi heimildarmaður að þarna sæjust engin mannaverk lengur.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:025 *Þjófaklettar* örnefni aftökustaður
6604.620N 1644.894V
„Næst akveginum að norðan eru Þjófaklettar austast, sagt er að þar hafi einhverntíma verið hengdir tveir þjófar.“ segir í örnefnaskrá. Þjófaklettarnir eru tveir en þó telja sumir þá vera þrjá en sá þriðji er mjög lítill. Þeir eru 650-660m austan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og 140-150m norðnorðaustan við Miðleiðisbrekkur 033.
Þjófaklettar er hluti af klettasprungu sem liggur norður-suður. Hún er um 25m löng. Slétt tún eru bæði vestan og austan við hana.
Sprungan er 3m djúp þar sem hún er dýpst og um 1m á breidd. Botn hennar er grasi vaxinn. Engin mannaverk sjást á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, 4


NÞ-016:025 Horft til norðurs


NÞ-016:026 *Guðrúnarvarða* varða
6604.887N 1647.004V
„Sunnan þeirra [Neðri-sandabrota] heitir Strýta. Og vestan hennar er Guðrúnarvörðuhóll og Guðrúnarvarða. Sagt er, að þar hafi orðið úti stúlka, er Guðrún hét, í tíð sr. Vigfúsar [hér mun vera átt við Vigfús Björnsson d. 1808 og var síðast prestur í Garði í Kelduhverfi],“ segir í örnefnaskrá. Varðan er 1,1km norðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 300 m suðsuðvestan við þjóðveg nr. 85.
Varðan er á háum hraunkletti.



NÞ-016:026 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-016:027 Horft til suð-vesturs



NÞ-016:027

Varðan er ekki ýkja stór, hún er um 50cm á hæð og neðst er hún um 60x30cm að stærð. Hún er hlaðin úr frekar stórum steinum og er ekki nema 2-3 umför. Vart er hægt að segja að hún sé vel hlaðin en hún er á stórum hraunhól og það sést vel til hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Garður, 4; Þjóðsögur Jóns Árnasonar, 386

NÞ-016:027 *Þorkelsstekkur* hleðsla stekkur 6604.653N 1647.030V

„En vestur af bæ og norður af Þórólfsstöðum [008] er gamall stekkur nefndur Þorkelsstekkur.“ segir í örnefnaskrá. Þorkelsstekkur er um 1km vestur af gamla bæjarstæðinu í Garði 001 og um 660m norðaustan við bæjarhól á Þórólfsstöðum 008.

Stekkurinn er í klettasprungu sem er suðaustast í stórri klettahæð sem er þó kannski ekki sérlega há.

Stekkurinn er í djúpri klettasprungu og mynda klettaveggirnir langveggi stekksins en gaflar hans eru hlaðnir úr grjóti. Stekkurinn er í klettasprungu sem snýr svo til austur-vestur. Beygja er á sprungunni austarlega til austsuðausturs en auk þess er sprungan klofin til beggja enda. Klofnar vesturendinn til norðvesturs og vestsuðvesturs en eystri endinn til austurs og suðaustur. Allir þessir endar eru opnir nema sá sem liggur til norðvestur. Stekkurinn (eða hraunsprungan) er 13x9m m að innanmáli og er hleðsla vestarlega í sprungunni sem liggur þvert á hana og lokar henni. Þessi hleðsla er um 4-5 umför, um 70cm há og um 3m löng. Í endanum sem liggur til norðvesturs um 4m norðvestan við endahleðsluna virðist vera vottur af torfhleðslu sem skiptir stekknum í tvö hólf en auðvelt ætti líka að vera að loka hinum endum sprungunnar. Veggir sprungunnar eru um 2m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Garður, 4; Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði

NÞ-016:028 *Vörðuhóll* örnefni
„Fagrahlíð, Vörðuhóll. Stekkjarhólar [023] …“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið Vörðuhóll er nú alveg týnt og ekki er vitað hvar hann hefur verið. Örnefnisins er getið í eldri heimildaskrá en virðist þegar glatað 1961 þegar Ari Gíslason tók saman örnefnaskrá fyrir jörðina. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varða kann að hafa verið hlaðin á Vörðuhól.
Heimildir: Ö-Garður, Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:029 garðlag óþekkt
Slitrur af tæplega 2 km löngu garðlagi sást á loftmynd um 100m norðan við Hraunstakkaborg og um 2,5km sunnan bæjarhóls 001.
Liggur um stórþýfðan móa.
Garðlagið virðist vera komið í sundur á nokkrum stöðum en þar sem endar þessara búta standast alltaf má fastlega gera ráð fyrir því að það hafi verið heilt og óslitið áður. Eins og áður hefur komið fram var garðlagið ekki skráð á vettvangi.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:029 Horft til norðurs

NÞ-016:030 *Bessakofi* örnefni óþekkt
„Svo að lokum sunnan við tún er Bessakofi, sem nú er ekki nema tóftarbrot,“ segir í örnefnaskrá. Bessakofi er um 100m vestur af Hólshúsum 003 og um 220m suðvestur af bæ 001. Bessakofi er í klettahæð sem þar er, hann var ekki skráður á vettvangi en þar á að vera lítið tóftarbrot. Mun það sennilega hafa verið notað fyrir nokkrar kindur.
Á klettahæð í jaðri túns.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1


NÞ-016:031 *Garðsstígur* gata leið 66°04.222N 16°46.414V
„Suðvestur úr túni liggur Garðsstígur sem liggur austan við Hamraþúfu og liggur á Reykjaheiðarveg í Áfanga [NÞ-008:059] í Fjallalandi,“ segir í örnefnaskrá. „Garðsstígur liggur suðvestur frá Garði 2, rétt austan við Hæðarhorn [059], um Rjúphólahæðir austan Rjúphóla. Rétt vestan við Garðstígshóla, rétt austan við Ytri-Hamraþúfu, rétt austan við Syðri-Hamraþúfu. Beygir þar mikið til vesturs og kemur rétt norðan við Garðsstígshóla suður af Víkingavatni. Nyrst í þeim er Tóbakslág. Djúp og all stór grasigróin dokk. Þar var áningastaður og tóbaksdósir upptekknar. Þaðan liggur leiðin suðvestur undir Haukadalshól og vestur með Selskörðum í Áfanga á Reykjaheiðarleið frá Fjöllum,“ segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli. Leiðin hefst um 50m suðvestan við útihús 006 og liggur um 20m suðaustan við stekk 059. Garðsstígur liggur frá Garði vestur að Fjöllum þar sem hann sameinast Reykjarheiðarvegi NÞ-008:056.
Liggur um stórþýfðan móa sem einkennist af klettahæðum og klettasprungum.
„Nokkurn spöl vestur af hundaþúfuásnum er stór hólaklasi, sem Garðsstígshólar heita. Norðan undir þeim er lægð, sem Tóbakslág heitir, en um hana lá gata, nefnd Garðsstígur. Var gata þessi farin af þeim, sem bjuggu í miðsveit Kelduhverfis, þegar fara skyldi um Reykjaheiði til Húsavíkur. Lá gatan í ótal krókum frá Garði í Kelduhverfi til suðvesturs og kom saman við aðal-Reykjaheiðarveginn langt suður af bænum Fjöllum,“ segir í örnefnaskrá Víkingavatns. „Nokkrar vegabætur hafa verið gjörðar af Kelduhverfingum með grjótruðningi af Bláskógavegi austanverðum, líka á alfaravegi yfir vesturhluta Reykjaheiðar til Húsavíkur höndlunarstaðar; sömuleiðis á svonefndum Garðsstíg að austanverðu,“ segir í Sóknar og sýslulýsingum Þingeyjarsýslna. Líklega

er Garðsstígur heiðarvegur sá sem liggur suður á heiði frá Garði og er hann jeppafær næst bæ. Þessi slóði liggur á annan troðning sem kallaður er Línuvegur og fylgir hann raflínu sem liggur yfir heiðina frá norðaustri til suðvesturs. Nokkru áður en heiðarvegurinn kemur að þessum Línuvegi fer hann yfir lítinn ógreinilegan slóða sem liggur vestur að Áföngum [008:059] og mun þessi slóði vera áframhaldið af Garðsstíg. Garðsstígur virðist vera hluti af lengri leið sem á upphaf sitt við Keldunes NÞ-019.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Garður, 5; Ö-Víkingavatn, 27; SSÞ, 220; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli,

NÞ-016:032 *Hraunstakkaborg* tóft beitarhús 6603.138N 1646.054V



NÞ-016:032



NÞ-016:032A Horft til vesturs

„Suður af Hlíðarhorni er Ytri-Garðstígshólar. Þar suðaustur af eru Sjónarhólar, og vestast er Hamraþúfa. En austast þar á mörkum heimalands og heiðarlands er Hraunstakkaborg. Mjög einkennileg klettaborg, þar voru beitarhús um tíma í borginni.“ segir í örnefnaskrá. Hraunstakkaborg er 2,7km suður af gamla bæjarstæðinu í Garði og um 1,7km norðnorðvestur af Rjúpnaseli NÞ-018:008. Hraunstakkaborgin sést vel af jeppaslóða sem liggur frá Austurgörðum suður á heiði. Borgin um 650-700m vestan við þennan veg.

Hraunstakkaborg er stór gýgur. Veggir hans eru háir en á nokkrum stöðum eru glufur á veggnum og má þar komast inn í borgina. Beitarhús eru innan veggja gýgsins sem er allur grasi gróinn.
Tóftin er 24x16m að stærð og snýr vestur-austur. Hún skiptist í 3-4 hólf. Veggir eru um 80cm á hæð en um 1m á breidd. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og má telja um þrjú umför en frekar stórt grjót er í hleðslunum. Tóftin er byggð upp við klettavegg sem myndar vesturgafl tóftar. Stærsta hólf tóftarinnar er sjálft fjárhúsið, það er 18x5m að innanmáli og liggur 8m langur garði eftir því. Garðinn sem er um 60cm á hæð er áfastur vesturvegg fjárhúsanna. Tvö op hafa verið á fjárhúsunum, annað austarlega á suðurvegg en hitt vestan við miðju á norðurvegg. Vestan við fjárhúsin er lítið hólf, 2x3m að innanmáli og hefur það sennilega verið hlaða. Op á því hólfi fyrir ofan garðann, yfir í fjárhúsin. Norðan við þetta litla hólf er steinaþyrping sem erfitt er að átta sig á hvaða tilgangi hafi þjónað. E.t.v. hefur hún markað af hólf en einnig er mögulegt að steinarnir einungis verið notaðir sem farg. Norðan við þessa steinaþyrpingu er lítil kró sem er 5x3m að innanmáli og er hún upp við klettavegginn. Í miðjunni á þessu hólfi er stór steinn sem er mjög flatur.



NÞ-016:032B Horft til norðurs



NÞ-016:032C Horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, 5; Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði

NÞ-016:033 *Miðleiðisbrekkur* gata leið 6604.549N 1644.977V
„Nú er að fara suður fyrir þjóðveginn og taka næst honum og fara frá austri til vesturs. Þá er fyrst fyrir okkur Miðleiðisbrekkur, sem eru sunnan Þjófakletta [025], „ segir í örnefnaskrá. Miðleiðisbrekkur er hluti af leið sem liggur milli Garðs 001 og Austurgarðs og hafa þær sennilega þótt vera miðleiðis milli bæja og hlotið nafn af því. Þær eru um 600m austan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 150m suðsuðvestan við Þjófakletta 025. Miðleiðisbrekkur munu vera á þjóðleiðinni eins og hún lá áður en hún var færð norðar og fjær bæjarhúsunum.
Leið sem liggur um sléttan móa.
Hægt er að greina fjórar götur þar sem þær



NÞ-016:033 Horft til vesturs


eru hvað skírastar en þær eru allar grónar í botninn en gróðurhulan er þunn. Hver gata er um 30cm á breidd og um 20cm á dýpt og er vegurinn um 3m að breidd. Næst Austurgarði hefur gatan horfið undir tún en greina má götuna alveg heim að Garði. Ekki var götunni fylgt alla leið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:034 *Gildruhólar* örnefni refagildra
„Miðleiðisbrekkur [033], Gildruhólar. Rauðsholt …“ segir í örnefnaskrá. Gildruhólar eru um 13km sunnan bæjarhóls 001, sunnan heiðargirðingar sem liggur vestur-austur eftir heiðinni. Er örnefnið tilkomið af refagildrum. Ekki var staðurinn skráður á vettvangi.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 1

NÞ-016:035 *Þórólfsstaðastekkur* tóft stekkur 6604.025N 1647.328V




NÞ-016:035 Horft til vesturs



NÞ-016:035

Þórólfsstaðastekkur er 1,6km suðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 850-860m suðsuðaustur frá Þórólfsstöðum 008 og 950-1km vestan við Garðssel 016.
Tóftin er í grösugri og djúpri dokk undir háum klettavegg.
Stekkurinn sem virðist allur torfhlaðinn er byggður upp við klettavegg og er 14x5m að stærð. Hann snýr vestur-austur og skiptist í þrjú hólf. Stærsta hólfið er 7x3m að innanmáli, snýr austur-vestur og er opið til austur. Við vesturenda þess er lítið hólf sem er frekar óljóst. Það stendur hærra og gæti hafa verið hlaða eða heystæði. Annað lítið hólf er við austurenda tóftar, upp undir klettaveggnum. Þetta hólf er grjóthlaðið sem og er líklega lambakróin. Bæði litlu hólfin eru um 1x2m að innanmáli og ekki sjást nein op á þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði



NÞ-016:036




NÞ-016:036 Horft til suð-austurs

NÞ-016:036 tóftir óþekkt
6604.959N 1646.198V
Tóft er rétt norðan við þjóveg nr. 85 og um 800m norð-norðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001. Hún er um 630m vestsuðvestan við Mótjarnarstekk 022 og 620 -630m austnorðaustan við Guðrúnarvörðu 026. Nálægt þjóðvegi, upp undir lágum bakka í lyngivöxnum móa.
Tóftin er 10x5m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Hólfið er 7x4m að innanmáli og er það breiðast vestast en gengur saman til austurs. Vegghleðslurnar eru grasigrónar og sjást engar grjóthleðslur í þeim, þær eru um 1m á breidd og um 60cm á hæð. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Ekki er alveg víst hvaða hlutverki tóftin hefur þjónað, þó virðist heystæði helst koma til greina. Lítil tóft er 5m sunnan við þessa tóft. Hún er 5x5m að stærð og er einföld, hlaðin úr torfi. Hleðsluhæð veggja er um 30cm og þykkt þeirra er um 1m. Er ekkert greinilegt op á henni heldur, og er hún líklega heystæði líka
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:037 *Ytri-Fjárborg* örnefni fjárskýli
„… sunnan við Selstaði [019] er Selstaðahlíðar, sem ná suður að Hettukletti. Þar nokkuð sunnar en móts við Bláskóga er Ytri-Fjárborg og Syðri-Fjárborg [038]“ segir í örnefnaskrá. Ekki kannaðist Sigurður Jónsson við nein mannvirki nálægt Ytri- eða Syðri-Fjárborg og var staðurinn ekki kannaður.
Heimildir: Ö-Garður, 5

NÞ-016:038 *Syðri-Fjárborg* örnefni fjárskýli
„… sunnan við Selstaði [019] er Selstaðahlíðar, sem ná suður að Hettukletti. Þar nokkuð sunnar en móts við Bláskóga er Ytri-Fjárborg [037] og Syðri-Fjárborg.“ segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað til þess að nein mannvirki hafi verið hlaðin við Syðri-Fjárborg. Ekki kannaðist Sigurður Jónsson við nein mannvirki nálægt Ytri- eða Syðri-Fjárborg og var staðurinn ekki kannaður.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 2



NÞ-016:039



NÞ-016:039 Horft til aust-suð-austurs

NÞ-016:039 tóft óþekkt
6604.156N 1645.013V
Tóft er 950m norðvestur af gamla bæjarstæðinu í Garði 001, 190m norðaustan frá túngarði á Nónhæðarseli 043 og um 50m beint suður af vörðu 040.

Tóftin er í hvammi eða grunnu dalverpi í landi sem er frekar stórþýft og lyngi vaxið.
Tóftin er 15x15m að stærð. Veggir tóftarinnar eru mjög þykkir og voldugir og eru þeir allt að 3m að þykkt og um 70cm á hæð og virðast eingöngu torfhlaðnir. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Vestast er hólf A sem er 9x3m að innanmáli og snýr austu-vestur. Op er á því fyrir miðjum vesturgafli og annað til norðurs mjög vestarlega á norðurvegg. Austan við hólf A, alveg við norðaustur hornið er hólf B sem er 2x4m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Op er á hólfi B til austurs en einnig er mögulegt op á milli hólfa A og B en það er frekar óljóst. Hólf C er næstum því alveg aðskilið frá hinum hólfunum tveimur og er líkt og göng séu á milli. Hólf C er norðan við hólf B, það er 3x4 að utanmáli en 3x1m að innanmáli og er op á því til suðurs.
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:040 varða óþekkt 6604.182N 1645.011V
Varða er um 920m suðaustur af gamla bæjarstæðinu í Garði 001 og 50m norðan við tóft 039. Varðan er á móavaxinni klettahæð.



NÞ-016:040 Horft til norð-vesturs

Varðan er 80x80cm að stærð og um 1m á hæð. Hún er um 4-5 umför en að stærstum hluta er hún bara einn stór steinn sem nokkrum minni steinum hefur verið raðað ofan á. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi tóftin var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:041 *Tófuvarða* örnefni óþekkt
„Tófuvarða, Grasklettur, Gamlistekkur [NÞ-018:005]…“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið Tófuvarða er óþekkt og einng staðsetning þess.
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 2


NÞ-016:042 varða óþekkt
6603.937N 1646.076V
Varða er 1,2km suðsuðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, um 50m sunnan við túngarð á Garðsseli 016 (túngarður er merktur sem B) og 950-960m austan við Þórólfsstaðastekk 035.
Varðan er á grónum hraunkletti.
Varðan er svo til hringlaga, um 1m í þvermál og 60-70cm á hæð. Hún er 4-5 umför, hlaðin úr frekar grófu hraungrýti og er lítt gróin.
Ekki er vitað hvaða tilgangi varðan þjónaði.
Hættumat: engin hætta




NÞ-016:042 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-016:043 *Nónhæðarsel* tóftir+garðlag sel 6604.068N 1645.272V
„Nónhæð, Nónhæðarsel, Lambaborg [044], Nóndokkir, Stórholt (lm.), Einstakur (lm.),“ segir í örnefnaskrá. „Nónhæðarsel. Um 2 km suðvestur frá Austurgörðum,“ segir í Landi og fólki. Nónhæðarsel er tóftarsvæði sem er um 1km suðsuðaustur frá bæjarhólnum í Garði 001. Það er um 450 m austan við túngarðinn í Garðsseli 016. Austan við Nónhæðarsel er eyðibýli sem kallast Austurgarðasel eða Gamlistekkur NÞ-018:008 og eru um 580m á milli túngarðanna þar.
Tóftarsvæðið er í stórþýfðu landi sem einkennist af hraunhæðum og hraunsprungum.
Tóftarsvæðið er 200x150m að stærð og snýr norður-suður, það saman stendur af tveim tóftum, túngarði sem liggur umhverfis tóftirnar og einu gerði. Í lýsingunni hér á eftir er hverri fornleif gefinn bókstafur til aðgreiningar.
Tóft A er norðarlega innan túngarðs og um 70m norðan við tóft C sem er einnig innan sama túngarðs. Tóftin er frekar stór og bendir útlit hennar til að hún hafi e.t.v. verið bústaður. Hún er á lágri hæð í stórþýfðum lyngvöxnum móa og hallar landið til norðurs og norðausturs.
Tóftin er 33x10m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð veggja er um 80cm en þykkt er um 2m. Innri brún veggja er skýrara en sú ytri og eru veggir mjög signir og rúnnaðir. Tóftin skiptist í 5





NÞ-016:043A



NÞ-016:043C

hólf og snúa öll hólfin í norður-suður. Hólf I er nyrst, það er 3x4m að innanmáli. Sunnan við hólf I eru þrjú hólf sem skiptast í tvær raðir. Vestan til eru hólf II og III sem eru 3x1m og 3x3m að innanmáli en að austan er hólf V sem er 9x2m að innanmáli. Syðst er svo stærsta hólfið 14x4m að stærð.Líklegast hefur það verið skepnuhús. Í því eru stórar þúfur sem gerir það nokkuð ógreinilegt. Tóftin er öll vaxin lynggróðri og sjást engar grjóthleðslur.

Túngarður B liggur umhverfis tóftir A og C, hann er hringlaga og afmarkar svæði sem er um 150m í þvermál. Við suður- og austurhlið túngarðsins er gerði sem byggt er við túngarðinn utanverðan. Gerðið er 50x50m að stærð. Túngarðshleðslan er tvöföld allan hringinn, er hvor hleðsla um 2m á breidd og svo er um 30-40cm milli þeirra. Túngarðurinn er því um 4,5-5m á breidd og er hleðsluhæð hans um 50cm. Engin greinileg op voru á túngarðinum sem er mjög vaxin lyngi og ekki sjást neinar grjóthleðslur.

Tóft C er sunnarlega innan túngarðs og um 70m sunnan við tóft A. Tóftin er lítið eitt suðaustan megin á lágri hæðarbungu á tiltölulega sléttu svæði. Hún er 37x13m að stærð og snýr norðnorð-



NÞ-016:043A horft til norðurs




NÞ-016:043C horft til norð-norð-austurs

austur-suðsuðvestur. Veggir eru mjög þykkir og stæðilegir. Innra byrði veggja er mun skýrara en ytra byrðið og má líklega gera ráð fyrir því að hún hafi verið eitthvað niðurgrafin. Veggjahæð frá innri brún er um 150cm en um 70cm frá ytri brún. Tóftin virðist hafa verið tvískipt. Stærra hólfið er 31x4m að innanmáli og liggur minna hólfið út frá norður enda þess vestan megin. Það er 6x3m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það lítur helst út fyrir að vera viðbygging en það er þó frekar óljóst. Op er á stærra hólfinu fyrir miðjum austurvegg, og eru tveir veggstubbar sitt hvoru megin við opið sem mynda göng eða tröð sem er 6m löng. Tóftin er öll vaxin lynggróðri og ekki sjást neinar grjóthleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir, 2; Land og fólk, 322

NÞ-016:044 *Lambaborg* örnefni fjárskýli
„En norðan þessarar línu [þ.e. mörk heimalands og heiðarlands] er svo suðaustur af Garði Lambaborg.“ segir í örnefnaskrá. Sigurður Jónsson í Garði vissi ekki til þess að þar væri að finna neinar fornleifar og var ekki farið á staðinn.
Heimildir: Ö-Garður, 5

NÞ-016:045 varða óþekkt 6601.154N 1646.981V
Varða er um 6,4km sunnan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 450m austan við Selstaði 019.
Varðan er vestast á hraunsprungu sem liggur vestsuðvestur og austnorðaustur.
Varðan er um 1x1m að stærð og um 1m á hæð. Hún er 4-5 umför og hlaðin úr frekar stóru grjóti og vaxin skófum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garður ath og við


NÞ-016:045 horft til suð-suð-austurs

NÞ-016:046 varða óþekkt 6604.690N 1647.946V
Varða er um 1,7km vestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 380m norðnorðvestan við Þórólfsstaði 008.
Varðan er vestast á hraunsprungu sem liggur vestsuðvestur-austnorðaustur.
Varðan er um 1x1m að stærð og 1m á hæð. Hún er 4-5 umför og hlaðin úr frekar stóru grjóti og vaxin skófum. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi varða þjónaði.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:046 horft til aust-norð-austurs

NÞ-016:047 heimild um brú
Í Sýslu- og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslna frá 19. öld segir: „Tvær brýr eru og gjörðar milli Garðs og nýbýlisins Stórárbakka.“ Ekki er lengur vitað hvar þessar brýr hafa verið og ekki sést til þeirra lengur.
Mýrlendi
Ekkert sér til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÞ, 220


NÞ-016:048 heimild um brú
Í Sýslu- og sóknarlýsingu Þingeyjarsýslna frá 19. öld segir: „Tvær brýr eru og gjörðar milli Garðs og nýbýlisins Stórárbakka.“ Ekki er lengur vitað hvar þessar brýr hafa verið og ekki sést til þeirra lengur.
Mýrlendi
Ekkert sér til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÞ, 220

NÞ-016:049 heimild um lendingu
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Lendíng er brimsöm og útgryni mikið.“ Lending fyrir báta var úti á söndunum um 6,5km norðan við bæ 001 en ekki er um neinn ákveðinn stað að ræða.
Sendin fjara.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 284



NÞ-016:050 Bláskógasel séð úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson

NÞ-016:050 Bláskógasel



NÞ-016:050 *Bláskógasel* tóftir+garðlag býli/sel 6559.487N 1646.882V
Tóftarþyrping sem girt er af með tvöföldum túngarði er um 1300 m vestan við Bláskóga 017. Í skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi nefnir hann rústirnar Bláskógarsel en annars er ekki þekkt neitt nafn á því. Umfang rústa og útlit bendir til að einhvers konar búsetu, en ekki er hægt að segja til um hvort hún hafi verið staðbundin eða tímabundin. Landið er kjarrivaxið og hæðótt, hallar það til norðurs og einkennist af klettaborgum og hraunsprungum. Tóftasvæðið saman stendur af tveim tóftum, einu gerði og tvöfaldum túngarði sem afmarkar svæði sem er 360x320m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Í umfjölluninni hér að neðan verður hverri fornleif gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er líklega sjálf bæjartóftin. Hún er um 20m norðaustan við suðvesturhlið innri túngarðs B. Tóftin er í kjarrivöxnu landi sem hallar til norðurs og einkennist það af hraunhæðum og hraunsprungum. Ekki var hægt að greina nema hluta af tóftinni sökum kjarrgróðurs sem vex í henni. Sá hluti sem hægt var að greina var um 10x10m að stærð. Syðst og vestast mátti sjá hólf sem er 3x1m að innanmáli og snýr vestur-austur. Norðan við það er hólf II sem er 3m að breidd en einungis var hægt að greina 3m af lengd þess og því mun það vera stærra. Hólf III er austan við hólf I og II. Það er 2x3m að




NÞ-016:050C Horft til norðurs




NÞ-016:050D Horft til suðurs

innanmáli og snýr norður-suður, op er á báðum endum þess til suðurs og til norðurs að hólfi IV. Hólf IV er sem sagt norðan við hólf III en það er mjög óljóst og er aðeins hægt að segja um það að það er stærra en 4x2m að innanmáli. Austan við hólf IV eru hólf V og VI en sökum mikils trjágróðurs í þeim er bara hægt að segja að þau hafa verið stærri en 2x2m að innanmáli. Mögulega er þetta sama tóft og Sigurður Jónsson teiknar í skýrslu sinni um eyðibýli. Þar er tóft sem er 25x23m að stærð og skiptist hún í 8 hólf. Hleðsluhæð veggja er um 50cm en breidd þeirra um 1m. Eins og áður sagði er tóftin á kafi í trjágróðri og sjást engar grjóthleðslur í henni. Túngarður B er að hluta til tvöfaldur. Innri túngarðurinn er svo til hringlóttur og afmarkar svæði sem er 160x150m að stærð. Ytri túngarðurinn sem afmarkar svæði sem er 320x200m er einungis vestan við þann innri og liggja endar hans að norður- og suðurhlið innri túngarðsins. Tóftir A og C eru innan innri túngarðsins og einnig gerði D. Hleðsla túngarðanna er nokkuð skörp og mátti greina trapisulag á henni, er túngarðshleðslan breiðust neðst (eða um 120cm) en mjókkaði upp (var um 70cm að ofan). Hleðsluhæð er um 1m. Ekki var hægt að sjá áberandi mun á túngörðunum tveimur og eru þeir líklega frá sama tíma. Þeir eru á kafi í kjarrgróðri og ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim.



NÞ-016:050C




NÞ-016:050D

Tóft C hefur líklega verið einhvers konar skepnuhús. Hún er innan innri túngarðs B um 30m austan við vesturhlið hans. Hún er 25m

norðnorðvestan við bæjartóft A. Tóftin er 23x7m að stærð og snýr norður-suður. Ytri brún veggja er frekar óljós en innra byrðið er skýrara. Tóftin skiptist í 4 hólf sem eru öll í röð. Nyrst er hólf I sem er 3x3m að innanmáli, hólf II er 8x3m að innanmáli, hólf III er 3x3m að innanmáli og hólf IV er 2x3m að innanmáli. Op er á milli allra hólfanna en á hólfi IV er einnig op til austurs á útvegg. Tóftin er öll á kafi í lynggróðri og sjást engar grjóthleðslur en hleðsluhæð veggja mun vera um 70cm.
Gerði D er byggt upp við austurhlið innri túngarðsins að innanverðu. Það er um 120m austan við tóft C og um 115m norðnorðaustan við tóft A. Gerðið er 14x7m að stærð og snýr norður-suður. Vegghleðslan er um 1m á hæð og 1m á breidd. Túngarðurinn sem gerðið er byggt upp við er þó breiðari. Gerðið virðist hafa verið opið til norðurs. Eins og aðrar minjar á þessum stað er gerðið á kafi í kjarrgróðri og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Ekki er hægt að greina neinn mun á tóftunum og má ætla að allar fornleifarnar séu frá sama tíma.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Skýrsla Sigurða Jónssonar í Garði um eyðibýli.

NÞ-016:051 tóft heystæði 6606.553N 1646.747V




NÞ-016:051

Heystæði er 3,8km norðnorðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, um 30m norðaustan við Fjósið 014 og 1,3km suðvestan við Grund 015. Á lágri hæð í annars flötu landi. Jarðvegur er sendinn og gróðurhulan þunn, mikið er af loðvíði í nágrenninu. Tóftin er 6x5m að stærð og um 2x3m að innanmáli. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er einföld. Veggir eru torfhlaðnir um 1m að breidd og um 30cm á hæð, verður ekkert op greint á þeim. Umhverfis tóftina má sjá ummerki eftir efnistöku. Tóftin er byggð á svolítill hæð. Staðsetning tóftar og lag bendir til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:051 Horft til norð-vesturs

NÞ-016:052 tóft heystæði 6606.577N 1647.095V
Tóft, líklega af heystæði, er 3,9km norðnorðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði og 240-250m vestnorðvestan við Fjósið 014.
Tóftin er á litlum hól í flötu mýrlendi og er mikið af loðvíði í nágrenninu.
Tóftin er 6x3m að



NÞ-016:052



NÞ-016:052 Horft til suð-suð-austurs

stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Hleðsluhæð veggja er um 20cm og þykkt þeirra um 50cm. Tóftin er tvískipt og er stærra hólfið 3x2m að innanmáli en það minna og nyrðra um 1x1m. Minna hólfið lítur út fyrir að vera viðbygging. Tóftin er torfhlaðin og ekki sést neitt op á henni. Staðsetning og útlit tóftar bendir eindregið til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:053 tóft heystæði 6606.504N 1646.996V



NÞ-016:053 Horft til suð-suð-vesturs



NÞ-016:053


Tóft, líklega af heystæði, er 3,7km norðnorðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, um 170m vestsuðvestan við Fjósið 014 og um 160m suðaustan við heystæði 052.
Tóftin er í flötu landi, gróðurhulan er þunn og landið nokkuð blautt.
Tóftin er 6x4m að stærð og snýr svo til norður- suður. Hún er einföld, 6 X 4 m að utanmáli en 4x3m að innanmáli. Hleðsluhæð veggja er um 20cm og þykkt þeirra um 50cm. Tóftin er frekar óregluleg. Syðri gaflinn er mjórri en nyrðri gaflinn. Við norðurgafl liggur lítið veggbrot út frá miðjum vegg. Ekki er ljóst hvort hefur verið partur af vegghleðslunni eða er einfaldlega hrun. Tóftin er torfhlaðin og ekki sést neitt op á henni. Staðsetning tóftar og útlit bendir eindregið til þess að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:054 tóft stekkur 6603.873N 1644.156V



NÞ-016:054 Horft til suðurs

Stekkur er 1,4km suðsuðaustur af gamla bæjarstæðinu í Garði 001 og 130-140m norður af Skinnhólaseli NÞ-018:013. Tóftin er 230-240m suður af Nónhæðarseli 043 og 300m beint vestur af stekk NÞ-018:009.
Stekkurinn er í stórþýfðu landi á kafi í lynggróðri.
Stekkurinn er 24x9m og snýr norður-suður. Hann virðist skiptast í fjögur hólf. Hann virðist vera 4 hólf, syðst er lítil tvískipt kró en norðan við hana er stórt tvískipt aðhald. Op er á milli allra hólfa og einnig er op á aðhaldinu til norðurs. Innsta hólfið í krónni er 1x2m að innan-



NÞ-016:054

máli og hólfið norðan við það er 2x3m. Bæði hólfin í aðhaldinu eru 8x5m að innanmáli. Ekki var hægt að greina nein ytri brún veggjar við suðurenda tóftarinnar svo að gera má ráð fyrir að tóftin sé að einhverju leyti grafin niður. Vegghæð er um 80cm og þykkt veggja er um 1-2m. Tóftin er öll vaxin lyngi og mosa og virðist eingöngu torfhlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði

NÞ-016:055 varða óþekkt 6603.478N 1645.676V
Varða er 2km sunnan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 300m austan við vörðu 056 og um 660m suðvestan við Skinnhólasel 018:013.
Varðan er sunnarlega á hraunhrygg sem liggur norðnorðaustur-suðsuðvestur.
Varðan er 2x2m að stærð og um 120cm á hæð. Hún er um 7 umför en er ekki sérlega vel hlaðin. Hún er strýtulaga og lítið eitt hrunin. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin, hún er ekki á landamerkjum og ekki nærri þekktum leiðum.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:055 Horft til norð-austurs

NÞ-016:056 varða óþekkt
6603.494N 1646.138V
Varða er 2km sunnan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 300m vestan við vörðu 055 og um 670m norðan við Hraunstakkaborg 032.
Varðan er á hraunhól í lyngivöxnu landi sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum.
Varðan er vel hlaðin, svo til alveg hringlaga og mikið skófum vaxin. Hún er um 1m í þvermál og um 150cm á hæð. Hún er hlaðin úr frekar flötu grjóti sem er um 7-8 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:056 Horft til norðurs

NÞ-016:057 varða óþekkt
6603.590N 1646.370V
Varða er 1,9km suðauðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 250m norðvestan við vörðu 056 og um 730-740m suður af Garðsseli 016.
Varðan er á stórum hraunhól en austan við hann er grunnt dalverpi, nokkuð rof er í hólnum og er gróðurhula hans þunn.
Varðan er ágætlega hlaðin, um 1m í þvermál og um 150cm á hæð, svo til alveg hringlaga og 9-10 umför. Varðan er strýtulaga og er lítið eitt vaxin skófum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:057 Horft til austurs

NÞ-016:058 varða óþekkt 6604.121N 1647.626V




NÞ-016:058 Horft til suð-austurs

Varða er 1,7km suðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001, 530-540m sunnan við túngarð á Þórólfsstöðum 008 og um 300m suðaustan við Þórólfsstaðastekk 035.
Í stórþýfðum móa sem einkennist af hraunhólum og hraunhæðum.
Varðan er 1x1m að stærð og 70-80cm á hæð, hún er 5 umför og stendur á gróinni klöpp. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:059 *Hæðarhorn* tóft stekkur 6604.230N 1646.431V
Stekkur er 830-840m suðvestan við gamla bæjarstæðið í Garði 001 og um 780m norðaustan við Þórólfsstaðastekk 035.



NÞ-016:059 Horft til austurs



NÞ-016:059 Horft til suð-suð-vesturs

Stekkurinn er upp við kletta í hæðóttu landi sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum. Stekkurinn er 6x6m að stærð og er tvískiptur. Vestara hólfið er 3x4m að innanmáli, það snýr norður-
suður og er op á því til suðurs. Austara hólfið er lítil kró sem er 1x1m að innanmáli og er op á milli hólfanna. Stekkurinn er byggður upp við klettakrók sem myndar norðurvegg stekkjarins og norðvesturhornið. Hleðslur eru um 60cm háar og um 1m á breidd og virðast þær lítið signar. Þær eru þó lyngivaxnar en botninn er grasi gróinn, hvergi sést í grjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði



NÞ-016:060 Horft til norðurs

NÞ-016:060 *Þórhanna* varða óþekkt 6557.823N 1647.431V
Varðan er 1,2km vestan við Eyjólshæð SÞ-250b:059 og um 12,6km sunnan við bæ 001. Varðan er við vegamót, er hún austan við

vegarslóða sem liggur frá bæ 001 og norðan við annanvegarslóða sem liggur eftir heiðinni frá austri til vesturs, koma þessir tveir slóðar saman þarna hjá vörðunni.
Varðan er fremst eða syðst á hárri klettahæð í landi sem er frekar flatt en einkennist af hraunklettum.
Varðan er um 1x1m að stærð og um 130cm á hæð, hún er 8 umför og ber vel á henni.
Hættumat: engin hætta

NÞ-016:061 varða óþekkt
6557.902N 1646.916V
Varða er 800m vestan við Eyjólfshæð SÞ-250b:059 og um 400m austnorðaustan við Þórhönnu 060.
Varðan er á hárri klettahæð í landi sem er frekar flatt en einkennist af hraunklettum.
Varðan er um 1x1m að stærð og tæplega 1m á hæð. Hún er hlaðin úr frekar stóru hraungrýti, 5-6 umför og er ekki sérlega vandað til hennar.
Hættumat: engin hætta


NÞ-016:061 Horft til norðurs

NÞ-016:062 tóft útihús
6604.530N 1645.781V
Tóft er upp á hól um 80m vestur af bæjarstæði 001 og um 160m austur af útihúsi 006.
Tóftin er á klapparhól sem er sunnan við heimatúnið.
Tóftin er 13x6m að stærð og snýr austur-vestur, hún er tvískipt og er vestara hólfið 4x2m að innanmáli og snýr austur-vestur, en eystra hólfið er 5x4m að innanmáli. Snýr það eins og vestara hólfið. Vegghleðslur eru mjög óljósar og signar, um 20cm á hæð og um 1m á breidd. Ekkert op sást á veggjum og ekki varð vart við neinar grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


NÞ-016:062 Horft til vesturs

NÞ-016:063 *Bláskógarvegur* gata leið 6600.954N 1642.085V
Í Þríhyrningsdal eða Dimmadal er Rauðhóll sem er merki milli Víkingavatns, Fjalla og Þeistareykjalands. „Norðan undir Rauðhól liggur Bláskógavegur til austurs sunnan Bjargsdal, en þaðan til norðausturs yfir Lönguhlíð sunnan til, austur að Undirvegi í Kelduhverfi. Bláskógarvegur var (áður en bílfært varð fyrir Reykjaheiði) fjölfarin sumarleið fyrir þá, sem vildu komast skemmstu leið milli austurhluta Kelduhverfis og Húsavíkur. Hann kom saman við Reykjaheiðarveginn frá Fjöllum hjá Sæluhúsmúla, sem er um miðbil heiðarinnar."
„Hin forni Bláskógarvegur lá frá Undirvegg vestur yfir Reykjaheiði til Húsavíkur. Var það fjölfarin leið fyrrum." Segir í Landi og fólki. „Þessi vegur er aðalþjóðbraut á sumardag frá austri til vesturs yfir Reykjaheiði, eður frá Undirvegg, næsta bæ við þessa hér í Upphverfinu svo vel til Reykjahverfis að Heiðarbót í Grenjaðarstaðarsókn, og er sá heiðarvegur fullir 3/4 þingmannaleiðar, sem og til Húsavíkur höndlunarstaðar, þá leiðin þegar kemur vestur á heiðina liggur mik-



NÞ-016:063 Horft til aust-norð-austurs

ið til norðvesturs, og mun milli bæja lítið leifa af þingmannaleið. nefndur Bláskógarvegur nær einnig til austurs frá Undirvegg yfir þvera uppsveit Kelduhverfis allt að ferjustaðnum yfir Jökulsá, þá Skinnastaðasókn tekur við austan hennar," segir í Sýslu og sóknarlýsingu Þingeyjasýslna.

Bláskógarvegur fer upp á vegginn um 140m vestan við gamla bæjarhólinn á Undirvegg NÞ-004:001.

Bláskógarvegur fylgir akvegi fram hjá Hlíðargerði (NÞ-002:012) til vesturs að Undirvegg. Hverfur hann að hluta undir veginn en oftast er hann í gróðurléttum móa sunnan við veginn. Þegar kemur að Undivegg liggur gatan í gegnum túnið og svo upp á vegginn og liggur þar um mólendi til suðvesturs.

Bláskógarvegur liggur rétt norðan við íbúðarhúsið í Hlíðargerði NÞ-002:012 úr austurátt vestur til Undirveggs og þar vestur lengra að Bláskógum NÞ-016:017. Á þessum vegarparti liggur hann samsíða nýrri vegi sem er ökufær bílum en þegar kemur að túni á Undirvegg liggur hann að gamla bæjarhólnum NÞ-004:001 og þar norðan við hólinn liggur hann upp á vegginn. Gatan virðist þess vegna vera að hluta til notuð undir bílveg en þar sem hún liggur um túnið á Undirvegg og svo um móann vestan við Undirvegg er hún svo til alltaf einföld. Gatan er mjög greinileg, ógróin í botninn en nokkuð mis breið eða frá 30-50cm, dýpt hennar er að jafnaði um 30cm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Víkingavatn, 27-28; Land og fólk, 296; SSÞ, 219

Fornleifaskráning í Kelduneshreppi

Síðara bindi
NÞ-017 Stórárbakki – NÞ-027 Arnanes



Stefán Ólafsson (ritstj.)

Höfundar efnis:
Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson, Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS392-05131
Reykjavík
2008

Forsíðumynd er af Austurgarðaseli NÞ-018:005 í landi Austur-Garðs,
tekin af Árna Einarssyni

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit:

Fyrra bindi:

I. Inngangur 5
II. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd. 6
III. Fornleifaskrá 9
NÞ-001 Þórunnarsel. 9
NÞ-002 Ingveldarstaðir 23
NÞ-003 Krossdalur 60
NÞ-004 Undirveggur 74
NÞ-005 Tóveggur 90
NÞ-006 Byrgi. 99
NÞ-007 Bangastaðir 105
NÞ-008 Fjöll. 118
NÞ-009 Auðbjargarstaðir. 151
NÞ-010 Lón 159
NÞ-011 Víkingavatn 171
NÞ-012 Sultir. 215
NÞ-013 Kílakot 220
NÞ-014 Ólafsgerði 224
NÞ-015 Grásíða. 229
NÞ-016 Garður 246

Síðara bindi

NÞ-017 Stórárbakki 301
NÞ-018 Austurgarður. 306
NÞ-019 Keldunes321
NÞ-020 Kelduneskot. 358
NÞ-021 Nýi bær 361
NÞ-022 Hóll. 376
NÞ-023 Meiðavellir. 419
NÞ-024 Ás 458
NÞ-025 Svínadalur 493
NÞ-026 Eyvindarstaðir. 509
NÞ-027 Arnanes 517

IV. Verndun og kynning minja á svæðinu 533

V. Hnitaskrá 543

VI. Heimildir 577


Viðauki: Minjakort

NÞ-017 Stórárbakki

Ekki nefnd í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Hjáleiga Garðs 1847. JJ, 340. 1959: „Árið 1828 er í landi jarðarinnar [Garðs NÞ-016] byggð hjáleigan Stórárbakki, er fer í eyði 1892, en er byggð aftur upp og flutt úr stað árið 1897 og er þá nefnd Grund, en fer svo í eyði árið 1903. Lýsing Þingeyjarsýslu II, 38-39.

„Þetta býli var hjáleiga frá Garði og stóð bærinn á vestari bakka Litlár (áður Stórár) norður á móts við Nýjabæ [NÞ-021]. Þarna er vitað um ábúð 1828. Í eyði frá 1894.“ Land og fólk, 319


NÞ-017 Stórárbakki



NÞ-017:001 *Stórárbakki* bæjarhóll bústaður 6606.652N 1645.562V



NÞ-017:001 Horft til austurs



NÞ-017:001

„Bakkakot / Stórárbakki. Þetta býli var hjáleiga frá Garði og stóð bærinn á vestari bakka Litlár (áður Stóraá) norður á móts við Nýjabæ [NÞ-021]. Þarna er vitað um ábúð 1828. Í eyði frá 1894," segir í Landi og fólki. „Á bakka Stórár móti Nýjabæ er eyðibýlið Bakkakot, og nokkurn spöl frá ánni aðeins norðar er nýbýlið Grund," segir í örnefnaskrá Garðs. Bærinn er um 3,2km norðan við þjóðveg nr. 85. Bæjarstæðið er á bakka Stórár og sennilega hefur áin brotið eitthvað af því.
Tóftin er í grösugu sléttu túni sem er ekki lengur brúkað og vex mikill loðvíðir.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Land og fólk, 319


NÞ-017:002 garðlag túngarður 6606.640N 1645.644V



NÞ-017:002 Horft til vesturs

Túngarður liggur umhverfis túnin á Stórárbakka 001. Endar túngarðsins ná ekki saman heldur liggja þeir fram á bakka Stórár.
Túngarðurinn liggur í flötu landi og er gróðurhulan nokkuð sendinn og þunn. Loðvíðisbuskar hafa náð sér vel á strik bæði innan túngarðs og utan hans.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 140x60m að stærð og snýr það norður-suður. Túngarðurinn liggur í hálfhring umhverfis bæjarhólinn og ná endar hann út á bakka árinnar. Því hefur Stóra líklega brotið hluta af garði og túni. Garðlagið sjálft er 1m á breidd og um 50cm á hæð, víða er það gróið víði en þó er það að mestu leyti grasi vaxið. Engar grjóthleðslur sjást í því. Á nokkrum stöðum er garðlagið alveg komið í sundur.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

NÞ-017:003 tóft útihús 6606.622N 1645.574V
Útihústóft er innan túngarðs 002 á Stórárbakka. Hún er um 50 m sunnan við bæ 001, á bakka Stórár.




NÞ-017:003


NÞ-017:003 Horft til norð-austurs

Tóftin er á bakka ár í flötu graslendi.
Tóftin er 15x6m að stærð og snýr austur-vestur. Vesturendi tóftar er mjórri en austurendinn. Tóftin er einföld og 13x4m að innanmáli. Veggir eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð. Þeir eru signir og bera þess merki að í þá hefur komið rof sem er sennilega tilkomið vegan ágangs skepna og vinda en það er nú gróið. Allar hleðslur eru grasi vaxnar. Ytri brún veggja er óljósara en innri brúnin og óljóst op er á vestarlega á norðurvegg tóftar. Tóftin er eins og áður sagði alveg á bakka Stórár en ekki er víst að hún hafi nokkuð skemmst af hennar völdum.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-017:004 tóft útihús 6606.610N 1645.605V
Útihústóft er innan túngarðs 002 á Stórárbakka. Hún er 85m suðsuðvestan við bæjarstæði 001, um 30m suðvestan við útitóft 003 og alveg við suðvesturhornið á túngarðinum 002. Tóftin er í flötu mýrlendu túni.
Tóftin er 11x4m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Hún skiptist í 2 hólf. Það syðra 2x3m að innanmáli en það nyðra 2x5m að innanmáli. Ekki sést op á syðra hólfinu en á því nyðra er stórt op eða gat sem er um 3m og snýr til austurs. Hleðslur eru ekki sérlega burðugar og bera vott um að í þær hafi komið rof sem ætla má að sé komið vegna ágangs skepna og vinda, er tóftin er vel gróin núna. Veggir eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð, er innri brún veggja greinilegri en sú ytri og hefur tóftin líklega verið aðeins niðurgrafin. Tóftin virðist eingöngu torfhlaðin.



NÞ-017:004



NÞ-017:004 Horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-017:005 tóft útihús 6606.637N 1645.619V




NÞ-017:005 Horft til austurs




NÞ-017:005

Útihústóft er innan túngarðs 002 á Stórárbakka. Tóftin er 50m suðvestan við bæjarstæði 001, um 50m norðan við útihústóft 004 og um 20m austan við innanverðan túngarðinn 002.
Tóftin er í flötu mýrlendu túni. Gróðurhulan virðist nokkuð þunn, loðvíðisbuskar eru á víð og dreif.
Tóftin er 8x6m að stærð, tvískipt og snýr vestur-austur. Vestara hólfið er 5x3m að innanmáli en hið eystra 4x1m. Tvö op eru á tóftinni, er eitt á vestara hólfinu til suðurs en hitt á eystra hólfinu fyrir miðjum austurgafli. Innri brún hólfa eru nokkuð óregluleg (líklega vegna hruns) en veggir eru um 1m á þykkt og um 50cm á hæð. Tóftin er eins og byggð á einhvers konar upphækkun.

NÞ-017:006 gerði óþekkt 6606.634N 1645.645V



NÞ-017:006 Horft til vesturs




NÞ-017:006

Tvískipt gerði er byggt upp við túngarðinn 002. Er annað hólfið á utanverðum túngarðinum en hitt á honum innanverðnum. Það er 70m vestsuðvestan við bæjarstæði 001 og um 50m norðvestan við útihústóft 004.
Gerðið er í flötu mýrlendu túni og virðist gróðurhulan vera nokkuð þunn.
Gerðið er 7x12m að stærð, tvískipt og snýr norður-suður. Hólf A er á innanverðum túngarðinum og er það 4x2m að innanmáli. Hólf B er 4m er á utanverðum túngarðinum og er það 6x2m að innanmáli. Op er á báðum gerðunum til suðurs og norðan við gerðið er op á túngarðinum. Hleðslur veggja eru um 50cm á hæð og um 1m á breidd, þær virðast vera eingöngu hlaðnar úr torfi eru þær frekar signar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-017:007 gerði óþekkt 6606.649N 1645.639V
Gerði er áfast innanverðum túngarðinum 002, um 20m norðan við gerði 006 og 60m vestan við bæjarstæði 001.
Gerðið er í flötu mýrlendu túni,gróðurhulan virðist nokkuð þunn.
Gerðið er áfast túngarðinum. Það er 9x4m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er 7x3m að innanmáli. Vegghleðslur eru signar og vex loðvíðir í þeim. Þær um 50cm á hæð. Op er á gerðinu til norðausturs, alveg upp við túngarðinn. Gerðið virðist eingöngu hlaðið úr torfi.
Hættumat: engin hætta




NÞ-017:007 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-017:007

Austurgarður, Kelduneshreppi

Stærð túna: 2,5 ha
Þar af slétt: 2/3
Stærð matjurtagarða: 102 m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-018 Austurgarðar

1712: Dýrleiki talinn 5 eða 6 hdr. JÁM, 286. Garðskirkjueign. JJ,340. 1985: „Austurgarður er upphaflega byggður úr landi Garðs og að fornu mati talinn 1/3 af þeirri jörð.“ 1553: Jarðarinnar Eystri-Garðs er getið í máldaga kirkjunnar og var þá hjáleiga í eyði. DI XII, 642.
1569: Jarðarinnar Eystri-Garðs er getið í reikningum Garðskirkju, „Hun a eydikot er heiter Eystre Gardr.“ DI XV, 347.
1712: Austurgarðssel er fornt eyðiból í landi jarðarinnar. JÁM, 286. Jörðin skiptist í Austrugarð I og II, Laufás (1939) og Kvistás. Jörðin á engjatak á Keldunesi, kallast Austurgarðaflaga. JÁM XI, 286
1712: „Engjar öngvar í heimalandi. Úthagarnir eru bjarglegir, með því þetta kot hefur ekki takmarkað land frá staðarins úthögum til beitar.“ JÁM XI, 286 1917: Tún 2,5 ha, þar af 2/3 slétt, garðar 102m2. „Land Austurgarðajarða er allstór sneið austan af Garðslandi. Þær eiga engjar norður í mýrum og einnig í svonefndum Tungum norðan árinnar, þar var ágætur laufheyskapur fyrrum.“ Land og fólk, 260

NÞ-018:001 *Austurgarðar* bæjarhóll bústaður 6604.495N 1644.370V

„Jörð í Kelduhverfi næst austan Garðs og mun hafa verið og er að einhverju leyti enn með sameiginlega úthaga…Suðvestur frá bæ í Austurgarði var gamli bærinn, en norður af honum er langur hóll, sem heitir Járnhryggur.“ segir í örnefnaskrá. Austurgarður er sunnan þjóðvegar nr. 85, þar hafa verið stofnuð þrjú nýbýli á 20. öldinni og standa þau öll í þyrpingu sunnan þjóðvegar þetta eru; Austurgarður 2, Kvistás og Laufás. Bæjarhóllinn er 60-70 m suðsuðvestan við íbúðarhús Austurgarða 2 byggt 1973 og útihúss 007.



NÞ-018:001 Horft til norð-norð-austurs

Hóllinn er í jaðrinum á túni og um 40m sunnan við skrúðgarð sem liggur umhverfis íbúðarhús Austurgarða 2.
Hóllinn er stór, um 30x30m að stærð og upphleðsla hans sem er greinileg er um 1,5 m þegar staðið er norðan hólsins. Enn má sjá leifar af torfhlöðnu garðlagi á norðurhlið hólsins sem er væntanlega ummerki eftir sáðgarð sem hefur verið norðan bæjar. Þétt upp við bæjarhólinn er annarhóll sem í er niðurgrafinn vatnstankur bæjanna. Ekki sér til hústófta á hólnum sem er allur á kafi í miklu grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Austur-Garður og Laufás, 1; Túnakort 1917


NÞ-018:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús

„Suðvestur af gamla bæ er Bænhúshóll, austan hans Hesthúslaut,“ segir í örnefnaskrá. Bænhúshóll er óþekkt örnefni og ekki er vitað hvar bænhús gæti hafa staðið.
Heimildir: Ö-Austur-Garður og Laufás, 1

NÞ-018:003 heimild um útihús 6604.534N 1644.314V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m norðnorðaustan við bæjarhól 001 og um 90m vestan við fjárhús 007. Húsið mun hafa staðið 10m vestan við íbúðarhús Austurgarða 1 og um 5m austan við bílastæði sem eru við Austurgarð 2.
Slétt tún milli Austurgarða 1 og Austurgarða 2.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-018:004 heimild um útihús 6604.536N 1644.247V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120m suðaustan við bæjarhól 001, um 50m austan við útihús 003 og um 140m austan við fjárhús 007.
Í nokkuð hæðóttu túni, steypt geymsla er 20m sunnar og landið hallar til suðausturs að lítilli kvos.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


NÞ-018:005 *Austurgarðasel* bæjarstæði býli/sel 6604.046N 1644.275V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Austurgardasel kallast fornt eyðiból í þessrar jarðar landi suður frá heimajörðunni, og eru þar ljós byggíngarmerki tófta og garðaleifa. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, er og túnið mestan part viði vaxið."



NÞ-018:005A

„Suður á Hæðum suðvestur af Austurgörðum," segir í Landi og fólki. „Vestur af Fannabæli er Gamlistekkur, er gamalt eyðibýli, við Austustustíga," segir í örnefnaskrá. „Gamlistekkur: Mun áður hafa heitið Austurgarðasel," segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.
Austurgarðasel er tóftasvæði sem samanstendur af þrem túngörðum og afmarkar ysti túngarðurinn svæði sem er 220x250m að stærð. Innan tóftasvæðisins er ennfremur 6 tóftir og eitt gerði. Austurgarðasel er um 800 - 850m suður af bæjarhól 001, austan megin við jeppatroðning sem liggur frá Austurgarði suður á heiði og vestan megin við það og áðurnefndan jeppaslóða er Garðasel NÞ-016:043. Það eru 550 - 600m á milli túngarða á Garðaseli og Austurgarðaseli og stekkur 010 er um 240m norðar en túngarðurinn á Austurgarðaseli.
Tóftasvæðið er í stórþýfðum móa sem einkennist hraunhólum og hraunsprungum og hallar landið til austurs.
Eins og áður segir er svæðið alls 220 x 250 m að stærð og sést þar þrefaldur túngarður auk nokkurra tófta. Tóft A er norðarlega innan innsta túngarðs og er hún líkleg til þess að hafa verið bæjarhóll. Tóftin er í þýfðum lyngivöxnum móa. Hún er á áberandi

NÞ-018:005 Austurgarðasel






NÞ-018:005A Horft til austurs



NÞ-018:005B Horft til vesturs

upphlöðnum hól sem er 20x15m að stærð, snýr norður og suður og er um 150cm á hæð sé staðið austan megin við hólinn. Tóftin sjálf er aftur á móti frekar óljós og veggir hennar mjög signir en breiðir þar sem þeir eru skýrastir. Greina má fjögur hólf í tóftinni, syðst er hólf A sem er 5x2m að innanmáli og snýr vestur og austur, það er alveg opið til vesturs, það er að segja þá er enginn vesturgafl á því. Norður af því er hólf B sem er 3x3m að innanmáli, op er á milli hólfa A og B. Norðan við hólf B eru hólf C og D en þau eru eiginlega bara dældir. Hólf C er 3x3m að innanmáli og má greina óljóst op um norðvesturhornið á því og norðan við það er síðan 4. hólfið 2x1m að innanmáli. Hóllinn er allur grasi vaxinn og sker sig ágætlega út úr lyngvöxnu umhverfi sínu.




NÞ-018:005C



NÞ-018:005C Horft suð-vesturs

Tóft C, sennilega af stekk, er innan innsta túngarðsins, um 18m suðaustan við bæjartóft A og um 40m norðan við tóft G. Hún er í þýfðum lyngvöxnum móa og hallar land til austurs. Tóftin er 11x7m að stærð og snýr vestsuðvestur og austnorðaustur. Hleðslur veggja eru mjög skýrar og beinar að innanverðu en ytra byrði bæði norðvestur- og suðaustur-veggja mjög óljóst svo að sennilega er tóftin lítillega niðurgrafin. Tóftin skiptist í tvö hólf, það stærra er 6x5m að innanmáli og snýr eins og tóftin, er op á því til austnorðausturs. Hitt hólfið er 3x2m að innanmáli og snýr þvert á það stærra, ekki er hægt að greina op á milli hólfanna. Öll er tóftin hvanngræn og mun unglegri en A, eru hleðslur frekar lítið signar.

Tóft D er um 25m suðvestan við bæjartóft A og um 20m vestsuðvestan við tóft C, er hún innan innsta túngarðsins. Hún er í þýfðum lyngmóa sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum.




NÞ-018:005D

Tóftin er 14x8m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, tóftin er tvískipt og er syðra hólfið 5x4m að innanmáli en það nyrðra 3x2m að innanmáli. Nyrðra hólfið hefur engan austurvegg. Vegghleðslur eru mjög signar og óglöggar en þó má finna fyrir gjóti í veggjum og þá aðallega norðurvegg stærra hólfsins en tóftin er mikið grasi vaxin. Við suðurendann á tóftinni er áberandi þústasvæði sem er um 8x8m að stærð og má þar sjá óljóst veggbrot sem gæta hafa verið partur af tóftinni svo að vera má að tóftinni hafi verið breytt einhvern tímann.


NÞ-018:005D Horft til norð-norð-austurs

Tóft E er í suðvesturhorninu á ysta túngarðinum, um 125m suðvestan við tóft A og um 30m suðaustan við vörðu 006. Hún er stórþýfðu landi sem einkennist af klettahólum og klettasprungum. Tóftin er áföst innanverðum ysta túngarðinum. Hún er 8x7m að stærð ásamt



NÞ-018:005E


NÞ-018:005E Horft til norðurs

túngarði og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er bara eitt hólf sem er 3x4m að innanmáli, eru vegghleðslur um 150cm á breidd og um 60cm á hæð. Tóftin er lyngi vaxin en gras er í botninum.

Gryfja F er um 15m norðvestan við bæjartóft A og er alveg við innanverðan innsta túngarðinn. Hún er um 40m norðan við tóft D, í grunnri grasdokk í landi sem er mjög stórþýft og lyngvaxið. Dældin eða gryfjan er um 2x1m að innanmáli og um 80cm að dýpt og mun sennilega hafa verið brunnur frekar en kolagröf þó að erfitt sé að slá slíku föstu.


Tóft G er um 30m sunnan við bæjartóft A og er hún áföst innsta túngarðinum og við hann innanverðan. Hún er um 40m austan við tóft H. Tóftin er í stórþýfðum lyngvöxnum móa. Tóftin er 21x9m að stærð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún er þrískipt og liggja hólfin



NÞ-018:005F Horft til norð-norð-vesturs



NÞ-018:005G Horft til norð-norð-austurs




NÞ-018:005G



NÞ-018:005H Horft til suð-suð-vesturs

hvert upp af öðru, er suðvesturgaflinn á henni áfastur túngarðinum. Innsta hólf tóftarinnar, hólf A, er næst túngarðinum og er 7x3m að innanmáli, það snýr þvert á tóftina og er op á því sem liggur að hólfi B. Hólf B er norðvestur af hólfi A og er 4x4m að innanmáli, frá því liggur óljós gangur sem er um 5m langur að hólfi C sem er norðaustan við hólf B. Gangurinn er alveg við norðvesturlangvegginn en suðaustan megin við ganginn er mjög þýft og lítur helst út fyrir að vera hrun, því má vel vera að tóftin hafi bara verið tvískipt. Ekki er hægt að greina augljóst op á útveggjum. Gerði H er áfast innsta túngarðinum utanverðum. Það er 50m suðvestan við bæjartóft A, um 40m vestnorðvestan við tóft G og um 5m sunnan við tóft I. Gerðið er í lyngvöxnum og stórþýfðum



NÞ-018:005H


móa. Eins og áður sagði er gerðið áfast utanverðum innsta túngarðinum og er 8x11 m að stærð að túngarðinum meðtöldum, en 10x5m að innanmáli. Gerðið snýr norður og suður og er það að hluta niðurgrafið og veggir hlaðnir upp að innanverðu. Á það sér í lagi við um gaflana að norðan og sunnan, annars eru vegghleðslur um 60cm á hæð og um 1m á breidd. Gerðið tengist túngarðinum bara að norðan verðu, að sunnan hefur verið byggður veggur sem liggur frá suðurgaflinum til norðurs meðfram túngarðinum og myndast við það 6m langur gangur sem eru jafnframt dyrnar á gerðinu. Þar sem gerðið er að hluta niðurgrafið er ytra byrði þess frekar óljóst og á það sér í lagi við um suðvesturhornið en þar verður ekki greind nein vegghleðsla.

Tóft I er áföst innsta túngarðinum innanverðum, hún er um 5m norðar er gerði H, um 40m suðvestan við bæjartóft A og um 50m norðvestan við tóft G. Tóftin er í stórþýfðum lyngvöxnum móa. Tóftin er áföst innsta túngarðinum og á honum innanverðum, hún er 4x6m að stærð að túngarðinum meðtöldum og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er 4x2m að innanmáli og ekki er hægt að sjá neitt op á henni. Hleðslur veggja eru litlar og þýfðar, þær eru um 40cm á hæð og um 80cm á breidd, er ytrabyrðið skýrara en innrabyrðið. Tóftin er öll grasi vaxin og er unglegri en bæjartóftin A.



NÞ-018:005l Horft til norð-norð-vesturs

Túngarðarnir eru þrír. Sá innsti er lítið eitt egglaga, afmarkar svæði sem er 130x80m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Umhverfis innsta túngarðinn er annar túngarður sem afmarkar svæði er 170x150 að stærð og umhverfis þann túngarð liggur svo þriðji túngarðurinn sem afmarkar svæði sem er 220x250m að stærð. Um 20-40m eru á milli túngarðanna sem liggja um stórþýft land sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum og liggja túngarðarnir oft að þessum hólum.



NÞ-018:005l

Innsti túngarðurinn er um 1m á breidd og um 60cm á hæð, innri brún hans er brattari en sú ytri en engu að síður er garðurinn mjög skýr. Það er eins og óljóst garðlag liggi norður af tóft A og að túngarðinum. Annar túngarður liggur umhverfis þann innsta og er hann einnig mjög skýr, er hann um 120cm á breidd og um 50cm á hæð en þó eins og hann sé örlítið signari en sá innsti. Umhverfis þessa tvo túngarða liggur svo þriðji túngarðurinn, hann er um 3m á breidd og 30-60cm á hæð, mjög rúnnaður og siginn og víða kominn í þúfur. Ysti túngarðurinn liggur á milli hraunhóla í landinu, það á ekki eins við um innri túngarðana tvo og í nágrenni við þessar hæðir á túngarðurinn til að verða mjög óljós og nánast hverfa. Ysti túngarðurinn tengist mið-túngarðinum að austan, liggur hann út frá suðausturhlið mið-túngarðsins og umhverfis hann. Vestan við tóftasvæðið liggur ysti túngarðurinn að nokkuð stórum hól að norðan verðu en heldur síðan áfram sunnan hólsins. Liggur hann þar framhjá upphafi sínu og byrjar í raun fjórða túngarðinn og endar svo á klofnum hraunhól um 100m norðaustan við upphaf sitt. Það má því segja að túngarðarnir séu 4 á um 100m kafla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 286; Land og fólk, 323; Ö-Austur-Garður og Laufás, 2; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.



NÞ-018:005 Austurgarðasel séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

NÞ-018:006 varða óþekkt 6604.004N 1644.414V



NÞ-018:006 Horft til norð-norð-vesturs

Varða er um 950m sunnan við bæjarhól 001, alveg við vestsuðvesturhlið túngarðs á Austurgarðaseli 005 og um 330m norðan við stekk 010.
Varðan er á litlu hraunholti sem er lítt gróið.
Varðan er lítið eitt kassalöguð en ágætlega hlaðin úr frekar ungu hraungrýti og lítið gróin. Hún er 1x1m að stærð í grunninn og um 70cm á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

NÞ-018:007 heimild um fjárhús 6604.521N 1644.425V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 60m norðvestan við bæjarhól 001 og 80-90m vestsuðvestan við útihús 003. Það mun hafa verið fjárhús og standa þar enn útihús sem eru steinsteypt.
Í frekar sléttu túni nálægt bæ.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

NÞ-018:008 *Rjúpnasel* örnefni sel 6602.346N 1645.113V



NÞ-018:008 Horft til aust-suð-austurs

„Um 4 km suður af Austurgörðum, hvar nú er nýlegt tún frá Austurgörðum," segir í Landi og fólki. „Þar suður af við Austurstíga er sel öðru nafni Rjúpnasel. En Hallandaþúfa er þar suður af, brekkur eru suðaustan við Hallandaþúfu þar nokkuð sunnan við Rjúpnasel er heiðargirðingin," segir í örnefnaskrá. Rjúpnasel er 3,9km suður af bæjarhólnum í Austurgarði 001, liggur vegarslóði frá Austurgörðum suður að Rjúpnaseli og er Rjúpnasel austan megin við þennan vegarslóða. Ekki sést lengur til neinna tófta á Rjúpnaseli þar sem býlið var sléttað undir tún, reyndar er hætt að nýta þetta tún og vex loðvíðir þar nú innan girðingar óáreittur.


Afgirt tún sem er farið úr notkun og er það mikið vaxið loðvíði.

Rétt sunnan við túnið má greina um 80m langt garðlag sem sennilega hefur verið túngarður umhverfis býlið og norðan við þetta garðlag eru þrjár þústir sem gætu verið óljósar minjar hústófta. Garðlagið, hér nefnt A, er 130-140m suðvestan við þúst B. Garðlagið er tvöfalt, það er að segja, garðlögin eru tvö þétt saman og er hvort garðlag um 150cm á breidd og um 1m dæld er á milli þeirra. Samanlagt er túngarðurinn því um 4m á breidd, hann er um 80m langur og liggur í boga, hverfa endar hans undir tún sem er norðan megin við túngarðsleifarnar. Hleðsluhæð garðsins er um 80cm. Þúst B er hóll sem er um 30x15m að stærð og snýr í suðvestur og norðaustur. Ekki er hægt að greina nein hólf en hóllinn er um 150cm á hæð og gæti verið myndaður af upphlöðnum mannvistarleifum. Þúst C er um 50m suðaustan við þúst B og 120m norðaustan við eystri endann á túngarðinum A. Þetta er grösugur hóll en ekki sást nein merki eftir hólf, hann gæti verið upphlaðinn og þá um 50cm. Þúst D er um 110m vestsuðvestan við þúst B og um 80m norðan við vestari endann á túngarðinum A. Þústin er 40x15m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur og gæti hæð hólsins verið um 2m. Suðaustan í hólnum er klöpp.

Heimildir: Land og fólk, 322; Ö-Austur-Garður og Laufás, 3

NÞ-018:009 *Skinnhólar* tóft stekkur 6603.851N 1644.764V


Skinnhólar heita háir klapparhólar um einn og hálfan kílómetra suður af Austurgörðum. Í djúpri dokk milli hólanna er tóft sem mun hafa verið stekkur. Hún er 80-90m austan við vegarslóða sem liggur frá Austurgörðum suður á heiði, 140-150m norðan við Skinnhólasel 013 og um 330m vestan við stekk 010.



NÞ-018:009 Horft til norðurs

Tóftin er í djúpri dokk og er byggð upp við bröttustu hlið hennar. Brekka myndar norðurhlið tóftarinnar.

Stekkurinn er 16x6m að stærð og snýr austur og vestur. Hann er þrískiptur, austast er hólf sem er 2x3m að innanmáli og er op á því til norðurs, hólf vestan við það er er 5x4m að innanmáli og er op á því til norðausturs og til vesturs alveg upp við norðurvegginn. Ligg-




NÞ-018:009

ur það op að vestasta hólfi stekksins sem er 2x3m að innanmáli, annað op er á þessu hólfi til suðurs fyrir miðjum suðurvegg. Vegghleðslur eru greinilegar og eru þær um 1m á hæð og um 1m á breidd. Ekki er hægt að sjá grjóthleðslur í veggjum en nokkrir steinar eru í botni stekksins sem virðast honum sjálfum óviðkomandi.

Hættumat: engin hætta

NÞ-018:010 tóft stekkur 6603.840N 1644.326V



NÞ-018:010

Tóft sem mun að öllum líkindum vera af stekk er 1,2km beint suður frá bæjarhól 001, um 230-240m sunnan við túngarð á Austurgarðaseli 005 og 330-340m austan við stekk 009.
Stekkurinn er í grasigróinni djúpri dokk. Landið umhverfis dokkina er stórþýfður lyngvaxinn mói sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum.
Stekkurinn er 9x9m að stærð og skiptist í 3 hólf. Stærsta hólfið er 6x4m að innanmáli og snýr norð-austur og suðvestur. Suðurveggur þess virðist að öllu leyti náttúrulegur, hann liggur í boga inn í hólfið og þrengir nokkuð að rými þess, einnig er hann nokkuð lægri en aðrir veggir og myndar eins og stall sem snýr inn að hólfinu og bendir flest til þess að þarna hafi verið útbúin jata. Tvö lítil hólf eru svo norðaustan við stóra hólfið og eru þau bæði um 2x2m að stærð og snúa norðvestur og suðaustur. Op er á milli þeirra og einnig um norðvesturvegg. Vegghleðslur eru um 60cm á hæð og um 1m á breidd.

Hættumat: engin hætta



NÞ-018:010 Horft til suð-austurs


NÞ-018:011 varða óþekkt
6603.533N 1644.366V
Varða er 1,8km sunnan við bæjarhól 001, 200m vestan við vörðu 012 og 570-580m sunnan við stekk 010.
Varðan stendur á stóru klapparholti og sér vel til hennar en einnig er fínt útsýni frá henni.
Varðan er 1,2x2m að stærð og um 150cm á hæð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur. Hún er um 10-11 umför og er alveg ferhyrnd, fallega hlaðin úr flötu grjóti og nokkuð gróin skófum, er hún ekkert farin að hrynja.
Hættumat: engin hætta


NÞ-018:011 Horft til norð-vesturs

NÞ-018:012 varða óþekkt
6603.526N 1644.117V
Varða er 1,8km sunnan við bæjarhól 001, 200m austan við vörðu 011 og um 620m sunnan við stekk 010.
Varðan er á stóru egglaga mosagrónu klapparholti sem liggur norður og suður.
Varðan er um 1x1m að stærð og um 130cm á hæð, hún er um 7 umför og hlaðin úr frekar ungu hraungrýti, lítt gróin.
Hættumat: engin hætta



NÞ-018:012 Horft til suðurs

NÞ-018:013 *Skinnhólasel* tóftaþyrping sel
6603.777N 1645.024V
„Skinnhólasel. Þetta eyðibýli hefur í sumum heimildum verið kallað Stekkjarsel. Ekki veit sá er þetta ritar, hvort nafnið er upprunalegra … Ekkert er vitað um búsetu á þessu býli. Það er um einn og hálfann [svo] km suð-suðvestur frá Austurgörðum, rétt sunnan og vestan við Skinnhóla" segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar frá Garði. „Stekkjarsel. Staður óþekktur," segir í Land og fólki. Ekkert er minnst á Skinnhólasel eða Stekkjarsel í örnefnaskrám Garðs né Austurgarðs. Minnst er á Stekkjarsel í Land og fólki en í þeirri upptalningu kemur hvergi fram í landi hvaða jarðar það ætti að vera né hvaðan nafnið kemur. Ekki er heldur getið um Skinnhólasel eða Stekkjarsel í Jarðabók Árna og Páls 1712. Þessi örnefni munu þó eiga við tóftasvæði sem saman stendur af 4 tóftum og einum túngarði sem liggur umhverfis tóftirnar og afmarkar svæði sem er 270x150m að stærð og snýr austur og vestur. Tóftasvæði þetta er 1,4km suðsuðvestur af bæjarhól 001, það er suðvestan við Austurgarðasel 005 og eru um 500m á milli túngarðanna. Þetta er sunnan eða suðsuðaustan við Garðssel NÞ-016:043 og eru þar um 360m milli túngarðanna



NÞ-018:013A

NÞ-018:013 Skinnhólasel





NÞ-018:013A Horft til norðurs


Tóftasvæðið er í stórþýfðu og lyngi vöxnu landi sem einkennist af hraunhólum og hraunsprungum.

Tóft A er heldur norðar en fyrir miðju innan túngarðs, um 70m norðaustan við tóft C og um 30m norðvestur af tóft D. Tóftin er eiginlega í grunnri hvilft, eru tveir hólar norðan og vestan við tóftina en annars er landið stórþýft og einkennist af hraunhæðum. Tóftin er 22x12m að stærð og snýr norður og suður, hún skiptist í 6 hólf sem mynda tvær hólfaraðir. Vestan megin eru 4 hólf, syðst eru tvö lítil hólf hlið við hlið 2x2m að innanmáli,

norðan við þau er hólf sem er 4x3m að innanmáli og snýr norður og suður og norðan við það er fjórða hólfið sem er 3x2m að innanmáli, er op á því til norðurs. Austan megin eru tvö hólf, nyrðra hólfið sem er eiginlega samsíða hólfaröðinni vestan megin er 9x3m að stærð, snýr norður og suður og er op á því nyrst á austurvegg. Syðra hólfið kemur eins og viðbygging austan megin á suðurgafl tóftarinnar, það er 5x4m að innanmáli og er op á því nyrst á vestur vegg. Vegghleðslur virðast mjög signar um 40cm á hæð og 1-3m á breidd. Túngarður B liggur umhverfis tóftasvæðið og afmarkar svæði sem er 270x150m að stærð og snýr austur og vestur. Við suðausturhorn túngarðsins er stór klofin klettaborg sem nefnist Klofaklettur. Tóftasvæðið er í stórþýfðu landi sem hallar til norðurs og einkennist af hraunhólum og sprungnum klettaborgum. Túngarðurinn eða garðlagið er um 120cm á breidd og hæst um 60cm, hann liggur ekki alveg óslitið umhverfis svæðið heldur hefur hann verið byggður að hraunhólum og hæðum og kannski vegna þess hafa eyðingaröflin haft greiðari aðgang að honum en hann er ógreinilegastur þar. Vegur sem liggur frá Austurgörðum og upp á heiðina liggur þvert í gegnum býlið og klýfur suður- og norðurhlið túngarðsins.



NÞ-018:013C Horft til austurs




NÞ-018:013C

Tóft C er vestarlega innan túngarðs B, um 75m suðvestan við tóft A og um 90m vestsuðvestan við gryfju E. Tóftin er á dálítilli hæðarbungu í stórþýfðum móa og er hún öll lyngvaxin. Tóftin er 19x9m að stærð, snýr vestur og austur og er tvískipt. Vestara hólfið er 7x3m að innanmáli en eystra hólfið er 6x3m að innanmáli og er op á því til austurs. Hleðslur veggja eru mjög útflattar og ávalar um 40cm á hæð og um 3m á þykkt, ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.

Tóft D er um 30m austsuðaustan við tóft 013A, um 10m




NÞ-018:013D Horft til norðurs



NÞ-018:013D



NÞ-018:013E Horft til norð-austurs



NÞ-018:013E

norðan við gryfju E og 80-90m austnorðaustan við tóft C. Tóftin er í stórþýfðum móa og hallar land til norðurs. Tóftin er 11x8m að stærð, snýr norður og suður og er hún tvískipt. Syðra hólfið er 5x4m að innanmáli og er op á því nyrst á austurvegg en það nyrðra er 4x1m að innanmáli og er ekki hægt að sjá neitt op á því. Veggir eru um 50cm á hæð og um 2m á þykkt, líta þeir út fyrir að vera mikið signir og útflattir, er ytrabyrðið er ógreinilegra en innrabyrðið. Tóftin er öll lyngi vaxin og ber ekki mikið á henni.
Gryfja E er 10-15m sunnan við tóft D og 80-90m austnorðaustan við tóft C. Gryfjan er í þýfðum móa og hallar land til norðurs. Gryfjan er 2x2m að stærð og er áberandi grösug í lyngvöxnu umhverfi sínu, hún er um 1m á dýpt og er svo til alveg ferhyrnd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi; Land og fólk, 323.


NÞ-018:014
Tóftasvæði sást á loftljósmynd um 100m austan við 001 og um 100m sunnan við 004.
Í ósléttu landi milli túna.
Minjarnar voru ekki skráðar á vettvangi en að öllum líkindum eru þær tvær. Er tóftasvæðið um 50x10 að stærð og snýr norður suður.



NÞ-018:014 Ljósmynd: Árni Einarsson

Keldunes, Kelduneshreppi

Stærð túna: 7,2 ha
Þar af slétt: 1/2 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: 224 m2



NÞ-019 Keldunes

1232: „Fór biskup [Guðmundur biskup] þá af Skinnastöðum og vestur yfir Jökulsá. Hann gisti í Keldunesi.“ Sturlunga I, 336. 1449: Keldunes talið upp í skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar í Hjaltadal. DI V, 39. Meðal Hólastólsjarða 1525 og 1550 - DI IX, 301 og DI XI, 864.
Keldunes í reikningum Hólastóls 18. febrúar 1569. DI XV, 225.
Jarðadýrleiki óviss 1712. Hólastólseign. Bænhús á jörðinni. Hjáleigur 1712: Kelduneskot (NÞ-020], Eyvindarstaðir (NÞ-026), Hraunarðasel (007) (Vellir) allar í byggð en Rönd (NÞ-001:005) og Hrútstaðir (009) í eyði. Önnur afbýli voru Tóftir (), Tunga og Höfði öll í byggð á 19. öld.
„Keldunes er ein af elstu jörðum sveitarinnar og var fyrrum mjög stór. Nýibær [NÞ-021] og Arnanes [NÞ-027] eru byggðar úr landi hennar fyrir löngu en auk þess eiga jarðirnar Framnes, Kelduneskot [NÞ-020], Lindarbrekka, Höfðabrekka, Eyvindarstaðir [NÞ-026] og Eyvindarholt óskipt land með Keldunesi og mynda svokallaða Keldunestorfu.“ Land og fólk, 278 Á Keldunesi I hefur ekki verið rekinn búskapur síðan 1969 og má því segja að hann sé í eyði. Keldunes II var stofnestt 1953 og Höfðabrekka 1955. Framnes er nýbýli, stofnað 1935 sem er byggt á 1/3 af landi jarðarinnar. Land og fólk, 278-282.
1712: „Túninu hefur spilt fyrir vel 20 árum Jökulsá í því mikla hlaupi, sem þá kom í hana, með leirsárburði nærri til helmínga, sem nú er mestan part upp sprottið, fyrir utan hálfa aðra dagsláttu. Á næstliðna vetri hljóp hún og nokkuð á túnið, en ekki til stórs skaða. Hætt er við að Jökulsá taki hey af enginu þegar lítið fram á sumar, og hefur stundum af því skaði orðið, orðsakast það so að ána grunnstínglar í haustfrostum, og hleypur hún því á engið og ber heyrið í rastir og sumt í burt. Úthagarnir eru bjarglegir.“ JÁM XI, 288
„Land Keldunestorfunnar er víðáttumikið til heiðarinnar, þurrt en vel gróið og gott fyrir sauðfé. Skinnstakkahraun er sunnarlega í landinu, útið og illt yfirferðar … Norðan við bæinn er Keldunessandur sem ær alla leið að mörkum Nýjabæjar og Þórunnarsels. Er það allgott beitiland og mikið af því notað sem engi fyrr á árum. Tún jarðarinnar eru að hluta til á samnefndu nesi en einnig hafa verið ræktaðir lyngmóar fjær, bæði til suðausturs og í höfðanum vestan við Brunna.“ Land og fólk, 278

NÞ-019:001 *Keldunes* bæjarhóll bústaður 6604.620N 1640.894V



NÞ-019:001 Horft til aust-suð-austurs

„Örnefni í túni Kelduness eru þá þessi: Íbúðarhúsið er þar úr steini og er byggt upp á sama stað og gamli bærinn stóð, en hann var úr torfi,“ segir í örnefnaskrá. Bærinn mun hafa staðið um 20m norðaustan við núverandi íbúðarhús sem er reist 1954.
Slétt plan sem nýtist sem bílastæði milli tveggja húsbygginga.
Ekkert sér til minja og hafa aðstæður á bæjarhólnum sennilega breyst mikið, er varla hægt að tala um bæjarhól en þó má hugsanlega greina um 30cm uppsöfnun þar sem bærinn stóð síðast. Bæjarhóllinn er um 30x12m að stærð og stendur enn íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu, járnklætt steinhús sem er hæð og kjallari.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 2

NÞ-019:002 heimild um bænhús 6604.620N 1640.894V
Kirkju í Keldunesi er getið í Máldaga frá 1394: „[í Garði] er prestsskylld og tekur heima fiorar merkur. vatn þriär merkur ef luckt er af kiellduneseí,“
Engar vísbendingar eru um hvar bænhúsið hefur staðið. Langoftast hafa slík hús þó staðið á bæjarstæðum eða í það minnsta skammt frá þeim og er hnitið hér að ofan það sama og á bænum 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Máld DI III, 585

NÞ-019:003 tóft útihús
6604.559N 1640.654V
„Rétt fyrir sunnan bæinn er nýbýlið Framnes, byggt 1935, og suðaustur af Framnesi eru fjárhús og hlöður, þar var einnig áður kindahús úr torfi. Þetta er allt á smáhólum og hæðum,“ segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing mun eiga við útihús sem samkvæmt túnakorti frá 1918 voru um 200m suðaustan við bæ 001, má þar enn sjá óljós tóftabrot.
Í jaðri á frekar hæðóttu túni, nálægt útihúsum sem enn eru brúkuð.
Tóftin er um 9x8m að stærð, um 5x6m að innanmáli. Hún er á frekar háum hól eða vel grónum kletti. Hún er einföld, opin til vesturs og má ætla að á henni hafi verið timburgafl. Hleðsluhæð veggja er um 40cm og þykkt þeirra um 2m.


NÞ-019:003 Horft til suð-austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 2; Túnakort 1918

NÞ-019:004 heimild um útihús
6604.512N 1640.745V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 230m suðsuðaustan við bæ 001 og um 110m suðvestan við útihús 003.
Þar er fallegur, stór og grösugur hóll í túni. Ekkert sér til minja en þó ekki óhugsandi að mannvistarleifar leynist í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-019:004 Horft til suðurs

NÞ-019:005 þúst útihús 6604.486N 1640.745V



NÞ-019:005 Horft til norð-austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 250m suðsuðaustan við bæ 001 og um 40m suðvestan við útihús 004. Þar sést óljósa dæld.
Stór hóll og er ágætis útsýni af honum.
Óljós dæld er á staðnum þar sem útihúsið mun hafa staðið, þá vottar þar einnig fyrir lítilli vegghleðslu eða grjóthleðslu og síðan eru timburleifar í dældinni. Vel má vera að þær séu eftir yngra hús en það sem stóð er túnakortið var teiknað. Þústasvæðið gæti verið um 18x6m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-019:006 heimild um þingstað 6604.610N 1640.890V
„Í Keldunesi var lengi þingstaður sveitarinnar eða þar til félagsheimilið Skúlagarður var reist 1959," segir í Landi og fólki. Þess er einnig getið í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjasýslna frá 1839-1844 að Keldunes hafi verið þingstaður. Þingstaðurinn var á bæjarhólnum og stendur þar nú tveggja hæða steinhús járnklætt.
Á staðnum sem er á sunnanverðum bæjarhólnum stendur íbúðarhús.
Ekkert sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Land og fólk, 280; SSÞ, 214

NÞ-019:007 *Hraungarðasel* bæjarstæði býli 6602.513N 1641.377V



NÞ-019:007A Horft til norð-vesturs

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Hraungardasel, 3. hjáleiga, að fornu hefur þetta heitið Veller. Bygð fyrir manna minni suður frá Eyvinda<r>stöðum á fornu eyðibóli, eftir sem líklegt sýnist af fornum girðingum, sem hjer eru í kríng alla vega. Afdeilt tún og engi hefur þessi hjáleiga so sem hinar." „Hraungarðasel er eyðibýli sunnan og austan við Keldunesbeitarhúsin [018], örskot þaðan, það er norðan og vestan undir Hraungarðshorni, selið er frá Eyvindarstöðum og eru þar nokkrar rústir. Vellir mun vera rétta nafnið, en hefur breyst og er ætíð nefnt Hraungarðasel … (Ath.: Óli Hjartason segir Hraungarðasel aldrei hafa verið nefnt Velli, svo hann viti)," segir í örnefnaskrá. Hraungarðasel er um 3,9km suðsuðvestur af bæjarhól á Keldunesi 001 og um 1,2km vestan við Hermannshól ytri 040. Hraungarðasel er tóftasvæði samanstendur af tvöfaldum túngarði sem afmarkar svæði sem er um 280x160m að stærð og sex tóftum.
Tóftasvæðið er í stórþýfðum móa undir frekar bröttum bakka.
Tóft A er frekar miðsvæðis á tóftasvæðinu, túngarðarnir sem eru tveir ná ekki endum saman og



NÞ-019:007A

eru því bara norðan og vestan megin við tóftina en ekki sunnan og austan við hana. Tóftin er í þýfðum móa. Tóftin er á rústahól sem er um 40x26m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og er um 2m á hæð. Tóftin sem síðast hefur verið byggð á hólnum er sennilega beitarhús, byggð norðaustan megin á hólnum, um 20x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Tóftin gæti hafa verið tvískipt því lítið veggbrot er nokkurn veginn fyrir miðri tóft áfast suðvesturveggnum. Innra hólfið gæti því hafa verið 5x4m að innanmáli og eru stallar í veggjum beggja vegna við norðvesturgaflinn sem hafa sennilega verið jötur. Það er 3x4m stór pallur við norðvesturgaflinn sem kannski hefur verið hlaða. Hitt hólfið hefur sennilega verið um 8x4m að innanmáli en það er enginn gafl á tóftinni til suðausturs og suðvesturveggurinn er styttri en norðausturveggurinn. Hleðslugrjót er ekki áberandi í tóftinni, svo gróin er hún, en þó má finna fyrir því á einum stað. Nóg er af grjóti í kring svo sennilega er tóftin byggð úr torfi og grjóti. Veggir eru um 50cm á hæð og um 2m á breidd, ytra byrði er þó mjög óljóst en innrabyrði þeim mun skýrara.


Tvöfaldur túngarður (B) liggur umhverfis tóftasvæðið að norðan og vestanverðu og afmarka garðlögin svæði sem er 280x160m að stærð. Garðarnir liggja umhverfis tóftasvæðið að vestan og norðan, en að sunnan og austan afmarkast svæðið af frekar bröttum bakka frá náttúrunnar hendi. Eru flestar tóftirnar undir bakkanum. Garðlögin eru um 2m á breidd og um 60cm á hæð. Þau eru víða hlaupin í þúfur og eru bæði á kafi í fjalldrapa og lyngi. Ytri garðurinn virðist vera lúnari og slitnari en sá innri en annars eru þeir nokkuð svipaðir, um



NÞ-019:007B Horft til vest-suð-vesturs



NÞ-019:007C Horft til norðurs




NÞ-019:007C

60m eru á milli þeirra. Tóft C er um 40m austsuðaustur af tóft A og um 100m norðaustan við tóft F. Tóftin er 22x9m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð veggja er um 50cm og eru þeir um 1,5m að breidd. Tóftin er þrískipt. Nyrst er hólf sem er 6x3m að innanmáli, frekar óljóst, sunnan við það er hólf sem er 6x5m að innanmáli og er op á því nyrst á austurveggnum, syðst er svo hólf sem er 8x5m að innanmáli og er op á því til vestast á suðurvegg. Tóftin er öll grasi vaxin en ekki eins gróskumikil og tóft A, er meira af lyngi og mosa í henni. Óljós dæld er austan við miðhólfið sem líkleg tengist tóftinni á einhvern hátt en hún er mjög óljós.

Tóft D er 20m norðaustan við tóft A, um 6m norðaustan við tóft E og 40-50m norðvestan við tóft C. Tóftin er sennilega fjárhús. Hún er 11x9m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, eru




NÞ-019:007D Horft til norð-austurs



NÞ-019:007D

vegghleðslur um 40cm á hæð og 1m á breidd. Tóftin er þrískipt. Norðaustast er hólf sem er 3x1m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur, suðvestan við það er hólf sem er 5x3m að innanmáli og liggur 3m langur garði eftir því sem er áfastur norðausturgaflinum. Op er á þessu hólfi syðst á suðausturveggnum að þriðja hólfinu sem er 3x1m að innanmáli og snýr það eins og fjárhúsin. Ekki var hægt að greina neitt op á útveggjum. Tóftin er öll grasi vaxin en ekki eins gróskumikil og tóft A, er meira af lyngi og mosa í henni.




NÞ-019:007E



NÞ-019:007E Horft til norð-norð-austurs

Tóft E er um 10m norður af tóft A, um 6m suður af tóft D og um 40m norðvestur af tóft C. Tóftin er frekar ógreinileg og eiginlega bara þúst. Þó má sjá smá lag á henni og virðist hún vera um 11x6m að stærð og snúa norðnorðaustur og suðsuðvestur. Hún er einföld, veggir mjög ávalir og varla meira en 20cm á hæð og um 1m á breidd en það er góður grasvöxtur í henni og sker hún sig lítið eitt út úr umhverfi sínum sökum þess.
Tóft F er syðsta tóftin sem tilheyrir þessu tóftasvæði. Hún er 70-80m suðvestan við tóft A og



NÞ-019:007F




NÞ-019:007F Horft til austurs

liggur túngarðurinn umhverfis tóftina að austan, sunnan og vestan. Tóftin gæti hugsanlega verið lítil kró. Hún er 7x4m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er byggð upp að bakka sem er sunnanmegin við hana og er sennilega niðurgrafin, er austurgaflinn og norðurveggurinn einu hlöðnu veggirnir. Hún er 2x2m að innanmáli, eru veggir um 1m á breidd og um 70cm á hæð, ytra byrði óljóst en innra byrði skýrt. Op er á henni til vesturs og liggur norðurveggurinn lengra til vesturs en opið og myndar nokkurs konar aðhald. Tóftin er á kafi í fjalldrapa, það er veggirnir,




NÞ-019:007G Horft til norðurs



NÞ-019:007G

því hún er grösug í botninn og einnig dálítið svæði vestan við opið, innan við aðhaldið.
Tóft G er nyrst tófta á þessu tóftasvæði. Hún er um 140m norðan við tóft A, er utan við innri túngarðinn og um 10m sunnan og innan við ytri túngarðinn. Hún er í lyngvöxnum og þýfðum móa og hallar landið lítið eitt til norðurs. Tóftin er 9x6m að stærð og snýr norður og suður, hún er frekar óljós, vegghleðslur eru um 1,5m á breidd og um 30cm á hæð, signar og nokkuð óreglulegar. Tóftin er sennilega tvískipt og er hvort hólf um 2x3m að innanmáli og má greina óljóst op á milli þeirra en ekkert á úveggjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 289; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 15


NÞ-019:008 Horft til norðurs



NÞ-019:008

NÞ-019:008 *Gamlistekkur* tóft stekkur
6603.669N 1640.939V
„Nú skulum við fara suður og aftur til baka norður. Í suðaustur frá Langhól, æði spöl sunnan í Brekkunum, þar er Gamlistekkur. Sjást þar vallgrónar tættur og mótar fyrir girðingu í kring, þetta mun vera gamall stekkur frá Keldunesi," segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er 1,8km sunnan við bæjarhól á Keldunesi 001, 270-280m vestan við stekk 033 og um 30m norðnorðvestan við tóft 009A. Girðingin sem minnst er á í textanum hér að ofan tilheyrir Hrútstöðum 009 að öllum líkindum en ekki stekknum.
Tóftin er í hæðóttu landi sem einkennist af klettaborgum og dröngum.
Tóftin er 12x7m að stærð, snýr austur og vestur og er byggð upp við klettaborg sem myndar jafnframt norðurhlið hennar. Tóftin er þrískipt og eru 2 hólf upp við klettaborgina. Það eystra er 5x3m að innanmáli og snýr austur og vestur, er op á því til suðurs fyrir miðjum suðurvegg. Hólfið vestan megin við það er 3x3m að innanmáli og er op á því fyrir miðjum suðurvegg. Sunnan við þessi hólf er svo þriðja hólfið sem er 2x3m að innanmáli og snýr vestur og austur, er op á því til suðvesturs um suðvesturhornið. Vesturveggurinn sem liggur upp að klöppinni er um 3m breiður og er dálítil dæld í honum, mögulega er þetta heystæði en þetta er þó frekar óljóst. Vegghleðslur eru skýrar, allt að 80cm á hæð og um 1m á breidd að undanskildum vesturveggnum sem er 3m að breidd eins og áður hefur komið fram. Tóftin er öll grasi vaxin og lítið lyng í henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 10

NÞ-019:009 *Hrútstaðir* bæjarstæði býli 6603.651N 1640.921V


Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Hrutstader, fornt eyðiból í Kelduness landi millum Keldu-neskots og Eyvindarstaða, og eru þar sýnileg byggíngamerki tófta og girðíngaleifa, og so er sagt að á þessu eyðibóli hafi hjáleiga um nokkrun tíma bygð verið, en hvörjir byggingarkostir verið hafa vita nálægir ekki að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja vegna heyskaparleysis og land-þröngvar.“ „Hrútsstaðir, eyðibýlið, er skammt norðan við Gamlastekk [008]. Þar væri byggilegt, ef ekki væri vatnsskortur. Þetta er syðst á Brekkunum, sem fyrr hafa verið nefndar, þetta er rétt norðan Kiðukletts.“ segir í örnefnaskrá. Hrútsstaðir. Suður af Keldunesi, en norðvestan við Ey-vindarstaði. segir í Land og fólki.


Hrútstaðir er tóftasvæði sem er um 1,8km beint suður af Bæjarhól í Keldunesi 001, um 700m norðnorðvestur af bæjarhól á Eyvind-arstöðum NÞ-026:001 og um 880-900m vestur af Hólkoti NÞ-022:009. Tóftasvæð-ið samanstendur af fimm tóftum, einni gryfju og einum túngarði sem afmarkar svæði sem er um 370x160m að stærð og snýr norður og suður. Alveg við tófta-svæðið er stekkur 008.

Svæðið er hæðótt mólendi sem einkennist af litlum hraundröngum og borgum.

Tóft A er 150m austan við vesturhlið tún-garðs B, 30 suður af stekk 008 og 180m norðnorðaustur af vörðu 043. Tóftin er í

NÞ-019:009 Hrútstaðir





NÞ-019:009A



NÞ-019:009A Horft til suðurs


hæðóttu landi sem einkennist af litlum hraundröngum og borgum. Tóftin er 28x14m að stærð, snýr norður og suður, er hlaðin úr torfi og grjóti og má sumstaðar sjá í grjóthleðslur í veggjum. Útveggir eru þykkir og voldugir, allt að 5m breiðir og um 1m á hæð, vel brattir ennþá og þá sér í lagi að austanverðu. Tóftin skiptist í 8 hólf; í norðvesturhorninu er hólf I sem er 2x1m að innanmáli, er ekki hægt að greina neitt op á því en sunnan og austan megin við það er hólf II sem hefur „L"-lag og er það 4x2m að innanmáli. Op er á hólfi II til austurs alveg við norðurgafl tóftarinnar. Hólf III er sunnan við hólf II og er það 5x4m að innanmáli og snýr það eins og tóftin, hólf IV er sunnan við hólf III og er það 4x4m að stærð. Ekki er hægt að sjá neitt áberandi op á hólfum III og IV. Sunnan við hólf IV koma hólf V, VI og VII og má greina sem op hafi verið á milli þeirra allra en ekki var hægt að sjá neitt op út um útvegg. Hólf V sem er 2x5m að innanmáli er sunnan við hólf IV, hólf VI sem er 3x2m að innanmáli er austan við hólf V og hólf VII sem er 2x2m að innanmáli er sunnan við hólf V og VI. Hólf VIII er síðan sunnan við hólf V og vestan við hólf VII og er það 3x2m að stærð og snýr það vestur og austur.

Túngarðurinn (B) afmarkar svæði sem er 370x160m að stærð og snýr það norður og suður. Bæði norðan og sunnan túngarðsins eru vörður; varða 035 er um 20m norður af norðurmörkum hans en varða 043 60m sunnan við suðurmörk hans. Garðlagið er í þýfðu og hæðóttu landi sem einkennist af hraunklettum og borgum. Túngarðurinn umhverfis Hrútstaði er mjög siginn og blásinn. Hann liggur milli hraundranga og hæða og svo virðist sem að reynt hafi verið að notast sem mest við náttúrulegar aðstæður. Má vera að rof hafi átt greiðari aðgang að túngarðinum sökum þess að hann var ekki hlaðinn sem ein heild, heldur í smærri einingum milli hraunhóla. Mesta rofið í honum er næst þeim hólum og hæðum sem hann liggur að. Garðlagið er um 150cm breitt en varla meira er 20cm á hæð, nema þá í bollum og lautum þar sem það nær allt að 50cm hæð. Túngarðurinn virðist ekki hafa legið umhverfis allt svæðið, alla vega var ekki hægt að rekja neinn garð austan megin við tóftasvæðið, svo að annað hvort hefur aldrei verið byggður upp túngarður þeim megin eða að hann er allur eyddur og ill greinanlegur.


Tóft C er 40-50m sunnan við tóft A, um 100m austan við túngarð B og um 130m norðnorðaustan við



NÞ-019:009C Horft til suðurs



NÞ-019:009C



NÞ-019:009D


NÞ-019:009D Horft til suðurs

vörðu 043. Tóftin er í grasi vöxnu mólendi og er djúp dokk suðaustan við hana. Tóftin er 11x6m að stærð og snýr norður og suður, hún er tvískipt, er stærra hólfið 5x3m að innanmáli og norðan við það er hólf sem er 3x2m að innanmáli. Hleðslur eru signar og ávalar en þykkar og stöndugar, um 150cm á breidd og um 40cm á hæð. Innra byrðið er skýrara en ytra byrðið sem er nokkuð aflíðandi og stundum óljóst og á það sér í lagi um vesturhliðina. Tóftin er gróin mosagróðri og grasi en er ekki eins grösug og tóft A.


Tóft D er 30-40m suðaustur við tóft A, um 150m austan við túngarð B og um 180m norðnorð-austan við vörðu 043. Tóftin er í hæðóttu landi og er djúp dokk vestan við tóftina.

Tóftin er 11x6m að stærð og snýr norður og suður. Hún er tvískipt og er syðra hólfið 4x3m að stærð. Það snýr eins og tóftin og liggur garði eftir því endilöngu, ekki var hægt að greina neitt op á því. Norðan við það er hólf sem er einnig 4x3m að innanmáli en snýr vestur og austur og er op á því syðst á austurvegg. Nyrðri hluti tóftarinnar er frekar óljós þó kannski sér í lagi austurveggur nyrðra hólfs-ins. Vegghleðslur eru um 60cm á hæð þar sem þær standa best og um 150cm á breidd. Grjót er á víð og dreif í tóftinni en ekki verður séð að það komi úr eiginlegum grjóthleðslum.



NÞ-019:009E Horft til suðurs

Gryfja E sem sennilega hefur verið notuð sem brunnur er um 60m suðsuðaustan við tóft A og um 30m suðaustan við tóft C. Hún er 2x2m að stærð og er í djúpri dokk sem er að mestu grasi vaxin og er um 1m á dýpt.

Tóft F er norðarlega innan túngarðs B, um 70m sunnan við vörðu 047 og um 160m norðnorðvestan við stekk 008. Tóftin er í þýfðum og hæðóttum móa. Tóftin minnir töluvert á langhús og gæti því vel hafa verið bústaður. Hún er um 27x7m að stærð og snýr norðnorð-vestur og suðsuðaustur. Veggir líta út fyrir að vera mjög signir og útflattir en þeir eru um 2,5 m á breidd og um 0,5 m á hæð, er ytra byrðið skýrara en innra byrðið en vegghæð að innan er um 30cm. Ytra byrðið austanmegin er skýrast en annars ber ekki mikið á tóft-inni, hún er öll á kafi í lyngi og samlagast umhverfi sínu vel. Hún er




NÞ-019:009E



NÞ-019:009F

efst á nokkurri hæð og miðsvæðis innan um klettaborgir sem umkringja hana til allra átta.
Á loftmynd fannst ein tóft til viðbótar sem sást ekki þegar staðurinn var heimsóttur. Hún er um 40m austan við túngarð B, 90m vestan við stekk 008 og 190-200m norðnorðvestur af vörðu 043. Tóftin gæti verið um 14x8m að stærð og um 10x3m að innanmáli, snýr norðvestur og suðaustur og svo virðist sem op gæti verið á norðvesturgaflinum. Tóftin sést greinilega á loftmyndinni, er sennilega einföld og hefur þykka veggi ekki ósvipaða og tóft F. Greina má smá stigmun á tóftunum, virðis tóft F vera nokkuð eldri og ógreinilegri en tóft A og því má vera að um tvö búsetustig sé um að ræða.



NÞ-019:009G

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM XI, 289; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 10-11; Land og fólk, 323

NÞ-019:010 *Tættur* bæjarstæði býli 6605.285N 1643.847V



NÞ-019:010A Horft til vesturs




NÞ-019:010B Horft til vesturs

„Tóftir. Býli byggt á austari bakka Stórár norður af Krossdal 1848 í landi Kelduness. Í eyði frá 1874," segir í Landi og fólki. „Syðst og vestast í mýrunum er Runuholt, þar fyrir vestan er kelda, sem heitir Runa. Þar fyrir vestan er gamalt eyðibýli, Tættur, þar er einnig niðurlögð fjárrétt 028," segir í örnefnaskrá. „Eyðibýli í Keldunessandi. Tættur: Eyðibýli þetta er á norðurbakka Stórár, norður af Krossdal. Mun hafa lagzt í eyði kringum 1880, en ekki er mér kunnugt um, hve fornt það er. Veit það eitt, að Tótta-Steinka bjó þar síðast og ef til vill fyrst. Tún hefir verið þar mjög lítið og engin girðing kringum það, engi aftur á móti gott þar rétt við túnið." segir í skýrslu eftir Indr-


iða Hannesson. Tættur er tóftasvæði sem samanstendur af tveim tóftum og er það 2,5km norðvestan við bæjarhól 001, 20m suðaustan við rétt 028 og um 1,5km norðnorðvestan við býlið Tungu 011. Tættur er alveg á bakka uppþornaðs farvegs Stórár. Sigurður Jónsson í Garði nefnir þetta býli einnig Bakkakot í skýrslu sinni um eyðibýli í Kelduhverfi.

Tóftasvæðið er á flötu graslendi alveg fremst á bakka uppþornaðs farvegar Stórár og er mikið af loðvíði umhverfis þær.


Tóft A er alveg fremst á bakka Stórár sem er alveg uppþornaður þegar þetta er ritað og um 100 norðvestan við tóft B. Þetta er um 20m suðaustan við rétt 028. Hún er í flötu graslendi, jarðvegurinn er sendinn og gróðurhulan þunn. Mikið er af loðvíði umhverfis tóftina.



NÞ-019:010 ásamt rétt 019:028



NÞ-019:010A



NÞ-019:010B


Tóftin er 22x20m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hefur framhlið sennilega snúið til norðausturs frá ánni. Tóftin lítur út fyrir að vera grunnur fyrir timburhús eða hússökkull hlaðinn úr torfi. Veggir eru ekki háir en tóftin er á hól og er hann um 2m á hæð.Tóftin sem er austan megin

á hólnum er tvískipt, er stærra hólfið 12x8m að innanmáli og hitt hólfið sem er suðaustan við það 2x6m að innanmáli. Op er á milli hólfanna og einnig á suðsuðaustur gafli minna hólfsins. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og um 40cm á hæð. Ekki er hægt að greina nein hólf upp á hólnum vestan megin við hólfin sem hér hafa verið lýst, þar eru dældir en þær eru reyndar orðnar nokkuð óljósar sökum bílaumferðar sem verið hefur um hólinn. Tóft B er um 100m suðaustan við tóft A, um 130m suðaustan við rétt 028 og um 70m sunnan við uppþornaðan bakkann á Stórá. Í flötu graslendi, jarðvegurinn er sendinn og gróðurhulan þunn, mikið er af loðvíði umhverfis tóftina. Tóftin er á hól sem er 14x8m að stærð og snýr svo til í norður og suður. Tóftin hefur mun skýrara ytra byrði en innra, lítur hóllinn út fyrir að vera upphlaðinn um 70cm en eiginleg vegghleðsla er þó vart meiri en 20cm og breidd þeirra 50-60cm. Tóftin er þrískipt, er eitt stórt hólf nyrst sem er 4x4m að stærð og þrengist það nokkuð til norðurs. Sunnan við það hólf eru svo tvö lítil hólf sem liggja austur og vestur, hólfið austan megin er 2x1m að innanmáli og það sem vestan megin er 2x3m að innanmáli, virðist hafa verið op á því til suðurs. Vegghleðslur eru annar mjög signar og sennilega hefur einhvern tímann verið komið rof í tóftina en hóllinn er vel greinilegur.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Land og fólk, 319; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 7; Skýrsla eftir Indriða Hannesson Keldunessandur,1

NÞ-019:011 tóftaþyrping óþekkt 6603.263N 1640.827V




NÞ-019:011

Tóftasvæði er um 270m vestan við bæjarhól á Eyvindarstöðum NÞ-026:001 og um 2,5km beint suður af bæjarhól á Keldunesi 001. Ekki er minnst á þetta tóftasvæði í örnefnaskrá Kelduness og Eyvindarstaða og ekki í Jarðabók Árna og Páls, þá minnist Sigurður í Garði ekki á þetta býli í skýrslu sinni um eyðibýli í Kelduhverfi. Sé litið til þess hvað Jarðabók Árna og Páls segir um býlið þá kemur þar fram að Eyvindarstaðir séu byggðir fyrir manna minni og að þar hafi verið þríbýli á tímabili og síðan til þess hversu nálægt þetta tóftasvæði er við Eyvindarstaði þá gæti hér verið um að ræða hluta af gömlum túngörðum sem tilheyrðu Eyvindastöðum og náðu mögulega um allt svæðið en voru fallnir úr notkun þegar túnakorti 1917 var teiknað. Tóftasvæðið samanstendur af einni tóft, tveim gerðum og tveim túngörðum.

Tóftasvæðið er í þýfðum móa og er lítið um kjarr, steinklappir eru víða í umhverfinu og hallar landið lítið eitt til norðvesturs.

Alls er rústasvæðið um 280x120m að stærð. Tóft A er miðsvæðis innan innsta túngarðsins, um 20m suðaustur af gerði D og 20m suðvestur af gerði C. Tóftin er í þýfðum móa og er lítið um kjarr, steinklappir eru víða í umhverfinu og hallar landið lítið eitt til norðvesturs. Tóftin er 15x13m að stærð og snýr norður og




NÞ-019:011A



NÞ-019:011A Horft til vesturs

suður, hún er þrískipt og snúa öll hólfin norður og suður, stærsta hólfið er 11x4m að innanmáli, vestan megin við það og samsíða því eru 2 hólf. Syðra hólfið er 4x3m að innanmáli og nyrðra hólfið er 5x3m að innanmáli, mátti greina op á því til norðurs en ekki sást op á hinum hólfunum

Túngarðarnir (B) eru tveir, sá innri afmarkar svæði sem er 80x60m að stærð og snýr norður og suður en sá ytri nær ekki endum saman, er alveg opin til austurs en afmarkar svæði sem er 330x180m að stærð og snýr einnig norður og suður. Þegar ytri túngarðurinn er skoðaður á loftmynd má sá óljós ummerki hvar garðurinn hefur legið svo til alveg að Eyvindarstöðum NÞ-026:001. Túngarðarnir liggja um þýft mólendi sem hallar lítið eitt til norðvesturs. Liggja túngarðarnir milli hóla og hæða í umhverfinu og eru þeir mikið farnir að láta á sjá, er þeir sumstaðar svo til alveg horfnir. Á það sér í lagi við ofan á þeim hólum sem garðarnir hafa legið að. Einnig er mögulegt að garðarnir hafi aldrei verið byggðir á þeissum hólum heldu þeir notaðir sem náttúrulegt aðhald. Garðlögin í túngörðunum eru um 1m á breidd og um 60cm á hæð þar sem garðarnir er hvað skýrastir. Allt frá 20-70m eru á milli garðlaganna en að sunnan endar ytra garðlagið á sprungnum kletti og þar syðst er um 170m á milli innri og ytri túngarðanna.



NÞ-019:011C

Gerði (C) er áfast innri túngarðinum um 20m norðaustan af tóft 011A og um 30m austan við gerði 011D. Gerðið er svo til ferhyrnt, afmarkar svæði sem er 9x4m að stærð og snýr norður og suður. Vegghleðslur gerðisins eru nokkuð grennri en túngarðsins, eru þær um 50cm á breidd og um 40cm á hæð. Svo virðist sem



NÞ-019:011C Horft til suðurs




NÞ-019:011D Horft til suð-suð-vesturs

túngarðinum hafi mögulega eitthvað verið breytt norðan við gerðið því hann klofnar fast upp við gerðið, liggur annar hluti þess að norðurhlið gerðisins en hinn að norðvesturhorni þess.

Gerði (D) er áfast innri túngarðinum um 20m norðvestur af tóft 011A og um 30m vestan við gerði 011C. Gerðið er áfast innanverðum innri túngarðinum, afmarkar svæði sem er 11x3m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Vegghleðslur gerðisins eru mjög áþekkar hleðslum túngarðsins, um 1m á hæð og um 50cm á hæð. Það er allt vaxið móagróðri og ber ekki mikið á því, hefur svo til alveg samsamast umhverfi sínu. Hleðslur eru signar og er ekki hægt að finna fyrir neinu grjóti í þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



NÞ-019:011D

NÞ-019:012 *Höfði* bæjarstæði býli6604.659N 1642.033V



NÞ-019:012 Horft til suð-vesturs

„Höfði. Þetta býli var í landi Kelduness. Líkur benda til þess að búseta hafi aðeins verið þar í fá ár. Þarna er fyrst byggt 1857. Ábúendur 1860 voru Jón Jónsson og k.h. Rannveig Friðfinnsdóttir," segir í Landi og fólki. „Skammt austur af Arnarhól er hraunstykki eða hraunhryggur, sem heitir Messuhraun [014], um það liggja mjög gamalr götur áleiðis til Garðskirkju; skammt norðaustur af Messuhrauni er eyðibýlið Höfði, lagðist í eyði um 1860. Valllendi er þar mikið kring um tætturnar, eyðibýli þetta er við Brunnakvísl." segir í örnefnaskrá. Höfði er núna kominn undir tún og sér ekki lengur til neinna minja. Nákvæm staðsetning er óljós en bærinn mun hafa staðið um 850-900m vestan við bæjarhól í Keldunesi 001 og um 200m austan við Arnarhól 020.

Í sléttu túni.

Ekkert sér til minja í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Land og fólk, 319; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 4

NÞ-019:013 *Brunnar* örnefni vatnsból 6604.644N 1640.992V
„Norðvestur af bæ er lítið stöðuvatn, sem heitir Brunnar, er rétt norðan við Keldunes-kotstún og Brunnaós nefnist lækjarósinn, sem fellur úr Brunnum," segir í örnefnaskrá. Brunnar eru um 80m norðvestur af bæjarhól 001 annars er lítið við lýsinguna hér að ofan að bæta.
Grunnt vatn með nokkuð háa bakka og iðar sandurinn í botni þess þar sem vatnið streymir upp.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 2


NÞ-019:013 Horft til norð-norð-vesturs

NÞ-019:014 *Messuhraun* örnefni leið 6604.659N 1642.033V
„Skammt austur af Arnarhól er hraunstykki eða hraunhryggur, sem heitir Messuhraun, um það liggja mjög gamlar götur áleiðis til Garðskirkju …" segir í örnefnaskrá. Hraunhryggurinn er greinilegur í landinu en ekki sáust neinar greinilegar götur. Býlið Höfði mun hafa staðið við Messuhraun og fær leiðin sama hnit og býlið.
Í sléttu túni.
Ekkkert sér til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 4

NÞ-019:015 heimild um túngarð 6604.652N 1640.769V
„Vallargarðurinn að austan (ofan) var rétt austan í Timburhólunum," segir í örnefnaskrá. Það er búið að slétta úr túngarðinum á Keldunesi en samt má sjá móta fyrir hrygg í landinu austan megin við bæinn.
Túngarðurinn er í túni.
Það sem greina má af garðinum er um 2m breiður ávalur hryggur sem er vart meira en 20-30cm hár og virðist hann vera nokkuð grósku meiri en hans nánasta umhverfi. Aðeins var hægt að rekja um 340m af honum, norðan og austan við bæinn. Það má sjá votta fyrir honum fast austan við veg sem liggur norður á Vestursand um 160m norðan við bæ 001 en þar liggur hann í sveig frá norðaustri til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 3


NÞ-019:015 Horft norðurs

NÞ-019:016 heimild um rétt 6604.499N 1640.644V



NÞ-019:016 Horft til suðurs

„Vallargarðurinn að austan (ofan) var rétt austan í Timburhólunum. Þar í horninu var fjárrétt í tugi ára. Gott var að króa fé af, utan og vestan við réttina. Þar nefndist Aðhald," segir í örnefnaskrá. Staðsetningin á þessari rétt er óljós en hún mun hafa verið á svipuðum stað og kálgarður 042 og fær sama hnit og hann.

Á staðnum standa steypt fjárhús, klædd bárujárni, á lágri hæð.

Ekkert sér til minja.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 3

NÞ-019:017 *Keldunesstekkur* tóft stekkur 6604.284N 1640.077V



NÞ-019:017 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-019:017

„Í suðausturhorni Neðri-Tjarna var Keldunesstekkur, klettahóll norðan undir honum. Efri-Tjarnir eru skammt fyrir ofan stekkinn, þar er dálítil tjörn, sem aldrei þornar. (Ath.: Neðri-Tjarnir og Efri-Tjarnir voru yfirleitt hafðar í ft. enda var þar stundum í úrkomu um fleiri en eina tjörn að ræða. Keldunesstekkur var nokkurn veginn mitt á milli Neðri-Tjarna og Efri-Tjarna.)," segir í örnefnaskrá. „En Stekkurinn er rúst neðan við Efri-Tjarnirnar hjá Tjarnaleitinu, sem fyrr var getið," segir síðar í sömu örnefnaskrá. Keldunesstekkur er 850-870m suðsuðaustan við bæjarhól 001 og um 900m norðnorðaustan við Kistu 031.


Stekkurinn er sunnan undir klofnum hraunkletti í frekar hæðóttu landi og norðan við hraunklettinn er frekar stór tjörn eða vatn.

Stekkurinn er 18x8m að stærð og snýr svo til beint í austur og vestur. Hann skiptist í 3 hólf, vestast er hólf A sem er 3x3m að innanmáli og liggur op frá því vestast á norðurvegg að hólfi B sem er norðaustan megin við það og er það 5x2m að innanmáli, snýr vestur og austur. Austanmegin við hólf A er hólf C sem er 12x3m að innanmáli og snýr það líka austur og vestur, og er op á því til norðurs upp í klettana, um 2m breitt. Stekkurinn er greinilegur sökum þess hve grösugur hann er en vegghleðslur sem eru um 40cm á hæð eru frekar ógreinilegar því þær eru mjög þýfðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 3 og 8

NÞ-019:018 *Vallnakot* bæjarstæði býli 6602.687N 1641.875V




NÞ-019:018 Vallnakot

„Suðaustur af Fremri-Kolgrafahóli [051], í hvilft norðan við hraungarðana eru Keldunesbeitarhús, austan við hann er Raninn, sem fyrr var nefndur og er norðvestur frá Hermannshóli, er síðar getur. Þar mun hafa verið býli, nefnt Vallnakot, varð það svo síðar beitarhús frá Keldunesi, síðar í eyði, en aftur tekin upp og nú ekki notuð. (Ath: Keldunesbeitarhús voru byggð á rústum Vallnakots),“ segir í örnefnaskrá. Vallnakot er tóftasvæði sem er 3,7km suðsuðvestan við bæjarhól á Keldunesi, Hraungarðasel er norðaustan megin við Vallnakot og eru um 200m á



NÞ-019:018A Horft til suðurs




NÞ-019:018A

milli túngarðanna. Á Vallnakot er ekki minnst í Jarðabók Árna og Páls en þar er talað um Velli og þá sem eldra nafn á Hraungarðaseli. Ekki kannast þó menn við það eins og kemur fram hjá Óla Hjartarsyni í örnefnaskrá Kelduness. Aftur á móti er örnefnið Vallnakot þekkt og má gera því skóna að Vellir hafi breyst í Vallnakot. Sigurður Jónsson í Garði tekur undir með Óla Hjartarsyni um að sennilega hafi Hraungarðasel aldrei heitið Vellir, heldur hafi orðið einhver misskilningur þegar Jarðabókin var skrifuð og að umrætt býli hafi heitið Vellir og má það vel vera. Á þessu umrædda tóftasvæði eru fjórar tóftir, þrjú gerði og tveir túngarðar og afmarkar sá ytri svæði sem er 350x280m að stærð og snýr norður og suður.
Þýfður lyngvaxinn mói.
Tóft A, sem er nyrst á tóftasvæðinu, er í þýfðum lyngmóa um 100m sunnan við norðurhlið innri túngarðsins og um 30m norðnorðvestan við tóft C. Tóftin er 30x18m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð veggja er um 80cm og þykkt þeirra um 2-3m. Má víða sjá í grjóthleðslur og er hægt að telja um 3 umför. Tóftin er þrískipt, syðst er hólf I sem er 11x7m að innanmáli og snýr í norður og suður, norðan við það er hólf II sem er 7x6m að innanmáli og snýr í vestur og austur. Milli þessara hólfa er lágur veggur sem gæti verið garði en það er ekki ljóst því venjulega liggja þeir eftir endilöngu rýminu. Á báðum þessara hólfa eru greinileg op til austurs. Hólf III er svo vestan við hólf A og B, 5x4m að innanmáli og snýr norður og suður. Það er nokkuð óreglulegt og gæti kannski hafa verið viðbygging, ekki er hægt að sjá neitt op á því. Suðurendinn á tóftinni er nokkuð óreglulegur, mjókkar tóftin til suðurs og er þar óregluleg dæld sem erfitt er að átta sig á. Samkvæmt heimildum voru beitihúsin byggð upp tvisvar og á gamla bæjarstæðinu svo að hér er mögulega hólf frá fyrri beitarhúsum. Tóftin er vel grösug og sker sig nokkuð út úr umhverfi sínu.



NÞ-019:018B Horft til suð-suð-vesturs




NÞ-019:018C



NÞ-019:018C Horft til vesturs

Túngarðarnir (B) umhverfis Vallnakot er tveir. Sá innri afmarkar svæði sem er 260x200m að stærð en sá ytri svæði sem er 350x280m að stærð. Ytri túngarðurinn er mun verr farinn en sá innri og varð hann ekki rakinn allan hringinn heldur hverfur hann alveg að suðaustanverðu og einnig var hann mjög óljós að norðvestan. Innri túngarðurinn er mun breiðari en sá ytri og hefur hann tvöfalda garðhleðslu og lítur út sem tvö garðlög, þétt saman en með skoru á milli, er hann allt að 4m að breidd, er hvort garðlag um tæpa 2m að breidd. Hann er um 70cm á hæð. Ytri túngarðurinn er aftur á móti einfaldur og er garðlagið þar um 150cm á breidd og um 50cm á hæð. Víða er ytri túngarðurinn alveg hlaupinn í þúfur og ekki mikið meira eftir en slitrur sem erfitt er að fylgja.

Tóft C er 30m suðsuðaustan við tóft A, um 80m norðnorðvestan við tóft D og um 50m austan við vesturhlið innri túngarðs B. Tóftin er einföld, 10x7m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er ágætlega greinileg en veggir signir og rúnnaðir, er innra byrðið greinilegra en innra byrðið. Vegghæð að innan er um 70cm en að utan um 30cm, veggjaþykkt er um 150cm. Tóftin virðist vera á rústahól og má vera að um einhverja uppsöfnun sé að ræða, þó ekki mikla. Rof er í suðurgafli tóftarinnar og má sjá þar að ekki hefur verið notast við grjóthleðslur heldur eingöngu torf (streng). Ekkert greinilegt op er á tóftinni sem er öll grasi vaxin en hún er þó ekki eins grösug og beitarhúsatóft A.




NÞ-019:018D

Tóft D er um 50m suðsuðaustur af tóft C, um 20m norðan við gerði F og um 30m austnorðaustan við tóft E. Tóftin er 11x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Veggir eru þykkir og miklir, um 2m á þykkt og um 70cm á hæð. Tóftin er tvískipt. Er suðausturhólfið 3x2m að innanmáli en hólfið fyrir norðaustan það 7x3m að innanmáli. Enginn gafl er á tóftinni til norðausturs svo að kannski hefur verið á henni timburgafl. Tóftin er ekki mikið áberandi, öll vaxin lyngi sem og umhverfið sem hún er í.

Á loftmynd sést tóft (E) sem skrásetjara sást yfir er hann heimsótti staðinn. Hún er nokkuð greinileg, um 120m suður af tóft A, um 30m vestsuðvestur af D og um 20m norður af suðurhlið túngarðs B. Tóftin virðist vera um 6x5m að stærð, snýr norður og suður, einföld og um 3x2m að innanmáli.

Syðst við innanverðan innri túngarðinn eru tvö gerði (F) sem liggja hvort upp að öðru. Gerðin liggja vestur og austur. Það



NÞ-019:018E

vestara afmarkar svæði sem er 60x30m að stærð og það eystra afmarkar svæði sem er 40x30m að stærð. Eru garðlögin sem gerðin eru girt af með byggð á sama hátt og innri túngarðurinn sem þau eru byggð upp við.
Lítið gerði (G) er norðarlega, áfast innanverðum innri túngarðinum um 50m norðvestur af tóft A. Torfhleðslan í garðlaginu sem afmarkar gerðið er einfalt , það er að segja ekki eins breitt og sjálfur túngarðurinn. Það er um 2m að breidd og um 50-70cm á hæð og afmarkar svæði sem er 15x15m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 15

NÞ-019:019 *Byttuhóll* heimild um ferju 6604.825N 1642.392V


NÞ-019:019 Horft til vesturs

„Höfðar eru allháir hraunhólar og landsvæði nokkuð stórt vestur af Keldunesbæjum, norðan við þjóðveginn. Byttuhóll er yzta og vestasta örnefni í Höfðanum, sem þessum jörðum tilheyrir, þar á merkjum móti Krossdal. Hér var gamall ferjustaður á Stórá, meðan hún var í blóma sínum, …“ segir í örnefnaskrá. Byttuhóll er 1,2 km vestnorðvestan af bæ 001 og 270-280m norðnorðvestan af Arnarhól 020.
Hóllin er í jaðri túns sem er suðaustan við hólinn, á bakka Litluár sem er norðan hólsins. Stórá er núna uppþornuð en breidd Stórár hefur verið um 900m á þessum stað þegar hún var sem mest en sennilega að sama skapi grunn. Hér er því örugglega um bátsferju að ræða.
Ekkert sér til minja og ekki sáust nein greinileg ummerki götu við ferjustaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 3-4


NÞ-019:020 *Arnarhóll* varða landamerki 6604.681N 1642.315V


NÞ-019:020 Horft til vesturs

„Höfðar eru allháir hraunhólar og landsvæði nokkuð stórt vestur af Keldunesbæjum, norðan við þjóðveginn. Byttuhóll er yzta og vestasta örnefni í Höfðanum, sem þessum jörðum tilheyrir, þar á merkjum móti Krossdal. Hér var gamall ferjustaður á Stórá, meðan hún var í blóma sínum, suður af honum er stór hóll með vörðu á, einnig á merkjum, sem heitir Arnarhóll.“ segir í örnefnaskrá.
Arnarhóll er hár og áberandi hóll í þýfðu og lyngvöxnu landi og á toppi hans er hlaðin varða úr hraungrýti.
Varðan getur varla talist vel hlaðin, henni er eiginlega hrúgað upp úr hraungrýti sem nóg

er af umhverfis hana. Hún er um 10 umför og um 2x1m að stærð í grunninn, snýr austur og vestur og um 180cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 3-4

NÞ-019:021 *Stekkhóll* tóft stekkur 6604.873N 1641.630V



NÞ-019:021


NÞ-019:021 Horft til suðurs

„Suður frá Höfðatá er Stekkhóll, er rétt vestur undir vík, sem heitir Stekkjarvík, sunnan og austan undir Stekkhól eru gamlar stekkjarrústir. Stekkjarvík er sunnan undir Brunnaós, …" segir í örnefnaskrá. Á Stekkhól og við hann eru 6 tóftir, einn stekkur og ein tóft (030) og sennilega 4 heystæði, sjá 032. Stekkurinn á Stekkhól er 270-280m norðvestur af bæjarhól 001, um 600m vestnorðvestur af Byttuhól 019 og um 570m vestsuðvestan við Fjósið 024. Í graslendi sem hallar til austurs við bakka Litluár.
Stekkurinn er 8x6m að stærð og snýr svo til í austur og vestur, hann er tvískiptur en þétt upp við norðurhlið hans er heystæði sem sökum afstöðu sinnar tengist tæplega stekknum. Hólf stekksins vestan megin er 4x2m að stærð og snýr norður og suður og er op austast á suðurgafli þess. Austan megin við það er hólf sem er 3x4m að stærð og var ekki hægt að greina neitt op á því. Vegghleðslur stekksins eru um 1m breiðar og um 80cm á hæð. Þétt upp við norðurhlið stekksins er tóft sem er líklega heystæði og er það 5x4m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur. Þessar tvær tóftir hafa engan sameiginlegan vegg og eru vegghleðslur heystæðisins mjög lágar og óverulegar eða um 30cm á hæð og um 50cm á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 4

NÞ-019:022 *Engjaholt* heimild um leið 6604.812N 1641.648V
„Engjaholt er suður af Stekkhól. Norðan í holtinu liggur gömul engjagata frá Keldunesi," segir í örnefnaskrá. Ekki voru göturnar raktar en Engjaholt er um 670-680m norðvestan við bæjarhól 001 og um 120m sunnan við Stekkhól 021og liggja göturnar norðan í holtinu.
Á lyngvöxnum bökkum Litluár, fremst á lágu holti.


NÞ-019:022 Horft til aust-suð-austurs

Göturnar er frekar óljósar en hafa sennilega fylgt bökkum Litlár frá bæ og út á engjar sem eru vestan Stekkhóls. Göturnar eru 3-4 en eru allar grónar í botninn. Þær eru um 30cm á breidd og um 1m er á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 4

NÞ-019:023 *Fálkahús* þúst útihús 6604.521N 1640.975V
„Fálkahús er skammt sunnan og vestan við bæinn í Kelduneskoti; þar er sagt að eitt sinn hafi verið tamdir fálkar. Tættur sjást þar greinilega. Þjóðvegurinn liggur rétt norðan í því, það er að segja, nú mun þetta horfið; annar segir, að þetta hafi verið kennt við hest, sem hét Fálki," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Fálkahúss er óljós en það mun þó hafa staðið 30-40m suðaustur af Lindarbrekku I sem er íbúðarhús byggt 1930, tæpa 200m suðsuðvestur af bæjarhól 001 og um 170m vestan við útihús 004.
Í hæðóttu túni nærri íbúðarhúsi.
Óljósa þúst má sjá í túni sem virðist vera um 7x5m að stærð og 5x3m að innanmáli og snýr norð-norðvestur og suðsuðaustur. Allt er þetta mjög óljóst sökum sléttunar en veggir gætu verið um 1m á þykkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 5

NÞ-019:024 *Fjósið* tóft fjós 6605.000N 1640.940V


NÞ-019:024 Horft til suð-suð-vesturs



NÞ-019:024

„Fyrir utan Stórárfarveg er allt engi og stórgripa-bithagi fyrir Keldunestorfuna. Þetta er mikið flæmi, sem nefnt er einu nafni Keldunessandur. Syðst á honum er tættur, sem nefnast Fjós, þar voru kýr hafðar áður fyrr," segir í örnefnaskrá. „Helztu örnefni í Keldunessandi eru: Fjósið; það er á norðurbakka Stórár, beint norður af Keldunesi. Nú eru þar aðeins tættur, en meðan Stóra var í (blóma sínum) algleymingi var þarna fjós og Kelduneskýrnar hýstar og mjólkaðar í því yfir sumartímann, sundlagðar vor og haust í Stóra," segir í skýrslu Indriða Hannessonar. Fjósið er um 700m norðan við bæjarhól 001, um 570m austnorðaustan við stekk 021 og rúma 30m vestan við veg sem liggur milli Keldunesbæjanna og Arnaness NÞ-027.
Tóftin er í flötu graslendi en mikið er af loðvíði sunnan við tóftina.
Tóftin er 15x13m að stærð, snýr norður og suður og er hleðsluhæð veggja um 160cm. Tóftin er

í raun eins og stór og grösugur hóll, ytra byrðið er skýrt en sennilega er mikið gróið hrun inn í tóftinni sem gerir innrabyrði frekar óljóst. Greina má 2 hólf sem bæði snúa vestur og austur. Innst og nyrst í tóftinni er hólf sem er 6x3m að innanmáli og liggur op frá því að hinu hólfinu sem er sunnan megin við það og er 7x2m að innanmáli. Op er á syðra hólfinu til suðurs og er það um 2m breitt. Veggir eru mjög þykkir eða allt að 8m og má því allt eins gera ráð fyrir því að umrædd hólf hafi verið stærri að innanmáli og jafnvel fleiri en tvö. Norðan við Fjósið er gott og frekar flatt graslendi sem sennilega hefur notið góðs af ábuðinum sem komið hefur frá fjósinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 5; Skýrsla eftir Indriða Hannesson Keldunessandur,1

NÞ-019:025 *Akurhólar* varða akur 6604.039N 1641.574V
„Suðaustur af Háuhraunum og vestur frá Skrukku eru Akurhólar. Það eru fjórir hólar, grösugir og liggja vel við suðaustan sól. Þessir hólar, Akurhólarnir, eru með stuttu millibili. Ber talsvert á þeim, því það eru að mestu lág holt og sléttir móar í kring um þá. Fremsti Akurhóll er rétt sunnan við miðhólana, nokkuð hár, en ekki stór um sig. Dr. Þorkell Jóhannesson taldi, að þarna hlytu að hafa verið akrar miklir, þó að engin merki sjáist þess. (Ath.: Yzti-Akurhóll og Fremsti-Akurhóll eru sömu hólar og Ytri-Akurhóll og Fremri-Akurhóll. Akurhólarnir eru fjórir.)," segir í örnefnaskrá. Akurhólar eru um 1,3km suðsuðvestur af bæjarhól 001 og er um 100m á milli þess ysta og fremsta.
Akurhólarnir eru áberandi í frekar flötu landi og verður ekki séð að neinu hafi verið raskað.
Landið hefur þunna gróðurhulu og því skilyrði til ræktunar takmörkuð miðað við núverandi aðstæður. Landið er mjög flatt að undanskildum Akurhólunum sjálfum. Á Ysta- og Fremsta-Akurhól eru vörður sem hafa fengið sér númer, 026 OG 027. Eins og áður hefur komið fram er gróðurhulan þunn og er hér grunnt niður á hraun það er því freistandi að ætla að þegar Akurhólarnir voru nefndir þá hafi verið öðruvísi umhorfs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 9

NÞ-019:026 *Ysta-Akurhól* varða óþekkt 6604.039N 1641.574V
Varða er á Ysta-Akurhól, er hann stærstur Akurhólanna sem eru 4 talsins, hann er klofinn að norðan og hæstur syðst. Varðan er 1,2km suðsuðvestur af bæjarhól 001, um 130m austnorðaustur af vörðu 027 á Syðri-Akurhól og um 350m vestan við Skrukku 031B.
Varðan er á háum og áberandi hól.
Varðan er byggð á litlum kletti sem er efst og syðst á Ysta-Akurhól, hún er 1x1m að stærð í grunninn, 4-
5 umför og um 1m á hæð að klettinum meðtöldum. Er varðan svo til hringlaga í grunninn.
Hættumat: engin hætta


NÞ-019:026 Horft til norðurs



NÞ-019:027 Horft til vesturs

NÞ-019:027 *Fremsti-Akurhóll* varða óþekkt 6604.011N 1641.738V
Varða er á Fremsta-Akurhól, um 1,3km suð-suðvestur af bæjarhól 001, um 130m vest-suðvestur af vörðu 026 á Ysta-Akurhól.
Varðan er á stórgrýttu hraunholti og þétt norðvestan við hana er rafmagnsgirðing.
Varðan er hlaðin úr stórgrýti og verður seint talin til meistaraverka mannsandans, hún er 2-3 umför en samt um 1m á hæð og um 2x2m að stærð í grunninn.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:028 tóft rétt 6605.293N 1643.869V



NÞ-019:028 Horft til suð-suð-vesturs




NÞ-019:028

„Syðst og vestast í mýrunum er Runuholt, þar fyrir vestan er kelda, sem heitir Runa. Þar fyrir vestan er gamalt eyðibýli, Tættur [010], þar er einnig niðurlögð fjárrétt," segir í örnefnaskrá. Þessi fjárrétt er einungis 25m norðaustar en bæjarhóllinn á Tóftum 010 og um 2,6km norðvestan við bæjarhólinn í Keldunesi 001
Réttin er í flötu grasi grónu landi, allnærri eða um 8m norðaustan við uppþornaðan bakka Stórár sem er á kafi í loðvíði.
Tóftin er 11x9m að stærð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur, vegghleðslur eru mjög litlar og væskilslegar og má kannski ætla að þetta hafi verið timburrétt, er tóftin svo til ferhyrnd. Veggir eru um 50cm breiðir og um 40cm háir, ekki sést í grjóthleðslur. Tóftin er þrískipt og hafa öll hólfin sömu stefnu og sjálf tóftin, stærsta hólfið er 10x3m að innanmáli, hefur engan suðurgafl en op austast á norðurgafli. Tvö hólf eru samsíða þessu hólfi austan megin við það, það syðra er 3x3m að innanmáli og það nyrðra er 5x3m að innanmáli. Slóði eftir bílaumferð liggur fast upp að suðurgafli tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 7

NÞ-019:029 *Systur* varða
6603.588N 1639.752V
„Systur eru tveir klettahólar á móunum norðvestur frá Hólkoti [NÞ-022:009]. Og þaðan í norðaustur er Systramór. Tvær vörður voru áður á Systramó og er nafnið dregið af þeim," segir í örnefnaskrá. Engar vörður fundust í móanum og er hnitið tekið á kletthólunum sem eru 2,1km suðsuðaustur af bæjarhól 001 og um 650m austsuðaustur af Gamlastekk 033.
Lyngvaxinn mói.
Gróin klettaborg.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 8


NÞ-019:029 Horft til vesturs

NÞ-019:030 tóft óþekkt 6604.880N 1641.637V
Tóft er 10-15m norðnorðvestan við stekk 021, 500m norðaustan við býlið Höfða 012 og um 740m norðvestan við bæjarhól á Keldunesi 001.



NÞ-019:030


NÞ-019:030 Horft til vest-norð-vesturs

Tóftin er í grösugu landi sem hallar lítið eitt til suðausturs við bakka Litluár.
Tóftin er 7x4m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur og er hún frekar greinileg í umhverfi sínu. Innra byrðið er ekki eins greinilegt og ytra byrðið en veggir eru um 1m á breidd og um 80cm á hæð að undanskildum norðvesturgaflinum sem er 2m á breidd. Í þeim gafli er dæld og má vel vera að dældin sé eftir einhvers konar hólf en það hefur þá verið mjög lítið.
Hættumat: engin hætta


NÞ-019:031A Horft til vest-suð-vesturs

NÞ-019:031 *Kista* þjóðsaga tröll
6603.907N 1640.880V
„Nokkuð framar i brekkunum en Lykilsteinn er Kista. Það er steinn mjög líkur kistu í laginu, aðeins stærri en venjuleg búrkista. Skrukka nefnist og stór klettur norðvestur af Kistu. Skrukka á að vera náttröll, sem varð að steini



NÞ-019:032B Horft til vest-norð-vesturs

þarna, er dagur rann og hún var að leita að lyklinum sínum að Kistunni, sem hér var getið. Þetta er stór, hálfklofinn drangur og minnir hún nokkuð á mann á hækjum sínum," segir í örnefnaskrá. Kistan er 1,3km beint suður af bæjarhól 001 og er Skrukka 300m norðvestan við Kistuna.

Á grónu klettaholti.

Kistan er stór, kassalaga klettur í þýfðum og hæðóttum móa sem einkennist af hraunklettum og hraunsprungum og er Kistan á klettahrygg sem hefur stefnuna suðaustur og norðvestur. Skrukka er klettadrangur sem er rúmir 2m á hæð sem stendur á klettarana sem liggur frá austri til vesturs. Vel sést til Kistunnar og Skrukku af þjóðveginum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 8-9

NÞ-019:032 tóftaþyrping heystæði 6604.884N 1641.616V

Lítil tóftaþyrping er um 20m norðnorðaustan við stekk 021, 10m austan við tóft 030 og um 700m norðvestan við bæjarhól 001. Á tóftasvæðinu eru 4 tóftir sem hafa sennilega allar verið byggðar sem heystæði. Tóftasvæðið er um 15x10m að stærð.




NÞ-019:032A Horft til vesturs

Tóftaþyrpingin er á lágum hól nærri bakka Litluár.

Tóftirnar fjórar fá bókstafina A - D til auðkennis. Varla er mikið meira en 2-3m á milli þeirra. Tóft A er 5x4m að stærð og snýr norð-



NÞ-019:032B Horft til vest-norð-vesturs



NÞ-019:032




NÞ-019:032D Horft til norð-norð-austurs



NÞ-019:032C Horft til austurs

norðaustur og suðsuðvestur, tóft B er 2m norðnorðaustan við tóft A og er 5x3m að stærð, hún snýr vestnorðvestur og austsuðaustur. Tóft C er suðaustan við tóft B, er hún 5x3m að stærð og snýr norður og suður, tóft D er suðvestan við tóft A og er hún eina tóftin sem er tvískipt en allar hinar eru einfaldar, er hún 6x5m að stærð. Vegghleðslur allra tóftanna eru mjög svipaðar, eru veggir yfirleitt um 50cm á breidd en um 30cm á hæð. Það ber ekki mikið á tóftunum sem eru allar lyngvaxnar sem og umhverfið sem þær eru í.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:033 tóft stekkur 6603.683N 1640.583V



NÞ-019:033



NÞ-019:033 Horft til aust-suð-austurs


Tóft er 1,8km sunnan við bæjarhólinn á Keldunesi og um 270m austan við stekk 008.
Tóftin er í þröngum hvammi sem opnast til suð-austurs og hallar landið í þá átt. Allt umhverfi tóft-arinnar er gróið lyngi.
Tóftin, sem er sennilega stekkur, er 9x2m að inn-anmáli. Hér er notast við innanmál því að tóftin hefur ekkert augljóst ytra byrði og hefur sennilega verið grafið fyrir honum og notast við þau nátt-úrulegu skilyrði sem þröngur hvammurinn bauð upp á, t.d. er náttúrulegt aðhald suðvestan megin

við stekkinn. Tóftin snýr norðaustur og suðvestur, er tvískipt og er annað hólfið 2x1m að innanmáli norðaustan megin og hitt 2x6m að innanmáli suðvestan megin. Á stærra hólfinu er op til suðvesturs fyrir miðjum gafli og er stórgrýti austan megin í opinu en síðan finnst fyrir grjóthleðslum í suðausturveggnum. Stekkurinn er allur grasi vaxinn.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:034 tóft beitarhús 6603.347N 1640.589V



NÞ-019:034 Horft til suðurs



NÞ-019:034

„Rétt fyrir sunnan Kiðukletta og vestan við túnið er Þorgrímsklettur afar hár. Þorgrímsklettur er kenndur við Þorgrím nokkurn, sem hafði beitarhús í grennd við klettinn og stóð þar yfir fé sínu," segir í örnefnaskrá. Tóft sem kemur heim og saman við þessa lýsingu er 60m norðaustan við ytri Akurhóls 035A, 2,4km sunnan bæjarhóls á Keldunesi 001 og 150-160m norðvestur frá bæjarhól á Eyvindarstöðum.
Í sléttu túni.
Tóftin er tvískipt og er um 13x9m að stærð. Syðst á henni er eins og pallur sem er um 6x4m að stærð en annars eru bæði hólfin aflöng, snúa í vestur-austur, það syðra um 5x2m að innanmáli og það nyrðra um 2x4m að innanmáli. Vegghleðslur eru frekar háar sem kann að orsakast af því að tóftin er byggð á kletti og hann látinn þjóna sem hluti af veggjum. Annars er tóftin hlaðin úr torfi og grjóti. Ytra byrði tóftarinnar er um 150cm á hæð en að innan um 80cm og er veggþykkt 1-2m. Það er nokkuð um grjót á víð og dreif í syðrahólfinu ásamt spýtnabraki. Vera má að nyrðra hólfið gæti hafa verið hlaða en ekki sáust hleðslur sem gæti hafa verið garði eða jata í hvorugu hólfinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 10

NÞ-019:035 varða óþekkt 6603.793N 1641.013V
Varða er 1,5km beint suður af bæjarhól á Keldunesi 001 og um 15-20m norðan við túngarð á Hrútstöðum 009.
Varðan er á frekar háum lynggrónum hraunhól.
Varðan er svo til alveg hringlaga í grunninn og er um 1m í þvermál, 3-4 umför og um 90cm á hæð. Hún er hlaðin úr hraungrýti og er ekki mikið vandað til hennar, er hún ekkert hrunin.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:036 varða
„Ytri-Hraungarðavarða strýtumyndaður klettur sunnan í Hraungarðahorninu vestara. Skammt frá þessari vörðu er Arnarhöfuð …“ segir í örnefnaskrá. Hér er ekki um eiginlega upphlaðna vörðu að ræða heldur náttúrumyndun. Ekki var farið á staðinn þar ekki er um eiginlega fornleif að ræða.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 15-16

NÞ-019:037 *Sveinadys* þjóðsaga legstaður 6602.293N 1641.366V
„Nyrzt og austast á Hraungörðunum, skammt sunnan við Austara Hraungarðahornið á brúninni eru tveir drangar, sem heita Sveinar. Þessir klettar eru nærri hvor öðrum 6-7 álna háir, þarna undir öðrum klettinum er sagt, að tveir óbótamenn séu dysjaðir. Voru þeir hengdir á milli steinanna, má vel vera eitthvað til í þessu, því vestan undir nyrðri klettinum er eins og saman hrúgað lausagrjót upp með klettinum; væri fróðlegt að skoða það nánar, enda er þessi hrúga kölluð Sveinadys,“ segir í örnefnaskrá. Sveinadys er 4,3km suður frá bæjarhól 001, um 330-340m suður af túngarði á Hraungarðaseli 007 og um 540-550m norður af Hraungarðavörðu fremri 038.


NÞ-019:037 Horft til suð-suð-vesturs

Örnefnið Sveinar eru einnig til í landi Hóls (NÞ-022:022) og eru þeir um 3,3km norðaustan við þá Sveina sem hér hefur verið fjallað um.
Þýfður lyngmói sem einkennist af stórum klettasprungum og borgum.
Tveir stórir klettadrangar sem standa þétt saman, það er um 2m á milli þeirra og þeir eru um 3-4m á hæð. Gróin steinahrúga er norðvestan megin við nyrðri klettinn. Steinahrúgan virðist vera það lítil að það verður að teljast nokkuð ólíklegt að um raunverulega dys sé að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 16

NÞ-019:038 *Hraungarðavarða* varða óþekkt 6602.014N 1641.537V
„Hraungarðavarða fremri er á lágum hálsi skammt suður af Grashól. Það er venjuleg varða, hlaðin úr grjóti,“ segir í örnefnaskrá. Hraungarðavarða fremri er um 4,9km suður af bæjarhól á Keldunesi, um 540-550m suðsuðvestur af Sveinadys 037 og um 1,3km vestnorðvestur af Hermannshól ytri 040.
Varðan er á aflöngum hraunhól sem liggur í norðvestur og suðaustur, hefur lyngvaxnar hlíðar en er grýttur og gróðurlaus eftir ásnum. Varðan er hlaðin úr stóru hraungrýti og er að hluta fallin, hún er 2x1m að stærð og um 1m á hæð, er 4-5 umför. Gata sem sennilega er Grásteinsstígur er um 80m austran við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 16


NÞ-019:038 Horft til norð-norð-austurs



NÞ-019:039 Horft til austurs

NÞ-019:039 *Tjaldhólar* örnefni tjaldstæði 6601.125N 1641.491V

„Austur af Grenishól, suður af Grásteini, eru margir hólar, misstórir og háir, allir meira og minna skógi- og víðivaxnir. Þeir eru sumir norðan og sumir sunnan við Bláskógarveg, þeir heita Tjaldhólar," segir í örnefnaskrá. Einn Tjaldhólanna er sýnu stærstur. Hólarnir eru 6,5km suður af bæjarhól á Keldunesi og um 1,7km suður af Hraungarðavörðu fremri 038.

Svæði sem er mikið gróið kjarrgróðri.

Áberandi hóll í frekar flötu landi og er gott útsýni af honum til allra átta en ekki. Ekki er ljóst hvar menn hafa tjaldað, sé örnefnið á annað borð dregið af tjaldstæði frekar en fugli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 17

NÞ-019:040 *Hermannshóll* varða landamerki 6602.318N 1639.969V



NÞ-019:040 Horft til norðurs

„Þá er austan við Lágamó, sunnan við Vörður, Hermannshóll, er nyrst austan við móinn, mjög stór og föngulegur hóll, sem stendur einn sér á flatlendi að kalla. Sagt er, að í hól þessum eigi að vera fólgið skip," segir í örnefnaskrá. Hermannshólarnir eru tveir, ytri og syðri og er hér átt við þann ytri sem er stærri og meiri um sig en sá syðri. Ytri-Hermannshóll er 4,3km suðsuðaustur frá bæjarhól 001, um 1,1km austan við Sveinadys 037 og um 300m norðan við eyðibýlið Hermannshól NÞ-022:016 og er varða á kolli hans.

Varðan er á stórum og bröttum hól sem er í frekar flötu landi.

„En ekki varð nú samt Sveinungi heitinn í Byrgi neins var, er hann gróf ofan í hólinn og grennslaðist eftir skipi þessu, hefur sjálfsagt haft liðónýt verkfæri í höndum sér, er hóllinn í örskots lengd suður frá Hæðunum fyrr nefndu. En annars staðar er sagt frá því að Sveinn Jónsson í Byrgi (er það sama og Sveinungi?) hafi um 1886 reynt þetta, en er hann hafði grafið um stund, sá hann Keldunes standa í ljósum loga. Flýtti hann sér þá af stað til að slökkva eldinn, síðan hefur hóllinn verið í friði," segir í örnefnaskrá. Varðan er 2x2m að stærð og um 1m á hæð, ekkert sérlega vel hlaðin, frekar að henni hafi verið hrúgað upp en í henni er stórt grjót og ekki lítur út fyrir að hún hafi neitt hrunið. Ekki er hægt að greina neitt skipslag á hólnum sem er mjög hringlaga og ekki gat ég séð nein augljós ummerki eftir að uppgröft í kolli hans. Hann hefur frekar þunna gróðurhulu í kollinn en hefur vel grónar hlíðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 18

NÞ-019:041 heimild um kálgarð 6604.634N 1640.955V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var sáðreitur um 50m norðvestan við bæjarhól 001 og um 120m suður af túngarði 015 og er verið að rækta þar upp tún þegar þetta er ritað.
Opið og slétt land sem er í ræktun.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-019:042 heimild um kálgarð 6604.499N 1640.644V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var sáðreitur eða kálgarður um 300m suðaustur af bæjarhól 001 og um 120m sunnan við útihús 003.
Þar sem sáðreiturinn var standa steypt fjárhús, klædd bárujárni, á lágri hæð.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-019:043 varða óþekkt 6603.558N 1640.991V
Varða er um 2km beint suður af bæjarhól 001 og um 50m sunnan við túngarð á Hrútstöðum 009.
Varðan stendur á ógróinni hraungrýtishæð og ber mikið á henni.
Varðan er 2x1m að stærð í grunninn, snýr norður og suður og er um 140cm á hæð. Hún er um 7-8 umför, hlaðin úr hraungrýti og er ágætlega hlaðin, er hún ekkert farin að hrynja.
Hættumat: engin hætta


NÞ-019:043 Horft til suðurs

NÞ-019:044 varða óþekkt 6604.160N 1641.290V
Varða er um 900m suðsuðvestur af bæjarhól 001 og um 300m norðaustur af Fremsta-Akurhól 026.
Varðan er á hæð vestast á grónu en frekar stórgrýttu malarholti sem snýr norður og suður.
Varðan er 2x1m að stærð, um 60cm á hæð og er hún um 3-4 umför.
Hættumat: engin hætta


NÞ-019:044 Horft til austurs

NÞ-019:045 varða óþekkt 6602.637N 1640.833V



NÞ-019:045 Horft til norð-vesturs

Varða er um 3,7km beint suður af bæjarhól 001 og um 370m austnorðaustur af Hraungarðaseli 007.
Varðan er á gróinni hraunklöpp í þýfðum móa.
Varðan er 1x1m að stærð í grunninn, um 70cm á hæð og um 4 umför, hefur aðeins hrunið úr henni. Gata sem sennilega er Grásteinsstígur er um 80m austan við vörðuna.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:046 varða óþekkt 6603.968N 1641.277V



NÞ-019:046 Horft til norð-vesturs

Varða er 350m norður af vörðu 044, um 350m austan við Fremsta-Akurhól 027 og um 300m vestnorðvestan við Kistu 031A.
Varðan er á stórgrýtishól.
Varðan er 1x1m að stærð, um 120cm á hæð og um 5 umför, hún er vel hlaðin úr stóru hraungrýti og er svo til hringlaga í grunninn.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:047 varða óþekkt 6602.895N 1641.237V



NÞ-019:047 Horft til norð-austurs

Varða er 600m norðaustan við Vallnakot 018, um 570m norðvestan við vörðu 045 og um 3,2km suður af bæjarhól 001.
Varðan stendur á bungumynduðum kletthól sem er sprunginn og vel gróinn í þýfðum móa.
Varðan er 1x1m að stærð í grunninn, um 50cm á hæð og er 2-3 umför. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti en ekki sérlega vel.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:048 varða óþekkt 6602.408N 1641.422V

Varða er um 150m suður af Hraungarðaseli 007, um 220m suður af Sveinadys 037 og um 1,4km suður af bæjarhól 001.

Varðan er nyrst á bröttum bakka eða brekku og umhverfis er gróðurhulan mjög þunn.

Varðan er hlaðin upp á litlum kletti og er hún 2x1m að stærð í grunninn og um 130cm á hæð að klettinum meðtöldum. Gata sem sennilega er Grásteinsstígur er um 80m austran við vörðuna.

Hættumat: engin hætta



NÞ-019:048 Horft til suð-suð-austurs

NÞ-019:049 gata leið 6602.964N 1641.281V

Götur eru 130-140m sunnan við vörðu 047 og 850-860m suðvestan við bæjarhól á Eyvindarstöðum 026:001.

Göturnar eru í stórþýfðum og lyngvöxnum móa.

Göturnar eru fimm talsins og sumar nokkuð áberandi, þær eru um 40cm breiðar og um 30-40cm djúpar. Tæpur metri er á milli þeirra og eru þær allar saman um 5m á breidd. Ekki er ósennilegt að þær liggi frá Keldunesi að Keldunesbeitarhúsum 018.

Hættumat: engin hætta



NÞ-019:049 Horft til norð-austurs

NÞ-019:050 *Ytri-Kolgrafarhóll* varða óþekkt 6603.219N 1641.994V

„Í vestur frá Gjáarholti, nokkuð langt [eru] Kolgrafarhólar [sjá 052], Ytri-Kolgrafahóll austur af Bughól, … dálítið sunnar enn hinn er annar hóll, svipaður að stærð, og heitir hann Fremri-Kolgrafahóll, stórar vörður eru á þeim, eins og reyndar flestum hólum, sem hér eru taldir," segir í örnefnaskrá. Ytri-Kolgrafarhóll er 2,7km suðsuðvestur af bæjarhól á Keldunesi 001, um 420m norðaustur af Fremri-Kolgrafarhóli og 880-890m norðan við Vallnakot 018.

Á stórum og bröttum hraunhól sem er vel gróinn mosa og lyngi.

Varðan er frekar stór og vel hlaðin, hún er



NÞ-019:050 Horft til austurs

2x2m að stærð í grunninn, um 140cm á hæð og um 6-7 umför. Hún er stór og stæðileg og er hlaðin úr stóru hraungrýti en sennilega hefur eitthvað hrunið úr vesturhlið hennar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 14

NÞ-019:051 *Fremri-Kolgrafarhóll* varða 6603.037N 1642.323V


NÞ-019:051 Horft til norð-norð-austurs

„Í vestur frá Gjáarholti, nokkuð langt [eru] Kolgrafarhólar [sjá 052], Ytri-Kolgrafahóll austur af Bughól, … dálítið sunnar enn hinn er annar hóll, svipaður að stærð, og heitir hann Fremri-Kolgrafahóll, stórar vörður eru á þeim, eins og reyndar flestum hólum, sem hér eru taldir," segir í örnefnaskrá. Fremri-Kolgrafarhóll er 3,1km suðsuðvestur af bæjarhól á Keldunesi 001, um 420m suðvestur af Ytri-Kolgrafarhóli og 650m norðnorðvestan við Vallnakot 018.
Varðan er á stórum, bröttum hraunhól sem er vel gróinn lyngi.
Varðan er 1x1,5m að stærð í grunninn, um 120cm á hæð og hlaðin úr stóru hraungrýti, 5-6 umför. Varðan er öll gróin skófum en eitthvað hefur sennilega hrunið úr henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 14

NÞ-019:052 *Kolagrafarhólar* heimild um kolagröf 6603.258N 1641.778V


NÞ-019:052 Horft til vesturs

„Í vestur frá Gjáarholti, nokkuð langt [eru] Kolgrafarhólar, Ytri-Kolgrafahóll austur af Bughól, … dálítið sunnar enn hinn er annar hóll, svipaður að stærð, og heitir hann Fremri-Kolgrafahóll, stórar vörður eru á þeim, eins og reyndar flestum hólum, sem hér eru taldir. … Þarna eru víða miklar kolagrafir, enda er skógurinn eyddur," segir í örnefnaskrá. Möguleg kolagröf er um 180m austnorðaustan við Ytri-
Kolgrafarvörðu 050 og 2,6km suðsuðvestur af bæ 001.
Í stórþýfðum og lyngvöxnum móa sem einkennist af litlum klettaborgum.
Ekki er alveg víst um að gryfjan sem hér er líst sé manngerð en hún er 5x2m að stærð og um 2m á dýpt og snýr hún vestsuðvestur-austsuðaustur. Ekki fundust augljósari ummerki eftir kolagryfjur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 14

NÞ-019:053 *Lambaklettagata* gata leið 6603.303N 1640.026V
„Austur frá bæjarhúsum [NÞ-026:001] er Nátthagi [NÞ-026:018], nú ræktað tún, í honum eru Lambaklettar, lágir klettar með grasigrónum sprungum, voru norðan og austan við túnið. Austur af þeim er Lambaklettamór og í norðaustur er Skuggaklettur, sem fyrr var nefndur, er einnig í Nátthaganum. Um klettana lá Lambaklettagata," segir í örnefnaskrá. Mögulega á þetta við um vegarslóða sem sést á loftmynd og er um 250m austan við bæ 001 og um 250m norðvestan við Dagmálavörðu NÞ-026:016.
Sé þetta rétta gatan þá hefur hún verið sléttuð undir tún en austan þess liggur hún um þýft mólendi.
Gatan virðist liggja til norðausturs að Hólkoti NÞ-022:009. Gatan var ekki skráð á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 13

NÞ-019:054 varða óþekkt 6602.858N 1639.225V
Varða er 3,5km suðsuðaustur af bæjarhól á Keldunesi 001, um 1,2km suðaustur af bæjarhól á Eyvindarstöðum NÞ-026:001 og 660-670m austnorðaustan við vörðu 055.
Varðan er á lágum hraungrýtishól.
Varðan er 1x1m að stærð í grunninn, um 60cm á hæð og um 4 umför.
Hættumat: engin hætta

NÞ-019:055 varða óþekkt 6602.759N 1640.068V
Varða er 3,5km suðsuðaustur af bæjarhól á Keldunesi 001, um 660m vestsuðvestur af vörðu 054 og um 620m austnorðaustan við vörðu 045.
Varðan er á blásinni hæð í frekar þýfðu landi.
Varðan er hringlaga í grunninn, um 1m í þvermál og um 60cm á hæð, hún er um 4-5 umför og er lítið eitt hrunin.
Hættumat: engin hætta



NÞ-019:055 Horft til norð-norð-vesturs

NÞ-019:056 varða óþekkt
6602.097N 1640.628V
Varða er 4,5km suður af bæjarhól á Keldunesi 001, um 700m austur af Hraungarðavörðu fremri 038 og um 450m vestan við eyðibýlið Hermannshól NÞ-022:016.
Varðan er byggð á lágri hraunklöpp sem er mikið gróin lynggróðri.
Varðan er 0,5x1m að stærð í grunninn og um 1m á hæð, hún er 5-6 umför og ágætlega byggð úr frekar stóru grjóti.
Hættumat: engin hætta


NÞ-019:056 Horft til norð-vesturs

Kelduneskot, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,4 ha
fiar af slétt: 1/9 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-020 Kelduneskot

Hjáleiga Kelduness 1712: „Bygð fyrir manna minni við heimatúnið, afdeild að túni og útslægjum einasta.“ JÁM XI, 288 „Jörðin er gömul, upphaflega byggð á 1/4 hluta Kelduness.“ Land og fólk, 284.
Lundarbrekka nýbýli sem byggt var á hálfu landi Kelduneskots 1929. Land og fólk, 288
1917: Tún 1,4ha, þar af 1/9 sléttað. „Túnið er mjög lítið heima við bæ en talsverð ræktun í svonefndum Höfðum, vestan við Bruna.“ Land og fólk, 284

NÞ-020:001 *Kelduneskot* bæjarhóll bústaður 6604.568N 1640.972V



NÞ-020:001 Horft til norð-austurs

„Kelduneskot. Jörðin er gömul, upphaflega byggð 1/4 hluta Kelduness. Íbúðarhúsið stendur austan Brunnanna, örskammt sunnan við Keldunes. Tún er mjög lítið heima við bæ en talsverð ræktun í svonefndum Höfðum, vestan við Brunna,“ segir í Land og fólki. Húsið í Kelduneskoti hefur verið rifið en það stóð 60-70m norðaustan við Lindarbrekku I byggt 1930, um 60-70m við Keldunes II byggt 1954 og um 20-25m austan við veg sem liggur inn Vestursand.
Bæjarstæðið er í túni sem hefur verið sléttað. Túnið er nokkuð hæðótt og grösugt.
Þar sem húsið stóð er enn rofin jörð, lítið eitt gróin arfa og grasi. Eru ummerki eftir seinasta íbúðarhús frekar greinileg, það var reist 1928 úr steini og var kjallari og hæð. Að öllum líkindum var það reist á svipuðum stað og fyrri íbúðarhús, þó er ekki hægt að tala um áberandi bæjarhól en bæjarstæðið er um 25x20 m að stærð, uppsöfnun mjög óljós en gæti verið um 30cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Land og fólk, 284

NÞ-020:002 heimild um fjárhús 6604.531N 1641.046V




NÞ-020:002 Horft til suðurs

„Nýbýlið Lindarbrekka er byggt þar úr, það er norðan við þjóðveginn. Þar sem býlið er, voru áður fjárhús úr torfi,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var þetta útihús 70m vestur af bæ 001. Þar sem fjárhúsin stóðu stendur núna íbúðarhús reist 1930, sem er hæð, kjallari og ris.
Húsið stendur á hæð suðaustan við veg 861 sem liggur suður af þjóðvegi 85 til norðurs að bæjunum sem eru þar vestur á sandi.
Ekkert sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 5-6; Túnakort 1918

NÞ-020:003 *Niðurhús* heimild um fjárhús 6604.590N 1641.155V
„Niðurhús voru fjárhús frá Kelduneskoti í Höfðanum, þar var sérstakt tún og túngarður í kring, þetta er nú horfið, eins og Fálkahúsið [NÞ-019:023], sem var suðvestur af þeim, þvert vestur af þessu var Djúpidalurinn …Vestur af bænum, á tanga, voru Niðurhús, fjárhús úr torfi, sem fyrr var getið," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús á sér skika vestan við bæinn sem ekki hefur tengst heimatúninu. Sennilega hefur þessi skiki verið sunnan við vatn sem er vestan megin við bæjarstæðið 001 og hefur húsið staðið nyrst í þessu túni við suðurbakka vatnsins.
Slétt tún við vatnsbakka.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 5; Túnakort 1918

Nýibær, Kelduneshreppi

Stærð túna: ha
Þar af slétt: /
Stærð matjurtagarða: ? m2





Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir


0 50 100

metrar

NÞ-021 Nýibær

1712: Nýjabæjar er ekki minnst í Jarðabók Árna og Páls. Hjáleiga frá Keldunesi. JJ, 340 „…sem fyrst er nefndur sem hjáleiga héðan [Keldunesi] 1805. JJ, 340.
Bærinn stendur á austurbakka Litlár, alllangt norður á sléttlendinu og er vestasti bærinn í Vesturssandi. Þarna mun fyrst hafa verið byggt um eða fyrir1780…Nýibær fór í eyði árið 1977.“ Land og fólk, 271
1917: Tún 0,4 ha, allt slétt. „Land jarðarinnar er lítið, mest mýrlendi, nema árbakkinn, en Litláin afmarkar það að vestanverðu. Afkoma í Nýjabæ byggðist mikið á engjaheyskap því lítið er um ræktunarland.“ Land og fólk, 271

NÞ-021:001 *Nýibær (bæjarstæði I)* bæjarhóll bústaður 6606.981N 1644.287V



NÞ-021:001



Nýibær. Horft til norð-austurs

„Meðan vatnið var í Stórá, rann mikið vatn í Kílnum, er síðar getur … Og fyrsti bærinn hér var austur við kvíslina, um 200 metra frá, þar tók Kíllinn hann. Yzti hluti Kílsins er Yztakvíslin. Þar sést enn móta fyrir bænum,“ segir í örnefnaskrá. Fyrsta bæjarstæði Nýjabæjar er á miklu flatlendi milli núverandi íbúðarhúss á Nýjabæ (reist 1938) og Arnarness 027:001. Bæjarstæðið er um 700m norðaustan við íbúðarhúsið á Nýjabæ og um 1 km suðsuðvestan við íbúðarhúsið á Arnanesi.
Tóftin er á miklu flatlendi og umhverfis hana eru slétt tún og í þeim mikil sina.


NÞ-021:001 Horft til suðurs

Bæjarhóllinn er um 35x20m að stærð og snýr norður-suður. Hann gæti verið lítið eitt upphlaðinn en upphleðslan er frekar ógreinileg, kannski 20-30cm. Á bæjarhólnum er tóft sem er um 30x15m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 12 hólf. Hleðsluhæð veggja er um 120 cm og þykkt þeirra allt að 2m en það þó aðallega við útveggi. Innveggir eru um 1m að þykkt. Hólf A er syðst og lítur það helst út fyrir að vera viðbygging. Það er 6x3m að innanmáli og snýr norður-suður. Norðan við það er hólf B sem snýr eins en er 10x4m að innanmáli, eru langveggir þess nokkuð óreglulegir. Vestan við hólf B er hólf C og vestan við hólf C er hólf D. Hólf C er 3x3m að innanmáli en hólf D er 2x3m að innanmáli. Hólf E er einnig vestan við hólf B en norðan við hólf C og D og er það 8x3m að innanmáli og snýr austur-vestur. Norðvestan við hólf B er hólf F sem er 6x1m að innanmáli og snýr norður-suður. Vestan við hólf F en norðan við hólf E eru önnur 3 hólf. Hólf G er 2x1m að stærð og hólf H (sem er norðan við hólf G) er 2x2m að stærð. Vestan við hólf G og H en norðan við hólf E er hólf I sem er 4x2m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Norðan við hólf I er skot M sem gengur 3m inn í tóftina og er um 1m á breidd, snýr það í vestur-austur. Austan við það og norðan við hólf H er hólf J sem er 5x2m að innanmáli og snýr norður-suður. Norðan við skot M og vestan við hólf J er hólf K sem er 3x2m að innanmáli. Norðan við það er hólf L sem er 3x1m að innanmáli. Útveggir tóftarinnar eru nokkuð óreglulegir og má ætla að upphefleg húsinu hefi nokkrum sinnum verið breytt. Ekkert rof virðist í tóftinni. Hún er þýfð og vel gróin og lítil sem engin sina í henni. Ekki sjást neinar grjóthleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Nýibær, 1-2

NÞ-021:002 *Nýibær (bæjarstæði III)* heimild um bústað 6606.905N 1644.665V


NÞ-021:002 Horft til suð-vesturs

„Næst [var] byggt mitt milli þessa bæjar [001] og núverandi [þ.e. þess íbúðarhúss sem byggt var 1938]. En þá braut áin sé leið í gegn og tók bæinn. Þarna stóð hann stutt, og svo var hann fluttur þangað sem hann er nú," segir í örnefnaskrá. Umrætt bæjarstæði Nýjabæjar er um 400m norðaustan við núverandi íbúðarhús reist 1938 og 320-330m vestsuðvestan við fyrsta bæjarstæðið 001.

Bæjarstæðið er á hólma eða hól sem er í uppþornuðu landi en hefur áður einkennst af kílum og tjörnum.

Ekkert sér lengur til minja þar sem þetta bæjarstæði var. Suðaustan við staðinn þar sem bæinn stóð er partur af garðhleðslu 021 sem mögulega eru leifar af vallargarði sem e.t.v. var aldrei lokið við að byggja. Þó er hugsanlegt að garðlagið sé frekar leifar varnargarðs. Bæjarstæðið er fremur einkennilega staðsett þegar höfð er í huga sú hætta sem stafar af vatnsaga á þessum slóðum. Bæjarstæðið er mjög þýft en engar

leifar bygginga sjást. Ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur hingað né hvenær hann var aftur færður af þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nýibær, 2

NÞ-021:003 *Nýibær (bæjarstæði IIII)* hús bústaður 6606.808N 1645.096V



NÞ-021:003 Horft til vesturs

„Næst [var] byggt mitt milli þessa bæjar [001] og núverandi [þ.e. þess íbúðarhúss sem byggt var 1938]. Þarna [sjá 002] stóð hann stutt, og svo var hann fluttur þangað sem hann er nú. Þar sem bærinn [003] var fyrst, er nefnt Miðtangi. Vestur af Miðtanga er Miðkvísl, sem áður er getið. Hún er gamall farvegur frá Kílnum. Vestan hennar heitir Valllendisbakki, þar er nú ræktað tún. Þar stóð bærinn [003] eitt sinn, en stutt," segir í örnefnaskrá. Tveir bæir hafa staðið á því svæði þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Í raun stendur íbúðarhúsið frá 1938 á fjórða bæjarstæðinu, það eru um 100m á milli þriðja og fjórða bæjarstæðisins. Þriðj bærinn var reistur úr torfi, grjóti og timbri og steypu og yfirgefinn um 1938 þegar nýjasta íbúðarhúsið var byggt. Ekki er ljóst hvenær þetta þriðja bæjarstæði var byggt. Þetta bæjarstæði er 370-380m suðvestan við bæjarstæði 002. Á þessu þriðja bæjarstæði standa enn leifar af íbúðarhúsinu sem hefur verið byggt úr torfi, grjóti, timbri og steypu. Það hefur verið byggt mjög snemma á 20. öldinni og er því kannski ekki orðið að fornleif en er frábært dæmi um millibilsástand í byggingarefnum.
Tóftin er í sléttu frekar grösugu landi, ekki langt frá bökkum Stórá . Hún er við girðingu sem er norðanmegin við ána.
Þetta er þriðja bæjarstæðið sem bærinn er reistur á en húsið frá 1938 mun þá vera á því fjórða. Bærinn stendur að hluta til ennþá og sjást steyptir veggir með bárujárnsþaki. Bærinn er 26x22m að stærð og snýr austur-vestur. Forstofa og vesturhluti hússins hefur verið úr torfi, grjóti og timbri og stendur forstofan ennþá en ekki vesturhluti húsinns. Ekki varð betur séð en að eldavélin hafi verið steyp með veggjunum og strompur yfir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nýibær, 2


NÞ-021:004 Horft til suð-austurs

NÞ-021:004 *Káratóft* tóft heystæði 6606.072N 1645.047V
„U.þ.b. mitt á milli bæjar [hér er sennilega átt við íbúðarhúsið frá 1938] og Tungusporðs er Káratóft. Það er heystæði, sem kennt er við Kára Stefánsson frá Ólafsgerði," segir í örnefnaskrá. Þetta heystæði er 1,3 km beint suður af íbúðarhúsi á Nýjabæ reist 1938 og liggur vegartroðningur alveg frá heimreið og að tóftinni. Stórá rennur 25-30m vestan við tóftina. Tóftin er í jaðri túns sem er mjög slétt en í því er mikil sina og einnig nokkuð um loðvíðir.

Káratóft er svo til alveg ferhyrnd. Grunn gryfja (13X11 m stór) er umhverfis tóftina þar sem torfið í hana hefur verið tekið. Gryfjan er lítið þýfð en vaxin snarrrót og sker sig vel úr umhverfi sínu sökum þess hve græn hún er. Sjálf tóftin er 8x8m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 40 cm. Hún er skiptist í þrjú hólf og er L-laga. Mögulegt er að tóftin hafi í upphafi aðeins verið tvö hólf. Sé það rétt hefur tóftin í upphafi snúið norðaustur-suðvestur. Hólfið norðaustanmegin hefur þá verið 2x2m að innanmáli en suðvestara hólfið 3x2m. Viðbyggingin hefur þá komið seinna og þá verið bætt við suðausturhlið stærra hólfsins. Er það hólf 3x2m að innanmáli. Ekkert op er á milli hólfa og ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.



NÞ-021:004


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nýibær, 2

NÞ-021:005 *Grænatóft* tóft heystæði
6606.282N 1642.881V

„Austur frá Runu heitir Kíll. Í honum er hólmi, sem nefnist Grænatóft," segir í örnefnaskrá. „Nyrzt og austast á Hólmunum, í Kólfarveginum, er Grænatóft, þar eru merki móti Arnarnesi og Nýjabæ," segir í örnefnaskrá Kelduness. Heystæðin eru um 2 km suðaustur frá núverandi íbúðarhúsi (byggt 1938) og um 1,7 km suðaustur frá fyrsta bæjarstæðinu á Nýjabæ 001.

Kíllinn er nú svo til alveg uppþornaður en bakkarnir eru enn mjög greinilegir, sjálfur hólminn er grasivaxinn og sléttur.

Tóftirnar eru tvær á svæði sem er 17x6 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin sem er utar og norðvestar er einföld. Hún er 6x6m að utanmáli og 2x2m að innanmáli. Tóftin sem er suðaustan við hana virðist hafa verið tvískipt. Hún er 9x6 m að stærð. Ysta og syðsta hólfið í henni er 4x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hólfið norðvestan við það er opið til norðurs og lítur út fyrir að vera 4x3m að stærð, snýr það eins og fyrrnefnda hólfið en alla norðurhliðina og norðurhornið vantar. Veggir tóftanna eru umfangslitlir og varla meira en 20 cm á hæð, og um 20 cm á breidd. Virðist tóftin vera eingöngu torfhlaðin. Grænatóft er á landamerkjum og



NÞ-021:005


NÞ-021:005 Horft til suðurs


liggur gaddavírsgirðing fast norðvestan við tóftina og snýr í suðsuðaustur- norðnorðvestur. Úr gaddavísgirðingunni liggur svo rafmagnsgirðing til suðvesturs og liggur hún yfir nyrsta hluta tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nýibær, 2; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 7

NÞ-021:006 heimild um kvíar
„Kvíar voru á bakka Stórár, vestur af Nýjabæ [003]. Áin hefur nú brotið þær að mestu," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning er óþekkt en sennilegt þykir að átt sé við bæjarstæði 003 eða íbúðarhúsið sem er byggt 1938. Hljóta kvíarnar að hafa verið rúmum 30 eða 40m vestan við Nýjabæ 003.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nýibær, 2

NÞ-021:007 tóft heystæði 6606.411N 1643.777V




NÞ-021:007 Horft til suðurs



NÞ-021:007

Heystæði er um 1 km suðaustan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ reist 1938, um 700m vestnorð-vestur við Grænutóft 005 og um 1 km norðaustan við Káratóft 004. Vegurinn heim að Nýjabæ er um 60-80m austan við tóftina.
Allt umhverfis tóftina er mýri, misdeig þó og víða vaxin loð- og gulvíði. Mýrin er mjög grösug en einnig er mýrargróður áberandi.
Tóftirnar eru tvær og sennilega báðar heystæði. Svæðið er samtals 13x13m að stærð og eru 5m á milli tóftanna. Báðar snúa tóftirnar norður-suður. Sú suðvestari er 5x3m að stærð. Hún er eitt hólf og er ekkert op á henni. Norðaustari tóftin er ferhyrndur stallur sem er um 9x5m að stærð. Hleðsluhæðin er um 50 cm. Útlit tófta og staðsetning bendir eindregið til að þær séu heystæði.
Hættumat: engin hætta




NÞ-021:008



NÞ-021:008 Horft til norðurs

NÞ-021:008 tóft heystæði 6606.760N 1644.595V
Tóft sem sennilega hefur verið heystæði er 330-340m austan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (byggt 1938) og um 280m sunnan við bæjarstæði eldra bæjarstæði 002.
Tóftin er í graslendi sem einkennist mikið af mýrargróðri en sjálf er tóftin öll grasi vaxin. Landið umhverfis er slétt og er í því mikil sina.
Tóftin liggur í vinkil. Hún er mjög misskýr og hefur ekki öll verið hlaðin í einu. Því virðist mega greina meira en eitt byggingarstig í henni. Skýrasti hluti hennar er 8x4m að stærð og snýr norð-ur-suður. Hann skiptist í tvö hólf, hvort um sig 3,5x3m að stærð. Út frá nyðri enda tóftarinnar að vestan er ógreinilegri hluti hennar. Hann er 6x4m að stærð og vestur af honum eru tvær dældir. Veggir þessa hluta eru aðeins um 15 cm á hæð og þykkt veggja er um 20 cm á meðan hleðsluhæð skýrari hlutans er 50cm. Tóftin virðist eingöngu torfhlaðin.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:009 tóft útihús 6606.959N 1644.424V
Norðan við gerði 022 er tóft sem líklega var einhvers konar skepnuhús. Hún er rúma 200m vestsuðvestan við bæ 001 og um 600m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ byggt 1938. 100-150 m norðvestan við tóftina rennur Stóra.
Umhverfis tóftina er grasivaxið sléttlendi sem er á kafi í sinu.



NÞ-021:009

Tóftin er 12x10m að stærð og snýr í suðvestur-norðaustur. Hún er skýrari að norðanverðu og skiptist í 5 hólf. Í norðausturhorni tóftarinnar er hólf A, það er 4x4m að innanmáli og er op á því er til suðausturs. Norðvestan við það er hólf B sem er 2x3m að stærð og snýr norðvestur-suð-




NÞ-021:009 Horft til suð-suð-vesturs

austur. Suðvestan við hólf A er hólf C sem er 3x4m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Á hólfi C er op í suðurhorni. Vestan við hólf C er hólf D sem er 2x3m að innanmáli og gæti op hafa verið á milli þessara hólfa þar sem horn þeirra koma saman. Að öðru leyti er ekki greinanlegur suðurveggur á hólfi D. Norðan við hólf D, suðvestan við hólf B og norðvestan við hólf C er innskot eða hólf E sem er 3x3m að stærð. Þetta líkist helst einhvers konar innskoti, það er alveg opið til vesturs og eru norður- og suðurveggir þess eru ekki jafn langir. Hleðsluhæð veggja er um 30 cm er þykkt um 1m og ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:010 tóft heystæði 6606.165N 1645.033V
Tóft sem hefur að öllum líkindum þjónað sem heystæði er 170-180m norðan við Káratóft 004 og um 1,1km sunnan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938) og um 15m sunnan við heystæði 011.



NÞ-021:010 Horft til suðurs



NÞ-021:010

Tóftin er í jaðri túns og um 15m austan við Stórá.
Tóftin er 11x4m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 3 hólf. Tvö þeirra eru jafn stór eða 3,50x3,50m og eru þau á norður- og suðurenda tóftar en á milli þeirra er þriðja hólfið sem er 2x1m að stærð og er frekar ógreinilegt. Hleðsluhæðin er um 30 cm. Tóftin er vel græn og greinileg og ekki mjög þýfð, ytri brún veggja er aflíðandi og er tóftin örlítið niðurgrafin. Ekki verða greind nein op á veggjum sem virðast eingöngu hlaðnir úr torfi.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:011 tóft heystæði 6606.171N 1645.038V
Tóft er um 20m vestan við Stórá og um 1,1km sunnan við íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938) og hefur það sennilega verið heystæði. Tóftin 15m norðan við heystæði 010 og 3-5m austan við veg eða afleggjara sem liggur í suður frá heimreið Nýjabæjar.
Tóftin er í jaðri túns sem er mjög slétt en í því er mikil sina og loðvíðir.
Tóftin er grasi vaxin og ekki mjög áberandi. Hún er ferhyrnd, 4x3m að stærð og er hæð veggja um 20 cm og þykkt þeirra svipuð (eða um 20cm). Tóftin er einföld og er ekkert sjáanlegt op á henni og virðast vegghleðslur hennar eingöngu hlaðnar úr torfi.
Hættumat: engin hætta




NÞ-021:011

NÞ-021:012 tóft heystæði
6606.205N 1645.033V
Tóft sem er líklega heystæði er 1 km beint sunnan við íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938). Hún er 1 km suðvestan við heystæði 007 og 20m sunnan við heystæði 013. 20m vestan við tóftina er Stórá en um 5m austan við hana er vegartroðningur sem liggur til suðurs frá heimreið Nýjabæjar.
Tóftin er í jaðri túns sem er mjög slétt en í því er mikil sina og einnig nokkuð um loðvíðir.



NÞ-021:011 Horft til norðurs



NÞ-021:012


Tóftin er 11x8m að stærð, er þrískipt og „L“ -



NÞ-021:012 Horft til suðurs

laga. Hún snýr austur-vestur. Stærsta hólfið er um 6x4m að innanmáli og snýr austur-vestur. Við austurenda þess er lítið hólf sem er 2x2m að innanmáli og norðan við það er svo þriðja hólfið sem er 4x2m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki voru sjáanleg nein op á hólfunum. Hleðsluhæð veggja er um 30 cm og virðast þeir eingöngu hlaðnir úr torfi. Lag tóftar og staðsetning bendir eindregið til að hún sé af heystæði.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:013 tóft heystæði
6606.216N 1645.026V
Tóft sem er líklega heystæði er 1 km sunnan við íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938), hún er um 1 km suðvestan við heystæði 007 og um 20m norðan við heystæði 012. 15m vestan við tóftina er Stórá og um 15m austan við hana er vegartroðningur sem liggur til suðurs frá heimreið Nýjabæjar.
Tóftin er í jaðri túns sem er mjög slétt en í því er mikil sina og loðvíðir.
Tóftin er 7x4m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist skiptast í tvö hólf og er op á milli þeirra. Vestara hólfið



NÞ-021:011




NÞ-021:013 Horft til suðurs

er 3x2m að stærð og snýr austur-vestur en hólfið austanmegin er 2x1m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð veggja er um 20 cm og virðast þeir eingöngu hlaðnir úr torfi. Útlit tóftar og staðsetning bendir eindregið til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta



NÞ-021:014 Horft til norð-vesturs




NÞ-021:011

NÞ-021:014 þúst heystæði 6606.963N 1644.404V
Lítil þúst er um 3m austan við 009 og um 100m suðvestan við fyrsta bæjarstæði Nýjabæjar 001. Hún er um 600m norðaustan við íbúðarhúsið á Nýjabæ (reist 1938).
Í sinumiklu sléttu túni.
Þústin er mikið þýfð og sækja skepnur í hana. Lítur hún frekar út eins og upphækkaður pallur og er því varla hægt að tala um veggi. Er brún þústarinnar ágætlega skýr og er tóftin er 6x3m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðsluhæð hennar er um 20 cm. Útlit þústar og staðsetning bendir helst til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta



NÞ-021:015 Horft til vest-norð-vesturs

NÞ-021:015 þúst óþekkt
6607.016N 1644.300V




NÞ-021:015

Þúst eða dæld er 60-70m norðan við elsta bæjarstæði Nýjabæjar 001 og um 740m norð-austan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938).
Dældin er í hól sem er

frekar áberandi í flötu landi.
Dældin og umhverfi hennar er allt grasi vaxið. Hún er 4x3m að innanmáli og um 20-25cm djúp og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:016 tóft óþekkt 6606.978N 1644.296V

Tóft er um 700m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938) og um 10m suðvestan við elsta bæjarstæðið 001. Kannski er hér um útihús að ræða frá Nýjabæ 001 en einnig má vera að hún hafi verið byggð sem heystæði.
Í sléttu grasivöxnu landi sem hallar til suðurs.




NÞ-021:016


NÞ-021:016 Horft til vesturs

Tóftin er 9x5m að stærð, snýr norður-suður og er tvískipt. Minna hólfið sem er norðanmegin í tóftinni og er 2x2m að innanmáli en sunnan við það er stærra hólf sem er 4x2 m að innanmáli. Ytri brún veggja er skýrari en innri brún og er norðurendinn skýrari en suðurendinn. Veggjaþykkt er mismikil, allt frá 2m niður í 20 cm en hleðsluhæð veggja er um 40 cm. Tóftin er öll grasi vaxin og virðist eingöngu hlaðin úr torfi.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:017 tóft óþekkt 6606.968N 1644.275V



NÞ-021:017


NÞ-021:017 Horft til norðurs


Tóft er um 30m suðsuðaustan við elsta bæjarstæði Nýjabæjar 001 og um 700m norðaustan við núverandi íbúðarhús á bænum (reist 1938). Kannski er hér um útihús að ræða frá Nýjabæ 001 en einnig má vera að hún hafi verið byggð sem heystæði.

Tóftin er á bakka uppþornaðs kíls.
Tóftin er eitt hólf, 6x5m að stærð og snýr norður- suður. Ekki er greinilegur veggur fyrir suðurhlið. Tóftin er 4x2m að innanmáli og er hleðsluhæðin um 50 cm. Veggir eru mjög aflíðandi og signir og öll er tóftin grasi vaxin. Staðsetning tóftar gæti bent til þess að hún hafi verið útihús frá Nýjabæ 001 en einnig gæti bara verið um heystæði að ræða.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:018 tóft óþekkt 6606.961N 1644.257V



NÞ-021:018 Horft til vesturs




NÞ-021:018

Tóft er um 700m norðaustur við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938) og um 45m suðaustur við elsta bæjarstæðið 001. Um 60m norðan við tóftina er girðing á merkjum milli Nýjabæjar og Arnarness. Ekki er hægt að segja neitt um hlutverk tóftar en sökum nálægðar við elsta bæjarstæði Nýjabæjar 001 þá gæti hún hafa verið útihús.
Tóftin er á hól í uppþornaðri mýri.
Tóftin er 17x7m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt og eru bæði hólfin aflöng. Það vestara er 6x2,5m að stærð en það eystra 4x1m. Veggjaþykkt er allt að 3m og hleðsluhæð um 20 cm, virðist hún eingöngu hlaðin úr torfi. Ekki er sjáanlegt neitt op á tóftinni, hvorki á útvegg né milli hólfa.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:019 tóft heystæði 6606.759N 1644.431V




NÞ-021:019 Horft til suðurs



NÞ-021:019

Tóft, líklega heystæði, er um 450m beint austur af íbúðarhúsi í Nýjabæ (reist 1938) og um 430m suðsuðvestur af elsta bæjarstæðinu 001.
Tóftin er í jaðri túns og er öll vaxin mosa og hrossnál, víða umhverfis er loðvíðir, annars er landið mjög flatt.
Tóftin er 6x4m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og er nyrðra hólfið 2x2m að stærð en það syðra 2x1m. Ytri brún tóftarinnar er frekar óljós og hleðsluhæð veggja ekki mikið meira en 10 cm. Ekki er hægt að greina nein op á veggjum sem virðast eingöngu vera hlaðnir úr torfi. Staðsetning tóftar og útlit bendir helst til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta



NÞ-021:020

NÞ-021:020 þúst heystæði
6606.816N 1645.098V
Tvær þústir eru um 17m norðan við þriðja bæjarstæði Nýjabæjar 003 og um 130m norðnorðvestan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938).
Á bakka Stórá í sléttu graslendi.
Þústirnar eru tvær á 17x10 m stóru svæði. Hér verða þær nefndar þúst A og þúst B. Þúst A er sunnar og nær bæjarstæðinu 003 en þúst B. Hún er 5x6m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð hennar um 20 cm. Þúst B er 3m norðvestan við þúst A og er hún 7x5m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er hleðsluhæð hennar einnig um 20cm. Báðar eru þær einfaldar. Engar grjóthleðslur sjást í þústunum og útlit þeirra og staðsetning bendir helst til að þær séu heystæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


NÞ-021:020A Horft til suð-vesturs


NÞ-021:020B Horft til norðurs

NÞ-021:021 garðlag áveita 6606.889N 1644.577V
Um 50 m langt garðlag er um 90m austsuðaustur við bæjarstæði næst elsta bæjarstæði Nýjabæjar 002 og 400-450m norðaustan við það íbúðarhús á Nýjabæ sem nú stendur (reist 1938).
Garðlagið er í sléttu landi og er mýri sunnan við hann.
Garðlagið er í algjöru flatlendi, liggur austur-vestur og mun annað hvort hafa verið hlaðið sem varnargarður eða áveita nema hvort tveggja sé. Garðlagið er 45-50 m langt, um 70 cm hátt og um 1m á breidd. Það virðist eingöngu hlaðið úr torfi og er það allt vaxið grasi. Báðir endar þess eru frekar brattir og gæti maður haldið að aldrei hafi verið lokið við smíði þess.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:022 gerði óþekkt 6606.939N 1644.431V
Gerði er um 190m austnorðaustur við næst elsta bæjarstæði Nýjabæjar 002. Það er um 130m suðvestan við elsta bæjarstæðið 001 og um 570m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Nýjabæ (reist 1938).
Í sléttu mýrarlandi.
Gerðið afmarkar svæði sem er um 20x40m stærð og snýr austur-vestur, það er þó engin suðurhlið á því. Garðlagið er um 1m á breidd og 50 cm hátt. Það er grasi vaxið og fellur ágætlega inn í umhverfið og sjást engar grjóthleðslur í því. Þetta gæti helst verið einhvers konar aðhald sem hefur þá væntanlega verið notað frá elsta bænum 001.
Hættumat: engin hætta

NÞ-021:023 *Pálshró* tóft heystæði 6606.184N 1642.356V


NÞ-021:014 Horft til suðurs


„Kílabakki er vestur frá Hólmunum. Vestur af, eða suðvesturhluti Hólmanna heitir Pálshró. (Ath.: Óli Hjartarson heyrði að Páll nokkur hefði haft heystæði í Pálshrói og stundað heyskap þar í grenndinni.) og skammt þar fyrir vestan er Reykholt, „ segir í örnefnaskrá. Heystæðið er um 400m vestsuðvestur af Grænutóft 005, um 550m suðaustur af heystæði 007 og um 1,6km suðsuðaustur af elsta bæjarstæðinu 001.
Tóftin er í flötu, grösugu mýrlendi. Vestan við hana rennur lækur en rafmagnsgirðing er norðanvið tóftina.
Tóftin er 11x5m að stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Veggir eru um tæpan 1m á þykkt og um 30cm á hæð. Tóftin virðist hafa verið einföld en síðan virðist hafa verið byggt við hana viðbygging. Er viðbyggingin óljósari og hefur óverulegri vegghleðslur en aðalhluti tóftarinnar. Sjálf tóftin er 6x3m að innanmáli og er op á miðjum suðurgafli hennar. Viðbyggingin er við norðurgafl hennar og eru veggir hennar og er hún 3x2m að innanmáli. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 7

NÞ-021:024 gata leið 6606.269N 1645.053V
Gata liggur meðfram bökkum Litlár frá Káratóft 004 og heim að Nýjabæ 003.
Landið er mjög flatt og ágætlega grösugt.
Gatan er nokkuð greinileg og er sennilegt að bifreið hafi einhvern tímann verið ekið eftir þessum slóða. Gatan er um 1m á breidd og um 20cm á dýpt. Liggur hún frá heystæðunum sem eru við bakka Litlár og heim að yngsta bænum á Nýjabæ 003.

NÞ-021:025 hleðsla óþekkt 6606.597N 1644.832V
Hleðsla er um 350m suðvestan við 008 og um 450m suðsuðaustan við bæ 003. Hleðslan liggur yfir lækjarfarveg eða kíl og gæti því hafa verið áveita eða jafnvel brú.
Sunnan við hleðsluna er landið frekar blautt en annars er það mjög flatt.
Hleðslan er um 3m breið og um 50m löng, liggur frá vestsuðvestri til austnorðaustursvog er hleðsluhæðin er um 70cm. Hleðslan virðist vera eingöngu úr torfi. Fyrir miðjum læk er op eða rof á hleðslunni sem er um 1-2m stórt.
Hættumat: engin hætta

Hóll, Kelduneshreppi

Stærð túna: 3,8 ha
Þar af slétt: 1/4 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-022 Hóll

Hóll meðal Hólastólsjarða 1552 - DI XII, 461. Hóll í reikningum Hólastóls 18. febrúar 1569. DI XV, 225.
1712: Jarðadýrleiki óviss. Eigandinn biskupsstóllinn Hólar. Bænhús var á jörðinni. 1712 voru eyðihjáleigurnar Hermundshóll, Hólshús, Hólkot, Bakkagerði, Oddagerði, Broddhelgastaðir, Miðgerði og Hraunagerði. Önnur afbýli Hermannshóll, Tættur, Hólsgerði (?) og Hermannshólsgerði.
Minnst er á Brodd-Helga Þorgilsson í Landnámu en þó ekki bæinn Broddhelgastaði. ÍF I, 290-292. Samkvæmt Vopnfirðingasögu býr Brodd-Helgi lengst að Hofi í Vopnafirði. Ekkert er minnst á Broddhelgastaði. ÍF XI, 6.
1712: „Munnmæli eru að þessi jörð Hóll hafi alt land að Jökulsá, sem nú eru eyðisandar, og er það til líkinda hjer um, að skamt frá ánni eru nokkrar meltorfur sem kallast Hólseyjar, og rómast að Hólsmenn hafi í þá daga brúkað selveiði í Jökulsá fyrir sínu landi …“ „Engi takmarkað á jörðin á sandinum í Kelduness landi, sem sagt er að einhvör Hólabiskup hafi lagt til jarðarinnar frá Keldunesi.“ JÁM XI, 290-291
Talið er að jörðin sé uphaflega úr hinni fornu Ástorfu Ö-Hóll, 1. „Land á jörðin nóg. Mest er það mólendi, þurrt og sundursprungið af gjám sem eru hættulegar skepnum. Ekkert engi á Hóll fremur en aðrar jarðir í Uppsveit.“ Land og fólk, 292
1712: „Engjar öngvar í heimlandi. Úthagarnir eru víðlendir en mjög haglitir fyrir stórgripi … „ JÁM XI, 290

NÞ-022:001 *Hóll* bæjarhóll bústaður 6603.416N 1638.247V

Hóll er um 180m norðaustan þjóðvegar nr. 85. Það eru tvö íbúðarhús á Hóli, stendur það eldra um 90m suðsuðaustar en það yngra og er það byggt 1933. Það stendur á bæjarhólnum en forveri þess mun kannski hafa staðið örlítið norðaustar. Íbúðarhúsið er kjallari sem er ekki mjög djúpur, hæð og ris.
Bæjarhóllinn er innan garðs eða í bakgarði núverandi íbúðarhúss.
Bæjarhóllinn er um 60x20m að stærð og snýr norður og suður. Mörk bæjarhólsins eru frekar óljós og erfitt er að segja til um uppsöfnun en hún gæti verið um 70-80cm. Austast við norðurendann er gamall súrheysturn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Ingólfur Davíðsson: „Byggt og búið í gamla daga“


NÞ-022:001 Horft til suð-austurs

NÞ-022:002 *Kirkjuhóll* heimild um bænhús 6603.387N 1638.199V

„Kirkjuhóll er í suðaustur frá bænum. Þar stóð bænús (þess er ekki getið 1712), og er lítil vallgróin rúst á hólnum; þar er talið, að bænhúsið hafi staðið, en grafreitur umhverfis. Kirkjuhól hefur nú verið bylt.“ segir í ör-


NÞ-022:002 Horft til norð-vesturs

nefnaskrá. Staðsetning er óljós en þó er talið að bænhúsið hafi staðið um 60-70m suðaustur af bænum 001 og um 25m vestan við útihús 006.
Í sléttu túni.
Ekkert sér til fornleifa og ekki er um neinn hól að ræða lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hóll, 2

NÞ-022:003 *Hólshús* heimild um fjárhús 6603.376N 1638.240V


NÞ-022:003 Horft til norðurs

„Hádegishóll er suður við túngarðinn [035], nokkuð hár klapparhóll. Fjárhús stóðu á þessum hól og lá gata [018] rétt vestan við þau og var talið hádegi, þegar sólin var um þessa götu - í tíð Ísaks. Austur af Kirkjuhól er Kúalaut. Hún var kölluð Kúadokk í tíð Ísaks. Fjárhús voru hér og þar, en eru nú horfin. Skammt frá húsinu var smáhóll, og suðaustur af honum er allhá bunga, en voru áður hærri hólar. Á henni voru Hólshús, fjárhús, sem eru horfin.“ segir í örnefnaskrá. Þetta hús mun vera það sama og sýnt er á túnakorti frá 1918 og var um 70-80m sunnan við bæjarhólinn 001, stóðu þau á hóli ofan við bæ og voru kölluð Hólshús.
Grösugur hóll sunnan við íbúðarhús og austan við heimkeyrslu sem liggur frá þjóðvegi að íbúðarhúsi.
Ekkert sér til minja nema ef til vill dæld í kolli hólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-022:004 *Stórhús* heimild um útihús 6603.446N 1638.273V


NÞ-022:004 Horft til suður

„Norðvestur af bænum voru önnur fjárhús, Stórhús, sem einnig eru horfin,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 60m norðnorðvestan við bæjarhólinn 001 og voru þau kölluð Stórhús.
Í sléttu túni heima við bæ.
Ekkert sér til minja nema grunn dæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-022:005 heimild um útihús
6603.443N 1638.172V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 80m norðaustan við bæjarhólinn 001 og um 80m austsuðaustan við Stórhús 004.
Sand- og malarsvæði sem er austan við fjós sem eru í notkun.
Ekkert sér til minja eftir eldri húsin en enn standa hús á svæðinu, þó sennilega lítið eitt vestar en eldri húsin gerðu. Þau er klædd bárujárni og með steyptann sökkul.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-022:005 Horft til norð-norð-austurs


NÞ-022:006 heimild um útihús 6603.385N 1638.166V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru útihús um 80m suðaustan við bæjarhólinn 001 og um 110m sunnan við útihús 005.
Fremst og neðst í dálítilli hvilft, hækkar landið til suðurs.
Ekkert sér til minja en þó má finna fyrir dálítilli dæld sem gæti verið eftir húsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-022:006 Horft til suðurs

NÞ-022:007 *Garðhús* heimild um fjárhús
„Suður af þeim [Stórhúsum 004] Garðhús, farin sömu leið," segir í örnefnaskrá. Garðhús er óþekkt örnefni og er staðsetning þeirra óþekkt.
Í túni.
Ekkert sér til fornleifa en sunnan Stórhúsa 004 hefur átt sér stað nokkurt rask.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hóll, 2

NÞ-022:008 *Hólshús* bæjarstæði býli 6603.900N 1638.311V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: Holshus, önnur eyðihjáleiga, fyrri eyðilögð, so 60gir [sextugir] menn muna ekki að þar hafi bygð verið, og vita því öngvir nálægir um hennar byggíngarkost að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, nema túnið væri tekið frá heimajörðunni, hvörs hún má þó ei án vera." „Fyrir ofan Hnausana eru Hólshús, fornt eyðikot." segir í örnefnaskrá. Örnefnið Hólshús er óþekkt og engin vitneskja um hvar nákvæmlega Hólshús hafa verið en örnefnið Hnausar er þekkt. Í örnefnaskrá segir fyrir ofan Hnausa sem bendir til þess að Hólshús hafi verið sunnan eða suðaustan við Hnausa og samkvæmt því hafa Hólshús mögulega staðið um 900m norður af bæjarhól 001 í beinni stefnu.
Svæðið þar sem Hólshús eiga að hafa staðið er nokkuð hæðótt og nálægt Skjálftavatni.
Heimildir: JÁM XI, 291; Ö-Hóll, 3

NÞ-022:009 Hólkot



NÞ-022:009 *Hólkot* bæjarstæði býli 6603.478N 1639.605V

„I Jarðabók Árna og Magnúsar 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraungerde, kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnilega byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifar, nema á Miðgerði sjást ekki girðingar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggð, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu.“ „Hólkot er eyðibýli á merkjum Hóls og Helduness, það er miðja vega milli Hóls og Eyvindarstaða,“ segir í örnefnaskrá Kelduness. „ Vest-suðvestur frá Hóli, vestast í landi Hóls,“ segir í Landi og fólki.

Vestur af honum [Kollóttahol] er svo eyðibýlið Hólkot, það er á merkjum móti Keldunesi. Tættur eru nokkrar í Hólkoti.“ segir í örnefnaskrá Hóls. Hólkot er um 1 km vestan við bæjarhól 001.

Tóftasvæðið er í stórþýfðum móa sem einkennist af hraunsprungum og klettahæðum, hallar landið lítið eitt til norðausturs.

Svæðið samanstendur það af 3 tóftum og 9 gerðum. Umhverfis tóftasvæðið liggur túngarður sem afmarkar svæði sem er 330x240m að stærð. Allar tóftirnar eru frekar þétt saman miðsvæðis innan túngarðsins og öll eru gerðin áföst austur hlið túngarðsins nema eitt sem er staðsett hjá tóftunum.


Tóft A er um 100m norðan við suðurhlið túngarðs B. Tóftin er í þýfðum lyngmóa og hallar landið lítið eitt til austurs. Tóftin er 21x15m að stærð og snýr norður og suður, hún lítur út fyrir að vera á upphlöðnum hól sem er 30x17m að stærð. Mörk upphleðslu eru óljós en hún gæti þó verið um 50cm á þykkt. Tóftin skiptist í 6 hólf. Nyrst í tóftinni eru tvö hólf og er op á milli þeirra, það vestara er 6x4m að innanmáli en það eystra er 5x6m að innanmáli. Sunnan við það er önnur tvö hólf sem einnig hafa op á milli sín, það vestara er 5x3m að innanmáli og það eystra er 6x4m að



NÞ-022:009A Horft til norð-vesturs

innanmáli. Syðst er svo eitt hólf sem er 5x5m að innanmáli og er op á því til austurs. Vestan við það er síðan lítið hólf sem kemur eins og viðbygging á tóftinni en hólfið sjálft er 2x3m að innanmáli. Innrabyrði veggja er greinilegra er ytrabyrðið og eru vegghleðslur um 60cm á hæð og um 1-2m á breidd. Tóftin er nokkuð þýfð og öll grasi vaxin.


Túngarður (B) liggur umhverfis tóftasvæðið og afmarkar svæði sem er 330x240 að stærð



NÞ-022:009A



NÞ-022:009B Horft til austurs



NÞ-022:009C



NÞ-022:009C Horft til suð-suð-vesturs


og snýr norður og suður, er stór hraunhóll í norðvesturhorni túnsins sem endar túngarðsins liggja að. Landið er stórþýft lyngi vaxið og hallar lítið eitt til austurs, einkennist það nokkuð af klettaborgum og hraunsprungum. Túngarðurinn er siginn og sumstaðar hlaupinn í púfur hann virðist þó yfirleitt vera í betra ásigkomulagi að sunnanverðu en norðanmegin. Hleðsluhæð hans er frá 30 - 60cm og breidd um 150cm.

Lítið gerði (C) er tæpum 40m austnorðaustan við tóft A. Gerðið er 8x9m að stærð og er op á því til vesturs. Hleðsluhæð veggja er um 60 cm og breidd er um 150 cm, eru þeir grasi grónir en innan og utan gerðis er allt lyngi vaxið.


Tóft D er 6-10m norðnorðvestan við tóft A. Tóftin er 12x4m að innanmáli en ytrabyrði tóftarinnar verður naumast greint sem bendir sennilega til þess að tóftin sé niðurgrafin. Tóftin snýr norður og suður og er tvískipt, er syðra hólfið 4x3m að stærð og það nyrðra 8x4m að stærð og er op á milli hólfanna.

Lítil gryfja E er í djúpri dokk um 40m norðaustan við tóft 009A. Grösug og djúp dokk í stórþýfðu landi sem hallar lítið eitt til austurs. Gryfjan er 2x3m að stærð þar sem hún er víðust en hún þrengist niður, hún er öll grasi gróin eins og umhverfi hennar. Gryfjan hefur sennilega verið brúkuð sem brunnur.


Sex gerði (F) liggja meðfram vesturhlið túngarðsins, eru áföst honum um 80-90m austan við tóft A. Gerðin sex eru öll í hnapp og er þess vegna fjallað um þau hér undir einu



NÞ-022:009D



NÞ-022:009E




NÞ-022:009F



NÞ-022:0099E Horft til austurs

númeri. Flest eru gerðin ferhyrnd en mjög misjöfn að stærð, gerði II og VI eru stærst og einnig óreglulegust. Milli gerðanna er sennilega hústóft (G) sem fær sér umfjöllun á öðrum stað. Gerði I er syðst, svo til ferhyrnt og afmarkar það svæði sem er um 60x10m að stærð og snýr norður-suður, norðaustan við það er gerði II og er það nokkuð óreglulegt, er tóft G í norðvesturhorninu á þessu gerði. Gerði II afmarkar svæði sem er 40x50m að stærð og snýr það norður-suður. Gerði III og IV eru minnst þessara gerða eða um 9x6m að stærð en þau snúa ekki eins, gerði III snýr norður og suður en gerði IV snýr vestur og austur. Gerði III og VI eru vestan við gerði II og liggja hvort upp af öðru. Norðan við gerði II eru gerði V og VI, gerði V afmarkar svæði sem er um 30x10m að stærð og snýr norður-suður en austan við það er gerði VI sem afmarkar svæði sem er 50x25m að stærð og snýr það einnig norður-suður. Líkleg tóft (G) er miðsvæðis innan gerða F, er hún í norðvestur horni gerðis sem er merkt II og við suðurendann á gerði merkt V (sjá nánari umfjöllun um fornleif F). Tóftin er áföst vesturhlið túngarðsins B, hún er 5x3m að innanmáli og snýr norður-suður, einföld og er ekki hægt að sjá neitt op á henni. Vegghleðslur eru um 80cm á hæð og um 150cm á breidd.

Gerði (H) er í norðausturhorninu á túngarðinum B, áfast honum að innanverðu um 170m norðaustan við tóft A. Gerðið er í stórþýfðum móa. Það afmarkar svæði sem er 80x30m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, er vegghleðslur þess sambærilegar þeim sem eru í túngarðinum B sem gerðið er byggt upp **Hættumat:** engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 291; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 8; Land og fólk, 323; Ö-Hóll, 2



NÞ-022:009 Hólkot séð úr lofti. Ljósmynd Árni Einarsson


NÞ-022:010 *Bakkagerði* bæjarstæði býli 6603.710N 1637.696V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraunagerde kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifar, nema á Miðgerði sjást ekki girðíngar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggja, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu."
Um Bakkagerði segir í Landi og fólki: „Norðaustur frá Hóli, stóð fyrrum á bakka Stórár." „Norður úr mónum hækkar landið aftur og kemur þá eyðibýlið Bakkagerði. Þetta er út undir Stórárfarvegi. Allt bendir til, að þarna hafi verið blómabúskapur, því tættur eru margar og stórar. Mestar eru þær þar, sem bærinn hefur staðið. Túngirðing er ekki afarstór, en norður úr henni, að austan og vestan liggja garðar út í Stórárfarveg, og mætti ætla að þarna hefði verið stærðar akur," segir í örnefnaskrá. Við lýsingarnar hér að ofan er lítið annað að bæta en að Bakkagerði er um 500m norðaustan við bæjarhól 001.




NÞ-022:010A Horft til suðurs

Tóftarsvæðið er í hæðóttu landi og er jarðvegur víða sendinn og gróðurhula þunn, liggur tóftasvæðið að uppþornuðum farvegi Stórár.
Bakkagerði er tóftasvæði sem samanstendur af 7 tóftum, líklegum brunn og túngarði sem liggur umhverfis tóftirnar og afmarkar svæði sem er um 300x300m að stærð. Endar túngarðsins ná ekki saman heldur liggja þeir


NÞ-022:010 Hólkot



niður að bökkum Stórár. Flestar eru tóftirnar norðaustarlega innan túngarðsins, tvær eru þó nokkuð vestar. Misjafnt gróðurfar á tóftunum bendir sterklega til þess að ekki séu allar tóftirnar jafn gamlar, má vera að sumar tóftirnar hafi verið byggðar upp seinna og þá skipt um hlutverk. Tóftir G, H og I voru ekki skráðar á vettvangi en sáust á loftmynd og virðast þær vera mjög signar og fornlegar. Tóft A er um 680m norðaustan við bæjarhól 001 og er hún frekar norðarlega innan túngarðsins og tæpa 60m norðvestan við tóft 010C Tóftin er í hæðóttu landi nærri Stórá og hallar land til austurs að ánni. Tóftin er 20x20m að stærð og snýr í norður og suður. Hún skiptist fimm hólf. Syðst er hólf I sem er 6x3m að innanmáli og snýr austur og vestur, er engin gafl á því til austurs. Op er á því vestarlega á suðurvegg og liggur það að hólfi II sem er 4x2m að innanmáli og snýr norður og suður, annað op er á hólfi II til norðurs að hólfi III sem er 2x3m að



NÞ-022:010A



NÞ-022:010C

innanmáli og snýr það eins og hólf II. Hólf IV er norðan við hólf I og austan við hólf II, ekki var hægt að sjá neitt áberandi op á því hólfi. Norðan við það og austan við hólf III er hólf V sem er 7x3m að stærð, snýr það til norðurs og suðurs og er op á því sunnarlega á austurvegg. Hleðsluhæð veggja er um 40cm og þykkt þeirra 1-2m, upphleðsla virðist líka vera undir tóftinni og gæti hún verið um 60cm. Tóftin er öll grasi vaxin og ekki sést í neitt hleðslugrjót.

Túngarður B liggur umhverfis tóftarsvæðið og afmarkar svæði sem er 300x300m að stærð, liggur hann um land sem hallar til austurs niður að Stórá og ná endar hans ekki saman heldur liggja þeir að bökkum árinnar. Túngarðurinn er skýrastur norðvestan megin og þar er hann um 2m á breidd og allt að 60cm að hæð, syðst og austast er hann allt að 3m breiður en varla meira en 10cm á hæð og er hann þar svo til alveg útflattur. Er hann þar líka mikið troðinn og klofinn af kindagötu. Að stærstum hluta er hann gróinn lyngi en að sunnan þar sem hann er næst Stóránni er hann grasi gróinn.

Tóft C er 50m suðsuðaustan við tóft A, 130m norðaustan við tóft E og um 100m frá bökkum Stórár. Tóftin er í nokkuð djúpum hvammi og er ekkert útsýni frá henni. Hún er 13x13m að




NÞ-022:010C Horft til suð-suð-austurs



NÞ-022:010D Horft til suð-vesturs

stærð og eru vegghleðslur um 80cm á hæð. Þessi tóft er sennilega yngri en aðrar tóftir á svæðinu og gæti verið stekkur, er vesturhluti tóftarinnar mun skýrari en austurhlutinn. Vesturhlutinn skiptist í 3 hólf, vestast er eitt langt og mjótt hólf sem er 9x1m að innanmáli, snýr það norður og suður og er op á því til norðurs. Samsíða því austan megin eru tvö hólf, það syðra er 1,5x1,5m að innanmáli og það nyrðra 5x2m að innanmáli og snýr það norður og suður. Óljóst vottar fyrir litlu hólfi norðan við þetta hólf og gæti það verið lítil viðbygging sem er 2x1,5m að innanmáli. Vegghleðslur þessa litla hólfs eru frekar veitalitlar, um 40cm á hæð og um 50cm á breidd. Austurhlutinn er aðeins eitt hólf sem er 8x6m að innanmáli og gæti hafa verið aðhald, ytrabyrði hólfsins að austanverðu er reyndar mjög ógreinilegt og hefur þar annað hvort verið notast við náttúruleg skilyrði eða að hafi komist í vegginn, í veggstæðinu er girðing. Greinilegur útgangur er á þessu hólfi til norðurs. Tóft D er 7m sunnan við tóft 010A og er eins og lágur rani liggi á milli þeirra. Tóftin er í hæðóttu landi sem hallar til austurs niður að Stórá. Tóftin er 7x6m að stærð, einföld og eru veggir varla meira en 20cm á hæð og um 1m á þykkt, ávalir og signir. Tóftin snýr í austnorðaustur og vestsuðvestur og er greinilegur útgangur syðst á austurveggnum.



NÞ-022:010D

Gryfja E er um 70m norðvestan við tóft 010A og rétt um 10m suðaustan við innanverðan túngarðinn. Hún er í hæðóttu sendnu graslendi.
Gryfjan er 3x1,5m að stærð og snýr norður og suður, hún er rúma 2m að dýpt. Þéttur fjalldrapi er í norðanverðri gryfjunni en annars er nokkurt rof í gróðurhulunni. Hugsanlega gæti þetta hafa verið brunnur.
Tóft F er 500m austan við bæjarhól 001 og um 150m suðvestan við tóft A, í lyngvöxnum og stórþýfðum móa sem er nokkuð hæðóttur. Tóftin er 19x14m að stærð og snýr norður og suður, hleðsluhæð veggja að innanverðu er um 1m en að utanverðu um 50cm. Tóftin er frekar áberandi en þó er sama gróðurhula á henni og umhverfi hennar. Hún er fjögur hólf sem mynda tvær hólfaraðir, syðst við gaflinn eru tvö lítil hólf, það vestara er 3x3m að innanmáli en það eystra er 3x2m að innanmáli. Norðan við eystra hólfið er hólf sem liggur eins og tóftin og er það 10x3m að innanmáli, er op á því vestast á norðurgaflinum. Samsíða þessu hólfi og norðan við vestara litla hólfið er hólf sem er 9x3m að innanmáli, op er á því til vesturs alveg nyrst á vesturveggnum.
Tóft G sást á loftljósmynd en var ekki skráð á vettvangi, hún er um 120m suðaustan við tóft A og um 180m norðaustan við tóft F. Hún virðist vera einföld, um 18x8m að stærð og snýr norður-suður.


NÞ-022:010E Horft til suðurs


NÞ-022:010F Horft til suð-suð-austurs



NÞ-022:010F


Tóft H sást á loftljósmynd en var ekki skráð á vettvangi, hún er 90-100m suðaustan við tóft A og um 170m norðaustan við tóft F. Hún virðist vera einföld, um 20x10m að stærð og snýr norður-suður.
Tóft I sást á loftljósmynd en var ekki skráð á vettvangi, hún er um 70m suðvestan við tóft A og um 100m norðan við tóft F. Hún virðist vera tvöföld, um 15x8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 291; Land og fólk, 323; Ö-Hóll, 4;

NÞ-022:011 *Oddagerði* bæjarstæði býli 6602.739N 1636.049V



NÞ-022:010 Hólkot séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson


NÞ-022:011 Oddagerði



Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraunagerde kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifa, nema á Miðgerði sjást ekki girðíngar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggja, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu.“

„Á landamerkjum Hóls og Ingveldarstaða er svo Ytra-Oddagerði og Syðra-Oddagerði, þar eru gömul eyðibýli og eru hér nokkrar tættur og túnkragi. Þetta gerði er einnig þar, sem Stóra rann, eða við farveg hennar. Í tíð Ísaks var yfirleitt alltaf bara talað um eitt Oddagerði. Þó hefur hann

heyrt talað um Efra-Oddagerði og Neðra-Oddagerði, en ekki Ytra- og Syðra-Oddagerði. Efra-Oddagerði stóð á vestari bakka vatnsgjár, sem kölluð var Oddagerðisgjá," segir í örnefnaskrá. Oddagerði er 2,1km suðaustan við bæjarhól á Hóli 001 og 200m vestan við Lyngás 023 sem er nú komið í eyði.
Tóftasvæðið liggur umhverfis lága hæð í lyngvöxnum og þýfðum móa en þétt austan megin við fornleifarnar er slétt tún sem er nytjað.
Oddagerði er tóftasvæði sem samanstendur af 16 fornleifum; 11 tóftum, 3 gerðum og 2 túngörðum sem liggja umhverfis tóftsvæðið, sá stærri afmarkar svæði sem er 200x230m að stærð og snýr vestur-austur en sá innri afmarkar svæði sem er 160x140m að stærð og snýr norður-suður. Allar tóftirnar eru innan innri túngarðsins nema tóft M sem er áföst suðurhlið ytri túngarðsins og þá eru öll gerðin áföst austurhlið innri túngarðsins. Á 20. öld var girt umhverfis Oddagerði með venjulegu netgirðingarefni og svæðið nýtt sem nátthagi, þegar verið var að grafa fyrir girðingarstaurunum var komið niður á mannabein sem gæti hafa verið kuml. Er fjallað um það sérstaklega sem fornleif 020.
Tóft A er um 10m suðaustan við innri túngarðinn og um 60m vestnorðvestan við tóft 011F og er hún í þýfðum móa nálægt sléttu túni. Tóftin er 21x15m að stærð og snýr norður og suður. Veggheðslur eru mjög signar og ávalar og veggir orðnir nokkuð óljósir, Tóftin er engu að síður vel greinileg og stendur hún á hól sem virðist vera upphlaðinn og er hleðsluhæð hans um 1m. Tóftin skiptist í fjögur hólf, hólf I er syðst og snýr austur og vestur, það er 12x 4m að innanmáli. Vestast og innst í suðurveggnum er lítið innskot um 2x2m að stærð, enginn gafl er á því til austurs. Norðan við hólf I eru 3 hólf eitt stórt vestan til í tóftinni og tvö lítil austan megin í tóftinni. Það stærra er hólf II og er það 9x4m að stærð og er ekki hægt að sjá neinn augljóst op á því. Austan megin við það og norðan megin við hólf I er hólf III sem er 3x2m að innanmáli, ekki var hægt að sjá neitt op á því. Norðan við hólf III er hólf IV sem er 5x3m að innanmáli og var hægt að greina tvö op á því, annað til austurs norðarlega á austurvegg og hitt til norðurs vestast á norðurveggnum.



NÞ-022:011A

Tveir túngarðar (B) liggja umhverfis rústir á Oddagerði. Sá innri afmarkar svæði sem 160x140m að stærð og snýr það í norður-suður, það er nokkuð óreglulegt og mun það hafa stjórnast nokkuð af náttúrulegum aðstæðum hvar túngarðurinn var byggður. Ytri túngarðurinn afmarkar svæði sem er



NÞ-022:011A Horft til vesturs

200x230m að stærð en ekki verður betur séð en bæði suður og norður endar hans að austanverðu liggi undir tún og má því gera ráð fyrir það að austurhlið hans hafi verið sléttuð undir tún. Túngarðarnir liggja umhverfis lága hæð í lyngvöxnum og þýfðum móa og er allt frá 20-70m á milli túngarðanna. Svo virðist sem ytri túngarðurinn sé eitthvað signari en innri túngarðurinn. Ytri túngarðurinn er um 2m breiður og um 40cm hár, víða hlaupinn í þúfur en þó vel greinilegur. Nyrst er eins honum hafi verið breytt því þar er eins og hann hafi stefnt að þeim innri en þetta er bara óljós hryggur og erfitt að fullyrða nokkuð. Innri túngarðurinn er mun skýrari, hann er einnig um 2m á breidd en um 70cm á hæð og ekki eins áberandi siginn.




NÞ-022:011C Horft til suð-suð-vesturs


Þúst C er um 20m vestnorðvestan við tóft A og um 10m sunnan við tóft D. Þústin er á lágum hrygg sem tengist túngarðinum. Hún er 7x7m að stærð og virðist vera um 5x5m að innanmáli. Hún er öll gróin lyngi og eru veggir svo til alveg útflattir, ytrabyrði er lítið eitt skýrara en innrabyrðið eða um 40cm á hæð en innrabyrðið er um 10-20cm á hæð.

Tóft D er 8-10m sunnan við norðurhlið túngarðsins og um 30m norðaustan við tóft A.

Hún er á lágum hrygg sem tengist túngarðinum, þeim sama og þúst C.



NÞ-022:011C



NÞ-022:011D

Tóftin hefur ekkert ytrabyrði og hefur sennilega verið niðurgrafin að mestum hluta. Hún skiptist í 2 hólf, það stærra er 7x4m að innanmáli en hitt er við norðausturhornið á því og er 2x2m að innanmáli. Á stærra hólfinu má greina op til vesturs norðarlega á vesturvegg en ekki er hægt að greina neitt op á minna hólfinu. Veggir eru lyngvaxnir, um 60cm á hæð en botninn er grasi gróinn. Þrjú gerði




NÞ-022:011D Horft til suðurs




NÞ-022:011E Horft til austurs



NÞ-022:011F Horft til norð-norð-austurs




NÞ-022:011E



NÞ-022:011F

(E) eru sambyggð upp við austurhlið innri túngarðsins, tvö þeirra eru við hann innanverðan og eitt andspænis þeim á honum utanverðum. Þau eru um 90m austsuðaustan við tóft A og 30m norðaustan við tóft G. Í jaðri túns í frekar þýfðum lyngmóa. Gerðin tvö sem eru við innanverðan túngarðinn eru svipuð að stærð og afmarka hvort um sig svæði sem er 8x10m að stærð en gerðið sem er andspænis á utanverðum túngarðinum afmarkar svæði sem er 25x17m að stærð. Veggir eru um 1,3m á breidd og um 70cm á hæð. Tóft F er um 60m austsuðaustan við tóft A og um 10m norðan við tóft G. Tóftin er á svolítilli hæðarbungu í þýfðum móa sem er lyngvaxinn og all nærri sléttu túni. Hún er 17x7m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, hún er einföld og eru veggir um 2-3m að þykkt og um 50cm á hæð. Veggirnir eru vaxnir lyngi, eru ávalir og signir en botninn er grasi gróinn. Norðurgaflinn er frekar óljós en engu að síður má greina mögulegt op nyrst á norðvesturlangvegg. Ekki var hægt að finna neinar grjóthleðslur í veggjum.




NÞ-022:011G



NÞ-022:011G Horft til norð-austurs

Tóft G er 70m suðaustan við tóft A og 60m norð-austan við tóft L. Tóftin er 10x7m að stærð, einföld og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Vegghleðslur eru frekar óljósar og signar en þær eru um 1m á þykkt og um 30cm á hæð. Botn tóftarinnar hallar til suðurs og op virðist vera á henni til vesturs syðst á vesturveggnum.
Tóft H er 70m sunnan við tóft G og um 120m suðaustan við tóft A. Tóftin er 13x7m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur, vegghleðslur virðast vera um 2-3m að þykkt og um 60cm á hæð. Veggir líta út fyrir að vera mikið signir og er ytrabyrði frekar óljóst en innrabyrði er skýrt. Tóftin er einföld og liggur garði eftir henni endilangri sem gefur til kynna að um fjárhús sé að ræða. Op virðist vera til austurs í austurhorninu við norðausturgaflinn. Tóft I er um 5m



NÞ-022:011H




NÞ-022:011H Horft til suð-suðvesturs

norðan við suðurhlið innri túngarðsins, um 40m sunnan við tóft L og um 120m suðsuðaustan við tóft A. Hún er 7x6m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur, hún er 5x4m að innanmáli en hefur engan norðausturgafl svo að kannski hefur verið timburgafl þar. Veggir eru signir, um 1m á þykkt og um 50cm á hæð, þeir eru mikið grónir fjalldrapa en botn er gróinn grasi.
Tóft J er áföst innanverðum innri túngarðinum að sunnanverðu, um 130m sunnan við tóft A og um 50m austnorðaustan við tóft M. Tóftin er 6x3m að stærð, einföld og snýr vestur-austur, hún




NÞ-022:011I Horft til suð-vesturs



NÞ-022:011I




NÞ-022:011J Horft til austurs



NÞ-022:011J




NÞ-022:011K Horft til vest-suð-vesturs




NÞ-022:011K

er 5x1,5m að innanmáli áföst innri túngarðinum sem myndar jafnframt suðurhlið tóftarinnar. Engin gafl er á henni til vesturs og svo virðist sem tekið hafi verið úr túngarðinum eða suður-veggnum fyrir jötu sem er um 60-70cm breið og um 30cm há. Veggir tóftarinnar eru um 40cm háir og um 80cm breiðir en túngarðurinn er aftur á móti 2m á breidd og um 80cm á hæð.
Tóft K er um 100m suðsuðaustan við tóft A, um 30m vestan við tóft H og um 5m norðaustan við tóft I. Tóftin er í þýfðu landi utan í lágri hæð. Tóftin er 16x8m að stærð og snýr austnorðaustur og vestsuðvestur, vegghleðslur eru um 40cm á hæð og um 2m á breidd, mjög signar og ávalar.



NÞ-022:011L



NÞ-022:011M



NÞ-022:011L Horft til suðurs



NÞ-022:011M Horft til aust-suð-austurs

Tóftin er á nokkurri hæð og að mestu grasivaxin, hún er 13x4m að innanmáli og hefur sennilega verið tvískipt því það er lítið veggbrot sem kemur út frá suðurveggnum en vestan við þetta veggbrot er op á tóftinni til suðurs. Hvert hólf hefur því verið 6x4m að innanmáli og mögulega hefur verið annað op á tóftinni austast á suðurveggnum en austurgaflinn er frekar óljós. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.

Tóft L er um 70m sunnan við tóft A og um 30m norðan við tóft K. Hún er 10x4m að innanmáli en ytrabyrði hennar er mjög óljóst þótt mögulega gætu veggir verið eitthvað um 2-3m á breidd, hleðsluhæð veggja að innanverðu er um 40cm. Tóftin snýr í norður og suður og er tvískipt, er nyrðra hólfið 5x4m að innanmáli og það syðra 4x4m að innanmáli. Op virðist vera á tóftinni til austurs syðst á austurvegg en hún er svo til á kafi í fjalldrapa.

Tóft M er sambyggð innanverðum ytri túngarðinum, um 45m suðvestan við tóft J og um 150m sunnan við tóft A. Tóftin er sunnanmegin á lágum hæðarrana sem liggur austur og vestur í frekar þýfðu landi, vöxnu lyngi og fjalldrapa. Hún er 4x6m að stærð, einföld og snýr vestur-austur, hún er um 3x4m að innanmáli og virðist hafa verið op á báðum göflum hennar næst túngarðinum. Gerðið er allt vaxið lyngi og fjalldrapa og eru ytri mörk norðurveggsins nokkuð óljós en annars eru veggir um 1m á þykkt og um 30cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 291; Ö-Hóll, 4



NÞ-022:011 Oddagerði séð úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson

NÞ-022:012 *Broddhelgastaðir* bæjarstæði býli 6602.923N 1637.738V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraunagerde, kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifa, nema á Miðgerði sjást ekki girðíngar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggja, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu.“ „Í suðvestur frá Hólskrók, sunnan vegar, er ævagamalt eyðibýli, sem heitir Broddhelgastaðir. Þar var lengi stekkur … Suðaustur úr túninu er hóll, og austan hans er Krossklettur. Sunnan hans er Krossklettslaut. Þar fyrir austan er stór gjá, sem heitir Stekkjargjá … Hún var kölluð Stekkjargrjá, þar sem hún liggur fyrir norðan Broddhelgastaði. Nafnið er dregið af því að á rústum Broddhelgastaða var byggður stekkur og var þar aldrei nefnt annað en Stekkurinn.“ segir í örnefnaskrá.



NÞ-022:012 Horft til vesturs


„Sunnan við gamla þjóðveginn austan við Hólsgjá,“ segir í Landi og fólki. Broddhelgastaðir er tóftasvæði sem er um 1km suðsuðaustan við bæjarhólinn á Hóli 001 og um 1,3km vestnorðvestan við Neðra-Oddagerði 011. Tóftasvæðið samanstendur af túngarði og tveim þústum sem sléttað hefur verið yfir. Tóftasvæðið er að stórum hluta í mólendi en partur af túngarðinum sem liggur umhverfis býlið hefur verið sléttaður undir tún og þá

lá gamli þjóðvegurinn í gegnum býlið og er sá vegur enn ökufær.

Broddhelgastaðir er tóftasvæði sem saman stendur af tveim túngörðum, þúst, tóft og mögulegum leifum af stekk. Ytri túngarðurinn afmarkar svæði sem er 350x200m að stærð og snýr norður og suður, innri túngarðurinn afmarkar svæði sem er 70x50m að stærð.

Innan innri túngarðsins suðvestast er stór og óregluleg þúst (A) sem er 24x24m að stærð og gæti hún hafa verið bústaður. Vegslóðar liggja þvers og kruss yfir þústina og hafa afmyndað hana. Ástæðan fyrir þessum vegslóðum virðist vera sú að þarna hefur mátt fara yfir gjána sem bærinn stóð við. Þústin stendur 20m austan við gjá sem liggur norður-suður og fremst á grasigrónum bakka, hallar landið til norðausturs fyrir neðan hana. Vestan við þústina eru lágar klettaborgir. Ekki sér fyrir hólfum og ekki eru nein greinileg merki eftir uppsöfnun undir þústinni. Túngarðarnir (B) eru austan megin við sprungu sem liggur norður-suður austan við bæ 001. Túngarðarnir liggja um hæðótt mólendi og eru báðir túngarðarnir frekar mikið signir og sumstaðar mjög óljósir. Endar ytri túngarðsins ná ekki saman heldur liggja þeir að sprungu sem afmarkar túnið til vesturs. Samhliða ytri-túngarðinum eru tvö garðlög, það nyrðra er um 120m langt og liggur frá norðurhlið ytri-túngarðsins og að austurhlið hans. Syðra garðlagið liggur frá suðurenda þess nyrðra og að suðurhlið ytri-túngarðsins og er það um 240m langt. Milli þessara garðlaga og ytri-túngarðsins er um 20m og mætti halda að annað hvort hafi túnið verið minnkað eða stækkað þar sem garðarnir eru mjög líkir en um það er þó lítið hægt að segja. Innri túngarðurinn afmarkar svæði sem er 75x60 og snýr norður-suður. Gerði er áfast innri túngarðinum að sunnan og afmarkar það svæði sem er 40x40m að stærð. Ytri túngarðurinn er mjög siginn og rúnnaður, hann er um 3m á breidd og um 40cm á hæð þar sem hann er hvað skástur. Gamli þjóðvegurinn liggur þvert í gegnum

NÞ-022:012 Broddhelgastaðir






NÞ-022:012B Horft til suðurs



NÞ-022:012C Horft til suðurs



NÞ-022:012C

túnið og yfir sennilega bæjartóft og í gegnum báða túngarðana en einnig liggur annar jeppaslóði í gegnum túngarðnna er liggur upp á þverveg sem er suður á heiði. Þá hefur norðaustasti hluti túngarðsins verið sléttaður undir tún.

Eftir að þetta býli féll í eyði var byggður þar stekkur en stekkur þessi lenti síðan undir þjóðveginum sem nú reyndar er sjálfur kominn úr notkun. Leifar af þessum stekk (C) eru sennilega tóftarbrot sem eru tæpa 30m norðan við þúst A og liggur gamli þjóðvegurinn yfir norðurhluta tóftarinnar. Það sem eftir er af tóftinni eru eiginlega bara tveir veggir og eru þeir vel grasi grónir, um 1m á þykkt og um 30cm á hæð. Tóftin er 6x6m að stærð og ekki sést neitt grjót í veggjum.

Tóft D sást á loftmynd um 120m sunnan við þúst A og um 60m norðan við suðurhlið ytri-túngarðsins. Hún lítur út fyrir að vera einföld, um 15x8m að stærð og snýr norðvesur og suðaustur. Er hún þétt austan við gjánna sem býlið stendur við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 291; Land og fólk, 323; Ö-Hóll, 4-6

NÞ-022:013 *Miðgerði* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraunagerde, kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifa, nema á Miðgerði sjást ekki girðíngar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggja, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu.“ Staðsetning Miðgerðis er algjörlega óþekkt.


Heimildir: JÁM XI, 291

NÞ-022:014 *Hraunagerði* bæjarstæði býli


Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Holkot, Backagerde, Oddagerde, Brotthelgastader, Midgerde og Hraunagerde, kallast nú eyðiból hjer í landinu, sem liggja alt í kríngum sjálfa jörðina, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra, bæði tófta og girðíngaleifa, nema á Miðgerði sjást ekki girðíngar, en tóftarústirnar eru allar viði vaxnar. Engin þessi ból má aftur byggja, því túnstæðin eru mestöll viði vaxin, þar með er heyskapur enginn, sem heimajörðin má af leggja, er og so mjög ilt til ristu og stúngu.“ „Ísak segir, að eyðibýlið Hraungerði sé ekki til í Hólslandi, en

hins vegar sé til eyðibýli með því nafni í landi Undirveggjar," segir í örnefnaskrá. Hraunagerði mun vera eldri ritháttur eða misritun á Hraungerði og er það þekkt í landi Undirveggjar og hefur þar kennitöluna NÞ-004:004.
Heimildir: JÁM XI, 291; Ö-Hóll, 1-2; Ö-Fjögur eyðibýli, 1

NÞ-022:015 Hermannshólsgerði



NÞ-022:015 *Hermannshólsgerði* bæjarstæði býli 6602.210N 1639.659V
„Skammt austan við Hermannshól," segir í Landi og fólki „Suður af hlíðunum [Stekkjarhlíðum] er svo Hermannshólsgerði, sem er gamalt eyðibýli, mitt milli Eyvindarstaða og Undirveggjar. Girðing er þar þreföld, fyrst girðing um það landflæmi, sem enn er í rækt, það er fremur lítill blettur, mestallt þýft. Þó er sléttur bali, nyrzt við garðinn, þar sem bærinn hefur staðið, og mótar fyrir miklum tóftum. Þetta Hermannshólsgerði er austan við Hermannshól og Fremri-Hermannshól. Hermannshóll var einnig nefndur Ytri-hermannshóll. Hann er miklu stærri," segir



NÞ-022:015A



NÞ-022:015A Horft til vesturs

í örnefnaskrá. „Holsgerði er í norðvesturátt frá réttinni [031]. Þar eru tættur, túnbleðill og vallargarðsleifar, enda er sagt, að þar hafi verið býli," segir í örnefnaskrá.

Hermannshólsgerði er tóftasvæði sem er um 3km suðsuðvestur af bæjarhól 001, ysti túngarður þessa býlis liggur umhverfis Ytri-Hermannshól en á honum er landamerkjavarða NÞ-019:035. Tóftasvæðið samanstendur af 10 fornleifum; 4 tóftum, 2 gerði, 1 gryfju og 3 túngörðum. Ysti túngarðurinn afmarkar svæði sem er 1000x800m og snýr vestur-austur. Annað býli er sunnan við Hermannshólsgerði og virðist sem túngarðar þeirra tengjast, kallast það býli Hermannshóll NÞ-022:016.

Stórþýfður lyngvaxinn móa.

„Hermannshólsgerði. Það er miðja vega milli Eyvindarstaða og Undirveggjar. Girðing er þar þreföld, og er fyrst girðing utan um það landflæmi, sem enn er í rækt. Það er fremur lítill blettur, mestallur þýfður, þó er dálítill bali sléttur nyrzt við garðinn, þar sem bærinn hefir staðið. Mótar fyrir mörgum tóttum á bala þessum. Sunnan og vestan undir garði þeim, sem nefndur hefir verið, má sjá tóttir, og einnig eru tóttir í suðausturhorni túnsins. Utan um nefnda girðingu er önnur, miklum mun stærri, og það landflæmi, sem er innan hennar er allt víði vaxið. Þá kemur þriðja girðingin ógleggst og liggur miklum mun utar en hinar tvær," segir í skýrslu sem Indriði Hannesson skráði um fjögur eyðibýli.

Hermannshólsgerði er tóftasvæði sem er um 1150x880m að stærð, samanstendur það af 8 tóftum, einni gryfju, einu gerði og 4 túngörðum, afmarkar ysti túngarðurinn svæði sem er 1000x800m að stærð. Svæðið sem ysti túngarðurinn afmarkar snýr vestur-austur og eru 3 horn á því að sunnan austan og norðan en vesturhliðin er bogalaga. Allir hinir túngarðarnir 3 eru við suðurhorn ysta túngarðsins og eru flestar tóftirnar innan eða við innsta túngarðinn.


Rústahóll A er nyrst við innsta túngarðinn, liggur hann að hólnum bæði að vestan- og aust-

anverðu. Rústahóllinn virðist einna líklegasti staðurinn fyrir bæjarstæði. Hann er 30m vestan við tóft D og um 60m norðan við Tóftir C. Rústahóllinn sem er í stórþýfðum og lyngvöxnum móa er 40x16m að stærð og snýr vestur og austur, hleðsluhæð veggja er um 80cm og veggir um 1-2m á þykkt. Rústahóllinn er mögulega upphlaðinn og gæti hæð hans verið um 50cm.



NÞ-022:015C Horft til suð-suð-vesturs

Tóftirnar á hólnum eru þrjár og liggja í röð frá vestri til austurs, þær eru allar grasi vaxnar en einnig er nokkuð af lyngi í þeim. Vestasta tóftin hefur fjögur hólf; í suðvesturhorninu á henni er hólf I sem er 3x3m að stærð og er op á því til suðvesturs í suðvesturhorninu.



NÞ-022:015C


Hólf III er austan megin við hólf I og er það um 2x2m að stærð, sést ekkert op á því. Norðan við hólf III er hólf II sem lítur út fyrir að hafa verið fjárhús, það er 8x3m að stærð og snýr norður og suður og er op á því norðarlega á vesturvegg. Garði sem er um 5m langur liggur eftir hólfinu frá suðurgaflinum. Austan við hólf II er hólf IV sem er 4x3m að stærð og snýr það norður og suður, op er á því til austurs fyrir miðjum austurvegg. Tóftin í miðjunni skiptist í þrjú hólf; Hólf V, VI og VII. Hólf V er 5x3m að innanmáli og er op á því syðst á austurvegg, liggur það að hólfi VI sem er 6x2m að innanmáli og snýr norður-suður. Austan við hólf VI er hólf VII sem er 5x3m að innanmáli og er op á því til austurs sunnarlega á austurvegg. Hólf VII snýr norður og suður og snúa hólf V og VI þannig líka. Austnorðaustan við miðtóftina er austasta tóftin, 7x7m að stærð og er bara eitt hólf og gæti því verið lítið aðhald eða gerði. Op er á því til vesturs í suðvesturhorninu og óljóst veggbrot norðan við opið tengir það við miðtóftina. Hvergi sér í grjóthleðslur en í hólfi VII er nokkuð af grjóti á víð og dreif og lítur helst út fyrir það að varða hafi verið hlaðin í norðvesturhorni hólfsins en ekki er ljóst um tilgang hennar eða hvaðan grjótið er komið.

Túngarðarnir (B) eru fjórir talsins en allir nema sá innsti eiga sameiginlegt suðvesturhornið. Sá innsti 1 afmarkar svæði sem er 90x90m að stærð, liggur hann að og frá tóft A, einnig eru Tóftir C og G áfastar honum. Túngarður nr. 2 afmarkar svæði sem er 230x130 og snýr í suðvestur og norðaustur. Túngarður nr. 3 deilir suðaustur og suðvestur-hliðum með túngarði nr. 2 en afmarkar svæði sem er 260x150 og snýr eins og túngarður nr. 2. Ysti túngarðurinn nr. 4 afmarkar svæði sem er 1000x800m að stærð og snýr í austur-vestur og er Ytri-Hermannshóll vestarlega innan þess túngarðs. Túngarðar Hermannshólsgerðis og býlis sem er sunnan við það og sem kallast Hermannshóll 016 tengjast, virðist sem norðurausturhlið túngarðs á Hermannshól og suðvesturhlið á ysta túngarði Hermannshólsgerðis sé sama garðlagið. Túngarðarnir eru í stórþýfðu mólendi. Þeir eru um 120-150cm á breidd og um 60cm á hæð og eru þeir mjög ávalir og signir.

Innsti túngarðurinn það er að segja túngarður er greinilegastur en sá ysti nr. 4 er víða orðinn nokkuð óljós og stór hluti hans bara greindur á loftljósmynd.
Tóftir (C) eru um 60m sunnan við tóft A, um 50m austan við tóft G og áföst innsta túngarðinum. Tóftirnar eru 3 talsins og samanlagt eru þær 19x11m að stærð. Allar eru þær áfastar



NÞ-022:015D Horft til norð-norð-austurs




NÞ-022:015D


innsta túngarðinum, liggja frá suðvestri til norðausturs. Tóftin sem er suðvestast, Tóft I er á utanverðum túngarðinum, er hún 8x6m að stærð og tvískipt, er syðra hólfið 2x2m að innanmáli en það nyrðra 3x3m að innanmáli, op er á milli hólfanna en ekkert op er sjáanlegt á útvegg. Tóft II sem er norðan við tóft I er 6x6m að stærð og er bara eitt hólf sem er 4x4m að innanmáli, op er á því til norðausturs en suðvesturveggurinn á tóft III og norðausturveggurinn á tóft II mynda 4m langan gang frá opinu á tóft II. Tóft III er 6x5m að stærð og um 4x3m að innanmáli, ekki var hægt að sjá neitt op á henni. Veggir tóftanna eru mjög áþekkir túngarðinum sem þeir eru byggðir upp að, kannski lítið eitt grennri eða um 1m á þykkt og um 50cm á hæð. Tóftirnar eru tiltölulega mikið grösug miðað við það umhverfi sem þau eru í.
Tóft D er um 20m austan við tóft A og um 50m norðan við tóftir C. Hún er um 2m austan við utanverðan túngarð 2. Tóftin er 10x6m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, veggir eru mjög þykkir og stæðilegir eða um



NÞ-022:015E Horft til suð-austurs



NÞ-022:015E



NÞ-022:015F



NÞ-022:015F Horft til suð-austurs




NÞ-022:015G Horft til suð-suð-austurs

1,5m á þykkt og um 90cm á hæð. Tóftin er frekar greinileg en ytra byrðið að sunnan er mjög óljóst. Tóftin er öll vaxin lyngi og fjalldrapa en í botninn er hún mjög grösug. Hún er einföld og er op á miðjum austurvegg en einnig er op í norðausturhorninu en það gæti frekar verið til komið af náttúrulegum orsökum.

Tóft E er um 140m suðvestan við tóft A og um 10m austan við vesturhlið túngarðs 2. Tóftin er 12x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún er einföld og 8x3m að innanmáli. Dyr eru á henni til suðausturs alveg við norðvesturgaflinn og eru dyragöngin um 4m löng. Tvö önnur op eru á tóftinni, er annað þeirra á miðjum norðvesturgaflinum og á það sér sennilega náttúrulegar orsakir en hitt sem er alveg þétt við þennan sama gafl norðaustan megin gæti hafa verið dyr. Tóft F er um 70m suðsuðvestan við tóft A og um 15m austan við tóft G. Hún er 1m sunnan við suðurhlið túngarðs 1það er að segja utan við hann og tengist hún honum ekki. Tóftin er 5x5m að stærð og er einföld, eru veggir hennar um 1m á þykkt og um 40cm á hæð. Hún er grösug í botni en veggir eru lyngi grónir.

Tóft G er um 70m suðvestan við tóft A og um 15m vestan við tóft F, er hún áföst utanverðum túngarði 1. Tóftin er 5x6m að stærð og 5x3m að innanmáli, hún snýr norðvestur og suðaustur og er enginn gafl á henni til norðvesturs. Veggir eru um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Hún er mjög grösug og eiginlega grösugri en túngarðurinn sem hún er byggð upp við. Gryfja H sem hefur sennilega verið notuð sem brunnur er um 100m austan við tóft A og um 100 austnorðaustan við tóftir C, hún er á milli túngarðs 2 og 3. Gryfjan er 6x3m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur og er um 1m á dýpt, minni gryfja er svo í botni hennar í norðausturendanum sem er um 1,5x1,5m að stærð og um 70cm á dýpt.


Gerði I er þétt norðaustan og utan við ysta túngarðinn, túngarð nr. 4. Það fannst ekki á vettvangi en sést greinilega á



NÞ-022:015G



NÞ-022:015H Horft til norð-austurs



NÞ-022:015H

loftljósmynd. Það afmarkar svæði sem er 500x270m að stærð og snýr það norður og suður. Endar þess ná ekki saman heldur liggja þeir að sprungu sem er austan við svæðið og afmarkar sprungan túnið eða hagann til austurs, þar er ekkert garðlag. Kannski hefur þetta svæði verið notað sem einhvers konar nátthagi eða eitthvað álíka.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Land og fólk, 323; Ö-Hóll, 6-7; Ö-Fjögur eyðibýli, 1


NÞ-022:016 *Hermannshóll* bæjarstæði býli 6601.997N 1640.101V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Hermunds Holl, eyðihjáleiga. Bygð í fyrstunni fyrir manna minni, en hefur nú í auðn legið undir 40 ár. Byggíngakosti vita nálægir ekki að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, þó er túnstæði nokkurt.“ Hermundshóll, Hermundarhóll og Hermannshóll mun vera breytilegur ritháttur á sama býlinu. „Alllangt suðvestur frá Hóli, á landamerkjum Kelduness,“ segir í Landi og fólki. „Þetta Hermannshólsgerði [015] er austan við Hermannshól og Fremri-Hermannshól. Hermannshóll [NÞ-019:040] var einnig nefndur Ytri-Hermannshóll. Hann er miklu stærri. Í honum á að vera gull grafið í jörðu. Ef grafið var í hann átti Keldunes að sjást standa í björtu báli. Merkin voru í hann,“ segir í örnefnaskrá. Hermannshóll er tóftarsvæði sem er 3 km suðvestur af bæjarhól á Hóli 001, um 300m suður af vörðu sem er á Ytri-Hermannshól NÞ-019:040 og um þétt suðvestan við Hermannshólsgerði 015. Tóftasvæðið saman stendur af 3 fornleifum; Einni tóft, gryfju sem væntanlega hefur verið notuð sem brunnu og túngarði sem afmarkar svæði sem er um 400x530m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur.
Í stórþýfðu flötu landi sem einkennist af tveim frekar stórum hólum eða hæðum sem nefnast Hermannshólar, ytri og syðri.
Hermannshóll er tóftasvæði sem samanstendur af einni tóft, gryfju og túngarði sem afmarkar svæði sem er 600x480m að stærð og snýr vestur-austur. Svæðið er mjög stórþýft, lyngvaxið og erfitt yfirferðar og má vel vera að þar leynist fleiri tóftir.




NÞ-022:016A Horft til suð-suð-vesturs

Tóft A er suðvestarlega innan túngarðs. Hún er vestan megin við stóran hól sem nefnist Syðri-Hermannshóll. Á hólnum er varða 029 og er tóftin um 150m vestsuðvestan við vörðuna og 100m norðan við suðurhlið túngarðsins. Tóftin er á hólrana í tiltölulega flötu landi sem er þýft og mikið lyngvaxið. Tóftin hefur sennilega verið bústaður, mögulega langhús. Hún er 22x8m að stærð og snýr norður og suður, önnur bygging 14x9m að stærð er byggð við suðurgafl hennar og snýr norðnorðaustur

NÞ-022:016 Hermannshóll og NÞ-022:015 Hermannshólsgerði



og suðsuðvestur. Mögulega er um viðbyggingu að ræða og bendir allt til þess að náttúrulegar aðstæður hafi ráðið stefnu þess húss því það fylgir stefnu hólranans. Aðalbyggingin, ef hægt er að nota það orð er þrískipt, nyrst er hólf I sem er 4x3m að innanmáli og snýr norður og suður, veggir þess eru mjög signir og hólfið bara grunn dæld. Á hólfi I virðist vera op til norðurs fyrir miðjum norðurgafli. Sunnan við hólf I er hólf II sem er 3x1m að innanmáli og svo er hólf III sunnan við hólf II og er það 10x4m að innanmáli. Hægt var að greina op á milli hólfa III og II en ekki milli hólfa II og I. Viðbyggingin, er einföld, 10x4m að innanmáli og frá hólfi III liggur 4m langur gangur um miðjan suðurgaflinn að viðbyggingunni. Veggir tóftarinnar eru mjög rúnnaðir og er innra byrðið skýrara en það ytra, eru hleðslur veggja að innanverðu um 60cm á hæð en um 2m á breidd nema suðurgaflinn á hólfi III sem er 4m á þykkt. Ekki var hægt að greina neina upphleðslu á hólnum sem hefur frekar brattar hlíðar til vesturs og austurs. Hér að ofan var á




NÞ-022:016A



NÞ-022:016B Horft til norðurs

það minnst að mögulega gæti tóftin hafa verið langhús en hún er aflöng og mjókkar norðurendi hennar til norðurs. Suðurendinn mjókkar aftur á móti ekki, alla vega eru ekki greinileg merki um það má vera að það hafi breyst þegar viðbyggingin var byggð þar. Túngarðurinn (B) umhverfis Hermannshól afmarkar svæði sem er 600x480m að stærð, sunnarlega við miðju túnsins er stór hóll sem nefnist Syðri-Hermannshóll. Þrjú garðlög liggja frá túngarðinum sem liggur umhverfis túnið að Syðri-Hermannshól, eitt úr suðri, eitt úr norðri og eitt úr austri og skipta þessi garðlög túninu í 3 parta. Ekki reyndist unnt að fylgja garðlaginu norðvestan megin við Tóft 016A en þar er aflöng hæð og hefur hún mögulega átt að duga sem aðhald eða að garðlagið sem þar var sé að mestu blásið og eytt. Þá er einnig mjög erfitt að fylgja garðlaginu suðaustast, en þar er það allt hlaupið í þúfur og er illa greinanlegt. Að norðvestan liggja túngarðar Hermannshóls og Hermannshólsgerðis 015 saman og þá fannst einnig garðlag vestan við Hermannshólsgerði en tengt túngarðinum á Hermannshóli sem lá 330m til norðnorðvesturs. Túngarðurinn liggur milli stórra hæða sem hafa annað hvort verið notuð sem náttúrulegt aðhald eða að garðurinn sé alveg eyddur af þeim. Túngarðurinn sem liggur umhverfis býlið virðist vera um 2m á breidd, mjög ávalur og siginn og er hleðsluhæð hans 30-50cm. Það er mjög erfitt að fylgja honum stundum en þó er hann iðulega örlítið hærri en stórþýft landið sem hann liggur um. Garðlögin sem



NÞ-022:016C



NÞ-022:016C Horft til austurs

liggja frá túngarðinum og að Syðri-Hermannshól virðast örlítið grennri og hærri eða um 150cm á breidd og um 80cm á hæð, þau eru vel rúnnuð en hafa brattari hliðar en túngarðurinn. Sumstaðar er garðurinn klofinn af kindagötu og er þar mikið rof í garðinum, annars staðar er hlaupinn í þúfur og eða á kafi í lynggróðri.
Gryfja C er 40m norðan við tóft A, í stórþýfðu mólendi í djúpri hvilft. Gryfjan er 4x2m að stærð og um 70cm á dýpt og snýr austnorðaustur og vestsuðvestur, er hún í þröngum og litlum gilskorningi. Er önnur minni gryfja í þeirri fyrr nefndu sem er 2x1m að stærð og er hún dýpri en sú fyrri, samanlögð dýpt gryfjunnar er því um 2m.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: JÁM XI, 291; Land og fólk, 323; Ö-Hóll, 7

NÞ-022:017 *Efra-Oddagerði* bæjarstæði býli 6602.718N 1635.645V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skialldastader [NÞ-002:006], Efraoddagerde, Sprekasteckur [NÞ-002:009], Fremresteckur [NÞ-002:010], Hlydargerde [NÞ-002:012] og Heidargierde [NÞ-002:008] kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, og eru á sjerhvörju þeirra ljós byggíngamerki fornra girðínga og tóftarústa, nema á Skjaldastöðum sjást ekki girðíngaleifar. Aftur mætti byggja Fremrastekk og Hlíðargerði ef engi væri nokkurt, en með því útheyin eru eingin, þá sýnist líklegast að þau muni aldrei byggjast, þó túnstæði sjeu nokkur. Hin 4 eyðibólin eru lýngi og viði vaxin og kunna því ekki að byggjast.“ „Efra-Oddagerði er þar sem býlið Lyngás stendur nú,“ segir í Landi og fólki. „Austan undir honum [Skollhól] er alldjúp gjá, sem heitir Skollhólsgjá. Norðan Skollhóls, við þjóðveginn, er svo eyðibýlið Oddagerði [NÞ-022:011], um það eru hin gömlu merki móti Hóli. Þar fyrir austan er eyðibýlið Efra-Oddagerði. Þar er nú Lyngás …“ segir í örnefnaskrá Ingveldastaða.


NÞ-022:017 Horft til norðurs

„Á landamerkjum Hóls og Ingveldarstaða er svo Ytra-Oddagerði og Syðra-Oddagerði, það eru gömul eyðibýli og eru hér nokkrar tættur og túnkragi. Þetta gerði er einnig þar, sem að Stórá rann, eða við farveg hennar. Í tíð Ísaks var yfirleitt alltaf bara talað um eitt Oddagerði. Þó hefur hann heyrt talað um Efra-Oddagerði og Neðra-Oddagerði [011], en ekki Ytra- og Syðra-Oddagerði. Efra-Oddagerði stóð á vestari bakka vatnsgjár, sem kölluð var Oddagerðisgjá,“ segir í örnefnaskrá Hóls. Nýbýlið Lyngás mun hafa verið byggt á þeim stað þar sem Efra-Oddagerði hafði áður staðið um 2,4km suðaustan við bæ 001 og um 200m austan við Neðra-Oddagerði 011. Þar stendur núna steinhús byggt 1951 sem er ein hæð og geymluloft. Næst húsinu var lítill skrúðgarður en annars hefur allt land umhverfis bæinn verið sléttað.
Í sléttu túni.
Efra-Oddagerði hefur verið sléttað og sjást engin ummerki eftir það lengur, en það mun hafa staðið á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið í Lyngási byggt 1951 stendur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM XI, 294; Land og fólk, 324; Ö-Ingveldarstaðir, 2-3; Ö-Hóll, 4

NÞ-022:018 *Ingveldarstaðagata* heimild um leið 6603.375N 1638.268V
„Hádegishóll er suður við túngarðinn, nokkuð hár klapparhóll. Fjárhús 003 stóðu á þessum hól og lá gata rétt vestan við þau og var talið hádegi, þegar sólin var um þessa götu- í tíð Ísaks," segir í örnefnaskrá. Gatan lá frá Hóli til Ingveldastaða. Sennilega hefur hún legið á svipuðum stað og þjóðvegurinn er núna.
Í sléttu túni austan við heimkeyrslu að Hóli og vestan Hólshúsa 003.
Ekki sést til götunnar lengur á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hóll, 2

NÞ-022:019 *Digravarða* varða landamerki 6601.977N 1637.042V



NÞ-022:019 Horft til norðurs

„Norðaustur af þeim [Tættum 027] er hlaðin varða á háum hól, sem heitir Digravarða. Um hana eru merki móti Lyngás, sem er keypt land frá Hóli," segir í örnefnaskrá. Digravarða er 2,8km suðsuðaustur af bæjarhól 001 og um 1,7km suðvestan við Efra-Oddagerði 017.
Varðan er á stórum hraunhól sem er klofinn í stórþýfðu lyngvöxnu landi.
Varðan er 2x2m að stærð í grunninn en ekki nema um 50cm á hæð, er hún um 2-3 umför og sennilega eitthvað hrunin en mun þó sennilega aldrei hafa verið sérlega há.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 5

NÞ-022:020 mannabein legstaður 6602.635N 1636.982V



NÞ-022:020 Horft til norð-austurs

„Beinafundur í Lyngási, Kelduneshreppi: Bóndinn á nýbýlinu Lyngási fann mannshauskúpu fyrir nokkrum árum, er hann var að girða nátthaga sunnan við túngirðingu sína. Nátthagi þessi er umhverfis fornbýlið Oddagerði [011], þar sem sér miklar rústir. Hauskúpan fannst undir nátthagagirðingunni, 5 m suðvestur frá suðvesturhorni túngirðingarinnar. Ég rannsakaði þennan stað 21. 7. 1955, og fann flest bein úr heilli beinagrind, en öll voru þau úr lagi færð. Gröfin, sem þau voru í, var 1,60 m löng, 60 cm breið, 80 cm djúp, sneri N-S. Efri bein líkamans voru flest í syðri enda grafar, og hefur höfuð mannsins því líklega snúið í suður. Ekkert grjót og engin merki kistu eða haugfjár. Staðurinn væri eðlilegt kumlstæði frá Oddagerði, en ekki má þó með vissu telja fund þennan til kumla, þar sem hann er bæði kennimerkjalaus og illa leikinn af manna völdum," segir í Kuml og haugfé eftir Kristján Eldjárn. Staðsetning er óljós en mun þó vera eitthvað um 450m austan við Vörðuhól 023, um 30m sunnan við suðurhlið túngarðsins á Oddagerði 011 og um 2,3 km suðaustan við bæjarhól á Hóli 001.
Í jaðri túns og móa.

Staðsetning er óljós. Girðingin sem var verið að reisa þegar beinin fundust er að hluta fallin og hefur hluti af henni verið fjarlægður. Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: KEKH 2000, bls. 207.

NÞ-022:021 varða óþekkt 6602.281N 1638.093V
Varða er upp á klettavegg norðan Skellikjafts, austanmegin við veg sem liggur milli Hóls 001 og Undirveggjar NÞ-004, hún er um 2,1km sunnan við bæjarhól á Hóli 001, um 1km austan við Hermannshólsgerði 015 og um 700m norðnorðvestan við eyðibýlið Tættur 027.
Varðan er upp á klettavegg á lyngvöxnum klapparhól.
Varðan er frekar lítil, um 1x1m að stærð í grunninn og um 1m á hæð, hún er um 6 umför og hlaðin úr frekar stóru grjóti og vaxin skófum. Það sér vel á hana neðan af veginum undir klettaveggnum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-022:021 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-022:022 *Sveinar* heimild um aftökustað 6603.678N 1638.652V
„Skammt fyrir norðan túnið eru Sveinar, tveir klapparhólar, og fylgir því örnefni sú sögn, að þar hafi verið hengdir tveir þjófar," segir í örnefnaskrá. Sveinar eru um 570-580m norðvestan við 001 og um 500m vestan við túngarðinn á Bakkagerði 010B. Örnefnið Sveinar er einnig til í landi Kelduness (NÞ-019:037) og eru þeir um 3,3km suðvestan við þá Sveina sem hér hefur verið fjallað um.
Í þýfðum lyngvöxnum móa.
Sveinar eru tveir klettar nyrst á klofnum klettahrygg og liggur sprungan í norður og suður. Klettarnir eru um 70-90cm á hæð svo að þjófarnir hafa verið í smærri kantinum og um 1m er á milli klettanna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 3


NÞ-022:022 Horft til suð-austurs

NÞ-022:023 *Vörðuhóll* varða landamerki 6602.682N 1636.571V
„Beint suður af honum [Stórakletti] er Vörðuhóll, þar eru nú merki móti Lyngás, en var áður merki móti Ingveldarstöðum," segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll er 1,9km suðaustur af bæjarhól 001 og um 700m vestan við Efraoddagerði 017.
Varðan er á klapparhrygg sem liggur í skeifu og snúa endarnir til norðurs, eystri endinn er hærri en sá vestari og er varðan nyrst á honum.



NÞ-022:023 Horft til vesturs

Varðan er eiginlega bara einn stuðladrangur en síðan eru nokkrir steinar neðst umhverfis hann sem eru að hverfa í gróður. Hefur þeim væntanlega verið raðað í kringum hann til að veita drangnum stuðning. Drangurinn hefur að öllum líkindum eitt sinn staðið alveg beinn en er tekinn að halla til suðurs. Hann er um 70cm hár, er á bröttu klapparholti og ber vel á honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 3-4

NÞ-022:024 *Brunnur* heimild um vatnsból6603.606N 1637.497V
„Norðaustur úr túni, er mór, sem nær að söndunum, þar sem mórinn endar, var áður vatnsból heimilisins og nefndist Brunnur. Brunnur er nyrzt í áðurnefndri gjá á milli túnsins og Hólskróks," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er um 670m norðaustur af bæjarhól 001 og um 40m austan við syðri enda túngarðsins á Bakkagerði 010B.
Brunnurinn er í sprungu og er sendinn mór austan megin við hana er meira lyng og fjalldrapi vestan megin.
Brunnurinn er vatnsból sem er í hraunsprungu sem liggur í norður og suður, er hún full af sandi og er vatnsbólið að öllum líkindum alveg náttúrulega myndað. Búið er að fylla upp í vatnsbólið sem notað var en 20m norðaustan við það hefur opnast önnur gjá, þar virðist jarðvegurinn hafa gefið eftir og fallið niður. Nýja jarðfallið lítur sennilega svipað út og vatnsbólið eða Brunnurinn gerði sem nú er búið er að fylla upp í, en í nýja brunninum má sjá stuðlaða hraunveggina og vatn í botni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 4


NÞ-022:025 *Engjagata* heimild um leið 6603.371N 1638.191V



NÞ-022:025 Horft til suð-suð-austurs

„Vestur af Bakkagerði [010] er holt. Þar er djúp dokk, sem nefnist Gýpa. Þar fyrir vestan er Engjaholt og Engjagata. Engjagata liggur frá Hóli og yfir Engjaholt. Þaðan í norðvestur eru Sveinar [022] sem fyrr var getið," segir í örnefnaskrá. Óljós gata er um 170m vestan við Bakkagerði 010 og um 340m austan við Sveina 022.
Gatan liggur yfir mosavaxið holt, snýr norður og suður og virðist stefna heim að bæ 001.
Gatan er einföld en er nokkuð breið, er um 80 cm og frekar greinileg en er víða gróin í botninn. Hún hefur væntanlega legið á engjar sem eru um 1km norðvestan við bæ 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 4

NÞ-022:026 heimild um rétt 6602.640N 1637.863V



NÞ-022:026



NÞ-022:026 Horft til suð-vesturs

„Sunnan hans [Veggenda], norðan Skógarhlíðar, er Lambagjá. Í henni voru geymd fráfærnalömb, fyrst eftir fráfærur. Voru þar hlaðnir veggir, bæði að norðan og sunnan. Lömbin voru rekin inn að norðan. Lambagjá er framhald gjár, sem liggur vestan Skógarhlíðar. Þar heitir hún ekki Lambagjá. Lambagjá er grasi gróin og háir klettar liggja að henni beggja vegna og má heita að þar sé skjól fyrir öllum vindum," segir í örnefnaskrá. Aðhaldið í Lambagjá er um 1,5km sunnan við bæjarhól 001 og um 1km vestan við Vörðuhól 023.

Aðhaldið er í gjá sem er grasi gróin í botninn en berir klettaveggirnir mynda langveggi aðhaldsins.

Hleðslur aðhaldsins eru mis skýrar en sennilega er það um 30x8m að stærð og snýr það suðvestur og norðaustur. Það virðist skiptast í 4 hólf, eitt stórt sem er 18x7m að innanmáli og er það suðvestan við hin 3 sem eru öll saman í hnapp misskýr. Beint norðaustan við stóra hólfið er hólf sem er 6x4m að innanmáli og virðist vera op á milli þeirra. Tvö lítil hólf virðast svo vera suðaustan við þetta hólf, það nyrðra 2x3m að innanmáli og það syðra 2x4m að innanmáli og lítur út fyrir að op sé á milli þeirra. Vegghleðslur eru um 1m að þykkt og um 60cm á hæð.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll, 5


NÞ-022:027 *Tættur* bæjarstæði býli 6601.866N 1637.596V

„Kippkorn austan við hlíðina, eða nánar tiltekið rétt austan við veginn, sem liggur frá Hóli í Undirvegg, eru tættur, Eyðibýlið Tættur," segir í örnefnaskrá. „Tóttir. Þær eru nokkuð utan við Undirvegg. Þar hefir verið allstórt tún, eftir girðingunni að dæma, en hún (girðingin nefnil.) er aðeins einföld, og frjóar vallendisgrónar tættur eru innan girðingar. Virtist mér þetta býli eða eyðikot eitt með þeim ómerkilegustu," segir í skýrslu sem Indriði Hannesson skráði um fjögur

NÞ-022:027 Tættur



eyðibýli. Tættur er tóftasvæði sem saman stendur af þrem tóftum og túngarði sem afmarkar svæði sem er 250x200m að stærð og snýr það norðvestur og suðaustur. Það er um 2,5-3 km sunnan við bæjarhól á Hóli 001, um 400m vestsuðvestan við Digruvörðu 019, og síðan eru um 1,3km á milli túngarða á Tættum og eyðibýlinu Hermannshól 016 sem er vestan við Tættur.
Tóftasvæðið er í þýfðum lyngvöxnum móa í landi sem hallar til austurs.
Tóft A er sunnarlega innan túngarðs B, syðst þeirra þriggja tófta sem eru innan tóftasvæðisins. Tóftin er nokkuð ofarlega í landi sem hallar til austurs og er sennilega eitthvað niðurgrafin í hólrana og sér ágætlega yfir nánasta umhverfi. Tóftin er 12x11m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún er tvískipt og er stærra hólfið 7x4m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Vestan við það, alveg syðst og samsíða er minna hólf sem er 3x2m að innanmáli. Ekki er hægt



NÞ-022:027A



NÞ-022:027A Horft til norð-austurs

að sjá nein greinileg op á tóftinni hvorki milli hólfa né á útveggjum. Veggir eru mjög signir og eru ytri mörk þeirra frekar óljós, þeir eru um 2m á breidd og um 40cm á hæð að innanverðu, kannski hefur tóftin að einhverju leyti verið niðurgrafin. Tóftin er öll á kafi í lyngi og ber ekki mikið á henni.

Túngarður (B) liggur umhverfis þrjár tóftir í mólendi sem er norðnorðaustan við Undirvegg NÞ-004, sunnan við Hól og rétt austan við Skellikjaft.



NÞ-022:027C



NÞ-022:027B Horft til suðurs

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 250x200m að stærð og er garðlagið um 2m á breidd og um 60cm á hæð. Það er að stærstum hluta einföld torfhleðsla en vestast virðist hún vera tvöföld. Norðausturhliðin lítur út fyrir að vera verst farin víða svo til horfin og lítið annað en lágur hryggur eftir. Túngarðurinn er allur lyngi vaxinn eins og umhverfið sem hann er í og ber því lítið á honum. Tóft C er um 50m norðan við tóft A og um 30m norðnorðvestan við tóft D, á hól ofarlega í landi sem hallar til austurs en annars er landið stórþýfður mói.

Tóftin er 16x14m að stærð og snýr norður og suður, veggir eru mjög signir, breiðir og ávalir, um 2m á breidd en um 70cm á hæð. Ytra byrði þeirra er frekar óljóst en innra byrði skýrara sem gæti bent til þess að tóftin sé eitthvað niðurgrafin. Tóftin lítur út fyrir að vera þrískipt, eitt



NÞ-022:027C Horft til suðurs




NÞ-022:027D Horft til suðurs

stórt hólf sem snýr eins og tóftin og er það 7x3m að innanmáli. Frá suðurgaflinum liggur garði sem reyndar mjög óljós en gæti þó bent til þess að húsið hafi verið notað sem fjárhús. Norðan við þetta hólf er svo eitt lítið um 2x3m að innanmáli og snýr það vestur og austur, frá því liggur djúp dokk eða gryfja sem virðist litla hólfinu. Veggjahleðslur eru lyngvaxnar en í botninum grasvöxtur, ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.

Tóft D er um 20m norðnorðaustur frá tóft A og um 30m suðsuðaustan við tóft C.

Tóftin er í þýfðum lyngvöxnum móa og ber nokkuð á víðihríslum í nágrenni hennar.

Tóftin er sennilega niðurgrafin en þó má sjá móta fyrir bungumynduðum veggjunum. Hún er um 11x7m að stærð og snýr hún norður og suður. Hleðsluhæð veggja að innan er um 60cm en eins og áður hefur komið fram er ytra byrðið frekar ógreinilegt. Það er eins og það votti fyrir opi fyrir miðjum vesturvegg og norðan við það er dæld sem er 2x1m að stærð og gæti það kannski hafa verið hólf en ekki sést op á milli hólfanna. Tóftin er öll á kafi í lynggróðri.



NÞ-022:027D

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll, 5; Fjögur eyðibýli e. Indriða Hannesson, 2

NÞ-022:028 gata leið 6603.661N 1638.580V



NÞ-022:028 Horft til suður

Leifar af götum má sjá í mólendi norðnorðvestan við bæ 001 sem hafa svipaða stefnu og þjóðvegurinn. Þær sjást t.d. vel um 500m norðnorðvestan við bæ 001 og um 60m austsuðaustan við Sveina 022.

Göturnar liggja um þýft mólendi.

Göturnar eru 3-4, virðast þær hafa sömu stefnu og þjóðvegurinn og stefna þær beint heim að bæ 001. Þær eru mis greinilegar en þær sem eru greinilegastar eru ógrónar í botninn og það er stundum allt að 1 metri á milli gatna.

Hættumat: engin hætta

NÞ-022:029 varða óþekkt 6601.972N 1639.905V

Varða er á Syðri-Hermannshól sem er innan túngarðs á eyðibýli sem dregur nafn sitt af hólnum eða Hermannshóll 016. Hún er um 150m austsuðaustan við tóft 016A og um 3km suðsuðvestan frá bæjarhól á Hóli 001.

Varðan er á frekar stórum og áberandi hól og ber vel á vörðunni því að landið umhverfis hólinn er flatt.


Varðan er 1,5x1m að stærð í grunninn og um 90cm á hæð, hún er 4 umför og hlaðin úr frekar stóru grjóti, öll vaxin skófum. Ekki er hægt að segja að vandað hafi verið til smíðinnar, lítur út eins og henni hafi verið hrúgað upp og er aðeins byrjað að hrynja úr henni vestan til.



NÞ-022:029 Horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

NÞ-022:030 *Hólshellir* hellir fjárskýli 6602.995N 1638.125V



NÞ-022:030



NÞ-022:030A Horft til aust-norð-austurs

„Litlu sunnar [en fjárhúsin] er svo Hólshellir, sem tekur um 70 fjár og er notaður enn. Þarna er gott beitiland," segir í örnefnaskrá. „Hellar eru í Kelduhverfi þessir fjórir: Yngveldarstaða- [NÞ-002:020, NÞ-002:021], Undirveggjar- [NÞ-004:010], Hóls- og Krossdals [NÞ-003:021, NÞ-003:022, NÞ-003:023]. Þrír þessara í svonefndu Upphverfi taka hvör einn hér um 60 fjár en sá seinastnefndi er í Miðhverfinu og tekur allt að -eður rúmlega 100 fjár. Til suðurs frá nefndum hellir finnast og aðrir smærri á stangli," segir í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna. Hólshellir er um 780m suður af bæjarhól á Hóli 001 og um 320m vestnorðvestur af Broddhelgastöðum 012.

Í þýfðum móa á nokkuð háum hól.

Við Hólshelli hafa verið byggð fjárhús sem hafa verið um 16x6m að stærð og um 4x13m að innanmáli, snúa þau í norðvestur og suðaustur. Tóftin er tvískipt, er norðvesturhólfið 4x4m að innanmáli og gæti það hafa verið hlaða en hólfið suðaustan megin er 8x4m að innanmáli og mun þá hafa verið sjálf fjárhúsin, ekki var þó hægt að sjá nein ummerki eftir garða eða jötu í því. Op er á milli hólfanna við suðausturlanghliðina og einnig er op á suðausturgaflinum fyr-



NÞ-022:030B Horft til norð-norð-austurs

ir miðju. Við byggingu húsanna hefur mikið til verið notast við þær náttúrulega aðstæður sem staðurinn bauð upp á. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en norðaustur-langhliðin er klettaveggur, eru veggbrotin um 1m á breidd og um 70cm á hæð. Hólshellir er alveg þétt við norðurhornið á tóftinni og er opið á honum um 3x3m að stærð, hellirinn er nokkuð stór hvelfing. Gólfflötur hans gæti verið um 8x6m að stærð og lofthæð þar sem hún er hæst um 180cm. Hólhellir var notaður sem fjárskýli en ekkert manngert er í honum. Annar hellir 030B er um 30m sunnan við tóftina og er hann um 3x7m að stærð og hefur um 80 cm lofthæð, liggur hann norðaustur og suðvestur og hefur op til suðurs. Hann er í klapparholti og er inngangurinn grösugur. Var hann einnig notaður sem fjárskýli en ekki var hægt að sjá neitt manngert í honum heldur. Allt minjasvæðið er um 30x15m að stærð og snýr norður-suður.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll, 6; SSÞ, 209

NÞ-022:031 *Hraunhólsrétt* heimild um rétt 6601.818N 1638.774V



NÞ-022:031 Horft til suð-austurs



NÞ-022:031

„Skellikjaftur er suðaustur af Ytri-Réttarhólum og Syðri-Réttarhólum … Suður af Háuhraunum lækkar hraunið svo aftur. Sunnan til í því hrauni er klettur, sem heitir Einbúi. Hann er skammt norð-austur af Hraunhólsrétt, sem síðar getur. Vestan við Hólshraun heita Hæðir. Þá er sunnan við Hæðirnar gömul rétt … sem nú er hætt að nota, rétt þessi heitir Hraunhólsrétt (Ath: Hún var ýmist nefnd Hraunhólsrétt eða Hraunhólarétt," segir í örnefnaskrá. „Vegur liggur hjá klöppunum og þar var fé rekið til réttar úr Keldunesheiði og Ásheiði, þegar féð var rekið til Hraunhólaréttar, en hún var byggð um 1890 og síðast réttað þar 1917," segir í örnefnaskrá Eyvindarstaða. Hraunhólarétt er 3km suður af Bæjarhól á Hóli 001, um 650-680m austsuðaustur frá eyðibýlinu Hermannshól 016 og um 750-780m vestsuðvestur frá eyðibýlinu Tættum 027.

Réttin er byggð í tiltölulega lítið ógrónu og úfnu hrauni.
Réttin er stór, um 80x70m að stærð og er hún öll hlaðin úr hraungrýti, veggir hennar eru allt að 1m á hæð og veggþykkt er frá 50-100cm. Almenningurinn er um 60m langur og um 20m breiður og liggur í norður og suður, þrengist hann lítið eitt til suðurs en þar á suðurhliðinni er op á honum og hefur féð verið rekið inn í almenninginn þar. Almenningurinn er ferhyrndur og aflangur og eru 14 dilkar umhverfis hann, er einn þeirra stærstur um 30x30m að stærð og er hann austan megin við almenninginn fyrir miðju en einn sá minnsti er 5x5m að innanmáli og er hann vestast við norðurgaflinn. Algengast er að dilkarnir séu um 8x10m að innanmáli. Réttin er ekki mjög regluleg eða skipulega byggð og má ætla að einhverjar breytingar hafi átt sér stað á henni og þá sér í lagi dilkarnir vestan megin, en einnig bendir sköpulag útveggja stærsta hólfsins sem er austan við almenninginn til þess að hólfið hafi verið breytt og það þá stækkað. Réttin er hlaðin úr hraungrýti og er frekar auðvelt að breyta slíkum hleðslum. Veggirnir virðast víðast vera ágætlega hlaðnir og má sumstaðar telja um 7 umför og hefur aðallega verið notast við slétt hraungrjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll, 6; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 13

NÞ-022:032 hellir fjárskýli 6601.826N 1638.659V
Hellir sem sennilega hefur verið notaður sem fjárskýli er um 90m austan við Hraunhólsrétt 031, um 50m norðan við fjárskýli 033 og um 3km sunnan við bæjarhól á Hóli 001. Honum svipar mjög til annara hella svo sem hellanna í landi Ingveldastaða NÞ-002:020 og NÞ-002:021 og einnig hellis sem er í landi Undirveggs NÞ-004:010. Ekki eru neinar hleðslur í hellinum en það virðist ekki hafa þótt nauðsynlegt því ekki hafa fundist heldur hleðslur í öðrum hellum.
Í lítt grónu hrauni.
Hraunsprunga sem er opin til norðnorðausturs. Hún er 10x5m að stærð og um 1m í lofthæð, liggur rýmið í boga frá norðaustri til vesturs, snýr opið til norðnorðausturs.
Hættumat: engin hætta


NÞ-022:032 Horft til suð-suð-vesturs

NÞ-022:033 hellir fjárskýli
6601.801N 1638.669V
Hellir sem mögulega hefur verið notaður sem fjárskýli er um 90m austan við Hraunhólsrétt 031, um 50m sunnan við fjárskýli 032 og um 3km sunnan við bæjarhól á Hóli 001. Honum svipar mjög til annara hella svo sem hellanna í landi Ingveldastaða NÞ-002:020 og NÞ-002:021 og einnig hellis sem er í landi Undirveggs NÞ-004:010. Ekki eru neinar hleðslur í hellinum en það virðist ekki hafa þótt nauðsynlegt því ekki hafa fundist heldur hleðslur í öðrum hellum.


NÞ-022:033 Horft til suðurs

Í lítt grónu hrauni.
Opin hraunsprunga sem er um 5x5m að stærð og um 1,5m í lofthæð, opið snýr til norðausturs og lækkar hellirinn ört er innar dregur. Engin mannvirki eru í hellinum en þó nokkuð tað
Hættumat: engin hætta

NÞ-022:034 varða óþekkt 6602.507N 1636.129V



NÞ-022:034 Horft til norð-austurs


Varða er 2,3km norðaustan við bæ 001, um 350m sunnan við Neðra-Oddagerði 011 og 580m norðan við Skollhól NÞ-002:019.
Varðan er norðaustast á mosagrónum hraunhrygg sem liggur norðaustur og suðvestur.
Varðan er 100x50cm að stærð í grunninn og 80cm á hæð, hún er um 7 umför, ekki sérlega vel hlaðin en úr frekar jafnstóru grjóti. Á loftmynd sést að varðan stendur óljósa götu 036 sem liggur að Ingveldarstöðum NÞ-002 í suðri en að norðan hverfur gatan undir tún.
Hættumat: engin hætta

NÞ-022:035 heimild um túngarð
„Hádegishóll er suður við túngarðinn, nokkuð hár klapparhóll," segir í örnefnaskrá. Ekkert sér til túngarðs, ekki einu sinni hryggur. Túngarðurinn hefur verið sléttaður undir tún.
Í túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hóll, 2

NÞ-022:036 gata leið 6602.507N 1636.129V
Á loftmynd sést gata þétt austan við vörðu 034, liggur hún til norðurs að Ingveldastöðum en að sunnan hverfur hún undir tún á Lyngási 017. Gatan fær sama hnit og varða 034.
Gatan liggur um þýfðan móa sem einkennist af gjám eða þröngum sprungum.
Gatan var ekki skráð á vettvangi en nokkuð er um slóða á þessu svæði og ekki mikið hægt að segja til um aldur þeirra, því margir þeirra líta út eingöngu út fyrir að vera troðningur eftir bíla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Meiðavellir, Kelduneshreppi

Stærð túna: 3,3 ha
Þar af slétt: 1/2 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



NÞ-023 Meiðavellir

1712: Jarðadýrleki óviss. Hólastólseign. Bænhús var á jörðinni. 1712 er eyðibýlið Mariugerði. Hrærekssstaðir [NÞ-023b) eru nú innan marka Meiðavalla. 1449: Meiðavellir nefndir í skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar í Hjaltadal. DI V, 40.
1394: „Pétrsmáldagar […] Skinnastada kyrckia […] Jtem reiknadezt i hrærekstada verd. ij. kvgilldi oc halft fiorda hvndrat fridvirt.“ DI III, 588.
Meiðavellir og Hrærekssstaðir meðal Hólastólsjarða 1550 - DI XI, 864. Hrærekssstaðir í reikningum Hólastóls 18. febrúar 1569. DI XV, 225.
1712: „Engjar eru aldeilis öngvar. Úthagarnir nægjir.“ JÁM XI, 296. 1917: Tún 3,3ha, 1/2 sléttað. „Jörðin er ekki stór en beitiland kjarngott mólendi og allt að helmingur þess skógi vaxinn. … Engjar eru engar en túnið mjög gott og grasgefið og ræktunarskilyrði ágæt.“ Land og fólk, 306

NÞ-023:001 *Meiðavellir* bæjarhóll bústaður 6601.416N 1631.421V



NÞ-023:01 Horft til norð-vesturs

„Þar sem uppsveitarvegurinn mætir þjóðvegi, um þrjá km austan við Tóvegg, liggur afleggjari til suðurs heim að Meiðavöllum. Bærinn stendur örskammt vestan við Ásbyrgi þar sem landið tekur að hækka til suðurs upp frá sandinum,“ segir í Landi og fólki. Bærinn stendur vestan við norðurenda hóffarsins sem myndar Ásbyrgi og stendur núverandi íbúðarhús byggt 1930 enn á bæjarhólnum. Húsið er kjallari, hæð og ris og áfast því eru viðbyggingar.
Bæjarstæðið er í flötu landi sem hallar til norðurs og stutt er í skógivaxnar hæðir til suðurs.
Bæjarhóllinn er lítið áberandi, er ekki hægt að greina mikla uppsöfnun en hana má kannski helst greina að austanverðu um 30cm. Hann virðist vera um 30x20m að stærð og snýr norður, suður mörk hans eru mjög óljós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Land og fólk, 306; Túnakort 1918

NÞ-023:002 *Kirkjutóft* heimild um bænhús

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Bænhús er sagt hjer hafi að fornu verið, og sjást enn merki til þess af einnri tóftarrúst með girðíng í kríng, sem Kirkjutóft kallast.“ Í skýrslu Sigurðar í Garði um „Stekki, beitarhús og fleira“ er fjallað um fornan grafreit að Meiðavöllum. Þar segir að lítið sjáist til garðsins sökum þess að hann hafi verið sléttaður en þó hefur mátt greina ytri mörk hans og er hann þar sagður vera um 20m norðaustan við íbúðarhúsið, hringlaga og afmarki svæði sem er 20x20m að stærð. Þar er þó tilgreint að staðsetning bænhússins sé ekki þekkt en samkvæmt Jarðabókinni ætti bænhúsið að vera innan girðingarinnar. Á loftmynd má sjá votta fyrir hleðslu austan við íbúðarhúsið og er hún eilítið sunnar en teikningin hans Sigurðar gefur til kynna. Vera má að það geti verið ummerki eftir garðinn þó að það sé með öllu óvíst.
Í túni við íbúðarhús sem hefur verið sléttað.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁMXI, 296; Skýrsla Sigurðar í Garði um stekki, beitarhús og fleira.

NÞ-023:003 *Ystahús* heimild um fjárhús 6601.401N 1631.373V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 50m suðaustan við íbúðarhús 001 og stendur þar enn útihús klætt bárujárni.
Frekar flatt land nærri bæ.
Ekkert sér til fornleifa sökum yngri bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-023:003 Horft til suð-vesturs

NÞ-023:004 *Miðhús* heimild um fjárhús 6601.387N 1631.351V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 70 - 80m suðaustan við íbúðarhús 001 og um 30m suðaustan við útihús 003.
Í frekar sléttu landi, fremst á smá hólbrún austan til við útihúsabyggingar.
Ekkert sér til minja nema ef vera kynni dæld sem gæti verið um 11x4m að stærð. Þessi hús munu hafa verið notuð sem fjárhús áður en þau voru rifin og var gengið inn í húsin austan megin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-023:005 heimild um hesthús 6601.336N 1631.428V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 150m sunnan við íbúðarhús 001 og um 90m vestan við útihús 006. Þetta hús mun hafa verið notað sem hesthús og seinna sem reykkofi.
Í túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-023:006 *Syðstahús* heimild um útihús 6601.345N 1631.306V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 160m suðsuðaustan við íbúðarhús 001 og um 90m austan við hesthús 005.
Í túni, suðaustast á hæðarbrún sem hefur nokkuð skarpar hlíðar.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-023:007A Horft til suðurs

NÞ-023:007 *Maríugerði* bæjarstæði býli 6601.369N 1631.973V
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Mariugerde kallast ein girðíng niður frá túninu með nokkrum tóftarústum, og atla margir þar hafi bygð í fyrndinni verið, þó kann það enginn til vissu að segja. Ekki má hjer bygð setja fyrir heyskaparleysi.“ „Svo er Maríugerði niður frá túninu … Norðan undir Nónhólum er eyðibýlið


NÞ-023:007 Maríugerði



Maríugerði," segir í örnefnaskrá. „Vestur af bæ á Meiðavöllum, skammt vestan túns," segir í Landi og fólki. Maríugerði er 350m vestan við bæ 001 og um 700m suðaustan við Hrærekssstaði 017.

Tóftasvæðið er á lágri hæð sem er öll hulin náttúrulegum skógi og kjarrgróðri.

Umhverfis tóftasvæðið er túngarður sem afmarkar svæði sem er 100x170m að stærð en það saman stendur af tveim fornleifum. Túngarðurinn B liggur um Maríugerði, umhverfis lága skógivaxna hæð vestan við tún á Meiðavöllum. Túngarðurinn er í nokkuð þéttu skóglendi og ber lítið á honum fyrr en komið er að honum. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 100x170m að stærð, hann er um 2m á þykkt og um 50cm á hæð. Hann virðist mjög stöndugur og öflugur, með frekar brattar hlíðar og greinilega vel hlaðinn en sökum mikils trjágróðurs er erfitt að ganga hann eða fylgja honum eftir.



NÞ-023:007A




NÞ-023:007B Horft til suðurs

Tóft A er áföst innanverðum túngarðinum, fyrir miðju á norðvesturhlið hans. Hún er um 6x5m að stærð að túngarðinum meðtöldum og snýr norðvestur og suðaustur. Tóftin er tvískipt, er annað hólfið 4x1m að innanmáli og hitt er 1x1m að innanmáli, er minna hólfið norðan megin við það stærra og myndar túngarðurinn norðvesturgaflinn á þeim báðum. Vegghleðslur eru signar en skýrar, um 1m á þykkt og um 50cm á breidd. Tóftin virðist vera mjög lík túngarðinum og er sennilega samtíða honum. Ekki er ósennilegt nema að fleiri tóftir geti leynst inni í skógarkjarrinu en

það er frekar þétt og erfitt yfirferðar, var það einnig skoðað af loftmynd en einnig þar sást ekkert fyrir trjágróðri.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM XI, 296; Ö-Meiðavellir, 2-4; Land og fólk, 325

NÞ-023:008 *Kvíaból* örnefni kvíar 6601.434N 1631.318V
„Norðaustur af honum [Járnhrygg] er nú komið tún, en áður en það var ræktað, var þetta nefnt Kvíaból," segir í örnefnaskrá. Þetta örnefni er ekki lengur þekkt en örnefnið Járnhryggur er þekkt og út frá því má ætla að Kvíaból hafi verið 80-90m austnorðaustan við bæ 001 en staðsetning er að öðru leyti óljós, enda búið að slétta túnið.
Í túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 2

NÞ-023:009 *Kofi* heimild um geitakofa 6601.055N 1631.166V



NÞ-023:009


NÞ-023:009 Horft til norð-austurs

„Sunnan undir henni [Hæð], vestan til, rétt sunnan við hásuður frá bænum, heitir Kofi. Þar eru nú tættur einar. Þetta var geitakofi," segir í örnefnaskrá. Kofi er um 700m suðsuðaustan við bæ 001, um 200m austsuðaustan við Vatnsleysu 011 og um 15m sunnar en girðing sem liggur í vestur og austur að bjargbrún. Vegarslóði liggur meðfram girðingunni að hluta.
Tóftin er innan girðingar sem mikill trjágróður er í (bæði birki og víðir).
Tóftin er 7x6m að stærð og snýr svo til norður og suður, hleðsluhæð veggja er um 40cm og er tóftin einföld, um 4x3m að innanmáli. Tóftin hefur skírt innra- og ytrabyrði en veggirnir halla út, það er að segja, eru lægstir yst. Greina má op á vesturvegg alveg syðst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 2


NÞ-023:010 *Kolgrafarnef* gryfja kolagröf 6601.008N 1631.249V
„Suðaustur af Kofanum [009] gengur svo Kolgrafarnef fram í Björgin. Vestur úr Kolgrafanefi er kröpp, djúp dokk með kolagröf í," segir í örnefnaskrá. Kolagröf er 770-780m suðsuðaustur af bæ 001, um 200m suðaustur af Vatnsleysu 011 og um 100m suðvestur af Kofa 009. Staðsetningingin á Kolgrafarnefi er óljós og eru kolagrafir víða í Meiðavallaskógi meðal annars við eyðibýlið




NÞ-023:010 Horft til vesturs

Vatnsleysu 011. Ekki er víst að þessi kolagröf sé umrrædd kolagröf en ætti þó að vera frekar nærri henni.
Inn í skógarrjóðri.
Gryfjan er svo til ferhyrnd 2x2m að stærð og um rúmir 60cm að dýpt, er hún grasigróin í botninum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 2

NÞ-023:011 Vatnsleysa



NÞ-023:011 *Vatnsleysa* bæjarstæði býli 6601.107N 1631.437V
„Þar norðar [en Brennsluþúfa, áramótabrennustaður] er eyðibýlið Vatnsleysa, beint suður af bæ," segir í örnefnaskrá. „Vatnsleysa. Í skógarhlíðinni skammt sunnan bæjar á Meiðavöllum," segir í Landi og fólki. Vatnsleysa er tóftasvæði sem er um 570 m suður af bæ, um 560m austur af Ytra-Geithöfðagerði 021 og um 230m vestnorðvestan við Kofa 009. Tóftasvæðið samanstendur af þrem tóftum og einum túngarði er afmarkar svæði sem er 70x50m að stærð og snýr í norður og suður. Það er líklegt að þarna leynist meira en erfitt er að greina þetta vegna trjágróðurs auk þess sem snjóþekja var yfir þegar þetta var skráð. Er bæði innan og utan við túngarðinn þústir, mjög tóftalegar, þó að ekkert greinilegt lag sé á þeim. Ekkert er vitað um byggð á þessu býli og ekki er þess getið í gömlum heimildum svo sem Jarðabók á Árna og Páls.



NÞ-023:011A



NÞ-023:011A Horft til norðurs




NÞ-023:011B Horft til austurs

Tóftasvæðið er inn í skógi.

Tóft A er norðarlega innan túngarðs B Hún er 20m sunnan við tóft D sem er áföst norðurhlið túngarðsins og um 30m norðvestan við tóft C sem er áföst austurhlið túngarðsins. Tóftin er í skógi. Tóftin er um 11x5 m að stærð, snýr norður-suður og er tvískipt. Syðra hólfið er um 3x1,5 m að innanmáli með op til austurs en það nyrðra er um 2x1 m að innanmáli og var ekki hægt að greina neitt op á því. Tóftin er torfhlaðin, sigin og gróin og eru vegghleðslur um 20-30cm á hæð og um 2m á breidd.


Túngarður B liggur umhverfis tóft A og eru tvær tóftir, C og D áfastar honum. Hann afmarkar svæði sem er 70x50m að stærð og snýr norður-suður, er túngarðurinn norðaustan við gjá sem liggur norður-suður. Endar túngarðsins ná ekki saman suðvestast því að þar liggja þeir að gjá þeirri sem áður hefur verið minns á og sem liggur í norður og suður. Fylgir vesturhlið túngarðsins gjánni að hluta og endar svo við hana syðst þar sem smá brot er á gjánni sem vísar í norðvestur og suðaustur og mun gjáin vera dýpst þar og því fjárheld. Þetta brot á gjánni er um 10-15m langt og við enda þess þar sem gjáin heldur áfram suður heldur túngarðurinn áfram til austurs. Túngarðurinn er torf- og hugsanlega grjóthlaðinn, hann er mjög greinilegur, um 80cm á hæð og 1,5-2 m á breidd. Á honum eru tvö greinileg op, annað á norðausturhlið hans en hitt í suður.



NÞ-023:011C

Tóft C er áföst austurhlið túngarðsins innanverðum, er við miðja austurhlið túngarðsins og myndar túngarðurinn austurvegg tóftarinnar. Hún er um 30m suðaustan við tóft A. Tóftin er 9x5m að stærð að meðtöldum túngarðinum, snýr norður og suður og greinist í tvö hólf. Syðra hólfið er um 3,5x2 m að innanmáli með op vestast á suðurgafli en nyrðra hólfið er um 2x2 m með op til vesturs. Hún er torfhlaðin og orðin nokkuð sigin og gróin, er vegghæð um 30cm og veggjaþykkt rúmlega 1m.

Stór dæld D er í túngarðinum á miðri norður-



NÞ-023:011D

hlið hans, 20m beint norður af tóft A og er hún mögulega eftir tóft. Hún er 2x3m að innanmáli og snýr vestur og austur, túngarðurinn breikkar þarna mjög og er einsog hvilft í hann miðjan en ekki er hægt að greina neitt op.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 3; Land og fólk, 325


NÞ-023:012 *Hýsingur* hleðsla fjárskýli 6600.258N 1632.306V


NÞ-023:012 Horft til norðurs

„Suður af eystri gjánni tekur við svonefndur Miðskógur fyrir sunnan hann er Hýsingshólar, nokkrir skógivaxnir hólar. Suðvestan undir þeim er klettaskora, sem heitir Hýsingur. Þar var hýst fé í gamla daga, hlaðið fyrir í báða enda. Oft situr tjörn í norðurenda Hýsings," segir í örnefnaskrá. Hýsingur er 2,3km suðsuðvestur af bæ 001, um 640-650m beint suður af Syðra-Geithöfðagerði 022 og um 670-680m norðnorðaustur af Syðri-Sámsstöðum 026.
Djúp klettagjá með þverhnípta veggi sem er vel grasigróin í botninn.
Klettasprungan liggur í norðnorðvestur og suðsuðaustur og er hlaðið fyrir báða enda, afmarka hleðslurnar og sprungan svæði sem er um 35x20m að stærð. Hleðslan norðan megin er um 8m löng og um 1m á hæð og er hún alla jafna um 4 umför. 4m vantar upp á að hún loki sprungunni alveg, mikið er af grjóti í umhverfis svo að erfitt er að gera sér grein fyrir því hvað hefur hrunið úr hleðslunni og hverju ýtt niður svo að kindur yrðu ekki innlyksa eftir að hætt var að notast við þetta fjárskýli. Syðri hleðslan er um 4m að lengd og er að stærstum hluta náttúruleg þar sem stórgrýti sem fallið hefur niður hefur lokað sprungunni þeim megin en síðan hefur verið fyllt upp í glufur með minna grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 4

NÞ-023:013 heimild um rétt 6601.382N 1631.487V
„Forn rétt við Meiðavelli, komin þar nú inn í tún og ekki notuð lengur. Réttin er í niðurfalli, eða gamalli grasgjá. Hlaðið í niðurfallið með hraungrjóti. Engir veggir að utan, heldur slétt að veggjunum. Fé oft látið stökkva ofan í réttina. Annars rekið inn í hana að norðan. Dilkur að sunnan, segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði.
Í túni.
Ekki sést til fornleifar en réttin var í bæjargjánni, um 80m austan við bæinn. Það er nú búið að fylla upp í gjána þarna og er nú sléttað tún. Réttin var þarna þegar Guðrún Árnadóttir fædd 1922 flutti í Meiðavelli 6 ára gömul. Réttin var tvískipt og hlaðið á milli hólfanna með hraungrjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um stekki, beitarhús og fleira,

NÞ-023:014 tóft rétt 6601.402N 1630.806V



NÞ-023:014


NÞ-023:014 Horft til norðurs

Rétt er um 470m beint austur af bæ 001 og um 100m suðsuðaustur af aðhaldi 016 sem er upp við sama klettavegg og réttin.
Alveg upp við klettavegg í sléttum stórgrýttum móa.
Grjóthlaðin rétt, alveg upp við klettavegg, hún er 13x4m að stærð, snýr norður og suður og er tvískipt. Syðsta hólfið er lítil kró um 1x1m að innanmáli en síðan er sjálf réttin norðan við króna og er hún um 10x2m að innanmáli. Við byggingu réttarinnar hefur verið notast við náttúrulegar aðstæður, myndar klettaveggurinn alla vesturhlið réttarinnar en lítið bjarg hluta af austurveggnum. Hleðslur eru um 150cm á hæð að sunnan en um 1m að norðan, þykkt veggja eru tæpir 2m og má telja 4-5 umför. Nokkuð er tekið að falla úr veggjum en annars er réttin mjög greinileg.
Hættumat: engin hætta

NÞ-023:015 garðlag óþekkt6601.686N 1630.906V
Tvö garðlög liggja samsíða um svokallaðan Eyjadal og eru 30-60m á milli þeirra. Þau liggja frá suðvestri frá klettaveggnum sem Meiðavellir standa á og 620-650m til norðausturs að Eyjunni í Ásbyrgi. Eru þau um 450m norðaustan við bæ 001 og 500-550m norðnorðvestan við rétt 014.
Garðlögin liggja um sléttan móa milli klettaveggja.
Garðlögin tvö eru samsíða eins og áður sagði og eru um 30-60m á milli þeirra, þau eru skýrust vestast upp við klettavegginn og virðist innra garðlagið, það austara, vera skýrara



NÞ-023:015 Horft til suð-suð-austurs

og yngra en það ytra og vestara. Bæði garðlögin virðast þó vera byggð upp á svipaðan hátt sem felst einkum í því að sú hlið þeirra sem snýr til norðvesturs er brött en hin hliðin sem vísar til suðausturs meira aflíðandi. Innra og austara garðlagið er um 150cm á breidd og um 70cm á hæð en það ytra og vestara virðist vera minna og signara, það er um 50cm á hæð og tæpur 1 m á breidd. Þetta á þó bara við um 20m langan kafla suðvestast, síðan hverfa garðlögin svo til algjörlega í um 300m, en þá verða þau örlítið skýrari og þá eru þau um 150cm á breidd og um 20cm á hæð en vestara garðlagið er þó óljósara. Austast hverfa þau svo alveg. Næst Eyjunni hafa átt sér stað nokkrar framkvæmdir, t.d. hefur lítið svæði verið girt af sem fer yfir innra garðlagið á kafla og síðan liggur vegur eða bílslóði í gegnum þau bæði. Garðlögin eru algróin grasi og virðast því eingöngu torfhlaðin. Líklegast eru garðlögin einhvers konar aðhald eða vörslugarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-023:016 hleðsla rétt 6601.450N 1630.898V



NÞ-023:016 Horft til vesturs




NÞ-023:016

Hleðsla er um 400 m austur af bæ og 110-120 m norðvestan við rétt 014, norðaustam undir hamri um 50 m vestan við austasta klifið. Í þýfðum móa. Stakur klettur er norðan undir hamrinum og hleðslan á milli þeirra og myndar hún einskonar aðhald.
Upp við klettavegg í frekar sléttu landi.
Úr hamrinum í klettinn liggur grjóthleðsla, nokkuð sigin út en þó allt að 0,6 m há og um 9 m löng. Fast undir hamrinum, austan við grjóthleðsluna er stór steinn, um 3,5 m langur. Úr honum liggur torfhleðsla til norðnorðausturs og sveigir síðan til vesturs að klettinum. Hleðslan er mjög sigin, um 0,2-0,3 m hæð. Innanmál aðhaldsins er um 9x7,5 m, en það breikkar til norðurs. Ekkert greinilegt op er á aðhaldinu.
Hættumat: engin hætta

NÞ-023:017 *Hrærekstaðir* bæjarstæði býli 6601.604N 1632.647V
Í máldaga frá 1394 er minnst á Hrærekstaði: „Pétrsmáldagar […] Skinnastada kyrckia […] Jtem reiknadezt i hrærekstada verd. ij. kvgilldi oc halft fiorda hvndrat fridvirt.“ Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Hræringsstader, í eyði síðan bóluna. Jarðardýrleiki óviss, sem áður segir um Bángastaði. Eigandinn biskupsstóllinn Hólar. Landskuld lx álnir, seinast bygt var, áður fyrir 10 eður


NÞ-023:017 Hrærekssstaðir



12 árum lxx álnir … Engjar aldeilis öngvar, og fjekk ábúandi úthey af ýmsum jörðum meðan bygt var.“ Í Jarðabók Árna og Páls eru Skálholt 020 og Víðigerði NÞ-002:016 talin með Hræreksstöðum. „Gamalt býli í landi Meiðavalla, um miðja vegu milli Meiðavalla og Tóveggjar. Þar er ennþá túnblettur til nytja og sér vel fyrir tóftum bæjarhúsa,“ segir í Landi og fólki. „Vestur af Rana er svo annað eyðibýli, sem hefur að fornu heitið Hrærekssstaðir, afbökun hefur átt sér stað með nafnið, en þetta mun vera elzt og réttast,“ segir í örnefnaskrá. Til eru þrjú nöfn á þessu býli; Hrærekssstaðir, Hrær-



NÞ-023:017A Horft til suðurs



NÞ-023:017A

ingsstaðir og Hæringsstaðir. Í örnefnaskrá Meiðavalla koma fyrir nöfnin Hrærekksstaðir og hæringsstaðir en í Jarðabók Árna og Páls er jörðin kölluð Hræringsstaðir. Í skrá yfir eignir Hóladómkirkju frá 25. desember 1550 er þessi jörð nefnd Hrærekksstaðir og verður notast við það nafn hér í þessari skráningu.


Tóftasvæðið er á grösugu flatlendi og liggur Svínadalsvegur F862 í gegnum túngarðana á býlinu.

Tóft A er miðsvæðis innan innri túngarðs um 40m suðvestan við tóft N og um 50m vestan við þúst C og er í grösugu og nokkuð þýfðu túni.

Tóftin er hefur sennilega verið bústaður og er hún á bæjarhól sem er um 40x30m að stærð sem snýr í norður og suður. Tóftin er 37x15m að stærð, snýr norður-suður og er öll á kafi í grasi og snarrót svo að hólfa skipan er ekki sérlega glögg en þó virðist tóftin skiptast í 10 hólf sem deilast milli tveggja hólfaraða. Hólf I er nyrst og er 9x12m að innanmáli, það er „L"-lag á því. Hólf II er sunnan við hólf I og er 6x4m að innanmáli og snýr vestur-austur. Það er einungis lágur hryggur á milli hólfa I og II svo að vel má vera að hólf I og hólf II hafi bara verið eitt hólf. Hólf III er sunnan við hólf II og er það 3x2m að innanmáli og snýr það norður-suður. Op er á hólfi III til suðurð að hófi VI. Hólf VI er göng sem eru 14m löng og um 1m á breidd og liggja þau í gegnum alla tóftina. Þrjú hólf eru sunnan við hólf IV, það eru hólf V, VI og VII. Hólf V og VI eru vestan til í tóftinni en hólf VII austan við þau. Hólf V er 3x2m að innanmáli og snýr vestur-austur og er op á því til suðurs að hólfi VII sem er 3x2m að innanmáli og snýr eins og hólf V. Hólf VII er austan við hólf V og er það 5x3m að innanmáli og snýr vestur-austur, er op á því til norðurs að hólfi VI sem er líklega göng eins og áður hefur komið fram. Hólf VIII er norðan við hólf VI og austan við hólf III, er það 2x2m að innanmáli. Hólf IX er norðan við hólf VIII og er það 3x2m að innanmáli og snýr vestur-austur. Það er allt grjóthlaðið og sést ekkert op á því. Hólf X er norðan við hólf IX og austan við hólf I og II og er það 6x3m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því nyrst á austurvegg. Hólf XI er norðan við hólf X og austan við hólf I, það 5x3m að innanmáli og snýr vestur-austur, er op á því til austurs nyrst á austurvegg.

Túngarður B liggur umhverfis tóftasvæðið sem afmarkar svæði sem er 250x160m að stærð og snýr í norður og suður. Utan við norður og vestur hluta þess túngarðs liggur annar túngarður og tengist þeim innri á austur- og vesturhliðinni. Samanlagt afmarka túngarðarnir svæði sem er 300x180m að stærð og snýr það norður-suður.

Garðlögin liggja í þýfðu mólendi en nyrst hefur verið lagður akvegur í gegnum bæði innri og ytri túngarðinn. Sá hluti innri túngarðsins sem er sunnan áðurnefnds akvegar er innan girðingar og




NÞ-023:017C



NÞ-023:017C Horft til vesturs

er sennilega nýtt sem beitiland. Innra garðlagið er mjög áberandi í landinu og er meira og minna allt grasi vaxið, þó að einnig sé nokkuð um lynggróður í því líka. Það er um 90cm hátt og um 150cm á breidd og er óljóst trapissulag á því. Á nokkrum stöðum er það þó alveg komið í sundur vegna rofs og þar verður ekki vart við neina grjóthleðslur svo að allt bendir allt til þess að garðlagið sé eingöngu torfhlaðið. Ytra garðlagið er allt vaxið lyngi og er lítið eitt signara en innra garðlagið og því má ætla að það hafi ekki verið haldið eins lengi við eins og innri túngarðinum.
Þúst C er um 60m vestan við bæjarhól A, um 50m norðvestan við gerði D og er hún áföst innri túngarðinum. Þústin er í þýfðum móa. Hún er 10x5m að stærð og er ekki hægt að greina neitt innrabyrði á henni, snýr vestur og austur og er austurgafl hennar áfastur innri túngarðinum. Þústin lítur út eins og pallur, er hleðsluhæð hennar um 50cm og er hún mjög grösug í lyngvöxnum móanum.
Gerði D er um 60m suðsuðvestan við bæjarhól A, um 10m norðvestan við tóft E og áfast innri túngarðinum. Gerðið er í þýfðum móa, meðfram túngarðinum innanverðum er girðing og er grösugt tún innan hennar en sjálft gerðið er lyngi vaxið. Gerðið er 12x12m að stærð og er áfast utanverðum túngarðinum norðanmegin en síðan hefur sennilega verið op á túngarðinum sunnan megin við gerðið. Gerðið er tvískipt, er nyrðra hólfið 8x6m að stærð og snýr vestur og austur og er op á því til suðurs vestast á suðurvegg. Syðra hólfið er 5x2m að innanmáli, snýr einnig austur og vestur og er op á því til vesturs, hugsanlega gæti það líka




NÞ-023:017D



NÞ-023:017D Horft til norðurs




NÞ-023:017E Horft til suðurs



NÞ-023:017E

hafa verið tóft. Stórt op er svo á gerðinu til suðvesturs. Hleðsluhæð veggja er 40-50cm og breidd um 1,5-2m.
Tóft E er áföst innri túngarðinum utanverðum, um 10m suðaustan við gerði D og um 60m sunnan við tóft A. Tóftin er einföld, 7x4m að stærð og um 5x2m að innanmáli og snýr norður og suður. Hleðsluhæð veggja er um 50cm og þykkt um 1m og eru þeir allir vaxnir lyngi en gras er í botni.
Tóft F er innan innri túngarðs um 2m austan við tóft G, um 60m suðaustan við tóft A og um 5m suðaustan við tóft H. Tóftin, sem sennilega er stekkur, er byggð upp undir lítilli klöpp innan túngarðs en utan girðingar og er hann í frekar grösugu landi. Stekkurinn er 15x5m að stærð og snýr suðsuðaustur og norðnorðvestur, hann er mjög skýr eru vegghleðslur um 90cm háar og um 1m á þykkt. Hann er byggður upp við klöpp sem myndar austurvegg hans en ofan á þessari klöpp liggur svo innri túngarðurinn B. Stekkurinn er tvískiptur, er eystra hólfið 6x2m að innanmáli og ekki sjáanlega neitt op á því en það vestara er 6x5m að innanmáli og er greinilegt op á því austast á norðurvegg. Hann er sennilega yngri en aðrar tóftir á svæðinu.



NÞ-023:017F



NÞ-023:017F Horft til austurs


Tóft G er um 2m vestan við stekk F, um 60m suðaustan við bæjarhól A og tæpa 60m austan við gerði D. Tóftin er í graslendi utan girðingar en innan túngarðs og er lyngvaxinn móinn umhverfis. Tóftin virðist að hluta niðurgrafin, hún er í nokkrum halla til suðausturs. Hún er 12x6m að stærð, tvískipt og snýr suðaustur og norðvestur, er ytrabyrðið suðaustan megin mjög óljóst. Að innan er hún dýpst suðaustan megin en þar er gryfja sem er um 120-130cm djúp, að henni liggur rás eftir endilöngu suðausturhólfinu sem er 5x2m að innanmáli sem virðist helst benda til þess að um brunn sé að ræða. Hólfið sem er norðvestan við þetta er 2x2m að innanmáli en á hvorugu hólfinu er hægt að greina nein op. Tóft H er um 5m norðaustan við stekk F, 60-70m austsuðaustan við bæjarhól



NÞ-023:017G Horft til vest-norð-vesturs




NÞ-023:017H Horft til norð-austurs



NÞ-023:017G

A og um 3m innan við innri túngarðinn. Tóftin er í jaðri túns sem er norðan megin við tóftina, utan girðingar en innan túngarðs og er lyngvaxinn móinn sunnan við tóftina. Tóftin er mjög óljós og sigin, hún er 10x5m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur og er tvískipt. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð, grónar lyngi og fjalldrapa það vottar þó fyrir grasi í botni. Hólfið norðaustan megin er 6x2m að innanmáli og er ekki hægt að greina neitt op á því en hólfið suðvestan megin er 3x1m að innanmáli og má greina op á því til suðaustur.




NÞ-023:017H



NÞ-023:017J Horft til vesturs

Tóft I er 70-80m norðnorðaustur af bæjarhól A, um 60m suðaustan við tóft J og um 40m beint norður af tóft N. Í grösugu afgirtu túni. Tóftin hefur ekkert eða mjög ógreinilegt ytrabyrði og bendir allt til þess að hún sé niðurgrafin. Hún er 8x5m að innanmáli, snýr suðvestur og norðaustur og víkkar út til norðausturs, er suðvesturgaflinn á henni um 4m breiður en norðausturgaflinn um 5m breiður. Þá er norðausturendinn á tóftinni dýpri en suðvesturhlutinn og það bendir til að tóftin gæti verið tvískipt því að dýpri hlutinn er mjög afgerandi, er hann 3x5m að stærð og um 150cm á dýpt en suðvesturhlutinn 5x4m að stærð og um 60cm á dýpt.

Tóft J er norðarlega innan innri tún-




NÞ-023:017J



NÞ-023:017K Horft til suð-austurs




NÞ-023:017L Horft til norðurs




NÞ-023:017K

garðs og einungis um 5m sunnan við veg sem liggur í gegnum bæði ytri og innri túngarðinn, 110-120m norðan við tóft A og um 40m vestsuðvestan við tóft K. Tóftin er 10x6m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur og er tvískipt. Norðvesturhólfið er 6x4m að innanmáli en suðausturhólfið 3x4m að innanmáli, innra byrði tóftarinnar er frekar skýrt en ytra byrðið mjög óljóst eru vegghleðslur um 150cm á breidd og um 60cm á hæð að innan. Hólfin eru skýr en mikið af snarrót er í tóftinni sem afmyndar hana nokkuð svo að ekkert er hægt að segja til um op á henni.

Tóft K er norðarlega innan innri túngarðs sem hefur orðið fyrir miklum skemmdum næst tóftinni sökum vegar sem þar liggur í gegnum hann, er þessi vegur einungis um 2m norðan við tóftina. Tóftin er um 130m norðan við tóft A og um 40m austnorðaustan við tóft J. Tóftin er utan girðingar. Tóftin er um 9x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld, 6x4m að innanmáli og liggur garði eftir henni sem er um 4m að lengd og rúmur 1m að breidd. Innrabyrðið er skýrt en ytrabyrðið mjög óljóst, veggir sennilega ekki mikið meira en 10-20cm á hæð að utan og ávalir en um 30cm að innan, er breidd þeirra um 150cm. Ekki er hægt að sjá hvort tóftin hafi tengst túngarðinum eða hafi verið byggð yfir hann því á þessum kafla er túngarðurinn vart greinilegur. Ekki er hægt að greina neitt op á tóftinni.



NÞ-023:017L



NÞ-023:017M




NÞ-023:017M Horft til suðurs



NÞ-023:017N Horft til norð-norð-austusr

Gerði L er alveg nyrst og áfast utanverðum innri túngarði, 170-180m norðan við tóft 017A og um 50m norðvestan við tóft 017K. Gerðið, sem er vel grösugt, er í þýfðum móa.
Það er 11x7m að stærð ásamt túngarði sem myndar jafnframt suðausturhlið gerðisins sem snýr suðvestur og norðaustur. Gerðið er einfalt og aflangt, um 7x3m að innanmáli og er op fyrir miðjum suðurgafli. Veggir eru frekar þykkir, um 2m að breidd og um 80cm á hæð Tóft M, sem er áföst innri túngarðinum, er um 100m norðaustan við tóft A, 70-80m suðaustan við tóft K og um 40m austan við tóft I. Tóftin er utan túngirðingar en innan innri túngarðs og er alveg á mörkum túns og móa. Tóftin er 7x9m að stærð og snýr svo til í norður og suður, hún er einföld, um 3x3m að innanmáli og er op á henni til suðurs vestast á suðurgafli. Vesturveggurinn liggur framhjá dyrunum í eina 3m og myndar eins og skjól fyrir dyrnar. Veggir er þykkir og stöndugir um 2m að breidd og um 60cm á hæð. Tóftin er öll lyngvaxin.
Tóft N er 30-40m norðaustan við tóft A, um 40m sunnan við tóft I og um 60m norðvestan við tóft H. Í kargaþýfðu túni. Tóftin er 11x5m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Hún er frekar
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: DI III, 588; FÍ, 864; Land og fólk, 320; JÁM XI, 295



NÞ-023:017N

NÞ-023:018 *Digravarða* varða óþekkt
6601.920N 1632.803V
„Norður af því [017] er Digravarða, hlaðin varða norður undir sandi," segir í örnefnaskrá. Digravarða er um 1,4km norðvestan við bæjarhól 001 og um 500m norðan við Hræreksstaði 017. Þar eru raunar tvær vörður.
Vörðurnar standa á lágu hraunholti í landi sem hefur þunna gróðurhulu og sendinn jarðveg.
Vörðurnar eru tvær og ef lína er dregin milli þeirra liggur hún í norðvestur og suðaustur á svæði sem er 3x1m að stærð, er um 1m á milli




NÞ-023:018 Horft til norð-norð-austurs

þeirra. Þær eru mjög svipaðar að stærð og ummáli, um 1x1m að stærð og um 70cm á hæð, eystri mun þó vera um 5 umför en vestari um 4 umför. Ekki hefur verið sérlega vandað til smíðinnar og eitthvað hefur hrunið úr þeim. Ekkert er vitað um, hvaða tilgangi þær gegndu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 4

NÞ-023:019 *Kolholt* örnefni kolagröf 6602.219N 1632.965V
„Norðan Digruvörðu er Kolholt, grávíðisholt, sem er rétt sunnan við merkin," segir í örnefnaskrá. Kolholtið er um 500m norðan við Digruvörður og um 1,9km norðvestan við bæ 001. Holtið hefur mjög þunna gróðurþekju og eru víða rofabörð í því.
Ekki var hægt að sjá nein augljós ummerki eftir kolagrafir á þessu svæði. Mikið rof er á svæðinu og jarðvegur sendinn og má ætla að kolagrafirnar séu huldar jarðvegi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 4

NÞ-023:020 Skálholt




NÞ-023:020 *Skálholt* bæjarstæði býli
6600.939N 1633.248V



NÞ-023:020B Horft til suðurs

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Skalhollt kallast fornt eyðiból hjer í landinu, sem menn atla að verið hafi stór jörð og kirkjustaður, so sem mönnum sýnist líklegt af einnri tóftarúst með girðíngum sem er skamt frá bæjarstæðinu. Aftur mætti þetta eyðiból byggja ef engi væri nokkuð, því túnið er bæði stórt og sljett og alt grasi vaxið.“ „Sunnar, í Pollaskógi, er Skálholtspollur, en sunnan við Skálholtspoll er svo eyðibýlið Skálholt,“ segir í örnefnaskrá.
Skálholt er tóftasvæði sem er um 1,7km suðvestan við bæ 001 og um 800m vestnorðurvestur af Syðra-Geithöfðagerði 022. Það samanstendur af þrem tóftum, einu gerði, einni þúst og einum túngarði sem afmarkar svæði sem er 190x140m að stærð og snýr norður og suður.
Tóftasvæðið er í frekar flötu landi sem hallar lítið eitt til norðurs og er mikið kjarri vaxið.
Þúst A er miðsvæðis innan túngarðs, um 20m vestan við hann. Hún er um 60m austan við tóft C og um 90m norðnorðaustan við tóft D. Þústin er á kafi í trjágróðri og er hann áberandi mikill á þessum stað. Ekki er hægt að greina nein hólf í tóftinni sökum mikils trjágróðurs en sennilega mun þetta hafa verið bústaður, einnig má sjá móta fyrir hólfum á loftmynd á þessum stað
Túngarðurinn (B) afmarkar svæði sem er 190x140m að stærð og snýr norður og suður.
Hann liggur um tiltölulega flatt land sem er mikið kjarri vaxið. Túngarðurinn er enn nokkuð áberandi en hann fellur þó vel inn í umhverfi sitt sem er allt gróið lyngi og kjarri eins og hann. Víða verður túngarðinum ekki fylgt sökum mikils trá-og kjarrgróðurs sem vex í og við hann. Hleðsluhæð túngarðsins er um 70cm og breidd hans er um 150cm. Eitt gerði er áfast honum, sjá E.
Tóft C er miðsvæðis innan túngarðs, um 60m vestan við þúst A og um 90m sunnan við tóft F.
Tóftin er á kafi í kjarri, víði og lynggróðri sem dafnar vel innan vegghleðsla tóftarinnar og er nokkuð erfitt að átta sig á henni, hún mun þó vera um 11x7m að stærð. Hún snýr norður og suður og er tvískipt, er syðra hólfið um 4x3m að innanmáli en nyrðra hólfið um 2x3m að innanmáli og er op á milli þeirra við austurvegginn. Vegghleðslur eru nokkuð stöndugar eða um 2m að breidd og um 60cm á hæð.
Tóft D er tæpa 20m norðan við suðurhlið túngarðs,




NÞ-023:020C



NÞ-023:020C Horft til aust-norð-austurs




NÞ-023:020D Horft til suð-vesturs



NÞ-023:020D



NÞ-023:020E Horft til suð-suð-vesturs



NÞ-023:020E

um 90m suðsuðvestur af þúst A og um 70m suðsuðaustur af tóft C. Tóftin er ofarlega í túni Skálholts og sést vel yfir landið sem hallar lítið eitt til norðurs en tóftin er nálægt suðausturhorni túngarðsins. Tóftin er 12x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, ytrabyrðið er mjög óljóst en innra byrðið mun skýrara sem bendir til þess að tóftin hafi að mestu verið niðurgrafin. Vegghleðslur eru um 1m á hæð að innan en



NÞ-023:020F Horft til suð-suð-vesturs


verða varla mældar að utanverðu. Hún er 9x4m að innanmáli og greina má op við norðausturgaflinn til suðausturs. Óljós hleðsla virðist liggja eftir hólfinu sem gæti verið garði og þá hefur þetta sennilega verið fjárhús.

Gerði E er áfast túngarðinum í norðausturhorninu, um 50m vestnorðvestan við tóft C og um 80m suðsuðvestur af tóft F. Gerðið er allt á kafi í kjarrgróðri. Það er 15x12m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Það er tvískipt og er nyrðra hólfið 8x8m

að innanmáli en syðra hólfið 3x3m að innanmáli. Minna hólfið er eins og forstofa að stærra hólfinu og eru tvö op á því, eitt að stærra hólfinu austast á norðurgaflinum en hitt austast á suðurgaflinum. Allt er gerðið frekar óljóst sökum trjágróðurs en vegghleðslur eru um 70cm á hæð og um 1,5-2m á breidd.

Tóft F er alveg við norðausturhornið á túngarðinum innanverðum, um 90m norðan við tóft C og um 80m norðnorðaustan við gerði E. Tóftin er á svolítilli hæð eða hólbungu og er mikið gróin lyngi en einnig er stór birkihrísla í suðurgafli hennar sem er um 5-6m há.

Tóftin er 8x6m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún er einföld og er um 4x2m að innanmáli. Vegghleðslur eru myndarlegar, um 150cm á breidd og um 50cm á hæð. Op virðist vera á tóftinni fyrir miðjum norðausturgaflinum út að túngarði.




NÞ-023:020F

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: JÁM XI, 295; Ö-Meiðavellir, 4; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi,


NÞ-023:021 Ytra-Geithöfðagerði



NÞ-023:021 *Ytra-Geithöfðagerði* bæjarstæði býli 6607.117N 1632.206V



NÞ-023:021A Horft til norð-vesturs



NÞ-023:021A

„Austur af Skálholti er Geithöfði, er suðvestur af bæ [001]. Í honum eru tvö eyðibýli, Ytra-Geitahöfðagerði og Syðra-Geitahöfðagerði. Nú er þetta allt komið í skóg. Ekki eru þessi býli nefnd 1712," segir í örnefnaskrá. „Nokkurn spöl suðvestur frá Maríugerði [007]," segir í Landi og fólki.

Ytra-Geithöfðagerði er tóftasvæði sem er um 800m suðvestan við bæ 001, um 350m suðsuðvestan við Maríugerði 007 og um 520m vestan við Vatnsleysu 011. Tóftasvæðið samanstendur af þrem tóftum og tveim túngörðum sem afmarka svæði sem er 100x70m að stærð og snýr norður og suður. Tóftasvæðið er á milli tveggja grunnra gjáa og mikið gróið trjágróðri en annars er land frekar flatt.

Flatt skóglendi milli tveggja grunnra gjáa.

Tóft A er miðsvæðis innan innri túngarðs B eða um 30m norðan við suðurhlið túngarðsins og um 15-20m austnorðaustan við tóft C. Tóftin er á kafi í trjám, innan hólfa er hún grasivaxin en stór birkitré eru í veggjum hennar. Tóftin sem gæti mögulega hafa verið bústaður er 17x7m að stærð og snýr svo til í norður-suður. Ytra byrði hennar er mjög óljóst og vegghleðslur að utan litlar sem engar, aftur á móti hefur tóftin mjög greinilegt innrabyrði sem er allt að 1m að dýpt. Það finnst fyrir hleðslugrjóti í veggjum og svo sést það í rofi sem er komið í suðurgafl syðsta hólfsins. Tóftin er þrískipt, syðst er hólf II 3x2m að innanmáli, op er á milli þess og hólfs I sem er norðan við hólf II og er það 6x3m að innanmáli. Op er á hólfi I um 3m löng göng sem liggja til vesturs alveg nyrst við norðurgafl hólfsins. Norðan við hólf I er hólf III sem er 4x3m að innanmáli en það er ekki eins greinilegt og hólf I og II.



NÞ-023:021B Horft til austurs

Túngarðarnir (B) á Ytra-Geithöfðagerði eru tveir. Sá innri afmarkar svæði sem er 70x60m að stærð og snýr vestur og austur en síðan liggur garðlag milli gjánna um 40m norðar en innri túngarðurinn og er lítil tóft (D) áföst honum austast. Þessi ytri túngarður liggur vestnorðvestur og austsuðaustur og austast við tóft D beygir hann til suðsuðvesturs með gjánni í eina 20m.




NÞ-023:021C Horft til suðurs




NÞ-023:021D Horft til suð-suð-vesturs

Svæðið er mikið vaxið trjám en lítið er um lágan kjarrgróður hvernig sem stendur á því.
Túngarðarnir, innri og ytri eru mjög svipaðir, um 1m á hæð og um 150cm á breidd og fremur brattir ennþá en sumstaðar svo vaxnir trjám að erfitt er að ganga eftir þeim. Á það þó kannski sér í lagi við innri túngarðinn að norðanverðu.
Tóft C er innan innri túngarðs, um 25m austan við vesturhlið hans og um 15m vestsuðvestan við tóft A. Tóftin er inn í skógi en lítið er um kjarr í sjálfri tóftinni sem er öll grasi vaxin í botninn, tré eru þó í veggjum hannar. Tóftin er einföld, um 6x6m að stærð og um 2x2m að innanmáli en eins og tóft A er ytrabyrði hannar frekar óljóst en innra byrðið greinilegt og er hún því sennilega niðurgrafin. Ekki fannst fyrir grjóthleðslum í veggjum en vegghleðslur eru um 50cm á hæð að innan og eru nokkuð aflíðandi.
Lítil tóft D er austast á tóftasvæðinu, áföst ytri túngarðinum um 70m norðaustan við tóft A. Tóftin er öll á kafi í skógi og kjarri. Tóftin er 5x5m að stærð að túngarðinum meðtöldum sem hún er byggð upp við og um 3x3m að innanmáli. Hleðsluhæð veggja er um 30cm og breidd þeirra um 1m. Ekki var hægt að greina neina grjóthleðslur í veggjum og ekki sést neitt op á tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 5; Land og fólk, 325; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.



NÞ-023:021C



NÞ-023:021D

NÞ-023:022 *Syðra-Geithöfðagerði* bæjarstæði býli
6600.656N 1632.311V
„Austur af Skálholti er Geithöfði, er suðvestur af bæ [001]. Í honum eru tvö eyðibýli, Ytra-Geitahöfðagerði og Syðra-Geitahöfðagerði [021]. Nú er þetta allt komið í skóg. Ekki eru þessi býli nefnd 1712," segir í örnefnaskrá. „Um einn km. sunnan við Ytra-Geitahöfðagerði," segir í Landi og fólki. Syðra-Geithöfðagerði er tóftasvæði sem er um 1,4km suðsuðvestur af bæ 001, um 750 beint suður af Ytra-Geithöfðagerði 021 og 760-770m suðaustur af Skálholti 020. Syðra-Geithöfðagerði samanstendur af þrem tóftum og tveim túngörðum sem afmarka svæði sem er 250x170m að stærð og snýr norður og suður.
Tóftasvæðið er í þéttu skóglendi.
Tóft A er frekar stór, hún er vestarlega innan innri túngarðs, um 30m vestan við veg sem liggur í


NÞ-023:022 Syðra-Geithöfðagerði



gegnum báða túngarðanna og 120-130m suðsuðaustan við tóft D. Tóftin er inn í skógarrjóðri og eru trén orðin nokkuð vaxin, það er að segja lítið er um kjarrgróður í tóftinni. Tóftin er 33x20m að stærð, snýr í norður-suður og skiptist í 7 hólf sem deilast á tvær hólfaraðir. Syðst er hólf A sem er 5x3m að innanmáli, ekki var hægt að sjá neitt op á því. Norðan við hólf A er hólf B sem er 3x3m að innanmáli og mátti greina op á því til norðurs inn í stærsta hólf tóftarinnar, hólf C sem er 11x5m að innanmáli. Op er á hólfi C í suðausturhorni þess um 4m löng göng sem liggja til suðausturs, en austan við hólf C eru hólf D og E. Hólf D er 3x2,5m að innanmáli og er það sunnan við hólf E sem er 3x3m að innanmáli, 3m löng göng eru á milli hólfa D og E, miðsvæðis



NÞ-023:022A Horft til suðurs



NÞ-023:022A




NÞ-023:022B Horft til suð-vesturs

frá þeim göngum liggja svo önnur göng um 5m löng, beint til austurs og út. Fyrir framan þann inngang eru 2-3m löng veggbrot sitthvoru megin við innganginn. Norðan við hólf E er hólf F sem er 3x3m að innanmáli og síðan er 7 hólfið, hólf G norðvestan við hólf F og er það einnig um 3x3m að innanmáli. Tóftahóllinn undir rústinni virðist vera upphlaðinn um 50cm en veggir tóftarinnar eru líka þykkir og veglegir, 2-3m á breidd og um 50cm á hæð. Ekki finnst fyrir neinum grjóthleðslum í þeim.

Túngarðarnir (B) á Syðra-Geithöfðagerði eru tveir en hafa sameiginlega vesturhlið. Sá innri afmarkar svæði sem er 130x90m að stærð og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur en sá ytri afmarkar svæði sem er 230x170m að stærð og snýr norður og suður. Túngarðarnir liggja um skógivaxið landsvæði sem hallar lítið eitt til norðurs, vegarslóði sem liggur upp með túninu á Meiðavöllum liggur í gegnum báða túngarðana. Ytra garðlagið er um 1,8-2m breitt og um 40cm hátt, mjög sigið og ógreinilegt og mjög erfitt að fylgja því sökum mikils trjávaxtar. Innri túngarðurinn er greinilegri en einnig er erfitt að fylgja honum



NÞ-023:022C Horft til norð-austurs



NÞ-023:022C Horft til suðurs


NÞ-023:022D Horft til aust-norð-austurs


eftir af sömu ástæðu. Hliðar hans eru stundum nokkuð skarpar og brattar en hann er um 80cm á hæð þegar staðið er utan við hann en aðeins lægri að innanverðu. Ytri túngarðurinn liggur umhverfis þann innri alls staðar nema að vestan, þar liggja þeir saman, síðan liggur garðlag frá austurhlið innri túngarðsins norðaustur að norðaustur horni ytritúngarðsins og afmarkar þar lítið svæði sem er 60x30m að stærð.

Tóft (C) er áföst utanverðum ytri túngarðinum, um 150m beint norður af tóft A og um 50m norðaustur af tóft D. Tóftin er í frekar þéttum birkiskógi sem er orðinn nokkuð hár og er lítið af kjarrgróðri í gerðinu. Tóftin er 13x7m að stærð að túngarðinum meðtöldum en um 9x3m að innanmáli liggur hún langsum út frá túngarðinum og snýr í norðaustur og suðvestur. Veggir eru frekar ávalir en skýrir, þeir eru um 50cm á hæð og um 2m á breidd, það virðist vera op á henni til norðurs á norðurausturgaflinum. Op hafa kannski líka verið á sitthvorri langhlið næst túngarðinum þó að op séu mögulega komin til vegna rofs.


Tóft D er áföst innanverðum ytri túngarðinum, um 120m norðnorðvestan við tóft A og um 50m suðvestur af gerði C. Tóftin er í birkiskógi en einnig er nokkuð um kjarrgróður, hefur trjágróðurinn helst tekið sér bólfestu í veggjum tóftarinnar sem er grasi vaxin í botninn.

Tóftin er 9x7m að stærð að túngarðinum meðtöldum en um 4x3m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur. Tóftin er einföld og eru veggir þykkir og stöndugir, um 2m að breidd og um 50cm að hæð. Vestan við tóftina er stórt hlið eða op í túngarðinum 8-9m breitt.

Tóft E er í norðvesturhorninu á innanverðum ytri túngarðinum, um 100m norðvestan við tóft A og um 50m suðvestan við tóft D. Tóftin er í birkiskógi og eru nokkur stór birkitré í veggjum hennar en auk þess er hún gróin lyngi. Tóftin er 15x7m að stærð og snýr norðnorðaustur og



NÞ-023:022D



NÞ-023:022E


NÞ-023:022E horft til suð-suð-vesturs


suðsuðvestur, einföld og er 11x3m að innanmáli. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og um 60cm á hæð. Greina má op á tóftinni í suðausturhorninu. Sunnan við tóftina hverfur túngarðurinn svo til alveg.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 5; Land og fólk, 325; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.

NÞ-023:023 gryfja kolagröf 6600.653N 1632.195V
Gryfja er rétt innan og vestan við austurhlið ytri túngarðs á Syðra-Geithöfðagerði, um 1,5km suðsuðvestur af bæ 001 og um 750m norður af Hýsing 012. Líklega er þetta kolagröf og hefur því tæplega tilheyrt býlinu, má ætla að hún hafi verið grafin eftir að býlið fór í eyði.
Inn í skógarrjóðri.
Gryfjan er ferhyrnd, 2x2m að innanmáli og um 80cm að dýpt, mikið af trjám er umhverfis gryfjuna en sjálf gryfjan er svo til gróðurlaus. Sennilega er þessi gryfja kolagröf.
Hættumat: engin hætta


NÞ-023:024 gryfja kolagröf 6600.653N 1632.195V
Gryfja, hugsanlega kolagröf, er rétt norðan og utan við ytri túngarðinn á Syðra-Geithöfðagerði, um 1,4km suðsuðvestur af bæ 001 og um 150m norður af kolagröf 023.
Inn í nokkuð háum birkiskógi.
Gryfjan er ferhyrnd, 1,5x1,5m að innanmáli og um 60cm að dýpt. Mikið af trjám er umhverfis gryfjuna en sjálf gryfjan er svo til gróðurlaus.
Hættumat: engin hætta

NÞ-023:025 *Ytri-Sámsstaðir* bæjarstæði býli 6559.951N 1633.270V
„Suðaustur af Stakaskógi er Sámsstaðaskógur. Þar fyrir sunnan eru Ytri-Sámsstaðir og Syðri-Sámsstaðir. Þetta eru gömul eyðibýli," segir í örnefnaskrá. „Suðaustur af Hrærekssstöðum, syðst í skógi," segir í Landi og fólki.
Ytri-Sámsstaðir er tóftasvæði sem er um 3km suðvestan við bæ 001, um 1,6km beint suður af Skálholti 020 og um 200m vestnorðvestan við Syðri-Sámstaði. Tóftasvæði þetta er á kafi í trjágróðri og kjarri og samanstendur af einni tóft, einu gerði og einum túngarði. Tóft 025A var eina tóftin sem fannst innan túngarðs og mun hún sennilega hafa verið útihús en þar sem svæð-

NÞ-023:025 Ytri-Sámsstaðir



ið er á kafi í trjágróðri þá má fastlega gera ráð fyrir því að fleiri tóftir séu þar innan túngarðs.
Tóftasvæðið er á kafi í kjarrgróðri og skógi.
Tóft A er 4m innan túngarðs (B) á Ytri-Sámsstöðum, alveg í suðausturhorninu og um 120m sunnan við gerði C. Tóftin er öll á kafi í kjarrgróðri en einnig eru í henni stórar birkihríslur.



NÞ-023:025A


Tóftin er 13x5m að stærð, snýr norðaustur og suðvest-
ur og er tvískipt, er norðausturhólfið 5x3m að innanmáli og op á því vestast á suðvesturgafli, að hinu hólfinu sem er 4x3m að innanmáli. Op er á syðra hólfinu um útvegg til norðvesturs. Veggh-leðslur eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð.



NÞ-023:025A Horft til norð-vesturs



NÞ-023:022B Horft til suðurs



NÞ-023:022C



NÞ-023:025C Horft til suð-suð-vesturs

Túngarðurinn (B) á Ytri-Sámsstöðum afmarkar svæði sem er svo til egglaga, 170x100m að stærð og snýr norður og suður. Hann er mikið til á kafi í kjarri en síðan liggur austurhlið hans eiginlega inn í skógi. Túngarðurinn er í skógi og kjarri vöxnu landi.
Túngarðurinn er mikið kjarrvaxinn og er víða mjög erfitt að fylgja honum, sérstaklega í norðausturhorni hans en hann virðist samt gleggri inni í skóginum en utan hans. Inn í skóginum er hann um 80cm á hæð og um 1m á breidd en utan hans er hann um 50cm á hæð og um 150cm á breidd. Gerði C er áfast túngarðinum í norðausturhorninu.
Gerði C er áfast innanverðum túngarðinum nyrst á austurhliðinni, um 120m norðan við tóft A. Gerðið er svo til að hverfa í trjágróður og verður varla gengið eftir vegghleðslum þess.
Gerðið er ferhyrnt og sennilega einfalt, 30x18m að stærð að meðtöldum túngarðinum og um 27x14m að innanmáli, snýr svo til í norður og suður. Vegghleðslur eru sumstaðar vaxnar stórum trjám og orðnar nokkuð afmyndaðar en þær eru um 2m á breidd og um 80cm á hæð.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 5; Land og fólk, 324; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.

NÞ-023:026 *Syðri-Sámsstaðir* bæjarstæði býli 6559.928N 1632.789V
„Suðaustur af Stakaskógi er Sámsstaðaskógur. Þar fyrir sunnan eru Ytri-Sámsstaðir og Syðri-Sámsstaðir. Þetta eru gömul eyðibýli," segir í örnefnaskrá. „Spölkorn suðaustur frá Ytri-Sámstöðum," segir í Landi og fólki. Syðri-Sámsstaðir er tóftasvæði sem er 3km suðsuðvestan við bæ 001, um 670m suðvestan við Hýsing 012 og um 200m austan við Ytri-Sámstaði. Það samanstendur af tveim tóftum, einu gerði og einum túngarði sem afmarkar


NÞ-023:026A Horft til norð-vesturs

NÞ-023:026 Syðri-Sámsstaðir



svæði sem er 140x130m að stærð. Þetta tóftasvæði er á kafi í skógi og ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar þjónuðu og mjög líklega geta verið fleiri tóftir innan túngarðsins en sökum mikils trjávaxtar reyndist erfitt að kanna svæðið að nokkru marki.

Tóftasvæðið er á kafi í kjarr- og skólendi.


Tóft A er innan túngarðs fyrir miðri vesturhlið hans, mögulega áföst túngarðinum en sökum mikils trjávaxtar er ekki hægt að greina það. Er þessi tóft 25-30m norðan við tóft C.

Tóftin er á kafi í trjágróðri, birki og víði.


Vegna mikils trjágróðurs í tóftinni var erfitt að átta sig á hvernig hún var byggð og þess vegna er uppdráttur takmarkaður. Tóftin virðist vera 12x9m að stærð og snýr norður og suður, vegghleðslur eru 1m á þykkt og um 60cm á hæð. Ekki er gott að segja til um hvað mörg hólf eru í tóftinni en alla vega má greina þrjú. Syðst er hólf I sem er 7x6m að innanmáli, norðan við það austast er hólf II sem er 3x3m að innanmáli og er mögulega op á milli hólfanna við vesturvegginn. Hólf III er einnig norðan við hólf I en austan við hólf II og er það 4x2m að innanmáli. Ekki virðist hafa verið neinn norðurgafl á hólfi III og ekki var hægt að greina neitt op á hólfi I eða II.



NÞ-023:026B Horft til suð-austurs



NÞ-023:026A




NÞ-023:026C



NÞ-023:026C Horft til norð-norð-austurs


Túngarðurinn B liggur í skóglendi og afmarkar svæði sem er 140x130m að stærð. Tóft A og C eru hvoru tveggja upp við austurhlið túngarðsins sunnarlega. Túngarðurinn er á kafi í þéttu kjarr og skóglendi, mismikið þó, er norðausturhornið sýnu verst og var ómögulegt að rekja garðinn þar. Túngarðurinn er um 150cm á breidd og um 60cm á hæð, hann er alls staðar einfaldur nema að vestan, þar liggur annað garðlag 40m austar en vesturhlið túngarðsins og um 120m langt. Þetta garðlag afmarkar svæði á móti túngarðinum sem er 100x40m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Ekki var hægt að sjá neinn mun á þessum garðlögum.
Tóft C er lítil og áföst innanverðum túngarðinum austan megin, hún er 25-30m sunnan við tóft A. Hún er 5x4m að stærð að túngarðinum meðtöldum og snýr til norðaustur og suðvesturs. Hún er 3x1m að innanmáli og ekki var hægt að greina neinn gafl til norðausturs, er hún er á kafi í kjarrgróðri.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Meiðavellir, 5; Land og fólk, 325; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.

NÞ-023:027 *Maríugerði* bæjarstæði býli 6559.804N 1634.017V
„Ath. Adam [Jónsson] segir, að Maríugerði heiti eyðibýli á skógleysu, austnorðaustur af Tanglhólum. Þar eru garðar og tættur, sem nú er allt viðivaxið," segir í örnefnaskrá. Maríugerði kallast tóftasvæði sem er 3,4km suðvestur af bæ 001, um 1,9km suður af Skálholti 020 og um 400m vestsuðvestur af Ytri-Sámsstöðum 025. Þetta býli er ekki nefnt í Jarðabók Árna og Páls og virðist ekki vera nefnt í öðrum ritheimildum en örnefanskrá Meiðavalla og svo í Slýrslu Sigurðar Jónssonar um eyðibýli í Kelduhverfi. Það samanstendur af einni tóft og túngarði sem afmarkar svæði sem er 300x170m að stærð og snýr í norður og suður.
Tóftasvæðið er í þýfðum lyngmóa.
Tóft A er sunnarlega innan túngarðs og alveg í




NÞ-023:027A

NÞ-023:027 Maríugerði



vegkantinum austan megin á Svínadalsvegi þar sem hann fer í gegnum túngarðinn. Tóftin er í þýfðu mólendi og er öll vaxin eini og víði.
Hún er 20x14m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og er mjög greinileg en fellur vel inn í umhverfi sitt, enda er alveg sama gróðurþekja á henni móanum umhverfis. Tóftin skiptist í 5 hólf, norðaustast eru hólf A og B og snúa þau í norðvestur og suðaustur, hólf A er suðaustan megin og er 7x4m að innanmáli. Op er hólfi A vestast á norðvesturgaflinum að hólfi B norðvestan megin sem er 4x4m að innanmáli. Suðvestan við hólf A og B er hólf C, það er 12x4m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur, op er á því til norðvesturs nyrst á norðvesturhliðinni. Opið á hólfi C liggur að hólfi D sem er eins og lítil forstofa 3x2m að innanmáli og síðan er op á því til norðurs. Norðvestan við hólf C er hólf E og er



NÞ-023:027C

það um 2x4m að innanmáli, það er nokkuð óreglulegt sem gæti stafað af hruni úr veggjum eða þaki en á því fannst ekkert op. Veggir eru frá 1-3m að þykkt og um 120cm á hæð og virðast yfirleitt vera þykkari veggir umhverfis hólf C og E en hólf A og B, ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum. Túngarðurinn (B) umhverfis Maríugerði afmarkar svæði sem er 300x170m að stærð og liggur Svínadalsvegur í gegnum túngarðinn og gegnum gerði sem er syðst við suðurendann á túngarðinum. Túngarðurinn liggur um þýft mólendi. Túngarðarnir á Maríugerði eru sennilega tveir, sá ytri

afmarkar svæði sem er 270x170m að stærð en svo er eins og seinna hafi verið hlaðið garðlag sunnan við ytri túngarðinn sem afmarkar svæði sem er 40x50m að stærð. Innri túngarðurinn afmarkar svo svæði sem er 170x120m að stærð, að vestan og sunnan liggja innri og ytri túngarðarnir saman en að austan tengjast þeir saman syðst með tveim garðlögum sem afmarka svæði sem er 50x30m að stærð. Innra túninu á Maríugerði hefur svo verið skipt í tvo hluta með garðlagi sem liggur norðan við mitt tún í vestnorðvestur og austsuðaustur.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Meiðavellir, 5;




NÞ-023:027A Horft til austurs

NÞ-023:028 Arndísarstaðir



NÞ-023:028 *Arndísarstaðir* tóftaþyrping óþekkt 6559.818N 1634.486V



NÞ-023:028A



NÞ-023:028A Horft til norð-norð-austurs

Arndísarstaðir er í raun nafnlaust býli sem er 3,7km suðvestur af bæ 001, um 2,1km suðsuðvestan við Skálholt 020 og um 180m vestan við Maríugerði 027. Býlið hefur sennilega lengi legið í gleymsku því á því virðist ekki vera neitt nafn en rétt hjá því er hóll sem nefnist Arndísarhóll og er hann á merkjum milli Tóveggjar og Meiðavalla. Sigurður Jónsson í Garði nefndi tóftirnar eftir honum. Tóftasvæðið samanstendur af fjórum tóftum, tveim garðlögum og túngarði sem afmarkar svæði er 170x130m að stærð.

Tóftasvæðið er í frekar flötu þýfðu landi sem er mikið vaxið lynggróðri og fjalldrapa.


Tóft A er áföst miðri vesturhlið túngarðsins (B), um 8m suðsuðvestan við tóft C og um 70m norðan við gerði D. Tóftin er í frekar flötu landi sem er mikið vaxið lyngi og fjalldrapa. Tóftin er 34x18m að stærð og snýr í norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún skiptist í 9 hólf sem deilast á 3 hólfaraðir. Austasta hólfaröðin hefur 3 hólf, nyrst er hólf I sem er 3x2m að innanmáli, sunnan þess er hólf II sem er 3x4m að innanmáli og syðst er hólf III 6x2m að innanmáli, ekki sáust nein op á þessum hólfum. Vestan við öll þessi hólf er eitt stórt og hólf, hólf IV og er það 18x4m að innanmáli og snýr eins og tóftin og sést ekki neitt op á því heldur. Vestast er svo þriðja hólfaröðin, skiptist hún í 5 hólf. Nyrst er hólf V, 6x4m að innanmáli, sunnan þess er hólf VI



NÞ-023:028B Horft til suðurs




NÞ-023:028C Horft til norð-norð-austurs



NÞ-023:028C

sem er 4x3m að innanmáli og virðist vera op á því til vesturs um norðurhornið á því og sunnan við hólf VI er hólf VII sem er 4x5m að stærð. Hólf V, VI og VII eru öll samsíða hólfi IV en svo koma tvö hólf til viðbótar sunnan við hólf VII, hólf VIII sem er 6x4m að innanmáli og hólf IX sem er 4x8m að innanmáli. Op er á milli hólfa VIII og IX vestast við vesturvegginn og síðan virðist ekki hafa verið hlaðinn austurgafl á hólfi IX auk þess sem það vottar fyrir opi á því til suðurs um miðjan suðurvegg. Vegghleðslur tóftarinnar eru mjög ávalar og signar, eru þær um 40cm á hæð og um 2m á breidd en síðan virðist sem einhver uppsöfnun hafi átt sér stað á rústahólnum og gæti hún verið um 50-80cm að þykkt. Túngarður (B) liggur umhverfis tóftasvæðið á Arndísarstöðum og afmarkar svæði sem er 170x130m að stærð. Bæjartóftin (A) er áföst vesturhlið hans og síðan er einnig tóft D áfast honum að sunnan. Um 20m norðan við túngarðinn er garðlag E sem liggur vestnorðvestur og austsuðaustur en það tengist hvergi túngarðinum. Túngarðurinn er um 2m á breidd og um 40-50cm á hæð, siginn og rúnnaður.


Tóft C er um 8m norðnorðaustan við tóft A, um 70m sunnan við tóft F og um 15m austan við vesturhlið túngarðs B. Tóftin er í hlíðum sama rústahóls og bæjartóftin stendur á og er hún á kafi í lynggróðri. Tóftin er 12x8m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, vegghleðslur eru signar og rúnnaðar um 2m á breidd, innra byrði er skýrara en ytra byrði og eru veggir um 80cm á hæð að innan en um 30-40cm að utan. Tóftin er einföld, um 8x4m að innanmáli. Tóft D er áfast innanverðum túngarði B sunnan megin, um 70m sunnan við tóft A. Tóftin er uppi á svolítilli hæð á kafi í lynggróðri og fjalldrapa, hún er 21x7m að stærð að túngarðinum meðtöldum og snýr svo til í vestur og austur. Veggir eru mjög signir og rúnnaðir, eru þeir um 2m að breidd



NÞ-023:025D



NÞ-023:028E Horft til aust-suð-austurs



NÞ-023:028F



NÞ-023:028F Horft til vest-norð-vesturs

og um 30cm á hæð og er innra byrðið skýrara en ytra byrðið.

Garðlag E er um 20m norðan við norðurenda túngarðsins B og liggur það í vestnorðvestur og austsuðaustur um þýfðan lyngivaxinn móa. Garðlagið er um 2m á breidd og um 20-50cm á hæð, allt hlaupið í þúfur og er nokkuð erfitt að fylgja því. Það er um 280m á lengd og virðist ná lengra til austurs og vesturs en túngarðurinn, virðist það bara fjara út til austurs en vestur endinn hverfur inn í þétt skógarkjarr og varð ekki rakið lengra í þá átt. Tóft F er áföst þessu garðlagi svo að sennilega hefur það átt að þjóna sem einhvers konar aðhald.

Tóft F er áföst garðlagi E eins og áður sagði, um 20m norðan við túngarð B og um 100m norðan við tóft A. Hún er 7x6m að stærð að meðtöldu garðlagi E sem tóftin er byggð upp við og snýr í norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og er um 3x2m að innanmáli, veggir sem eru breiðir og rúnnaðir teljast vera um 2m á breidd og um 60cm á hæð. Er tóftin á kafi í lyngi og fjalldrapa.

Garðlag G liggur til vestur frá suðurhlið túngarðs B, það er um 150m langt og er nokkuð beint. Það liggur inn í þétt skógarkjarr sem er vestan við tóftasvæðið og virðist fjara út þar, alla vega var ekki hægt að rekja það lengra. Garðlagið er mjög óljóst víðast hvar sökum þess að það er hlaupið í þúfur og er á kafi í lyngi og kjarrgróðri. Er garðlagið um 1,5-2m á breidd og um 30cm á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi;




NÞ-023:029 Horft til suðurs

NÞ-023:029 tóft óþekkt


6558.486N 1633.254V

Tóft er um 250m austan við Svínadalsveg, um 5,6km suðsuðvestan við bæ 001 og um 380m vestan við tóftasvæði 030. Í skýrslu Sigurðar Jónssonar um eyðibýli í Kelduhverfi kemur fram að svæði upp í heiðinni voru girt af í



NÞ-023:029

þeirri von að nýta mætti þau sem beitiland, til að fá meiri grassprettu á þessu svæði var notast við kemísk efni til að eyða trjágróðri sem fyrir var á svæðinu. Er tóftin innan þessa svæðis.
Tóftin er í frekar þýfðum og einkennalitlum móa.
Tóftin er 13x7m að stærð og snýr norður og suður, hún er einföld og eru veggir signir og rúnnaðir, um 2m á þykkt og um 60cm á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum og ekki er hægt að greina neitt op á henni. Hún er breiðari að sunnan og mjókkar til norðurs, öll vaxin lyngi og mosa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi



NÞ-023:030

NÞ-023:030 tófir óþekkt 6558.441N 1632.776V
Tóftaþyrping er um 600m austan við Svínadalsveg, um 5,6km suðsuðvestan við bæ 001 og um 380m austan við tóft 029. Í skýrslu Sigurðar Jónssonar um stekki, beitarhús og fleira í Kelduhverfi kemur fram að svæði upp í heiðinni voru girt af í þeirri von að nýta mætti þau sem beitiland. Átti þetta sér stað sennilega einhvern tíma á 8. áratugnum og til að fá meiri grassprettu á þessu svæði var notast við kemísk efni til að eyða trjágróðri sem fyrir var á svæðinu. Er tóftin innan þessa svæðis.
Tóftirnar eru í frekar þýfðum og einkennalitlum móa.
Tóftasvæðið er 60x20m að stærð og snýr norður og suður. Það samanstendur af þrem tóftum. Nyrst er tóft A sem er 16x8m að stærð og snýr vestur og austur, hún er tvískipt og er vestara hólfið 7x4m að innanmáli og það eystra 4x2m að innanmáli. Ekki er hægt að greina greinileg op á henni en frá henni liggur garðlag til norðurs sem er um 30m langt. Vegghleðslur eru um 2m breiðar og um 80cm á hæð. Þétt upp við þessa tóft, fyrir miðjum suðurvegg er önnur tóft, tóft B, hún er 11x7m að stærð og snýr norður og suður, er aðeins um 1m á milli þeirra. Hún er líka tvískipt, er syðra hólf hennar um 5x3m að innanmáli og hefur verið op á því til austurs fyrir miðjum austurgafli. Nyrðra hólfið er um 4x5m að innanmáli og er op á því vestarlega á norðurgafli. Vegghleðslur eru frekar veigalitlar, um 1m á breidd og um 60cm á hæð, er syðra hólfið skýrara en það nyrðra. 8 metrum suðaustan við syðri tóftina er tóft C, hún er



NÞ-023:030 Horft til norðurs

5x4m að stærð og snýr vestur og austur, hún er einföld og frekar óljós. Hún hefur sennilega verið heystæði, eru veggir hennar um 1m á þykkt og um 30cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um stekki, beitarhús og fleira,

NÞ-023:031 varða óþekkt 6600.485N 1631.158V



NÞ-023:031 Horft til suð-suð-austurs

Varða er um 1,7km sunnan við bæ 001 og um 850m austsuðaustan við Syðra-Geithöfðagerði 022.
Varðan stendur á klettaborg sem er umvafin kjarri og skógi.
Varðan er 80x80cm að stærð í grunninn, um 70cm á hæð og um 5-6 umför. Hún er nokkuð óregluleg, ekki sérlega vöndu smíð, strýtumynduð og stendur á lágri klettahæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan hefur verið hlaðin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-023:032 gryfja kolagröf6601.107N 1631.437V
Fimm kolagrafir eru innan og við túngarð á Vatnsleysu 011, þrjár þeirra um 10m suðvestan við tóft 011A og svo eru tvær kolagrafir 15-20m norðaustan við tóft 011A sitt hvoru megin við túngarðinn 011B. Eru gryfjurnar rétt hjá opi sem er á norðausturhlið túngarðsins á Vatnsleysu 011B, er önnur gryfjan norðaustan við þetta op en hin suðvestan við það. Svæðið sem kolagrafirnar eru á er um 30x15m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Inn í skógi við gamalt eyðibýli.
Gryfjurnar eru um 1m í þvermál.
Hættumat: engin hætta

NÞ-023:033 garðlag túngarður 6601.288N 1631.502V
Túngarður hefur verið umhverfis bæinn á Meiðavöllum 001 sem nú er reyndar búið að slétta. Greina má óljósan hrygg sem hefur myndað suðausturhorn túngarðsins 100-200m suðaustan við bæ 001. Á loftmyndum má síðan sjá suðausturhluta hans og það hefur verið lítið gerði áfast á utanverðu suðausturhorni hans.
Í túni.
Túngarðinn er búið að slétta og hann kominn undir tún, hluta af honum má þó enn greina sem óljósan hrygg í túninu þar sem hann var og einnig sést móta fyrir honum á loftmyndum. Það

sem séð verður af túngarðinum er öll suðurhlið hans um 80m af austurhliðinni sem er næst suðurhliðinni og um 300m af vesturhlið hans. Syðst og austast og áfast túngarðinum utanverðum hefur verið gerði sem gæti hafa afmarkað svæði sem er um 15x30m. Það sem greint verður af túngarðinum afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hægt að segja neitt um norðurhlið túngarðsins og þá virðist túngarðurinn hafa verið stærri en það svæði sem sýnt er á túnakortinu 1918.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-023:034
Á loftmynd má sjá götur sem liggja að austan frá túni á Meiðavöllum norðvestur að Hræreksstöðum. Má sjá þær um 300m beint vestur af bæ 001. Þar liggur gatan til veturs nokkuð bein á um 180m löngum kafla um 20m norðan við norðurhlið Maríugerðis 007. Eftir það tekur hún svo stefnuna til norðvesturs að Hræreksstöðum 017.
Stórþýft og kjarrgróið land.
Ekki var gatan skoðuð á vettvangi en hún virðist vera nokkuð greinileg sennilega eru þær nokkrar saman.

NÞ-023:035 tóft+garðlag óþekkt 6559.648N 1632.698V
Tóftasvæði sem er ca. 340x130 að stærð er um 500m sunnan við Syðri-Sámstaði 026, um 700m suðaustur af Ytri-Sámstöðum 025 og um 1km austur af Maríugerði 027. Því miður var það ekki skoðað þegar skráningarmaður var á staðnum en sást á loftmynd.
Tóftasvæðið er í flatlendi upp á heiði og eru sennilega svipað gróðurfar þar og við Maríugerði 027. Vegarslóði sem hefur stefnuna vestur og austur liggur í gegnum garðlagið norðan megin við tóftina.
Tóftasvæðið hefur eins og áður sagði ekki verið skoðað á vettvangi en af loftljósmyndum að dæma er um að ræða garðlag, mögulega túngarð og tóft sem er innan þess svæðis sem garðlagið afmarkar. Það sem hægt er að greina á myndinni er garðlag sem liggur í örlitlum boga frá vestri til austurs og er það um 350m langt, austast beygir það snögglega til norðurs en sá hluti þess hefur frekar krappan boga sem stefnir til vesturs, er þessi hluti garðlagsins um 140m langur. Þar virðist garðlagið hverfa en annað garðlag sem stenst alveg á við það sést 70m vestar, er það um 40m langt, liggur það fyrst eina 10m til suðvesturs en tekur þá krappa beygju til suðurs í eina 30m en þá vantar um 70m uppá að það ná að suðurhliðinni sem fyrst var nefnd. Vel kemur til greina að endar garðlaganna hafi náð saman en til þess að geta sagt til um það þarf athugun á vettvangi. Tóft sem er 20x10m, einföld og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur er nokkurn veginn fyrir miðju svæðinu sem er á milli garðlaganna. 70m norðvestan við vesturendann á syðra garðlaginu er annað garðlag sem mögulega tengist þessu tóftasvæði, er það um 270m á lengd og liggur frá suðaustri til norðvesturs.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


Ás, Kelduneshreppi
Stærð túna: 7 ha
Þar af slétt: 2/3 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2
007
Mörk túns 1918
006
005
010
001
002
004
017
003
Skýringar
Bæjarhóll
horfinn minjastaður
tóft
gömul bygging sem stendur enn
mörk túns og garða skv. túnakorti
leifar túngarðs
traðir
0
50
100
metrar

NÞ-024 Ás (í Kelduhverfi)

Í Landnámu segir: „Onundr nam <ok> Kelduhverfi frá Keldunesi ok bjó í Ási;“ ÍF I, 282. Í Ljósvetningasögu segir: „Hárekr hét maðr, er bjó í Ási í Kelduhverfi.“ ÍF X, 84.
14. júlí 1531: „Jón biskup á Hólum selr Þorsteini bónda Finnbogasyni kaupahlutann í jörðinni Ási í Öxarfirði […].“ DI IX, 593.
Í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld er minnst á Ás í Kelduhverfi 22. desember 1531, 22. júlí 1632 og 26. september 1660. Jarðabréf, 223, 236 og 243.
Jarðadýrleiki 60 hdr 1712, með hjáleigum á sandinum. Kirkjan átti 1/3 í jörðinni. Kirkjustaður til 1816, þá aflögð vegna fólksfæðar. Hjáleigur 1712: Áshúsabakki í byggð sem og Þórunnarsel [NÞ-001]. Gilsbakki í eyði sem og Geithús, Hvammsel, Rauðhólasel, Svínadalssel (Gæti verði sama og NÞ-025) og Fornasel. „Land Áss var fyrrum víðáttumeira og fjölsbreyttara en nokkurrar jarðar annarrar í Kelduhverfi. Það náði allt frá sjó og suður að sýslumörkum móts við Dettifoss. Að austan réð Jökulsá merkjum en Bunguveggur og landamerki Kelduness að vestan. Er talið að allar jarðir í uppsveit séu byggðar úr landi Áss. Nú afmarkast Ásland af Ásbyrgi og línu úr Ásbyrgisbotni í Rauðhóla að vestan og sunnan en Jökulsá að austan og girðingu Landgræðslunnar að norðan.“ Land og fólk, 310. Ás II nýbýli (1954). Ástjörn sumardvalaheimili í landi Áss.
1712: „Tún spillist af viðarvexti sem eyðilagt hefur nokkuð af því að utanverðu. Engið er mjög votunnið, því hefur og spilt Jökulsá í einu stóru jökulhlaupi fyrir vel 20 árum, og eyðilagði það meir en til helminga, sem síðan hefur ekki upp sprottið og er nú blásandur. … Úthagarnir mikið víðlendir og góðir til fjallsins, en lakir heim um sig, og verður því að brúka selför á Svínadal, sem er fjórðúngur þingmannaleiðar áleiðis.“ JÁM XI, 299. 1917: Tún 7 ha, þar af 2/3 sléttað. „Land jarðarinnar er vel gróið og gott beitiland og gróður fjölbreyttur.“ Land og fólk, 310.

NÞ-024:001 *Ás* bæjarhóll bústaður
66°01.362N 16°28.374V
„Tvíbýli var til forna í Ási, og var austari bærinn 10-15 m norður af Kirkjugarðinum [002]. Fjárhús úr steinsteypu eru nú byggð á rústum hans. Hinn gamli bærinn stóð þar, sem eldra íbúðarhúsið er nú,“ segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Eldra íbúðarhúsið sem byggt var árið 1938, stendur á vestara bæjarstæðinu. Þetta bæjarstæði er sýnt á túnakortinu frá 1917 en ekki eystra bæjarstæðið (010).
Í túni.
Ekki sést til fornleifa og enginn veruleg uppsöfnun á bæjarhól er sýnileg á þessum stað. Húsið er ein hæð, hvorki með kjallara né risi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Ás ath og viðb, 1-2


NÞ-024:001 Horft til suð-vesturs

NÞ-024:002 *Kirkjugarður* heimild um kirkju 66°01.328N 16°28.270V
„…[S]uðaustur af bæjarhúsunum [024:001] er Elínarhóll. Suður af Elínarhól er Hesthúshóll [024:017]. Austur af honum er svo Járnhryggur [024:019]. Milli Hesthúshóls [024:018] og Járnhryggs var kirkja og kirkjugarðurinn,“ segir í örnefnaskrá. „Þar sem kirkjan og kirkjugarðurinn voru, sást fyrir leiðum og garði í kring. Það hefur nú verið sléttað. Þetta var allt nefnt Kirkju-


garður," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Kirkjugarðurinn var milli Járnhryggs og Hesthúshóls um 60m suðaustur af Þórðarhúsi [024:016] og um 100m austsuðaustur frá íbúðarhúsinu sem byggt var árið 1938 (024:001).
í túni sem hefur verið sléttað.
1318: Kirkja í Ási Helguð Tómasi erkibiskupi „VIII. Askyrkia. Kyrkia j Ase ä þridiung j heimalande. vj. kugilldi. þridiungur vidreka a hardbak. fiordung j Vellankautlu. og hinn tyunde hlutur j hualreka j vermsla Reka. og skipan ad þeim hluta ef rekur enn ecki ella og skipan ad þeim hluta og allan Reka aa sande vt. þuilijkann sem ad fornum Landz merkiumm hefur fylgt. adur Halldor for vr Ase gaf hann kyrckiunne Botnateyg og halfa alptaveidur. þad er fylgtt hefur Byrgis lande. og annann Teyg skafrofa. Kyrkia j Ase a lamba eldi allt ofan vndir fioll og skulu þeir abýrgiast er vid taka.
Þetta j skruda Tiolld. iij. kiertastykur. viij. kluckur. v. Glergluggur. munnlaug. ij. messuklædi. yfersloppur. alltaris. klædi. iiij corporalia. ij. kRossar. iiij. kaleykur. sär. fontur. og klædi. alltaris dukur. salltari. sa er tekur morck. oc annar psalltare. communis Bok ad messum. Hymnarium. glodarker Elldbere. Thomas saungur. og Thomas saga. sotdriftt. fotaskinn. ij. messingar lampar. ij. bolstrar. ii. klakahogg. ij. kyrkiu bolli og spyta af järne. kierta klofe. artijda Rijm. skridlios. kyrkiu kambur. kiertagrind. mariuskript. Thomas lijkneski. paxblad. Tabula yfer alltare. Tekur [prestur] heima. iiij. Merkur. af iij. Bænhusum. xij. aura. kyrkia a oc songbok er Bergur gaf oc tekur frä nijuvikna fostu og til paska. vij. kugilldi og v. hundrud j flytianda Eyre. Thomas sogu" Máld DI II, 428-429
1399: „a þridiung i heimalandi [+viðreka, hvalreka, teigur, álftveiði] Kyrkia j asi a lamba elldi. vm allt huerffui ofann vnder fioll. þar er prestskylld oc tekur heima j leigu fiorar merkur. enn vtann gards. xij. aurar. Liostollar og heitollur af. vij. bæium. kyrkiu hlute af tijund a þui are. x. aurar. Jtem reyknadist j portionem Ecclesiæ vm. v. ar tuo hundrud. anno Domini M. ccc. xc. ix;" Máld DI III, 585-586
[1429]: [1] prestr; DI IV 380
8.1.1442: „Jörðin Byrgi … liggr j kellduhuerfi j asþingum" DI IV, 624
1461: Máld DI V 279 280
[1461] 1 prestur DI V 359
28.6.1494. „Vitniburdur vm landamerki millum aass og kiellduness.
Þad Giorum ver … vitanligtt … ad vier hofum opttliga heyrtt yfirlesid registrum og maldaga kirkivnnar j Ase. huor er giorst hafdi nv meir enn fyrir nijutiju Ara. epter fyrirsogn tueggia formanna heilagrar holakirkiu so latandi ad kirkian j Ase j Kiellduhuorfi a allan Reka a sandi vt þuilijkan sem ad fornvm landzmerkivm hefur filgtt. Enn vier virum fyrir full sanninde ad Askirkiv reki hefur verid hafdur og halldinn atolvlaust j millum Kiellduness landz merkiss og Skoga landz merkiss. ad so tilreindv eptir Brefum og maldogum.J fyrstu eptir giord Þorvardz Þorarinzsonar [d. 1296] og Jonz logmannz [Einarssonar d. 1306] j millvm Wigfuss j kiellduneseog Helga j Ase. ad kiellduness skylldi eiga sionhending vr mel þeim er vt er fra fliotzdalsgarde og helldur vestan. og vpp j Midhoolz hws. Og vt vr melnvm Riettsyni j sio. Enn j millvm skoga landzmerkis og Ass kirkiv Reka. Riettsyni vr sio nyagardur. er nv erv kalladar þufur. j Jokulza. vid Jlijfsfialle. Medkiennumst vid Greindir menn Broddi og Stulle. ad vid vitum fyrir fulla wissv ad Asskirkiv Reki hefur verid hafdur og halldinn j millum þessarar greindra landamerkia meir en fimtijv vetur atolulaust. so vid vitum. So og vitum vid sagdir menn [tveir] ad kirkivnnar Reki j Ase hefur verid hafdur og halldinn j milli opttnefndra landamerkia meir enn halfan fiorda tvg vetra [og aðrir tveir í þrjátíu vetur]Hier til hofvm vier heyrtt so felldan maldaga ad Helgi prestur Þorkelzson. Þorleijfur Ogmundzson og Siguatur Sijmonarson handlogdu eid vm fyrir sijra Boduare Þorsteinssyne [d. 1375]. ad Hallsteinn Bondi j Kiellduneseoc Wigfus sonur hanz sagdi þad. ad ei være Kielldunes Reki leingra austur enn ad melþwfu þeirre er hualbein stendur j og þa var fluttur hualvr litlv avstar.

Þessi somv landamerki sagdi Vermundur Biarnason a deyanda deige. er att hafdi kiellduness og Landamerki. ad hiaverandi Helga preste. Olafe spiota og Þorsteini hrada. Wlfe Þorleifssyni. þadan Riettsyni j Midhoolz hws…“ DI VII, 213-215. 5.9.1553: Máld DI XII 613 615
1553: Máld DI XII 641. 1569: „Reikningr bændakirkna í Hólabyskupsdæmi. […] Askirkia j Oxarfirdi a x malnytu kugilldi og xc j fridum peningum. Presti tiunda af fastaeign iij aurar.“ DI XV, 342-343.
1590: Þjsks. Bps. B, III, 2. s. 24
Áskirkja er lögð niður með konungsbréfi og sóknin lögð til Garðskirkju 2.10.1816 (PP, 311)
Í Frásögnum af fornaldarleifum segir: „i Ass Kÿrkiu var ogsvo 1 crusifix af Messing, miög lítid, er kann ad vega so sem 2 s(ive) 3 lód, og 2ær miög Litlar Mannamÿndir af sama þar hiá, sem teikna mun hafa átt, Johannes og Mariu. […] máskie Ass Kÿrkiu Krossmarkid af hvöriu þó eru brotnar nockrar Fingur á annarri Höndinni,“ Þrátt fyrir sléttunina má samt sjá móta fyrir kirkjugarðinum, en greinileg hringlaga hækkun er í túninu. Er hún um 25m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ás, 1; Ö-Ás, athugasemdir og viðbætur, 1 og Frásögur um Fornaldarleifar II, 603-604, Hannes Scheving á Grenjaðarstað segir frá.

NÞ-024:003 *Réttarhús* tóft fjárhús66°01.308N 16°28.228V
„…[S]uðaustur af bæjarhúsunun [001] er Elínarhóll. Suður af Elínarhól er Hesthúshóll [017]. Austur af honum er svo Járnhryggur [019]. Suðaustur úr túninu er Gil. Járnhryggur … í túninu er næstur gilinu að vestan. Á honum er Réttarhús,“ segir í örnefnaskrá. Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 150m suðaustur af bæjarstæðinu [024:001]. Tóft er sunnarlega á Járnhrygg sem liggur norður suður í austur jaðri túnsins. Kemur staðsetning hennar vel heim og saman við útihúsið sem sýnt er á túnakorti og telur Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum, að um sé að ræða umrædd Réttarhús sem sagt er frá í örnefnaskrá. Verður þessi skoðun hennar að teljast líkleg, þar sem ekki er að finna aðrar húsaleifar á Járnhrygg.


NÞ-024:003 Horft til vesturs


Á háum hrygg í túni á vesturbrún hryggsins.
Um er að ræða einfalda ílanga tóft með garða í miðju, sem bendir til þess að um sé að ræða fjárhús án hlöðu. Tóftin, sem liggur austur-vestur, er um 12x8m að stærð. Erfitt er að átta sig á hleðsluhæð þar sem tóftin var vaxin háu grasi þegar skráning fór fram en hún virðist þó ekki hærri en 30cm. Af sömu sökum var erfitt að átta sig á staðsetningu dyra. Kálgarður er sambyggður tóftinni sunnarlega við austurenda hennar og er hann



NÞ-024:003

12x7m að utanmáli en 10x5m að innanmáli. Hann snýr eins og fjárhúsin austur og vestur og liggur í brekku mót austri, er fjárhúsin við brekkuræturnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Ás, 1-2


NÞ-024:004 *Nónhús* þúst fjárhús 66°01.328N 16°28.473V



NÞ-024:004


„Fjárhús stóð í Nónhússtykki, suðvestur af bænum og var það nefnt Nónhús. Nú hefur spildan suðvestur af bænum öll verið sléttuð ásamt Nónhússtykki og kallast Suðvesturtún" segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nónhús stóðu um 100m vestsuðvestur af íbúðarhúsinu frá 1938 (024:001). Er það sýnt á túnakorti frá 1917.
Í túni á hól.
Þótt húsið hafi verið rifið og staðurinn sléttaður má samt auðveldlega sjá hvar það stóð. Þar er greinileg bunga í túninu um 22x15 að stærð, norðaustur-suðvestur, með grunnri dæld í miðju sem er um 10x4 m að stærð, norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Ás ath og viðb, 1

NÞ-024:005 *Þórðarhús* heimild um fjárhús66°01.386N 16°28.510V
„Norðvestur frá Bæjarhúsum var Þórðarhús, það var fjárhús, sem er horfið, en talsverður blettur þar var nefndur Þórðarhússtykki," segir í örnefnaskrá. Þórðarhús stóðu um 110m norðaustur frá íbúðarhúsinu frá 1938 (sjá 001). Er þar áberandi hólbunga í túninu.
Í túni.
Það er eins um Þórðarhús og Nónhús (024:004) að þótt staðurinn hafi verið sléttaður má samt auðveldlega sjá hvar það stóð vegna hólbungu sem þar er. Engin dæld er þó í hólinn eins og hjá Nónhúsum .
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ás, 1; Túnakort 1917



NÞ-024:006

NÞ-024:006 þúst útihús 66°01.414N 16°28.507V
Útihús er sýnt á túnakorti um 40m norður af Þórðarhúsum (024:005). Um 40m norður af Þórðahúsum er óræktaður og ósleginn hóll með dæld í miðju og samræmist það túnakortinu fullkomlega. Fjarlægð norðvestur frá íbúðarhúsinu frá 1938 er um 120m.
Ógreinileg þúst Í túni.
Greinilegt er að reynt hefur verið að slétta yfir tóftina, sem er áberandi óræktaður og ósleginn hóll með reglulegri lægð í miðju, hér og þar má sjá hleðslugrjót gægjast upp úr sverðinum meðfram lægðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



NÞ-024:007



NÞ-024:007 Horft til norð-austurs

NÞ-024:007 *Danmörk* heimild um fjárhús 66°01.500N 16°28.409V
„… lítið fjárhús hafi staðið sunnan og vestanvert við tjörnina [Ástjörn]. Það var nefnt Danmörk. Nú er verið að byggja fjárhús úr steinsteypu u.þ.b. 50 m sunnan við, þar sem Danmörk stóð," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Hér er litlu við að bæta öðru en því að fjarlægð norðnorðaustur frá bæjarhólnum 024:001 er um 250m. Greinilegar veggjahleðslur eru á þessum stað og hefur verið settur niður rabbabari í rústina.
Í túni sem er virðist ekki vera slegið núorðið.
Um er að ræða heilan norðurvegg áfastan þremur veggstubbum. Heildar flatarmálið er um 13x5m. Hleðsluhæð er mest um 1m. Rústinni hefur greinilega verið rutt að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ás ath og viðb, 1

NÞ-024:008 *Gilsbakki* bæjarstæði býli 66°00.701N 16°28.311V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Gilsbacki, eyðihjáleiga. Bygð skamt suður frá heimatúninu fyrir hjer um 70 árum, þar sem ekki hafði áður bygð verið, en hefur nú í eyði legið undir 40 ár. … Heimræði má brúka og hefur áður brúkast við sandinn, og lá þá sjófólkið við tjald eður verskála. Ekki brúkar Áss ábúandi þetta útræði nú fyrir fjarlægðar sakir af aflaleysis," segir í Jarðabók Árna og Páls. Gilsbakki er 1-1,2km sunnar er íbúðarhúsið




NÞ-024:008A Horft til suðurs



NÞ-024:008A

NÞ-024:008 Gilsbakki




á Ási byggt 1938, byggt við gjábrún eins og nafn býlisins gefur til kynna. Hvammsel (024:012) er 2,5km sunnar en Gilsbakki. Innan túngarðs á Gisbakka alveg við suðurhlið hans er rétt (024:022), var hún byggð eftir að búseta lagðist af á Gilbakka og er fjallað um hana á öðrum stað.

Tóftasvæðið er í lyngi vöxnu heiðarlandi sem er að verða undirlagt náttúrulegum skógi sökum þess að mikið hefur dregið úr ágangi búpenings um svæðið. Landið hallar nokkuð til norðurs og búið er að leggja göngustíg upp á heiðina sem liggur meðfram tóftasvæðinu.

Á Gilsbakka eru 6 tóftir og gerði innan túngarðs sem liggur umhverfis allt minja-svæðið.

Ein tóftin (A) er stærst og virðist hafa nokkur hólf, sennilega bæjartóft. Tóftin er í lyngvöxnu heiðarlandi og hallar landið lítið eitt til norðurs. Tóftin hefur skýrt innra byrði en frekar óljóst ytra byrði og er þess utan á kafi í grasi en grasvöxtur er áberandi hjá tóftinni. Hægt er að greina 3 hólf í tóftinni sem snýr norður og suður, 2 vestan megin; það nyrðra 8x5m gæti hafa verið tvö rými með opi á milli en syðra hólfið 4x4m er frekar ógreinilegt. Eitt hólf er svo austan megin í tóftinni, 6x3m stórt og snýr eins og tóftin sjálf norður og suður. Af þessu mætti hugsanlega draga þá ályktun að framhlið tóftarinnar hefði snúið til vesturs en stærð tóftarinnar er 17x15m að utanmáli.

Túngarður (B) liggur umhverfis tóftasvæðið og afmarkar svæði sem er um 190x80m að stærð, liggur í rúman hálfhring að klettasprungu sem myndar austurmörk túnsins. Túnið snýr norður og suður meðfram gilinu. Túngarðurinn er frekar greinilegur en fellur vel inn í landið sökum gróðurþekjunnar sem er eins á honum og umhverfi hans. Hann er um 70-80cm hár og um



NÞ-024:008C



NÞ-024:008C Horft til norðurs

1,50m á breidd þar sem hann er breiðastur. Bæði uppi á honum og við hann eru nokkuð stórar hrísl-ur, lítill halli er á landinu en þó hallar því jafnt og þétt til norðurs. Sunnan við garðinn og rétt 022, sem byggð hefur verið alveg við túngarðinn, er hár hóll eða hæð með vörðu á.


Áföst innanverðum túngarðinum (B) að vestan-verðu er tóft (C) sem er tvöföld. Tóft þessi er um 40m vestsuðvestan við tóft D og um 80m norð-norðvestan við bæjartóft A.

Tóftin er 11x4m að stærð og snýr í norður og suður, skiptist í tvö hólf hvort upp af öðru. Nyrðra hólfið er 2x3m að innanmáli og syðra hólfið 2x8m að innanmáli, hleðsluhæð er um 40 cm. Hvergi var hægt að greina dyr á tóftinni.

Um 70-80m suð-suðvestan við tóft C og 50-60m beint vestur af bæjartóft A er gerði E.

Um 30-40m sunnan við tóft F og um 35-40m aust-norðaustan við tóft C og um 80m norðan við bæjartóft A er tóft D. Göngustígur liggur alveg við tóftina sem er 20x10m að stærð, snýr í norður og suður og skiptist í þrjú hólf. Tvö þeirra eru hlið við hlið og eru 3x6m og 4x6m stór og snúa bæði norður og suður. Sunnan við þau er þriðja hólfið 3x10m að stærð og snýr einn-ig norður og suður. Öll er tóftin á kafi í grasi og mikið sigin, veggir mjög rúnnaðir, aðallega dældir sjáan-legar og ekki hægt að greina hvar dyr hefðu verið á tóftinni. Mikið af birki og fjalldrapa vex í tóftinni.

Gerðið er að mörgu leyti líkt og tóft C nema að það er stærra eða er 28x8m að stærð og skiptist í tvö hólf



NÞ-024:008D




NÞ-024:008D Horft til norðurs




NÞ-024:008E Horft til norðurs



NÞ-024:008F Horft til austurs



NÞ-024:008F



NÞ-024:008E

sem liggja hvort upp af öðru. Gerðið snýr í norður-suður. Syðra hólfið er 11x4m að stærð en nyrðra hólfið er 11x3m að innanmáli, hleðsluhæð er um 50 sm. Hvergi er hægt að sjá greinileg ummerki eftir dyr.

35-40m norðan við tóft D er tóft F og er hún nyrsta tóftin innan túngarðsins. Tóftin er tví-skipt og liggur í boga frá austri til suð-vesturs. Virðist op tóftarinnar hafi verið í innanverðri kverk á suðurhliðinni. Tóftin er 14x7m að


stærð eystra hólfið er 5x3m að stærð en það syðra 4x5m að stærð og er op á milli þeirra Tóftin er á kafi í grasi. Víðirunni er í norðurenda hennar og mikið af grjóti í austurgafli tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM XI, 299; Land og fólk, 325; Ö-Ás, 2

NÞ-024:009 heimild um verbúð
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Heimræði má brúka og hefur áður brúkast við sandinn, og lá þá sjófólkið við tjald eður verskála. Ekki brúkar Áss ábúandi þetta útræði nú fyrir fjarlægðar sakir aflaleysis.“ Staðsetning er óþekkt en mun hafa verið einhvers staðar á söndunum við Jökulsárós um 20km norðvestur af bæ 001. Ekki var staðurinn skráður á vettvangi.
Heimildir: JÁM XI, 299

NÞ-024:010 *Ás* bæjarstæði bústaður 66°01.360N 16°28.279V
„Tvíbýli var til forna í Ási, og var austari bærinn 10-15 m norður af Kirkjugarðinum [024:002]. Fjárhús úr steinsteypu eru nú byggð á rústum hans. Hinn gamli bærinn stóð þar, sem eldra íbúðarhúsið er nú,“ segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Eldra íbúðarhúsið sem byggt var árið 1938, stendur á vestara bæjarstæðinu. Austari bærinn stóð um 75 m austur af íbúðarhúsinu frá 1938. Fjárhúsin sem byggð voru á sama stað eru nú horfin, voru rifin 1999.
Í ræktuðu túni.
Ekki sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


NÞ-024:010 Horft til austurs


NÞ-024:011 *Geithús*
bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Geithús, Huams Sel [012], Raudhola Sel [013], Suinadals Sel [NÞ-025] og Forna Sel [033] kallast nú fimm eyðiból hjer í landinu, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra. Ekkert þessara eyðibóla hefur bygt verið í manna minni nema Svínadalssel, það var seinast bygt fyrir vel 60 árum.“ „Um hálfan km. suðvestur frá Gilsbakka [008],“ segir í Landi og fólki. Geithús voru í hlíðum Geithöfða en núna hefur skógur aukist á þessum slóðum til muna og reyndist það með öllu ómögulegt að staðsetja Geithúsin, var þó leitað á þessum slóðum þar



NÞ-024:011 Uppdráttur: Sigurður Jónsson

sem lýsingin segir til um. Á Gilsbakka á að vera hringlaga túngarður og allavega ein tóft samkvæmt skýrslu Sigurðar Jónssonar frá Garði.
Heimildir: JÁM XI, 301; Land og fólk, 325; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli.

NÞ-024:012 *Hvammssel* bæjarstæði býli/sel 65°59.341N 16°28.039V



Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Geithús [011], Huams Sel, Raudhola Sel [013], Suinadals Sel [NÞ-025] og Forna Sel [033] kallast nú fimm eyðiból hjer í landinu, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra. Ekkert þessara eyðibóla hefur bygt verið í manna minni nema Svínadalssel, þar var seinast bygt fyrir vel 60 árum.“ „Hvammssel (Hvammkot). Suð-suðaustur frá Ási [001] nokkru sunnar en hin býlin,“ segir í Landi og fólki. „Suður af þeim [Hólum sem eru suðaustur af Gilsbakka] er smálaut, sem heitir Kúahvammur [023]. Suður af honum er Hvammskotsmór. Á þessum móa er eyðibýlið Hvammskot, líklega það sama og nefnt er Hvammssel 1712,“ segir í örnefnaskrá. Hvammsel er um 3,5-4km sunnan við íbúðarhúsið á Ási 001 og um 2,5km sunnar en Gilsbakki 008, rennur Jökulsá á Fjöllum skammt austan megin við Hvammssel.
Tóftarsvæðið er á lyngvaxinni heiði.
Hvammssel er tóftasvæði sem er 250x160m að stærð og snýr norður og suður, það samanstendur af tvöföldum túngarði, þrem tóftum og einu gerði. Allar tóftirnar nema ein eru byggðar við túngarðana, annað hvort þann ytri eða innri. Ein tóft stendur stök eins og áður sagði og er


hún miðsvæðis innan innri túngarðsins, er hún stærri en hinar og hefur auk þess fleiri hólf en hinar, var því dregin sú ályktun að þar hefði bærinn staðið. Fjallað verður um hverja fornleif sérstaklega og þeim gefinn bókstafur frá A -E. Bæjartóftin (A) er miðsvæðis innan túngarðs sem er tvöfaldur til suðurs, vesturs og norðurs en einfaldur til austurs og stendur í litlum hvammi. Jökulsá á Fjöllum rennur austan megin við Hvammssel í um það bil 600-1000m fjarlægð. Tóftin er um 19x17m að stærð og snýr norður-suður, er hægt að greina 5 hólf í henni sem mynda tvöfalda röð eftir



NÞ-024:012A Horft til austurs



NÞ-024:12C, 012D, 012E Horft til suð-austurs




NÞ-024:012A


henni endilangri. Eru þrjú hólf vestan til í tóftinni og liggja frá norðri til suðurs, nyrst er hólf I sem er 5x3m að stærð, hólf b er 2x3 og syðst er hólf II sem er 4x3m að stærð. Tvö hólf eru síðan austan megin í tóftinni, hólf IV er austan megin við hólf II og er 3x4m að stærð og hólf V er sunnan við hólf IV en austan við hólf III og er 3x4m að stærð. Annars er mikill víðir í tóftinni og því erfitt að átta sig til hlítar á öllum hólfum, engar dyr eða op á milli hólfa var hægt að staðsetja með öryggi. Sökum mikils gróðurs sést ekki í neina grjóthleðslur en hleðsluhæð vegjja er um 40 cm. Ekki var hægt að sjá neina augljósa upphleðslu undir tóftinni.

Túngarðurinn (B) er tvöfaldur. Sá ytri afmarkar svæði sem er um 160x250m að stærð og sá innri afmarkar svæði sem er 130x100m að stærð. Túngarðurinn er mikið gróinn lyngi og trjágróðri og á suðurhlið hans er um 10m kafli sem er alveg þakinn birkihríslum. Túngarðurinn er um 2m breiður og er hleðsluhæð hans um 60sm. Að norðaustanverðu ganga túngarðarnir saman í eitt garðlag, á um 50m löngum kafla. Göngustígur liggur í gegnum norðurhlið ytri túngarðsins og klýfur garðinn svo til alveg.

Um 50-60m suðvestan við tóft A eru þrjár tóftir í hnapp sem eru sambyggðar við innri tún-



NÞ-024:012C, 12D, 12E



NÞ-024:012F





NÞ-024:012F Horft til vesturs

garðinn: C, D og E. Tóft C er við innanverðan garðinn og er mikið af trjágróðri búið að taka sér bólfestu í henni. Tóftin er 7x10m að utanmáli og 7x3m að innanmáli, snýr norðvestur og suðaustur. Op er á tóftinni til suðausturs og hleðsluhæð er um 60 cm. Tóft D er við hliðina á tóft C nema á utanverðum garðinum og er mikið af trjágróðri búið að taka sér bólfestu í tóftinni.
Tóftin er 4x4m að utanmáli og 2x1m að innanmáli, snýr norðvestur og suðaustur. Ekkert op er á tóftinni en hleðsluhæð er um 60 cm. Tóft E er við utanverðan garðinn um 2m suðaustan við tóft D og er mikið af trjágróðri búið að taka sér bólfestu í tóftinni. Hún er 7x8m að utanmáli og 5x4m að innanmáli, snýr norðvestur og suðaustur. Op er á tóftinni til norðvesturs og er hleðsluhæð um 60 cm. Tóft F er um 170m norðaustan við tóft A í norðaustur horni ytri túngarðsins og áfast honum innanverðum. Tóftin er eitt hólf sem er um 7x5m að utanmáli, 4x2m að innanmáli og snýr norður og suður. Ekkert sýnilegt op er á því en hleðsluhæð er um 60cm.
Gerði G er 8-10m austan við tóft F og afmarkar það svæði sem er 25x20m að stærð, það er áfast túngarðinum og virðist vegghleðslur þess um 2m breidd og 60 cm á hæð. Gerðið er ferhyrnt og snýr í norður og suður en austurlanghlið þess er lengri en sú að vestanverðu.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM XI, 301; Land og fólk, 325; Ö-Ás, 2

NÞ-024:013 *Rauðhólasel* bæjarstæði býli/sel 65°57.761N 16°31.672V
Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Geithús [011], Huam Sel [012], Raudhola Sel, Suinadals Sel [NÞ-025] og Forna Sel [033] kallast nú fimm eyðiból hjer í landinu, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra. Ekkert þessara eyðibóla hefur bygt verið í manna minni nema Svínadalssel, þar var seinast bygt fyrir vel 60 árum.“ „Syðst í landi Áss, skammt norðan við Rauðhóla,“ segir í Landi og fólki. Rauðhólasel er um 7km suðsuðvestan við íbúðarhús (024:001) á Ási byggðu 1938 og um 4km suðvestan við Hvammsel (024:012).
Tóftarsvæðið er í lyngvaxinni heiði.
Rauðhólasel er tóftasvæði sem er 220x80m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur.

NÞ-024:013 Rauðhólasel





NÞ-024:013A




NÞ-024:013A Horft til suðurs




NÞ-024:013B Horft til vesturs

Þar er einfaldur túngarður sem liggur meðfram brattri hlíð og liggja endar hans síðan beint upp í brekkuna en ná ekki saman. Liggur túnið í nokkurri sveigju undir brekkurótum frá suðvestri til norðurs. Vestan við túngarðinn er þröngt en fallegt gil, um það liggur merktur göngustígur og liggur hann reyndar eftir allri austurhlið túngarðsins. Allar fornleifarnar sem fundust eru innan túngarðs en um að ræða fjórar tóftir og tvær þústir. Hefur hver fornleif fengið sinn bókstaf til aðgreiningar frá A-G. Í norðanverðu túninu er tóft A, um 40m sunnan við norðurhlið túngarðsins og um 30m vestan við austurhlið túngarðsins. Tóftin er á kafi í kjarrgróðri svo sem fjalldrapa, víði og einir og við rætur brattrar brekku sem snýr til suðausturs. Þessi tóft var talin líklegust til að hafa verið mannabústaður, þar sem hún er stærst tóftanna og hefur auk þess flest hólfin. Tóftin er 22x13m að stærð og er hleðsluhæð er mest um 30 cm, hún snýr í austnorðaustur og vestsuðvestur. Mögulegt er að greina um 9 hólf, vestast í tóftinni eru hólf a,b og c og liggja þau hvert upp af öðru. Syðst er hólf a 2x2m að stærð, eru tvö op á því, eitt til suðurs og annað til norðurs að hólfi b sem er 2x6m að stærð. Hólf c er óljóst en gæti verið um 1x4m að stærð. Austan megin við hólf b eru hólf d og e, hólf d er 2x2m að stærð og hólf e um 3x3m að stærð, op er á milli hólfa d og e. Hólf f er austan megin við hólf e og er 3x3m að stærð, ekki sést hvar dyr gætu hafa verið á því. Næst eru hólf g og h en ýmislegt bendir til þess að þau hafi verið viðbygging eða einhvers konar útbygging. Hólf g er suðaustan við hólf f og hólf h er sunnan við hólf g. Syðst og fyrir miðri tóft er svo vottur af hólfi sem gæti verið um 4x2m að stærð.

Túngarðurinn (B) er á kafi í mosa og lyngi en einnig hverfur hann í þétta brúska af birki. Garðurinn hefur verið hlaðinn nokkuð upp í bratta hlíðina, alla vega eina 5 metra. Endar garðsins virðast ekki ná saman, heldur



NÞ-024:013C



NÞ-024:013C Horft til aust-norð-austurs




NÞ-024:013D Horft til austurs

myndar hlíðin suðausturhlið túngarðsins. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 200x90m að stærð og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, er garðurinn um 150 cm breiður og hleðsluhæðin er um 30 cm. Syðst í túninu er garðlag sem liggur frá túngarðinum og upp í brekkuna. Liggur það í boga upp til norðvesturs og stefnir á syðriendann á túngarðinum en nær ekki að honum. Myndar þetta garðlag ásamt syðsta hluta túngarðsins stórt, opið gerði sem afmarkar svæði sem er 60x40m að stærð og snýr vestur-austur. Tóft C er um 50m norðaustan við tóft A og alveg í norðausturhorni túngarðsins B og áföst honum innanverðum. Tóftin er tvískipt og er op á milli hólfanna en ekki var hægt að greina neitt op á útveggjum. Hún er 11x6m að stærð og snýr norður og suður, syðra hólfið er 5x3m að stærð en nyrðra hólfið er 2x3m að stærð. Veggir eru mikið kjarrvaxnir en gras er í botni, hleðsluhæð er um 70cm og er innrabyrði mun skarpara en ytrabyrði sem er frekar óljóst.

Tóft D er um 50m suðsuðvestan við tóft A. Hún er um það bil 19x9m að stærð, hefur óljós ytrimörk en mjög skýr innrimörk sem gæti gefið til kynna að hún hafi verið niðurgrafin. Tóftin snýr vestur-austur og er eitt hólf sem er að innanmáli um 14m langt og um 3m breitt. Inngangur er frá suðurhlið eystri enda. Lítil þúfa er í vesturenda hólfsins sem er næstum því ferhyrnd.

Tóft E er um 20m suðaustan við tóft D, um 65-70m suðsuðvestan við tóft A, hún lítur út fyrir að vera eitt lítið ferhyrnt hólf sem er 3x3m að innanmáli en 7x7m að utanmáli. Tóftin er svo til alveg á kafi í gróskumiklum eini, hleðsluhæð veggja er um 40cm en var hægt að greina neinar dyr á henni. Mögulega gæti þetta verið heystæði.


Eins og áður sagði í lýsingu á túngarðinum er




NÞ-024:013D




NÞ-024:013E Horft til austurs



NÞ-024:013E




NÞ-024:013F Horft til austurs



NÞ-024:013F



NÞ-024:013G Horft til norðurs



NÞ-024:013G

túninu skipt með garðlagi sem liggur frá hlíðinni og að túngarðinum 60m norðar en suðurendi túngarðsins og myndar þannig hólf í suðurenda túnsins. Inn í þessu gerði er þúst F. Þústin er mjög óljós og svo til alveg útflött. Hún er um 12x6m að stærð og er lítið annað en ójafna, syðri hliðin er þó skýrari en norðurhliðin en þústin snýr til austurs og vesturs. Þústin er breiðust í miðjunni en dregst saman til endanna ekki ósvipað og skáli. Öll er þústin þakin fjalldrapa.

Þúst G er um 20-30m suðvestan við þúst F og um 160m suðvestan við bæjartóft A og er jafnframt syðsta mannvirkið á svæðinu. Þetta lítið annað en grasdokk, hún er iðagræn og sker sig því nokkuð vel út úr lyngi vöxnu umhverfi sínu. Hún er svo til ferhyrnd en hefur spísslaga suðurhlið og er stærð hennar 4x3m og um 1m á dýpt, ekki er hægt að segja til um hvar dyr hefðu verið á henni nema kannski á suðurhliðinni þar sem hún dregst saman.


Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM XI, 301; Land og fólk, 325

NÞ-024:014 garðlag túngarður 66°01.296N 16°28.192V
Túngarður liggur umhverfis tún á Ási 001 að vestan, sunnan og austan en ekki að norðanverðu, hefur hann að öllum líkindum verið sléttaður þar.
Túngarðurinn liggur frá háum kletti sem er suðaustast í túninu og þaðan umhverfis slétt tún. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 260x300m að stærð. Þar sem garðurinn rís hæst er hann um 50-60 cm hár og um 80-100 cm breiður. Túngarðurinn hefur að öllum líkindum verið hlaðinn úr torfi og grjóti en hann er frekar illa farinn og má víða sjá grjótið standa út úr honum. Norðurhluti hans hefur verið sléttaður og sér hans ekki lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-024:015 *Ásrétt* tóft rétt 66°01.712N 16°27.707V
Alveg við gönguleið sem kallast Áshöfðahringur og austan við Ástjörn er rétt. Hún er um 220m suðaustan við sumarbúðir barna sem standa við Ástjörn og um 850m norðaustan við við íbúðarhús á Ási, sjá 001.
Réttin er á sléttlendi sem er mjög vaxið trjám, birki og víði, lítið er um lynggróður en mikið af grasi. Sennilegast er að gróðursett hafi verið í inn í réttinni.
Tóftin er sennilega að megninu til öll komin undir trjágróður nema norðvestur hornið sem enn er sýnilegt og allt grasivaxið . Sá hluti sem hægt er að greina er 20x11m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Yst í norðvesturhorninu er hólf a sem er 3x4m að stærð, norðaustan megin við það er hólf b sem er 5m breitt og alla vega 7m langt. Norðaustan megin við hólf b er svo hægt að greina hornið á þriðja hólfinu, einnig má greina fjórða hólfið suðaustan við hólf a og jafnvel það fimmta norðvestan við hólf a en svo er trjágróðurinn þéttur að ekki reyndist mögulegt að greina meira af réttinni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


NÞ-024:015 Horft til norðurs



NÞ-024:015 Horft til austurs



NÞ-024:016 Horft til austurs

NÞ-024:016 gerði rétt
66°01.285N 16°28.302V
Gerði er áfast túngarðinum 014 utanverðum, um 150m suðsuðvestur af bæ 001 og um 150m austsuðaustur af Nónhúsi 004.
Í jaðri túns.
Gerðið er 15x7m að stærð að túngarðinum meðtöldum og snýr í vestur og austur, er mikil og áberandi hleðsla í austurgafli þess og er þar einnig op sem er fyrir miðjum gafli en síðan er engin gafl á því til vesturs. Vegghleðslur eru 1m á hæð og tæpan 1m á breidd.
Sennilegast hefur þetta verið einhvers konar aðhald eða rétt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-024:017 *Hesthúshóll* örnefni hesthús 66°01.301N 16°28.364V
„Og suðaustur af bænarhúsunum er Elínarhóll. Suður af Elínarhól er Hesthúshóll," segir í örnefnaskrá. Vestan við Járnhrygg (sjá 003) er djúp lægð, en vestan við hana er síðan annar hár hóll eða hryggur, Hesthúshóll (Elínarhóll er norðvestur af bænhúsinu. Efst og austast á Hesthúshól er dálítil hólbunga sem sker sig nokkuð úr umhverfi sínu hvað varðar gróður (sneggra gras) og verður hann að teljast nokkuð líklegur rústahóll. Mögulega hefur hesthúsið staðið þar.
Hér hóll eða hryggur í túni.
Ekki sést til fornleifa. Líklega horfið fyrir 1917 þar sem húsið er ekki sýnt á túnakorti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ás, 1

NÞ-024:018 *Stekkjargil* örnefni stekkur 66°01.138N 16°26.864V



NÞ-024:018 Horft til norðurs

„…svo er einnig að norðaustanverðu samliggjandi tvö gil, sem liggja niður á sandinn og heita Stekkjargil og Dimmagil …" segir í örnefnaskrá. Um Stekkjargilið liggur göngustígur, var hann genginn og leitað að stekknum sem fannst ekki. Gilið er ekki sérlega bratt en ekki er heldur mikið um undirlendi í því. Líklegasta skýringin á því að stekkurinn finnst ekki er að hann hafi verið rifinn.
Stekkjargil er umkringt klettum til beggja hliða og er stórgrýtt, neðst í gilinu eru nokkrar litlar tjarnir.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ás, 2


NÞ-024:019 *Járnhryggur* heimild um rauðablástur 66°01.308N 16°28.228V

„Járnhryggur … í túninu er næstur gilinu að vestan. Á honum er Réttarhús (024:003),“ segir í örnefnaskrá. Járnhryggur liggur norður-suður í austurjaðri túnsins. Hafði heimildarmaður heyrt sagnir um að þar hafi járn verið unnið úr mýrarrauða sem tekinn var í mýrinni í gilinu austan við túnið.

Hár hryggur í túni.

Á Járnhrygg eru útihús sem kallast Réttarhús (024:003).

Hættumat: engin hætta



NÞ-024:019

NÞ-024:020 *Kofahæð* örnefni 66°01.208N 16°28.485V

„Austan þeirra [Hæða] er Kofahæð, og austur af henni beint suður af túninu er Hádegishæð,“ segir í örnefnaskrá. Kofahæð er um 300m suðsuðvestur frá bæ (024:001) á milli hæða sem eru skógi vaxnar og Hádegishæðar sem er beint suður frá bæ (024:001). Engar minjar eru sjáanlegar á Kofahæð.

Lyngi vaxin hæð.


Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ás, 3

NÞ-024:021 *Melhús* heimild um beitarhús 65°58.786N 16°29.849V

„Vestan Móanna og hæðanna heita Melar. Þetta er grávíðiland. Suðvestur af þeim er stykki, sem heitir Hryggir, þeir eru skógivaxnir. Suður af þeim eru Melshús, þar eru tættur,“ segir í örnefnaskrá. „Sagt er, að einhvern tímann hafi verið beitarhús frá Ási, þar sem heita Melshús. Heimamenn nefna þau alltaf Melhús,“ segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki fundust Melhús þegar þeirra var leitað en þau sjást greinilega á loftmynd og eru um 5km suðsuðvestan við bæ 001, um 1,7km suðvestan við Hvammssel 012 og um 2,3km norðaustan við Rauðhólasel 013.




NÞ-024:021 Uppdráttur: Sigurður Jónsson

Melhúsin eru í sendnu og uppblásnu svæði. Samkvæmt lýsingu Sigurðar Jónssonar í Garði eru Melhúsin um 13x13m að stærð, hlaðin úr hraungrýti og tvískipt. Mun hvert hólf vera um 11x5m að innanmáli og snúa þau norðnorðvestur og suðsuðaustur. Ekki minnist Sigurður á það hvort garðar hafi verið í húsunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ás, 3; Ö-Ás ath og viðb, 3; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um stekki, beitarhús og fleira.



NÞ-024:022


NÞ-024:022 tóft rétt 66°00.688N 16°28.313V
Rétt hefur verið byggð upp við innanverðan túngarð á Gilsbakka 008, er hún um 10-15m sunnan við tóft 008A og um 1,3km suður af bæ 001.
Í lyngi og víði vöxnu heiðarlandi.
Réttin er 34x28m að utanmáli og snýr vestur og austur. Í henni er hægt að greina 8 hólf. Hún er að öllum líkindum ekki tengd búsetu á Gilsbakka heldur seinni tíma smíði. Hún greinilegri en aðrar tóftir á svæðinu og heimildamenn gátu einnig staðfest að hún væri yngri. Upplýsingaskilti um gönguleiðir er við norðaustuhornið á réttinni, nálægt gjábarminum sem liggur meðfram austurhlið garðsins. Réttin er ferhyrnd og eru 5 hólf í vestari hluta hennar og liggja í einni röð frá suðri til norðurs, syðst er hólf a 8x3m að stærð, norðan við það hólf b, 8x4m að stærð, þá hólf c sem er 9x7m að stærð, hólf d sem er 9x1m að stærð og nyrst hólf e sem er 9x7m að stærð. Öll þessi hólf eða dilkar snúa vestur og austur. Almenningur er fyrir miðju og er hann 26x14m að stærð og snýr norður-suður. Tveir dilkar eru svo aust-



NÞ-024:022 Horft til vesturs

an við almenninginn (g og h), svo og eitt lítið hólf i í suðausturhorninu. Hólf g sem er í norðausturhorni réttarinnar er 8x8m að stærð en ekki reyndist unnt að greina vesturvegg á því hólfi og sama á við um hólf h sem er sunnan við hólf g en hólf h er 9x8 að stærð. Hægt var að greina op á hólfi b til austurs og einnig á almenningnum til norðurs. Syðriveggur almenningsins var ekki það skýr að hægt væri að greina skýrar dyr en þar eru tvö op, annað alveg við austurgaflinn á hólfi a og hitt við suðvesturhornið á hólfi i. Veggir réttarinnar eru um 1m á breidd og hleðsluhæð um 30cm. Réttin er mikið gróin og því þar ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í veggjum og svo þakin trjágróðri að sumstaðar var erfiðleikum bundið að komast að henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um Stekki, beitarhús og fleira.

NÞ-024:023 *Kúahvammur* tóft rétt 65°59.515N 16°27.916V



NÞ-024:023

„Suður af þeim [Hólum sem eru suðaustur af Gilsbakka] er smálaut, sem heitir Kúahvammur," segir í örnefnaskrá. Kúahvammur er 300-350m norðnorðaustan við Hvammsel 012 og um 2-2,5km sunnan við Gilsbakka 008. Í Kúahvammi er rétt og er hún umkringd klettum á allar hliðar nema í norður.
Réttin er öll umflotin vatni og rennur vatnið úr klettunum sem eru umhverfis réttina er vatnið mest að norðanverðu. Allt umhverfi tóftarinnar vaxið lyngi en sjálf er tóftin grasi vaxin, þó er stöku hrísla búin að festa þar rætur.



NÞ-024:023 Horft til vesturs

Réttin er í þröngum hvammi og fyllir hún svo til upp í hann. Hún er 28x36m að stærð, hleðsluhæð er um 60 cm, snýr austur og vestur og skiptist í 8 hólf. Miðhólfið hólf h eða almenningurinn er 16x12m að innanmáli, 4 hólf eða dilkar eru austan megin við almenningin hvert upp af öðru. Nyrst og fjærst klettunum er hólf a, 6x9m að stærð, sunnan við það er hólf b sem er 4x9m að stærð, sunnan við hólf b er hólf c sem er 5x9m að stærð og syðst er hólf d 7x8m að stærð. Vestan megin við almenningin eru 2 hólf, það nyrðra er hólf e, 9x5m að stærð, og það syðra, hólf f er 9x9m að stærð. Öll hólfin snúa vestur og austur. Sunnan megin við almenninginn og hólf f er hólf g og er það um 20x9 að stærð en mörk þess eru óljós, gengur öll suðurhlið þess upp í brekkuna sem umlykur réttina og það sama á reyndar við um hólf d. Ekki sáust nein op á dilkunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ás, 2

NÞ-024:024 garðlag óþekkt66°01.370N 16°28.068V
Syðst og austast við túnið í Ási er hár klettur, er hann þverhníptur og brattur nema vesturhlið hans sem snýr inn að túni, frá norðurenda hans liggur garðlag áþekkt túngarðinum eina 160m til norðurs. Það er 230-240m austan við bæ 001 og um 60-70m austan við austurhlið túngarðsins.
Liggur um slétt mólendi.
Graðlagið er 50-60 cm á hæð þar sem það rís hæst og um 80-100 cm breitt og liggur í norður og suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

NÞ-024:025 varða óþekkt 66°00.618N 16°28.322V


NÞ-024:025 Horft til norð-norð-austurs

Varða er 1,4km sunnan við bæ 001, um 100m sunnan við Gilsbakka 008 og 80-90m austan við bílslóða sem liggur frá Ásbænum upp á heiði.
Varðan stendur á stórgrýttum, grónum malarhólma.
Varðan er 1x1m að stærð í grunninn og um 1m á hæð, hún er strýtulaga og sæmilega hlaðin, öll vaxin skófum og lítið sem ekkert hrunin.
Hættumat: engin hætta


NÞ-024:026 Horft til suð-suð-austurs

NÞ-024:026 *Kallbjarg* heimild um ferju 6554.887N 1631.446V
„Kallbjarg, er milli Fornahv[amms] og Lambahv[amms]. Þar er talazt við yfir ána frá Hafurstöðum og Svínadal. Einnig eru þar dregnir yfir ána smábögglar á streng," segir í örnefnaskrá Svínadals. Kallbjarg er um 850m norðaustan við Svínadal NÞ-025:001 og um 12,2km suðsuðvestan við Ásbæinn 001.
Þverhnípt klettabjarg og er annað eins hinu megin við ánna.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur, 2

NÞ-024:027 *Myllubjarg* örnefni mylla 6554.736N 1631.686V
„Á fyrstu síðu, 4. l. að neðan, er minnzt á Myllubjarg. Það hverfur nálega alveg sunnan við Lambahvamminn. Þar lá leið [028] þeirra, sem fóru frá Svínadal niður á Kallbjargið, á meðan byggð var báðum megin árinnar," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Svínadals. „Í hörkuveðri fór Bjarni [Jónsson d. 1898] nokkuð frá bæ að taka vatnskraft af kornmyllu, sem Friðrik [J. Erlendsson d. xxxx] hafði smíðað og eftir skilið. Bjarni varð af með vettlinga sína við þetta verk og vöknaði auk þess allmikið, áður en hann fékk komið hömlu á myllulækinn," segir í Árbók Þingeyinga. Myllubjarg er um 12,5km suðsuðvestur af bæ í Ási 001 en um 300m norðaustur af Svínadal NÞ-025:001 og um 340-350m suðvestur af Kallbjargi 026.
Klettholt.
Staðsetning óljós, ekki sást neitt til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 1; Árbók Þingeyinga 1971, 79

NÞ-024:028 heimild um leið6554.884N 1631.309V
„Á fyrstu síðu, 4. l. að neðan, er minnzt á Myllubjarg [027]. Það hverfur nálega alveg sunnan við Lambahvamminn. Þar lá leið þeirra, sem fóru frá Svínadal niður á Kallbjargið, á meðan byggð var báðum megin árinnar," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Svínadals. Slóðinn sem farinn var frá bæ og að Kallbjargi er merktur á göngukort og liggur hann svo til beint frá bæ til norðvestur í áttina að Kallbjargi.
Slóðinn liggur um tún, mel og upp kletta.
Gatan er einföld en er ágætlega haldið við af ferðalöngum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 1

NÞ-024:029 *Nauteyri* örnefni 6554.115N 1629.452V
„Nauteyri var oft kölluð eyrin austan við Stallána. Þar stundum höfð naut og hlaðinn grjótgarður að sunnan," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Staðsetning er óljós og örnefnið Nauteyri er ekki þekkt en ætti samkvæt lýsingu að vera austan við Stallá og einhvers staðar hjá Stöllum. Gengið var um svæðið en ekki fannst neinn garður og var hnitið tekið á eyri sem er um 2,3km austsuðaustur af Svínadal NÞ-025:001 og um 1,3km norðaustur af Víðraseli 034.
Malareyri sem er nokkuð löng og liggur stallur eftir henni endilangri að hluta, er hún sumstaðar nokkuð stórgrýtt.
Ekki var hægt að finna neina hleðslu á svæðinu. Vel má vera að áin hafi rutt úr þessari hleðslu og það fyrir löngu þar sem þetta virðist óþekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 3

NÞ-024:030 *Ytrigarður* heimild um vörslugarð 6555.708N 1633.471V
„Ytrigarður hlaðinn þar á milli bjarga. Syðrigarður [031] syðst í Vesturdal, sem var bezti hagi fyrir fé og gripi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Svínadals. Ytrigarður er um 2,4km norðnorðvestur af Svínadal NÞ-025:001, um 1,2km norðar en Syðrigarður 031 og um 11,1km suðsuðvestan við bæ á Ási 001.


NÞ-024:030 Horft til vesturs

Ytrigarður liggur í sléttu en frekar gróðurléttu landi og vex birki sumstaðar upp að honum. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og liggur þvert yfir dalverpi, hann er um 90cm á hæð, um 5-7 umför og um 50cm á breidd, er hleðslan tvöföld að neðan en bara einföld að ofan. Vegurinn inn Svínadal, sem er lokaður allri umferð bíla þegar þetta er ritað, liggur í gegnum garðinn sem er um 120m að lengd. Garðurinn liggur frá björgum austan megin og að björgum að vesta verðu en þar við björgin rennur djúpur lækur og fjarar hleðslan út 40m áður en hún kemur að þessum læk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 5

NÞ-024:031 *Syðrigarður* heimild um vörslugarð 6555.116N 1633.586V
„Ytrigarður hlaðinn þar á milli bjarga. Syðrigarður syðst í Vesturdal, sem var bezti hagi fyrir fé og gripi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Svínadals. Syðrigarður er um 1,4km norðvestur af Svínadal NÞ-025:001, um 1,2km sunnan við Ytrigarð 030 og um 12,1km suðsuðvestan við bæ á Ási 001.


NÞ-024:031 Horft til suð-vesturs


Garðhleðslan er við rætur nokkuð hárrar og brattrar hæðar og liggur að læk sem þar rennur fyrir neðan, mikill gróður er við hleðsluna.
Syðrigarður er grjóthlaðinn og liggur frá bjargi í vestri og að læk en austustu 20m er garðurinn þó úr torfi og grjóti. Bæði torfhleðslan og grjóthleðslan eru svipað háar, um 60cm og um 50cm á breidd, er grjóthleðslan um 3-4 umför og eiginlega bara einföld. Garðurinn er um 70m á lengd og saman afmarka garðarnir svæði sem er um 0,5x1km að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 5

NÞ-024:032 hleðsla rétt 6554.603N 1631.459V
Um 750m austnorðaustur af bæjarhól í Svínadal NÞ-025:001 er hraunbolli með grjóthleðslum og hefur væntanlega verið notaður sem einhvers konar aðhald eða rétt. Þetta er um 530m beint suður af Kallbjargi 026.
Gróinn hraunbolli.
Hraunbollinn hefur nokkrar grjóthleðslur umhverfis barminn og eru hleðslurnar misháar og mislangar. Fer hæð þeirra og lengd eftir aðstæðum hverju sinni og er þeim ætlað að hækka veggi bollans. Þar sem veggir bollans eru brattir og háir eru engar hleðslur en þar sem koma dældir í barminn og hann ekki eins hár hefur grjóthleðslum verið bætt við. Bollinn er um 40x15m að innanmáli og snýr í norðvestur og suðaustur.


NÞ-024:032 Horft til suð-austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um stekki, beitarhús og fleira,

NÞ-024:033 Fornasel




NÞ-024:033 *Fornasel* bæjarstæði býli 6553.449N 1631.249V

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Geithús [011], Huams Sel [012], Raudhola Sel [013], Suinadals Sel [NÞ-025] og Forna Sel kallast nú fimm eyðiból hjer í landinu, og eru sýnileg byggíngameri á sjerhvörju þeirra. Ekkert þessara eyðibóla hefur bygt verið í manna minni nema Svínadalssel, það var seinast bygt fyrir vel 60 árum.“ „Sunnan við mýrar, norðan við Svínadalsháls,“ segir í Landi og fólki. „Fornasel, er gamalt eyðibýli austur af Sl[ægju]fleti. Fornidalur, suðaustur af Fornaseli, mjög vel gróinn, ekki stór,“ segir í örnefnaskrá. „Fornasel. Eyðibýli um einn og hálfan km suður frá Svínadal, skammt vestan við vestari Víðra,“ segir í skýrslu Sigurðar Jónssonar Í Garði. Fornasel er tóftasvæði sem er um 14,8km suðsuðvestur af bæ í Ási 001, um 2,1km norðnorðvestur af Svínadalsseli NÞ-025. Þá eru um 200m á milli túngarða á Fornaseli og Víðraseli 034. Tóftasvæðið samanstendur af 5 tóftum, 5 gerðum og túngarði sem afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur.

Tóftasvæðið er við rætur fells og hallar land til norðurs, er svæðið mikið gróið trjám og kjarri.



NÞ-024:033 Horft til suðurs




NÞ-024:033A

Tóft A er suðvestarlega innan túngarðsins, um 20m norðan við gerði F og um 120m vestan við tóft C. Tóftin er í rótum fells og hallar landið til norðurs. Mjög erfitt reyndist að átta sig á hólfaskiptingu í tóftinni sökum mikils trjávaxtar sem nær meðalmanni upp að bringu en sjálf tóftin er á hól eins og flestar aðrar hér innan túngarðsins og því sæmilega áberandi. Tóftin virðist vera um 28x14m að stærð og snýr norður og suður. Greina má a.m.k. 6 hólf en sennilega eru þau fleiri. Hólfin sem hægt var að greina skiptust niður á tvær hólfaraðir, sú vestari hefur 3 hólf, I, II og III sem eru öll um 3x4m að innanmáli. Syðst er hólf I og nyrst hólf III sem er reyndar aðeins stærra en hólf I og II eða um 4x4m að innanmáli, einnig var hægt að greina op á hólfi III syðst á austurvegg sem virtist liggja að hólfi IV sem tilheyrir eystri hólfaröðinni. Hólf IV er 6x4m að innanmáli og snýr norður og suður, sunnan við hólf IV er hólf V sem er syðsta hólfið austan til og er það 6x4m að innanmáli. Milli hólfs IV og V er mjög þéttur gróður og má vel vera að þar leynist eitt hólf til viðbótar, er svæðið alveg nógu stórt til þess en það reyndist ómögulegt að gera nokkrar mælingar þar. Norðan við hólf IV er svo hólf VI sem kemur eins og viðbygging austan megin við norðurenda tóftarinnar og er það 5x4m að innanmáli og er op á því syðst á vesturgafli. Vegghleðslur eru þykkar og voldugar, um 1m á hæð og um 2-3m á breidd er líklegt að þetta hafi verið bústaður. Túngarðurinn (B) á Fornaseli afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur og liggur umhverfis tóftir A, E og G en þar sem ekki var hægt að rekja norðvesturhlið hans er ekki gott að segja hvort tóftir H og I hafi verið innan garðs eða utan.
Garðurinn liggur í landi sem hallar nokkuð til norðurs. Er mikill skógur efst og syðst í túngarðinum en nyrst og neðst liggur hann ofan í mýri. Eins og áður sagði liggur tóftasvæðið í nokkrum halla og er sá hlutI túngarðsins sem er efst í brekkunni og syðst, hulinn skógi á kafla og verður vart genginn. Túngarðurinn er nokkuð skýr syðst og að austanverðu, síðan tekur hann beygju og liggur til norðvesturs, þar nyrst hverfur hann ofan í mýri hjá tóft J. Syðst og vestast virðist hann taka nokkuð krappa beygju til norðurs og var ekki hægt að rekja hann lengra og því virðist sem hann endi nokkuð snögglega frekar ofarlega í brekkunni. Við þann enda er gerði D áfast við hann innanverðan. Túngarðurinn virðist hafa haldið sér betur ofar í landinu og er hann þar um 80cm á hæð og um 150cm á breidd en neðar við mýrina er hann lægri og sennilega eitthvað sokkinn í mýrina, þar mældist hann um 50cm á hæð. Suðaustast innan túngarðsins er gerði K og er garðlagið sem afmarkar það mjög áþekkt túngarðinum. Gerði þetta er 40x50m að stærð og er mikill gróður innan þess. Vel má vera að þar leynist mannvirki.



NÞ-024:033C Horft til vesturs

Tóft C er um 120m austan við tóft A, um 100

SV við tóft G og áföst garði K og er hún á kafi í lyngi og kjarrgróðri. Tóftin er 11x6m að stærð að meðtöldu garðlaginu og snýr í suðvestur og norðaustur, hún er 7x1,5m að innanmáli og er einföld. Op er á tóftinni suðvestast til norðvesturs í gegnum garðlagið sem tóftin er byggð upp við og síðan er annað op á gerðinu sjálfu þétt upp við tóftina suðvestan megin. Norðvestan megin við tóftina



NÞ-024:033C



NÞ-024:033D




NÞ-024:033D Horft til norð-norð-austur

og samsíða henni, framan við opin, rennur lítill lækur sem sennilega rann þar ekki þegar tóftirnar voru í notkun. Vegghleðslur eru þykkar og ávalar, um 2m á breidd og um 80cm á hæð.

Tóft D er áföst norðurenda túngarðsins vestast og virðist sem túngarðurinn endi hjá tóftinni er tóftin alveg á kafi í lyngi og kjarrgróðri. Hún er 60m vestsuðvestan við tóft A og um 60 sunnan við tóft I. Tóftin 18x7m að stærð að meðtöldum túngarðinum og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur, hún er tvískipt og er nyrðra hólfið 9x3m að innanmáli en það syðra 4x3m að innanmáli. Op er á milli hólfanna við vesturlanghliðina en ekki var hægt að sjá neitt op á útvegg.

Suðaustast við innanverðan túngarðinn og áfast honum er garðlag sem myndar gerði K við túngarðinn sem afmarkar svæði sem er 50x40m að stærð. Norðan við þetta gerði og um 5m norðan við suðurhlið túngarðsins er tóft (E), 100m austsuðaustan við tóft A og er hún svo til á kafi í kjarrgróðri.

Tóft E er 4x4m að stærð og einföld og er ekki hægt að greina




NÞ-024:033E



NÞ-024:033F Horft til norðurs



NÞ-024:033G Horft til suð-austurs




NÞ-024:033G

neitt skýrt op á henni. Hleðsluhæð veggja eru um 30cm að hæð og um 1m að breidd, eru hleðslur mjög rúnnaðar og signar.


Gerði (F) er um 20m sunnan við tóft A og um 110m vestan við gerði C. Gerðið er í landi sem hallar til norðurs, allt á kafi í kjarrgróðri. Gerðið er 14x10m að stærð og snýr norður og suður, það er 10x6m að innanmáli og er op á því vestast á norðurgafli. Vegghleðslur eru 40-50cm á hæð og um 2m á breidd og er tóftin á smá hæð eins og flestar aðrar tóftir á svæðinu.

Tóft G er austast innan túngarðs um 100 norðaustan við tóft C og um 200m austnorðaustan við tóft A. Tóftin er við rætur fells og hallar land til norðurs. Tóftin er 23x18m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, hún skiptist í 5 hólf og er „L“-lag á henni. Nyrst er hólf I sem er 5x3m að innanmáli og snýr það norðnorðvestur og suðsuðaustur, suðsuðaustan við þetta hólf er hólf II sem er 3x2m að innanmáli og snýr það eins og hólf I. Hólf III er suðvestan við hólf II og er op á því austast á norðvestur langhliðinni. Sunnan við hólf III er hólf IV sem er 3x2m að innanmáli og snýr það eins og hólf III en ekki var hægt að greina neinn gafl á því til Norðausturs. Annað op er á hólfi IV fyrir miðjum suðvesturgafli að hólfi V sem er 3x2m að innanmáli og snýr það eins og hólf IV. Hólf VI er suðvestast og er það 2x1m að innanmáli og snýr það þvert á hólf V, var ekki hægt að greina neitt op á því. Tóftin er á lágri hæð öll á kafi í kjarri og mikið af loðvíði og gulvíði í henni, eru veggir þykkir og stæðilegir eða um 2m á breidd og um 80cm á hæð.

Tóft H er 40m vestan við tóft A og um 30m suðsuðaustan við tóft I. Ekki er með öllu ljóst hvort þessi tóft hafi verið innan túngarðs eða utan hans hafi endar túngarðsins yfir höfuð náð saman. Tóftin er öll á kafi í víði. Tóftin er 30x14m að stærð og snýr norður og suður. Hún virðist skiptast í 5 hólf og er nyrst hólf A sem er 13x4m að innanmáli og snýr það norður og suður. Eftir því miðju virðist sem rás eða skurður liggi eftir því endilöngu og svo er kimi út úr því nyrst til



NÞ-024:033H


NÞ-024:033H Horft til suð-suð-vesturs


NÞ-024:033I Horft til suðurs




NÞ-024:033I

vesturs sem er 3x2m að stærð. Vestan við hólf A er hólf B sem er 3x2m að innanmáli og snýr það vestur og austur, hólf C sem er sunnan við hólf B og vestan við hólf A er 3x1m að innanmáli og snýr norður og suður. Sunnan við hólf A er hólf D, 4x1,5m að innanmáli og snýr vestur og austur og syðst er svo er hólf E sem er 7x3m að innanmáli og snýr norður og suður en enginn gafl er á því hólfi til suðurs. Ekki var hægt að greina nein op á tóftinni né milli hólfa, veggir eru þykkir og stæðilegir um 2m á breidd og um 40cm á hæð en rúnnaðir og signir. Tóftin er á hæð en ekki var hægt að greina neina upphleðslu undir henni.

Tóft I er um 30m norðnorðvestan við tóft H og um 60m sunnan við tóft D. Tóftin er á kafi í þéttvöxnu lyngi. Tóftin er 20x9m að stærð og snýr norður og suður. Hún er tvískipt og er syðra hólfið 3x4m að innanmáli en nyrðra hólfið 8x3m að innanmáli. Það er nokkuð sérstakt við þessa tóft hve lítið kjarr er í henni en vegghleðslur líta út fyrir að vera nokkuð útflattar og sjást í raun bara sem lágar aflangar bungur sem eru um 2m á breidd og um 30cm á hæð.



NÞ-024:033J Horft til suð-vesturs



NÞ-024:033J

Tóft J er sunnan megin við vesturenda túngarðsins þar sem hann endar eða hverfur, um 150m norðaustur af tóft A og 140m norðvestur af tóft G. Tóftin er í mýri sem er grösug en mikið af víði er í henni líka. Tóftin er um 11x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Greina má 3 hólf í því en vegghleðslur eru mjög þýfðar og óreglulegar, auk þess að vera sennilega eitthvað sokknar í mýrina. Mögulega gæti þetta verið einhvers konar kró eða jafnvel lítill stekkur. Stærsta hólfið er vestast og er það 3x3m að innanmáli en hin hólfin eru bæði austan megin við það og mjög óregluleg, eru þau um 2x2m að innanmáli. Vestan við tóftina virðist túngarðurinn fjara út, er hugsanlega sokkinn í mýrina en tóftin tengist mögulega túngarðinum sunnanmegin. Gerði K er suðaustast við innanverðan túngarðinn og afmarkast af garðlagi sem afmarkar svæði sem er 50x40m að stærð. Nyrst og innan þessa svæðis áfast garðlaginu er tóft (C). Ekki er hægt að sjá neinn mun á garðlaginu sem afmarkar gerðið eða túngarðinum B, er hleðsluhæð um 80 cm og breidd um 150cm

Hættumat: hætta, vegna skógræktar


Heimildir: JÁM XI, 301; Land og fólk, 325; Ö-Svínadalur, 3; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi.

NÞ-024:034 *Víðrasel* tóftaþyrping óþekkt 6553.552N 1630.669V

Víðrasel er í raun nafnlaust eyðibýli sem hvergi




NÞ-024:034A Horft til norð-norð-austurs



NÞ-024:034A

NÞ-024:034 Viðrasel



er getið í neinum heimildum, nafnið sem býlinu er gefið hér kemur frá Sigurði í Garði og á það ágætlega við þar sem býlið er allt á kafi í víði en auk þess þá notast Sigurður við örnefni sem er í nágrenninu en Austurvíðrar heitir flatlendið norður af Víðraseli og austur af Eyjaás en hvort þetta tóftasvæði hafi verið sel er ómögulegt að segja til um og mætti þess vegna kalla það Víðragerði en hér ætla ég þó að halda mig við nafngift Sigurðar. Víðrasel er norðaustan við Fornasel 033 og eru um 190-200m á milli túngarðanna, það er um 2,2km suðaustur af Svínadal NÞ-025 og um 14,6km suður af bæ í Ási 001. Víðrasel er tóftasvæði sem er samanstendur af 4 tóftum og túngarði sem afmarkar svæði sem er 150x100m að stærð og snýr norður og suður. Allar tóftirnar sem fundust voru syðst og efst innan túngarðsins.


Tóftasvæðið er í nokkurri brekku og renna tveir lækir samsíða túngarðinum sitt hvoru megin, er tóftasvæðið á kafi í kjarrgróðri en norðan við það er síðan nokkuð flatt mýrlendi.

Tóft A er um 15m frá suðausturhorni túngarðsins (B), um 25m austsuðaustur af tóft D og um 25m austnorðaustur af tóft C. Tóftin er á kafi í loðvíði. Tóftin er 13x11m að stærð og snýr vestur og austur, hún er gjörsamlega á kafi í kjarrgróðri og erfitt að segja til um hólfaskiptingu. Sennilega hafa verið tvö hólf norðan megin í tóftinni, það vestara 3x3m að innanmáli og það eystra 5x3m að innanmáli en það reyndist með öllu ómögulegt að átta sig á suðurhlutanum. Vegghleðslur eru um 40-60cm á hæð og um 2m að breidd, ekki var hægt að sjá op eða grjóthleðslur í veggjum.

Túngarður B liggur umhverfis tóftasvæðið og afmarkar svæði sem er 150x100m að stærð og snýr norður og suður. Tveir lækir renna utan við túngarðinn beggja vegna. Aðstæður: Tóftasvæðið er í nokkrum halla sem liggur til norðurs og er mjög kjarri vaxið. Túngarðurinn á Víðraseli nær ekki endum saman syðst og ekki heldur að norðaustan en að austanverðu er hann á lækjarbakka sem er frekar djúpur og brattur og má vera að notast hafi verið við það sem náttúrulegt aðhald. Túngarðurinn að vestan er ekki eins nálægt læknum sem rennur vestan megin. Túngarðurinn er um 2m á



NÞ-024:034B Horft til norð-norð-austurs



NÞ-024:034C


breidd og um 70cm á hæð en hann er hæstur að norðvestan og er þar um 120cm á hæð.
Tóft C er um 20m sunnan við þúst D og um 20m vestsuðvestan við tóft A, hún er upp við brekku eða hæð, í landi sem hallar til norðurs.
Tóftin er 20x7m að stærð og snýr vestur og austur, hún virðist vera tvískipt en hún er á kafi í kjarrgróðri svo erfitt er á átta sig á henni til fullnustu. Vestara hólfið 14x3m að innanmáli og eru tvö op á því, eitt fyrir




NÞ-024:034C Horft til austurs



NÞ-024:034E Horft til austurs



NÞ-024:034D



NÞ-024:034E

miðjum norðurvegg en hitt fyrir miðjum austurgafli, liggur það op að öðru hólfi sem er 3x1,5m að innanmáli og er engin austurgafl á því. Að sunnan er tóftin byggð upp að hlíð eða hæð og er ekkert ytrabyrði á tóftinni þeim megin, eru veggir mjög rúnnaðir og signir er hleðsluhæð þeirra samt um 1m og breidd um 2m. Gras er í botni tóftarinnar sem er nokkuð óvenjulegt fyrir tóftir á þessu svæði. Ekki var hægt að sjá neinar grjóthleðslur í vegghleðslum.

Þúst D er mjög óljós, hún er um 20m norðan við tóft C og um 25m vestnorðvestan við tóft A. Tóftin, sem er á kafi í loðvíði, er 7x6m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er einföld og mun vera um 3x4m að innanmáli. Hún er öll á kafi í víði svo ekki er hægt að sjá neitt op á henni og einnig er erfitt að gera sér grein fyrir veggjahæð en hún er kannski um 30cm og veggbreidd er um 150cm. Ekki er hægt á sjá neinar grjóthleðslur í þústinni.
Tóft E er alveg syðst við túngarðinn, um 15m sunnan við tóft C og um 40m suðvestan við tóft A. Tóftin er 11x3m að innanmáli og snýr vestur og austur, það er engin vesturgafl á henni og er hún að öllum líkindum niðurgrafin í hól. Því er kannski ekki rétt að tala um vegghleðslur en þær náttúrulegu hliðar sem mynda tóftina eru um 3m á breidd og um 1m á hæð og síðan er ekkert ytribyrði á austurgaflinum sem gengur beint inn í aflíðandi landið.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi;

NÞ-024:035 *Kvíar* örnefni kvíar 65°57.875N 16°31.042V
„Þar fyrir sunnan hækkar landið á ný og er skógivaxið. Þetta svæði heitir Röndinni tekur við svæði, sem er mýri og er nefnd Mýri. Suður af þeim eru klettar, sem nefndir eru Kvíar," segir í örnefnaskrá. Kvíar eru 6,8km suðsuðvestan við bæ í Ási 001 og 520-530m austsuðaustan við Rauðhólasel 013.
Kvíaörnefnið er að öllum líkindum tilkomið vegna náttúrulegra aðstæðna þar sem klettaveggir mynda stórar gjár sem eru opnar til suðurs.
Ekki fundust nein merki um hleðslur eða annað manngert á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ás, 2

NÞ-024:036 þúst óþekkt 6553.799N 1630.949V
Hóll er um 360m norðnorðvestur af Víðraseli 034 og um 1,6km suðaustur af Svínadal NÞ-025:001. Hóllinn er hugsanlega manngerður því að hann virðist vera eini hóllinn í annars flötu grunnu dalverpi rétt norður af Fornaseli og Víðraseli en sunnan við Svínadal.
Hóllinn er stakur í frekar flötu landi og er gróðurhulan nokkuð þunn.
Hóllinn er 11x5m að stærð og snýr norður og suður og er um 1m á hæð. Ekki ber á neinu stórgrýti umhverfis hólinn.
Hættumat: engin hætta


NÞ-024:036 Horft til suðurs

NÞ-024:037 frásögn ferja 6555.518N 1631.823V



NÞ-024:037 Horft til norðurs


Karl og Kerling eru tveir stórir klettadrangar sem standa á bökkum Jökulsár á Fjöllum, rétt vestan við þau er lygna á ánni og góðar eyrar beggja vegna. Á vetrum var þar ferjað yfir ánna á pramma. Kom Bjarmalandsbóndinn með pramman að ánni að hausti eða að vetri til en áin er oft straumhörð að sumri til. Var pramminn mikið notaður af bóndanum frá Bjarmalandi en einnig af fólki frá Hafurstöðum og Svínadal. Er þessi ferjustaður um 11,6km sunnan við bæ í Ási 001 en um 1,9km norðan við bæ í Svínadal NÞ-025:001. Ekki var hægt að sjá neinn augljósan slóða að ferjustaðnum.

Eyrarnar beggja vegna eru sléttar og lágar og því góður lendingarstaður en nokkuð bratt og stórgrýtt er niður á sandinn að vestanverðu, það er að segja Svínadalsmegin.

Hættumat: engin hætta

Svínadalur, Kelduneshreppi


Stærð túna: 1,9 ha vitlaust
Þar af slétt: 1,0 ha vitlaust
Stærð matjurtagarða: ? m2



NÞ-025 Svínadalur

5 hdr 1840. Svínadalssel eyðiból 1712, Svínadalur sennilega byggt á tóftum selsins þó það sé ekki vitað. 1712: „Úthagarnir mikið víðlendir og góðir til fjallsins, en lakir heim um sig, og verður því að brúka selför á Svínadal, sem er fjáróðúngur þingmannaleiðar áleiðis.“ JÁM XI, 299. „Jörðin var um langt skeið sjálfstæð og land hennar afmarkað. Er Svínadalsland nú hluti Þjóðgarðarins í Jökulsárgljúfrum.“ Land og fólk, 320 „Stundum var tvíbýli í Svínadal. Björn Halldórsson: „Hugleiðingar um heiðarbýli“, 78. Í eyði frá 1947.
1917: Tún 4,5ha, 2/5 slétt. „Þarna var því mjög afskekkt en gott til búskapar, landgæði mikil og engjar grösugar.“ Land og fólk, 320.

NÞ-025:001 *Svínadalur* bæjarhóll býli/sel 6554.504N 1632.409V



NÞ-025:001

Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: „Geithús, Huams Sel, Raudhola Sel, Suinadals Sel og Forna Sel kallast nú fimm eyðiból hjer í landinu, og eru sýnileg byggíngamerki á sjerhvörju þeirra. Ekkert þessara eyðibóla hefur bygt verið í manna minni nema Svínadalssel, þar var seinast bygt fyrir vel 60 árum.“„Svínadalur (Svínadalssel). Býlið mun upphaflega byggt í landi Áss og nefnt Svínadalssel. Það er nefnt eyðiból 1712 og mun Svínadalur byggður eftir það. Jörðin var um langt skeið sjálfstæð og land hennar afmarkað. Er Svínadalsland nú hluti Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Bærinn stóð í samnefndum dal, líklega á rústum Svínadalssels, um 15 km suður frá Ási skammt vestan Jökulsár…. Í eyði frá 1947,“ segir í Landi og fólki. Að bænum í Svínadal lá bílfær vegur en honum hefur ekki verið haldið við og hefur nokkuð brotnað úr honum. Því er varla nema fyrir kunnuga að fara eftir honum en síðan liggur hann innan þjóðgarðs og er því öll umferð á honum bönnuð. Þó má fylgja þessum vegi heim að Svínadalstúni. Sjálfur bæjarhóllinn í Svínadal er miðsvæðis innan túngarðs sem afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð og snýr nokkurn veginn norður og suður. Allar þær tóftir sem tilheyra Svínadal eru innan þessa túngarðs en þær fornleifar sem minnst er á í örnefnaskrá Svínadals og eru utan túngarðs eru skráðar með Ási NÞ-024. Bæjarhóllinn er í túni sem hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Bæjarhóllinn er um 50x40m að stærð og snýr suðsuðvestur og norðnorðaustur. Þær hleðslur sem þar má sjá eru sennilega ekki nema að litlum hluta lýsandi fyrir bæinn eða íbúðarhúsið sem þar stóð síðast og var rifið 1946 því í rústina var byggður gangnamannaskáli sem var í notkun til 1970. Þó er til teikning af því hvernig síðasti bær var skipulagður, er sú teikning gerð af Sigurði Jónssyni í Garði.Það sem greina má á bæjarhólnum er eiginlega 3 tóftir. Sú nyrsta er 23x12m að stærð og snýr

vestur og austur, hún skiptist í 4 hólf. Austast eru tvö hólf sem liggja í norður og suður, það syðra er 4x2,5m að innanmáli og snýr norður-suður en nyrðra hólfið er 5x3m að innanmáli og snýr vestur og austur og er op á milli þeirra. Vestan við nyrðra hólfið er hólf sem er 6x4m að innanmáli og snýr það vestur og austur, sjá mátti op á því fyrir miðri norðurhlið og vestan megin við það er ysta hólfið þeim megin 7x4m að innanmáli. Á því er enginn suðurgafl. Vesturveggurinn á því hólfi er áberandi lengri en austurhlið þess sem gæti gefið til kynna að eitthvað vanti á suðurhluta þessarar tóftar en sunnan við hana er tóft sem sennilega er yngri, líklega leifarnar af gangnamannakofanum. Hún er einföld, 12x7m að stærð og snýr vestur og austur og er op á henni fyrir miðjum vesturgafli. Austan við hana er óljós þúst sem er 6x5m að stærð, einföld og snýr norður og suður. Sunnan við tóftina af gangnamannakofanum er nokkuð áberandi steinn sem sennilega hefur verið hestasteinn. Syðst á hólnum er svo ferhyrnt gerði sem sennilega hefur verið sáðreitur, 16x10m að stærð og snýr austur og vestur. Hleðslur veggja eru nokkuð misjafnar en þar sem þær eru veglegastar eru þær um 2m á breidd og um 1m hæð og, úr torfi og grjóti. Ekki kemur fram á teikningu Sigurðar af Svíndalsbænum hversu stór hann hefur verið en í texta kemur fram að hann hefur verið á tveim hæðum. Þar kemur einnig fram að frá eldavélarhús og eldhús hafa verið miðsvæðis í bænum og að gengið hafi verið frá Eldavélarhúsi upp stiga til fremri baðstofu en undir baðstofunni var fjós. Ef reynt er að rýna í uppdrátt Sigurðar til að átta sig á þeim tóftarbrotum sem eftir eru á bæjarhólnum þá má ætla að hólfið lengst til vinstri hafi verið fjósið sem var undir fremri baðstofuni. Samkvæmt uppdrættinum var búr austan við fjósið og svo smiðja austan við hana og svo, sunnan við smiðjuna var stofa. Þessi herbergi sem hér hafa verið nefnd eiga hugsanlega við þau rými sem enn er hægt að sjá til. Enn fremur gæti þústin sem er austan við gangnamannatóftina verið leifar af skemmu sem samkvæmt uppdrættinum var sunnan bæjardyra og stofu þeirrar sem minnst var á hér áðan.




NÞ-025:001 Horft til suð-austurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 301; Land og fólk, 320; Túnakort 1918; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli

NÞ-025:002 *Kirkjuhóll* tóft bænhús
6554.521N 1632.397V

„Kirkjuhóll norðan við bæinn. Þar bænhús (?) og sá fyrir leiðum," segir í örnefnaskrá. Kirkjuhóll er um 20m norðnorðaustan við bæjarhól 001 og um 50m suðaustan við tóft 003. Sléttað hefur verið yfir tóftina og garðlag sem legið hefur umhverfis. Af útliti að dæma bendir allt til þess að þarna hafi staðið bænhús og garður umhverfis. Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld. Ekki er hægt að greina tóft sökum þess að reynt



NÞ-025:002




NÞ-025:002 Horft til norð-austurs

hefur verið að slétta tóftirnar út en þúst þar sem hús hefur væntanlega staðið er nokkuð greinileg og er hún 12x6m að stærð, egglaga og snýr austur og vestur. Þústin er áberandi grösug og er upphleðsla hennar um 50-60cm. Umhverfis þústina er lágur hryggur sem myndar hring umhverfis þústina og má ætla að þetta séu leifarnar af garðlagi sem legið hefur umhverfis bænhúsið, er hann einna óskýrastur að vestan en þar er eins og hann sameinist þústinni. Að sunnanverðu er síðan eins og hryggur liggi frá þústinni og að hringgarðinum. Hryggurinn er um 20cm hár og 1m á breidd og afmarkar hann svæði sem er 20x20m að stærð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur ath og viðb, 5



NÞ-025:003 Horft til vesturs



NÞ-025:003

NÞ-025:003 tóft fjárhús 6554.545N 1632.440V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 80m norðnorðvestan við bæjarhól 00. Þar er tóft sem er sennilega af fjárhúsum, um 90m vestan við Flóventshús 004 og um 40m austan við vesturhlið túngarðsins 023.
Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 14x7m að stærð og snýr austur og vestur. Hún er sennilgea af fjárhúsum og lítilli hlöðu. Fjárhúsin eru 7x4m að innanmáli og liggur garði eftir þeim endilöngum sem er um 30cm hár og um 1m að breidd, op er á fjárhúsunum til austur. Vegghleðslur eru um 160cm á hæð og um 150cm á breidd. Hlaðan er 4x3m að innanmáli og er vestan við fjárhúsin, hún er dýpri en fjárhúsin og er mögulega op á henni til vesturs fyrir miðjum vesturgafli. Vegghleðslur eru um 2m á hæð innan hlöðunnar en annars eru vegghleðslur svipaðar og í fjárhúsunum, eru þær úr torfi og grjóti og má telja um 5-6 umför af hleðslum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi


NÞ-025:004 *Flóventshús* tóft hesthús 6554.544N 1632.317V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 100m norðaustan við bæjarhól 001 og samkvæmt skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði var það hesthús. Hún er um 90m austan við fjárhús 003 og um 110m norðan við brunnhús 007. Heimildarmaður minn kallaði þetta hús Flóventshús og mun það heita í höfuðið á Flóventi Jónssyni sem bóndi var í Svínadal 1887-1894. Sennilega hefur hlutverki þessa húss verið breytt því ekki verður betur séð en að það hafi þjónað sem fjárhús á síðasta notkunarstigi.



NÞ-025:004 Horft til austurs

Í sléttu grösugu túni og liggur rafmagnsgirðing umhverfis tóftina ásamt smá skika og er girðingin ætluð hestum ferðamanna sem eiga leið um svæðið.



NÞ-025:004

Tóftin er 21x13m að stærð og snýr austur og vestur, hefur henni sennilega verið breytt eftir að hún lauk sínu upphaflega hlutverki. Heimildarmenn segja að hér hafi staðið hesthús en tóftin sem eftir stendur hefur síðast þjónað sem fjárhús, óljós veggbrot við tóftina sína aftur á móti að henni hefur verið breytt. Vera má að þær breytingar sem tóftin hefur orðið fyrir standi í einhverjum tengslum við þá umferð gangnamanna sem leið hafa átt um staðinn, að henni hafi verið breytt í fjárhús. Ummerki breytinganna er helst að greina í því að óljós veggbrot eru vestan og norðan við fjárhúsin sem er 15x6m að innanmáli. Þessi veggbrot eru mun breiðari og signari en veggir fjárhúsanna sem eru um 160cm á hæð og um 1m á breidd, hlaðnir úr torfi og grjóti. Þessi óljósu veggbrot sem eru norðan og vestan við fjárhúsin eru um 2m á breidd og um 30cm á hæð, mynda þau hólf á móti vesturgafli fjárhúsanna sem er 9x2m að innanmáli og snýr norður-suður. Stórt gat eða bil er á milli veggbrotanna sem er um 5m að stærð. Nyrðra veggbrotið hefur væntanlega myndað horn á tóft sem nú er horfin og fjarar norðurveggurinn út til austurs. Í fjárhúsunum liggur steyptur garði eftir eftir þeim endilöngum og er op á þeim nyrst á austurgafli.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-025:005 tóft fjárhús
6554.437N 1632.387V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 120m sunnan við bæjarhól 001. Þar er tóft af fjárhúsum. Þetta er um 120m suðvestan við brunnhús 007 og um 90m suðsuðaustan við Nónhús 006.



NÞ-025:005 Horft til vest-norð-vesturs




NÞ-025:005

Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 19x10m að stærð og snýr vestnorðvestur og austsuðaustur. hún er þrískipt og skiptist hún í fjárhús og tvær hlöður. Fjárhúsið er austast og er það um 9x4m að innanmáli, eftir því endilöngu liggur holur steyptur garði sem er um 40cm á hæð og á því er op nyrst á austurgafli. Vegghleðslur fjárhússins eru um 120cm á hæð og um150cm á breidd. Hlaða er vestan við fjárhúsin 5x3m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin, er op á milli fjárhúsanna og hlöðunnar beint ofan við garðann en síðan er einnig op á hlöðunni fyrir miðjum suðurgafli. Hlaðan er dýpri en fjárhúsin og eru veggir hennar um 2m á hæð að innanverðu. Síðan er líklegast önnur hlaða vestan við þá fyrri, hún er 4x3m að innanmáli og snýr eins og hin fyrri en hún er ekki alveg eins djúp, er vegghæð þar um 150cm að innanverðu og er engin gafl á henni til suðsuðvesturs. Norðaustan við fjárhúsin og hlöðuna sem er næst fjárhúsunum er sennilega heystæði, 3x3m að stærð afmarkað af grannri torfhleðslu sem er 30cm á hæð og um 30cm á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-025:006 *Nónhús* tóft fjárhús 6554.468N 1632.478V


NÞ-025:006 Horft til suðurs


Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 80m suðvestan við bæjarhól 001 og má þar finna tóft sem sennilega hefur verið fjárhús. Það er um 90m norðvestan við fjárhús 005 og um 30m austan við vesturhlið túngarðs 023.
Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.



NÞ-025:006

Tóftin er 15x11m að stærð og snýr norður og suður. Tóftin er af fjárhúsi og hlöðu, síðan er eins og lítið heystæði sé vestan við hlöðuna. Fjárhúsin eru um 8x4m að innanmáli, snúa norður og suður og liggur garði eftir þeim endilöngum, op er á þeim nyrst á austurvegg en einnig er op milli fjárhúsanna og hlöðu sem er sunnan við fjárhúsin beint fyrir ofan garðann. Hlaðan er 5x1,5m að innanmáli og snýr norður og suður og er hún dýpri en fjárhúsin, vegghæð innan hlöðunnar er um 160cm en innan fjárhúsanna um 1m. Vegghleðslur eru 1,5-2m á breidd, hlaðnar úr torfi og grjóti og má telja um 4-5 umför af hleðslum en grjóthleðslurnar eru huldar miklu grasi .
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi

NÞ-025:007 tóft brunnur 6554.493N 1632.295V



NÞ-025:007


NÞ-025:007 Horft til norð-vesturs

Samkvæmt túnakorti 1918 var útihús 80m austan við bæjarhól 001. Samkvæmt skýrslu Sigurðar Jónssonar í Garði var það brunnhús og þar segir ennfremur: „80m austur frá bæ, rann lækur inn í túninu. Var byggt yfir hann brunnghús í brekku niður að læknum og voru tröppur inni í húsinu. Þetta var gert til að hægara væri að ná vatni, sérstaklega um vetrartíma“. Það er um 100m sunnan við Flóventshús 004 og um 120m norðnorðaustan við fjárhús 005.
Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 8x3m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún er í brattri brekku sem er nálægt 45° og neðan við brekkuna hefur runnið lækur, rennur hann þar reyndar enn en hefur fært sig lítið eitt frá brekkunni og er því væntanlega ekki í sama farvegi og hann rann í og þegar húsið var í notkun. Efst í brekkunni og norðvestast er tóftin opin, síðan liggja vegghleðslurnar samsíða niður brekkuna og yfir uppþornaðan lækjarfarveg og tengjast suðaustan við lækjarfarveginn og er þar djúp hola í læknum. Ekki var hægt að greina neinar grjóthleðslur í veggjum sem eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918; Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli í Kelduhverfi

NÞ-025:008 tóft útihús 6554.511N 1632.464V




NÞ-025:008 Horft til norð-vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 40m vestnorðvestan við bæ 001 og er tóft þar, hún er um 60m suður af útihúsi 003 og um 50m austan við vesturhlið túngarðsins 023.

Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.

Tóftin er 14x11m að stærð og snýr í norðvestur og suðaustur. Hún er þrískipt. Innst er hólf C sem er 6x2m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur, suðaustan við það er hólf B sem er 6x3m að innanmáli og snýr það norðvestur og suðaustur. Op er á milli hólfa C og B og er opið fyrir miðjum gafli á hólfi B, annað op er á hólfi B en það er fyrir miðjum suðvesturlangvegg og liggur að hólfi A. Hólf A er 6x3m að innanmáli eins og hólf B og snýr eins og það, op er á hólfi A fyrir miðjum suðausturgafli. Tóftin er mjög greinileg þótt hún sé á kafi í grasi því útveggir eru frekar öflugar um 2-3m að þykkt og um 150cm á hæð, hlaðnar úr torfi og grjóti og má telja um 6 umför steina. Umhverfis norðurhornið á tóftinni er lágt garðlag, mjög sigið og rúnnað, engan veginn eins skýrt og tóftin. Er það um 30cm á hæð og um 1m á breidd, er það allt á kafi í sinu. Þetta garðlag afmarkar svæði sem er um 25x20m.



NÞ-025:008

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-025:009 þúst óþekkt
6554.485N 1632.499V
Áberandi grösug þúst er í túninu 70m vestsuðvestur af bæjarhól 001, um 20m suður af þúst 010 og 30m NNV af tóft 006.
Þústin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er áberandi grösug og er mjög líklega leifar af tóft sem hefur verið sléttuð. Ekki er hægt að segja til um stærð eða hólfaskipan.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:010 þúst óþekkt 6554.497N 1632.498V
Áberandi grösug þúst er í túninu 70m vestur af bæjarhól 001, um 20m norður af þúst 009 og 30m suðvestur af tóft 008.
Þústin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er áberandi grösug og er hún mjög líklega tilkomin vegna þess að þar hefur staðið tóft sem hefur verið sléttuð, ekki er hægt að segja til um stærð eða hólfaskipan.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:011 tóft óþekkt 6554.449N 1632.353V



NÞ-025:011


NÞ-025:011 Horft til aust-norð-austurs

Tóft er um 110m suðsuðaustan við bæjarhól 001, um 30m norðaustan við tóft 005 og um 30m vestan við austurhlið túngarðsins 023.
Í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 7x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún virðist vera tvískipt, innst er hólf sem er 3x3m að innanmáli og er gólf þess niðurgrafið, er skálarlag á því, það er dýpst í miðjunni en kemur upp til hliðanna. Er dæld þessi um 40cm djúp. Suðvestan við þetta hólf er eins og lítið fordyri sem er 2x1,5m að innanmáli og er op á því til suðvesturs. Ekki var hægt að finna fyrir neinum grjóthleðslum í veggjum sem eru frekar rúnnaðar og signar, innra og ytra byrði eru samt sæmilega skýr og eru vegghleðslur um 50cm á hæð og um 1-1,5m á breidd.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:012 tóft óþekkt 6554.479N 1632.333V




NÞ-025:012 Horft til suð-suð-vesturs

Tóft er um 70m suðaustan við bæjarhól 001, um 50m norðan við tóft 011 og um 35m suðvestan við brunn 007.

Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.


Tóftin er 22x20m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún skiptist í 5 hólf og er hólf A suðaustast, 14x5m að innanmáli, og snýr suðvestur og norðaustur. Tvö op eru á hólfi A, eitt á norðausturgaflinum og annað austarlega á norðvesturlanghliðinni að hólfi B og C en vestan megin við opið er hólf B sem er 12x5m að innanmáli og norðan megin við opið er hólf C sem er 3x5m að innanmáli. Hólf B snýr eins og hólf A en hólf C snýr þvert á hólf B. Á hólfi B eru 3 op, eins þeirra hefur þegar verið getið en síðan er op á því fyrir miðjum suðvesturgafli og það þriðja er austarlega á norðvesturlanghlið að hólfi E. Hólf E er 11x3m að innanmáli og snýr eins og hólf A og B og er stórt op á því vestast á norðvesturlanghlið. Suðvestan við hólf E og norðvestan við hólf B er hólf D sem er 6x5m að innanmáli, ekki var hægt að sjá neitt op á því. Tóftin er ekki eins grösug og tóftir 005 og 006, gaflarnir virðast meira signir en hliðarnar, innrabyrði er skýrara en ytrabyrði og eru vegghleðslur nokkuð hryggmyndaðar og finnst ekkert hleðslugrjót í þeim. Vegghleðslurnar eru samt um 1m á hæð þar sem þær eru bestar og er þá um innrabyrði að ræða og um 1-2m á breidd. Eins og sést hér að ofan er tóft þessi nokkuð stór og með mörg hólf, það er því ekki alveg auljóst að hún hafi frekar verið útihús frekar en mögulegur bústaður eða bæjartóft.



NÞ-025:012

Hættumat: engin hætta

NÞ-025:013 tóft óþekkt 6554.494N 1632.334V




NÞ-025:013



NÞ-025:013 Horft til suð-vesturs

Tóft er um 60m austan við bæjarhól 001, um 25m norðan við tóft 012 og um 15m suðsuðvestan við tóft 014.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 8x6m að stærð og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur, hún er einföld, 4x3m að innanmáli og eru vegghleðslur mjög signar og rúnnaðar, um 40cm á hæð og um 1,5-2m á breidd. Op er á henni fyrir miðri austurhlið og svo er stór þúfa í suðvesturhorninu sem gæti verið partur úr hruni eða eldstæði.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:014 tóft útihús 6554.500N 1632.325V



NÞ-025:014



NÞ-025:014 Horft til vesturs

Tóft er um 65m austan við bæjarhól 001, um 10m norðan við tóft 013 og um 30m suðaustan við tóft 016.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er 9x7m að stærð og snýr svo til í norður og suður. Hún er einföld og er um 5x3m að innanmáli. Vegghleðslur eru frekar óljósar og hefur tóftin mögulega verið sléttuð að einhverju leyti en veggirnir eru um 20cm á hæð og um 2m á breidd.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:015 þúst óþekkt 6554.497N 1632.339V
Þúst er um 50m austan við bæjarhól 001, um 5m norðvestan við tóft 013 og um 5m suðvestan við tóft 014.
Þústin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er 6x6m að stærð en ekkert er hægt að segja til um veggi eða hólfaskipan og hefur hún sennilega verið sléttuð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:016 tóft bústaður 6554.514N 1632.352V



NÞ-025:016 Horft til norð-austurs



NÞ-025:016

Tóft er um 20m austnorðaustan við bæjarhól 001, um 30m norðvestan við tóft 014 og um 30m austsuðaustan við tóft 002.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Tóftin er óljós og virðist hafa verið sléttuð en auk þess er hún á kafi í háu grasi. Hún er um 22x10m að stærð og snýr svo til í norður og suður. Tóftin er á nokkurri hólbungu eða er hugsanlega eitthvað upphlaðin og gæti upphleðslan verið um 1m á hæð. Kannski er þessi tóft bæjartóft og mun hún þá væntanlega vera eldri en bæjartóft 001. Eins og áður sagði er tóftin óljós en virðist vera tvískipt, er nyrðra hólfið um 7x5m að innanmáli og snýr norður og suður, liggur 2m breiður gangur sem er 6m langur frá því norðarlega á vesturvegg en um 4m löng veggbrot fylgja ganginum beggja vegna á utanverðri tóftinni. Syðra hólfið er óljósara en það nyrðra og þá sér í lagi norðurgafl þess en það gæti verið um 8x5m að innanmáli og snýr það eins og nyrðra hólfið. Vegghleðslurnar eru eins og lág bunga sem er um 20cm á hæð og um 2-3m á breidd. Framan við tóftina, það er að segja vestan við útganginn er lágur hryggur í landinu sem gæti hafa verið garðhleðsla eða leifar af eldri túngarði sem hefur þá eiginlega alveg tekist að slétta. Á þessari tóft er óljóst skálalag og má vera eins og áður sagði að hér sé um bæjartóft að ræða.
Hættumat: engin hætta


NÞ-025:017 þúst óþekkt 6554.515N 1632.325V
Þúst er um 60m austnorðaustan við bæjarhól 001, um 20m austan við tóft 016 og um 20m norðan við tóft 014.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er áberandi grösug og er hún mjög líklega tilkomin vegna þess að þar hefur staðið tóft sem hefur verið sléttuð. Ekki er hægt að segja til um stærð eða hólfaskipan.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:018 þúst óþekkt 6554.513N 1632.315V
Þúst er um 70m austnorðaustan við bæjarhól 001, um 5m austar en þúst 017 og um 10m sunnar en þúst 019.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er áberandi grösug og er hún mjög líklega tilkomin vegna þess að þar hefur staðið tóft sem hefur verið sléttuð. Ekki er hægt að segja til um stærð eða hólfaskipan.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:019 þúst óþekkt 6554.521N 1632.309V
Þúst er um 80m austnorðaustan við bæjarhól 001, um 20m sunnan við tóft 020 og um 15m norðan við þúst 018.
Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem sennilega hefur verið sléttað með handverkfærum og þá kannski einhvern tímann á 19. öld eða snemma á 20. öld.
Þústin er áberandi grösug og er hún mjög líklega tilkomin vegna þess að þar hefur staðið tóft sem hefur verið sléttuð, ekki er hægt að segja til um stærð eða hólfaskipan.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:020 tóft útihús 6554.533N 1632.323V
Tóft er 80m norðaustan við bæjarhól 001, um 20m sunnan við tóft 004 og um 20m norðan við þúst 019.
Tóftin er í grösugu sléttu túni. Alveg við norðausturgaflinn á henni er rafmagnsgirðing sem liggur umhverfis tóft 004.
Tóftin er 17x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, veggjahleðslur eru svo til alveg útflattar, rétt svo að það móti fyrir lágum bungum þar sem veggirnir hafa staðið og eru þær um 20cm á hæð og um 150cm á breidd. Hún virðist hafa verið tvískipt, er hólfið suðvestan megin 6x4m að innanmáli en hólf-


NÞ-025:020 Horft til suð-vesturs



NÞ-025:020


ið norðaustan megin 3x4m að innanmáli og snúa hólfin eins og tóftin. Suðvesturhluti tóftarinnar er aðeins greinilegri en norðausturhluti hennar en ekki er hægt að greina nein op á milli hólfa eða á tóftinni.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:021 tóftaþyrping útihús 6554.491N 1632.543V



NÞ-025:021 Horft til aust-norð-austurs

Tóftaþyrping er 100m vestsuðvestur af bæjarhól 001, um 60m norðvestan við tóft 006 og áföst túngarðinum utanverðum norðan megin við heimtröðina 022.
Utan túngarðs í frekar sléttum móa.
Tóftirnar eru 3, sambyggðar á utanverðum túngarðinum, þær eru samtals 19x5m að stærð og eru hlaðnar úr torfi og nokkuð stóru grjóti. Tóftirnar snúa í norðnorðaustur og suðsuðvestur. Sú nyrsta er 5x2m að innanmáli og liggur jata eftir öllum austurvegg hennar, það er að segja upp við túngarðinn en sunnarlega á vestur vegg er op. Sunnan við nyrstu tóftina er lítil tóft eða hugsanlega lítil kró sem er 5x1m að innanmáli, er op á henni nyrst á vesturvegg en syðst er svo tóft sem er 5x3m að innanmáli og er op á henni fyrir miðjum vestur vegg. Veggurinn sem er sunnan við opið á syðstu tóftinni er nokkuð breiður og er í honum lítið hólf eða innrétting sem væntanlega hefur þjónað einhverjum tilgangi. Hleðsluhæð túngarðsins er dálítið hærri þar sem tóftirnar eru en annars staðar eða um 140cm og um 1m á breidd en annars er vegghæðin um 60-100cm.
Hættumat: engin hætta



NÞ-025:021

NÞ-025:022 heimild um leið6554.487N 1632.542V




NÞ-025:022 Horft til austurs

Hlið er á túngarðinum 023 fast sunnan við tóftaþyrpingu 021, um 100m vestsuðvestur af bæjarhól 001, um 60m norðvestan við tóft 006. Um þetta hlið lá gatan heim að bæ samkvæmt túnakorti 1918.
Á mörkum túns og móa.
Hliðið er um 2m breitt og eru stórir steinar fyrir endum túngarðsins sem eru vel auðbærir og afmarka þeir hliðið vel. Gatan er aftur á móti orðin mjög ógreinileg og komin undir tún.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:023 garðlag túngarður 6554.487N 1632.274V
Umhverfis túnið í Svínadal liggur túngarður sem afmarkar svæði sem er 300x200m að stærð og snýr það norður og suður.
Túngarðurinn liggur í tiltölulega flötu landi en umhverfis svæðið sem túngarðurinn afmarkar er landið nokkuð hæðótt.
Túngarðurinn í Svínadal er vel greinilegur en þó í mjög misjöfnu ásigkomulagi. Verst er hann varðveittur að norðanverðu en þar hefur mikið rof komið í hann. Þar er einnig nýtt hlið á garðinum sem nýtist ferðamönnum. Hæstur er hann að vestanverðu en þar nær hann allt að 140cm hæð og lægstur er hann að austanverðu þar sem hann liggur ofan í mýri, er hann þar um 40cm á hæð. Þar sem garðurinn er skýrarstur er á honum trapisulag, þ.e. þverskurðinum, og er hann þar um 120cm breiður neðst en um 40cm efst.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-025:024 *Geitakofi* tóft geitakofi 6554.423N 1632.554V



NÞ-025:024


NÞ-025:024 Horft til suð-suð-vesturs

Tóft er utan túngarðs 023, nánar tiltekið 70m suðvestan við suðvesturhlið hans, um 40m austan við kuml 025 á Nónmel og um 180m suðvestur af bæjarhól 001. Samkvæmt heimildarmanni var tóft þessi kölluð geitakofi og voru þar hafðar geitur.
Tóftin er ágætlega gróin grasi í frekar hæðóttu landi sem hallar til suðausturs.
Tóftin er 5x5m að stærð, einföld og er op austast á norðurgafli hennar. Vegghleðslur eru sæmilega greinilegar, um 1m á breidd og um 40cm á hæð en eru frekar óreglulegar og signar.
Hættumat: engin hætta

NÞ-025:025 *Nónmelur* mannabein legstaður 6554.424N 1632.615V



NÞ-025:025 Horft til austurs

„Nónmelur, er sunnan og vestan við túnið á Sv[ína]d[al]. Þar fundust mannsbein 1919, en var ekkert rótað, og má vera, að þarna séu fleiri beinagrindur, því það er órannsakað," segir í örnefnaskrá. „Beinafundur hjá Svínadal, Kelduneshreppi, Þjms. 12. 7. 1961: Hjá Svínadal, sem nú er í eyði, hafa lengi legið uppblásin mannabein skammt frá garði, og hafa ferðamenn alloft á þau minnzt. Árið 1961 kom maður, sem ekki sagði til nafns síns, með þessi mannabein í Þjóðminjasafnið. Þetta er töluvert hrafl úr beinagrind úr fullorðnum karlmanni. Engir hlutir fundust með beinunum svo að vitað sé, en allar líkur benda til, að þetta séu leifar af kumli frá heiðnum tíma, þótt það verði ekki fullsannað. Telur Hildur Gestsdóttir beinin vera úr karlmanni, 36-45 ára," segir í Kuml og Haugfé. Nónmelur er um 100m suðvestur af túngarðinum í Svínadal, um 215m suðvestan við bæjarhól 001 og um 40m vestan við Geitakofa 034.

Ógróin malarhæð sem einkennist af stórgrýti sem er á víð og dreif.


Gengið var um Nónmel í þeirri von að sjá einhver ummerki eftir umrætt kuml. Á Nónmelur sem er uppblásinn melur, var stórt grjót á víð og dreyf en ekkert sem gæti bent til minja eftir kumlið. Hnitið var tekið efst á Nónmel og er því staðsetningin ekki nákvæm en ekkert sér til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svínadalur, 2; KEKH 2000, 207

Eyvindarstaðir, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,8 ha
Þar af slétt: 1/4
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100
metrar

NÞ-026 Eyvindarstaðir

1713: „Eivindarstaðir, önnur hjáleiga suður frá hinni [NÞ-020]. Bygð fyrir manna minni, afdeild einasta að túni og engjum.“ JÁM XI, 288. Upphaflega byggð á 1/3 úr landi Kelduness. Eyvindarholt nýbýli frá 1939 á 2/3 hlutum Eyvindarstaða. HVAÐA HEIMILD?
1917. Tún 1,8 ha, þar af 1/4 slétt. „Landið er mishæðótt og grunnt á hraunið og því erfitt til ræktunar en tún er mög grasgefið þar sem tekist hefur að rækta.“ Land og fólk, 291

NÞ-026:001 *Eyvindarstaðir* bæjarhóll bústaður 6603.282N 1640.461V



NÞ-026:001 Horft til suð-vesturs

Í Jarðabók Árna og Páls 1713 segir: „Eivindarstaðir, önnur hjáleiga suður frá hinni [NÞ-020]. Bygð fyrir manna minni, afdeild einasta að túni og engjum.“ „Þá er komið heim undir Eyvindarstaði, sem eins og fyrr segir, er óskipt að útlandi, en aðeins skipt að túni og engjum. Verður nú miðað við þann bæinn um sinn. Kringum túnið eru norður- og vestur hólar og nokkuð háar hæðir. Fyrst er að líta þar heim til bæjar, þar eru tvö íbúðarhús, vestur af bæjarhúsum eru peningshús og hlaða úr steini. Í suður frá syðra húsinu, það nyrðra heitir Eyvindarholt, er gamli bærinn, eða var, þar er nú slétt tún,“ segir í örnefnaskrá. Ekkert íbúðarhús stendur lengur á Eyvindarstöðum en á jörðinni var byggt upp nýbýli 1939 sem nefnt var Eyvindarholt og stendur þar íbúðarhús byggt úr steini 1939. Bæjarhóllinn á Evindarstöðum er 215 m norðnorðaustan við Eyvindarholt og 80m suður af yngra bæjarstæðinu á jörðinni sem nú verið rifið og jafnað við jörðu.
Bæjarhóllinn er í túni og er allur grasi vaxinn.
Bæjarhóllinn er 30x25m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á honum sér lítið til minja nema hvað dældir sjást þar sem húsin hafa staðið. Erfitt er að segja til hversu stór hluti bæjarhóls er upphleðsla því skilin milli náttúrulegs hóls og bæjarhóls eru óljós. Þó má giska á að upphleðslan sé um 1m. Norðnorðaustast á bæjarhólnum er átthyrnd steypt súrheysgryfja og við suðurmörk hólsins er rafmagnskassi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; JÁM XI, 288; Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 11

NÞ-026:002 *Nónhús* heimild um útihús
6603.243N 1640.549V




NÞ-026:002 Horft til norðurs

„Vestur af er Nónklettur, klofnar klappir suðvestur frá bæ, mjög gamalt eyktarmark. Suður af honum var Nónhús beint frá Eyvindarstöðum, sem nú eru á Eyvindarholti og suður af því Ærhús [003], hvort tveggja horfið,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús sem mun vera Nónhús um 90m suðvestur af bæ 001, 20m sunnan við Nónklett og um 130m norður af Eyvindarholti (sem var byggt 1939).
Í sléttu túni.

Ekkert sér til minja nema grunn dæld sem er 6x3m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12; Túnakort 1918

NÞ-026:003 *Ærhús* þúst fjárhús 6603.219N 1640.551V



NÞ-026:003



NÞ-026:003 Horft til suðurs

„Vestur af er Nónklettur, klofnar klappir suðvestur frá bæ, mjög gamalt eyktarmark. Suður af honum var Nónhús [002] beint frá Eyvindarstöðum, sem nú eru á Eyvindarholti og suður af því Ærhús, hvort tveggja horfið," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 110m suðvestur af bæ 001 og um 25m suður af Nónhúsum 002 og mun það vera Ærhús. Það var um 80m norður af Eyvindarholti (byggt 1939). Í sléttu túni.
Enn má sjá votta fyrir þústá þessum stað þó að hún hafi verið sléttuð. Tóftin er 24x7m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur veggja svo til alveg útflattar en þó má greina veggir sem eru 2m á breidd og um 20cm á hæð. Húsin hafa verið tvískipt. Að norðan er hólf sem er nokkuð greinilegt og 6x4m að innanmáli. Það snýr norður-suður og hefur mögulega verið op á því nyrst á austurhlið þess. Líklega hefur þetta verið hlaða eða heystæði. Sunnan við það eru sjálf fjárhúsin sem eru um 12x3m að innanmáli. Garði hefur legið eftir hólfinu og má enn sjá votta fyrir steinum í garðanum, Ekki er lengur greinanlegur útgangur á tóftinni. .
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12; Túnakort 1918

NÞ-026:004 tóft fjárhús 6603.205N 1640.565V
„Norðan við Eyvindarholt er fjárhús og hlaða úr torfi og steini," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 160m suðvestur af bæ 001 og 25-30m suðsuðvestur af Ærhúsum 003 og mun það vera fjárhúsið sem getið er í örnefnaskrá. Það er um 50m suður af Eyvindarholti (byggt 1939).
Í sléttu túni. Meðfram tóftinni að sunnan er girðing sem girðir af íbúðarhúsið á Eyvindarstöðum.
Tóftin er 14x6m að stærð og snýr vestur-austur. Túngarðurinn 009 (sem hefur reyndar verið



NÞ-026:004 Horft til austurs



NÞ-026:004

sléttaður) hefur legið að henni að vestan og austan. Tóftin er tvískipt. Vestara hóllfið er 8x2m að innanmáli en það eystra 1x1m. Tóftin hefur verið hlaðin úr torfi og grjóti og sést víða í grjóthleðslur en við austurendann er steyptur kanntur. Gaflar tóftarinnar eru frekar óljósir og sennilega hefur tóftin eitthvað verið sléttuð er veggir um 20cm á hæð og um 2m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 11; Túnakort 1918

NÞ-026:005 heimild um hesthús
„Þaðan [Eyvindarholti?] í suðaustur er hryggmyndaður hóll, sem heitir Járnhryggur. Vestur af honum Hesthúshóll, þar var hesthús, nú horfið," segir í örnefnaskrá. Staðsetning hesthússins er ekki lengur þekkt. Mögulegt er að hesthúsið hafi í raun verið á sama stað og fjárhús 004 en ekkert verður um það fullyrt lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12

NÞ-026:006 heimild um fjárhús 6603.292N 1640.516V



NÞ-026:006 Horft til aust-suð-austurs

Suðaustur frá fjárhúsunum núverandi og vestan gamla bæjar [001] voru fjárhús samstæð, og hlaða," segir í örnefnaskrá. Staðsetning er fjárhúsanna er nú glötuð en helst er að giska á að þau hafi staðið á grösugum hólrana 40m vestnorðvestan við 001 og um 220m norðan Eyvindarholts (byggt 1939).
Á grösugum hólrana í sléttu túni.
Ekkert sér til minja nema greinileg dæld sem er 7x3m að innanmáli og snýr austsuðaustur-vestnorðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 11

NÞ-026:007 *Lambhús* heimild um lambhús 6603.263N 1640.440V
„Suðaustur frá gamla bæ [001] voru lambhús samstæð, suðvestur af þeim fjárhús og hlaða," segir í örnefnaskrá. Staðsetning lambhúsanna er mjög óljós og engin greinileg ummerki, eru á þessum slóðum. Mögulegt er að húsin hafi lent undir veg. Líklegast er að þau hafi staðið um 40m sunnan við bæjarhól 001 og um 25m austan við Brunn 008.
Í sléttu túni við vegkant.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 11


NÞ-026:007 Horft til norð-vesturs

NÞ-026:008 *Brunnur* brunnur brunnur 6603.264N 1640.472V
„Milli þessara húsa [006-007], lambhúsa og fjárhúsa, var Brunnhóll. Norðan hans Brunnur," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var um 35m sunnan við bæjarhól 001 og um 180m norðnorðaustan við Eyvindarholt (byggt 1939).
Í grunnri dokk í hæðóttu túni.
Ummerki brunnsins sjást ennþá. Þar er gryfja sem er um 2m djúp. Hún er ferhyrnd og 5x4m að stærð, hliðar hennar eru brattar og rusl í botni hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 11


NÞ-026:008 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-026:009 heimild um túngarð 6603.205N 1640.587V
„Hér var túngarður úr torfi kringum túnið," segir í örnefnaskrá. Búið er slétta norður- og austurhliðar túngarðsins alveg og hluta af suðurhlið hans. Hins vegar virðist sá partur garðsins sem liggur frá suðurhorni túnsins og norður að Nónkletti hafa fengið að standa óhreyfður en mikið rof er komið í hann. Túngarðurinn er 50-60m sunnan við Eyvindarholt (byggt 1939) og 15-20m vestan við útihús 002.
Í sléttu túni.
Búið er að slétta úr túngarðinum eins og áður sagði en austan við útihústóft 004 má greina örlítinn hrygg í túninu sem sennilega eru leifar túngarðsins og er hann nokkuð skýrari vestan við tóftina. Hann er einnig greinileg-


NÞ-026:009 Horft til norð-norð-austurs

asturur frá suðvesturhorni túnsins norður að Nónkletti sem er aflöng sprungin klettaborg og er stefna hans norður-suður. Túngarðurinn er um 1km á lengd, um 70cm hár og um 1m á breidd. Hann er mjög stöndugur en víða er komið rof í hann sökum ágangs fénaðar, ekki sjást neinar grjóthleðslur í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12

NÞ-026:010 heimild um kvíar 6603.239N 1640.460V



NÞ-026:010 Horft til norð-norð-austurs

„Suður frá Lambhúsi [007] var Kvíaból, syðst á því Þórðartóft, kennd við fjárhirði, nú er þar tún," segir í örnefnaskrá. Staðsetning kvíanna er fremur óljós en var líklega um 80m sunnan við bæjarhól 001 og um 140m norðaustan við Eyvindarholt (byggt 1939).
Í túni.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12


NÞ-026:011 *Þórðartóft* heimild um óþekkt 6603.231N 1640.485V



NÞ-026:011 Horft til norðurs

„Suður frá Lambhúsi [007] var Kvíaból, syðst á því Þórðartóft, kennd við fjárhirði, nú er þar tún," segir í örnefnaskrá. Staðsetning er fremur óljós en gæti verið um 100m sunnan við bæjarhól 001 og um 120m norðnorðaustan við Eyvindarholt (1939).
Í hæðóttu túni.
Ekki sér til minja en þó má sjá greinilega ferhyrnda dæld sem er 12x4m að innanmáli og snýr norður-suður. Er líklegast að þetta séu síðustu sýnilegu leifar Þórðartóftar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 12

NÞ-026:012 tóft útihús
6603.381N 1640.436V
Tóft er 180-190m norðan bæjarhóls 001 og 130-140m norðaustan við beitarhús 019:034.
Í grösugu túni en í því eru lágar og litlar klettanibbur. Landi hallar til norðnorðausturs.
Tóftin er 7x5m að stærð og snýr norður-suður. Vegghleðslur eru um 50cm á hæð og um 1m á breidd. Tóftin er einföld 3x6m að innanmáli og er hún opin til suðurs þar sem ætla má að timburgafl hafi verið á henni. Tóftin er á hól og byggð utan í klettaborg sem er austan við tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



NÞ-026:012



NÞ-026:012 Horft til norðurs

NÞ-026:013 heimild um stekk
„Í hádegisstað frá Eyvindarstöðum, skammt sunnan túns, er Hádegisklöpp. Norðvestur frá ytri Rekstrarklöpp, skammt sunnan og austan við Letimel, er Stórholt. Þetta er stærðar holt um sig, en ekki hátt. Þar hefur verið stekkur fyrir eina tíð, á það benda tætturnar, sem þar eru," segir í örnefnaskrá. Heimildamenn skrásetjara þeir Sturla Sigtryggsson og Tryggvi Ísaksson könnuðust hvorugir við stekkjartætturnar og gátu ekki staðsett þær. Ekki reyndist unnt að staðsetja stekkinn.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 13

NÞ-026:014 heimild um stekk
„Skógarhólar eru suðvestur af Stórholti, þar var stekkur frá Eyvindarstöðum allt til 1880," segir í örnefnaskrá. Heimildamenn skrásetjara, þeir Sturla Sigtryggsson og Tryggvi Ísaksson, könnuðust hvorugir við stekkinn og gátu ekki staðsett hann. Því reyndist ekki unnt að staðsetja stekkinn.
Staðsetning stekksins er óþekkt og fannst ekki.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 14

NÞ-026:015 varða óþekkt
„Rani er lágur melur, skammt suðaustur frá Skógarhólum. Hádegisklöpp er austur frá Skógarhólum. Suður frá henni er hryggur með vörðu á, nefndur Vörður," segir í örnefnaskrá.
Staðsetning vörðunnar er óþekkt.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 14



NÞ-026:016 Horft til aust-norð-austurs


NÞ-026:016 *Dagmálavarða* varða eyktamark 6603.203N 1639.774V
„Skammt austan við Eyvindarstaðatún stendur Dagmálavarða á lágum klapparhól," segir í örnefnaskrá. Dagmálavarða er 530-540m austsuðaustur frá bæjarhól 001 og um 600m austan við Eyveinarholt (byggt 1939).
Varðan er á aflangri klettaborg sem liggur vestur-austur.
Varðan er 1x1m að stærð og um 40cm á hæð. Hún er næstum alveg hrunin, en er 2-3 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 13

NÞ-026:017 *Grásteinsstígur* gata leið
„Vestan undir steininum liggur glögg gata, sem kennd er við steininn og nefnd er Grásteinsstígur. Stígur þessi liggur af Bláskógarvegi [002] út austari Hraungarðabrún og alla leið í Eyvindarstaði," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Grásteinsstígar er ekki ljós en það er vegarslóði sem liggur frá Eyvingarstöðum, framhjá Hraungarðaseli 019:007 og suður á Bláskógarveg 016:063. Þessi vegar slóði hefur verið ekinn af bílum og er ágætlega greinilegur. Mögulega liggur hann á svipuðum slóðum og Grásteinsstígurinn lá. Við þessa götu eru alla vega 3 vörður og er ein þeirra Hraungarðavarða fremri NÞ-019:038 og vörður NÞ-019:045 og NÞ-019:048.
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 17

NÞ-026:018 *Nátthagi* heimild um nátthaga 66°03.283N 16°40.289V
„Austur frá bæjarhúsum [NÞ-026:001] er Nátthagi, nú ræktað tún, í honum eru Lambaklettar, lágir klettar með grasigrónum sprungum, voru norðan og austan við túnið, segir í örnefnaskrá. Ekki sáust neinar garðhleðslur á þessu svæði og er staðsetning óljós.
Slétt tún.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir, 13

Arnanes, Kelduneshreppi

Stærð túna: 1,9 ha
Þar af slétt: 1,0 ha 9/10 vantar útreikning
Stærð matjurtagarða: ? m2



Skýringar

- Bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

0 50 100

metrar

NÞ-027 Arnanes

Býlið var fyrst byggt árið 1836 í landi Keldnuness. Í eyði frá 1966.
1917: Tún 1,9 ha, þar af 9/10 sléttað. „Jarðvegur er svipaður og í Nýjabæ, þó eru engjar öllu betri en ræktunarlandið lélegra, einkum vegna þess hve þurrlendið er sendið.“ Land og fólk, 270

NÞ-027:001 *Arnanes* bæjarhóll bústaður 6607.488N 1643.849V



NÞ-027:001 Horft til norð-vesturs

Arnanes er nokkuð nærri sjó eða um það bil 2 km sunnan við sjávarmál. Jörðin er á sléttlendi sem kallast Vestursandur eða „vestur á sandi“. Bærinn er upphaflega byggð úr Keldneslandi árið 1836. Að íbúðarhúsinu á Arnanesi (byggt 1930) liggur jeppatroðningur frá þjóðvegi 861. Íbúðarhúsið stendur á sama stað og gamli bærinn stóð. Bærinn fór í eyði 1966.
Landið er slétt og flatt. Það er helst sjálfur bæjarhóllinn og næsta nágrenni hans sem standa hvað hæst. Landið umhverfis átti það til að fara allt undir vatn.
Á bæjarstæðinu stendur tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús, byggt 1930 með áfastri skemmu og súrheysturni. Þar sem aðeins var búið í Arnarnesi í um 130 ár er ekki að vænta mikillar uppsöfnunar eða bæjarhóls. Þó virðist einhver uppsöfnun vera þar á svæði sem er um 30x25m að stærð en hún er mjög óljós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes bls.1,Túnakort 1917

NÞ-027:002 tóft útihús 6607.480N 1643.885V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 180m norðnorðvestan við Flötutóft 018 og 120m vestan við myllu 004 sem eitt sinn stóð austan við bæinn 001. Tóft hússins sést enn um 30m vestsuðvestur af íbúðarhúsi 001.



NÞ-027:002 Horft til austurs

Útihúsin eru á bæjarhlaðinu í landi sem er mjög slétt.
Tóftin er 17x12m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 5 hólf. Nyrst er hólf a sem er 10x3m að stærð. Það er opið til vesturs og hefur líklega verið timburþil fyrir vesturhlið á þessu hólfi og öðrum. Rof er á norðurvegg hólfs a. Hólf b er vestan til í tóftinni, sunnan við hólf a. Það er 4x3m að stærð. Hólf c og d eru austan við hólf b. Op er á milli hólfa b og c og annað op milli hólfa c og d. Hólf d er sunnan við hólf c. Hólf c og d eru 5x2 m að stærð og snúa vestur-austur. Sunnan við hólf b og d er hólf e sem er 10x5m að stærð. Hleðsluhæð veggja er hæst um 170 cm. Hleðslur standa enn og er tóftin ágætlega gróin en víða er þó rof í henni. Suðurhluti tóftar er mun hærri en norðurhlutinn og gæti það orsakast af því að sjór gekk eitt sinn fyrir húsin og eyðilagði. Ekki verður betur séð en að öll húsin séu hlaðin úr streng eingöngu og ekkert sér til hleðslugrjóts í veggjum.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

NÞ-027:003 þúst útihús
6607.535N 1643.789V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 70m norðaustan við bæ 001 og um 100m suðaustan við stekk 019. Húsið hefur verið um 35m frá girðingu sem liggur umhverfis bæinn.
Í túni sem búið er að slétta.
Aðeins sjást nú óljósar dældir þar sem útihúsið stóð. Þær eru fjórar og mynda þústasvæði sem er 13x11m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


NÞ-027:003 Horft til suð-vesturs


NÞ-027:004 *Mylluhóll* heimild um myllu 6607.487N 1643.732V
„Austur af bæ er hóll, sem heitir Mylluhóll. Á Mylluhól stóð vindmylla til kornmölunar til 1952. Hins vegar var hætt að nota hana fyrir minni Jóhanns [Gunnarssonar],“ segir í örnefnaskrá. Mylluhóll er um 90 m austsuðaustan við bæ 001 og um 80m suðvestan við Bensahól 005.
Mylluhóll er í túni sem er afgirt og notað sem hrossabeit.
Mylluhóll er greinilegur, hefur frekar brattar hlíðar og er svo til hringlaga. Þegar myllan var tekin niður breyttist notkun hans og í stað myllunnar var sett upp sög á hólnum og eru enn leifar hennar í hólnum. Mylluhóll er um það bil 13m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 1


NÞ-027:004 Horft til norð-austurs

NÞ-027:005 þúst fjárhús 6607.522N 1643.684V
„Norðaustur af Mylluhól er Bensahóll. Á honum var fjárhús, sem Benedikt Þórarinsson á Húsavík, sem átti jörðina, hafði,“ segir í örnefnaskrá. Bensahóll er um 150m norðaustan við íbúarhúsið á Arnanesi (byggt 1930) og 6-8m norðan við rafmagnsgirðingu sem liggur umhverfis íbúðarhúsið. Um 15m norðan við fjárhúsþústina er lækur.
Þústin er í lágum grasivöxnum hól í sléttu túni sem er fagurgrænt og í því engin sina.
Fjárhúsin hafa verið sléttuð og aðeins sjást nú tvær dældir þar sem þau stóðu. Dældirnar eru tvö ferhyrnd hólf samtals 9x3m að stærð.


NÞ-027:005 Horft til suð-vesturs

Ummerkin snúa norðnorðvestur-suðsuðaustur. Dýpt þeirra ekki mikið meira en 10 cm. Nyrðri dældin er 3x2,50m að stærð og er eilítið reglulegri í lögun en syðra hólfið sem er 4x3m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 1



NÞ-027:005

NÞ-027:006 garðlag mylla 6607.551N 1643.033V
„Leifar Myllugarðs sjást á mótum Fosskíls og Fosskílshlaups. Á honum hefur líklega áður verið vatnsmylla," segir í örnefnaskrá. Garðlag þetta er 600-650m beint austur af bæ 001 og 500m suðsuðaustur af Steingrímstóft 013.
Garðlagið er í frekar sléttu landi. Beggja vegna við það er kíll.


NÞ-027:006 Horft til suð-suð-austurs

Garðurinn liggur úr norðri til suðurs en endarnir sitt hvoru megin beygja lítið eitt til austurs. Hann liggur sitt hvoru megin við kíl sem liggur austur-vestur. norðan við kílinn er garðlagið um 25m að lengd en sunnan þess er það um 70m. Garðlagið er mjög sigið og er hleðsluhæð þess um 20 cm en breidd er um 150 cm. Mögulega hefur verið op á garðinum sunnan megin við kílinn. Ekki sjást neinar minjar eftir mylluna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 1


NÞ-027:007 *Tangatættur* þúst heystæði 6607.121N 1644.361V


NÞ-027:007 Horft til norð-austurs

„Syðst á Yztatanga eru Tangatættur, allmiklir tóftarhólar," segir í örnefnaskrá. Tangatættur eru um 790m suðvestan við bæ 001, 460-470m norðvestan við Tóftarhólma 017 og um 200m suðsuðaustan við Ásmundarstekk 008. Tangatættur eru heystæði sem er sérstakt fyrir þær sakir að þangað var borið mikið af heyi og tyrft yfir en heyið var síðan aldrei sótt, þannig að úr varð hóll.
Stór hóll, áberandi grænn í jaðri slétts túns sem er mikið vaxið sinu.
Hóllinn er grænn og áberandi, mikið þýfður og allur frekar óreglulegur. Hann er nánast ferhyrndur og er um 14x12m að stærð. Hóllinn snýr norðvestur- suðaustur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 2

NÞ-027:008 *Ásmundarstekkur* tóft stekkur 6607.228N 1644.424V



NÞ-027:008


NÞ-027:008 Horft til suð-vesturs

„Norðaustur af tóftunum, á eystri brún tangans er Ásmundarstekkur, er kenndur við Ásmund í Nýjabæ, sem notaði stekkinn," segir í örnefnaskrá. Ásmundarstekkur er 650m suðvestur af bæ 001, um 200m norðnorðvestur af Tangatættum 007 og um 150m austan við Stórá.
Stekkurinn er í sléttu sinuvöxnu túni.
Stekkurinn er 11x9m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur stekksins eru mjög útflattar og hleðsluhæð um 10 cm. Gróðurþekja á stekknum er önnur en í umhverfi hans og á honum er meiri mosi en umhverfis en lítið um gras. Op hefur hugsanlega verið á stekknum til norðausturs en hann virðist bara hafa verið eitt hólf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 2

NÞ-027:009 varða samgöngubót 6607.462N 1644.312V
„Sunnan við Bitholtstjarnir er Reiðholt. Á því eru tvær vörður," segir í örnefnaskrá. Þessar vörður eru 350m vestan við bæ 001, um 450m norður af Ásmundarstekk 008 og um 70m suðvestan við stekk 020.
Vörðurnar standa á hól í flötu landi og sjást þær því vel að.
Vörðurnar eru tvær, þær eru mosa og grasi vaxnar þúfur sem eru á hól, hóllinn er aftur á móti á lágu holti og þar sem landið er frekar flatt þá má sjá vörðurnar úr nokkurri fjarlægð. Þær eru ekki hlaðnar úr grjóti eins og venjulega er með vörður. Þær eru á svokölluðu Reiðholti og því má gera ráð fyrir að einhver umferð hafi legið um það.
Heimildir: Ö-Arnanes, 3


NÞ-027:009 Horft til vesturs

NÞ-027:010 *Reiðholt* örnefni leið 6607.462N 1644.312V
„Sunnan við Bitholtstjarnir er Reiðholt. Á því eru tvær vörður," segir í örnefnaskrá. Reiðholtið er um 350m vestan við bæjarstæðið 001, um 450m norður af Ásmundarstekk 008 og um 70m suðvestan við stekk 020.
Flatlent graslendi.
Gatan var ekki skráð á vettvangi en af loftmynd virðist sem slóði liggi yfir Reiðholtið. Liggur hann austan frá bæ 001 til vesturs að Stórá.
Heimildir: Ö-Arnanes, 3

NÞ-027:011 *Hornatóft* tóft leikvöllur 6607.499N 1644.249V




NÞ-027:011 Horft til norðurs



NÞ-027:011

„Norðaustur af því [Reiðholti 010] er Hornatóft. Þangað var öllum hornum hent, og þar var leikvöllur barna," segir í örnefnaskrá. Hornatóft er 300m vestan við bæ 001, um 20m norðan við stekk 020 og um 300 m suðvestan við stekk 019.
Tóftin er á lágum hól í sléttum móa.
Tóftin er 10x6m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og er nyðra hólfið 2x2m að stærð en það syðra 5x3m. Ekki er op á milli hólfa en á syðra hólfinu er eitt op til suðurs og annað til austurs. Hleðsluhæð tóftar er um 20 cm. Allt innra byrði tóftarinnar er frekar óljóst og hleðslur mjög signar. Ytri brú veggja er skýrara og er tóftin örlítið niðurgrafin. Svo virðist sem gróðurhulan sé frekar þunn á tóftinni sem virðist eingöngu hlaðin úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 3



NÞ-027:012


NÞ-027:012 *Jónkatóft* tóft heystæði
6607.772N 1643.428V
„Austan við hann [Yztakíl] er Jónkatóft, kennd við Jón, tengdaföður Jóns á Tóvegg, en þar mun hann hafa haft heystæði," segir í örnefnaskrá. Jónkatóft er 610-620m norðaustan við bæ 001, um 120m suðvestan við Steingrímstóft 013 og 520m norðvestan við myllugarð 006.
Heystæðið er á hól í jaðri túns. Suðaustan við það er slétt tún en að norðan og norðaustan er mói.
Heystæðið er 7x6m að stærð. Það er tvískipt og snýr austur-

vestur. Ytri brún veggja er frekar aflíðandi en innri brúnin er meira afgerandi og eru um 80 cm frá henni og niður í botn tóftar. Vestara hólf tóftarinnar er um 2x2m að innanmáli en það eystra um 3,50x2m að innanmáli. Tóftin virðist eingöngu hlaðin úr torfi og ekki er hægt að greina neitt op á henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 3




NÞ-027:012 Horft til aust-norð-austur

NÞ-027:013 *Steingrímstóft* tóft heystæði 6607.810N 1643.302V
„Austan við hann [Yztakíl] er Jónkatóft [012], kennd við Jón, tengdaföður Jóns á Tóvegg, en




NÞ-027:013



NÞ-027:013 Horft til vesturs

þar mun hann hafa haft heystæði. Þar austur af er Steingrímstóft. Kennd við Steingrím Sigurðsson, Ameríkufara," segir í örnefnaskrá. Steingrímstóft er 730-740 norðaustan við bæ 001, um 550m norðnorðvestan við myllugarð 006 og um 30m suðvestan við girðingu sem liggur umhverfis heimatúnið í Arnarnesi.
Heystæðið er nærri á mörkum túns og mólendis (eða 20m frá túnjaðri). Næsta umhverfi tóftarinnar er vaxið lyngi og loðvíði.
Heystæðið á hól sem virðist náttúrulegur en grafið hefur verið niður í hann fyrir heystæðinu sem er bara eins og laut í kolli hólsins. Hóllinn er 8x6m að stærð og um 50 cm hár en hólfið eða lautin er um 4x3m að stærð og um 10-15 cm djúp. Hún snýr norður-suður eins og hóllinn. Botninn er frekar flatur og mosagróinn ef undanskilinn er ójafna í miðjunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 3

NÞ-027:014 *Gamlistekkur* tóft stekkur 6607.524N 1643.326V
„Suðaustur af Lónatjörn á Kílbakka er Gamlistekkur," segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er 400m austan við bæ 001, 460-470m sunnan við Jónkatóft-012 og um 200m vestan við myllugarð 006.



NÞ-027:014



NÞ-027:014 Horft til norð-austurs


Gamlistekkur er inn á svæði sem er mikið gróið trjám og hefur það verið girt af. Áður var þetta svæðið ágætlega varið fyrir skepnum af náttúrunnar hendi því það var umflotið vatni og því hefur lengi verið dálítið kjarr á svæðinu.
Aðeins tvö veggjabrot fundust og virðast ekki frekari leifar um stekkinn að finna. Lengra veggjarbrotið liggur norðnorðvestur- suðsuðausturs og er um 10m langt. Það styttra liggur norðaustur-suðvesturs er um 7m langt. Brotin eru saman L-laga og samkvæmt þeim hefur tóftin ekki verið minni er 10x7m að stærð. Hleðsluhæð veggja er um 20 cm en breidd um 80-100 cm.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Arnanes, 3

NÞ-027:015 tóft heystæði 6606.768N 1642.593V



NÞ-027:015 Horft til suðurs




NÞ-027:015

„Króksmýri nær alveg suður að Þverhlaupum, vestan við Blett. Syðst í henni er nafnlaus tóft. Skurður var grafinn úr Þverhlaupum norður í Króksmýri og var brú á honum. Í október 1934 gekk sjór suður á Þverhlaupabakkann við skurðinn og þessa tóft og skildi þar eftir sig spýtnaröst," segir í örnefnaskrá. Þessi nafnlausa tóft er 1,6 km suðaustan við bæ 001 og 900-1000m norðnorðaustan við fjárhús 005.
Tóftin er í sléttum grasi vöxnum móa. Umhverfis er mjög flatt land. Talsverður gulvíðir vex allt umhverfis tóftina.
Tóftin er 6x5m að utanmáli en 4x5 að innanmáli, hún er einföld og snýr austur-vestur. Hleðsluhæð veggja er 30 cm og breidd þeirra um 50 cm. Öll er tóftin vaxin grasi og mosa, mosinn er þó sérstaklega áberandi í botni tóftarinnar. Staðsetning tóftar og lag bendir helst til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 4

NÞ-027:016 *Drangur* heimild um hrossaborg 6606.220N 1641.953V
„Suður af Króksmýri, sunnan við Þverhlaup, er Drangsmýri. Vestan Drangsmýrar er torfgarður, sem var hlaðinn til skjóls fyrir hesta, er gróinn upp, en sést vel. Þessi garður var nefndur Drangur. Jóhann [Gunnarsson] heyrði, að í þessum garði væri hulinn steindrangur og drægi hann nafn sitt af því," segir í örnefnaskrá. Ekki sést lengur til Drangsins, bæði er svæðið mun grónara en það var og einnig er um að ræða blauta mýri og virðist garðurinn hafa sokkið í mýrina. A.m.k. fundust ekki leifar um borgina en hún var þó staðsett um 2,8km suðaustur af bæ 001, um 930m sunnan við tóft 015 og um 700m austan við Grænutóft 021:005 sem tilheyrir Nýjabæ 021.
Mýri sem hefur þornað upp að hluta.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 4


NÞ-027:017 Horft til norð-vesturs

NÞ-027:017 *Tóftahólmi* tóft heygarður 6606.983N 1643.850V
„Norður af Laugum heitir Tóftarhólmi. Þetta er norður af Þverkíl, þar var mikið engi. Þar hafði Árni Þórðarson heygarða mikla," segir í örnefnaskrá. Tóftarhólmi er um 950m sunnan við bæ 001, um 470m suðaustan við Tangatættur 007 og um 330m austan við elsta bæjarstæði Nýjabæjar 021:001.
Tóftin er á hólma í kíl sem núna er svo til alveg uppþornaður. Áður var heyað í kílnum. Norðan og austan við tóftina er slétt tún.
Á hólmanum hefur verið reist hestaskýli sem er alveg ofan í tóftinni.
Tóftin er 19x10m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð er um 20 cm. Hún skiptist í tvö, aflöng hólf. Það vestara er 13x2m að innanmáli en það eystra er 16x2m. Op er á milli hólfa og einnig á austurvegg eystra hólfsins. Norðausturhorn tótarinnar er næstum alveg horfið sökum rofs. Þar hefur verið reist hestaskýli úr bárujárni og hafa gestir þess sparkað upp tóftina. Að öðru leyti er tóftin grasi vaxin og hvergi sjást grjóthleðslur. Þó að kíllinn sem hólminn var eitt sinn út í sé orðinn að mestu þurr þá rennur lækur 2m norðan við tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Arnanes, 5




NÞ-027:017

NÞ-027:018 *Flatatóft* tóft heystæði 6607.399N 1643.755V



NÞ-027:018 Horft til suðurs




NÞ-027:018

„Norðan við Flata er eða var Flatatóft," segir í örnefnaskrá. Flatatóft er 180-190m suðaustan við bæ 001, um 400m suðvestur af Gamlastekk 014 og um 400 m suður af Myllu-hól 004.
Tóftin er í túni sem ekki er lengur slegið og er vaxið sinu.
Tóftin er 7x3m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslu-hæð veggja um 30 cm og eru þeir hæstir til endanna en lægstir í miðið. Veggirnir eru verulegastir við gaflana en þar eru þeirr um 40 cm. Ekki ber mikið á tóftinni og fellur hún frekar vel inn í óslegið túnið. Staðsetning tóftar og útlit bendir helst til að hún sé heystæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnanes, 5

NÞ-027:019 *Kílaflaga* tóft stekkur 6607.573N 1643.884V



NÞ-027:019 Horft til norð-norð-vesturs




NÞ-027:019

„Kílaflaga. Í henni, fast norðan við Fosskíl, eru gömul stekkjarbrot. Annar stekkur [020] var byggður síðar, austan við Bitholtstjörn," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn í Kílaflögu er um 160m norðan við bæ 001 og 180m norðvestur af Bensahól 005.
Stekkurinn er í iðagrænu túni en stutt austan við hann er kíll. Tún nær að honum að suðaustan. Það er ber það vott um vatnsálag og gengur vatn líklega yfir svæðið í leysingum.
Stekkurinn er 11x8m að stærð og er tvískiptur. Hann snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hans er

skýrir og lítið signir. Veggirnir eru um 1m á þykkt og um 60 cm háir. Hólfin tvö eru aflöng og er op er á milli þeirra. Stærra hólfið er 10x3m að innanmáli og er það opið til suðausturs. Minna hólfið er norðaustar. Það er 4x1m að innanmáli og er op á því syðst, til suðvesturs. Tóftin virðist eingöngu hlaðin úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 5

NÞ-027:020 tóft stekkur 6607.488N 1644.245V




NÞ-027:020


NÞ-027:020 Horft til suðurs

„Kílaflaga. Í henni, fast norðan við Fosskíl, eru gömul stekkjarbrot [sjá 019]. Annar stekkur var byggður síðar, austan við Bitholtstjörn," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn austan við Bitholtstjörn er um 300m vestan við bæ 001 og 20m sunnan við Hornatóft 011.
Stekkurinn er utan girðingar sem liggur umhverfis íbúðarhúsið á Arnanesi. Hann er í túni sem er lyngivaxið.
Stekkurinn er 13x8m að stærð og snýr austur-vestur. Austurhluti tóftar er greinilegri en sá vesturhlutinn. Veggir hans eru signir og er hæð þeirra um 30 cm. Í vestari hlutanum má greina 3 hólf og er op á milli þeirra allra. Stærsta hólfið er um 2x6m að stærð, samhliða því að norðan eru tvö hólf, bæði 2x2m að stærð. Op er á stekknum í suðausturhorni hans. Vestan við hólfin er ógreinileg upphækkun sem líklega var heystæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnanes, 5

NÞ-027:021 *Bitholtstóft* tóft heystæði 6607.582N 1644.308V
Bitholtstóft er heystæði sem er 380m vestnorðvestur af bæ 001 og um 160m norðan við Hornatóft 011.
Í flötu grösugu landi.
Tóftirnar eru tvær, sú nyrðri er 10x5m að stærð og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur, hún er tvískipt er nyrðra hólfið 3x2m að innanmáli en það syðra 3x2,5m að innanmáli. Syðri tóftin er 2m sunnar og er 11x7m


NÞ-027:021 Horft til norð-norð-vesturs

að stærð, snýr eins og nyrðri tóftin en er einföld og er 6x3m að innanmáli. Syðri tóftin er á hól, ytrabyrði hennar er mjög óljóst, er innrabyrðið mun skýrara. Nyrðri tóftin er ágætlega greinileg, bæði að utan og innan. Vegghleðslur eru um 1-2m að breidd og um 20-30cm á hæð. Vestan við syðri tóftina má sjá grunna ferhyrnda dæld sem er 9x5m að innanmáli og hefur sennilega verið rist torf þar til yfirþekju.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:022 Horft til suð-austurs

NÞ-027:022 frásögn stekkur 6607.549N 1643.684V
Stekkur var um 160m norðvestur af bæ 001, um 160m austsuðaustur af stekk 019 og norðan við bæjarlækinn sem rennur norðan við íbúðarhúsið.
Í túni.
Ekki sér til fornleifar nema grunn dæld.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:023 Horft til norð-austurs

NÞ-027:023 *Tókofi* tóft skemma 6607.558N 1643.588V
Tókofi er um 230m norðaustan við bæ 001 og um 220m austan við stekk 019.
Í túni.
Tókofinn er um 6x3m að stærð, snýr norður-suður. Stendur norðurgafl og austurhlið ennþá en enginn suðurgafl var á húsinu. Tóftin stendur á lágum hól og eru veggir steyptir.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:024 Horft til norð-norð-austurs

NÞ-027:024 *Reykkofi* þúst 6607.575N 1643.550V
Reykkofi er um 260m norðaustur af bæ 001 og um 250m austan við stekk 019. Reykkofanum var skipt eftir endilöngu og var íshús í norðurhlut þess og reykkofi í suðurhlutanum.
Í túni.
Þústin er á hól sem er 10x10m að stærð, sjálf þústin er einföld, um 6x5m að innanmáli og snýr vestur-
austur. Hleðslur veggja eru um 20cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-027:025 tóftir heystæði
6607.470N 1642.906V
Tvær tóftir eru um 700m austan við bæ 001 og 370m suðaustan við tóft 027.
Í sléttu grösugu landi.
Tóftirnar snúa norður-suður, sú nyrðri er 14x8m að stærð en sú syðri er 7x7m að stærð. Nyrðri tóftin snýr norður-suður, hún er einföld og er um 9x4m að innanmáli. Ytrabyrði hennar er mjög óljóst ef nokkuð og lýtur helst út fyrir að tóftin hafi verið grafin ofan í náttúrulegan hól og á það líka við um syðri tóftina. Syðri tóftin er líka einföld, um 4x3m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrðri hóllinn er um 1m á hæð en vegghleðslur eru um 20cm.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:025 Horft til suðurs

NÞ-027:026 tóft útihús 6607.506N 1643.814V
Tóft af útihúsum er um 20m norðnorðaustan við bæ 001 og um 60m norðvestan við Myllu-hól 004.
Í túni.
Tóftin er 20x15m að stærð og snýr norður-suður, hún er tvískipt, er syðrahólfið 11x4m að innanmáli en það nyrðra 11x10m að innanmáli, bæði hólfin snúa vestur-austur. Op er á báðum hólfunum til austurs. Leifar af steyptum garða er í nyrðra hólfinu sem er um 7m langur. Vegghleðslur eru um 170cm á hæð og um 3m á breidd.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:026 Horft til suð-vesturs

NÞ-027:027 *Eiríkstóft* tóft heystæði
6607.606N 1643.272V
Eiríkstóft er 500m austnorðaustan við bæ 001 og um 160m norður af Gamlastekk.
Í sléttu grösugu túni.
Heystæðið er í hól sem virðist vera náttúrulegur, er hóllinn um 9x8m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur og er hleðsluhæð hans um 1m. Tóftin er einföld um 5x4m að innanmáli og er hleðsluhæð veggja um 30cm.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:027 Horft til suðurs

NÞ-027:028 *Bræðrahey* tóft heystæði 6606.972N 1643.016V



NÞ-027:028 Horft til suðurs

Bræðrahey er 1,1km suðaustan við tóft 001, um 630m austan við Tóftarhólma 017 og um 930m sunnan við heystæði 025.
Í sléttu flötu landi.
Tóftin er 10x6m að stærð og snýr í norður og suður, hún er einföld um 7x4m að innanmáli og eru vegghleðslur um 60cm á hæð og um 1-2m á breidd. Umhverfis tóftina eru þrjár dældir sem eru væntanlega tilkomnar vegna torfristu, stærst þeirra er sú sem er vestan við tóftina. Hún er ferhyrnd 20cm djúp, um 12x4m að innanmáli og snýr norður-suður. Önnur dæld er austan við tóftina, um 11x3m að innanmáli og snýr líka í norður-suður. Þriðja dældin er norðan við tóftina, um 7x2m að stærð og snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta

NÞ-027:029 hleðsla áveita 6606.756N 1642.312V



NÞ-027:029 Horft til suð-austurs

Áveita var 1,7km suðaustur af bæ 001 og um 200m austan við heystæði 015.
Í sléttu flötu lani við svo til uppþornaðan læk.
Áveitan samanstóð af skurði og vegghleðslu og var hún notuð til að veita vatni úr læk sem áveitan var byggð við á tún vestan við lækinn. Seinna eftir að áveitan fór úr notkun var veggh-leðslan sem lá út í kílinn rifin og notuð til að fylla upp í skurðinn að hluta, liggur núverandi heimreið yfir fyllinguna. Það sem enn má sjá af áveitunni er um 50m langur skurður sem er 60cm breiður og um 40cm djúpur.
Hættumat: engin hætta

NÞ-027:030 gata leið
6606.973N 1643.257V
Gata liggur austur-vestur frá Bræðraheyi 028 til vesturs að götuslóða 031 sem liggur heim til bæjar.
Í sléttu grösugu landi.
Gatan er einföld og svo til ógróin í botninn, um 20cm á breidd og um 10cm á dýpt.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:030 Horft til vesturs

NÞ-027:031 gata leið 6606.972N 1643.330V
Gata liggur norðurvestur-suðaustur heim að bæ. Hún hefur verið ekin bifreiðum.
Í sléttu graslendi.
Gatan er um 1-2m á breidd og um 30cm á dýpt.
Hættumat: engin hætta

NÞ-027:032 garðlag mylla
6607.530N 1643.647V
Óljósar leifar af garðlagi eru um 110m austan við bæ 001 og liggja þær til norðurs frá Mylluhól 004 í tæpa 100m.
Í sléttu túni.
Óljós hryggur er í túninu norðan við Mylluhólinn, nokkrar líkur eru á því að þetta sé leifar af garðlagi sem hefur verið sléttað. Hægt er að greina þennan hrygg á um tæplega 100m löngum kafla sem liggur til norðausturs frá Mylluhól 004. Hann er um 1,5-2m á breidd og um 20cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

NÞ-027:033 garðlag áveita 6607.020N 1644.295V
Lítil garðhleðsla er 10m norðaustan við heystæði 015 og um 920m suðsuðvestur af bæ 001.
Í mýrlendi.
Garðlagið er um 20cm breitt og um 15cm hátt og liggur í uppþornuðum kílfarvegi. Það hefur að öllum líkindum verið byggt sem áveita, það er um 20m langt og liggur milli bakka og lítils hóls sem hefur staðið upp úr kílnum.
Hættumat: engin hætta


NÞ-027:033 Horft til norð-austurs

NÞ-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð

NÞ-611:001 heimild um leið
Í Sýslu og sóknarlýsingum Þingeyjasýslna er þjóðleið um Kelduneshrepp og víðar lýst. Þar segir: ‚Alfaravegur yfir Garðssókn, eftir lengd hennar frá suðaustri til norðvesturs liggur frá Svínadal að Ási, þaðan ofan sanda austan við byggðina til Kelduness, svo þvert fyrir byggðina til vesturs að Garði, þaðan til norðvesturs að Auðbjargarstöðum, neðsta og vestasta bæ í hverfinu, síðan yfir svonefndar Brekkur út með sjó til Bangastaða, hvar sóknin endar. Liggur svo vegurinn þaðan út sókninni með sjó kringum Tjörnes, að Máná, innan við enda sama ness að vestanverðu, sem er ysti bær í Húsavíkursókn," Þessi lýsing virðist að stórum hluta eiga við núverandi akveg sem mun lítið hafa breyst frá því að lýsingin var samin um miðja 19. öld. Í sömu heimild kemur fram að vegbætur hafa verið gerðar á leiðinni, þar sem vegur milli Kelduness og Krossadals, Garðs og Grásíðu hafi verið varðaður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SSÞ, 219-220

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir og svo framvegis. Það er því algengt að næstum ekkert sé sýnilegt af þeim fornleifum sem stóðu heima við bæi við upphaf 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Það er því brýnt að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu. Hreppurinn er þó óvenju gjöfult minjasvæði og er mikill fjöldi minjanna enn heillegur, ekki síst hin fjölmörgu og fjölbreytilegu eyðibýli. Í flestum tilfella eru þessi býli samsett úr nokkrum tóftum og túngarði sem liggur umhverfis tóftirnar og afmarkar túnið. Það er í raun mjög athyglisvert hversu mörg þessara býla hafa sloppið við sléttun eða aðra eyðileggingu og standa enn óhreyfð og óskemmd. Ekki er vitað um annað sambærilegt svæði á Íslandi sem getur státað af slíku safni þótt reyndar sé talsvert af eyðibýlum í nærsveitum, t.d. í Reykjahverfi og Aðaldal. Þá má minna á að mörg landsvæði hafa enn ekki verið skráð. Annað atriði er einnig athyglisvert en það er að engar friðlýstar fornleifar eru í Kelduneshreppi. Þetta endurspeglar fyrst og fremst áhugaleysi fornfræðinga og annarra fræðimanna snemma á 20. öld, en langflestar friðlýsingar eru frá þeim tíma og tengjast yfirleitt stöðum sem hægt er að tengja beint við Íslendingasögur, enda voru fornsögur og fornleifafræði tengdar órjúfanlegum böndum fram eftir 20. öld hér á landi.

Góð leið til að varðveita minjastaði getur falist í því að kynna þá fyrir gestum og gangandi og gera þá aðgengilega almenningi. Skemmtileg kynning á fornleifum og fróðleikur um þær getur farið vel saman við vernd á þeim. Hér að neðan verður stuttlega farið yfir þær fornleifar á skráningarsvæðinu sem hafa mikið verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi.

Eyðibýli

Kelduhverfi er óvenju gjöfult á falleg minjasvæði sem liggja dreift um alla sveitina. Eru þessi minjasvæði að stærstum hluta gömul eyðibýli sem annað hvort virðast mjög forn eða sem fóru í eyði á 19. öld og má finna slíkar rústir svo til á hverri jörð. Þessir tilteknu minjastaðir eru sérlega mikilvægir vegna þess að þeir geyma búsetusögu Íslands frá mismunandi tímabilum, allt frá landnámi til 19. aldar. Á skráningarsvæðinu voru til heimildir um 75 býli fyrir utan lögbýlin og er það hátt hlutfall. Það er til vitnis um að búseta á svæðinu kunni að hafa tekið talsverðum breytingum, hugsanlega eftir árferði eða áherslum í búskap. Nöfn býlanna styðja einnig þá kenningu, að búseta hafi verið sveiflukennd. Býlisheitin hafa gjarnan –sels, -stekkjar eða –gerðisendingu sem bendir til að þau hafi á einhverjum tímapunkti verið nýtt í tengslum við útbeit. Flest

eru býlin í landi Ingveldarstaða, 12 talsins en næstflest eru þau í landi Hóls eða 11. Á hinum lögbýlunum voru 1-4 eyðibýli að jafnaði. Greinilegar túngarðshleðslur og tóftir sáust á flestum þessara býla. Átta af þeim hafa þó verið sléttuð undir tún og eiga þau það flest sameiginlegt að hafa verið í nágrenni við höfuðbólið. Öll þekking eða vitneskja virðist hafa glatast um fjögur býli til viðbótar: Rönd (001:005), Skjaldastaði (002:006), Hólshús (022:008) og Miðgerði (022:013). Þá eru 3 býli / býlisnöfn sem ákveðnar líkur benda til að séu misritarnir eða tilbúningur, þetta er Sírekastekkur (002:015), Garðsheiði 016:013 og Hraunagerði (022:014). Það er nokkuð öruggt að Sírekastekkur (002:015) hefur aldrei verið til nema á pappír. Elsta ritaða heimild um þetta býli mun vera Jarðatal J.Johnsens frá 1847 og mun ástæðan einfaldlega vera sú að þegar J.Johnsen var að vinna að Jarðatali sínu upp úr Jarðabókum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þá var hann eingöngu með handrit. Sírekastekkur tilheyrir landi Ingveldarstaða í Jarðatali Johnsen og þar vitnar Johnsen beint í Jarðabók Árna og Páls. Séu þessar klausur bornar saman þá sést að Sírekastekkur er á sama stað í upptalningu býla í land Ingveldarstaða og Sprekastekkur var í upptalningunni í Jarðarbók Árna og Páls. Til að hægt sé að átta sig á þessu enn frekar skulum við bera setningarnar saman. Skoðum fyrst Jarðabók Árna og Páls: „Skialldastader, Efraoddagerde, Sprekasteckur, Fremresteckur, Hlydargerde og Heidargierde kallast sex eyðiból í þessra þriggja næst fyrirskrifaðra kota landi, …“[1] í Johnsen er setningin svona: „A.M. telur enn fremur Ávegg, Grenjaðarstaðar kirkju eign, í eyði (80al. Isk.) og segir hann part úr Ingveldarstöðum, og með honum 6 gömul eyðiból: Skjaldastaði, Efra Oddagerði, Sírekastekk, Fremristekk, Hlíðargerði og Heiðargerði, …“[2] Hér er nákvæmlega sama röð á bæjarheitunum ef þriðja bæjarnafnið er undanskilið sem er Sprekastekcur í Jarðabókinni en Sírekastekkur í Jarðatalinu. Hér hafa einfaldlega orðið mistök hjá Johnsen þar sem hann hefur ritað „í“ í staðinn fyrir „p“.

Í Landi og Fólki er sagt frá býlinu Garðsheiði (016:013) sem á að hafa verið í byggð stuttu fyrir 1816. Til er heimild sem getur þess að þar hafi fæðst drengur, það er „í Garðsheiðinni.[3] Ekkert heiðarbýli er þó til með þessu nafni og eina heiðarbýlið sem var í byggð svo seint eru Þórólfsstaðir (016:008) sem eru í landi Garðs. Er líklegast að þegar sagt er að drengurinn sé fæddur í Garðsheiði þá sé átt við að drengurinn hafi fæðst á heiðarbýli ofan við Garð. Þórólfsstaðir voru í byggð svo til alla 19. öldina og fram til 1912.[4] Það verður því að teljast sennilegast að umræddur drengur hafi fæðst á Þórólfsstöðum.

Hraunagerði á að vera í landi Hóls en þar þekkist ekkert býli með því nafni. Þetta er þá svo til sama nafn og á og býli í landi Undirveggs er kallast Hraungerði. Sennilega er hér um misritun að ræða því landfræðilega er Hóll mjög nálægt Undirvegg.

Eitt býli fannst ekki þrátt fyrir ítrekaða leit: Geithús (024:011). Geithús á að vera rétt hjá Gilsbakka. Þar er kominn mikill trjágróður sem gerði skráningarmanni erfitt fyrir að finna minjastaðinn en vonandi gefst tækifæri til þess síðar.

Þau býli sem þóttu hvað athyglisverðust eru sum hver sérlega vel í sveit sett hvað aðgengi varðar. Öll ættu þessi margvíslegu býli að vera stolt sveitarinnar og öll geta þau orðið afþreyingarefni fyrir ferðamenn til viðbótar við þá náttúrufegurð sem Kelduneshreppur hefur upp á að bjóða. Það má því með sanni segja að öll hafi þau rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Eins og áður hefur komið fram er flestar býlisrústanna í landi Ingveldarstaða NÞ-002. Þeirra áhugaverðust eru kannski Ingjaldsstaðir (002:004) og Áveggur (002:005) en bæði eru svo til inn í miðri byggð. Þetta eru tóftasvæði sem auðveldlega má nota til kynningar gestum, innlendum sem erlendum, um horfinn búskap. Sagnir eru til um að Áveggur hafi upphaflega verið aðalbýlið en Ingveldarstaðir hjáleigan. Áveggur hefur mikið rannsóknargildi. Til viðbótar við þessi tvö er Víðigerði (002:023) mjög athyglisverður minjastaður sem er getið í Jarðabók Árna og Páls en lýsing þeirra passar þó ekki við það minjasvæði sem þekkt er með þessu nafni í dag. Víðigerði er

1 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1712. *Jarðabók*. Þingeyjarsýsla. 11. bindi, bls. 294
2 J.Johnsens. *Jarðatal*. 1848. bls.339
3 *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*. 1985. bls. 318
4 Sigurður Jónsson, *Skýrsla um eyðibýli í Kelduneshreppi*

mjög stórt minjasvæði nokkuð sunnarlega í heiðinni og má alveg reikna með að þar hafi verið búið, alla vega árstíðabundið þó ekki séu til neinar heimildir um það. Það virðist vera löngu farið í eyði þegar Jarðarbókin er skrifuð og öll þekking á því gleymd.

Í Krossdal NÞ-003 er að finna eitt 19. aldar býli sem er alveg við þröskuldinn á Skúlagarði. Gestir sem þar dvelja fá sér oft göngutúr í góðu veðri um nærliggjandi móa og væri alveg tilvalið að gleðja þá með upplýsingum um litlu fjölskylduna sem bjó í Tungu 003:016.

Í landi Undirveggs NÞ-004 er mjög fornlegt og athyglisvert eyðibýli sem ber heitið Hraungerði (004:004). Samkvæmt jarðarbók Árna og Páls var jörðin löngu komin í eyði árið 1712. Túngarður Hraungerðis er mjög stór og voldugur og virðist sem hann hafi legið umhverfis alla jörðina, því hann virðist afmarka svæði sem er 1700x500m. Svæðið er allt á kafi í kjarrgróðri og er mjög erfitt að átta sig á tóftum og því greinilegt að langt er um liðið síðan íbúar þess yfirgáfu jörðina. Býlið hefur varðveislu- og rannsóknargildi.

Tóveggjarstekkur (005:005) er lítið býli í landi Tóveggs NÞ-005, ekki er nú víst að það hafi alltaf heitið svo. Stekkjartóftin þar mun vera yngri en býlið en engu að síður þá er Tóveggjarstekkur alveg í byggð og fast við akveg. Aðkoma að því fyrir ferðamenn er mjög auðveld og því mætti til dæmis nota það til upplýsingar hvernig fólk á Íslandi bjó til forna. Tóveggjarstekkur hefur kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Bangastaðir NÞ-007 er gamalt lögbýli en er hér tekið inn í þessa umræðu þar sem sú jörð er löngu fallin í eyði og standa enn óhreyfðar flest allar tóftir í túni. Bangastaðir er dæmi um minjastað sem er mjög nærri alfaraleið og er alveg tilvalið gefa ferðamönnum tækifæri á að leggja bíl sínum einhverstaðar nálægt minjastaðnum til þess að njóta hans. Til þess að svo megi verða þarf að setja upp skilti með upplýsingum um bæinn og þjóðsöguna sem tengist staðnum. Einnig mætti segja frá íbúum Bangastaða og horfnum búskaparháttum. Þetta gæti orðið frábært efni til afþreyingar og afslöppunar á löngu ferðalagi. Minjastaðurinn hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Það er afar athyglisverður minjastaður Í landi Fjalla NÞ-008 er nefnist Fremri-Fjöll (008:038) „og rómast að þar hafi Fjöll í fyrndinni staðið,“[5] segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þarna eru fornar girðingar sem eru mjög ólíkar öðrum túngörðum í hverfinu. Þá virðast þarna líka vera tóftir með skálalagi sem bendir eindregið til landnámsaldar. Er ein þessara tófta rúmir 40 m á lengd og ef rétt reynist að um skála sé að ræða yrði hann með stærstu skálum á Íslandi. Þarna stóðu einnig beitarhús frá Fjöllum og hafa reyndar staðið þar um langan aldur en þau munu samt vera yngri en hinar minjarnar á svæðinu. Minjastaðurinn hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Um langa tíð hefur Garður NÞ-016 verið aðal kirkjustaður Keldhverfinga og heimildir geta um níu býli á jörðinni. Eitt þeirra er mjög fornt og athyglisvert, Bláskógar (016:017). Bláskóga er ekki getið í Jarðarbók Árna og Páls frá 1712 en er nefnt í máldaga Garðskirkju frá 1553 og er það þá komið í eyði. Um það liggur svo kallaður Bláskógavegur (016:063) sem var eitt sinn fjölfarinn vegur milli Húsavíkur og eystri hluta Kelduhverfis. Bláskógar eru ekki bara áhugaverðir sökum þess hvað jörðin hefur verið stór og farið í eyði snemma heldur er þar þyrping þriggja býla. Sitt hvoru megin við Bláskóga eru tvær aðrar túngirðingar umhverfis tóftir sem benda til einhvers konar búsetu. Þá er einnig athyglisvert að Bláskógavegur skuli einmitt liggja um Bláskógabýlið. Minjastaðurinn hefur mjög mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Í heiðinni rétt ofan við Austurgarð NÞ-018 er tóftasvæði sem kallast Austurgarðasel eða Gamlistekkur (018:005). Austurgarðasel mun þó vera eldra nafn en Gamlistekkur og er þess getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þetta er mjög athyglisvert tóftasvæði og er þar þreföld túngirðing og jafnvel fjórföld á kafla. Það verður að kallast mjög sérstakt að sel hafi þrefalda túngirðingu. Það er líka óvenjulegt hversu skammt frá bæ þessi minjastaður er, ekki meira en 800m. Hvað olli því að slík fjárfesting var sett í sel? getur verið að staðurinn hafi einhvern tíma

5 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1712. *Jarðabók*. Þingeyjarsýsla. 11. bindi, bls. 277 - 278

heitið eitthvað annað og að sel endingin vísi ekki í upphaflega notkun á staðnum ? Minjastaðurinn hefur mjög hátt rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Hrútsstaðir (019:009) er athyglisvert tóftasvæði í landi Kelduness og er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: „Hrutstader, fornt eyðiból í Kelduness landi millum Kelduneskots og Eyvindarstaða, og eru þar sýnileg byggíngamerki tófta og girðíngaleifa, og so er sagt að á þessu eyðibóli hafi hjáleiga um nokkurn tíma bygð verið“[6]. Er hægt að túlka þessa setningu þannig að Hrútstaðir hefi verið til sem fornt eyðiból áður en það byggðist upp sem hjáleiga? Það virðist nefnilega vera nokkur munur á tóftunum og verður ekki betur séð en skálalag sé á einni tóftinni sem gæti bent til þess að Hrútstaðir hafi verið komnir í byggð mjög snemma. Minjastaðurinn hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Eitt athyglisverðasta tóftasvæðið í Kelduhverfi er í landi Hóls NÞ-022, býlin Hermannshóll (022:016) og Hermannshólsgerði (022:015). Þetta er svæði sem vekur upp margar spurningar. Þessi tvö býli liggja þétt hvort öðru og hljóta að tengjast á einhvern hátt. Hermannshólsgerði sker sig frá öðrum býlum í Kelduhverfi hvað varðar stærð en ysti túngarðurinn þar afmarkar svæði sem er 1150x880m. Þegar landflæmið sem garðarnir afmarka er orðið svona stórt væri fróðlegt að vita hvort garðurinn hafi átt að afmarka úthagann eða sjálfa jörðina. Norðaustan við þessa ystu túngirðingu fannst önnur túngirðing sem einnig er mjög stór og ekki er ljóst hvaða hlutverk hún hafði. Við hliðina á Hermannshólsgerði er Hermannshóll. Samkvæmt venju í örnefnum mætti ætla að Hermannshóll væri stærra býli en Hermannshólsgerði þar sem gerðisnöfn eru yfirleitt talin vísa til lítilla býla en í þessu tilfelli er Hermannshóll minna tóftasvæði en Hermannshólsgerði. Það vekur líka athygli að Hraungerði (004:004) er ekki langan veg frá Hermannshólsgerði. Minjastaðurinn hefur mjög mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Meiðavellir NÞ-023 er jörð sem er vel í sveit sett og fögur og þar eru einnig margir athyglisverðir staðir. Jarðabók Árna og Páls frá 1712 nefnir þar þó ekkert býli annað en litla túngirðingu sem kallast Maríugerði (023:007). Aftur á móti fær Hræringsstaðir (023:017) umfjöllun í Jarðabókinni, enda þá nýfarin í eyði og þar undir er nefnt eyðibýlið Skálholt (023:020). Þessi býli eru nú bæði í landi Meiðavalla. Hræringsstaðir er sennilega misritun á Hræreksstöðum og er þar að finna miklar mannvistarleifar mjög nálægt alfaraleið sem auðvelt er að kynna og sýna ferðamönnum. Minjastaðurinn hefur þó því miður skemmst að hluta því vegur liggur í gegnum túnið á honum og í gegnum túngarða hans. Minjastaðurinn hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Fleiri býli eru þar í landi sem hvergi eru nefnd í ritheimildum nema í örnefnaskrá og er athyglisverðast þessara býla Syðra-Geithöfðagerði (023:022). Það er sunnarlega í heiðinni ofan Meiðavalla og á kafi í trjágróðri. Þar eru mjög fornlegar tóftir og fallegar en skógurinn kemur til með að eyðileggja þær fyrr en seinna og því óhætt að segja að þær séu í mikilli hættu. Þær hafa kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Ekki verður lokið við þessa umræðu án þess að minnast á Svínadal NÞ-025 sem eins og Bangastaðir eru gamalt lögbýli. Líkt og á Bangastöðum standa þar enn tóftir útihúsa, óhreyfðar og óskemmdar, í túni. Í Svínadal er tóft sem mjög líklega er af bænhúsi. Er það mjög athyglisvert því elsta þekkta nafn á Svínadal er Svínadalssel. Bænhústóftin bendir til þess að á Svínadal hafi verið föst búseta áður er sels endingin kom á nafnið. Fleiri tóftir eru áhugaverðar þar og reyndar er staðurinn allur mjög áhugaverður. Það er því synd að gestir sem þangað koma og vita lítið sem ekkert um staðinn, finna þar bara fallegt skilti sem á stendur Svínadalur. Er það frekar lítið upplýsandi nema um nafnið á staðnum. Þeir horfa yfir graslendi með áberandi grösugum þúfum, yppta öxlum og halda áfram. Til að breyta þessu og vekja áhuga ferðamanna á staðnum þarf að útskýra fyrir þeim að fólk og húsdýr áttu skjól í þessum þúfum. Upplýsingaskilti sem segir frá ábúendum og búskaparháttum þeirra gæti verið áhugasömum ferðalöngum mikið ánægjuefni.

6 Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1712. *Jarðabók*. Þingeyjarsýsla. 11. bindi, bls. 289 - 290

Þá fá þeir líka skilning á sumum örnefnunum, eins og til dæmis Kallbjargi sem er vinsæll áningastaður ferðamanna og er fremst á bakka Jökulsár á Fjöllum. Kallbjarg var samskiptastaður nágrannabæjanna Hafurstaða og Svínadals. Þar var kallað yfir ánna og jafnvel fóru þar litlar póstsendingar yfir á snæri. Staðurinn hefur tvímælalaust kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Bæjarhólar

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mjög mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls hafa verið skráðir 29 bæjarhólar í Kelduneshreppi. Ástand bæjarhólanna er æði misjafnt, og er algengt að þeir hafi eitthvað verið skemmdir þótt enn sé hluti hólsins óskaddaður. Mjög óljósir bæjarhólar eru á Ingveldarstöðum (002:001), Byrgi (006:001), Auðbjargarstöðum (009:001), Lóni (010:001) og Sultum (012:001), Grásíðu (015:001), Garði (016:001), Keldunesi (019:001), Kelduneskoti (020:001), Meiðavöllum (023:001), Ási (024:001) og Arnanesi (027:001) en þó svo að bæjarhóllinn hafi verið sléttaður eða að lítið sjáist til hans geta mannvistarlög enn legið undir sverði. Bæjarhólarnir á Þórunnarseli (001:001), Krossdal (003:001), Tóvegg (005:001), Fjöllum (008:001), Víkingavatni (011:001), Kílakoti (013:001), Ólafsgerði (014:001), Austurgörðum (018:001), Hóli (022:001) og Eyvindarstöðum (026:001) eru frekar greinilegir og lítið skemmdir, er mikilvægt að svo haldist áfram.

Leifar uppistandandi eða hruninna torfbæja var að finna á fimm af lögbýlunum 27 sem skráð voru. Eru þetta bæjarhólarnir á Undirvegg (004:001), Bangastöðum (007:001), Stórárbakka (017:001), Nýjabæ (021:001) og í Svínadal (025:001). Allir fóru þessir síðast töldu bæir í eyði á seinni hluta 20. aldar og hafa leifar þeirra hafa varðveist í ágætu ásigkomulagi og væri mjög æskilegt að halda því þannig. Af þessum fimm er það kannski helst bæjarhóllinn á Undirvegg sem er í nokkurri hættu þar sem sú jörð er enn nýtt en hinar ekki. Eru þessar aðstæður á Undirvegg tilkomnar vegna þess að þegar nýtt hús var byggt á Undirvegg var bæjarstæðið fært og stendur gamli bæjarhóllinn ennþá óhreyfður með veggjarbrotum síðasta bæjarins sem þar stóð. Vatnsleysi hefur líklega gert það að verkum að á Undirvegg var stundum erfitt að búa. Bærinn var t.d. í eyði árið 1712 þegar Árni og Páll rita Jarðabók sína. Jörðin mun þó vera gömul og hefur bærinn líklegast alltaf staðið undir veggnum eins og nafnið bendir til. Bæjarhóllinn og bæjarrústirnar hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

Í flestum tilfellum hefur bæjarhólum eitthvað verið raskað við byggingu nýrri íbúðarhúsa en þótt bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu séu stundum nokkuð óljósir hafa framkvæmdir ekki eyðilagt þá algjörlega. Það má til dæmis ætla að á Víkingavatni (011:001) séu enn talsverðar leifar mannvistarlaga undir sverði í bæjarhólnum þó að líklega hafi hluta leifanna verið rutt út við byggingu íbúðarhúss sem þar stendur. Svipaða sögu er að segja um bæjarhólinn á Fjöllum (008:001) og í Garði (016:001).

Útihús

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á og var það til að auðvelda dreifingu á áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru víðast inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna

verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Vitneskja um útihús á skráningarsvæðinu var aðallega fengin af gömlum túnakortum og úr örnefnaskrám. Athyglisverðar minjar í þessum flokki eru nokkrar og er þar helst að nefna Fjósið (019:024) en svo nefnist mjög athyglisverð fornleif í landi Kelduness NÞ-019. Þetta er tóft af sumarfjósi og er hún um 700m norðan við bæinn í Keldunesi. Vitað er um fáar tóftir af sumarfjósum sem enn eru óskemmdar og því hefur tóftin tvímælalaust kynningar-, rannsóknar- og varðveislugildi. Næstum öll útihúsin á Bangastöðum (007:002, 007:004, 007:006 og 007019) og einnig í Svínadal eru áhugaverð því eins og áður sagði er þetta flokkur fornminja sem hefur farið mjög illa á 20. öld og er jafnframt lítið rannsakaður.

Tún, kál- og túngarðar

Næstum engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema þau sem tilheyra gömlum eyðibýlum sem hafa fyrir margt löngu farið í eyði. Um þau er fjallað í kaflanum Bæjarhólar, bæjarstæði og býli hér að ofan.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðshleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Túngarðar voru skráðir umhverfis heimatún á 15 jörðum, þeir hafa þó flestir verið sléttaðir að meira eða minna leyti. Eru einu sjáanlegu leifar þeirra, óljósir hryggir í sléttuðum túnum þar sem garðurinn lá. Á fimm jörðum var þó annað hvort hluti eða allur túngarðurinn ósléttaður, en það er á Byrgi (006:004), Bangastöðum (007:020), Stórárbakka (017:002), Svínadal (025:023) og Eyvindarstöðum (026:009). Ekki er ólíklegt að túngarðar hafi þó verið umhverfis flest ef ekki öll heimatún þótt að engar heimildir séu til um það í dag.

Beitarhús og sel

Aðeins voru sjö beitarhús skráð á svæðinu og eru þau á jafn mörgum jörðum, Þórunnarseli (001:007), Krossdal (003:026), Fjöllum (008:010), Víkingavatni (011:066), Grásíðu (015:033), Garði (016:032) og Keldunesi (019:034). Á Ási er beitarhús (024:021) en ekki fann skráningarmaður þau og því gafst ekki tækifæri til að skoða þau. Tóftin sést greinilega á loftmynd og verða þau að bíða betri tíma.

Þrjú beitarhúsanna eru sérstaklega athyglisverð. Ein þeirra eru nokkuð sunnarlega í Garðsheiði og byggð inn í hraungíg sem nefnist Hraunstakkaborg. Í gígnum er iðagrænn grasbali og upp við hraunvegginn frábært dæmi um beitarhús (016:032). Tóftin stendur vel og er mjög falleg, allt umhverfið er hið ævintýralegasta og er þetta frábær áfangastaður fyrir göngumann í góðu veðri. Krossdalsbeitarhús (003:026) eru á holtarana sem er með eindæmum snjóléttur og eru húsin því vel í sveit sett. Tóftin er hlaðin úr grjóti og standa hleðslurnar vel ennþá. Tóftin hefur bæði varðveislu- og rannsóknargildi. Á Fjöllum eru beitarhús er nefnast Fremri Fjöll (008:038) og eru þau mjög athyglisverð. Þau eru að öllum líkindum byggð á gömlu bæjarstæði og eru tóftir þar og garðlög mjög sérstök. Beitarhúsin þar eru í mjög góðu ásigkomulagi og um þau eru til góðar ritaðar heimildir. Þetta eru beitarhús sem hafa tvímælalaust mjög hátt kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Skráð voru 18 sel á svæðinu, fimm af þeim eru stakar tóftir, eitt er tóftaþyrping (Selstaðir 016:019). 10 sel hafa túngarð umhverfis tóftirnar en eitt er bara þúst (Birgissel 001:006) og þá fannst engin tóft við Selkrika (008:023). Síðan voru skráðir fimm minjastaðir sem sennilegast hafa verið annað hvort sel eða býli, þetta eru Sigmundarhús (011:078) og svo 4 aðrir minjastaðir sem Sigurður Jónsson getur um í skýrslu sinni og nefnir Bláskógarsel (016:050), Maríugerði (023:027), Arndísarstaði (023:028) og Víðrasel (024:034). Eru allir þessir minjastaðir með túngarð umhverfis eina eða fleiri tóftir. Til viðbótar við þetta fundust svo sjö aðrir nafnlausir staðir

á loftljósmynd sem ætla má að hafi verið sel. Ekki fundust neinar heimildir um þessa staði og ekki var skráningarmanni bent á þá á vettvangi. Hér er engum nöfnum til að dreifa svo að númer þessara staða verða að duga en þetta eru minjastaðirnir 004:019, 004:020, 005:010, 011:083, 011:085, 019:011 og 023:035. Þau sel sem standa hvað mest upp úr er að sjálfsögðu Austurgarðasel (018:005) en á það hefur verið minnst á áður. Þá er það ónefnt býli sem sumir kalla Maríugerði (023:027) og er mjög sunnarlega í heiðinni í landi Meiðavalla. Þar er og einnig annað býli sem er mjög áhugavert, er það kallað Arndísarstaðir (023:028) en það nafn er frekar ný til komið. Á þessum minjastöðum eru hleðslur orðnar mjög signar og fornlegar. Í landi Áss NÞ-024 eru margir áhugaverðir minjastaðir upp í Ásheiðinni. Rétt innan við íbúðarhúsið á Ási er reiðgata upp á heiðina en einnig má komast upp á heiðina með því að fylgja gönguslóðum frá Ástjörn. Til er göngukort (gefið út af Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum) sem sýna þessar leiðir einnig hvar gömul eyðibýli er að finna. Tilfellið er að víða liggja þessir göngustígar nærri fornleifum í landi Áss og væri vel við hæfi að nýta þær fornleifar sem eru við leiðarnar til að auka á gildi útivistar á svæðinu. Þetta mætti gera með því að setja upp skilti með upplýsingum um fornleifarnar. Þar væri t.d. hægt að birta teikningar sem sýna afstöðu tóftanna ásamt frekari upplýsingum um staðinn. Ferðalangur sem hyggst fylgja göngustíg að Hljóðaklettum getur valið um viðkomu hjá Hvammsseli (024:012) sem er áhugaverður minjastaður. Liggur göngustígurinn í túngarðinum á Hvammsseli sem reyndar er ekki æskilegt en þar hjá minjastaðnum mætti gjarnan setja upp upplýsingaskilti fróðleiksfúsum göngugörpum til ánægju. Sömu ferðalangar munu koma til með að ganga framhjá Rauðhólaseli (024:013). Þar eru umfangsmiklar tóftir sem eru orðnar mjög grónar lyngi og lítið áberandi en Rauðhólasel er mjög athyglisverður minjastaður. Tilvalið væri fyrir áhugasamt göngufólk að skoða tóftirnar þó að göngustígurinn liggi ekki alveg að þeim. Ef til stæði, að kynna svona tóftasvæði fyrir göngufólki þá þarf að vekja athygli á þeim með skiltum eða í bæklingi. Fleiri áhugaverð sel eru í landi Áss en það er Víðrasel sem Sigurður Jónsson kallar svo. Víðrasel er allt að hverfa í trjágróður og er það mjög slæmt því rætur trjánna sprengja vegghleðslurnar og eyðileggja. Þetta eru greinilega mjög fornar rústir og virðast allar heimildir um hann glataðar hafi þær nokkurn tíma verið til.

Selstaðir (016:019) eru nokkuð ólíkir öðrum seljum í hverfinu. Tóftirnar líta vel út og eru grösugar sem ætti að benda til þess að þær væru frekar í yngri kantinum en öll vitneskja um þennan stað er samt á huldu, nema nafnið. Selstaðir eru mjög sunnarlega í Garðsheiðinni og ekki er neinn túngarður umhverfis tóftirnar sem eru þrjár talsins.

Nónhæðarsel (016:043) er afar athyglisverður minjastaður sem virðist vera mjög forn. Tóftirnar þar eru mjög voldugar og fallegar og hefur verið vandað til byggingar þeirra. Umhverfis þær liggur hringlaga túngarður sem afmarkar svæði sem er 200x150m að stærð. Að síðustu er það svo Hornsel (011:066), líka kallað Hofssel. Þar er að finna túngarð og nokkrar tóftaleifar. Tvær af tóftunum í Hornseli virðast nokkuð yngri en túngarðurinn og önnur mannvirki á svæðinu. Báðar eru tóftirnar vallgrónar og nokkuð skýrar, meðan aðrar minjar á svæðinu eru allar vaxnar lyngi og afmyndaðar af þýfi. Er líklegt að þessar rústir séu eftir beitarhúsin frá Víkingavatni, sem voru í Hornseli um miðja 19. öld. Flest sel sem hér hafa verið nefnd eru upp til heiða en þó er eitt sel alveg í byggð, Eyjasel (006:005) í landi Byrgis NÞ-006. Ekki fannst þar nein tóft sem benti óyggjandi til búsetu og ekki er minnst á það í Jarðabók Árna og Páls 1712. Minjasvæðið er samt athyglisvert og ber vott um búskaparhætti sem núna eru með öllu horfnir og jafnvel alveg gleymdir. Þetta minjasvæði hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Mjög fá sel hafa verið rannsökuð á Íslandi og er mjög lítið vitað um þennan búskap í raun, því má segja að flest sel séu mjög áhugaverð. Það er til að mynda mjög athyglisvert að á sumum seljum er byggður stór og myndarlegur túngarður en á öðrum bara ein lítil tóft. Þau sel sem voru tínd til hér að ofan þóttu þó hafa hátt kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Kvíar, réttir og stekkir

Skráðar voru tíu kvíar og reyndust allar horfnar nema ein tóft á Sultum (012:006). Kvíar er minjaflokkur sem virðist almennt hafa farið mjög illa, enda yfirleitt fast við athafnasvæði bæja. Kvíarnar á Sultum hafa því kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Skráðar voru 20 réttir og aðhöld á svæðinu, önnur en stekkir eða kvíar, og eru flestar af þeim enn uppistandandi. Þær eru flestar í frekar góðu ásigkomulagi, hér verður þó aðeins minnst á fimm af þeim. Sú fyrsta sem hér er nefnd er rétt í landi Ingveldarstaða og nefnist Þorfinnsrétt (002:027). Hún er hlaðin ofan í gjá og er hún nokkuð lýsandi fyrir það hvernig bændur í Kelduhverfi hafa notað sprungurnar eða gjárnar sem einkenna svæðið. Svipaðar réttir voru á fleiri bæjum en hafa sumstaðar verið sléttaðar undir tún. Höfðarétt (003:018) var eitt sinn aðalskilaréttin í Kelduhverfi en var lögð af um 1950. Réttin, sem er úr torfi og grjóti, er nú í fremur slæmu ásigkomulagi og eru einungis nokkrir veggir uppistandandi. Réttin gegndi áður mikilvægu hlutverki í sögu sveitar og hefur sem slík kynningar- og varðveislugildi.

Hraunhólsrétt (022:031) er mjög falleg rétt, hlaðin úr hraungrýti og er alveg heil og óskemmd. Hún er í landi Hóls og hefur 14 dilka og stóran almenning. Eru dilkar hennar mjög misstórir sem gefur vísbendingu um mismunandi efnahag bændanna sem notuðu réttina. Réttin gefur þannig innsýn inn í samfélagið. Hún hefur að öllum líkindum verið notuð um langt skeið og gengið í gegnum einhverjar breytingar. Hún hefur kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi. Gamlarétt (008:045) er í landi Fjalla, mjög falleg rétt hlaðin úr torfi og grjóti. Er hún nokkuð áþekk annarri rétt í landi Áss en sú er í Kúahvammi (024:030). Réttin í Kúahvammi er myndarleg skilarétt. Hún er reyndar nokkuð úr vegi fyrir þá sem fylgja merktum göngustígum sem liggja um Ásheiðina en með svolítilli kynningu mætti fá fólk til að leggja lykkju á leið sína til að skoða réttina sem er í fallegum og nokkuð djúpum hvammi. Réttirnar hafa tvímælalaust kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.

Við fornleifaskráninguna fundust tóftir af 31 stekk. Stekkirnir eru flestir uppi í heiðinni, og eru Ólafsgerðisstekkur (011:077) og Stekkur (018:010) sem er um rúman 1km sunnan við Austurgarða mjög góð dæmi um vel gerða stekki sem hafa varðveist alveg heilir. Stekkurinn í landi Austurgarða er ofan í djúpri dokk og allur vel gróinn grasi, er hann nokkuð lýsandi fyrir aðra stekki í heiðinni. Þá eru tveir stekkir hér nefndir sökum þess að þeir eru byggðir á gömlum býlum sem sennilega hafa glatað nöfnum sínum eftir að stekkir voru byggðir þar en þetta er Tóveggjarstekkur (005:005) og Stekkjargerði (002:014). Það er mjög gott aðgengi að þeim og eru þeir tilvaldir til kynningar yngri kynslóðum um horfna búskaparhætti. Stekkirnir eru mjög athyglisverðir og hafa kynningar-,varðveislu og rannsóknargildi.

Kuml og kirkjugarðar

Vitað er um þrjú kuml í Kelduhverfi: á Grásíðu (015:012), Hóli (022:020) og í Svínadal (025:025). Öll eru þau mjög nálægt bæjarstæðum. Gera má ráð fyrir að fleiri kuml kunni að leynast í sveitinni þótt ekki séu þau auðfundin. Einn meintur legstaður á Víkingavatni var færður á skrá. Þar er örnefnið Víkingshóll (011:019) þar sem sagan segir að jarðneskar leifar Víkings þess sem jörðin er kennd við, eigi að vera.

Tvær sóknarkirkjur stóðu í Kelduneshreppi: á Ási (024:002) og í Garði (016:002). Árið 1816 var kirkjan á Ási lögð niður og sóknin lögð til Garðskirkju. Kirkjan á Ási stóð inni í kirkjugarðinum en búið er að slétta þar allt undir tún, bæði kirkjutóft og kirkjugarð. Það má þó enn má þó sjá móta fyrir kirkjugarðinum.

Bænhús munu hafa verið sjö í Kelduneshreppi, á Fjöllum (008:002), Víkingavatni (011:002), Austurgörðum (018:002), Keldunesi (019:002) og Hóli (022:002), Meiðavöllum (023:002) og Svínadal (025:025). Staðsetning bænhúsanna er þekkt á flestum þessum jörðum en alls staðar

hafa þau verið sléttuð. Helst er að sjá ummerki eftir bænhús í Svínadal. Við sum þessara bænhúsa hefur verið grafið og hafa komið upp mannabein á Fjöllum og á Víkingavatni.

Á Víkingavatni (011:002) komu upp mannabein 1936 þegar grafið var fyrir kjallara íbúðarhúss og því er íbúðarhúsið væntanlega staðsett í hluta kirkjugarðsins. Við svipaðar aðstæður komu í ljós mannabein á Fjöllum þegar hlaða var byggð rétt fyrir 1930 því við byggingu hennar var komið niður á mannabein. Er talið að bænhúsið hafi verið í námunda við þann stað.

Annað

Á Krossdal eru mjög athyglisverðar minjar eftir myllu (003:007) við gamla túngarðinn þar sem hann nær út að Stórá. Þar var tjörn sem nú er að vísu að mestu uppþornuð en þar má sjá hleðslur í tjarnarbakkanum og fleiri ummerki myllunnar. Minjar þessar eru allsérstæðar og hafa varðveislugildi.

Sund var kennt í Litluá á fyrri hluta 20. aldar. Leifar sundstaðarins (003:014) sjást ennþá. Laugin nær því vart að teljast fornleif samkvæmt skilgreiningu laganna en er engu að síður minnismerki um athyglisverðan þátt í sögu þjóðar á 20. öld. Áin er á þessum stað um 14°C heit og var byggður lítill skáli við sundstaðinn. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.

Krossdalshellar (003:021) eru skammt frá þjóðvegi. Hellarnir voru notaðir sem fjárskýli. Hellar sem þessir eru náttúruminjar en þeir voru nýttir til búskapar og voru í raun ákveðin búbót, þar sem þá mátti á auðveldan hátt og með lítilli vinnu nýta sem fjárskýli. Krossdalshellar og aðrir sambærilegir hellar hafa kynningar- og varðveislugildi.

Tvær leiðir eru í hverfinu sem þyrfti að gefa nánari gaum, er þetta Bláskógavegur NÞ-016:063 og Garðsstígur NÞ-016:031. Eru þetta tilvaldar leiðir til að rannsaka betur og merkja inn á kort. Þetta voru alfaraleiðir úr hverfinu í kaupstað og því tilvaldar til kynningar fyrir ferðamenn sem leggja leið sína í Kelduhverfi. Tunguheiðarvegur hefur til dæmis verið stikaður sem er frábær leið til viðhalds.

Hnitin

Hnitin sem eru birt hjá fornleifum í fornleifaskránni eru í WGS 84 stillingu sem þýðir að hnattstaða fornminjanna er mæld í gráðum og mínútum. Hér í þessum viðauka hefur hnitunum aftur á móti verið snúið á ISN93 stillingu sem er landshnitakerfi og er þá hnattstaða fornminja mæld í lengdar og breiddargráðum. Hnitaskráin hefur að geyma öll hnit sem tekin voru á svæðinu og eru þau mun fleiri en þau sem birtast í sjálfri fornleifaskránni. Er það vegna þess að mörg hnit voru tekin á gömlum túngörðum og þá er einnig þar að finna öll hnit af tóftum sem eru innan eyðibýla.
Fyrir framan hvert hnit er númer fornleifar. Það byrjar alltaf á NÞ (Norður-Þingeyjarsýsla) í þessari skýrslu en á eftir því kemur þriggja stafa tala sem er auðkennistala jarðar, er hún fengin úr Jarðatali Johnsens frá 1847. Strax á eftir jarðarnúmeri kemur númer fornleifar sem er einnig þriggja stafa tala. Við þessar aðstæður þurfti að bæta við bókstaf við fornleifanúmerið. Fékk bæjartóftin bókstafinn A túngarðurinn B og svo aðrar tóftir C, D, og E eftir því sem við átti. Hnit með bókstafnum B á eftir eru því fleiri en hnit með öðrum bókstöfum þar sem mörg hnit voru yfirleitt tekin á túngörðunum.

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-001:001	604631.31	624517.42	NÞ-001:002F	605680.01	626727.44
NÞ-001:002A	605668.77	626737.5	NÞ-001:002G	605676.85	626792.33
NÞ-001:002ba	605587.9	626780.1	NÞ-001:003A	605374.3	626299.24
NÞ-001:002bb	605577.84	626809.69	NÞ-001:003Ba	605476.27	626264.72
NÞ-001:002bc	605626.95	626828.82	NÞ-001:003Bb	605461.28	626293.52
NÞ-001:002bd	605645.69	626835.52	NÞ-001:003Bc	605414.33	626322.32
NÞ-001:002be	605688.29	626850.91	NÞ-001:003Bd	605317.29	626347.56
NÞ-001:002bf	605737.21	626868.86	NÞ-001:003C	605328.34	626305.95
NÞ-001:002bg	605811.17	626894.89	NÞ-001:003D	605438.2	626284.84
NÞ-001:002bh	605825.17	626898.44	NÞ-001:006	605238.01	623812.3
NÞ-001:002bi	605838.78	626857.02	NÞ-001:007	605246.88	625439.69
NÞ-001:002bj	605867.58	626868.26	NÞ-001:008	603270.19	627241.83
NÞ-001:002bk	605916.89	626787.59	NÞ-001:010	604268.2	626112.06
NÞ-001:002bl	605954.76	626728.42	NÞ-001:011	604126.78	626048.16
NÞ-001:002bm	605920.24	626714.62	NÞ-001:012a	603450.46	626921.71
NÞ-001:002bn	605899.93	626707.91	NÞ-001:012b	603458.15	626906.92
NÞ-001:002bo	605882.77	626703.77	NÞ-001:013	604511	624691.97
NÞ-001:002bp	605836.42	626677.34	NÞ-001:014A1	603821.07	627021.71
NÞ-001:002bq	605780.4	626656.04	NÞ-001:014A2	603774.72	626996.86
NÞ-001:002c	605955.94	626726.45	NÞ-001:014A3	603775.11	626988.38
NÞ-001:002d	605921.03	626712.05	NÞ-001:014C1	603927.18	626427.64
NÞ-001:002e	605823.4	626675.76	NÞ-001:014C2	603908.64	626419.16

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-001:014D1	603945.33	626439.67
NÞ-001:014D2	603987.14	626456.83
NÞ-001:014E1	604285.95	626149.74
NÞ-001:014E2	604297.59	626163.35
NÞ-001:015a	605132.48	625527.06
NÞ-001:015b	604989.88	625084.86
NÞ-001:015c	604954.38	624984.27
NÞ-001:015d	604689.89	624557.26
NÞ-001:016	604614.94	624401.25
NÞ-001:017	605327.94	625257.25
NÞ-001:023	604727.56	624661
NÞ-002:001	609257.86	616829.98
NÞ-002:002	609184.09	616920.11
NÞ-002:003	609157.66	616762.13
NÞ-002:004a	609440.1	616029.4
NÞ-002:004b1	609404.99	615984.43
NÞ-002:004b10	609492.17	616073.38
NÞ-002:004b11	609427.48	616066.09
NÞ-002:004b12	609447.79	616135.12
NÞ-002:004b14	609498.88	616129.2
NÞ-002:004b15	609526.69	616103.95
NÞ-002:004b16	609539.11	616082.85
NÞ-002:004b17	609536.94	616055.24
NÞ-002:004b18	609448.98	616162.53
NÞ-002:004b19	609529.84	616155.43
NÞ-002:004b2	609398.68	615939.86
NÞ-002:004b20	609593.95	616136.5
NÞ-002:004b21	609627.28	616104.15
NÞ-002:004b22	609596.31	616058.79
NÞ-002:004b23	609535.17	616142.02
NÞ-002:004b24	609528.07	616119.54
NÞ-002:004b25	609554.7	615981.08
NÞ-002:004b26	609522.55	615916.98
NÞ-002:004b27	609469.69	615864.71
NÞ-002:004b28	609404.01	615844.79
NÞ-002:004b29	609251.74	615826.44
NÞ-002:004b3	609404.21	615924.47
NÞ-002:004b30	609263.18	615859.78
NÞ-002:004b31	609302.04	615862.54
NÞ-002:004b33	609268.11	616031.77
NÞ-002:004b4	609404.6	615889.76
NÞ-002:004b5	609438.13	615871.22
NÞ-002:004b6	609461.99	615871.61
NÞ-002:004b7	609523.93	615949.32
NÞ-002:004b8	609539.71	616004.55
NÞ-002:004b9	609538.32	616044.39
NÞ-002:004c	609464.16	616074.57
NÞ-002:004d	609500.46	616050.9
NÞ-002:004e	609476.79	615980.09
NÞ-002:004f	609446.81	615982.85
NÞ-002:004g	609401.25	615918.95
NÞ-002:004h	609461.99	615889.56
NÞ-002:004i	609421.36	615889.17
NÞ-002:004ja	609402.82	615912.44
NÞ-002:004jb	609459.04	615869.64
NÞ-002:005a	610252.51	617683.41
NÞ-002:005b1	610161.39	617598.6
NÞ-002:005b10	610306.95	617844.75
NÞ-002:005b11	610268.88	617872.76
NÞ-002:005b12	610221.15	617860.73
NÞ-002:005b13	610177.96	617873.35
NÞ-002:005b14	610366.12	617692.68
NÞ-002:005b15	610377.56	617693.08
NÞ-002:005b16	610367.7	617641.8
NÞ-002:005b17	610351.33	617645.94
NÞ-002:005b18	610363.95	617600.38
NÞ-002:005b19	610339.69	617558.17
NÞ-002:005b2	610194.33	617575.92

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-002:005b20	610286.04	617525.43
NÞ-002:005b21	610196.3	617543.77
NÞ-002:005b22	610151.53	617567.64
NÞ-002:005b23	610403.79	617851.46
NÞ-002:005b24	610380.91	617943.57
NÞ-002:005b25	610383.28	618011.81
NÞ-002:005b26	610220.17	617347.92
NÞ-002:005b27	610093.34	617382.04
NÞ-002:005b3	610223.32	617567.44
NÞ-002:005b4	610242.65	617574.15
NÞ-002:005b5	610286.64	617598.01
NÞ-002:005b6	610298.67	617603.93
NÞ-002:005b7	610328.84	617644.56
NÞ-002:005b8	610349.55	617693.28
NÞ-002:005b9	610322.14	617816.75
NÞ-002:005c	610116.22	617675.33
NÞ-002:005d	610110.31	617654.03
NÞ-002:005e	610141.86	617663.69
NÞ-002:005f	610179.73	617670
NÞ-002:005g	610182.5	617591.5
NÞ-002:005h	610284.27	617597.22
NÞ-002:005i	610329.44	617652.84
NÞ-002:005j	610338.11	617700.57
NÞ-002:005k	610270.07	617791.3
NÞ-002:005l	610198.87	617727.4
NÞ-002:005m	610187.03	617742.19
NÞ-002:005n	610333.38	617649.69
NÞ-002:007a	609277.38	616859.56
NÞ-002:007b	609256.87	616816.17
NÞ-002:007d	609089.61	616753.06
NÞ-002:007hlið	609147.6	616762.92
NÞ-002:008a	608601.06	615012.06
NÞ-002:008ba	608643.67	615054.47
NÞ-002:008bb	608635.78	615060.58
NÞ-002:008bc	608624.34	615075.37
NÞ-002:008bd	608592.78	615084.84
NÞ-002:008be	608518.03	615083.26
NÞ-002:008bf	608505.6	615062.36
NÞ-002:008bg	608487.46	615034.74
NÞ-002:008bh	608481.93	615004.57
NÞ-002:008bi	608493.57	614990.17
NÞ-002:008bj	608570.1	614931.98
NÞ-002:008bk	608593.17	614926.07
NÞ-002:008bl	608578.97	614910.09
NÞ-002:008bm	608528.68	614924.29
NÞ-002:008bn	608494.95	614939.87
NÞ-002:008bo	608500.47	614959.2
NÞ-002:008bp	608484.89	614969.26
NÞ-002:008bq	608457.08	614954.67
NÞ-002:008br	608409.15	614977.35
NÞ-002:008bs	608429.67	615026.06
NÞ-002:008bt	608463.79	615091.94
NÞ-002:008c	608451.95	615008.31
NÞ-002:009	608539.33	616905.12
NÞ-002:010	608877.78	615773.39
NÞ-002:011a	609287.05	615967.86
NÞ-002:011ba	609318.21	615966.09
NÞ-002:011bb	609310.72	615942.42
NÞ-002:011bc	609291.78	615933.35
NÞ-002:011bd	609275.61	615940.45
NÞ-002:011be	609267.32	615952.08
NÞ-002:011bf	609279.36	615995.67
NÞ-002:011bg	609295.53	615992.71
NÞ-002:011bh	609317.03	615969.05
NÞ-002:012	608693.57	616036.3
NÞ-002:012hus	608707.18	616043.4
NÞ-002:013	608868.91	615755.64
NÞ-002:014A	609810.71	618100.57

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-002:014B	609821.55	618007.67
NÞ-002:014C	609814.06	617984.59
NÞ-002:014D	609838.52	618096.23
NÞ-002:014E1	609880.33	618232.52
NÞ-002:014E2	609761.2	618277.68
NÞ-002:014E3	609593.35	618238.83
NÞ-002:014F1	609630.04	618369.6
NÞ-002:014F2	609709.13	618326.01
NÞ-002:014F3	609850.75	618272.16
NÞ-002:014F4	609897.88	618277.49
NÞ-002:014G1	609716.23	617553.44
NÞ-002:014G2	609617.22	617570.2
NÞ-002:014H1	609719.78	617535.09
NÞ-002:014H2	609604.2	617554.82
NÞ-002:016A	608972.26	613780.33
NÞ-002:016B1	608973.64	613762.38
NÞ-002:016B10	608909.93	613782.89
NÞ-002:016B11	608928.47	613763.17
NÞ-002:016B12	608947.01	613756.66
NÞ-002:016B13	608814.27	613887.03
NÞ-002:016B14	608795.54	613784.47
NÞ-002:016B15	608786.66	613735.55
NÞ-002:016B16	608896.92	613726.09
NÞ-002:016B17	609009.14	613730.43
NÞ-002:016B18	609058.06	613725.1
NÞ-002:016B19	609091.78	613751.92
NÞ-002:016B2	608985.28	613764.15
NÞ-002:016B20	609090.4	613773.42
NÞ-002:016B21	609124.53	613798.87
NÞ-002:016B22	609132.81	613857.84
NÞ-002:016B23	609136.95	613899.85
NÞ-002:016B24	609092.38	613906.56
NÞ-002:016B25	609028.27	613918.39
NÞ-002:016B26	608952.93	613922.14
NÞ-002:016B27	608911.31	613918.79
NÞ-002:016B28	608880.15	613789.4
NÞ-002:016B29	608879.76	613767.9
NÞ-002:016B3	609038.33	613771.45
NÞ-002:016B30	608742.28	613736.34
NÞ-002:016B31	608687.06	613732.99
NÞ-002:016B32	608716.25	613780.72
NÞ-002:016B33	608635.97	613730.62
NÞ-002:016B4	609061.21	613785.45
NÞ-002:016B5	609083.9	613827.07
NÞ-002:016B6	609087.45	613851.73
NÞ-002:016B7	609051.94	613905.57
NÞ-002:016B8	608964.96	613862.77
NÞ-002:016B9	608919.8	613813.66
NÞ-002:016Bhlið	609023.54	613908.14
NÞ-002:016C	608923.74	613768.3
NÞ-002:016D	608956.09	613831.41
NÞ-002:016E	609129.85	613897.09
NÞ-002:016F	609140.3	613834.57
NÞ-002:017	609178.57	613076.39
NÞ-002:018	608176.81	616159.18
NÞ-002:019	608627.89	617636.28
NÞ-002:020	608481.93	616866.47
NÞ-002:021	608484.5	616835.3
NÞ-002:022	609437.54	616363.32
NÞ-002:023a	609372.25	614609.31
NÞ-002:023b	609367.72	614612.07
NÞ-002:023c	609329.65	614612.26
NÞ-002:023d	609382.31	614568.87
NÞ-002:023e	609331.43	614550.73
NÞ-002:023f	609364.36	614553.29
NÞ-002:023g	609304.8	614681.69
NÞ-002:023h	609407.56	614608.12
NÞ-002:024	608416.06	613137.93

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-002:025	609192.77	613670.27
NÞ-002:026	608458.66	617382.24
NÞ-002:027a	608238.74	611881.74
NÞ-002:027b	608259.85	611918.62
NÞ-002:028a	610089.4	617667.04
NÞ-002:028b	610069.48	617623.65
NÞ-002:028c	609998.67	617582.82
NÞ-002:029a	609146.42	615309.89
NÞ-002:029b	609141.29	615248.15
NÞ-002:030	609138.53	616706.11
NÞ-002:031	609190.99	616866.47
NÞ-003:001	602957.18	621931.86
NÞ-003:002	602895.25	621892.22
NÞ-003:003	602963.49	621842.71
NÞ-003:004	602936.07	621830.68
NÞ-003:005	603128.77	621991.82
NÞ-003:006a	603156.78	622009.57
NÞ-003:006b	603151.85	622001.88
NÞ-003:006c	603146.33	621985.11
NÞ-003:006d	603146.13	621970.12
NÞ-003:006e	603144.35	621958.88
NÞ-003:006f	603141	621945.86
NÞ-003:006g	603113.59	621929.89
NÞ-003:006h	603087.75	621917.86
NÞ-003:006i	603073.15	621904.25
NÞ-003:006j	603060.73	621889.06
NÞ-003:007	603163.88	622004.25
NÞ-003:008	602863.69	621934.03
NÞ-003:009	602910.63	621969.14
NÞ-003:010	603046.13	621853.16
NÞ-003:011	603037.45	621867.76
NÞ-003:012	603037.85	622066.77
NÞ-003:013	602904.52	622119.63
NÞ-003:014	603629.75	622065.78

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-003:015	603769.19	621819.83
NÞ-003:016	603529.95	621963.62
NÞ-003:017	603252.24	622042.9
NÞ-003:018	603630.14	622342.9
NÞ-003:019a	603665.65	622364.79
NÞ-003:019b	603662.29	622334.81
NÞ-003:019c	603665.25	622251.18
NÞ-003:019d	603668.6	622242.11
NÞ-003:019e	603673.93	622180.77
NÞ-003:020	603676.49	622193.99
NÞ-003:021-023	603129.56	621361.46
NÞ-003:025	603996.8	621208.6
NÞ-003:026	603289.12	619265.64
NÞ-003:027	603235.08	618811.6
NÞ-003:028	602802.94	620678.23
NÞ-003:029	602792.68	620945.69
NÞ-003:030	603166.05	619238.81
NÞ-003:031	603462.89	620540.17
NÞ-003:032	602809.65	622021.01
NÞ-004:001	607117.66	615921.32
NÞ-004:003a	607116.47	615468.66
NÞ-004:003ba	607117.66	615501.01
NÞ-004:003bb	607099.51	615492.53
NÞ-004:003bc	607081.76	615468.07
NÞ-004:003bd	607095.37	615400.81
NÞ-004:003be	607109.37	615391.15
NÞ-004:003bf	607145.66	615390.16
NÞ-004:003bg	607188.86	615414.62
NÞ-004:003bh	607162.43	615470.44
NÞ-004:003bi	607122	615498.84
NÞ-004:003c	607144.09	615427.83
NÞ-004:003d	607127.72	615431.38
NÞ-004:003e	607133.24	615440.06
NÞ-004:003f	607164.01	615439.47

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-004:004	607385.5	613491.38
NÞ-004:004A	607491.22	613613.07
NÞ-004:004B1	606968.35	614936.52
NÞ-004:004B10	607452.56	614123.12
NÞ-004:004B11	607475.05	613931.61
NÞ-004:004B12	607501.67	613748.18
NÞ-004:004B13	607507.79	613682.89
NÞ-004:004B14	607520.21	613631.02
NÞ-004:004B15	607503.25	613559.03
NÞ-004:004B16	607434.61	613472.25
NÞ-004:004B17	607397.34	613457.06
NÞ-004:004B18	607332.25	613435.95
NÞ-004:004B18	607368.34	613724.71
NÞ-004:004B19	607302.66	613341.87
NÞ-004:004B2	607145.86	614898.45
NÞ-004:004B20	607275.25	613321.75
NÞ-004:004B21	607172.49	613245.03
NÞ-004:004B22	607139.35	613325.31
NÞ-004:004B23	607161.05	613417.02
NÞ-004:004B24	607214.89	613296.71
NÞ-004:004B25	607210.95	613312.88
NÞ-004:004B26	607198.52	613322.94
NÞ-004:004B27	607231.46	613315.64
NÞ-004:004B28	607247.44	613327.67
NÞ-004:004B29	607334.42	613497.69
NÞ-004:004B3	607290.44	614853.29
NÞ-004:004B30	607314.5	613520.96
NÞ-004:004B31	607302.66	613541.47
NÞ-004:004B32	607325.74	613552.52
NÞ-004:004B33	607415.09	613508.54
NÞ-004:004B35	607287.87	613702.42
NÞ-004:004B36	607227.12	613615.24
NÞ-004:004B37	607208.98	613575.6
NÞ-004:004B4	607345.66	614862.36

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-004:004B5	607382.35	614878.14
NÞ-004:004B6	607410.95	614668.28
NÞ-004:004B7	607428.7	614532.98
NÞ-004:004B8	607439.55	614358.62
NÞ-004:004B9	607428.5	614143.44
NÞ-004:004C	607444.48	613535.36
NÞ-004:004D	607447.43	613668.3
NÞ-004:004E	607462.62	613727.67
NÞ-004:004F	607354.14	613617.81
NÞ-004:007	607039.35	615417.38
NÞ-004:008	606988.27	614959.99
NÞ-004:009a	607034.42	614920.74
NÞ-004:009b	605723.99	610872.29
NÞ-004:010	607382.35	615320.54
NÞ-004:011	605537.21	610828.31
NÞ-004:012	605477.65	610742.9
NÞ-004:013	607094.19	616058.2
NÞ-004:014	607121.21	615828.02
NÞ-004:015	607070.72	615913.43
NÞ-004:016	607097.74	615993.7
NÞ-004:017	607081.37	615944.39
NÞ-004:018	606975.65	614950.13
NÞ-004:019	607930.07	616126.05
NÞ-004:019a	607038.17	615708.1
NÞ-004:019b	607047.24	615698.44
NÞ-004:019c	607163.02	615706.33
NÞ-004:019d	607257.69	615713.43
NÞ-004:020a	606825.55	616165.49
NÞ-004:020b	606827.52	616087.39
NÞ-004:HUS	607372.68	615889.56
NÞ-005:001	609836.15	616319.93
NÞ-005:002	609848.77	616250.9
NÞ-005:003	609806.56	616297.25
NÞ-005:004	609830.43	616426.24

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-005:005A	610130.23	615670.23
NÞ-005:005Ba	610109.72	615630
NÞ-005:005Bb	610084.67	615656.43
NÞ-005:005Bc	610086.64	615709.88
NÞ-005:005Bd	610102.61	615732.17
NÞ-005:005Be	610154.88	615734.14
NÞ-005:005Bf	610203.2	615716.78
NÞ-005:005Bg	610228.06	615681.67
NÞ-005:005Bh	610210.5	615642.23
NÞ-005:005Bi	610193.15	615587.79
NÞ-005:005Bj	610158.04	615610.87
NÞ-005:005Bk	610122.34	615621.52
NÞ-005:005C	610132.59	615690.16
NÞ-005:005D	610114.84	615708.5
NÞ-005:005E	610118.79	615632.76
NÞ-005:006	610351.92	616695.86
NÞ-005:007	609809.72	616450.1
NÞ-005:008	609882.11	616116.38
NÞ-005:009	609828.85	616252.08
NÞ-005:010	609572.25	613537.92
NÞ-005:011	609339.71	613949.95
NÞ-005:012a	609416.43	614074.4
NÞ-005:012b	609425.11	614181.31
NÞ-005:012c	609430.63	614245.01
NÞ-005:012d	609436.95	614294.91
NÞ-005:014	610334.17	616795.86
NÞ-005:HUS	609859.82	616268.65
NÞ-006:001	614068.03	617022.28
NÞ-006:002	614146.13	616926.82
NÞ-006:004a	614284.79	617075.14
NÞ-006:004b	614270.59	617098.02
NÞ-006:004c	614253.63	617114.79
NÞ-006:004d	614058.56	616759.96
NÞ-006:004e	614007.08	616790.73

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-006:005a	613044.58	617020.7
NÞ-006:005ba	612993.49	616987.77
NÞ-006:005bb	613019.13	616985.6
NÞ-006:005bc	613035.7	616986.78
NÞ-006:005bd	613048.72	616994.27
NÞ-006:005be	613055.03	617009.07
NÞ-006:005bf	613053.85	617022.08
NÞ-006:005bg	613053.06	617028.2
NÞ-006:005bh	613046.35	617044.96
NÞ-006:005bi	613036.69	617065.28
NÞ-006:005bj	613033.14	617068.04
NÞ-006:005bk	612973.37	617086.78
NÞ-006:005c	613014.2	617064.29
NÞ-006:005d	613053.45	617010.05
NÞ-006:005E1	612994.87	617129.38
NÞ-006:005E2	613114	617175.14
NÞ-006:005E3	613207.29	617225.04
NÞ-006:006	613621.49	615996.86
NÞ-007:011A	591209.65	631140.18
NÞ-007:011B	591196.04	631148.66
NÞ-007:014	591216.95	631121.25
NÞ-007:01A	590533.53	631732.68
NÞ-007:026	591129.18	631169.18
NÞ-007:026B	591119.71	631181.6
NÞ-007:02A	590543.78	631821.63
NÞ-007:03A	590527.41	631835.44
NÞ-007:04C	590510.65	631655.56
NÞ-007:05A	590496.05	631507.63
NÞ-007:06C	590597.04	631814.13
NÞ-007:07C	590340.04	634010.74
NÞ-007:09C	590432.15	633900.49
NÞ-007:10C	591253.63	631184.56
NÞ-007:12A	591058.96	630805.47
NÞ-007:12B	591014.98	630886.14

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-007:12C	590976.91	630937.03
NÞ-007:15B	591881.04	628566.85
NÞ-007:16B	591871.57	628584.01
NÞ-007:17A	590303.55	631003.69
NÞ-007:18A	590696.44	630765.24
NÞ-007:20A	590624.85	631702.7
NÞ-007:20a	590649.11	631713.94
NÞ-007:20b	590591.32	631854.57
NÞ-007:20c	590501.38	631761.28
NÞ-007:20d	590473.96	631638.99
NÞ-007:21A	591102.35	631127.36
NÞ-007:21B	591099.2	631038.01
NÞ-007:21C	591094.86	631030.52
NÞ-007:22B	590681.06	631750.62
NÞ-007:23C	590569.82	632851.39
NÞ-007:24B	590571.59	632880.19
NÞ-007:27C	590563.11	631702.5
NÞ-007:28A	590488.95	631578.64
NÞ-007:29C	590525.24	631716.9
NÞ-008:002	592607.06	622193.4
NÞ-008:003	592429.75	622144.88
NÞ-008:004	592496.81	622076.43
NÞ-008:005	592536.06	622031.27
NÞ-008:006	592740.79	622028.51
NÞ-008:008	592546.12	622115.29
NÞ-008:009	592784.97	623504.61
NÞ-008:011	592557.56	623023.16
NÞ-008:012	592381.82	627238.87
NÞ-008:013	592625.01	622221.99
NÞ-008:014	592402.13	622160.85
NÞ-008:015	592646.71	622090.64
NÞ-008:016	592385.96	622100.89
NÞ-008:017	592567.22	622255.33
NÞ-008:018	593089.89	622662.81
NÞ-008:019	592438.62	622080.18
NÞ-008:019	592438.62	622080.18
NÞ-008:021	592513.77	622041.72
NÞ-008:022	592451.25	622063.81
NÞ-008:023	593459.12	619509.81
NÞ-008:025	592893.84	623521.18
NÞ-008:026	592450.65	618589.51
NÞ-008:027	592517.91	618686.16
NÞ-008:028	592908.24	624105.59
NÞ-008:029	592372.16	627469.04
NÞ-008:031	592510.42	627389.95
NÞ-008:032	592419.1	621323.19
NÞ-008:033	593172.14	622316.08
NÞ-008:034	593100.35	622460.45
NÞ-008:036	592233.3	621667.37
NÞ-008:037	590989.34	618773.73
NÞ-008:038A	592270.38	618613.58
NÞ-008:038B1	592340.6	618735.07
NÞ-008:038B10	592326.4	618564.66
NÞ-008:038B11	592341.19	618548.29
NÞ-008:038B12	592388.13	618545.53
NÞ-008:038B13	592401.74	618547.3
NÞ-008:038B14	592397.99	618569.2
NÞ-008:038B15	592455.98	618555
NÞ-008:038B16	592455.19	618602.14
NÞ-008:038B17	592478.66	618616.14
NÞ-008:038B18	592572.35	618617.91
NÞ-008:038B19	592617.12	618658.35
NÞ-008:038B2	592368.01	618801.15
NÞ-008:038B20	592732.9	618659.73
NÞ-008:038B21	592815.15	618666.43
NÞ-008:038B22	592496.81	618639.41
NÞ-008:038B23	592374.52	618593.06
NÞ-008:038B24	592182.41	618547.9

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-008:038B25	592257.76	618576.69
NÞ-008:038B26	592394.05	618604.5
NÞ-008:038B27	592523.43	618609.83
NÞ-008:038B3	592381.23	618820.67
NÞ-008:038B4	592385.37	618829.75
NÞ-008:038B5	592421.86	618836.25
NÞ-008:038B6	592464.66	618831.92
NÞ-008:038B7	592498.98	618843.16
NÞ-008:038B8	592326.59	618633.5
NÞ-008:038B9	592368.21	618583.2
NÞ-008:038C	592352.23	618763.47
NÞ-008:038F	592377.48	618581.23
NÞ-008:038H	592397.8	618575.31
NÞ-008:038J	592217.52	618616.14
NÞ-008:038K	592280.44	618676.89
NÞ-008:038N	592522.45	618844.34
NÞ-008:038O	592523.04	618787.54
NÞ-008:038P	592518.9	618759.92
NÞ-008:038Q	592366.04	618693.26
NÞ-008:038R	592374.92	618712.79
NÞ-008:039	592108.65	615315.41
NÞ-008:03B	592477.48	622090.83
NÞ-008:040	590940.03	612408.16
NÞ-008:041	592820.67	616644.38
NÞ-008:042	590794.08	611514.69
NÞ-008:043	592313.58	608349.85
NÞ-008:044	592901.73	619312.77
NÞ-008:045	593710.79	621851.98
NÞ-008:046	593883.37	620055.37
NÞ-008:047	592432.31	621393.21
NÞ-008:048	592494.44	615595.29
NÞ-008:049	587005.78	622149.41
NÞ-008:050	588970.04	621291.64
NÞ-008:051	589841.82	621437.39

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-008:052	592736.25	619667.8
NÞ-008:053a	592554.01	619625.98
NÞ-008:053b	592521.66	619632.69
NÞ-008:054	592079.85	617276.91
NÞ-008:055	592655.58	617442.79
NÞ-008:056	592712.39	616546.75
NÞ-008:057a	592535.27	617279.08
NÞ-008:057b	592584.58	617261.53
NÞ-008:057c	592685.96	617216.95
NÞ-008:057d	592827.77	617196.44
NÞ-008:058	588683.86	621335.03
NÞ-008:058A	588510.49	621348.04
NÞ-008:058B	588457.43	621366.19
NÞ-008:058C	588280.31	621418.26
NÞ-008:058D	587905.37	621528.12
NÞ-008:058E	587860.79	621543.5
NÞ-008:058F	587802.02	621563.82
NÞ-008:058G	587751.13	621585.71
NÞ-008:058H	587714.25	621612.73
NÞ-008:058I	587414.25	621848.23
NÞ-008:058J	587378.95	621877.03
NÞ-008:058K	587360.8	621908.78
NÞ-008:058L	587041.48	622160.65
NÞ-008:059	591771.18	614324.7
NÞ-008:060A	594016.51	619389.3
NÞ-008:060B	593946.68	619756.95
NÞ-008:06C	592714.36	622035.41
NÞ-008:07B	592759.72	622024.96
NÞ-008:11B	592585.37	623006.4
NÞ-008:14C	592426.2	622123.38
NÞ-008:18B	593111.79	622637.96
NÞ-008:23A	592583.79	622005.43
NÞ-008:33B	592800.55	623437.16
NÞ-008:33C	592808.83	623430.26

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-008:36C	593141.57	622388.86
NÞ-008:37C	593153.6	622273.67
NÞ-008:38B	592534.28	627364.51
NÞ-008:38C	592526.59	627342.22
NÞ-008:40C	592808.04	623478.58
NÞ-008:43A	592479.65	622108.78
NÞ-008:44C	592404.9	627450.9
NÞ-008:45B	592908.24	624105.59
NÞ-008:46A	592518.31	622971.29
NÞ-008:46B	592563.67	622978.79
NÞ-008:48A	592882.6	623434.99
NÞ-008:49C	592905.68	623504.02
NÞ-008:50A	592407.66	627213.23
NÞ-008:50B	592405.29	627213.82
NÞ-008:51B	592464.07	627399.42
NÞ-009:001	592332.12	623824.73
NÞ-009:001A	592332.12	623824.73
NÞ-009:002	592275.12	623872.66
NÞ-009:003	592384.58	623800.47
NÞ-009:004	592391.48	623817.43
NÞ-009:005	592331.33	624188.63
NÞ-009:006	592143.76	627279.5
NÞ-009:007	592263.68	623785.48
NÞ-009:009	593532.88	623947.01
NÞ-009:010	592371.96	624282.71
NÞ-009:011	592483.2	624319.2
NÞ-009:012A	592911.79	625260.4
NÞ-009:012Ba	592895.42	625343.64
NÞ-009:012Bb	592879.84	625302.41
NÞ-009:012Bc	592875.7	625278.15
NÞ-009:012Bd	592876.49	625263.95
NÞ-009:012Be	592884.97	625250.34
NÞ-009:012Bf	592917.51	625235.35
NÞ-009:012C	592899.36	625312.67

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-009:013	591338.64	624971.45
NÞ-009:014	592439.02	623634.79
NÞ-009:02B	592269.79	623874.23
NÞ-009:03B	592385.76	623799.28
NÞ-009:03C	592459.53	623908.55
NÞ-009:04C	592391.29	623816.44
NÞ-009:05B	592331.33	624188.63
NÞ-009:07C	592263.68	623785.48
NÞ-009:09A	593480.62	623932.22
NÞ-009:09B	593471.35	623942.08
NÞ-009:12A	592483.2	624319.2
NÞ-009:15B	592143.76	627279.5
NÞ-010:001	593985.54	623684.1
NÞ-010:002	593993.43	623748.4
NÞ-010:003	594038.99	623651.16
NÞ-010:004	594111.18	623567.93
NÞ-010:005	593924	623556.29
NÞ-010:006	594053.39	624047.21
NÞ-010:007	594058.32	623468.13
NÞ-010:008	594026.17	623738.73
NÞ-010:008B	594047.47	623767.53
NÞ-010:009	594571.72	624260.62
NÞ-010:010	594182.18	623796.52
NÞ-010:011	593925.97	623625.32
NÞ-010:012	593536.43	623881.33
NÞ-010:013	593898.16	623554.91
NÞ-010:014	594181.59	622924.35
NÞ-010:015	594288.3	622963.8
NÞ-010:016	594329.32	622362.43
NÞ-010:017	593950.43	623226.32
NÞ-010:018	593954.97	623240.12
NÞ-010:019	593958.32	622774.06
NÞ-010:01A	593985.54	623684.1
NÞ-010:020	593673.91	624280.74

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-010:021	593918.48	624281.72
NÞ-010:022	594962.84	624578.95
NÞ-010:023	594614.72	622756.7
NÞ-010:024a	593709.21	624089.81
NÞ-010:024b	593627.75	624127.29
NÞ-010:024c	593561.09	624190.2
NÞ-010:025	594391.05	622341.72
NÞ-010:026	593641.17	623976.4
NÞ-010:02C	593993.43	623748.4
NÞ-010:03C	594038.99	623651.16
NÞ-010:04B	594111.18	623567.93
NÞ-010:05B	593924	623556.29
NÞ-010:08C	594026.17	623738.73
NÞ-010:10A	594182.18	623796.52
NÞ-010:11B	593925.97	623625.32
NÞ-010:16A	593911.97	623578.78
NÞ-010:16B	593898.16	623554.91
NÞ-010:16C	593887.51	623543.27
NÞ-010:17A	593589.89	623857.86
NÞ-010:17B	593530.52	623918.81
NÞ-010:17C	593536.43	623881.33
NÞ-010:20A	594571.72	624260.62
NÞ-010:22A	594053.39	624047.21
NÞ-011:001	597619.01	624046.03
NÞ-011:002	597637.74	624061.02
NÞ-011:003	597485.48	624117.42
NÞ-011:004	597530.65	624130.24
NÞ-011:005	597602.83	624209.34
NÞ-011:006	597492.38	624049.38
NÞ-011:007	597514.87	623932.22
NÞ-011:008	597583.11	623914.08
NÞ-011:009	597548.2	623991.39
NÞ-011:010	597523.15	623897.11
NÞ-011:011	597624.33	624077.78

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-011:012	597677.78	624079.16
NÞ-011:013	597600.86	623974.63
NÞ-011:014	597588.24	624250.76
NÞ-011:015	597563.58	624057.27
NÞ-011:016a	597509.94	623929.06
NÞ-011:016b	597496.52	623932.81
NÞ-011:016c	597487.45	623999.48
NÞ-011:016d	597484.89	624039.52
NÞ-011:016e	597486.46	624070.68
NÞ-011:016f	597496.13	624095.73
NÞ-011:016g	597540.31	624166.54
NÞ-011:016h	597584.1	624201.45
NÞ-011:016i	597520.19	624082.12
NÞ-011:016j	597510.53	624051.75
NÞ-011:016k	597508.16	623987.05
NÞ-011:016l	597529.86	623944.05
NÞ-011:017	597542.68	624069.69
NÞ-011:018	597524.53	623878.77
NÞ-011:019	597547.61	624233.79
NÞ-011:01A	597617.03	624018.22
NÞ-011:01B	597616.44	623998.49
NÞ-011:01C	597620.58	623994.55
NÞ-011:020a	597739.71	624005.79
NÞ-011:020b	597695.14	623979.16
NÞ-011:020c	597648.99	623942.28
NÞ-011:021a	597645.83	623915.65
NÞ-011:021b	597653.72	623883.7
NÞ-011:021c	597648.39	623835.58
NÞ-011:021d	597638.53	623789.23
NÞ-011:022	597654.11	623926.9
NÞ-011:023	597400.86	623979.16
NÞ-011:024	597507.77	624124.13
NÞ-011:025	597484.1	624056.28
NÞ-011:028	597518.81	623896.92
NÞ-011:029	597668.32	623614.87

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-011:030	598033.99	623972.06
NÞ-011:031	597856.87	624002.04
NÞ-011:032	597863.78	624160.82
NÞ-011:033	599266.51	624181.72
NÞ-011:034	599545.99	624256.67
NÞ-011:035	597952.53	625343.44
NÞ-011:036	597761.41	625424.31
NÞ-011:037	596527.9	623813.68
NÞ-011:039	597662.6	623483.12
NÞ-011:040	597535.77	623614.47
NÞ-011:041	597281.14	623706.39
NÞ-011:042	597074.44	623765.16
NÞ-011:043	596447.82	623748.59
NÞ-011:044A	594923.98	622087.09
NÞ-011:044B1	594868.56	622073.08
NÞ-011:044B10	594965.01	622018.84
NÞ-011:044B11	594946.86	622032.06
NÞ-011:044B12	594903.27	622037.38
NÞ-011:044B13	594886.31	622048.03
NÞ-011:044B14	594873.49	622069.14
NÞ-011:044B15	594953.18	622006.02
NÞ-011:044B16	594893.61	621981.76
NÞ-011:044B17	594843.32	622071.7
NÞ-011:044B18	594805.05	622131.46
NÞ-011:044B19	594992.23	621947.44
NÞ-011:044B2	594873.89	622088.27
NÞ-011:044B20	594958.5	621867.76
NÞ-011:044B21	595020.43	622079.98
NÞ-011:044B22	595011.95	622106.81
NÞ-011:044B23	594995.19	622158.09
NÞ-011:044B24	594968.76	622216.08
NÞ-011:044B3	594901.3	622119.23
NÞ-011:044B4	594942.33	622147.44
NÞ-011:044B5	594986.9	622166.97
NÞ-011:044B6	594996.96	622142.11
NÞ-011:044B8	595016.68	622077.03
NÞ-011:044B9	594998.93	622051.19
NÞ-011:044C	594989.27	622074.46
NÞ-011:045A	594949.82	621353.57
NÞ-011:045B1	594907.42	621404.65
NÞ-011:045B10	594941.14	621449.03
NÞ-011:045B11	594964.02	621479.01
NÞ-011:045B12	594987.1	621478.61
NÞ-011:045B13	595027.93	621444.49
NÞ-011:045B14	595076.84	621413.92
NÞ-011:045B15	594993.41	621445.28
NÞ-011:045B16	594961.06	621446.66
NÞ-011:045B2	594906.82	621371.12
NÞ-011:045B3	594920.83	621348.24
NÞ-011:045B4	594926.15	621339.37
NÞ-011:045B5	594991.83	621330.29
NÞ-011:045B6	595009.78	621351.79
NÞ-011:045B7	595014.12	621391.44
NÞ-011:045B8	594966.39	621408.6
NÞ-011:045B9	594923.59	621405.24
NÞ-011:045C	594920.83	621353.17
NÞ-011:045D	594908.6	621384.34
NÞ-011:045E	595020.83	621416.29
NÞ-011:046	594890.45	623364.38
NÞ-011:047	596565.18	623680.35
NÞ-011:048	596001.09	622903.44
NÞ-011:049	595976.23	622964.39
NÞ-011:04A	597545.63	624068.51
NÞ-011:04B	597543.47	624119.4
NÞ-011:04C	597551.16	624138.13
NÞ-011:051	596223.57	623478.38
NÞ-011:052	597628.08	622486.88
NÞ-011:053	597154.91	622628.89

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-011:054	596904.23	623475.03
NÞ-011:054a	596947.42	623679.56
NÞ-011:054b	597190.81	623713.49
NÞ-011:054c	597139.72	623743.47
NÞ-011:054d	597062.61	623752.74
NÞ-011:054e	597006.79	623756.29
NÞ-011:055	596941.31	622284.71
NÞ-011:056	596640.92	622549.8
NÞ-011:057	597369.31	623728.08
NÞ-011:057a	597353.53	623677.79
NÞ-011:057b	597313.49	623598.5
NÞ-011:057c	597316.64	623548.99
NÞ-011:058	597392.78	621169.55
NÞ-011:059	596813.1	621871.51
NÞ-011:05A	597605.79	624176.6
NÞ-011:05B	597619.6	624169.89
NÞ-011:05C	597601.06	624175.81
NÞ-011:060	597270.1	623774.83
NÞ-011:061	597890.4	623358.27
NÞ-011:062	597181.34	620007.63
NÞ-011:063	597148.21	620006.06
NÞ-011:064	597228.88	620025.19
NÞ-011:065	597387.06	620234.06
NÞ-011:066A-B	596032.25	620015.33
NÞ-011:066C	596152.56	620010.99
NÞ-011:066C1	596143.88	619979.63
NÞ-011:066C10	595959.47	619935.05
NÞ-011:066C11	595948.23	619969.37
NÞ-011:066C12	595925.35	619995.6
NÞ-011:066C13	595945.07	620147.08
NÞ-011:066C14	595921.21	620025.39
NÞ-011:066C15	595942.51	620108.03
NÞ-011:066C16	595944.87	620156.55
NÞ-011:066C17	595949.41	620172.92
NÞ-011:066C18	595965.39	620178.24
NÞ-011:066C19	596000.89	620188.89
NÞ-011:066C2	596131.66	619963.45
NÞ-011:066C20	596034.42	620191.85
NÞ-011:066C21	596073.27	620192.64
NÞ-011:066C22	596088.07	620185.34
NÞ-011:066C23	596102.27	620156.35
NÞ-011:066C24	596113.31	620152.6
NÞ-011:066C25	596128.5	620111.97
NÞ-011:066C26	596100.49	620104.48
NÞ-011:066C27	596084.12	620108.62
NÞ-011:066C28	596072.29	620151.22
NÞ-011:066C29	596148.62	620062.86
NÞ-011:066C3	596085.7	619927.16
NÞ-011:066C30	596102.27	620055.37
NÞ-011:066C31	596095.96	620104.28
NÞ-011:066C33	596136.19	619966.02
NÞ-011:066C4	596059.27	619930.71
NÞ-011:066C5	596068.74	619953.59
NÞ-011:066C6	596078.01	619940.77
NÞ-011:066C7	596101.08	619981.6
NÞ-011:066C8	596026.33	619925.78
NÞ-011:066C9	595981.17	619923.22
NÞ-011:066D	596060.65	620042.15
NÞ-011:066e	596059.07	620017.3
NÞ-011:066h	595971.9	620152.01
NÞ-011:067	598297.69	623530.85
NÞ-011:068	597881.72	622620.8
NÞ-011:069	598457.26	623123.56
NÞ-011:072	595728.7	617157.19
NÞ-011:073	596518.04	619053.02
NÞ-011:074	594789.86	621369.74
NÞ-011:076	597455.1	622850.39
NÞ-011:077	597877.19	622543.88

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-011:078	597913.87	621100.12
NÞ-011:079	594818.46	622829.87
NÞ-011:080a	594891.84	621390.45
NÞ-011:080b	594902.09	621454.75
NÞ-011:080c	594908.01	621532.26
NÞ-011:080d	594917.28	621650.41
NÞ-011:080e	594934.83	621734.23
NÞ-011:080f	594939.57	621790.05
NÞ-011:080g	594952.98	621869.53
NÞ-011:080h	595005.44	621976.04
NÞ-011:080i	595021.02	622045.27
NÞ-011:080j	595067.18	622100.69
NÞ-011:080k	595144.1	622179.98
NÞ-011:081	596104.24	619988.5
NÞ-011:082	596023.97	620084.56
NÞ-011:083	595094.99	620168.18
NÞ-011:085	597537.94	622225.54
NÞ-011:011A	597562.79	624081.13
NÞ-011:011B	597590.6	624080.15
NÞ-011:011C	597625.71	624058.06
NÞ-012:001B	595667.36	622467.35
NÞ-012:002A	595618.45	622396.94
NÞ-012:003A	595636	622421.4
NÞ-012:003B	595608.79	622416.86
NÞ-012:003C	595596.56	622405.62
NÞ-012:004A	595608	622480.37
NÞ-012:004C	595580.97	622455.52
NÞ-012:005C	595613.91	622412.33
NÞ-012:006C	595648.63	622409.17
NÞ-012:011A	595395.57	622174.85
NÞ-012:011B	595365	622186.69
NÞ-012:011C	595384.73	622180.77
NÞ-012:012A	595344.69	622193.99
NÞ-012:012B	595290.64	622228.31

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-012:012C	595321.61	622206.02
NÞ-012:013A	595503.86	622288.86
NÞ-013:001	597727.68	623650.37
NÞ-013:002	597682.12	623624.93
NÞ-013:003	597807.56	623700.07
NÞ-013:004	597815.85	623709.54
NÞ-013:005	597821.76	623653.53
NÞ-013:006	597749.58	623609.94
NÞ-013:007	597750.76	623646.43
NÞ-013:008	597765.75	623652.94
NÞ-013:009	597702.44	623679.96
NÞ-013:011	597804.01	623764.97
NÞ-014:001	598018.21	623566.35
NÞ-014:002	597928.27	623475.82
NÞ-014:003	597992.18	623517.04
NÞ-014:004	598038.53	623569.9
NÞ-014:005	598070.68	623522.17
NÞ-014:006	598108.15	623561.62
NÞ-014:007	598099.87	623569.7
NÞ-014:008	597994.35	623445.25
NÞ-014:009	598179.75	623501.26
NÞ-015:001	598474.22	623707.18
NÞ-015:002	598527.67	623776.01
NÞ-015:003	598446.41	623549.39
NÞ-015:004	598300.45	623494.56
NÞ-015:005	598369.49	623575.42
NÞ-015:006	598535.56	623824.73
NÞ-015:007	598492.36	623679.56
NÞ-015:008	598617.02	623616.84
NÞ-015:009	598559.03	623734.59
NÞ-015:010a	599534.55	623743.27
NÞ-015:010b	599693.13	623789.42
NÞ-015:010c	599827.05	623827.09
NÞ-015:010d	599927.45	623885.08

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-015:011A	598551.14	623568.52
NÞ-015:011B	598527.47	623552.74
NÞ-015:011C	598504.2	623547.22
NÞ-015:011D	598479.35	623541.5
NÞ-015:011E	598437.93	623532.82
NÞ-015:011F	598416.43	623534.59
NÞ-015:011G	598380.93	623555.5
NÞ-015:011H	598359.23	623580.94
NÞ-015:011H-	598363.17	623586.66
NÞ-015:011L	598568.69	623715.85
NÞ-015:011M	598540.09	623773.45
NÞ-015:011N	598518	623808.55
NÞ-015:012	598383.1	623490.41
NÞ-015:013	598456.47	623122.96
NÞ-015:014	598996.3	624133.4
NÞ-015:015Aa	598636.15	624008.35
NÞ-015:015Ab	598680.53	623992.57
NÞ-015:015Ba	598792.56	624014.47
NÞ-015:015Bb	598790.58	624103.03
NÞ-015:015Ca	598789.6	624137.54
NÞ-015:015Cb	598841.08	624137.54
NÞ-015:015Cc	598989.4	624131.43
NÞ-015:015d	598570.67	623987.64
NÞ-015:015Da	598536.74	623826.11
NÞ-015:015Db	598561.79	623873.05
NÞ-015:015Dc	598563.96	623936.56
NÞ-015:015De	598585.06	624214.07
NÞ-015:015Ea	598991.37	624126.69
NÞ-015:015Eb	598992.75	624117.82
NÞ-015:015Ec	598862.57	624040.9
NÞ-015:015Ed	598736.54	623958.06
NÞ-015:015Ee	598706.17	623904.21
NÞ-015:015Ef	598656.07	623832.42
NÞ-015:016	599344.03	624149.77

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-015:017	599358.42	624151.94
NÞ-015:019	600165.71	623690.02
NÞ-015:020	599383.28	624183.5
NÞ-015:021	599328.05	623464.38
NÞ-015:022a	599969.06	623083.91
NÞ-015:022b	599918.77	623094.56
NÞ-015:022c	599848.16	623094.56
NÞ-015:022d	599751.51	623093.58
NÞ-015:022e	599689.78	623098.7
NÞ-015:022f	599641.26	623109.36
NÞ-015:022g	599606.74	623125.73
NÞ-015:022h	599541.66	623131.64
NÞ-015:022i	599489.59	623155.71
NÞ-015:023	599004.39	622450.39
NÞ-015:024	598785.26	623125.33
NÞ-015:025	598878.16	621266.19
NÞ-015:026	598692.56	622144.48
NÞ-015:027	598272.25	621922.99
NÞ-015:028	599767.29	622818.04
NÞ-015:029	599793.92	622849
NÞ-015:030	599866.9	622778.59
NÞ-015:031	599444.42	622715.87
NÞ-015:032	599315.23	621247.26
NÞ-015:033	598647.19	620430.31
NÞ-015:034	598027.28	620065.42
NÞ-015:036	597954.31	619994.81
NÞ-016:001	601275.16	621787.09
NÞ-016:002	601310.46	621793.8
NÞ-016:003	601215.99	621638.38
NÞ-016:004	601307.5	621760.66
NÞ-016:005	601115.4	621759.28
NÞ-016:006	601089.56	621717.07
NÞ-016:008A	599778.53	621507.61
NÞ-016:008B1	599716.8	621456.33

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-016:008B10	599833.76	621571.71
NÞ-016:008B11	599781.3	621560.27
NÞ-016:008B12	599781.3	621541.34
NÞ-016:008B13	599772.22	621564.21
NÞ-016:008B14	599852.3	621585.52
NÞ-016:008B15	599837.11	621585.71
NÞ-016:008B16	599855.06	621581.57
NÞ-016:008B17	599847.17	621531.47
NÞ-016:008B18	599856.44	621465.4
NÞ-016:008B19	599833.76	621415.5
NÞ-016:008B2	599751.32	621439.56
NÞ-016:008B20	599793.52	621414.12
NÞ-016:008B21	599746.58	621428.12
NÞ-016:008B22	599712.26	621416.68
NÞ-016:008B23	599711.08	621396.96
NÞ-016:008B24	599726.07	621385.52
NÞ-016:008B25	599773.8	621407.41
NÞ-016:008B26	599766.9	621388.68
NÞ-016:008B27	599698.06	621377.43
NÞ-016:008B28	599685.83	621397.16
NÞ-016:008B29	599714.83	621441.93
NÞ-016:008B3	599788.2	621437.39
NÞ-016:008B30	599795.89	621455.54
NÞ-016:008B31	599789.58	621471.51
NÞ-016:008B32	599821.73	621472.11
NÞ-016:008B33	599724.49	621454.75
NÞ-016:008B34	599716.41	621457.51
NÞ-016:008B35	599728.24	621485.52
NÞ-016:008B36	599731.4	621496.96
NÞ-016:008B37	599734.95	621521.61
NÞ-016:008B38	599751.71	621563.62
NÞ-016:008B39	599719.36	621525.95
NÞ-016:008B4	599800.63	621450.41
NÞ-016:008B40	599698.46	621549.82

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-016:008B41	599705.56	621597.94
NÞ-016:008B42	599744.81	621609.38
NÞ-016:008B43	599805.16	621591.83
NÞ-016:008B5	599816.6	621460.47
NÞ-016:008B6	599822.32	621485.72
NÞ-016:008B7	599823.11	621504.26
NÞ-016:008B8	599827.05	621531.47
NÞ-016:008B9	599826.66	621541.53
NÞ-016:008C	599736.52	621464.22
NÞ-016:008D	599751.12	621491.63
NÞ-016:008E	599777.55	621488.48
NÞ-016:008F	599731.59	621523.98
NÞ-016:008G	599848.36	621592.02
NÞ-016:008H	599841.85	621529.5
NÞ-016:008I	599693.92	621382.56
NÞ-016:008J	599733.17	621487.49
NÞ-016:009	601360.36	621720.03
NÞ-016:010A	601302.77	623182.14
NÞ-016:010B	601284.23	623214.48
NÞ-016:010C	601274.76	623212.9
NÞ-016:010D	601366.28	623226.91
NÞ-016:011	601587.38	622786.48
NÞ-016:012A	601480.67	623001.66
NÞ-016:012Ba	601399.02	622981.55
NÞ-016:012Bb	601413.81	622955.71
NÞ-016:012Bc	601431.76	622927.5
NÞ-016:012Bd	601444.38	622916.06
NÞ-016:012C	601431.56	622969.52
NÞ-016:014	600368.07	625404.19
NÞ-016:015	601364.9	626333.76
NÞ-016:016A	601067.66	620713.54
NÞ-016:016Ba	601135.91	620744.7
NÞ-016:016Bb	601111.45	620791.25
NÞ-016:016Bc	601072.2	620797.56

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-016:016Bd	601044.98	620786.52
NÞ-016:016Be	601007.11	620687.5
NÞ-016:016Bf	601083.64	620641.75
NÞ-016:016Bg	601129.2	620636.81
NÞ-016:016Bh	601145.97	620654.76
NÞ-016:016Bi	601153.46	620704.07
NÞ-016:016Bj	601138.27	620739.57
NÞ-016:016C	601081.27	620667.98
NÞ-016:016E	601044.98	620675.67
NÞ-016:017A	601101.19	612427.29
NÞ-016:017B1	601081.27	612486.46
NÞ-016:017B10	601277.52	612496.33
NÞ-016:017B11	601307.11	612428.48
NÞ-016:017B12	601278.71	612355.11
NÞ-016:017B13	601208.88	612351.36
NÞ-016:017B14	601163.72	612361.81
NÞ-016:017B15	601239.85	612562.6
NÞ-016:017B16	601304.15	612507.37
NÞ-016:017B17	601335.71	612449.38
NÞ-016:017B18	601345.37	612366.54
NÞ-016:017B19	601346.95	612325.91
NÞ-016:017B2	601065.49	612460.23
NÞ-016:017B20	601285.21	612317.04
NÞ-016:017B21	601346.36	612250.96
NÞ-016:017B22	601341.43	612171.28
NÞ-016:017B23	601324.27	612096.33
NÞ-016:017B24	601305.14	612061.62
NÞ-016:017B25	601262.14	612045.05
NÞ-016:017B26	601212.24	612035.58
NÞ-016:017B27	601162.53	612029.67
NÞ-016:017B28	601129.2	612049.39
NÞ-016:017B29	601081.08	612108.17
NÞ-016:017B3	601057.61	612418.61
NÞ-016:017B30	601057.41	612166.55
NÞ-016:017B31	601031.57	612239.92
NÞ-016:017B32	601023.88	612310.14
NÞ-016:017B33	601006.32	612397.71
NÞ-016:017B34	600991.33	612450.37
NÞ-016:017B35	601015.2	612523.54
NÞ-016:017B36	601087.58	612557.86
NÞ-016:017B37	601168.85	612584.1
NÞ-016:017B4	601071.02	612397.51
NÞ-016:017B5	601098.63	612379.96
NÞ-016:017B6	601119.14	612516.44
NÞ-016:017B7	601153.07	612534.98
NÞ-016:017B8	601194.09	612532.42
NÞ-016:017B9	601235.12	612525.52
NÞ-016:017Bhlið	601307.11	612414.28
NÞ-016:017C	601164.11	612412.7
NÞ-016:017D	601157.21	612426.9
NÞ-016:017E	601100.01	612487.06
NÞ-016:018A	601764.3	612579.36
NÞ-016:018B1	601695.07	612654.11
NÞ-016:018B10	601958.97	612561.22
NÞ-016:018B11	601957.98	612490.61
NÞ-016:018B12	601908.28	612433.6
NÞ-016:018B13	601886.19	612393.96
NÞ-016:018B14	601886.39	612376.6
NÞ-016:018B15	601808.48	612386.47
NÞ-016:018B16	601744.58	612387.85
NÞ-016:018B17	601800.79	612526.9
NÞ-016:018B18	601753.85	612525.71
NÞ-016:018B19	601719.72	612558.06
NÞ-016:018B2	601674.16	612600.27
NÞ-016:018B20	601714.4	612574.63
NÞ-016:018B21	601752.46	612693.36
NÞ-016:018B3	601686.79	612531.83
NÞ-016:018B4	601716.77	612470.69

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-016:018B5	601791.91	612710.33
NÞ-016:018B7	601848.72	612706.38
NÞ-016:018B8	601896.45	612682.32
NÞ-016:018B9	601949.5	612641.1
NÞ-016:018C	601786.59	612524.53
NÞ-016:018D	601823.08	612470.29
NÞ-016:018E	601739.84	612530.05
NÞ-016:019A	600130.01	615331.58
NÞ-016:019B	600128.43	615296.28
NÞ-016:019C	600147.17	615302.39
NÞ-016:020	599363.75	618778.66
NÞ-016:022	601523.28	622628.5
NÞ-016:023	602063.7	622322.19
NÞ-016:025	601920.31	621897.54
NÞ-016:026	600312.25	622337.38
NÞ-016:027	600307.91	621902.67
NÞ-016:029a	600813.03	619215.34
NÞ-016:029b	599621.34	619300.94
NÞ-016:031	600800.21	621118.46
NÞ-016:032	601143.01	619115.14
NÞ-016:032B	601148.53	619127.77
NÞ-016:032C	601190.94	619124.42
NÞ-016:033	601862.92	621764.8
NÞ-016:035	600123.1	620728.92
NÞ-016:036	600915.2	622492.01
NÞ-016:039	601860.94	621033.85
NÞ-016:040	601860.94	621082.37
NÞ-016:042	601074.17	620597.76
NÞ-016:043A	601671.6	620863.04
NÞ-016:043Ba	601627.02	620886.12
NÞ-016:043Bb	601703.55	620909.79
NÞ-016:043Bc	601711.64	620892.04
NÞ-016:043Bd	601738.46	620870.34
NÞ-016:043Be	601747.53	620784.94
NÞ-016:043Bf	601762.52	620745.49
NÞ-016:043Bg	601719.53	620717.68
NÞ-016:043Bh	601699.21	620768.37
NÞ-016:043Bi	601606.51	620787.9
NÞ-016:043Bj	601604.34	620844.5
NÞ-016:043Bk	601743.19	620884.74
NÞ-016:043Bl	601700.59	620767.19
NÞ-016:043C	601681.66	620795.79
NÞ-016:045	600572.41	615405.15
NÞ-016:046	599614.44	621946.65
NÞ-016:050A	600755.64	612311.12
NÞ-016:050B1	600872.01	612388.04
NÞ-016:050B10	600852.09	612410.13
NÞ-016:050B11	600788.38	612281.14
NÞ-016:050B12	600785.62	612270.69
NÞ-016:050B13	600777.33	612256.09
NÞ-016:050B14	600725.86	612220.2
NÞ-016:050B15	600707.71	612223.75
NÞ-016:050B16	600712.64	612266.94
NÞ-016:050B17	600746.96	612293.37
NÞ-016:050B18	600573.39	612320.79
NÞ-016:050B19	600563.33	612376.01
NÞ-016:050B2	600869.64	612348.99
NÞ-016:050B20	600581.68	612443.66
NÞ-016:050B21	600638.68	612496.13
NÞ-016:050B22	600675.96	612504.02
NÞ-016:050B23	600695.09	612569.3
NÞ-016:050B24	600785.82	612546.62
NÞ-016:050B25	600863.53	612512.89
NÞ-016:050B26	600848.14	612447.81
NÞ-016:050B27	600575.76	612226.9
NÞ-016:050B28	600546.96	612179.17
NÞ-016:050B29	600527.04	612134.79
NÞ-016:050B3	600852.09	612314.47

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-016:050B4	600790.35	612287.65
NÞ-016:050B5	600743.8	612294.95
NÞ-016:050B6	600724.28	612327.89
NÞ-016:050B7	600728.81	612386.07
NÞ-016:050B8	600749.92	612415.46
NÞ-016:050B9	600827.04	612418.22
NÞ-016:050C	600745.38	612332.23
NÞ-016:050D	600865.89	612346.62
NÞ-016:051	600396.67	625439.89
NÞ-016:052	600132.97	625475.59
NÞ-016:053	600212.45	625341.86
NÞ-016:054	601772.19	620504.47
NÞ-016:055	601405.92	619755.37
NÞ-016:056	601055.83	619774.11
NÞ-016:057	600874.97	619946.69
NÞ-016:058	599892.93	620898.55
NÞ-016:059	600787	621133.06
NÞ-016:060	600448.74	609206.24
NÞ-016:061	600832.36	609366.2
NÞ-016:062	601257.4	621708
NÞ-017:001	601283.05	625655.07
NÞ-017:002a	601283.24	625581.3
NÞ-017:002b	601254.05	625575.58
NÞ-017:002c	601248.92	625580.71
NÞ-017:002d	601229.99	625601.03
NÞ-017:002e	601221.9	625629.63
NÞ-017:002g	601261.74	625690.18
NÞ-017:002h	601309.67	625715.23
NÞ-017:003	601275.55	625599.06
NÞ-017:004	601253.07	625575.98
NÞ-017:005	601241.03	625625.88
NÞ-017:006	601221.51	625619.96
NÞ-017:007	601224.66	625646.98
NÞ-017002f	601235.51	625663.55

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-018:001	602323.66	621680.78
NÞ-018:003	602363.11	621753.36
NÞ-018:004	602413.99	621760.07
NÞ-018:005A	602425.04	620849.43
NÞ-018:005B1	602426.42	620869.16
NÞ-018:005B10	602384.21	620869.35
NÞ-018:005B11	602471.58	620756.34
NÞ-018:005B12	602426.61	620743.32
NÞ-018:005B13	602348.71	620801.7
NÞ-018:005B14	602351.67	620858.7
NÞ-018:005B15	602387.76	620892.23
NÞ-018:005B16	602507.68	620892.43
NÞ-018:005B17	602521.88	620815.12
NÞ-018:005B18	602508.66	620770.93
NÞ-018:005B19	602378.69	620721.43
NÞ-018:005B19	602378.69	620721.43
NÞ-018:005B2	602457.58	620861.27
NÞ-018:005B20	602347.72	620749.44
NÞ-018:005B21	602360.15	620770.93
NÞ-018:005B22	602319.32	620831.09
NÞ-018:005B23	602404.72	620914.52
NÞ-018:005B24	602370.01	620897.56
NÞ-018:005B25	602404.92	620911.37
NÞ-018:005B27	602501.17	620915.51
NÞ-018:005B28	602544.56	620833.26
NÞ-018:005B29	602529.37	620780.01
NÞ-018:005B3	602483.81	620822.61
NÞ-018:005B30	602513.4	620734.64
NÞ-018:005B31	602567.84	620816.1
NÞ-018:005B32	602508.07	620911.56
NÞ-018:005B33	602431.35	620699.34
NÞ-018:005B34	602395.65	620702.3
NÞ-018:005B4	602472.37	620769.55
NÞ-018:005B5	602460.74	620767.38

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-018:005B6	602410.05	620788.29
NÞ-018:005B7	602401.76	620799.34
NÞ-018:005B8	602396.64	620813.54
NÞ-018:005B9	602377.7	620833.26
NÞ-018:005C	602433.91	620835.23
NÞ-018:005D	602414.19	620826.16
NÞ-018:005E	602350.48	620750.82
NÞ-018:005F	602404.52	620869.55
NÞ-018:005G	602440.03	620793.02
NÞ-018:005H	602395.85	620800.32
NÞ-018:005I	602396.24	620814.72
NÞ-018:006	602323.66	620767.78
NÞ-018:007	602280.46	621727.13
NÞ-018:008A1	601946.15	617682.43
NÞ-018:008A2	601946.15	617673.36
NÞ-018:008A3	601905.52	617669.41
NÞ-018:008A4	601875.34	617685.78
NÞ-018:008B	601992.11	617808.46
NÞ-018:008C	602023.47	617763.49
NÞ-018:008D	601885.99	617765.86
NÞ-018:009	602069.42	620473.11
NÞ-018:010	602400.58	620465.22
NÞ-018:011	602390.72	619893.83
NÞ-018:012	602579.27	619887.52
NÞ-018:013A	601878.1	620328.14
NÞ-018:013B1	601966.47	620355.75
NÞ-018:013B10	601909.86	620217.89
NÞ-018:013B11	602019.72	620341.55
NÞ-018:013B12	602035.1	620330.71
NÞ-018:013B13	602011.43	620329.32
NÞ-018:013B14	601991.71	620334.65
NÞ-018:013B15	601991.71	620351.42
NÞ-018:013B16	602038.46	620265.62
NÞ-018:013B17	602029.97	620238.4

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-018:013B18	601966.47	620221.04
NÞ-018:013B2	601931.16	620368.97
NÞ-018:013B3	601868.24	620375.68
NÞ-018:013B4	601802.37	620342.15
NÞ-018:013B5	601797.04	620372.52
NÞ-018:013B6	601801.58	620312.17
NÞ-018:013B7	601773.57	620299.94
NÞ-018:013B8	601787.77	620263.84
NÞ-018:013B9	601849.9	620238.6
NÞ-018:013C	601823.27	620276.47
NÞ-018:013D	601907.1	620315.52
NÞ-018:013E	601913.01	620303.09
NÞ-019:001	604936.63	622006.61
NÞ-019:003	605121.64	621901.29
NÞ-019:004	605056.35	621810.36
NÞ-019:005	605057.54	621762.44
NÞ-019:006	604940.38	621988.07
NÞ-019:007A	604715.33	618081.44
NÞ-019:007B1	604658.33	617996.23
NÞ-019:007B10	604732.89	618176.11
NÞ-019:007B11	604781.8	618173.74
NÞ-019:007B12	604814.74	618119.9
NÞ-019:007B13	604687.32	618027.79
NÞ-019:007B14	604667.6	618128.38
NÞ-019:007B15	604637.23	618061.32
NÞ-019:007B2	604635.06	617988.14
NÞ-019:007B3	604621.05	618007.47
NÞ-019:007B4	604614.55	618151.45
NÞ-019:007B5	604713.95	618231.73
NÞ-019:007B6	604642.75	618068.61
NÞ-019:007B7	604656.75	618098.59
NÞ-019:007B8	604612.97	618114.97
NÞ-019:007B9	604672.53	618133.9
NÞ-019:007C	604757.34	618076.5

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-019:007D	604733.08	618117.53
NÞ-019:007E	604723.02	618102.74
NÞ-019:007F	604667.01	618013.98
NÞ-019:007G	604715.73	618222.85
NÞ-019:008	604967.6	620239.19
NÞ-019:009A	604982.39	620207.43
NÞ-019:009B1	605010.2	620371.34
NÞ-019:009B10	604888.7	620096.39
NÞ-019:009B11	604942.74	620088.7
NÞ-019:009B12	604964.44	620096
NÞ-019:009B13	605010.2	620103.1
NÞ-019:009B14	604964.83	620101.52
NÞ-019:009B15	605022.23	620109.6
NÞ-019:009B16	604995.6	620140.97
NÞ-019:009B2	604987.91	620397.96
NÞ-019:009B3	604971.15	620447.07
NÞ-019:009B4	604924.99	620454.37
NÞ-019:009B5	604868.39	620407.43
NÞ-019:009B6	604854.78	620315.91
NÞ-019:009B7	604838.8	620287.12
NÞ-019:009B8	604830.52	620212.76
NÞ-019:009B9	604874.7	620153.79
NÞ-019:009C	604980.81	620158.32
NÞ-019:009D	605015.72	620192.64
NÞ-019:009E	605006.65	620144.91
NÞ-019:009F	604928.15	620396.38
NÞ-019:009G	604880.42	620217.89
NÞ-019:010	602665.47	623161.43
NÞ-019:010B	602755.8	623089.24
NÞ-019:011A	605079.43	619488.51
NÞ-019:011B1	605200.53	619613.36
NÞ-019:011B11	605084.56	619443.74
NÞ-019:011B12	605058.32	619449.46
NÞ-019:011B13	605053.59	619488.71
NÞ-019:011B14	605076.47	619519.48
NÞ-019:011B15	605103.29	619512.77
NÞ-019:011B16	605118.48	619464.65
NÞ-019:011B2	605098.56	619566.42
NÞ-019:011B3	605044.32	619529.73
NÞ-019:011B4	605005.86	619545.71
NÞ-019:011B5	605028.15	619519.48
NÞ-019:011B6	605006.06	619493.05
NÞ-019:011B7	605004.28	619434.27
NÞ-019:011B8	605033.28	619385.16
NÞ-019:011B9	605079.63	619361.49
NÞ-019:011C	605097.38	619503.5
NÞ-019:011D	605063.45	619504.68
NÞ-019:012	604075.3	622049.22
NÞ-019:013	604861.29	622049.22
NÞ-019:015a	604888.9	622150.79
NÞ-019:015b	604959.71	622130.08
NÞ-019:015c	605028.74	622070.32
NÞ-019:015d	605045.7	622032.65
NÞ-019:015e	605071.14	621902.47
NÞ-019:017	605575.87	621405.64
NÞ-019:018A	604327.37	618390.7
NÞ-019:018B1	604395.02	618269.79
NÞ-019:018B10	604481.21	618402.34
NÞ-019:018B12	604483.78	618365.26
NÞ-019:018B13	604429.93	618276.5
NÞ-019:018B14	604439.6	618251.65
NÞ-019:018B15	604372.34	618269.6
NÞ-019:018B16	604332.5	618248.3
NÞ-019:018B17	604394.83	618200.96
NÞ-019:018B18	604309.22	618245.73
NÞ-019:018B19	604255.18	618270.78
NÞ-019:018B2	604393.64	618235.08
NÞ-019:018B20	604258.93	618372.55

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-019:018B3	604355.18	618231.14
NÞ-019:018B4	604286.15	618292.67
NÞ-019:018B5	604284.57	618358.55
NÞ-019:018B6	604290.09	618394.05
NÞ-019:018B7	604295.42	618471.96
NÞ-019:018B8	604336.05	618495.04
NÞ-019:018B9	604368	618490.3
NÞ-019:018C	604337.23	618361.71
NÞ-019:018D	604366.82	618288.53
NÞ-019:018E	604341.77	618271.57
NÞ-019:018G	604295.81	618433.5
NÞ-019:019	603793.06	622346.65
NÞ-019:020	603860.71	622082.15
NÞ-019:021	604364.45	622456.7
NÞ-019:022	604354.98	622342.5
NÞ-019:023	604882.39	621821.8
NÞ-019:024	604875.68	622712.52
NÞ-019:025	604404.49	620881.19
NÞ-019:026	604463.46	620909.79
NÞ-019:027	604340.98	620853.77
NÞ-019:028	602648.5	623176.42
NÞ-019:029	605868.76	620122.23
NÞ-019:030	604358.73	622470.31
NÞ-019:031A	604995.6	620682.57
NÞ-019:031B	604808.82	620926.55
NÞ-019:032A	604373.72	622478.6
NÞ-019:032B	604375.3	622480.96
NÞ-019:032C	604380.82	622481.16
NÞ-019:032D	604369.18	622473.67
NÞ-019:033	605235.24	620275.48
NÞ-019:034	605253.39	619650.44
NÞ-019:035	604903.3	620468.57
NÞ-019:037	604738.61	617672.17
NÞ-019:038	604627.96	617149.89
NÞ-019:039	604723.22	615500.02
NÞ-019:040	605791.84	617756.59
NÞ-019:041	604889.49	622031.07
NÞ-019:042	605133.08	621790.44
NÞ-019:043	604935.45	620031.5
NÞ-019:044	604669.18	621141.34
NÞ-019:045	605117.69	618325.61
NÞ-019:046	604691.86	620786.52
NÞ-019:047	604795.21	618794.44
NÞ-019:048	604688.71	617884.2
NÞ-019:049	604757.15	618920.47
NÞ-019:050	604201.93	619374.9
NÞ-019:051	603965.25	619028.76
NÞ-019:052	604362.48	619452.61
NÞ-019:053	605681.39	619585.35
NÞ-019:054	606316.49	618781.62
NÞ-019:055	605686.72	618572.75
NÞ-019:056	605309.6	617328.79
NÞ-019:0B10	605161.08	619289.7
NÞ-020:001	604881.4	621908.59
NÞ-020:002	604827.56	621837.78
NÞ-020:003	604741.76	621944.48
NÞ-021:000	601673.18	625859.8
NÞ-021:001	602221.29	626299.63
NÞ-021:002	601941.61	626148.95
NÞ-021:003	601623.67	625958.02
NÞ-021:004	601709.07	624592.17
NÞ-021:005	603326.2	625040.29
NÞ-021:007	602643.57	625254.68
NÞ-021:008	602003.55	625880.71
NÞ-021:009	602119.32	626255.85
NÞ-021:010	601713.02	624763.96
NÞ-021:011	601709.47	624775.8
NÞ-021:012	601710.45	624838.71

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-021:013	601715.38	624858.63
NÞ-021:014	602134.11	626264.13
NÞ-021:015	602208.87	626364.53
NÞ-021:016	602214.59	626293.32
NÞ-021:017	602230.96	626275.97
NÞ-021:018	602244.96	626264.53
NÞ-021:019	602127.01	625884.45
NÞ-021:020A	601621.11	625972.42
NÞ-021:020B	601623.87	625981.3
NÞ-021:021a	602009.07	626120.94
NÞ-021:021b	602025.83	626128.63
NÞ-021:021c	602049.11	626138.49
NÞ-021:022a	602114.98	626218.57
NÞ-021:022b	602113.6	626234.74
NÞ-021:022c	602150.49	626246.18
NÞ-021:022d	602156.6	626228.43
NÞ-021:023	602975.32	624844.63
NÞ-021:024a	601700.59	624860.41
NÞ-021:024b	601691.12	624957.84
NÞ-021:024c	601690.73	625060.6
NÞ-021:024d	601692.51	625221.74
NÞ-021:025a	601818.93	625570.46
NÞ-021:025b	601833.33	625572.82
NÞ-021:025c	601836.29	625572.43
NÞ-021:025d	601864.49	625584.66
NÞ-021:026	602206.89	625973.21
NÞ-021:027a	603157.37	625057.64
NÞ-021:027b	603106.68	625042.26
NÞ-021:028	603334.69	624496.71
NÞ-022:001	607015.69	619845.11
NÞ-022:002	607054.34	619793.44
NÞ-022:003	607023.77	619771.35
NÞ-022:004	606994.58	619899.55
NÞ-022:005	607070.72	619896.99

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:006	607079	619789.49
NÞ-022:008a	606934.23	620742.53
NÞ-022:008b	607139.35	620861.47
NÞ-022:008c	607266.37	620704.07
NÞ-022:009A	605986.91	619922.43
NÞ-022:009B1	605893.22	620117.69
NÞ-022:009B10	606077.64	619913.16
NÞ-022:009B11	606086.91	619912.37
NÞ-022:009B12	606077.44	619987.91
NÞ-022:009B13	606091.05	619986.14
NÞ-022:009B15	606097.75	620017.5
NÞ-022:009B16	606093.41	620052.01
NÞ-022:009B17	606103.47	620072.72
NÞ-022:009B18	605933.65	620153.79
NÞ-022:009B19	606090.85	619892.25
NÞ-022:009B2	605875.86	620083.57
NÞ-022:009B20	606120.63	619904.48
NÞ-022:009B21	606099.92	619951.82
NÞ-022:009B22	606115.7	619978.05
NÞ-022:009B23	606120.63	619931.11
NÞ-022:009B3	605879.41	620014.73
NÞ-022:009B4	605856.54	619890.67
NÞ-022:009B5	605925.37	619822.63
NÞ-022:009B6	606017.68	619808.03
NÞ-022:009B7	606076.26	619841.96
NÞ-022:009B8	606088.48	619906.45
NÞ-022:009B9	606071.72	619849.45
NÞ-022:009C	606019.65	619944.52
NÞ-022:009D	605976.65	619943.53
NÞ-022:009E	606011.36	619971.15
NÞ-022:009F	606071.13	619924.4
NÞ-022:009G	606080	619942.35
NÞ-022:009H	606087.1	620072.72
NÞ-022:010A	607411.34	620407.23

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:010B1	607233.04	620326.17
NÞ-022:010B10	607206.81	620270.15
NÞ-022:010B11	607215.49	620251.42
NÞ-022:010B12	607229.1	620242.34
NÞ-022:010B13	607340.14	620195.01
NÞ-022:010B14	607410.55	620182.58
NÞ-022:010B15	607449.41	620178.64
NÞ-022:010B16	607528.89	620206.25
NÞ-022:010B2	607236	620349.05
NÞ-022:010B3	607289.05	620423.6
NÞ-022:010B4	607313.51	620454.37
NÞ-022:010B45	607411.54	620509.01
NÞ-022:010B6	607467.75	620517.09
NÞ-022:010B7	607340.93	620465.61
NÞ-022:010B8	607337.57	620403.88
NÞ-022:010B9	607273.47	620363.64
NÞ-022:010C	607443.29	620362.85
NÞ-022:010D	607419.23	620386.52
NÞ-022:010E	607361.83	620465.22
NÞ-022:010F	607353.35	620260.1
NÞ-022:011A	608722.56	618651.05
NÞ-022:011Ba	608805.99	618563.28
NÞ-022:011Bb	608789.82	618529.16
NÞ-022:011Bc	608706.78	618525.41
NÞ-022:011Bd	608686.66	618624.62
NÞ-022:011Be	608695.14	618640.01
NÞ-022:011Bf	608736.37	618682.81
NÞ-022:011Bg	608763.59	618686.75
NÞ-022:011Bh	608816.05	618658.94
NÞ-022:011Bi	608814.27	618616.34
NÞ-022:011Bj	608827.09	618599.97
NÞ-022:011Bk	608787.06	618491.29
NÞ-022:011Bl	608631.83	618510.03
NÞ-022:011Bm	608631.04	618539.22

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:011Bn	608620	618549.67
NÞ-022:011Bo	608623.94	618590.5
NÞ-022:011Bp	608671.08	618665.84
NÞ-022:011Bq	608758.26	618701.54
NÞ-022:011Br	608826.31	618684.97
NÞ-022:011Bs	608816.25	618663.67
NÞ-022:011Bt	608844.25	618675.51
NÞ-022:011Bu	608696.53	618684.19
NÞ-022:011Bv	608735.97	618685.17
NÞ-022:011C	608744.06	618657.95
NÞ-022:011D	608749.78	618674.92
NÞ-022:011E	608815.06	618637.84
NÞ-022:011F	608787.65	618632.51
NÞ-022:011G	608789.62	618621.27
NÞ-022:011H	608785.87	618550.46
NÞ-022:011I	608744.85	618534.09
NÞ-022:011J	608762.6	618525.81
NÞ-022:011K	608753.92	618553.02
NÞ-022:011L	608742.28	618581.82
NÞ-022:011M	608723.15	618498.39
NÞ-022:012A	607434.81	618943.16
NÞ-022:012B1	607542.9	618947.89
NÞ-022:012B10	607452.37	618897.2
NÞ-022:012B11	607465.58	618920.87
NÞ-022:012B12	607427.32	618978.66
NÞ-022:012B13	607427.12	618927.77
NÞ-022:012B14	607468.54	618921.66
NÞ-022:012B15	607480.57	618979.05
NÞ-022:012B16	607458.09	618996.61
NÞ-022:012B17	607430.47	618998.58
NÞ-022:012B18	607439.35	619106.07
NÞ-022:012B19	607511.34	619087.93
NÞ-022:012B2	607504.04	618888.13
NÞ-022:012B20	607524.75	619035.66

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:012B21	607550.19	618974.52
NÞ-022:012B22	607545.46	618956.37
NÞ-022:012B23	607614.69	618946.9
NÞ-022:012B24	607618.24	618910.02
NÞ-022:012B3	607470.51	618787.73
NÞ-022:012B4	607461.44	618763.28
NÞ-022:012B5	607452.17	618768.41
NÞ-022:012B6	607456.31	618755.39
NÞ-022:012B7	607390.04	618765.45
NÞ-022:012B8	607394.97	618881.22
NÞ-022:012B9	607405.82	618877.87
NÞ-022:012C	607430.87	618974.12
NÞ-022:012VEG1	607404.24	618995.23
NÞ-022:012VEG2	607452.96	618976.09
NÞ-022:012VEG3	607590.43	618945.33
NÞ-022:015A	606033.65	617565.67
NÞ-022:015B1	606166.79	617554.82
NÞ-022:015B10	605892.63	617525.63
NÞ-022:015B11	605897.95	617477.9
NÞ-022:015B12	605980.2	617554.62
NÞ-022:015B13	606020.04	617561.33
NÞ-022:015B14	606051.6	617578.09
NÞ-022:015B15	606060.28	617567.64
NÞ-022:015B16	606043.51	617492.89
NÞ-022:015B17	605985.92	617508.66
NÞ-022:015B18	605968.37	617528.39
NÞ-022:015B19	605978.82	617552.25
NÞ-022:015B2	606107.22	617620.89
NÞ-022:015B20	605955.15	617532.73
NÞ-022:015B21	605934.64	617461.92
NÞ-022:015B22	605920.04	617439.83
NÞ-022:015B23	606020.04	617427.99
NÞ-022:015B24	606013.93	617576.71
NÞ-022:015B25	605956.93	617545.35

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:015B26	605919.06	617443.38
NÞ-022:015B27	605887.11	617470.79
NÞ-022:015B28	606178.42	617564.28
NÞ-022:015B29	606296.37	617648.9
NÞ-022:015B3	606041.54	617637.66
NÞ-022:015B30	606439.76	617732.72
NÞ-022:015B31	606557.9	617811.22
NÞ-022:015B32	606665.2	617912.21
NÞ-022:015B33	605804.27	617595.45
NÞ-022:015B34	605921.03	618214.17
NÞ-022:015B4	606014.13	617608.47
NÞ-022:015B5	606016.69	617600.18
NÞ-022:015B6	605920.24	617566.06
NÞ-022:015B7	605942.53	617568.03
NÞ-022:015B8	605936.22	617512.81
NÞ-022:015B9	605908.61	617487.95
NÞ-022:015C	606052.19	617503.34
NÞ-022:015D	606062.84	617562.9
NÞ-022:015E	605944.11	617460.54
NÞ-022:015F	606018.47	617493.08
NÞ-022:015G	606002.88	617496.24
NÞ-022:015H	606147.46	617557.78
NÞ-022:016A	605714.13	617157.39
NÞ-022:016B1	606109.59	617117.55
NÞ-022:016B10	605763.64	617327.4
NÞ-022:016B11	605760.48	617430.95
NÞ-022:016B12	605774.68	617470.4
NÞ-022:016B13	605836.61	617496.63
NÞ-022:016B14	605927.93	617437.07
NÞ-022:016B15	605986.32	617415.96
NÞ-022:016B16	606121.82	617137.86
NÞ-022:016B17	606120.44	617156.99
NÞ-022:016B18	606138.19	617163.5
NÞ-022:016B19	606176.45	617226.03

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-022:016B2	605959.1	617029.97
NÞ-022:016B20	606126.75	617304.92
NÞ-022:016B21	606097.75	617380.46
NÞ-022:016B23	605988.49	617200.78
NÞ-022:016B24	605755.55	617221.88
NÞ-022:016B25	605822.81	617096.25
NÞ-022:016B26	605832.67	617011.63
NÞ-022:016B3	605924.38	617022.68
NÞ-022:016B4	605874.68	617006.5
NÞ-022:016B5	605832.08	617010.84
NÞ-022:016B6	605678.43	617048.32
NÞ-022:016B7	605598.16	617074.75
NÞ-022:016B8	605568.57	617137.66
NÞ-022:016B9	605754.37	617242.2
NÞ-022:016C	605702.89	617199.4
NÞ-022:017	609028.67	618623.24
NÞ-022:018	607002.67	619767.4
NÞ-022:019	608025.73	617205.91
NÞ-022:020	608779.96	618458.75
NÞ-022:021	607210.75	617741.6
NÞ-022:022	606692.22	620321.04
NÞ-022:023	608332.23	618529.75
NÞ-022:024	607568.73	620218.48
NÞ-022:024b	607584.32	620224.4
NÞ-022:025	607040.34	620320.25
NÞ-022:025b	606840.34	620906.04
NÞ-022:026	607359.66	618414.76
NÞ-022:027A	607615.68	616984.02
NÞ-022:027Ba	607602.26	616909.27
NÞ-022:027Bb	607674.25	616957.39
NÞ-022:027Bc	607716.27	617044.57
NÞ-022:027Bd	607707.98	617074.15
NÞ-022:027Be	607586.29	617129.58
NÞ-022:027Bf	607496.94	617142.4
NÞ-022:027Bg	607500.69	617012.03
NÞ-022:027Bh	607531.06	616951.47
NÞ-022:027C	607605.42	617032.54
NÞ-022:027D	607622.58	617003.35
NÞ-022:028	606748.24	620290.67
NÞ-022:029	605864.03	617116.36
NÞ-022:030	607137.58	619066.63
NÞ-022:030B	607134.42	619034.28
NÞ-022:031	606728.91	616862.72
NÞ-022:032	606815.3	616879.68
NÞ-022:033	606809.58	616834.12
NÞ-022:034	608677.98	618217.72
NÞ-023:001	612312.24	616328.01
NÞ-023:002	612374.57	616190.94
NÞ-023:003	612349.72	616302.37
NÞ-023:004	612367.27	616276.73
NÞ-023:005	612312.83	616179.5
NÞ-023:006	612404.35	616199.81
NÞ-023:007A	611898.64	616224.86
NÞ-023:007B1	611887.2	616159.18
NÞ-023:007B10	611988.38	616160.76
NÞ-023:007B11	611943.41	616149.52
NÞ-023:007B12	611950.71	616079.1
NÞ-023:007B13	611921.12	616097.64
NÞ-023:007B14	611913.04	616107.51
NÞ-023:007B15	611876.55	616137.29
NÞ-023:007B2	611870.63	616165.69
NÞ-023:007B3	611891.54	616221.7
NÞ-023:007B4	611931.77	616266.28
NÞ-023:007B5	611948.14	616272.99
NÞ-023:007B6	611959.19	616263.72
NÞ-023:007B7	611981.48	616267.66
NÞ-023:007B8	612005.74	616203.95
NÞ-023:007B9	611996.27	616177.13

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-023:008	612388.37	616364.9
NÞ-023:009	612531.17	615664.71
NÞ-023:010	612471.8	615575.56
NÞ-023:011A	612322.69	615753.67
NÞ-023:011Ba	612298.04	615704.36
NÞ-023:011Bb	612321.12	615697.65
NÞ-023:011Bd	612337.29	615763.53
NÞ-023:011Bf	612296.66	615758.2
NÞ-023:011Bg	612284.83	615715.01
NÞ-023:011C	612339.46	615728.22
NÞ-023:011D	612322.5	615775.95
NÞ-023:012	611727.44	614150.34
NÞ-023:013	612264.9	616262.73
NÞ-023:014	612778.11	616320.52
NÞ-023:015A	612681.66	616844.57
NÞ-023:015B	612926.83	616980.07
NÞ-023:015C	612956.21	616995.66
NÞ-023:015D	612427.62	616671.2
NÞ-023:015F	612885.01	616957.39
NÞ-023:015G	612382.65	616713.21
NÞ-023:015H	612405.73	616737.47
NÞ-023:015I	612657.99	616885.01
NÞ-023:015J	612858.39	616984.61
NÞ-023:015K	612913.61	617017.94
NÞ-023:015L	612946.94	617038.85
NÞ-023:016	612704.94	616406.71
NÞ-023:017B1	611329.62	616754.83
NÞ-023:017B10	611444.6	616625.05
NÞ-023:017B11	611462.35	616712.62
NÞ-023:017B12	611446.18	616720.31
NÞ-023:017B13	611394.11	616771
NÞ-023:017B14	611371.63	616809.07
NÞ-023:017B15	611358.41	616814.4
NÞ-023:017B16	611353.28	616818.54
NÞ-023:017B17	611345.39	616816.37
NÞ-023:017B18	611348.16	616806.31
NÞ-023:017B19	611343.62	616778.1
NÞ-023:017B2	611301.02	616714.2
NÞ-023:017B20	611290.37	616696.84
NÞ-023:017B21	611322.12	616844.18
NÞ-023:017B22	611397.66	616823.27
NÞ-023:017B23	611439.08	616804.34
NÞ-023:017B24	611475.77	616792.11
NÞ-023:017B25	611463.14	616721.5
NÞ-023:017B26	611298.06	616789.94
NÞ-023:017B27	611297.27	616776.72
NÞ-023:017B28	611286.22	616739.84
NÞ-023:017B29	611272.81	616667.46
NÞ-023:017B3	611297.66	616691.72
NÞ-023:017B30	611278.14	616653.26
NÞ-023:017B31	611270.64	616620.71
NÞ-023:017B32	611320.74	616613.61
NÞ-023:017B33	611299.04	616698.42
NÞ-023:017B4	611316.79	616646.94
NÞ-023:017B5	611324.68	616601.18
NÞ-023:017B6	611333.95	616589.15
NÞ-023:017B7	611362.16	616582.45
NÞ-023:017B8	611376.16	616555.82
NÞ-023:017B9	611392.53	616555.43
NÞ-023:017C	611319.16	616621.5
NÞ-023:017D	611355.85	616585.6
NÞ-023:017E	611372.61	616640.83
NÞ-023:017E	611364.53	616574.56
NÞ-023:017F	611424.49	616601.58
NÞ-023:017G	611414.62	616598.82
NÞ-023:017H	611436.71	616619.92
NÞ-023:017I	611398.06	616713.02
NÞ-023:017J	611351.11	616754.83

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-023:017K	611386.42	616774.95
NÞ-023:017L	611349.14	616813.61
NÞ-023:017M	611441.84	616720.71
NÞ-023:017N	611401.61	616671.99
NÞ-023:017O	611350.92	616705.33
NÞ-023:018	611231.79	617223.86
NÞ-023:019	611087.8	617773.16
NÞ-023:020A	610965.72	615388.98
NÞ-023:020B1	610987.02	615359
NÞ-023:020B10	610986.03	615441.64
NÞ-023:020B11	610983.47	615445.78
NÞ-023:020B12	610989.78	615389.17
NÞ-023:020B13	610972.62	615454.85
NÞ-023:020B14	610919.56	615472.01
NÞ-023:020B2	610951.91	615285.23
NÞ-023:020B3	610919.17	615281.68
NÞ-023:020B4	610878.93	615290.36
NÞ-023:020B5	610866.51	615312.65
NÞ-023:020B6	610848.16	615364.52
NÞ-023:020B7	610848.76	615391.54
NÞ-023:020B8	610893.92	615470.44
NÞ-023:020B9	610986.03	615423.1
NÞ-023:020C	610905.36	615375.17
NÞ-023:020D	610933.76	615303.18
NÞ-023:020E	610857.04	615400.22
NÞ-023:020F	610904.77	615469.05
NÞ-023:021A	611740.65	615749.92
NÞ-023:021B1	611704.36	615758.2
NÞ-023:021B10	611697.06	615824.87
NÞ-023:021B11	611772.8	615809.88
NÞ-023:021B12	611784.64	615775.16
NÞ-023:021B2	611698.45	615752.48
NÞ-023:021B3	611697.06	615745.97
NÞ-023:021B4	611698.64	615724.47
NÞ-023:021B5	611722.11	615714.02
NÞ-023:021B56	611770.04	615733.15
NÞ-023:021B7	611775.37	615750.71
NÞ-023:021B8	611746.96	615770.63
NÞ-023:021B9	611731.38	615775.95
NÞ-023:021C	611724.48	615744
NÞ-023:021D	611792.92	615793.9
NÞ-023:022A	611694.5	614889.77
NÞ-023:022B1	611699.63	615026.46
NÞ-023:022B10	611740.85	614795.1
NÞ-023:022B11	611773.59	614817.98
NÞ-023:022B12	611780.1	614835.54
NÞ-023:022B14	611786.21	614920.94
NÞ-023:022B15	611780.89	614995.49
NÞ-023:022B16	611725.47	614908.32
NÞ-023:022B17	611724.09	614856.24
NÞ-023:022B18	611694.7	614844.21
NÞ-023:022B19	611665.31	614835.14
NÞ-023:022B2	611640.85	615006.14
NÞ-023:022B20	611627.24	614996.48
NÞ-023:022B4	611693.71	614955.45
NÞ-023:022B5	611652.09	614968.27
NÞ-023:022B6	611642.23	614959.4
NÞ-023:022B7	611623.3	614917.39
NÞ-023:022B8	611658.41	614849.93
NÞ-023:022B9	611692.13	614786.03
NÞ-023:022C	611684.44	615038.88
NÞ-023:022D	611642.43	615004.37
NÞ-023:022E	611610.08	614958.22
NÞ-023:023	611782.47	614887.01
NÞ-023:024	611750.71	615032.57
NÞ-023:025A	611020.15	613553.11
NÞ-023:025B1	611031.2	613588.22
NÞ-023:025B10	610968.67	613521.75

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-023:025B11	611010.49	613539.5
NÞ-023:025B12	610969.27	613508.54
NÞ-023:025B2	611019.36	613542.86
NÞ-023:025B3	611023.11	613632.79
NÞ-023:025B4	610964.93	613691.57
NÞ-023:025B5	610924.49	613693.15
NÞ-023:025B6	611014.83	613675.59
NÞ-023:025B7	610919.37	613606.56
NÞ-023:025B8	610931.79	613533.39
NÞ-023:025B9	610962.95	613527.47
NÞ-023:025C	610995.5	613673.03
NÞ-023:026A	611386.22	613524.71
NÞ-023:026B1	611329.02	613494.93
NÞ-023:026B10	611227.45	613532.99
NÞ-023:026B11	611278.53	613506.17
NÞ-023:026B12	611233.56	613557.65
NÞ-023:026B2	611257.62	613515.64
NÞ-023:026B3	611297.86	613584.67
NÞ-023:026B4	611322.32	613613.27
NÞ-023:026B5	611372.02	613476.78
NÞ-023:026B6	611375.37	613620.76
NÞ-023:026B7	611229.22	613547.98
NÞ-023:026B8	611253.09	613590.19
NÞ-023:026B9	611312.65	613612.28
NÞ-023:026C	611382.47	613496.9
NÞ-023:027A	610465.92	613258.64
NÞ-023:027B1	610571.44	613410.51
NÞ-023:027B10	610542.25	613369.29
NÞ-023:027B11	610528.05	613305.38
NÞ-023:027B12	610546	613300.65
NÞ-023:027B13	610540.08	613342.66
NÞ-023:027B15	610508.13	613273.43
NÞ-023:027B16	610522.53	613267.32
NÞ-023:027B17	610497.68	613278.36
NÞ-023:027B18	610458.43	613200.85
NÞ-023:027B19	610415.63	613381.32
NÞ-023:027B2	610586.24	613374.61
NÞ-023:027B20	610417.4	613316.04
NÞ-023:027B21	610417.6	613286.65
NÞ-023:027B22	610451.92	613264.75
NÞ-023:027B24	610494.13	613249.57
NÞ-023:027B25	610545.01	613513.86
NÞ-023:027B3	610575.58	613319.59
NÞ-023:027B4	610546.39	613280.93
NÞ-023:027B5	610523.51	613256.67
NÞ-023:027B6	610503.2	613207.95
NÞ-023:027B7	610418.19	613405.19
NÞ-023:027B8	610453.1	613414.46
NÞ-023:027B9	610529.43	613415.05
NÞ-023:028A	610110.31	613270.67
NÞ-023:028B1	610149.36	613203.41
NÞ-023:028B10	610245.81	613251.34
NÞ-023:028B11	610224.11	613200.26
NÞ-023:028B12	610179.14	613176.98
NÞ-023:028B15	610261.19	613227.48
NÞ-023:028B2	610119.97	613209.33
NÞ-023:028B3	610111.49	613255.68
NÞ-023:028B4	610106.17	613282.51
NÞ-023:028B5	610100.84	613324.91
NÞ-023:028B6	610115.44	613346.21
NÞ-023:028B7	610153.5	613347.2
NÞ-023:028B8	610200.64	613316.04
NÞ-023:028B9	610221.94	613285.66
NÞ-023:028C	610120.96	613297.5
NÞ-023:028D	610139.7	613205.39
NÞ-023:028E1	610274.6	613296.9
NÞ-023:028E2	610246.4	613314.26
NÞ-023:028E3	610145.22	613365.34

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-023:028E4	610113.86	613373.23
NÞ-023:028E5	610008.93	613385.86
NÞ-023:028F	610112.67	613369.68
NÞ-023:028Ga	609991.77	613181.72
NÞ-023:028Gb	610097.49	613175.6
NÞ-023:028Gc	610143.64	613176.79
NÞ-023:029	611138.1	610833.24
NÞ-023:030A	611502.79	610762.83
NÞ-023:030B	611522.31	610751.58
NÞ-023:031	612578.71	614605.76
NÞ-023:033A	612345.77	616130.58
NÞ-023:033B	612278.51	616091.92
NÞ-023:033C	612259.97	616087.58
NÞ-023:033D	612248.14	616148.14
NÞ-023:033E	612219.34	616254.25
NÞ-023:034d	610393.14	613165.74
NÞ-023:034e	611713.43	613070.08
NÞ-023:035	611474.98	613006.77
NÞ-024:001	614618.32	616318.74
NÞ-024:002	614699.38	616258.78
NÞ-024:003	614732.51	616222.89
NÞ-024:004	614546.13	616252.67
NÞ-024:005	614513.78	616359.18
NÞ-024:006	614513.98	616411.44
NÞ-024:007	614581.63	616573.97
NÞ-024:008A	614715.16	615092.14
NÞ-024:008ba	614736.26	615077.94
NÞ-024:008bb	614712.59	615077.15
NÞ-024:008bc	614713.58	615051.51
NÞ-024:008bd	614735.08	615055.26
NÞ-024:008be	614729.75	615060.38
NÞ-024:008bf	614704.31	615078.53
NÞ-024:008bg	614738.43	615081.09
NÞ-024:008bh	614739.61	615199.63

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-024:008bi	614726.01	615239.28
NÞ-024:008bj	614692.87	615235.53
NÞ-024:008bk	614681.04	615222.51
NÞ-024:008bl	614676.89	615183.46
NÞ-024:008bm	614662.3	615145.19
NÞ-024:008bn	614670.98	615180.7
NÞ-024:008bo	614678.47	615184.84
NÞ-024:008bp	614652.63	615105.16
NÞ-024:008bq	614672.95	615049.73
NÞ-024:008br	614728.37	615053.87
NÞ-024:008C	614679.06	615163.14
NÞ-024:008E	614660.13	615090.56
NÞ-024:008F	614712.79	615206.93
NÞ-024:008G	614713.78	615171.23
NÞ-024:010	614690.31	616317.96
NÞ-024:012a	615021.86	612575.81
NÞ-024:012ba	615030.73	612631.63
NÞ-024:012bb	615008.05	612625.91
NÞ-024:012bc	614963.87	612595.93
NÞ-024:012bd	614956.57	612583.7
NÞ-024:012be	614958.55	612561.61
NÞ-024:012bf	614976.49	612534.19
NÞ-024:012bg	615008.45	612532.42
NÞ-024:012bh	615060.12	612546.62
NÞ-024:012bi	615078.86	612594.55
NÞ-024:012bj	615051.84	612628.87
NÞ-024:012bk	615040.79	612506.98
NÞ-024:012bl	614965.45	612477.59
NÞ-024:012bm	614944.74	612573.64
NÞ-024:012bn	614933.1	612670.29
NÞ-024:012bo	614948.29	612731.23
NÞ-024:012bq	615027.97	612705.79
NÞ-024:012br	615045.13	612694.94
NÞ-024:012bs	615081.23	612598.89

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-024:012bt	615090.69	612629.85
NÞ-024:012bu	615095.23	612661.81
NÞ-024:012bv	615075.31	612692.57
NÞ-024:012bw	614975.9	612720.98
NÞ-024:012bx	614982.81	612685.47
NÞ-024:012by	614955.19	612703.42
NÞ-024:012bz	614961.7	612724.13
NÞ-024:012c	614979.65	612533.21
NÞ-024:012d	614946.32	612726.5
NÞ-024:012e	614978.86	612533.01
NÞ-024:013a	612387.78	609532.27
NÞ-024:013ba	612384.43	609584.34
NÞ-024:013bb	612415	609576.46
NÞ-024:013bc	612428.22	609512.35
NÞ-024:013bd	612410.86	609436.22
NÞ-024:013be	612387.19	609394.6
NÞ-024:013bf	612320.72	609375.28
NÞ-024:013bg	612304.75	609381.98
NÞ-024:013bh	612295.48	609400.13
NÞ-024:013bi	612300.6	609410.98
NÞ-024:013bj	612324.27	609424.98
NÞ-024:013bk	612336.3	609423.8
NÞ-024:013bl	612352.87	609409.4
NÞ-024:013bm	612360.96	609384.74
NÞ-024:013c	612412.83	609573.5
NÞ-024:013d	612362.14	609479.81
NÞ-024:013e	612375.55	609466
NÞ-024:013f	612335.51	609415.31
NÞ-024:013g	612307.31	609396.18
NÞ-024:014a	614760.52	616202.18
NÞ-024:014b	614738.63	616187.58
NÞ-024:014c	614638.43	616177.52
NÞ-024:014d	614558.36	616184.03
NÞ-024:014e	614477.49	616229.79

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-024:014f	614468.61	616371.8
NÞ-024:014g	614466.44	616493.89
NÞ-024:014h	614683.6	616440.44
NÞ-024:014i	614729.16	616379.3
NÞ-024:014j	614753.62	616350.3
NÞ-024:014k	614775.71	616283.64
NÞ-024:014l	614781.63	616212.63
NÞ-024:014m	614759.54	616219.53
NÞ-024:014n	614724.63	616183.24
NÞ-024:015	615096.02	616989.54
NÞ-024:017	614630.35	616205.73
NÞ-024:018	615775.89	615948.53
NÞ-024:019	614678.47	616177.33
NÞ-024:020	614545.93	616029.4
NÞ-024:021	613693.48	611490.62
NÞ-024:022	614714.17	615068.27
NÞ-024:023	615101.74	612902.63
NÞ-024:024	614848.69	616429.59
NÞ-024:024a	614842.57	616266.48
NÞ-024:024b	614848.88	616343.4
NÞ-024:025	614712.79	614939.28
NÞ-024:026	612768.64	604201.8
NÞ-024:027	612597.44	603913.83
NÞ-024:028	612720.72	604195.09
NÞ-024:029	614338.44	602827.66
NÞ-024:030a	611198.85	605684.61
NÞ-024:030b	611173.4	605666.46
NÞ-024:030c	611103.19	605629.58
NÞ-024:030d	611094.51	605626.82
NÞ-024:031a	611158.42	604568.46
NÞ-024:031b	611128.63	604564.31
NÞ-024:031c	611097.86	604547.55
NÞ-024:032	612779.1	603674.19
NÞ-024:033A	613022.68	601536.56

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-024:033B1	613082.25	601676.59
NÞ-024:033B10	613138.26	601521.37
NÞ-024:033B11	613134.51	601479.95
NÞ-024:033B12	613180.67	601503.22
NÞ-024:033B13	613208.08	601639.51
NÞ-024:033B2	613226.03	601631.23
NÞ-024:033B3	613101.38	601472.45
NÞ-024:033B5	613001.18	601459.04
NÞ-024:033B6	612959.96	601491.59
NÞ-024:033B7	612964.1	601514.47
NÞ-024:033B8	613188.16	601515.45
NÞ-024:033B9	613165.28	601542.08
NÞ-024:033C	613144.77	601531.23
NÞ-024:033D	612963.31	601507.76
NÞ-024:033E	613126.23	601487.25
NÞ-024:033F	613030.18	601510.52
NÞ-024:033G	613224.85	601602.43
NÞ-024:033H	612982.05	601548.59
NÞ-024:033I	612969.03	601573.83
NÞ-024:033J	613094.87	601667.52
NÞ-024:034A	613455.42	601746.81
NÞ-024:034B1	613369.22	601846.41
NÞ-024:034B2	613369.22	601763.77
NÞ-024:034B3	613401.77	601720.77
NÞ-024:034B4	613468.83	601727.09
NÞ-024:034B5	613477.11	601750.16
NÞ-024:034B6	613481.25	601778.37
NÞ-024:034B7	613415.38	601866.14
NÞ-024:034B8	613378.49	601867.12
NÞ-024:034C	613430.96	601736.36
NÞ-024:034D	613429.78	601757.85
NÞ-024:034E	613426.23	601718.8
NÞ-024:035	612857	609763.24
NÞ-024:036	613224.85	602195.72
NÞ-024:037	612436.89	605363.31
NÞ-025:001	612065.7	603462.16
NÞ-025:002	612073.39	603493.52
NÞ-025:003	612039.27	603537.11
NÞ-025:004	612132.56	603540.07
NÞ-025:005	612086.8	603338.3
NÞ-025:006	612015.8	603393.13
NÞ-025:007	612152.88	603445
NÞ-025:008	612023.09	603473.01
NÞ-025:009	611998.44	603424.1
NÞ-025:010	611998.83	603445.6
NÞ-025:011	612112.24	603362.17
NÞ-025:012	612124.87	603418.38
NÞ-025:013	612123.29	603445.2
NÞ-025:014	612129.6	603457.23
NÞ-025:015	612119.15	603452.1
NÞ-025:015E	612442.22	616682.64
NÞ-025:016	612107.91	603482.28
NÞ-025:017	612128.42	603484.25
NÞ-025:018	612136.31	603482.08
NÞ-025:019	612140.45	603497.27
NÞ-025:020	612128.62	603517.78
NÞ-025:021	611964.52	603434.75
NÞ-025:022	611965.5	603425.87
NÞ-025:023a	612010.27	603361.77
NÞ-025:023b	612036.9	603350.13
NÞ-025:023c	612074.38	603298.46
NÞ-025:023d	612109.09	603309.31
NÞ-025:023e	612138.08	603356.45
NÞ-025:023f	612169.25	603434.35
NÞ-025:023g	612177.92	603588.59
NÞ-025:023h	612077.93	603597.27
NÞ-025:023i	612011.26	603557.43
NÞ-025:023j	611991.34	603535.73

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-025:023k	611969.25	603479.13
NÞ-025:023l	611983.45	603464.14
NÞ-025:023m	611987.2	603372.82
NÞ-025:024	611961.16	603307.73
NÞ-025:025	611915.01	603307.73
NÞ-026:001	605354.77	619535.06
NÞ-026:002	605290.86	619459.71
NÞ-026:003	605290.47	619414.75
NÞ-026:004	605281.59	619388.12
NÞ-026:006	605311.97	619551.63
NÞ-026:007	605371.73	619500.35
NÞ-026:008	605347.47	619500.74
NÞ-026:009A	605321.83	619408.24
NÞ-026:009B	605306.64	619387.92
NÞ-026:009C	605275.09	619386.74
NÞ-026:009D	605264.83	619386.94
NÞ-026:009E	605278.83	619486.34
NÞ-026:009F	605267	619494.23
NÞ-026:009G	605273.51	619506.85
NÞ-026:010	605358.12	619454.39
NÞ-026:011	605339.78	619438.22
NÞ-026:012	605366.8	619719.47
NÞ-026:016	605878.63	619405.87
NÞ-026:018	605484.16	619540.98
NÞ-027:001	602516.75	627253.07
NÞ-027:002	602490.72	627237.69
NÞ-027:003	602559.35	627342.02
NÞ-027:004	602605.51	627254.45
NÞ-027:005	602638.84	627320.92
NÞ-027:006	603127	627393.11
NÞ-027:006a	603126.21	627391.73
NÞ-027:006b	603127.19	627411.06
NÞ-027:006c	603130.94	627416.38
NÞ-027:006d	603118.52	627371.21
NÞ-027:006e	603118.32	627359.77
NÞ-027:006f	603117.53	627336.89
NÞ-027:006g	603117.53	627315.99
NÞ-027:006h	603124.43	627306.72
NÞ-027:007	602155.81	626558.8
NÞ-027:008	602101.77	626755.05
NÞ-027:009	602170.41	627192.72
NÞ-027:011	602215.38	627263.33
NÞ-027:012	602814.77	627792.51
NÞ-027:013	602907.28	627867.46
NÞ-027:014	602908.07	627335.32
NÞ-027:015	603511.21	625950.92
NÞ-027:016	604029.94	624950.94
NÞ-027:017	602549.89	626315.02
NÞ-027:018	602593.87	627089.96
NÞ-027:019	602484.8	627411.25
NÞ-027:020	602218.73	627242.42
NÞ-027:021	602167.25	627416.58
NÞ-027:022	602637.06	627371.02
NÞ-027:023	602708.66	627391.73
NÞ-027:024	602736.27	627422.5
NÞ-027:025	603227.78	627246.36
NÞ-027:026	602541.8	627287.39
NÞ-027:027	602943.57	627489.36
NÞ-027:028	603178.67	626318.37
NÞ-027:029a	603738.62	625925.09
NÞ-027:029b	603723.04	625935.34
NÞ-027:029c	603675.9	625954.67
NÞ-027:030a	602996.82	626313.05
NÞ-027:030b	603072.76	626326.66
NÞ-027:031	602942.19	626309.3
NÞ-027:032a	602665.86	627337.49
NÞ-027:032b	602626.81	627280.88
NÞ-027:033a	602212.61	626372.22

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-027:033b	602222.28	626386.42
NÞ-611:002	604285.75	615166.1
NÞ-611:002a	607259.67	616000.21
NÞ-611:002b	606936.79	616096.46
NÞ-611:002c	606207.22	616063.32
NÞ-611:002d	605771.33	615997.65
NÞ-611:002e	605193.43	615803.37
NÞ-611:002f	603420.48	614026.28
NÞ-611:002g	601776.33	612827.09
NÞ-611:002h	601116.58	612516.44

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
NÞ-611:002i	600663.92	612316.84
NÞ-611:027a	608653.92	616084.43
NÞ-611:027b	608405.8	616077.53
NÞ-611:027c	608237.95	616048.93
NÞ-611:027d	608228.49	616047.35
NÞ-611:027e	608148.8	616045.57
NÞ-611:027f	608066.75	616039.46
NÞ-611:027g	607981.55	616027.43
NÞ-611:027h	607622.97	615964.12

Heimildir

Árbók Ferðafélags Íslands (1941). Kelduhverfi og Tjörnes. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík

Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1916. „Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið árið 1915“ Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík bls. 31- 44

Árbók Þingeyinga 1971: Björn Haraldsson (1971). „Hugleiðing um heiðarbýli“. *Árbók Þingeyinga*. 14. árg.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II* (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík.

Ingólfur Davíðsson (1977). „Byggt og búið í gamla daga“ Tíminn 14. maí 1977. Reykjavík

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI* (1943). Kaupmannahöfn

JJ: Johnses, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn

Kålund, Kristian (1986). *Íslenskir Sögustaðir* III bindi. Reykjavík

KEKH 2000: Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé: úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útgáfa, ritstjóri Adolf Friðriksson. Mál og menning, Reykjavík.

Kristján Eldjárn 1941. Rannsóknarskýrsla, pr. í Morgunblaðinu, 5 okt.

Kristján Eldjárn (1948). *Gengið á reka*. Tólf fornleifaþættir. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri

Land og fólk: Land og Fólk (1985). *Byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Þórarinn Þórarinson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (ritst.). Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga. Akureyri

LNÞ: *Lýsing Þingeyjarsýslu* (1959). II. bindi. Norður-Þingeyjarsýsla. Helgafell, Reykjavík

PP: Sveinn Nielsson (1869). *Presta tal og prófasta*. Kaupmannahöfn.

Sigurður Jónsson (1981). „Sveitin þar sem bæjarlækina vantar“ *Árbók Þingeyinga*. 25. árg. bls. 102-114

SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, (1994). Reykjavík.

Sturlunga saga I-II. Reykjavík 1946.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar: 1961. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. III bindi. Jón Árnason safnaði, ný útg. Þjóðsaga, Reykjavík.

Óútgefnar heimildir:

Skýrsla eftir Indriða Hannesson Keldunessandur: Ölnefnalýsing fyrir Keldunessand sem sennilega er tekin saman af Indriða Hannessyni. Örnefnastofnun Íslands

Skýrsla Sigurðar Jónssonar í Garði um eyðibýli: Óútgefin rannsóknargögn úr einkasafni.

Skýrsla um stekki, beitarhús og fleira eftir Sigurð Jónsson í Garði: Óútgefin rannsóknargögn úr einkasafni.

Túnakort 1918: Túnakort fyrir Kelduneshrepp frá því 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Arnanes: Örnefnalýsing Arnarness. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Austur-Garður og Laufás: Örnefnalýsing Austur-Garðs og Laufáss. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Ás: Örnefnalýsing Áss. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Ás ath og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Áss. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Ásbyrgi: Örnefnalýsing Ásbyrgis. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Bangastaðir: Örnefnalýsing Bangastaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Bangastaðir viðb: Viðbætur við örnefnalýsingu Bangastaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Fjögur eyðibýli: Indriði Hannesson. Lýsing á fjórum eyðibýlum í landi Hóls og Undirveggs. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir: Örnefnalýsing Fjalla og Auðbjargarstaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Garður: Örnefnalýsing Garðs. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Garður ath og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Garðs. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Garður, Austurgarður og Þórólfsstaðir: Örnefnalýsing Austurgarðs og Þórólfsstaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Grásíða: Örnefnalýsing Grásíðu. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Hóll: Örnefnalýsing Hóls. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Ingveldarstaðir: Örnefnalýsing Ingveldarstaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Keldunes, Kelduneskot og Eyvindarstaðir: Örnefnalýsing Kelduness, Keldunesskots og Eyvindarstaða. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Krossdalur (með Árdal): Örnefnalýsing Krossdals og Árdals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Lón: Örnefnalýsing Lóns. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Meiðavellir: Örnefnalýsing Meiðavalla. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Nýibær: Örnefnalýsing Nýjabæjar. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Svínadalur: Örnefnalýsing Svínadals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Svínadalur ath og viðb: Athugasemdir við örnefnalýsingu Svínadals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Tóveggur: Örnefnalýsing Tóveggs. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Undirveggur: Örnefnalýsing Undirveggs. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Víkingavatn: Örnefnalýsing Víkingavatns. Örnefnastofnun Íslands


Ö-Þórunnarsel, Bakki og Syðri-Bakki: Örnefnalýsing Þórunnarsels, Bakka og Syðri-Bakka. Örnefnastofnun Íslands

Heimildamenn:


Aðalgeir Egilsson
Árni Óskarsson
Björn Guðmundsson
Björn Guðmundsson
Friðgeir Þorgeirsson
Gísli Gunnar Auðunsson
Guðný Halldóra Björnsdóttir
Guðrún Árnadóttir
Ingólfur Jónsson
Jóhann Gunnarsson
Jón Guðmunsson.
Jón Ólafsson
Margrét Þórarinsdóttir
María Pálsdóttir
Ólafur Jónsson
Ólöf Hallgrímsdóttir.
Sigurður Jónsson
Sigurður Þórarinsson
Sigurður Yngvason
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir
Sigvaldi Jónsson
Sturla Sigtryggsson
Sveinn Björnsson
Sveinn Þórarinsson
Tryggvi Ísaksson
Þorfinnur Jónsson
Þorgeir Þórarinsson
Þórarinn Þórarinsson


Minjakort


Minjakort 1: minjastaðir í Kelduneshreppi





* Landamerki eru sett fram án ábyrgðar. Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki.



Minjakort 2: Fornleifar á Þórunnarseli, Bakka og Syðri-Bakka
N
NÞ-001:008
NÞ-001:014
NÞ-001:012a og b
NÞ-001:002b
NÞ-001:002b
NÞ-001:002c
NÞ-001:002d
NÞ-001:002e
NÞ-001:014
NÞ-001:003B
NÞ-001:003B
NÞ-001:014
NÞ-001:010
NÞ-001:011
NÞ-001:015a
NÞ-001:007
NÞ-001:017
NÞ-001:015b
NÞ-001:015c
NÞ-001:013
NÞ-001:023
NÞ-001:015d
NÞ-001:016
NÞ-001:006
0
400
800
metrar



Minjakort 3: Fornleifar á Ingveldarstöðum
N
NÞ-002:014
NÞ-002:014
NÞ-002:014A
NÞ-002:014D
NÞ-002:014C
NÞ-002:014B
NÞ-002:005b
NÞ-002:005b
NÞ-002:005c
NÞ-002:005k
NÞ-002:028a
NÞ-002:005m
NÞ-002:028b
NÞ-002:005j
NÞ-002:028c
NÞ-002:005a
NÞ-002:014
NÞ-002:019
NÞ-002:005f
NÞ-002:026
NÞ-002:005b26
NÞ-002:009
NÞ-002:020
NÞ-002:021
NÞ-002:007d
NÞ-002:030
NÞ-002:022
NÞ-002:018
NÞ-002:004a
NÞ-002:004e
NÞ-002:004b
NÞ-002:004c
NÞ-002:012
NÞ-002:004f
NÞ-002:011a
NÞ-002:004d
NÞ-002:011b
NÞ-002:004g
NÞ-002:004ja
NÞ-002:004h
NÞ-002:010
NÞ-002:004jb
NÞ-002:013
NÞ-002:004i
NÞ-002:029
NÞ-002:008b
NÞ-002:008c
NÞ-002:008a
0
300
600
metrar


Minjakort 3a: Fornleifar á Ingveldarstöðum
N
NÞ-002:008c
NÞ-002:008b
NÞ-002:008a
NÞ-002:023
NÞ-002:023a
NÞ-002:023
NÞ-002:016B
NÞ-002:016B
NÞ-002:016F
NÞ-002:016D
NÞ-002:016C
NÞ-002:016A
NÞ-002:025
NÞ-002:024
NÞ-002:017
NÞ-002:027b
NÞ-002:027a
0
350
700
metrar


Minjakort 4: Fornleifar á Krossdal
N
NÞ-003:019
NÞ-003:018
NÞ-003:012
NÞ-003:020
NÞ-003:013
NÞ-003:005
NÞ-003:014
NÞ-003:032
NÞ-003:017
NÞ-003:007
NÞ-003:009
NÞ-003:006
NÞ-003:016
NÞ-003:008
NÞ-003:010
NÞ-003:015
NÞ-003:004
NÞ-003:021-023
NÞ-003:029
NÞ-003:028
NÞ-003:031
NÞ-003:026
NÞ-003:030
NÞ-003:027
0
350
700
metrar



Minjakort 5: Fornleifar á Undirvegg
N
NÞ-004:020a
NÞ-004:019
NÞ-004:013
NÞ-004:016
NÞ-004:020b
NÞ-004:013
NÞ-004:003b
NÞ-004:003a
NÞ-004:007
NÞ-004:003f
NÞ-004:003e
NÞ-004:003d
NÞ-004:010
NÞ-004:003c
NÞ-004:018
NÞ-004:008
NÞ-004:009a
NÞ-004:004B
NÞ-004:004B
NÞ-004:004B
NÞ-004:004E
NÞ-004:004F
NÞ-004:004D
NÞ-004:004A
NÞ-004:004C
NÞ-004:004
NÞ-004:004B
0
500
1.000
metrar
NÞ-004:009b
NÞ-004:011
NÞ-004:012



Minjakort 6: Fornleifar á Tóvegg
N
NÞ-005:014
NÞ-005:006
NÞ-005:007
NÞ-005:008
NÞ-005:005D
NÞ-005:005C
NÞ-005:005A
NÞ-005:005E
NÞ-005:005B
NÞ-005:012
NÞ-005:010
0
300
600
metrar



Minjakort 7: Fornleifar í Byrgi
N
NÞ-006:005E
NÞ-006:005
NÞ-006:004
NÞ-006:004e
NÞ-006:004d
NÞ-006:006
0
200
400
metrar


Minjakort 8: Fornleifar á Bangastöðum
N
00707C
00709C
00724
00723
00720b
00722
00720A
00705
NÞ-007:026
NÞ-007:026B
00710
NÞ-007:011B
NÞ-007:011A
00721
NÞ-007:014
00717
00712C
00718
00712B
00712A
00716
00715
0
500
1.000
metrar


Minjakort 9: Fornleifar á Fjöllum
N
NÞ-008:029
00844
00851
NÞ-008:031
00838B
00838C
NÞ-009:006
00915B
00850B
NÞ-008:012
00850A
NÞ-008:028
00845
NÞ-008:009
00840
00833A
00833B
NÞ-008:025
00849
00848
0
350
700
metrar


Minjakort 9a: Fornleifar á Fjöllum
N
NÞ-008:009
NÞ-008:025
00840
00849
00833A
00848
00833B
NÞ-008:011
00811B
00846A
00846B
NÞ-008:018
00818B
NÞ-008:034
00836C
NÞ-008:033
00837C
NÞ-008:017
NÞ-008:014
NÞ-008:013
00814C
NÞ-008:016
00843A
NÞ-008:019
NÞ-008:019
00807
NÞ-008:022
00803
NÞ-008:045
NÞ-008:036
NÞ-008:047
NÞ-008:032
NÞ-008:046
NÞ-008:060B
NÞ-008:052
NÞ-008:053
NÞ-008:023
NÞ-008:060A
NÞ-008:044
0
350
700
metrar


Minjakort 9b: Fornleifar á Fjöllum
NÞ-008:044
N
NÞ-008:038N
NÞ-008:038C
NÞ-008:037
NÞ-008:038O
NÞ-008:038S
NÞ-008:038P
NÞ-008:038S2
NÞ-008:027
NÞ-008:038K
NÞ-008:038R
NÞ-008:038J
NÞ-008:026
NÞ-008:038A
NÞ-008:038H
NÞ-008:038B
NÞ-008:038B9
NÞ-008:038B25
NÞ-008:055
NÞ-008:054
NÞ-008:057
NÞ-008:041
NÞ-008:056
NÞ-008:048
NÞ-008:039
0
350
700
metrar



Minjakort 9c: Fornleifar á Fjöllum
N
NÞ-008:039
NÞ-008:059
NÞ-008:040
NÞ-008:042
0
350
700
metrar



Minjakort 9d: Fornleifar á Fjöllum
N
NÞ-008:040
NÞ-008:042
NÞ-008:043
0
350
700
metrar



Minjakort 9e: Fornleifar á Fjöllum
N
NÞ-008:058L
NÞ-008:049
NÞ-008:058K
NÞ-008:058J
NÞ-008:058I
NÞ-008:058H
NÞ-008:058G
NÞ-008:058F
NÞ-008:058D
NÞ-008:058E
NÞ-008:058C
NÞ-008:051
NÞ-008:058B
NÞ-008:058
NÞ-008:058A
NÞ-008:050
0
350
700
metrar


Minjakort 10: Fornleifar á Auðbjargarstöðum
N
NÞ-009:006
00915B
NÞ-009:012B
NÞ-009:012C
NÞ-009:012A
NÞ-009:013
NÞ-009:011
NÞ-009:010
NÞ-009:005
NÞ-009:009
00909B
00909A
00903C
NÞ-009:007
NÞ-009:014
0
350
700
metrar


Minjakort 11: Fornleifar á Lóni
N
NÞ-010:022
NÞ-010:020
NÞ-010:021
NÞ-010:009
NÞ-010:024a
01022A
NÞ-010:006
NÞ-010:026
01017B
NÞ-010:012
01017A
NÞ-010:010
NÞ-010:011
01016A
NÞ-010:005
01016C
NÞ-010:013
NÞ-010:007
01007B
NÞ-010:018
NÞ-010:017
NÞ-010:015
NÞ-010:014
NÞ-010:019
NÞ-010:023
NÞ-010:016
NÞ-010:025
0
200
400
metrar



Minjakort 12: Fornleifar á Víkingavatni
N
NÞ-011:036
NÞ-011:035
NÞ-011:019
NÞ-011:014
NÞ-011:005
NÞ-011:032
NÞ-011:034
NÞ-011:012
NÞ-011:020a
NÞ-011:031
NÞ-011:020b
NÞ-011:030
NÞ-011:023
NÞ-011:021c
NÞ-011:021d
NÞ-011:060
NÞ-011:057
NÞ-011:057a
NÞ-011:040
NÞ-011:029
NÞ-011:057b
NÞ-011:067
NÞ-011:057c
NÞ-011:039
NÞ-011:061
NÞ-011:076
NÞ-011:068
NÞ-011:077
NÞ-011:052
NÞ-011:085
0
250
500
metrar


Minjakort 12a: Fornleifar á Víkingavatni
N
NÞ-011:042
NÞ-011:037
NÞ-011:054d
NÞ-011:054c
NÞ-011:054e
NÞ-011:043
NÞ-011:054b
NÞ-011:047
NÞ-011:054a
NÞ-011:041
NÞ-011:051
NÞ-011:054
NÞ-011:046
NÞ-011:049
NÞ-011:048
NÞ-011:079
NÞ-011:053
NÞ-011:056
NÞ-011:055
NÞ-011:044B
NÞ-011:080k
NÞ-011:080j
NÞ-011:044C
NÞ-011:080h
NÞ-011:044A
NÞ-011:059
NÞ-011:080f
NÞ-011:080e
NÞ-011:080d
NÞ-011:080c
NÞ-011:080b
NÞ-011:045B
NÞ-011:080a
NÞ-011:045E
NÞ-011:045B
NÞ-011:074
NÞ-011:045A
0
350
700
metrar



Minjakort 12a: Fornleifar á Víkingavatni
N
NÞ-011:058
NÞ-011:078
NÞ-011:065
NÞ-011:083
NÞ-011:066C
NÞ-011:066h
NÞ-011:066D
NÞ-011:082
NÞ-011:066e
NÞ-011:081
NÞ-011:066A-B
NÞ-011:063
NÞ-011:064
NÞ-011:062
NÞ-011:073
NÞ-011:072
0
350
700
metrar



Minjakort 13: Fornleifar á Sultum
N
01213
01212
01211
0
50
100
metrar


Minjakort 14: Fornleifar í Kílakoti og Ólafsgerði
N
NÞ-013:005
NÞ-014:009
NÞ-014:008
0
50
100
meters


Minjakort 15: Fornleifar á Grásíðu
N
NÞ-015:015
NÞ-015:014
NÞ-015:017
NÞ-015:016
NÞ-015:020
NÞ-015:015
NÞ-015:006
NÞ-015:015
NÞ-015:010d
NÞ-015:010c
NÞ-015:010b
NÞ-015:010a
NÞ-015:019
NÞ-015:011
NÞ-015:011
NÞ-015:008
NÞ-015:011
NÞ-015:012
NÞ-015:004
NÞ-015:021
NÞ-015:022g
NÞ-015:022i
NÞ-015:022h
NÞ-015:022e
NÞ-015:022b
NÞ-015:022a
NÞ-015:022f
NÞ-015:022c
NÞ-015:022d
NÞ-015:013
NÞ-015:024
NÞ-015:029
NÞ-015:028
NÞ-015:030
NÞ-015:031
NÞ-015:023
NÞ-015:026
NÞ-015:027
0
200
400
meters



Minjakort 15a: Fornleifar á Grásíðu
N
NÞ-015:026
NÞ-015:027
NÞ-015:025
NÞ-015:032
NÞ-015:033
NÞ-015:034
NÞ-015:036
0
200
400
meters



Minjakort 16: Fornleifar í Garði
N
NÞ-016:010B
NÞ-016:010C
NÞ-016:010D
NÞ-016:010A
NÞ-016:012A
NÞ-016:012C
NÞ-016:012B
NÞ-016:011
NÞ-016:022
NÞ-016:036
NÞ-016:026
NÞ-016:023
NÞ-016:046
NÞ-016:027
NÞ-016:025
NÞ-016:033
NÞ-016:009
NÞ-016:008B
NÞ-016:008G
NÞ-016:008F
NÞ-016:008H
NÞ-016:008D
NÞ-016:008A
NÞ-016:008J
NÞ-016:008E
NÞ-016:008C
NÞ-016:008I
NÞ-016:059
NÞ-016:031
NÞ-016:040
NÞ-016:039
NÞ-016:058
NÞ-016:043A
NÞ-016:016B
NÞ-016:043B
NÞ-016:035
NÞ-016:016E
NÞ-016:016A
NÞ-016:043C
NÞ-016:016C
NÞ-016:042
NÞ-016:054
NÞ-016:057
NÞ-016:056
NÞ-016:055
NÞ-016:029b
NÞ-016:029a
0
400
800
metrar



Minjakort 16a: Fornleifar í Garði
NÞ-016:032
NÞ-016:032C
NÞ-016:032B
NÞ-016:020
N
NÞ-016:019A
NÞ-016:045
NÞ-016:019B
NÞ-016:019C
NÞ-016:017B
NÞ-016:017E
NÞ-016:018A
NÞ-611:002h
NÞ-016:017A
NÞ-016:050B
NÞ-016:018B
NÞ-016:018E
NÞ-016:050A
NÞ-016:018D
NÞ-016:017D
NÞ-016:050C
NÞ-016:050D
NÞ-016:017C
0
500
1.000
metrar
NÞ-016:061
NÞ-016:060



Minjakort 16b: Fornleifar í Garði
N
NÞ-016:015
NÞ-016:052
NÞ-016:051
NÞ-016:014
NÞ-016:053
0
250
500
metrar



Minjakort 17: Fornleifar á Stórárbakka
N
NÞ-017:002
NÞ-017:001
NÞ-017:006
NÞ-017:003
0
50
100
metrar



Minjakort 18: Fornleifar í Austurgarði
N
NÞ-018:004
NÞ-018:005A
NÞ-018:005I
NÞ-018:005C
NÞ-018:005B
NÞ-018:006
NÞ-018:009
NÞ-018:010
NÞ-018:013A
NÞ-018:013B12
NÞ-018:013C
NÞ-018:013D
NÞ-018:013E
NÞ-018:011
NÞ-018:012
NÞ-018:008B
NÞ-018:008D
NÞ-018:008C
NÞ-018:008A2
0
400
800
metrar



Minjakort 19: Fornleifar í Keldunesi og Kelduneskoti
N
NÞ-019:028
NÞ-019:010
NÞ-019:010B
NÞ-019:024
NÞ-019:032A
NÞ-019:032D
NÞ-019:032C
NÞ-019:032B
NÞ-019:030
NÞ-019:021
NÞ-019:019
NÞ-019:022
NÞ-019:015
NÞ-019:020
NÞ-019:012
NÞ-019:013
NÞ-020:003
NÞ-019:003
NÞ-020:002
NÞ-019:017
NÞ-019:044
NÞ-019:025
NÞ-019:026
NÞ-019:031B
NÞ-019:027
NÞ-019:046
NÞ-019:031A
NÞ-019:035
NÞ-019:009F
NÞ-019:009B
NÞ-019:008
NÞ-019:033
NÞ-019:009G
NÞ-019:009D
NÞ-019:009A
NÞ-019:009C
NÞ-019:043
NÞ-019:009E
0
350
700
metrar



Minjakort 19a: Fornleifar í Keldunesi og á Eyvindarstöðum
N
NÞ-019:034
NÞ-026:012
NÞ-026:001B
NÞ-019:053
NÞ-019:057B4
NÞ-026:018
NÞ-019:052
NÞ-019:057A
NÞ-019:050
NÞ-019:057C
NÞ-019:057B
NÞ-019:051
NÞ-019:049
NÞ-019:047
NÞ-019:054
NÞ-019:018B
NÞ-019:055
NÞ-019:018G
NÞ-019:018A
NÞ-019:045
NÞ-019:018C
NÞ-019:018D
NÞ-019:007G
NÞ-019:018E
NÞ-019:007B
NÞ-019:007D
NÞ-019:007E
NÞ-019:007A
NÞ-019:007C
NÞ-019:048
NÞ-019:040
NÞ-019:037
NÞ-019:056
NÞ-019:038
0
350
700
metrar
NÞ-019:039


Minjakort 20: Fornleifar á Nýjabæ
N
NÞ-021:015
NÞ-021:014
NÞ-021:009
NÞ-021:022
NÞ-021:002
NÞ-021:021
NÞ-021:020B
NÞ-021:020A
NÞ-021:026
NÞ-021:003
NÞ-021:019
NÞ-021:000
NÞ-021:008
NÞ-021:025d
NÞ-021:025c
NÞ-021:025a
NÞ-021:025b
NÞ-021:007
NÞ-021:024d
NÞ-021:027a
NÞ-021:024c
NÞ-021:027b
NÞ-021:005
NÞ-021:024b
NÞ-021:024a
NÞ-021:013
NÞ-021:012
NÞ-021:023
NÞ-021:011
NÞ-021:010
NÞ-021:004
NÞ-021:028
0
200
400
metrar



Minjakort 21: Fornleifar á Hóli
N
NÞ-022:025b
NÞ-022:008b
NÞ-022:008a
NÞ-022:008c
NÞ-022:010E
NÞ-022:010A
NÞ-022:010B9
NÞ-022:010D
NÞ-022:022
NÞ-022:025
NÞ-022:010C
NÞ-022:009E
NÞ-022:028
NÞ-022:010F
NÞ-022:024b
NÞ-022:009C
NÞ-022:010B
NÞ-022:024
NÞ-022:009D
NÞ-022:009A
NÞ-022:009B6
NÞ-022:012C
NÞ-022:030
NÞ-022:012B
NÞ-022:030B
NÞ-022:012A
NÞ-022:012B23
NÞ-022:012B9
NÞ-022:012B7
NÞ-022:012B5
NÞ-022:012B6
NÞ-022:011D
NÞ-022:011E
NÞ-022:011C
NÞ-022:011F
NÞ-022:011B
NÞ-022:017
NÞ-022:011A
NÞ-022:011G
NÞ-022:023
NÞ-022:011H
NÞ-022:011L
NÞ-022:026
NÞ-022:011I
NÞ-022:011K
NÞ-022:020
NÞ-022:034
NÞ-022:015B
NÞ-022:021
NÞ-022:015A
NÞ-022:015C
NÞ-022:015E
NÞ-022:016C
NÞ-022:027C
NÞ-022:019
NÞ-022:027B
NÞ-022:029
NÞ-022:027D
NÞ-022:016A
NÞ-022:032
NÞ-022:031
NÞ-022:033
NÞ-022:027A
0
450
900
metrar



Minjakort 22: Fornleifar á Meiðavöllum
N
NÞ-023:019
NÞ-023:018
NÞ-023:017K
NÞ-023:017B
NÞ-023:017J
NÞ-023:017I
NÞ-023:017N
NÞ-023:017O
NÞ-023:017H
NÞ-023:017E
NÞ-023:017F
NÞ-023:017G
NÞ-023:015I
NÞ-023:015
NÞ-023:015
NÞ-023:015
NÞ-023:016
NÞ-023:014
NÞ-023:013
NÞ-023:007A
NÞ-023:033
NÞ-023:007B
NÞ-023:021B
NÞ-023:021A
NÞ-023:021C
NÞ-023:011D
NÞ-023:011A
NÞ-023:011C
NÞ-023:011B
NÞ-023:009
NÞ-023:010
NÞ-023:020B
NÞ-023:020A
NÞ-023:020C
NÞ-023:020D
NÞ-023:024
NÞ-023:022B
NÞ-023:022A
NÞ-023:023
NÞ-023:031
NÞ-023:012
0
300
600
metrar



Minjakort 22a: Fornleifar á Meiðavöllum
N
NÞ-023:012
NÞ-023:025C
NÞ-023:027B
NÞ-023:028F
NÞ-023:034d
NÞ-023:034e
NÞ-023:035
0
300
600
metrar
NÞ-023:029
NÞ-023:030



Minjakort 23: Fornleifar í Ási
N
NÞ-024:015
NÞ-024:014
NÞ-024:024
NÞ-024:020
NÞ-024:018
NÞ-024:008F
NÞ-024:008b
NÞ-024:008G
NÞ-024:008C
NÞ-024:008A
NÞ-024:022
NÞ-024:025
NÞ-024:023
0
350
700
metrar



Minjakort 23a: Fornleifar í Ási
N
NÞ-024:023
NÞ-024:012b
NÞ-024:012e
NÞ-024:012a
NÞ-024:021
NÞ-024:035
0
350
700
metrar


Minjakort 23b: Fornleifar í Ási
NÞ-024:035
NÞ-024:013a
NÞ-024:013c
NÞ-024:013d
NÞ-024:013b
NÞ-024:013e
NÞ-024:013f
NÞ-024:013g
NÞ-024:030
N
0
350
700
metrar


Minjakort 23c: Fornleifar í Ási
N
NÞ-024:030
NÞ-024:037
NÞ-024:031
NÞ-024:026
NÞ-024:028
NÞ-024:027
NÞ-024:032
NÞ-024:036
0
350
700
metrar


Minjakort 23d: Fornleifar í Ási
N
NÞ-024:037
NÞ-024:026
NÞ-024:028
NÞ-024:027
NÞ-024:032
NÞ-024:029
NÞ-024:036
NÞ-024:034B
NÞ-024:034D
NÞ-024:034A
NÞ-024:033J
NÞ-024:034E
NÞ-024:034C
NÞ-024:033I
NÞ-024:033B
NÞ-024:033H
NÞ-024:033G
NÞ-024:033A
NÞ-024:033C
NÞ-024:033D
NÞ-024:033E
NÞ-024:033F
0
350
700
metrar


Minjakort 24: Fornleifar í Svínadal
N
NÞ-025:023
NÞ-025:025
NÞ-025:024
0
100
200
metrar


Minjakort 25: Fornleifar á Arnarnesi
N
NÞ-027:013
NÞ-027:012
NÞ-027:023
NÞ-027:027
NÞ-027:024
NÞ-027:021
NÞ-027:019
NÞ-027:022
NÞ-027:006c
NÞ-027:032
NÞ-027:014
NÞ-027:011
NÞ-027:005
NÞ-027:025
NÞ-027:020
NÞ-027:004
NÞ-027:009
NÞ-027:018
NÞ-027:008
NÞ-027:007
NÞ-027:033
NÞ-027:030b
NÞ-027:031
NÞ-027:017
NÞ-027:028
NÞ-027:030a
NÞ-027:029c
NÞ-027:015
NÞ-027:029a
NÞ-027:029b
0
250
500
metrar
NÞ-027:016